Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Jarðboranir.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um undirbúning löggjafar um eftirlit með jarðborunum [43. mál] (A. 46).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessi þáltill. er þess efnis að skora á ríkisstj. að hraða undirbúningi löggjafar um eftirlit með jarðborunum og leggja fyrir Alþ. eigi síðar en á næsta þingi frv. um það efni.

Till. sama efnis flutti ég á þingi 1952, og var hún samþ. 10. des. Samkv. henni var ríkisstj. falið að undirbúa löggjöf um eftirlit með jarðborunum og leggja fyrir næsta þing frv. um það efni. Því miður hefur af hendi þess ráðuneytis, sem málið heyrir undir, ekki komið fram neitt frv., og ég ætla, að því miður hafi lítill undirbúningur undir það verið gerður, og þess vegna er till. flutt að nýju.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þessa máls til viðbótar því, sem greinir í grg. Hitaveitur eru orðnar nokkrar hér á landi, í Reykjavík, Ólafsfirði, Selfossi og Sauðárkróki, og hitaveitur víðar í undirbúningi. Auk þess má nefna margvíslega hagnýtingu jarðhitans til gróðurhúsaræktar og á aðra lund.

Lagaákvæði eru því miður harla ófullkomin um þessi efni, um jarðboranir og hagnýtingu jarðhita. Að vísu eru til lög frá 1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita með nokkrum breytingum frá 1943. Þar er nokkuð getið um heimildir landeiganda í þessu sambandi, en þar vantar ýmiss konar ákvæði um eftirlit með jarðborunum, viðurlög o. s. frv. En það er ljóst, að þegar lagðir hafa verið tugir millj. í mannvirki eins og hitaveiturnar, sem þegar eru til, þá er nauðsynlegt að hafa vakandi auga á því, að ekki sé unnt að eyðileggja að meira eða minna leyti þessi dýru mannvirki með jarðborunum annars staðar af hendi annarra aðila. Það er að sjálfsögðu mikið í húfi fyrir þá íbúa, sem njóta þægindanna og hlunnindanna af hitaveitunum, en það er einnig stórkostlegt þjóðhagslegt vandamál, því að hér væri unnið mikið tjón, ef með jarðborunum í grennd við þessi mannvirki væri stofnað í hættu þessum mannvirkjum og virkjuðum lindum, sem fyrir eru.

Ég veit, að hér er um mikið vandamál að ræða, þegar setja skal löggjöf um þetta efni, og í allýtarlegu bréfi, sem raforkumálastjóri skrifaði allshn. á þinginu 1952 út af þessari till., bendir hann á mörg erfið atriði, sem þurfi að glíma við við setningu þessarar löggjafar. En vitanlega mega þeir erfiðleikar ekki verða þess valdandi, að ár eftir ár dragist úr hömlu að setja jafnnauðsynlega löggjöf og þessa. Það var vissulega erfitt verk á sínum tíma að setja vatnalög. Það tók allmikinn undirbúning, og voru mikil átök um ýmis atriði í þeim efnum. Að lokum tókst þó að setja lagabálk 1923, vatnalögin, sem síðan hafa staðið mikið til óbreytt, enda vel til þeirra vandað. Með þeim er að vísu í ýmsum efnum gengið nokkuð á rétt landeigenda, þann rétt, sem menn töldu sig hafa yfir vatni í sinni landareign, en samt sem áður var þjóðfélagsnauðsyn talin á því að setja um þetta sérstaka löggjöf. Þar var m. a. sett hið þýðingarmikla ákvæði, sem stendur í 7. gr. vatnalaganna: „Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.“ Þar segir enn fremur: „Óheimilt er manni, nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til þess: a) að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, hvort sem það verður að fullu eða öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð, b) að gerstífla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því, c) að veita vatni úr landi sínu í annarra land, ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða réttindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni ríkis eða almennings.“

Eins og löggjöfunum þótti nauðsyn að setja vissar takmarkanir, vissar hömlur á hinn frjálsa umráðarétt landeigenda yfir rennandi, köldu vatni, þá er ekki síður nauðsyn á að setja slíkar reglur, slíkar hömlur um hagnýtingu jarðhitans, þar sem, eins og ég gat um, hér eru einnig í húfi mjög þýðingarmikil verðmæti og mannvirki.

Ég vænti þess, að hv. Alþ. sjái nauðsynina á því, að hafizt sé handa í þessum efnum. Það má vera, að við athugun á málinu komist menn að niðurstöðu um, að enn sé það langt í land að undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni, að bráðabirgðaráðstafanir séu nauðsynlegar, og

hugsanlegt væri að setja, meðan málið er í frekari undirbúningi, löggjöf um það eitt, að leyfi stjórnvalda, ráðuneytisins, raforkumálastjórnar eða annarra þeirra aðila, sem til þess eru valdir, þyrfti til þess að hefja jarðboranir eftir heitu vatni.

Ég skal ekki fara frekar út í efni þessarar væntanlegu löggjafar, en vænti þess, að Alþ. samþ. nú þessa till. að nýju, og þá um leið, að hæstv. rn., sem málið fellur undir, láti ekki lengur undir höfuð leggjast að sinna þessu nauðsynjamáli. Því miður er sá ráðh., sem málið fellur undir, ekki viðstaddur hér, en æskilegt hefði náttúrlega verið að fá ástæður fyrir því, hvers vegna lítið sem ekkert hefur verið í þessu máli gert. En það kemur þá væntanlega fram í þeirri n., sem fær málið til meðferðar.

Um þetta mál er ákveðin ein umr., og vildi ég leggja til, að umr. væri frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 46, n. 163).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Á Alþ. 1952 var samþ. að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um eftirlit með jarðborunum og leggja fyrir næsta þing. Enn þá hefur þetta ekki komizt í framkvæmd, og því er þessi till. flutt.

Allshn. lítur svo á, að nauðsynlegt sé að setja löggjöf um eftirlit með jarðborunum og þá fyrst og fremst með tilliti til þess, að nú þegar er búið að leggja milljónatugi í hitaveitur hér á landi. Það er þess vegna mikið í húfi, ef öryggi þessara miklu fyrirtækja brysti sökum gálauslegra borana. Á hinn bóginn er ekki því að leyna, að löggjöf um þetta efni er talsvert vandamál, því að hún hlýtur að snerta mjög eignarrétt manna í sambandi við umráð yfir neðanjarðarvatni, og viðbúið er, að það þurfi að gera breytingar á ákvæðum vatnalaganna í því sambandi. En hvað sem þessu líður, þá er öll n. sammála um, að ný löggjöf sé nauðsynleg, og leggur til, að þáltill. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 166).

2. Sjúkraflugvélar.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lendingarstaði fyrir sjúkraflugvélar [65. mál] (A. 84).

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Með lögum nr. 24 1945, sem eru um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, var mörkuð sú stefna, að flugvellir skyldu gerðir í flestum eða öllum sýslum landsins. Flugvellir, sem gera á samkv. þeim lögum, eru flokkaðir í fjóra flokka, eftir stærð þeirra, eftir fjölda flugbrauta og eftir þeim útbúnaði, sem koma á upp í sambandi við flugþjónustuna á hverjum stað.

Frá því að þessi lög voru sett, hefur þróun flugmála orðið mjög ör, og hefur það valdið straumhvörfum í samgöngumálum margra héraða hér á landi. Unnið er að því að koma upp flugvöllum á fleiri og fleiri stöðum og endurbæta þá flugvelli, sem gerðir voru fyrir nokkrum árum. En allir þeir flugvellir, sem um er rætt í lögunum frá 1945, eru miðaðir við það, að þeir séu nothæfir til farþegaflugs. Stærð þeirra og útbúnaður á að vera miðaður við það, að þar geti athafnað sig farþegaflugvélar, 20—30 manna flugvélar, eins og algengast er að nota nú í innanlandsflugi.

Einn þáttur flugmálanna er flutningur sjúkra manna í flugvélum. Sá þáttur flugsins er raunar jafngamall innanlandsfluginu hér á landi. Hinir elztu flugmenn okkar, bæði núverandi framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands og fleiri, tóku upp þessa starfsemi öðrum þræði, jafnhliða og þeir ruddu innanlandsfluginu braut á hinum litlu flugvélum, sem flugfélögin eignuðust fyrst. Mér er kunnugt um það, að þessir menn sýndu í því efni bæði mikla greiðvikni, hjálpsemi og dirfsku að sækja sjúklinga á afskekkta staði, og urðu að nota lendingarstaði, sem voru lítt eða ekki undir það búnir. Nú á síðari árum hefur einn flugmaður, Björn Pálsson, sérstaklega haft þennan þátt flugmálanna með höndum og getið sér í hvívetna góðan orðstír við þessa starfsemi. Þessi starfsemi er alveg ómetanleg fyrir fjölmörg byggðarlög í landinu, öll þau byggðarlög, sem liggja fjarri sjúkrahúsum og þar sem aðstaða er erfið um læknishjálp og hjúkrun, og hún er jafnframt mikils virði fyrir þau svæði, sem liggja tiltölulega nærri Reykjavík og öðrum kaupstöðum, þegar vegasamband er torvelt eða lokað, eins og oft kemur fyrir að vetrarlagi.

Í þessu sambandi er það ljóst, að ekki er fullnægjandi, þó að einn flugvöllur sé í héraði. Líðan sjúklings er oft þannig háttað, að það er ógerningur að flytja hann um langa vegu milli sveita á aðalflugvöll héraðsins, og vegasambandi er oft þannig farið að vetrarlagi, að slíkum flutningi verður ekki við komið.

Þær flugvélar, sem aðallega eru notaðar til sjúkraflugsins, eru litlar flugvélar, sem ekki þurfa eins stórar og vel gerðar flugbrautir til þess að geta athafnað sig með góðu móti og

farþegaflugvélarnar þurfa. En slíkir lendingarstaðir þurfa að koma upp svo víða í landínu, að öll byggðarlög geti átt greiðan aðgang að því að hafa þeirra not.

Till. sú, sem ég flyt ásamt hv. þm. S-Þ. og hv. þm. V-Húnv., fjallar um það, að Alþ. skori á ríkisstj. að láta fram fara nákvæma athugun á aðstöðu til þess að gera nothæfa lendingarstaði fyrir sjúkraflugvélar svo víða, að öll byggðarlög í landinu geti notið þeirra á auðveldan hátt. Það er vitanlega fyrsta sporið til þess að koma þessu máli í viðunandi horf, að slík athugun sé gerð af mönnum, sem hafa þekkingu á flugmálum, og með aðstoð heimamanna á hverjum stað, sem eru kunnugir veðurfari og snjóalögum hver í sínu byggðarlagi. Þegar þessi athugun hefur farið fram, kemur að því að ákveða staðaval, og er eðlilegt, að það sé gert af stjórn flugmála í samráði við sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli. Síðari málsgr. till. fjallar um þetta atriði.

Það er skoðun okkar flm., að þessi flugvallagerð, þegar til framkvæmda kemur, þurfi á mörgum stöðum ekki að kosta mikið fé. Hinar litlu flugvélar geta notað með góðum árangri flugbrautir, sem eru ekki langar og ekki svo úr garði gerðar, að hinar stærri farþegaflugvélar geti athafnað sig þar. Það er líka kunnugt, að áhugi á þessu máli er vakandi víða í héruðum, og líkur benda til þess, að hægt sé að leita eftir og fá lagða fram nokkra sjálfboðavinnu í þessu skyni af einstaklingum og félögum. Þá er það og kunnugt, að búnaðarsamböndin og ræktunarfélögin mundu með mikilli ánægju láta í té jarðýtur og önnur stórvirk áhöld til þess að greiða fyrir þessu máli, þar sem þess þykir þörf.

Ég mun svo ekki að svo stöddu fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, að till. verði, þegar þessari umr. lýkur, vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 84, n. 161).

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Till. til þál. um lendingarstaði fyrir sjúkraflugvélar hefur verið rædd í allshn., og hefur n. komizt að einróma niðurstöðu og er sammála um að mæla með afgreiðslu hennar í hv. Alþingi.

Ég vísa til till. sjálfrar á þskj. 84 og grg. fyrir henni og nál. á þskj. 161.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 167).

---

3. Atkvæðagreiðsla af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Á 17. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um atkvæðagreiðslu af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna [105. mál] (A. 180).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur útbýtt til hv. Alþ. till. til þál. þess efnis, að Alþ. skuli láta í ljós vilja sinn um það, hvernig fulltrúar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum skuli greiða atkv. um till. Danmerkur varðandi stjórnskipulega stöðu Grænlands í framtíðinni.

Er fundur þessi áframhald af lokuðum fundi, sem haldinn var í dag, en verður nú haldið áfram sem opnum fundi samkvæmt ósk nokkurra hv. þm.

Ég mun nú reyna að ræða mál þetta í stuttu máli.

Hinn 5. júní 1953 gekk ný stjórnarskrá í gildi í Danmörku. Ein af breytingum þeim, sem gerð hafði verið frá því, sem áður var, er sú, að Grænland var innlimað í danska ríkið og skal í framtíðinni vera eitt amt í því. Til þessa tíma hafði Grænland verið talið dönsk nýlenda.

Samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna er þeim þátttökuríkjum þeirra, sem hafa á hendi forræði landssvæða, sem hafa ekki öðlazt fullt sjálfstæði, skylt að gefa Sameinuðu þjóðunum upplýsingar um stjórnarfar og afkomu þessara landssvæða svo og taka á móti umkvörtunum íbúanna og rannsaka þær.

Danmörk sem þátttökuríki Sameinuðu þjóðanna hefur hingað til orðið að gegna þessari skyldu. Nú, eftir að Grænland hefur verið innlimað í danska ríkið, telur danska ríkisstjórnin, að hún eigi að vera leyst undan þessari kvöð. Hefur hún óskað eftir því, að mál þetta yrði tekið fyrir á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, er nú situr.

Danski utanrrh. hreyfði þessu máli á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda, sem haldinn var í Reykjavík í sumar. Svíar og Norðmenn lofuðu Dönum stuðningi, en af Íslands hálfu var ekki lýst yfir neinni afstöðu.

Nú hefur mál þetta komið fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Hefur það verið rætt í 4. nefnd eða gæzluverndarnefndinni. Hefur þar verið samþ. till., en efni hennar í aðaldráttunum þannig samkv. símskeyti, sem við höfum fengið frá New York:

„Gæzluverndarnefnd hefur kynnt sér skoðun dönsku ríkisstjórnarinnar, að vegna hinnar

nýju réttarstöðu Grænlands telji danska ríkisstjórnin, að hætta beri að senda skýrslur varðandi Grænland til gæzluverndarnefndarinnar. Hún hefur kynnt sér, að grænlenzka þjóðin hefur óhindrað notfært sér réttinn til sjálfsákvörðunar, en réttkjörnir fulltrúar ákváðu hina nýju réttarstöðu hennar. Gæzluverndarnefnd lætur þá skoðun í ljós, að samkvæmt framkomnum skjölum og skýringum hafi grænlenzka þjóðin af frjálsum vilja ákveðið innlimun í danska konungsríkið á jafnréttisgrundvelli við aðra hluta danska ríkisins, bæði hvað snertir stjórnskipun og stjórnarfar. Nefndin hefur með ánægju komizt að raun um, að grænlenzka þjóðin hefur öðlazt sjálfstjórn. Nefndin telur því viðeigandi, að hætt sé nú að senda henni skýrslur um Grænland."

Þannig er aðalefni till. þeirrar, sem samþykkt hefur verið í gæzluverndarráði.

Með till. þessari í heild greiddu 34 þjóðir atkv., 4 á móti, en 12 sátu hjá og 10 virðast hafa verið fjarverandi. Mótmæli komu aðallega fram vegna þess, að gæzluverndarnefnd var ekki talin bær um að úrskurða um málið, heldur þing Sameinuðu þjóðanna. Íslenzkur fulltrúi mun hafa mætt á nefndarfundi, en setið hjá við atkvæðagreiðslu.

Þótt gæzluverndarnefndin hafi afgreitt málið, er samt ekki frá því gengið, því að ályktun nefndarinnar verður að koma til meðferðar og atkvæðagreiðslu á þingi Sameinuðu þjóðanna. Gert er ráð fyrir, að málið komi fyrir þingið n. k. mánudag. Mun enginn vafi leika á því, hvernig málið verður afgreitt, sem sé eins og Danir óska. Mun það því tæplega skipta nokkru um úrslit málsins, hvernig Ísland greiðir atkvæði.

Sú skoðun hefur komið fram og henni verið haldið á lofti af mörgum Íslendingum, að Íslendingar eigi lagalegan rétt til landsréttinda á Grænlandi. Hafa hvað eftir annað legið fyrir hv. Alþ. þáltill., sem hnigið hafa í þá átt. Fyrir síðasta Alþ. lá ein slík till. Ekki náði hún afgreiðslu, heldur dagaði uppi. Hv. Alþ. hefur því ekki enn skorið úr um það, hvort það áliti, að Íslendingar hafi réttarkröfur til Grænlands, og hvort það telji, að kröfu þeirri beri að framfylgja í verki eða ekki.

Ég bendi á þessar staðreyndir af því, að atkvæðagreiðsla okkar á þingi Sameinuðu þjóðanna um Grænlandstill. Dana verður að skoða sem yfirlýsingu um afstöðu okkar til meintra réttinda okkar þar. Samþykkjum við dönsku till., samþykkjum við um leið innlimun Grænlands í Danmörku og höfum þar með fallið frá hugsanlegum kröfum. Ef við kjósum á hinn bóginn að tala og greiða atkvæði á móti till., verðum við að lýsa því yfir fyrir öllum heiminum, eða þeim 60 þjóðum, sem saman eru komnar á þingi Sameinuðu þjóðanna, að við höfum landakröfur á hendur Dönum.

Þar sem því, eins og áður er sagt, hv. Alþ. hefur ekki tekið afstöðu enn í áminnztu Grænlandsmáli, þótt það hafi legið fyrir, þá er það álit ríkisstj., að skylt sé að gefa hv. Alþ. kost á að láta í ljós vilja sinn um það, hvernig fulltrúar Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna skuli greiða atkvæði á þingi Sameinuðu þjóðanna um till. Dana varðandi Grænland og breytta réttarstöðu þess vegna innlimunar í danska konungsríkið.

Fyrir nokkrum árum skipaði þáverandi hæstv. utanrrh. nefnd íslenzkra sérfræðinga til þess að rannsaka meintar kröfur Íslands í Grænlandsmálinu. Niðurstaða hefur verið gefin út á prenti og er öllum hv. alþm. og almenningi kunn. Þessar niðurstöður sérfræðinganna eru síður en svo til stuðnings þeim kröfum, er uppi hafa verið hér á landi í þessu máli.

Frá sjónarmiði ríkisstj. eru fjórir möguleikar í þessu máli eða hvernig hægt sé að greiða atkvæði í New York á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Við getum í fyrsta lagi greitt atkv. á móti og þá á þeim grundvelli, að Íslendingar hafi sögulegan rétt til Grænlands. Við það er að athuga, að hinn sögulegi réttur mundi sjálfsagt verða að víkja fyrir hinum nýju skoðunum, sem uppi hafa verið, a. m. k. síðan Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar, þ. e. a. s. rétti sjálfsákvörðunarinnar.

Því hefur verið haldið fram af Dönum, og á það virðast ekki hafa verið þornar verulegar brigður af gæzluverndarnefndinni, að sjálfsákvörðunarréttur Grænlendinga hafi komið fram og stjórnarfarsleg breyting á högum Grænlands hafi verið í samræmi við það. Það hafa ekki verið bornar brigður á það, að þeir fulltrúar Grænlendinga, sem kosnir hafa verið af þjóðinni, þ. e. af Grænlendingum, hafi verið samþykkir því og fylgjandi því, að þessi háttur verði hafður á um framtíð Grænlands.

Annar möguleiki fyrir okkur við atkvæðagreiðsluna er að sitja hjá, en gera fyrirvara og bera fram athugasemdir — gera fyrirvara og bera fram kröfur um réttindi okkar til Grænlands. Mundi þar með sennilega vera fullnægt því skilyrði, að við afsölum okkur ekki neinum rétti.

Þriðja leiðin er sú að sitja hjá athugasemdalaust, sem mundi sennilega hafa sömu þýðingu og að við greiddum jákvætt atkvæði með tillögum Dana.

Og fjórða leiðin er sú að greiða atkvæði með till., eins og Norðmenn og Svíar gera, og þar með ganga inn á það, að sjónarmið Dana í Grænlandsmálunum séu að öllu leyti réttmæt, og þar með lýsa því yfir, að við höfum ekki neinar kröfur að gera um réttarstöðu Grænlands.

Ríkisstj. hefur því borið fram till., sem liggur hér fyrir hv. Sþ. til umr., og er hún þess efnis, að Alþ. samþ., að utanrrh. gefi sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrirmæli um að sitja hjá við atkvgr. á allsherjarþinginu um ályktun gæzluverndarnefndarinnar varðandi það, að Dönum beri ekki lengur að senda skýrslur um Grænland til Sameinuðu þjóðanna. Þetta er sú till., sem hér liggur fyrir til umr. og ríkisstj. stendur að.

Pétur Ottesen: Það hefur verið upplýst í þessu máli af hæstv. utanrrh., að till. Dana um að innlima Grænland í Danmörku skýtur fyrst

upp hér á Íslandi á s.l. sumri. Á fundi utanrrh. Norðurlanda, sem haldinn var hér, lagði utanrrh. Dana fram þessa till. Af hálfu Íslendinga var þarna aðeins einn atkvæðisbær fulltrúi, hæstv. utanrrh. Og hæstv. ráðh. hefur nú upplýst um það hér, hvernig atkvgr. á þessum fundi utanríkisráðherranna féll, nefnilega á þá lund, að utanrrh. Noregs og Svíþjóðar greiddu atkv. með þessari till., en fulltrúi Íslendinga sat hjá og lagði þar ekkert til mála.

Ég verð að segja, að það er mjög einkennileg afstaða, sem hæstv. ráðh. tekur í þessu máli, með tilliti til aðgerða í þessu máli á undanförnum áratugum. Málið hefur oft verið mjög rætt með íslenzku þjóðinni og verið gerðar um það ályktanir á Alþ., sem voru þess eðlis, að hæstv. ráðh. hafði hina ýtrustu skyldu til þess að gæta þar hagsmuna Íslendinga og gera ágreining um slíka till. sem þessa.

Annað er það og, sem ég vil benda á í þessu sambandi, og það er þegar ég á síðasta þingi bar fram till. um Grænlandsmál, sem hljóðaði á þennan veg:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að bera nú þegar fram við ríkisstj. Danmerkur kröfu um, að hún viðurkenni full yfirráð Íslendinga yfir Grænlandi. Ef danska stjórnin fellst ekki á þá kröfu, lýsir Alþ. yfir þeim vilja sínum, að leitað verði um málið úrskurðar alþjóðadómstólsins í Haag."

Þegar ég sá fram á það í þinglokin, að þessi till. mundi ekki fá afgreiðslu á þann hátt, sem ég hafði lagt til, að hún yrði samþykkt, bar ég fram utan dagskrár fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um það, hvort ríkisstj. mundi, á meðan ekki væri tekin endanleg ákvörðun í Grænlandsmálinu, gera nokkra samninga við Dani, er vörðuðu Grænland, sem gætu orðið til þess að gera aðstöðu vora erfiðari í kröfum vorum til réttar á Grænlandi. Hæstv. ráðh. varð mjög fljótt og vel við því að gefa svör við þessari fyrirspurn minni, og þau svör hljóðuðu á þá lund, að ríkisstj. mundi ekki gera eða gerði ekki neina slíka samninga, er gætu veikt rétt vorn til þessarar kröfu.

Nú þegar þetta mál ber þannig að, að Íslendingar komast í fyrsta skipti í færi við þetta mál, sem sé á þessum ráðherrafundi, þá lít ég svo á, að það hafi verið í algeru ósamræmi við yfirlýsingu hæstv. ráðh. í þinglokin í fyrra, að hann viðhefur þá aðferð, sem hann hafði þar, að sitja hjá og láta málið afskiptalaust af hálfu Íslendinga. Þetta vil ég taka mjög skýrt fram.

Nú hefur þetta haldið þannig áfram. Málið kemur svo fyrir gæzlunefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, sem nú situr vestur í Ameríku, og fulltrúi Íslendinga í þessari nefnd fetar í fótspor hæstv. ráðh. og situr einnig hjá.

Nú er að því komið, að tekin verði endanleg afstaða til þessa máls á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þá er það fyrst, sem ríkisstj. boðar hér til fundar í dag — fyrst lokaðs fundar — og tilkynnir um þetta og leitar eftir áliti Alþ. um það, hvernig ríkisstj. eigi að leggja fyrir fulltrúa vora um atkvgr. um þetta mál á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Og nú er á þessum opna fundi, sem nú er að byrja, komin fram till. frá hæstv. ríkisstj. um það, að þessi leikur skuli enda eins og hann byrjaði, að Íslendingar láti málið ekki til sín taka, sitji hjá, sem vitanlega getur þýtt það og ekkert annað, að þeir leggi blessun sína yfir það, að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykki innlimun Grænlands í Danmörku, — að Íslendingar leggi blessun sína yfir þetta með þeim hætti að sitja hjá, sem hæstv. ráðh. hefur sagt að sé alveg það sama og greitt væri atkv. með till.

Það hefur nú um langt skeið verið rætt um það hér, að Íslendingar ættu rétt til Grænlands og að oss bæri að hefja baráttu fyrir endurheimt þessa lagalega réttar vors. Að þessu hafa, eins og alkunnugt er, staðið margir þjóðkunnir menn og þ. á m. sumir þeirra manna, sem hafa verið í fararbroddi alla sína tíð í sjálfstæðisbaráttu þessarar þjóðar og sumir átt þátt í að leiða það mál farsællega til fullra lykta. Alþ. hefur gert samþykktir, er taka undir þessar réttarkröfur. Þannig var 1931 samþ. þáltill. frá Jóni heitnum Þorlákssyni, sem hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að gæta hagsmuna Íslands út af deilu þeirri, sem nú er risin milli stjórna Noregs og Danmerkur um réttindi til yfirráða á Grænlandi."

Og Jón Þorláksson endaði grg. sína fyrir þessu máli með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að vænta annars en að Íslendingar geti í þessu efni haft góða aðstöðu til þess að halda öllum sínum rétti."

Þessu máli var þá vísað til utanrmn., sem skipuð var sjö mönnum, þjóðkunnum mönnum, og einn meðal þessara manna var hæstv. forsrh., Ólafur Thors. N. lagði einróma til, að þessi till. væri samþ., og hún var svo eftir till. n. afgreidd frá Alþ. með shlj. atkv. Þannig lýsti Alþ. þá afstöðu sinni til réttarkröfu til Grænlands.

Áður hafði á Alþ. verið samþ. till., sem hné mjög í þessa sömu átt og m. a. fól í sér að skipa n. til þess að rannsaka réttarstöðu Grænlands. Málinu hefur oft verið hreyft á Alþ. síðan, og þó að það hafi ekki fengið þar endanlega afgreiðslu, hefur aldrei bólað á neinni till. eða ályktun, sem gengi í öfuga átt við það, sem Alþ. lýsti yfir og ályktaði 1931.

Sú n., sem fjallaði um þáltill. þá, sem ég flutti og las hér upp áðan, lagði að vísu ekki til, að till. yrði samþ., heldur að henni yrði vísað til ríkisstj. Það var fjarri því, að í rökstuðningi fyrir því að vísa till. til ríkisstj. fælist nokkur vefenging á þeim vilja, sem fram hafði komið í ályktunum Alþ. í þessu máli áður, heldur blátt áfram viðurkenning á því. Segir svo í þessu nál. m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. hefur oftar en einu sinni gert ályktanir um þetta mál og aldrei afturkallað þær. Standa þær því enn í fullu gildi. N. sér því ekki, að ný þál. um málið geti haft verulega þýðingu, heldur sé mest undir framkvæmdinni

komið," þ. e. að framkvæma áður yfirlýstan vilja Alþ. í þessu máli.

Á þessum grundvelli er það, sem n. lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstj.

Ég ætla ekki að fara langt út í að ræða um þetta, en þetta voru atriði í málinu, sem ég tel að alveg sé rétt að komi hér fram til glöggvunar á því, hvernig á þessu máli hefur verið haldið hér að undanförnu. Og þessa mátti hæstv. utanrrh. minnast, þegar hann sat fund hér með Dönum, sem notuðu tækifærið — hér á íslenzkri grund — til þess að fá fyrstu samþykkt á þessari till. sinni. Mátti hann vel minnast þess, að þetta var sá bakhjallur í þessu máli, sem hann átti að taka tillit til og haga sér eftir í þjónustu við sína þjóð.

Það er þess vegna fyrst nú, sem þeim selshaus skýtur upp úr gólfinu hér í sölum Alþingis, þegar Danir leita á náðir stofnunar, sem Íslendingar eru líka aðilar að, um, að sú stofnun samþykki, að þeir innlimi Grænland í Danmörku, — það er fyrst þá, sem alveg óvænt og skyndilega bólar á straumhvörfum og stefnuskiptum í þessu máli hér á Alþ. Það byrjar, eins og ég sagði áðan, á þessum fundi norðurlandaráðherra, sem þá var haldinn hér á íslenzkri grund. Og byrjunin er sú, eins og ég hef áður lýst, að fulltrúi Íslendinga situr hjá við atkvgr. um innlimunina og lætur sig málið af hálfu Íslendinga engu skipta.

Svo heldur þetta áfram. Nú virðist ríkisstj., *eftir því sem ráða má af þeirri till., sem hér* liggur fyrir, syngja í kór: Danir eiga allan réttinn. Íslendingar eiga engan rétt. — Og ríkisstj. ætlast til, að Alþ. verði þátttakandi í þessum söngkór. Það er ekki vert að spá neinu um það, hvernig sú atkvgr. fer hér, en ég vil aðeins benda á það, sem ég hef áður sagt, að þá skýtur skökku við þann tón, sem áður hefur kveðið við á Alþ. í þessu máli, ef ályktunin verður nú sú: Danir eiga allan réttinn, Íslendingar engan.

Eftir þessari till. að dæma eða orðalagi hennar verður ekki annað séð en að þetta sé hálfgert feimnismál hjá hæstv. ríkisstj., samkv. *niðurlagi till., eftir að búið er að tala um*, að fyrirmælin héðan að heiman eigi að verða þau að sitja hjá við atkvgr. „um ályktun gæzluverndarnefndar varðandi það, að Dönum beri ekki lengur að senda skýrslur um Grænland til Sameinuðu þjóðanna." Það er talað um það, að köttur fari stundum í kringum heitan soðpott. *Hér* kemur að þessu leyti ákaflega skýrt fram eðli kattarins. Hér er verið að reyna að komast fram hjá því, sem er nakinn og ber sannleikurinn í þessu máli, og það er ekkert annað en það, að hér er farið fram á, að Íslendingar leggi blessun sína yfir innlimun Grænlands í Danmörku, því að vitanleg forsenda þess, að *Danir þurfi ekki að gefa neina* skýrslu um Grænland, er það, að Grænland sé innlimað í Danmörku. Ég vildi aðeins benda á þetta.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, því að á örlagastundu er það svo, að það veltur ekki yfirleitt á mörgum orðum, heldur því, að menn athugi vel sitt ráð um þá hluti, sem gilda í hverju máli og lengi á að búa að.

Ég vil þess vegna leyfa mér að bera hér fram brtt. við till. hæstv. ríkisstj. og leggja hana fram skriflega og biðja hæstv. forseta að koma henni á framfæri við atkvgr. Till. mín er sú, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja fyrir fulltrúa Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, er nú situr, að mótmæla með atkvæði sínu innlimun Grænlands í Danmörku."

Fyrirsögn till. orðist svo:

„Till. til þál. um afstöðu fulltrúa Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna varðandi Grænland."

Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa till. mína til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 183) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að gefa skýringar á fundi utanríkisráðherranna, sem fór fram í Reykjavík í ágústlok. Fundir utanríkisráðherranna eru sérstaks eðlis. Það er engin atkvgr. um málin, heldur aðeins lagðar fram till. þessara fjögurra Norðurlandaþjóða um það, hvernig þær ætli að haga atkvæðagreiðslu á þingi Sameinuðu þjóðanna. Það er ekki leitað neinna atkvæða. Það er ef til vill leitað stuðnings við mál, og Danir leituðu stuðnings annarra skandinavísku þjóðanna um þetta mál sitt hjá Sameinuðu þjóðunum. Við tókum ekki afstöðu til þess og við gáfum þeim ekki loforð um stuðning í málinu, og það er algerlega óréttmætt að bera upp á mig landráðastarfsemi í sambandi *við það, að ég hafi sleppt einhverjum rétti* Íslendinga.

Hv. þm. Borgf. minntist hér á tillögur Jóns Þorlákssonar frá 1931. Jón Þorláksson gerði till. þess eðlis, að Íslendingar skyldu í sambandi við deilu Norðmanna og Dana varðveita allan rétt sinn til Grænlands. En hvað hefur hv. Alþ. gert? Hvað hefur þessi hv. þm. gert, sem er búinn að sitja á þingi í 38 ár? Hverju hefur hann áorkað í þessu máli? Hann var þó a. m. k. í meirihlutaflokki allt fram til 1927, og mér er ekki ljóst, að Alþ. hafi nokkurn tíma tekið „pósitíva" afstöðu til þessa máls, heldur þvert á móti. Hann las hér upp nál. frá því í fyrra, en las það ekki til enda, af hvaða hvötum sem það er. Nál. hljóðar þannig:

„Alþingi hefur oftar en einu sinni gert ályktanir um þetta mál og aldrei afturkallað þær. Standa þær því enn í fullu gildi. Nefndin sér því ekki, að ný þál. um málið geti haft verulega þýðingu, heldur sé mest undir framkvæmdinni komið," — hér hætti hv. þm. — „þ. e. hvað ríkisstj. kann að verða ágengt í samningum við stjórn Danmerkur um réttindi Íslendinga á Grænlandi. Leggur nefndin því til, að till. þessari verði vísað til ríkisstj."

Þarna höfum við þingviljann.

Annars er mér það ekkert áhugamál, að Ís-

lendingar afsali sér nokkrum rétti til Grænlands, en hitt er mér áhugamál, að við stöndum ekki eins og illa gerðir hlutir frammi fyrir almenningsáliti heimsins í þessum málum. Það er búið að þvæla um þetta mál frá því 1931, — og sennilega áður, ég er ekki nógu fróður um það, — og Alþingi Íslendinga hefur aldrei haft hugrekki til þess að taka afstöðu til þess. Það er búið í 23 ár a. m. k., frá því 1931, að hafa tækifæri til þess að höfða mál fyrir alþjóðadómstóli um Grænland, en það hefur alltaf brostið hugrekki til þess. Eini maðurinn, sem eitthvað hefur gert „pósitívt" í þessu máli, er hæstv. fyrrverandi utanrrh., með því að hann fól beztu sérfræðingum Íslendinga að gera álitsgerð í málinu. Og hvernig er sú álitsgerð? Hún er svo eyðileggjandi fyrir alla þá, sem hafa haldið rétti Íslendinga fram, að við þeim málum er tæplega hægt að hrófla eftir það.

Hvers vegna hefur ekki hv. þm. Borgf. borið hreinlega fram kröfu hér um það, að Íslendingar færu í mál við Dani um Grænland? Hvers vegna hefur hann ekki komið því máli fram? Af því að það er greinilegt, að hann er í stórkostlegum minni hluta í þinginu. Og svo ætlar hann að bera það á mig, að ég hafi brugðizt íslenzkum málstað, þar sem ég hreyfði ekki mótmælum við Dani í sumar á lokuðum fundum, þar sem ekki skipti mjög miklu máli, hvaða afstöðu við tókum til þessa máls.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég get verið mjög fáorður um þetta mál. Ég tel, að það séu mjög mörg aukaatriði, sem hægt sé að ræða, en tiltölulega fá aðalatriði, sem skipta máli.

Eins og okkur öllum er ljóst, eiga Íslendingar í deilu við margar stórþjóðir um sín stærstu hagsmunamál. Við teljum okkar rétt svo mikinn, að við erum óhræddir við að bera hann undir Haagdóminn að fullnægðum vissum skilyrðum. Í þeim yfirlýsingum okkar liggur auðvitað traustsyfirlýsing til þessa dómstóls, yfirlýsing um það, að það, sem hann segir, skuli vera lög fyrir okkur og fyrir aðra.

Nú vill svo til í því máli, sem hér er um að ræða, að þessi sami dómstóll sem Íslendingar vilja sækja skjól til hefur kveðið upp dóm í þessu máli. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að dómur slíks dómstóls, hvort sem hann fellur okkur betur eða miður, hefur úrslitagildi um, hverju er hægt að koma fram í málinu. Þessi dómstóll, Haagdómstóllinn, kvað upp þann dóm 1. apríl 1933, að engir aðrir en Danir ættu tilkall til Grænlands. Þessi dómur var kveðinn upp árið 1933, þ. e. a. s. tveim árum eftir að ýmsir góðir Íslendingar gerðu kröfur til Grænlands, kröfur, sem að sjálfsögðu voru kveðnar niður með téðum dómi, þar eð augljóst er, að eigi Danir einir tilkall til Grænlands, eiga engar aðrar þjóðir slíkan rétt, og þá ekki heldur Íslendingar.

Haagdómurinn frá 1933 skar úr um afstöðu flestra okkar, er á þingi 1931 höfðum viljað seilast til yfirráða yfir Grænlandi.

Samt sem áður og til þess að leita enn þá frekara álits á þeim skoðunum, sem við höfðum þó fallizt á í hjarta okkar, ákváðum við að bera þetta mál undir dómbærustu og menntuðustu menn Íslands á þessu sviði. Þeir kváðu upp sama dóminn, að Íslendingar ættu engan rétt í þessum efnum.

Þrátt fyrir þetta vill hv. þm. Borgf. (PO), að Íslendingar geri nú kröfu til Grænlands. Ég get ekki tekið þátt í þeim skrípaleik. Smáþjóð sem Íslendingar verður að vera vönd að virðingu sinni. Kröfur, sem hún ber fram á erlendum vettvangi, verða að vera rökstuddar. Hrópi hún alltaf: „Úlfur, úlfur" — verður lítið mark á henni tekið. Þessa skulum við, sem verja eigum rétt Íslands í landhelgismálinu, vera vel minnugir.

Af þessu markast afstaða mín í málinu, en ekki tillitssemi gagnvart Dönum, sem ég þó ann góðs. Ég álít einfaldlega, að við eigum engan rétt til Grænlands, og er alveg óhræddur að játa það. Og ég spyr: Með hvaða rökum ætla menn að ganga fram á vettvangi alþjóða og segja, að Íslendingar eigi þennan rétt? Hvert ætla menn að sækja rökin? Hverju ætla menn að svara, þegar þeir verða spurðir, hvort alþjóðadómstóll hafi sagt sitt álit, hverju ætla menn að svara, þegar spurt verður um, hvort íslenzkir sérfræðingar hafi sagt sitt álit, og hverju ætla menn að svara, þegar þeir spyrja sjálfa sig? Hvers vegna halda menn, að jafnskeleggur maður og hv. þm. Borgf. hafi alltaf orðið að lúta því á seinni árum, að þetta mál hefur ekki fengizt afgreitt? Það er vegna þess, að menn hafa fundið, að eigin sannfæring sagði þeim, að hér væri ekki vettvangur til að berjast á. Það er ekki vegna þess, að menn hafi skort skap til að berjast, ekki heldur vegna þess, að menn hafi vantað löngun til að standa á rétti Íslendinga. Það er vegna þess, að menn hefur skort sannfæringu um, að það væri mögulegt, og þetta eiga menn að viðurkenna. Menn eiga að hætta að blekkja sína þjóð með því að halda fram í alþjóðaráheyrn, að menn hafi réttindi, eða vera að gefa í skyn, að menn hafi réttindi, sem menn trúa ekki á.

Um þetta hef ég ekki miklu meira að segja. Ég stend að þeirri till., sem borin er fram. Það gerir öll ríkisstj., og við gerum það ekki af neinni vináttu við Dani, þó að okkur beri að vera þeirra vinir. Við gerum það ekki af því, að við séum ekki að verja rétt Íslendinga. Við gerum það af því, að okkur skortir sannfæringu fyrir möguleikanum til að berjast. Okkur skortir sannfæringu fyrir því, að við getum unnið sigurinn, og við viljum játa það, að þetta sé okkar hugarfar. Okkur skortir vilja til að biðja okkar umboðsmenn að koma fram á alþjóðavettvangi og halda fram einhverju öðru en hægt er að rökstyðja með nokkrum hugsanlegum hætti.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. ræddi þetta mál í nokkuð öðrum tón en hefur verið í umr. hingað til, en þetta er nú stundum hans vandi. Hann kom hér með yfirlýsingar, sem ganga miklu lengra í því máli, sem hér er til umr., heldur en mig

hefði órað fyrir að hæstv. ríkisstj. væri tilbúin að gera, og ég vil spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. stendur öll á bak við þær yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. hefur gefið um engan rétt Íslendinga o. s. frv. í þessu máli.

Hæstv. forsrh. kvaðst ætla að leita skjóls hjá alþjóðadómstólnum í Haag í lífsnauðsynjamáli íslenzku þjóðarinnar, landhelgismálinu. Hann hefur sjálfur sagt í opinberum ræðum, að undir úrslitum þessa máls eigi íslenzka þjóðin líf sitt. Hann ætlar með öðrum orðum að leggja líf íslenzku þjóðarinnar undir dóm þessa dómstóls og eiga það á hættu, að hún verði þá dæmd til dauða af þessum dómstóli. Hæstv. forsrh. sagði, að þetta væri sami dómstóllinn og hefði í apríl 1933 kveðið upp dóm í deilumáli Norðmanna og Dana um Grænland. Ég er hissa á, að hæstv. forsrh. skuli ekki vita betur. Alþjóðadómstóllinn í Haag er annar dómstóll og allt öðruvísi skipaður en alþjóðadómstóll Þjóðabandalagsins, sem sat í Haag 1933, og þetta ætti hæstv. forsrh. landsins að vita. En hann hefur komizt áfram hingað til, sá hái, hæstv. herra, án þess að kynna sér nokkuð málin, sem hann talar um.

Þetta mál var rætt hér á hv. Alþingi í dag fyrir luktum dyrum, og það hefur áður verið rætt hér, síðan ég kom á hv. Alþingi, einnig fyrir luktum dyrum, en í bæði skiptin án þess, að nokkur ákvörðun væri tekin. Ég hef jafnan, þegar lokaðir fundir hafa verið haldnir í Alþingi, — ef svo á að segja, að það séu fundir í Alþingi, — lýst því yfir og tekið þátt í umr. með þeim fyrirvara, að ég tel, að það geti að vísu verið full nauðsyn á því, að boðað sé til lokaðra funda innan veggja Alþingis, t. d. ef svo stendur á, að ríkisstj. vill kynna þingheimi sérstök mál eða málsatriði, t. d. í utanríkismálum, sem eru þannig vaxin, að það er ekki tímabært að gera þau heyrinkunn með opinberum umr. á Alþingi. En þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár og þingskapa um, að það sé formlega leyfilegt, tel ég ekki rétt nema í ýtrustu nauðsyn, að það sé nokkurn tíma tekin ákvörðun á Alþingi í stórmálum fyrir luktum dyrum. Ég byggi þetta fyrst og fremst á því, að á slíkum fundum eru engar skrifaðar heimildir um afstöðu flokka og manna til þeirra mála, sem ákvörðun er tekin um, en það hefur sýnt sig, að eftir á geta risið deilur um það jafnvel, hver hafi verið afstaða flokka og manna til þeirra stórmála, sem rædd hafa verið og ákvörðun hefur verið tekin um á lokuðum fundum Alþingis, og get ég nefnt dæmi ekki mjög gamalt því til sönnunar. Ég vil því fagna því, að hæstv. forseti Sþ. ákvað í dag á hinum lokaða fundi að boða til opins fundar hér í Sþ. til þess að taka ákvörðun í þessu máli, sem hér er rætt, og vil ég lýsa því yfir, að ég vona, að það verði framvegis regla á hv. Alþingi, að ákvarðanir í stórmálum verði helzt aldrei teknar fyrir luktum dyrum.

Ég verð að láta í ljós undrun mína og fullkomna vanþóknun á meðferð þessa máls, sem hér er rætt. Hæstv. utanrrh. upplýsti hér áðan, að utanríkisráðherrar Norðurlanda hefðu í ágúst í sumar átt fund með sér hér í Rvík og á þeim fundi hefði utanríkisráðherra Danmerkur skýrt svo frá, að danska stjórnin ætlaði sér að leggja fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna nú í haust — það þing, sem nú stendur yfir — ósk eða kröfu um, að réttarstöðu Grænlands yrði breytt, þannig að það yrði tekið af skrá Sameinuðu þjóðanna um þær nýlendur, sem gæzluverndarnefnd Sameinuðu þjóðanna á að hafa eftirlit með, hvernig stjórnað sé. En slík ákvörðun af hálfu Sameinuðu þjóðanna, að strika Grænland út af skrá um nýlendur, þýðir viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna á því, sem Danir hafa ákveðið heima fyrir, að innlima Grænland í Danmörku, gera það að einu amti eða héraði í Danmörku, þó að það sé mörgum sinnum stærra en Danmörk og þó að það sé raunar um leið ekki upplýst, hvort það eigi þá eins og önnur héruð Danmerkur að lúta dönskum lögum; það hefur ekki komið fram enn þá af hálfu Dana.

Hæstv. utanrrh. vildi á fundi utanríkisráðherranna hér í Rvík í ágústmánuði ekki taka afstöðu í þessu máli. Hann hefur vafalaust haft samráð við hæstv. ríkisstj., sem hann á sæti í, um þessa afstöðu. Hvorki ég né neinn annar þm. hefur veitzt að hæstv. utanrrh. fyrir þetta, fyrir það að vera ekki reiðubúinn til þess að taka afstöðu í þessu máli án samráðs við Alþingi. Ég tel, að hæstv. utanrrh. hafi gert rétt í því, og ég tel, að hæstv. ríkisstj., ef hún hefur átt þar hlut að máli, hafi líka gert rétt í því að heita Dönum engu um fulltingi sitt í þessu máli á þingi Sameinuðu þjóðanna. En ég spyr: Ef hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstj. vildi í ágúst í sumar ekki taka afstöðu í þessu máli og hefur þá væntanlega ætlað að leggja það fyrir Alþingi til ákvörðunar eins og nú hefur verið gert í dag, hvers vegna hefur það ekki verið gert fyrr? Ég spyr hæstv. utanrrh.: Ef það hefur verið meining hans að leggja þetta mál fyrir hv. Alþingi, hvers vegna hefur hann ekki gert það fyrr en í dag, um leið og hann upplýsir hér, að þetta mál verði tekið til endanlegrar afgreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á mánudaginn? Nú er það föst venja hér á Alþingi, að á laugardögum og sunnudögum eru ekki haldnir reglulegir fundir í Alþ. Hæstv. utanrrh. hefur ekki gert neina grein fyrir því, hvers vegna Alþingi fær ekki meira ráðrúm til þess að hafa umr. og taka ákvörðun um þetta mál, þó að það væri alveg augljóst í ágúst í sumar, að einhverja afstöðu hlyti fulltrúi eða sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að verða að taka í þessu máli, þar sem Danir tilkynntu þá, að þeir mundu leggja það fyrir.

Ég vil ekki gefa í skyn, að það hafi verið meining hæstv. ríkisstj. og hæstv. utanrrh. að leggja þetta mál alls ekki fyrir Alþingi. Það er alkunnugt, að málið hefur oftar en einu sinni verið rætt á Alþingi, og Alþingi hefur einu sinni samþykkt ályktun í því, og ríkisstj. Íslands hefur samkv. þeirri ályktun tilkynnt ríkisstjórn Danmerkur og Noregs og fasta alþjóðadómstólnum í Haag 1931, að Ísland teldi sig samkv. ályktun Alþingis hafa hagsmuna að gæta í þessu máli. Ég vil þess vegna ekki, eins

og ég sagði áðan, ætla hæstv. ríkisstj. það, að hún hefði alls ekki viljað bera sig saman við Alþingi í þessu máli, en hitt veit ég, að Danir hefðu helzt kosið að koma þessu máli í gegnum þing Sameinuðu þjóðanna í sem mestum kyrrþey, og ef til vill hefur það verið meiningin, að þetta mál gæti farið gegnum hv. Alþ. hljóðalítið eða hljóðalaust, á lokuðum fundi, þar sem ef til vill færi aðeins fram lauslega skoðanakönnun meðal þingmanna, eins og til stóð hér í dag.

Það er vitað af blaðafregnum, bæði sem birzt hafa í íslenzkum blöðum og í erlendum blöðum, sem hingað hafa borizt, hvaða afgreiðslu þetta mál hefur hlotið hjá fjórðu nefnd Sameinuðu þjóðanna, þar sem það hefur verið tekið til afgreiðslu og rætt. Og það er því miður svo, að þær blaðafregnir eru miklu ljósari og nákvæmari en sú skýrsla, sem hæstv. utanrrh. hefur getað gefið hv. Alþ. um afgreiðslu málsins. Í fjórðu nefnd allsherjarþingsins, svokallaðri verndargæzlunefnd, komu, þegar Danir fluttu sitt mál þar, þegar fram raddir margra og áhrifamikilla ríkja um, að það væri algerlega óviðeigandi að samþykkja óbreytta þá till., sem Danir lögðu fram, og þá ósk, sem þeir báru fram, að málið yrði aðeins afgreitt í þessari verndargæzlunefnd. Málið væri þess eðlis, svo þýðingarmikið mál, að það ætti að koma fyrir fullskipaðan fund á allsherjarþinginu, því að eins og nú háttar, er það næsta óvenjulegt, að land, sem til þessa dags hefur verið nýlenda, hætti allt í einu að vera nýlenda með þeim hætti, að hún sé gerð að héraði í móðurlandinu, sem kallað er. Hitt er miklu algengara nú á dögum, að nýlendurnar fái aukna sjálfstjórn og jafnvel fullkomið sjálfstæði. En það, sem hér liggur bak við, og opinber rök Dana fyrir þessu eru þau, að nýlendustjórn Dana á Grænlandi hafi verið til slíkrar fyrirmyndar öllum þjóðum, að þetta sé sjálfsagt mál og þurfi ekki að ræða á þingi Sameinuðu þjóðanna sjálfu, heldur aðeins í nefnd þar. Og til þess að sanna þetta mæta Danir með tvo grænlenzka þingmenn með dönsku nafni, sem báðir heita sama nafni og bera þar vitni, að Grænlendingum líði ágætlega undir stjórn Dana og þess vegna þurfi ekki að ræða það mál meir. En það voru mjög margir fulltrúar ríkja hjá Sameinuðu þjóðunum, sem spurðu: Hefur grænlenzka þjóðin verið spurð? Hefur farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla með grænlenzku þjóðinni um þetta mál? Sýnir sú þjóðaratkvæðagreiðsla, að grænlenzka þjóðin óski t. d. alls ekki eftir auknu sjálfstæði eða fullu sjálfstæði? Eru færðar sönnur á, að það séu engar óskir uppi með grænlenzku þjóðinni um að losna undan stjórn Dana? Og það er vegna þessara spurninga, sem málið hlýtur að koma fyrir og á að koma fyrir fund allsherjarþingsins á mánudaginn eða þriðjudaginn.

Um hvað snýst svo þetta mál? Það snýst, eins og ég sagði áðan, um það, hvort stjórn Dana á Grænlandi, sem hefur staðið í margar aldir, hafi verið til slíkrar fyrirmyndar, að það sé sjálfsagt mál að gera landið nú að héraði í Danmörku. Þess vegna er það, að samþykkt þessarar kröfu Dana þýðir alveg sérstaka viðurkenningu á nýlendustjórn Dana. En nú stendur svo á, að Íslendingar eru einmitt eina þjóðin á þingi Sameinuðu þjóðanna, sem hefur nokkra þekkingu og reynslu af nýlendustjórn Dana. Það á engin þjóð fulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum, sem veit betur um nýlendustjórn Dana en Íslendingar. Við höfum notið þessarar ágætu nýlendustjórnar um margar aldir eins og Grænlendingar. Og ef til vill hefur engin þjóð heldur betri aðstöðu utan Dana til þess að vita um nýlendustjórn Dana á Grænlandi nú síðustu áratugina eða síðan við Íslendingar hættum að njóta þessara ágætu forráða Dana. Íslendingar gætu líka sagt frá því, að um eitt skeið var það tillaga og krafa Dana einmitt að innlima Ísland með stjórnarskrárbreytingu í Danmörku. Og þá hefðu áreiðanlega fundizt einhverjir hálfdanskir embættismenn, jafnvel íslenzkir embættismenn, jafnvel íslenzkir þingmenn, til þess að samþykkja það og bera um það vitni, að það væri Íslendingum fyrir beztu.

Stjórn Dana á Grænlandi er í dag byggð á nákvæmlega sömu stjórnarfarslegum reglum og stjórn Dana á Íslandi var um margar aldir. Grænlandi er stjórnað samkvæmt tilskipunum frá 18. öld, og í skjóli þeirra tilskipana, t. d. einnar tilskipunar frá 1776, er einokunarverzlun á Grænlandi, og það er sú einokunarverzlun, sem raunverulega stjórnar öllum fjárhagsmálum grænlenzku þjóðarinnar. Við höfum sorglega reynslu af þess konar stofnun. En þessi einokunarverzlun Dana á Grænlandi er nákvæmlega sams konar stofnun og einokunarverzlun Dana var á Íslandi. Auk þessa er eitt atriði um stjórn Dana á Grænlandi, sem ég held að eigi sér engin dæmi um nokkra nýlendu annars staðar í heiminum. Það er það, að Grænland er lokað land. Samkvæmt gömlum tilskipunum og samkv. einni tilskipuninni, sem var síðast endurnýjuð 10. maí 1921, er þegnum allra þjóða bannað að sigla til Grænlands og athafna sig í grænlenzkum höfnum. Við þekkjum líka þessa skipun mála úr sögu okkar. Ég held, að það megi fullyrða, að þessi tilskipun Dana sé þvert ofan í allan þjóðarétt, sem nú ríkir. Og ég efast um, að þing Sameinuðu þjóðanna hafi verið upplýst um slíka lokun svo stórs lands sem Grænlands, sem er í raun og veru varla hægt að tala um sem land, heldur er nær því að vera meginland eða álfa, að það er lokað borgurum allra ríkja, nema með sérstöku leyfi einokunarverzlunar Dana á Grænlandi. Íslenzkum fiskiskipum, sem eins og allir vita hafa stundað veiðar undan Grænlandi, bæði austan og vestan, er óheimilt að leita hafnar, jafnvel í lífsnauðsyn, þar sem þau eru stödd. Íslenzkir þegnar mega ekki stíga upp á klappirnar á Grænlandi vegna þessarar tilskipunar.

Þessi lokun Grænlands hefur af hálfu Dana verið varin með því, að það þurfi að einangra Grænlendinga frá umheiminum, þeir sem frumstæð þjóð þoli ekki að komast í snertingu við menninguna, þeir mundu hrynja niður úr sjúkdómum, ef það væru almennar samgöngur við

Grænland. En í sambandi við heimsókn konungs Dana og ýmiss stórmennis til Grænlands nú fyrir skömmu var nokkuð upplýst af dönskum blaðamönnum um heilbrigðisástandið eins og það er nú í dag á Grænlandi. Um það er ekki öðrum til að dreifa en Dönum. Þeir bera ábyrgð á því. Það er þannig, að helmingur þjóðarinnar er haldinn af berklaveiki og er að hrynja niður úr berklaveiki, stór hluti þjóðarinnar er haldinn kynsjúkdómum og danskir blaðamenn lýsa ástandinu í Grænlandi í þessum efnum og mörgum öðrum svo, að þær taka nærri því út yfir allar lýsingar, sem maður hefur lesið um ástandið í landinu. Það er þetta ástand, sem á nú að ákveða hjá Sameinuðu þjóðunum að sé svo gott og til svo mikillar fyrirmyndar, að nú þurfi ekki einu sinni að telja Grænland nýlendu lengur.

Ég vil nú spyrja: Hafa Íslendingar nokkra ástæðu til þess að láta þetta mál til sín taka á þingi Sameinuðu þjóðanna?

Það er augljóst, hygg ég, fyrir öllum, að lokun Grænlands snertir hagsmuni Íslendinga. Ef íslenzkir útgerðarmenn og sjómenn væru spurðir um lokun Grænlands, bann dönsku stjórnarinnar við því, að íslenzk fiskiskip megi athafna sig samkv. alþjóðareglum við Grænland, þá hygg ég, að þeir mundu segja, að það skipti allmiklu fyrir íslenzku þjóðina. Má þetta koma fram á þingi Sameinuðu þjóðanna samkv. till. hæstv. ríkisstjórnar? Nei, það má ekki vekja athygli á því á þingi Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúi Íslands má ekki vekja athygli á því, að þetta ástand, lokun Grænlands fyrir öllum þjóðum, sé einsdæmi, sem ekki ætti að eiga sér stað, það sé stórkostlegt brot á alþjóðareglum, eins og auðvelt er að sýna fram á, og það sé alþjóðlegt hneyksli, sem það er. Má fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vekja athygli á því? Ég spyr hæstv. utanrrh.: Mætti fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, sá valinkunni maður, — við vitum öll, að á hans orð mundi verða hlustað, — vekja athygli á þeirri staðreynd, að íslenzk skip mega ekki athafna sig við grænlenzkar hafnir, jafnvel í lífsnauðsyn? Má hann láta í ljós ósk íslenzku ríkisstj. um það, að þetta ástand hætti? Nei, segir hæstv. ríkisstj. Það er augljóst mál. — Mér þykir það mjög leitt, að hæstv. utanrrh. hefur ekki getað komið því við að hlusta á mál mitt, og vil ég þess vegna endurtaka fyrir hann, það sem ég sagði hér síðast, áður en hann kom inn, en það var það, að ég spurði, hvort það væri á móti vilja hæstv. ríkisstjórnar Íslands, að fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vekti athygli allsherjarþingsins á þeirri staðreynd, að íslenzk fiskiskip mega ekki á nokkurn hátt athafna sig við Grænland, jafnvel í lífsnauðsyn, vegna þess banns, sem dönsk stjórnarvöld hafa sett við þessu. Mætti fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vekja athygli á því, að þetta er einsdæmi í heiminum, að þetta er brot á þjóðarétti, á meginreglu þjóðaréttarins, á öllum góðum venjum, sem tíðkast milli þjóða? Og mætti hann vekja athygli á því, að hér er um stórkostlegt hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar að ræða?

Ég sé, að það er ekki meiningin samkv. till. hæstv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, að fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum megi segja nokkurt orð um þetta mál. Ég skil hana svo. En þá spurði ég hér áðan hæstv. utanrrh., hvort t. d. íslenzkir útgerðarmenn og sjómenn mættu láta í ljós skoðun sína um það, hvort það sé hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar, að þetta eindæma og hneykslanlega ástand hætti.

Það er augljóst mál, að með viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna á því, að Grænland sé ekki lengur nýlenda Dana, heldur hérað, ein af eyjum Danmerkur, þá verður mikil breyting á réttarstöðu Grænlands. Og það er mál, sem mjög margir Íslendingar hafa hugsað um áratugum saman, kynnt sér mikið og rætt og ritað um.

Hv. þm. Borgf. minnti á það, að síðan 1920 a. m. k. hafa margir mætustu menn Íslendinga viljað vekja athygli þjóðar sinnar á því, að það er ekki alveg víst, að Danir eigi Grænland, að þeir eigi yfirráðarétt yfir Grænlandi. Þjóðskáldið Einar Benediktsson, hinn nýlátni ágæti þingskörungur Benedikt Sveinsson, Magnús heitinn Sigurðsson bankastjóri og síðast en ekki síst dr. Jón Dúason hafa fært rök að því, að það kynni að vera svo, að Ísland ætti nokkurt réttartilkall til Grænlands. Þeir hafa byggt það allir á þeirri staðreynd, sem verður ekki mælt í móti, að Grænland var numið af Íslendingum, af mönnum frá Íslandi.

Það eru til menn, sem vilja skopast að þeim kenningum, sem þessir menn hafa haldið fram, viljað leitast við að færa rök fyrir og a. m. k. einn þeirra, dr. Jón Dúason, hefur fórnað hálfri ævi sinni til þess að safna gögnum og rökum að. Maður hefur heyrt hæstv. ráðh. spotta mikið þá menn, sem halda þessu fram, og segja: Þeir vilja leggja undir sig Grænland. Þeir eru að krefjast þess, að við leggjum undir okkur Grænland sem nýlendu. — Það geta verið skoðanir þessara hæstv. ráðh., ekki vil ég vefengja það, eins og hæstv. forsrh. lýsti hér af miklum fjálgleik áðan, og sannfæring þeirra, að Íslendingar eigi engan — alls engan rétt til Grænlands. En hann hefði þá ekki átt að vera að samþykkja það 1931, hæstv. forsrh., að Íslendingar kæmu á framfæri þeirri skoðun sinni, að þeir ættu einhvern rétt til Grænlands. En honum er auðvitað leyfilegt að skipta um skoðun.

Nú er mjög haft á móti þeim kenningum, að Íslendingar eigi vegna landnáms Íslendinga að fornu á Grænlandi nokkurn rétt til Grænlands. En ég vil benda þeim ágætu mönnum á, að ekki skopaðist alþjóðadómstóllinn í Haag, fasti dómstóllinn í Haag 1933, að sams konar kenningum. Hann byggði þann rétt, sem hann gaf Dönum, fyrst og fremst á landnámi Íslendinga á Grænlandi að fornu. Hann hafði að vísu engar upplýsingar um sögulega stöðu Grænlands gegnum aldirnar nema frá Dönum, því að það fór svo, að Norðmenn vildu ekkert leggja upp úr þeim sögulega rétti. Þeir héldu því fram fyrir dómstólnum, að hinn sögulegi réttur hefði fallið niður við það, að byggðir

Íslendinga þar hefðu eyðzt, og síðan hefði Grænland verið „terra nullius", þ. e. a. s. engra manna eða einskis ríkis land, þangað til það fannst aftur. En þeir héldu því fram, að Danir hefðu þrátt fyrir það ekki fært sönnur á yfirráðarétt sinn til Grænlands, og færðu að því rök, sem voru mjög sterk í augum margra manna, sem vel bera skyn á þjóðarétt, þ. á m. í augum nokkurra af dómendunum sjálfum í dómstólnum, eins og fram kemur í dómnum, ef menn vilja kynna sér hann. Og ég verð að segja, að í mínum augum hafa Danir enn í dag það á tilfinningunni, að þeir hafi ekki alveg fest yfirráðarétt sinn til Grænlands. Og það er einmitt þess vegna, að þeir vilja nú leggja svo mikla áherzlu á að fá það samþykkt í kyrrþey á þingi Sameinuðu þjóðanna, að Grænland sé ekki lengur nýlenda, heldur hluti af Danmörku.

Það er mjög auðvelt að sýna fram á það, að Danir hafa ekki, a. m. k. síðustu þrjá áratugina, verið alveg vissir í sinni sök um yfirráð sín yfir Grænlandi að alþjóðarétti. Þeir hafa í opinberum skjölum viðurkennt, að þeir hafi ekki haft bolmagn til þess að fara með yfirráðarétt um allt Grænland, en það var að þjóðarétti nokkuð fram á þessa öld talið ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því, að ríki hefði rétt yfir nýlendu. Skilyrðið var það, að ríkið hefði lagt nýlenduna undir sig, þ. e. a. s. venjulega rænt henni bókstaflega með vopnavaldi, og sýnt vald sitt yfir henni um alllanga hríð. Það var „occupation", eins og það var kallað og er kallað. Þetta gátu Danir ekki sannað, að þeir hefðu þannig lagt allt Grænland undir sig. Þess vegna gripu þeir til þess ráðs fyrir dómstólnum í Haag að leiða sinn rétt til Grænlands alla leið til landnemanna, sem námu Grænland frá Íslandi, og til þess, eins og kemur fram í forsendum dómsins, sem Sturla Þórðarson segir í Hákonarsögu, að Grænlendingar hafi játað Hákoni gamla skatt. Þetta er frumforsenda og aðalforsenda þessa dóms, sem hæstv. forsrh. og fleiri tala um sem hámark vísdómsins og alveg óvefengjanlegan, endanlegan úrskurð í þessu máli.

En látum nú vera, að þetta sé svo. En við vitum vel, allir Íslendingar, eða ættum a. m. k. að vita, að nákvæmlega sama gerðu Íslendingar á 13. öld, milli 1260 og 1264. Þeir játuðu Hákoni gamla skatt. En Jón Sigurðsson og allir forvígismenn Íslendinga í sjálfstæðisbaráttu þeirra héldu fram þeirri kenningu, sem kannske er nú farið að fyrnast yfir í augum hæstvirtra ráðherra, eftir því sem maður heyrir þá tala, að Íslendingar hefðu aðeins samið við persónuna Hákon gamla og alla tíð síðan verið í persónusambandi samkv. frjálsum samningi við konunga Danmerkur og Noregs og síðan Danmerkur. Að þessum kenningum, sem hefur ekki verið hlegið að á Íslandi enn þá, byggðist öll sjálfstæðisbarátta Íslendinga. Og mér hefur skilizt, að þessi kenning Jóns Sigurðssonar og þeirra, sem tóku við af honum, hafi einmitt haft mestu þýðinguna í sjálfstæðisbaráttunni, að við trúðum því, að þjóðin mundi skilja það, að hún hefði sögulegan rétt, sem væri viðurkenndur að alþjóðalögum, hún væri í raun og veru enn þá fullvalda þjóð og hún þyrfti aðeins að lýsa yfir fullveldi sínu. Og það var vegna þessarar kenningar, að Íslendingar tóku aldrei við því góða boði Dana að verða innlimaðir sem hérað í Danmörku og eiga setu á ríkisþingi Dana, eins og Grænlendingum stendur nú til boða. En nú heyri ég menn spotta allar slíkar kenningar um sögulegan rétt.

Ég játa, að það kann að vera, að það hafi ekki verið færð óyggjandi lögfræðileg rök og söguleg rök fyrir því, að þessi réttur, réttur Grænlendinga hinna fornu, hafi nú hafnað hjá Íslendingum, eins og dr. Jón Dúason vill halda fram. En ef hann er ekki hjá Íslendingum, þá er hann hjá Grænlendingum sjálfum. Ef Íslendingar eiga ekki Grænland samkv. sögulegum rétti, þá eiga Grænlendingar hann. Og fyrir því má líka færa önnur rök en þau sögulegu rök, því að grænlenzk þjóð, grænlenzkt fólk er til enn í dag, þó að einhverjir vilji kannske hártoga það, að það sé þjóð. Og að vísu er það vitað, að það er orðin mjög blönduð þjóð.

Þetta er sem sagt mín niðurstaða: Með fullri tilvísun til niðurstöðu alþjóðadómsins, sem felldur var í apríl 1933 af fasta alþjóðadómstólnum í Haag, sem byggist á sögulegum rétti, séu það samkv. kenningum Íslendinga um sín sjálfstæðismál annaðhvort Íslendingar eða þá Grænlendingar, sem eigi Grænland, en alls ekki Danir. En þetta sjónarmið Íslendinga fékk aldrei að koma fram fyrir alþjóðadómstólinn í Haag á árunum 1931—33, þegar málið var sótt og varið þar, hvernig sem á því hefur nú staðið. Þrátt fyrir það að Alþ. hefði samþ. einróma, að íslenzka ríkisstj. skyldi koma sjónarmiðum Íslendinga og þá vitanlega fyrst og fremst þessum sögulegu sjónarmiðum á framfæri við alþjóðadómstólinn, þá var það ekki gert. En þessi sjónarmið eru til fyrir því. Og ég álít, að það megi vel enn þá á alþjóðavettvangi vekja athygli á því, að á Íslandi séu frammi skoðanir um það, að Íslendingar eigi rétt til Grænlands, um leið og vakin er athygli á því ástandi, sem er á Grænlandi eftir rúmlega tveggja alda stjórn Dana, og á þeim hagsmunum, sem Íslendingar alveg óvefengjanlega eiga að gæta í sambandi við Grænland.

Ég veit, að í þessu máli eins og öðrum utanríkismálum fá hvorki að ráða rök né heldur skoðanir þingmanna. Mér kemur það ekkert á óvænt, þó að maður sjái hæstvirta ráðherra reyna að gera sig mjög fyndna, þegar talað er um réttindi Íslendinga til Grænlands, og spotta það. Ég get vel skilið það, að sumir hæstv. ráðh. fara hjá sér yfirleitt, ef minnzt er á landsréttindi, og roðna. En það er nú svo, að það er til mikill fjöldi, stór hópur Íslendinga, sem veit vel af hinum fræðilegu kenningum, sem eru til og hafa verið settar fram um þetta, og það er engin ástæða til að segja, að við Íslendingar þurfum í dag að afneita þessum kenningum á alþjóðavettvangi og afsala okkur öllum rétti og fullyrða, eins og hæstv. forsrh.,

að við eigum alls engan rétt, það hafi okkar eigin sérfræðingar sýnt fram á. Það er engin ástæða til þess.

Það má segja: Það þarf að færa fram skýrari og meiri rök. Það þarf að leggja þessa kenningu betur fyrir. — Og það má segja: Við geymum okkur allan hugsanlegan rétt. — Það mætti segja, að um leið og fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum gæti gert grein fyrir því, að hann treysti sér ekki til að greiða atkvæði með ósk Dana um, að Grænland verði innlimað í Danmörku, þá er honum hægurinn hjá að færa skynsamleg rök fyrir því, án þess að færa fram neina kröfu til Grænlands sem nýlendu.

En þó að það yrði ekki gert í dag, þá skulu menn vita, að þjóðaréttur breytist, sem betur fer. Réttarhugmyndirnar þróast líka og breytast. Þær eru ekki þær sömu nú, 1954, eins og þær voru fyrir 20—30 árum. Ég vil meira að segja segja, að ég efast ekki um, að Danir hefðu fyrir 1918 getað fengið sams konar dóm um Ísland og þeir fengu um Grænland. Vald alþjóðadómstólsins var að vísu ekki til þá, en þeir hefðu getað fengið þjóðréttarfræðinga til þess að kveða upp þann dóm, samkvæmt skilningi manna þá á þjóðaréttinum, að Ísland væri ævinleg nýlenda Danmerkur eins og var slegið föstu um Grænland. En þessar hugmyndir breytast. Og það getur vel komið sá tími, að það verði litið öðruvísi á réttinn til nýlendna heldur en er gert í dag.

Það hefur verið bent á það í þessum umræðum, að hæstv. menntmrh., sem nú er, hafi skipað nefnd þriggja sérfróðustu Íslendinga til þess að kveða upp úrskurð um rétt Íslands til Grænlands. Það gefst ekki tími til að fara út í það mál. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að svo undarlega brá við, að þó að allir þeir, sem hafa haldið fram þessum rétti Íslands til Grænlands, hafi byggt hann á sögulegum rökum, þá forðaðist þessi hæstv. ráðh. að skipa í þessa sérfræðinganefnd sérfræðing í Íslandssögu. Hann hafði ekki í henni einu sinni einn einasta sögufróðan mann, hann varaðist það. Það eru að vísu valinkunnir lögfræðingar, en það veit enginn til þess, að þeir séu neinir sérfræðingar í sögu Íslands eða Grænlands. Þess vegna verð ég að segja, að þetta sérfræðingaálit hefur ekki sannfært mig og mun ekki sannfæra þá, sem byggja mest á hinum sögulegu rökum, því að þar er svo lélega á haldið, að mig undraði, og er ég þó ekki sérstaklega fróður í Íslandssögunni. En þrátt fyrir þá afstöðu, sem hv. stjórnarflokkar taka nú í dag til þess að láta fulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum leggja fullkomna blessun sína yfir innlimun Grænlands í Danmörku, þá mun verða haldið áfram með íslenzku þjóðinni að rannsaka og hugsa um sögu Íslands og Grænlands og sögulegan rétt þjóða yfir landi sínu.

Ég ætla ekki að hafa þetta mál mitt öllu lengra, en ég vil að lokum leyfa mér að bera fram brtt. við till. hæstv. ríkisstj., sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gefa fulltrúum Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nú þegar fyrirmæli um að greiða atkvæði gegn viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna á innlimun Grænlands í danska ríkið og bera fram ákveðin mótmæli Íslands gegn þeirri innlimun og lokun Grænlands.“

Þessa till. leyfi ég mér að afhenda forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 181) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi gjarnan segja hér fáein orð um málið, en ekki vera langorður.

Það hefur verið vitnað nokkuð til þess, einkum af hv. þm. Borgf. (PO) og nokkuð af hv. síðasta ræðumanni, 6. landsk. þm. (FRV), hvað Alþ. hefur áður ályktað um hið svokallaða Grænlandsmál. Hv. þm. Borgf. vildi túlka þær samþykktir þannig, að á undanförnum árum hefði verið hrein afstaða hv. Alþ. í málinu og þá sú, að Íslendingar ættu rétt til yfirráða á Grænlandi. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að það, sem hv. þm. vitnar til, sé það, sem lengst gengur í þessa átt. Ég geng þess ekki dulinn, að hv. þm. mundi ekki leyna neinu, sem lengra gengur í þá stefnu, sem hann vill halda í málinu, en það, sem hann greindi hér í umr. Hann vitnaði fyrst til þáltill., sem flutt var hér af Jóni heitnum Þorlákssyni og samþykkt. Efni hennar er: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að gæta hagsmuna Íslands út af deilu þeirri, sem *nú er risin milli stjórna Noregs og Danmerkur* um réttindi til yfirráða á Grænlandi.“ Þessi tillaga var samþykkt í sambandi við þau átök, sem þá voru í uppsiglingu á milli Dana og Norðmanna um þetta mál. En hvað var svo gert út af þessari þáltill.? Mér vitanlega ekki annað en það, sem hv. landsk. þm., sem talaði hér næst á undan mér, greindi frá, sem sé yfirlýsing birt í þá átt, að Íslendingar teldu sig hafa hagsmuna að gæta í sambandi við það, hvað ofan á yrði um Grænlandsmálin. Engin afskipti hygg ég að hafi farið fram samkvæmt þessari þáltill. af málflutningnum fyrir Haagdómstólnum né yfirleitt nokkurt innlegg lagt fram í málið út af henni, og vissulega engin krafa gerð um Grænland. Það mun hafa orðið niðurstaða þeirra manna, sem athuguðu málið út af þáltill., að það væri ekki grundvöllur af Íslands hendi til þess að gera slíkt.

Þá vitnaði hv. þm. næst til þess, að hann hefði á síðasta þingi borið fram þáltill., sem að vísu hlaut ekki afgreiðslu, en allshn. þingsins fjallaði um og skilaði áliti um. Þegar þessi þáltill. var flutt, höfðu Danir alveg nýlega innlimað Grænland, alveg nýlega sameinað Grænland Danmörku með nýrri stjórnarskrá. Það hefði því sannarlega verið ástæða til fyrir hv. Alþ., ef það hefði verið sömu skoðunar og hv. þm. Borgf., að afgreiða þáltill. hans jákvætt, en *fresta henni ekki.* En hvað gerðist á Alþ. þá? Allshn. skilaði áliti, eins og ég sagði áðan, lagði til að vísa till. til ríkisstj. með þeim rökstuðningi nánast, að allt ylti á því, hvernig haldið væri á málinu í samningum við Dani. Með þessum rökstuðningi stóð til að vísa málinu til ríkisstj., en málið hlaut ekki afgreiðslu.

Ekki var gert tilkall til Grænlands með þessari afgreiðslu.

Hér liggur fyrir þáltill. frá rikisstj. um, að Alþ. samþykki, að fulltrúar Íslands sitji hjá við atkvæðagreiðslu varðandi Grænland, sem fyrir dyrum stendur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Hér liggja nú einnig fyrir tvær brtt. frá mönnum, sem eru annarrar skoðunar. Önnur þeirra er frá þeim manni, sem fastast hefur haldið því fram hér á hv. Alþ., að Íslendingar ættu yfirráðarétt á Grænlandi. Hin er frá þeim hv. þm., sem talaði hér áðan, öðrum þræði mjög ákveðið í sömu stefnu. Um hvað eru svo þessar brtt.? Við hefðum mátt vænta þess, að brtt. væru um það að nota nú tækifærið á þingi Sameinuðu þjóðanna til þess að bera fram kröfuna til Grænlands, til þess að láta segja það sama þar, sem þessir hv. þm. hafa sagt hér í þingsölunum: að Íslendingar ættu rétt til þess að ráða yfir Grænlandi og þá auðvitað án tillits til þess, hvað Grænlendingum sjálfum kynni að sýnast. En nú bregður svo einkennilega við, að brtt. eru alls ekki um þetta. Þær eru um það eitt að greiða atkvæði gegn viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna á innlimun Grænlands í danska ríkið. En þessir skeleggu bardagamenn fyrir réttindum Íslendinga til Grænlands leggja það ekki til, að lagt sé fyrir okkar menn á þingi Sameinuðu þjóðanna að flytja þar það, sem þeir kalla okkar rétt. Af hverju er þetta? Við skiljum ákaflega vel, af hverju þetta er. Það er vitanlega í raun og veru svo, að þegar til kemur, þá kinoka þessir hv. þm. sér við — og það er ekkert undarlegt — að láta leggja það fyrir fulltrúa Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna að standa þar upp og halda því fram, að við eigum rétt til þess að ráða yfir Grænlandi án tillits til þess, hvað íbúar þess vilja. Þeir kinoka sér við að leggja þetta til, og það er ekki nema eðlilegt. Ég er ekki að lasta það. En þessar brtt. bera það alveg greinilega með sér, að þannig er þetta vaxið. Þegar til á að taka hika menn við að senda menn út með þennan boðskap. Við vitum á hinn bóginn ákaflega vel, til hvers þessar brtt. eru fluttar, hverju þær eiga að þjóna. Þær eru til heimabrúks. Þær eru til þess, að hv. þm. geti lagt þær út og haldið því fram hér heima fyrir, að þeir séu sérstaklega þjóðhollir og vilji standa fast á rétti Íslands, en hinir, sem hreinskilnislega segja í heyranda hljóði, að við getum ekki gert kröfu til þess að ráða yfir Grænlandi, séu aftur á móti ekki jafnþjóðhollir og séu til þess búnir að afsala réttindum Íslands til yfirráða á Grænlandi. Þannig er þetta og þannig hefur verið og verður haldið á þessu máli. Við heyrðum hljóðið í hv. síðasta ræðumanni, og kem ég ofur lítið nánar að hans ræðu, því að hún var satt að segja í mesta máta undarleg. Þar kemur þessi tvískinnungur, þetta alvöruleysi í málinu mjög glöggt fram og miklu gleggra en hjá hv. þm. Borgf. (PO).

Þessi hv. þm. (FRV) flutti fyrst langa ræðu um sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna, hvað hann væri þýðingarmikill, og hann brýndi raustina og sagði: Hefur grænlenzka þjóðin verið spurð að því, hvort hún vildi verða hluti af danska ríkinu? Hefur grænlenzka þjóðin verið spurð? sagði hv. þm. Síðari hluti ræðu hv. þm. var aftur á móti allt annars eðlis. Hann var röksemdafærsla fyrir því, að við mundum eiga rétt til þess að ráða yfir Grænlandi. Þegar þar var komið ræðu hv. þm., var hann sem sé algerlega búinn að gleyma grænlenzku þjóðinni, sem hann talaði svo fjálglega um í fyrri hluta ræðunnar. Hvar var grænlenzka þjóðin með sjálfsákvörðunarréttinn, þegar þessi hv. þm. var að bollaleggja um, að Íslendingar ættu að gera kröfu til þess, að þeirra sögulegi réttur til Grænlands væri virtur, sem vel gæti verið þannig vaxinn, að þeir ættu fulla heimtingu á því að ráða yfir landinu. Er nú ekki hollast fyrir þennan hv. þm. og okkur alla að gera okkur grein fyrir því og játa í fullri hreinskilni, að allt þetta tal um réttinn til þess að ráða yfir landi, sem annað fólk byggir, — allt þetta tal samrýmist alls ekki afstöðu þeirri, sem Íslendingar hafa um sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna? Það er ekki hægt að gera hvort tveggja: halda því fram, að allar þjóðir eigi heilagan rétt til sjálfsákvörðunar í málum sínum öllum, og svo hinu í sömu andránni, að við eigum rétt til þess að taka undir okkur Grænland, alveg án tillits til þess, hvað íbúunum þar kynni að sýnast. Það er furðulegt, þegar þeir hv. þm., svo sem síðasti ræðumaður (FRV), sem halda þessu fram samtímis, eru að tala um tvískinnung og að aðrir fari hjá sér í málinu eða annað álíka smekklegt.

Hv. þm. Borgf. hefur það fram yfir, að hann hefur þó alltaf haldið sér við nýlendusjónarmiðið eitt, að við ættum rétt til þess að ráða yfir Grænlandi, en hefur ekki gert tilraun til þess að leika svo tveim skjöldum sem hv. síðasti ræðumaður. Þó leggur hann nú ekki til beinlínis, að þetta sjónarmið sé flutt á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Ég sagði áðan, að við vissum, hverju ætti nú að halda fram hér heima fyrir. Ég sagði, að þessar brtt. væru ætlaðar til heimabrúks, og við það stend ég. Þær bera það alveg greinilega með sér og yfirleitt öll málsmeðferð varðandi Grænlandsmálið lengi undanfarið af hendi þessara aðila.

Ef vér ætlum að snúast gegn till. á þingi Sameinuðu þjóðanna út frá sjónarmiði þeirra, sem halda því fram, að við eigum Grænland, þá yrðum við að láta okkar menn hjá Sameinuðu þjóðunum bera fram kröfu til landsins eða halda því fram þar, að við eigum rétt til þess að ráða yfir Grænlandi, annaðhvort með því að halda Grænlandi sem nýlendu eða innlima Grænland í íslenzka ríkið. Nú hefur ein höfuðröksemd okkar Íslendinga í frelsisbaráttunni verið sjálfsákvörðunarréttur okkar sem annarra þjóða. Höfuðregla Sameinuðu þjóðanna er sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna, og auðvitað er ekkert smáþjóðum jafndýrmætt og þessi regla, sé hún höfð í heiðri. Ætti nú að fara eftir því, sem hv. flm. brtt. halda fram hér heima fyrir, yrði minnsta þjóðin innan samtaka Sameinuðu þjóðanna að láta fulltrúa sína rísa upp og gera landakröfur, sem ganga

í bága við sjálfsákvörðunarréttinn, kröfur um að ráða yfir landi annarra manna, að þeim gersamlega forspurðum.

Ég get ekki hugsað mér, að Íslendingar vilji gera sig að undri í augum heimsins með því að halda þessu fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég vil að minnsta kosti ekki ljá mitt fulltingi til þess og óska, að það komi hér alveg hreinlega fram. Ef við gerðum fyrirvara í þessa stefnu eða greiddum atkv. á móti till. þeirri, sem á að leggjast fyrir, með því að impra á landakröfum á hendur Grænlendingum, þá göngum við beint á móti einu grundvallaratriði í samstarfi Sameinuðu þjóðanna og skipum okkur í hóp þeirra þjóða, sem krefjast þess að fá að sitja yfir annarra hlut.

Það eru svo aðrir þættir í þessu máli, sem sumum kynni að sýnast sem máli mundu skipta:

1) Að Haagdómurinn hefur dæmt Dönum yfirráð á Grænlandi, án þess að Íslendingar gerðu þá kröfu til landsins, þótt grundvöllur fyrir slíkri kröfu væri þá gaumgæfilega athugaður hér samkv. þál. þeirri, sem hér hefur verið dregin inn í umr.

2) Að Íslendingar hafa mótmælalaust séð Dani sameina Grænland danska ríkinu.

3) Að landakröfur Íslendinga ættu að byggjast á mörg hundruð ára gömlum samskiptum Grænlendinga og Íslendinga.

4) Að valdir lögfræðingar íslenzkir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að Íslendingar eigi ekki kröfu til Grænlands.

5) Að enginn hefur fært vott af rökum fyrir því, að Íslendingar hefðu möguleika á því að sjá sómasamlega fyrir málefnum Grænlendinga eins og nú stendur, ef þeir gerðu kröfu um, að Grænland yrði undir Íslendinga lagt, og sú krafa yrði tekin alvarlega og okkur afhent landið og þjóðin, sem býr á landinu. Væntanlega ætlast menn ekki til þess, að Grænlendingum verði sópað út af landinu, um leið og það yrði afhent Íslendingum?

En við skulum sleppa þessu, þó að þetta séu auðvitað engin smáatriði. Við skulum til hægðarauka halda okkur við það eitt, að Íslendingar létu sína menn á þingi Sameinuðu þjóðanna halda því fram, að Ísland ætti rétt til yfirráða á Grænlandi, rétt til Grænlands. Það gæti ekki þýtt annað en að Íslendingar gerðu kröfur til þess, að Grænlandi væri ráðstafað til þeirra, hvað sem Grænlendingar segðu. Hvernig gæti þjóð með okkar sögu látið fulltrúa sína í alþjóðasamtökum halda slíku fram án þess að bíða stórfelldan álitshnekki og tjón á sálu sinni? Þetta er blátt áfram ekki hægt, að mínu viti. Undir slíku mundum við aldrei rísa, og af því mundum við hljóta varanlegan álitshnekki og skaða.

Það hefur verið imprað á því, þó að það hafi ekki verið gert hér í síðustu ræðum, að við ættum að hafa einhvers konar fyrirvara um ótiltekinn eða óútskýrðan rétt í Grænlandi til landsafnota, — rétt, sem við gætum tekið okkur, krafizt okkur til handa, án tillits til þess, hvað Grænlendingar vildu. En við skulum gæta vel að því, hvað við værum að gera með því að halda þessu fram á alþjóðavettvangi.

Fáar þjóðir hafa meiri hagsmuna að gæta í þessu sambandi en einmitt við Íslendingar. Fáar þjóðir eiga meira undir því en við, að það sé skilyrðislaust viðurkennt, að engin þjóð eigi af hagsmunaástæðum eða vegna hefðar nokkurn minnsta rétt í landi annarrar þjóðar eða til sjávargagns við strendur annarrar þjóðar. Tilvera okkar sem sjálfstæðrar þjóðar byggist að mínu áliti bókstaflega á því, að þessi meginregla sé viðurkennd og höfð í heiðri, og á því byggist afstaða okkar í landhelgismálinu m. a., að þessi regla sé í heiðri höfð. Allra sízt sæti því á okkur að gera nokkuð það, sem veikt gæti þessa reglu og baráttu okkar fyrir henni.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þetta mál er að öllu leyti þannig vaxið, að mér virðist full ástæða til að ræða það rólega. Það má raunar segja að hæstv. fjmrh. hafi gert, — sá ráðherrann, sem síðast talaði hér á undan, en sumir hæstv. ráðh. virðast hafa verið á annarri skoðun, og þá alveg sérstaklega hæstv. forsrh., sem talaði hér í kvöld og viðhafði, að mér fannst, ólíkt meiri hávaða en röksemdir í ræðu sinni. En það hefur nú að vísu stundum komið fyrir áður.

Ég verð að segja það, að mér finnst sú till., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fyrir, ekki sérstaklega stórmannleg. Þetta mál hefur þegar verið skýrt allmikið, svo að það liggur nú nokkuð ljóst fyrir þm., og mér virðist það þannig vaxið, að vel sé hægt að taka afstöðu með eða móti, — vel sé hægt fyrir Alþ. og ríkisstj. að mæla svo fyrir við fulltrúa ríkisins hjá Sameinuðu þjóðunum að gera annað tveggja, viðurkenna það, sem Danir fara fram á, eða neita að viðurkenna það.

Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir, að sú afstaða, sem ríkisstj. leggur til, að sitja hjá án allra fyrirvara eða grg. muni verða túlkuð sem stuðningur við málið, og það hefur komið allmjög fram í ræðum hæstv. ráðh., að þeir telji, að það sé eðlilegt og rétt, að Íslendingar fallist á þann skilning, sem Danir halda fram. En þó á nú ekki að gera það á þann hátt að greiða atkv. með þeim, heldur með því að sitja hjá, þar sem það verði þó skoðað sem óbein samstaða eða samþykki. Mér fannst þess vegna, þegar tekið er tillit til þessa, að hæstv. utanrrh. hefði ekki þurft að vera að tala um skort á hugrekki. Hann virtist beina þeim orðum alveg sérstaklega til hv. þm. Borgf. (PO). Ég held, að þau orð hafi ekki komið í réttan stað niður.

Verði sú till. samþ., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fram, að fela fulltrúum okkar á þingi Sameinuðu þjóðanna að sitja hjá við atkvgr. um það, hvort eftirlit með Grænlandi skuli ekki lengur haft með höndum af verndargæzlunefnd Sameinuðu þjóðanna, þá er þar með af Íslands hálfu stigið mjög mikilvægt spor og að mínum dómi ærið varhugavert.

Slík afstaða, án allrar grg. eða fyrirvara, mundi verða skoðuð sem viðurkenning á eftirfarandi atriðum:

1) Að Íslendingar telji sig ekkert tilkall hafa til Grænlands og einskis réttar að gæta í sambandi við þjóðréttarlega stöðu þess.

2) Að Íslendingar viðurkenni rétt Dana til að innlima Grænland í danska ríkið og fallist á, að það hafi verið gert með lýðræðislegum og eðlilegum hætti.

3) Að Íslendingar leggi með þessu móti eins konar blessun yfir stjórn Dana á Grænlandi og telji ástæðulaust, að með henni sé lengur haft nokkurt alþjóðlegt eftirlit.

Ég vil nú fara örfáum orðum um þessi atriði hvert um sig, en skal þó takmarka mál mitt.

Flokkur minn lítur þannig á, að tímar nýlenduvelda séu nú liðnir eða að minnsta kosti að verða liðnir hjá. Stefnan hlýtur því að verða sú og á að verða sú, að hver einasta þjóð ráði sjálf sínu landi, á sama hátt og við Íslendingar viljum ráða okkar landi. Þess vegna ber að stefna að því að okkar dómi, og við Íslendingar eigum að leggja okkar lóð á vogarskál til þess, hvenær sem færi gefst, að Grænlendingar geti eflzt svo, að þeir verði færir um að stjórna sjálfir landi sínu, og það á ekkert að gera, sem torveldar þeim þetta.

Þó að ég sé þannig þeirrar skoðunar, að við Íslendingar eigum ekki að hefja nýlendupólitík, þá finnst mér engin ástæða til þess að hrapa að því nú, þegar þetta mál liggur fyrir á alþjóðavettvangi, að afsala okkur og niðjum okkar um aldur og ævi öllum hugsanlegum rétti í sambandi við Grænland. Þó að við teljum, að tímar nýlendupólitíkur séu liðnir, þá er ekki þar með sagt, að við eigum að afsala okkur þessum hugsanlega rétti, því að við þurfum að sjálfsögðu ekki að hagnýta okkur þann rétt, þótt við ættum hann, til þess að gera Grænland að nýlendu okkar.

Varðandi annað atriðið, sem ég minntist á, vil ég segja þetta, og leggja á það verulega áherzlu: Það er engin ástæða til að viðurkenna innlimun Grænlands í danska ríkið og þar með lokun landsins. Sízt af öllu er það skynsamlegt, þegar þess er gætt, að þessi innlimun hefur engan veginn farið fram með þeim hætti, sem yfirleitt mun nú talið sjálfsagt að sé á hafður, þegar slíkar mikilvægar ákvarðanir eru teknar um breytingu á réttarstöðu heilla landa.

Grænlenzka þjóðin hefur aldrei verið að því spurð með almennri þjóðaratkvgr., hvað hún vilji í þessum efnum. Þetta atriði hefur ekki legið fyllilega skýrt fyrir, og ég vissi ekki nákvæmlega um það, fyrr en nú síðdegis í dag, að ég fékk glöggar upplýsingar um þetta. Það kom fram, strax þegar Danir fóru fram á það í verndargæzluráðinu fyrir einum 10—11 dögum að fá samþykki þess fyrir því, að það væri ekki lengur á Grænland litið sem nýlendu, að það var vefengt af nokkrum ríkjum, einum fjórum eða fimm, að Danir hefðu gengið þannig frá þessu máli, að Grænlendingar hefðu fengið að segja um það sitt álit með allsherjaratkvgr., hvort þeir vildu sjálfir þessa breytingu á stöðu sinni, hvort þeir vildu einhverja aðra breytingu, hvort þeir vildu verða sjálfstæðir o. s. frv. Um þetta hef ég nú aflað mér upplýsinga, og þær eru á þá leið, að það er langur vegur frá því, að þetta hafi verið lagt fyrir grænlenzku þjóðina á fullkomlega lýðræðislegan hátt, svo sem gera verður þó kröfu til, þegar slík meginbreyting er gerð.

Breytingin á stöðu Grænlands, sem gerð var með samþykkt hinna nýju grundvallarlaga Dana 5. júní 1953, var aldrei borin undir þjóðaratkv. í Grænlandi. Hins vegar var grundvallarlagafrv. borið undir stofnun, sem kallast grænlenzka landsráðið eða „landsraad" og í þessari stofnun var breytingin samþ. einróma. En hvernig er nú þessi stofnun upp byggð? Við vitum það, að hér er ekki um löggjafarþing að ræða. En er hér um að ræða fulltrúaþing, kosið með almennum kosningum, og hefur verið kosið til þessa þings til þess að taka ákvarðanir um þetta stóra mál?

Þessu mun vera þannig háttað, og ég hygg, að þær upplýsingar séu algerlega réttar, að þessi stofnun, landsráðið, sé þannig upp byggð eða hafi verið, þegar þessi ákvörðun var tekin í því, að hver hreppsnefnd í Grænlandi hafi kosið úr sínum hópi einn fulltrúa í þetta landsráð, en landfógetinn hafi verið formaður ráðsins. Landfógetinn var skipaður af dönsku ríkisstj. Þetta landsráð var aðeins ráðgefandi, og þess munu mjög mörg dæmi, að ekki hefur verið gert meira með álit þess og tillögur en það, að danska stjórnin og Grænlandsstjórnin danska hafa ekki virt þau að neinu í sumum tilfellum.

Varðandi þriðja atriðið, sem ég nefndi hér áðan, er það að segja í sem allra stytztu máli, að nýlendusaga Dana er ekki á þann veg, svo að maður hafi ekki sterk orð, né stjórn Dana á Grænlandi á liðnum tímum, að það sé ástæða til að leggja sérstaka blessun yfir þá frammistöðu. Hv. 6. landsk. þm., sem talaði hér áðan, lýsti þessum atriðum allrækilega, og skal ég ekki fara lengra út í það.

Hér eru fram komnar tvær brtt. við till. frá hæstv. ríkisstj., till. frá hv. þm. Borgf. og till. frá hv. 6. landsk. þm. Ég get fyrir mitt leyti fallizt á þessar till. hvora um sig, svo langt sem þær ná, en okkur þjóðvarnarmönnum þykir þó það á vanta, að hvorugri þessari till. fylgir rökstuðningur fyrir því, hvers vegna fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum skuli samkv. till. greiða atkv. gegn því að viðurkenna innlimun Grænlands í Danmörku. Hæstv. fjmrh. sagði að vísu í ræðu sinni hér áðan, að það væri í raun og veru ekki nema einn rökstuðningur til fyrir því að vilja greiða atkv. gegn vilja Dana í þessu máli hjá Sameinuðu þjóðunum, og sá rökstuðningur væri sá, að við Íslendingar lýstum því jafnframt yfir, að við gerðum landakröfur til Grænlands, við teldum það nýlendu Íslands. En ég lít þannig á, að þessu sé alls ekki svo varið, heldur megi og eigi að rökstyðja þá afstöðu að greiða atkv. gegn till. Dana með öðrum hætti. Ég vil því leyfa mér fyrir hönd okkar þjóðvarnarmanna að leggja hér fram brtt. við þáltill. hæstv. rík-

isstj. Þessi till. er skrifleg og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi samþ., að utanrrh. gefi sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrirmæli um að greiða atkv. gegn því að viðurkenna innlimun Grænlands í danska ríkið með því að leysa Dani undan þeirri skyldu að gera gæzluverndarnefnd Sameinuðu þjóðanna grein fyrir stjórn sinni á Grænlandi.

Ályktar Alþingi að fela sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að rökstyðja þessa afstöðu með því að lýsa yfir:

1) Að Íslendingar viðurkenni ekki rétt neinnar þjóðar til að gera aðra þjóð að hluta af sinni þjóð og land hennar að hluta af sínu landi.

2) Að Íslendingar vefengi, að við innlimun Grænlands í danska ríkið hafi Grænlendingar verið spurðir um vilja sinn á fullkomlega lýðræðislegan hátt.

3) Að ekkert hafi komið fram í þessu máli, sem réttlæti það, að Danir séu leystir undan þeirri skyldu að gera gæzluverndarnefnd Sameinuðu þjóðanna grein fyrir stjórn sinni á Grænlandi, sízt af öllu ef tillit er tekið til þess, að Grænland er enn raunverulega lokað land."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 184) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hélt hér ræðu áðan, og ég held, þó að margt sé sagt undarlegt og ljótt stundum hér í þinginu, að þá sé sú ræða einsdæmi um hræsni og blindni, og ég ætla að leyfa mér að taka þessa ræðu ofur lítið í gegn.

Hann talaði um það, að stjórnarskrá Dana hefði verið samþykkt fyrir nokkru og við hefðum ekki mótmælt henni. Hann virðist ekki skilja það, að núna er einmitt stundin og staðurinn til þess að mótmæla henni. Nú fyrst er það, sem hún á að koma í gildi á alþjóðavettvangi. Nú fyrst er það, sem hún á að koma í gildi hvað Grænland snertir og hvað snertir innlimunina á Grænlandi undir danska ríkið.

Hæstv. fjmrh. talaði eins og það væri ein einasta hætta, sem í dag vofði yfir Grænlendingum, ein einasta hætta, sem gæti orðið þeim til niðurdreps og útrýmingar og missis sjálfstæðis; það væri það, að Íslendingar gerðu kröfu til Grænlands. Það væri engin önnur hætta, sem yfir þeim vofði, og það var eins og hann einbeitti sér að því að reyna að egna það fram, að einhver slík tillaga kæmi fram, og þannig talaði hann. Hann gáði þess ekki um leið, að í hvert einasta skipti, sem hann var að höggva í slíkar till., sem hann var að biðja um, þá var hann að höggva gegn því valdi, sem Danir hafa nú yfir Grænlandi og þeir misbeita þar.

Fyrst nokkur orð viðvíkjandi því, sem hann var að tala um sögulegan rétt. Við Íslendingar höfum meiri sögulegan rétt en Danir, ef á að fara að dæma eftir sögulegum rétti, og Danir hafa ekki byggt yfirráð sín á Grænlandi á öðru en þeim sögulega rétti, eins og hér hefur þegar verið sýnt fram á. Við höfum hins vegar ekki gert okkar sögulega rétt til Grænlands gildandi til þess að hagnýta Grænland fyrir okkur eða til þess að gera Grænland að nýlendu, eins og Danir gera og eins og hæstv. fjmrh. og hans ríkisstj. er að hjálpa þeim til. Við höfum stundum komið fram með þennan sögulega rétt, en við höfum gert það í því skyni að geta komið fram sjálfsákvörðunarrétti Grænlendinga í verki, sem enn þá lítur eingöngu á valdið og sögulega réttinn, en viðurkennir enn sem komið er ekki nema í orði kveðnu sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna. Við getum rætt um þessa tvo rétti og talað um þá. Við skulum ræða um þá hvorn út af fyrir sig, og það er ekki til neins fyrir hæstv. fjmrh. að ætla að fara að reyna að koma þeim þannig í mótsetningu hvorum við annan. Réttur Dana samkv. Haagdómstólnum yfir Grænlandi byggist á þeirra sögulega rétti, eða réttara sagt á okkar Íslendinga sögulega rétti, á landnámi víkinganna í Grænlandi, eins og stendur í forsendum Haagdómstólsins. Ef við þess vegna ætlum að viðurkenna, að þessi réttur eigi að gilda í heiminum, — og það er hann sem dæmt er eftir, — þá mundi sá sögulegi réttur koma fram þegar við sæktum okkar mál. Við álítum hins vegar, að annar réttur ætti að gilda, og það er sjálfsákvörðunarrétturinn, og við berjumst fyrir því, að sá réttur nái fram að ganga. En hvað vill hæstv. ríkisstj. og fjmrh. gera? Fjmrh. er að tala hérna um mótsetningarnar og það ósamrýmanlega milli þessara tveggja rétta. Hæstv. fjmrh. er sjálfur að beygja sig fyrir sögulegum rétti Dana og fyrir valdbeitingu þeirra, en um leið að svíkja af Grælendingum þeirra sjálfsákvörðunarrétt. Í því fólst hræsnin, mótsögnin og tvískinnungurinn í allri hans ræðu. Hvernig höfum við Íslendingar hagað okkur sjálfir í þessum málum? Hæstv. fjmrh. talaði eins og hann hefði ekki hugmynd um sögu Íslands. Við höfum einmitt byggt á okkar eigin sögulega rétti til okkar eigin lands, meira að segja á eldgömlum sögulegum heimildum í því sambandi, á eldgömlum samskiptum, og Jón Sigurðsson skammaðist sín aldrei fyrir að byggja á þeim. Við höfðum svo að segja sem varaskeifu — *næstum því* — sjálfsákvörðunarréttinn. Auðvitað ætluðum við aldrei, þó að einhverjir forfeður okkar hefðu verið jafnblindir og núverandi valdamenn Íslands eru, — sem þeir aldrei voru á okkar mesta niðurlægingartíma, — þó að þeir hefðu einhvern tíma samið af okkur réttinn til þessa lands, þá hefðum við sagt, að við hefðum hann samt, en þá hefðum við orðið að sækja hann og taka hann öðruvísi en við gátum núna.

Hæstv. fjmrh. sagði, að við værum að gera okkur að undri með því að heimta rétt einnar þjóðar, sem sé Íslendinga, til þess að ráða Grænlandi. Hann sagði, að við værum að gera okkur að undri frammi fyrir heiminum. En hvað er það, sem hann og hæstv. ríkisstj. er að gera núna? Hún er einmitt að gera Íslendinga að undri frammi fyrir öllum heiminum með því að ætla að samþykkja með hjásetunni rétt einn-

ar þjóðar, sem sé Dana, til þess að ráða yfir Grænlandi og til þess að innlima Grænland. Hann gáir ekki að því, að þegar hann er að tala svona skelegglega á móti þessum ímynduðu nýlendukröfum Íslendinga, sem hann er að búa til, þá er hann að höggva í Dani, höggva einmitt í þann málstað, sem hann er sjálfur að verja hérna. Hann er að segja, að Íslendingar, m. ö. o. ein þjóð, hafi engan rétt til þess að heimta það að eiga að fara að ráða yfir annarri þjóð eða öðru landi eins og Grænlandi; en hann er um leið að gerast hér málsvari einnar þjóðar, sem sé Dana, til þess að mega ráða yfir Grænlandi og til þess að mega innlima Grænland í sitt eigið ríki. Hvers konar hræsni er þetta? Hvers konar blindni er þetta í sókn og vörn fyrir einu máli að geta ekki séð þetta? Hann talaði um, að rökin hljóti að vera sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna, og hvað er það, sem hér er verið að ræða um? Það er verið að ræða um, hvort við eigum að standa með því, að Danir innlimi Grænland í danska ríkið og innlimi Grænlendinga í dönsku þjóðina. Hann segir, að þá skipum við okkur í hóp þeirra þjóða, sem sitja yfir rétti annarra. Það er einmitt það, sem tillaga hans og ríkisstj. gengur út á, að við skipum okkur í hóp þeirra þjóða, sem sitja yfir rétti annarra, að við skipum okkur í hóp með Dönum til þess að sitja yfir rétti Grænlendinga.

Og svo talar þessi sami hæstv. ráðh. með fyrirlitningu um, að það sé verið að vitna í einhver gömul samskipti. Við Íslendingar byggðum á gömlum samskiptum í allri okkar sjálfstæðisbaráttu, og Danir byggja við Haagdómstólinn og forsendurnar fyrir honum á landnámi víkinganna í Grænlandi, sem sé á þeim gömlu samskiptum, sem raunar voru Íslendinga; það voru Íslendingarnir, sem námu Grænland, þó að Danir hafi þagað um það fyrir Haagdómstólnum.

Allt, sem hæstv. fjmrh. var að tala um að við ættum að halda heilagt og við ættum að vernda, sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna, er einmitt það, sem hann er að svíkja, þegar í hlut á minni þjóð en við, — þjóð, sem á engan málsvara hjá Sameinuðu þjóðunum, og þjóð, sem á siðferðislega rétt til þess að heimta það, að einmitt minnsta þjóðin, Íslendingar, muni eftir henni, ekki síst vegna þess, að þetta eru næstu nábúar okkar, þetta er náungi okkar, ef við notuðum það kristilega hugtak, og þetta er þar að auki þjóð, sem er okkur sögulega tengdari en jafnvel nokkur önnur þjóð. (*Fjmrh.*: Hvers vegna vill þá þm. ásælast til hennar?) Ég er ekki að ásælast þeirra land. Ég er að reyna að hindra það, að Danir innlimi þeirra land og drepi þeirra þjóð, en það er þjóðarmorð, sem hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. ætlar að gera sig seka í, og ég skal koma inn á, hvers konar plagg það er, sem er lagt hérna fyrir okkur núna, ég skal nú koma inn á það plagg, sem hæstv. utanrrh. leggur hér fyrir og á að byggja á alla röksemdaleiðsluna í þessu máli, og það er yfirlýsing verndargæzluráðsins eða meiri hlutans í því. Og við skulum nú taka það fyrir lið fyrir lið til þess að sjá, hvernig þær upplýsingar eru fengnar, sem hér eru lagðar fyrir Alþingi Íslendinga af ríkisstj. og við eigum að dæma í þessu máli eftir.

Meiri hluti verndargæzluráðsins segir, ég hef það orðrétt eftir hæstv. utanrrh.: „Hún, þ. e. verndargæzlunefndin, hefur kynnt sér, að grænlenzka þjóðin hefur óhindrað notfært sér réttinn til sjálfsákvörðunar, er réttkjörnir fulltrúar hennar ákváðu hina nýju réttarstöðu hennar.“ — Við skulum fyrst athuga orðið „óhindrað“ og leggja fram þá spurningu, hvort Grænlendingar hafi framkvæmt þennan sjálfsákvörðunarrétt óhindrað. Ég skal þá upplýsa það hér, — það væri nú viðkunnanlegt ef hæstv. ríkisstj. eða einhver úr henni væri hérna inni á meðan þau plögg, sem þeir leggja fyrir Alþingi til þess að byggja á úrslitaákvarðanir, jafnvel fyrir næstu tíma, eru tekin í gegn. Og ég vil þá um leið beina fyrirspurnum til hæstv. ríkisstj.

Ég ætla að lýsa því hér yfir, að Grænlendingar á Norður-Grænlandi og Austur-Grænlandi hafa aldrei verið spurðir um neitt í þessum málum, aldrei verið látnir greiða atkv. um neitt í þessum málum, aldrei verið látnir kjósa neinn mann, hvorki til sveitarstjórnar, landsráðs né þings Dana, og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að mótmæla þessu hér, ef hún getur. Þeir hafa aldrei verið spurðir um neitt, látnir greiða atkv. um neitt né kjósa neitt, ekki einu sinni þessa þm., sem koma fram, þessa frændurna Lynge, sem koma fram fyrir þeirra hönd í New York núna. Á Vestur-Grænlandi hefur hins vegar verið látið kjósa í sveitarstjórnir og í sýslunefndir, en þeir, sem hafa fengið að kjósa í sveitarstjórnir og sýslunefndir, hafa ekki heldur verið spurðir að því, hvort þeir vildu verða hluti af Danmörku. Það hefur aldrei farið fram nein þjóðaratkvæðagreiðsla í þessum hluta, í Vestur-Grænlandi, um stjórnarskrána dönsku. Hverjir eru það, sem hafa verið spurðir? Það er landsráðið, sem er skipað ofan frá ýmsum mönnum úr hreppsnefndunum í Vestur-Grænlandi; það er það, sem hefur verið spurt. Formaður þess er Dani. Það er eins og lélegri nefnd en embættismannanefndin fyrir 100 árum hefði verið spurð hér á Íslandi um, hver ætti að vera staða Íslands. Og hvað svo um þessa fáu Grænlendinga, sem á eftir hafa fengið að greiða atkv. og fengið að kjósa, hvernig er hindrunin, sem lögð hefur verið í veg fyrir þá? Þeir fáu Grænlendingar, sem hafa fengið að kjósa, hafa verið hindraðir í því að skapa sér skoðanir á þessum málum, þeir hafa verið hindraðir í því að gefa út bækur á sínu máli, þeir hafa verið hindraðir í því að gefa út blöð á sínu máli, það hefur verið hindrað allt pólitískt frelsi í Grænlandi á þessum litla hluta, sem hefur fengið að kjósa, og þeir menn af dönsku bergi brotnir, sem hafa verið settir þar sem embættismenn af dönsku stjórninni og hafa sýnt sig í því að vilja stuðla að grænlenzkri menningu, eflingu bókmenningar hjá Grænlendingum, útgáfu blaða og bóka á grænlenzku um þeirra sjálfstæðismál, hafa verið reknir burt af Grænlandi og sviptir sínum embættum. Það eru kannske einhverjir

Íslendingar, sem muna eftir því, að menn, sem hafa barizt fyrir okkar réttindum hér á Íslandi áður fyrr, hafa verið beittir því sama af danskri stjórn. Svona hefur verið farið að. Þetta er það, sem meiri hluti verndargæzluráðsins kallar „óhindrað", og þetta er það, sem ríkisstj. leggur fyrir Alþingi Íslendinga. Það eru ósannindi.

Þá skulum við koma næst að því, að réttkjörnir fulltrúar hafi ákveðið hina nýju réttarstöðu og þeir hafi notfært sér réttinn til sjálfsákvörðunar. Réttkjörnir fulltrúar hafa aldrei ákveðið neina nýja réttarstöðu. Þessi nýja réttarstaða hefur aldrei verið undir þá borin, þeir hafa aldrei verið látnir greiða atkv. um dönsku stjórnarskrána. Þeir hafa á litlum hluta Grænlands, Vestur-Grænlandi, verið látnir kjósa eftir stjórnarskránni, eftir að hún hefur verið sett. Stjórnarskráin var ákveðin án þess að spyrja grænlenzku þjóðina, ákveðin af dönsku ríkisstj. Er enginn hér, sem man eftir því, að það átti að gera slíkt gagnvart Íslendingum? Er enginn, sem man eftir því, að dönsk stjórn hafi einhvern tíma haft tilhneigingar til þess að ætla að setja íslenzkri þjóð stjórnarskrá ofan í vilja hennar? Ég býst við, að menn muni eftir, hvernig því hefur verið mætt hér. En við eigum að styðja Dani, þegar þeir ætla að neyða slíku upp á Grænlendinga, sem standa varnarlausir að vígi. Það er því svo fjarri, að grænlenzka þjóðin hafi „óhindrað notfært sér réttinn til sjálfsákvörðunar, er réttkjörnir fulltrúar ákváðu hina nýju réttarstöðu hennar", eins og stendur í plagginu, að það er ekkert einasta orð satt í þessu.

Þá er haldið áfram í plagginu frá ríkisstj.: „Gæzluverndarnefnd lætur þá skoðun í ljós, að samkv. framkomnum skjölum og skýringum hafi grænlenzka þjóðin af frjálsum vilja ákveðið innlimun í danska konungsríkið." Af frjálsum vilja innlimun! Hvað hefur nú gengið á undan, áður en þessi innlimun er framkvæmd, svo að við tölum ekki um frjálsa viljann?

Í fyrsta lagi: Það hefur enginn vilji komið fram, hvorki frjáls né ófrjáls, á Norður-Grænlandi né Austur-Grænlandi. Þeir hafa aldrei verið spurðir og aldrei neitt verið látið í ljós. Það hefur komið fram á Vestur-Grænlandi vilji. Hvernig er búið að búa að þarna á Vestur-Grænlandi? Hvernig er umhorfið, þegar sá vilji er kveðinn upp, sem nú er túlkaður af þeim, sem kalla sig fulltrúa Grænlendinga? Það er vitað, að í þessum þorpum í Vestur-Grænlandi er mestmegnis töluð danska. M. ö. o.: Það er búið að troða það mikið niður tungu Grænlendinganna sjálfra, að það er búið að koma danskri tungu á, þannig að hún er orðin það almenna mál í þessum þorpum. Það er verið að stefna að því að útrýma þannig grænlenzkunni. Þyrfti það út af fyrir sig að þýða, að grænlenzkt þjóðerni ætti sér ekki viðreisnar von? Sá maður, sem hrifnastur var af íslenzkri tungu af öllum Dönum, sem uppi hafa verið, Rasmus Kristján Rask, og sá Dani, sem okkur hefur hjálpað bezt til þess að reisa okkur sjálfa við úr niðurlægingunni, sem við vorum komnir í, var sjálfur svo hræddur um örlög íslenzkrar tungu, eftir að hann hafði kynnt sér ástandið hér, að hann óttaðist að hún yrði útdauð eftir 100—200 ár, og við vitum ósköp vel, hvað danskan var orðin algeng t. d. hér í Reykjavík. Engu að síður vitum við, hvað okkur hefur tekizt, og þó að búið sé að leika Grænlendinga verr en við vorum nokkurn tíma leiknir, þá er engin ástæða til þess að örvænta um, að þeirra þjóðerni mætti reisa við, ef þeim væri hjálpað til þess. En það, að danska skuli raunverulega vera það mál, sem fyrst og fremst var talað á þessum hluta Grænlands, í Vestur-Grænlandi, sýnir okkur samt, hvert þarna er stefnt. Við vitum, að Grænlendingar á þessu svæði eru orðnir mjög blandaðir Dönum. Við vitum, að Danir hafa flutt þarna inn, eru bókstaflega að yfirtaka landið og að þessir bæir eru hálfdanskir. Reykjavík var fyrir rúmum 100 árum líka talin hálfdanskur bær, og það þótti þá að vísu djarft, en ekki ófært, að reyna að gera hana að íslenzkri höfuðborg og aðsetri Alþingis.

Það er þess vegna aðeins að slá fastri staðreynd, hve danska sé orðin útbreidd og hve blandaðir Eskimóarnir eða Grænlendingarnir séu orðnir Dönum á þessu svæði og bæirnir hálfdanskir. Það sýnir áhrif Dana í þessum hluta Grænlands, en það sannar ekki, að það væri ekki hægt að hjálpa grænlenzku þjóðinni enn sem komið er. En hvert stefnir, ef haldið er áfram eins og gert hefur verið undanfarið? Hæstv. fjmrh. talaði um það hérna áðan, þegar hann var að þykjast hafa á móti kröfum Íslendinga til Grænlands, hvort það ætti máske að sópa Eskimóum út. Hefur hæstv. fjmrh. athugað, hvað er verið að gera í Grænlandi? Ef hann hefur ekki athugað það, þá skal ég lofa honum að heyra, hvað hans eigið blað segir, og ef Eysteinn Jónsson er ekki hræddur við Tímann, þá væri gott, að hann kæmi inn. Ég skal lofa honum að heyra, hvað hans eigið blað segir um, hvort sé verið að sópa Eskimóum út úr Grænlandi og hverjir séu að gera það.

Þegar konungur Dana kom til Grænlands 1952, fengu blaðamenn að fara með honum, og þá kom margt í ljós, sem danska þjóðin og aðrar þjóðir höfðu ekki búizt við, og Tíminn, blað hæstv. fjmrh., birti nokkru eftir konungsheimsóknina, þann 31. ágúst 1952, grein með þriggja dálka fyrirsögn, sem hljóðaði svo:

„Berklar og kynsjúkdómar eru að útrýma grænlenzkum kynstofni." Og í undirfyrirsögn: „segir Gunnar Larsen, fréttamaður við Dagbladet í Osló, eftir Grænlandsheimsókn." Berklar og kynsjúkdómar eru að útrýma grænlenzkum kynstofni.

Þetta er fyrirsögn úr blaði hæstv. fjmrh., Tímanum, 31. ágúst 1952, og síðan kemur löng og greinileg frásögn á eftir, eftir sjónarvott í Grænlandi. Hann segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn nakti, bitri veruleiki: Eftir því sem líður á konungsheimsóknina í Grænlandi komumst við betur að raun um það, að bæði heimsóknin og allt, sem henni fylgir, er aðeins glitábreiða. Jafnvel hin hreinskilnu og góðviljuðu konungshjón geta ekki með öllu dulizt þessari bitru staðreynd. Hér í Grænlandi höfðu Græn-

lendingar málað öll húsin rauð að utan í tilefni af konungskomunni. En það var aðeins að utan, sem húsin voru litfögur ásýndum. Inni í þröngum kytrunum blasti við önnur og ófögur sýn. Þar lágu fjölskyldurnar, oft langt leiddar af berklaveiki, og þar var óþefurinn og óhreinindin ólýsanleg. Margir sjúkir lágu oft saman í rúmgarmi, sem komið var fyrir úti í horni á köldu moldargólfinu." — Síðan er haldið áfram að lýsa berklunum, kynsjúkdómunum og sagt: „Þessir sjúkdómar höggva mikil skörð í kynstofninn, og það hefur hent, að heilir árgangar nýfæddra barna þurrkast út af völdum sveltisjúkdóma.. Hin fáu sjúkrahús eru magnþrota í þessari baráttu. Héraðslæknirinn sagði mér, að eina ráðið til að bjarga kynstofninum frá algerri útrýmingu væri að flytja mikinn hluta æskunnar til Danmerkur, þar sem hægt yrði að veita henni sómasamlega læknishjálp. En það virðist undarlegt, að maður ekki segi vitfirring, að mitt í allri þessari neyð í þessum aumkunarverða bæ, þar sem fólk liggur á moldargólfum í heilsuspillandi húsum, eru byggð ágæt starfsmannahús úr tré, þótt þetta sé í trélausu landi, handa dönskum starfsmönnum."

Og það er haldið áfram í blaði fjmrh. að lýsa ástandinu í Grænlandi. Og það er birt mynd með, sem skýringarnar við a. m. k. eru frá eigin brjósti Tímans eða Framsfl., eftir því sem mér hefur skilizt. Það er birt mynd af nokkrum ungmennum í Grænlandi, og þetta stendur til skýringar myndinni, hæstv. fjmrh.:

„Grænlenzkt æskufólk í Góðvon: Fáir eru kátari og lífsglaðari en ungir Grænlendingar, meðan heilsan er góð, nóg veiði og efnt til hátíða. Fátækrahverfið eða helzta Eskimóahverfið í Góðvon heitir Íslandsdalur, og þar á fólkið lítið annað en fataræflana, er það stendur í. Æðsti draumur unglingsdrengjanna þar er að eignast hvítan ananak," held ég, að það eigi að vera; illa prentað. Tekur hæstv. fjmrh. eftir, hvað þarna er sagt, líklega frá eigin brjósti Tímans? Fátækrahverfið eða helzta Eskimóahverfið í Góðvon, það er samnefnari. Það er það sama: fátækrahverfið og helzta Eskimóahverfið. Að vera fátækur, það er sama sem að vera Eskimói. Að vera Eskimói, það er sama sem að vera fátækur. Og þar sem helzta Eskimóahverfið er, heitir Íslandsdalur.

Hvað er það, sem er að gerast þarna? Það er, að Eskimóarnir sem undirþjóð eru látnir búa við fátækt og sjúkdóma og það er verið að útrýma þeirra kynstofni. Þetta er það, sem er að gerast. Og þetta er það, sem hæstv. fjmrh. vill að sé þagað um. Við Íslendingar, sem vorum komnir nærri útrýmingu, — við, sem næstum var búið að útrýma fyrir 160—170 árum, ættum að skilja þá þjóð, sem er í sömu aðstöðu nú. Okkur þótti vænt um það, þegar við áttum bágast, að það voru til menn úti í heimi, sem tóku okkar málstað, að það voru menn í Englandi, Þýzkalandi, Svíþjóð og annars staðar, sem tóku okkar málstað, þegar við vorum úthrópaðir sem Eskimóar út um allan heim, m. a. af harðvítugum afturhaldsmönnum í Danmörku. Og við ættum að sýna þá drenglund að taka málstað þeirra manna, sem nú hafa ekki tækifæri til þess að bera hönd fyrir höfuð sér, þeirra manna í Grænlandi, sem eru bæði fátækir og Eskimóar, en það þykir nokkurn veginn það sama. Við ættum ekki að leggjast á sveif með þeim, sem nú ætla að gera endanlega út af við þennan kynstofn, sem berklarnir og aðrir sjúkdómar hafa verið að útrýma, með því að innlima þá nú í framandi ríki og framandi þjóð.

Það væri kannske ekki úr vegi, að við athuguðum svo um leið, hverjir það eru nú, sem þykjast tala fyrir hönd Grænlendinga, hverjir það eru nú, sem eru samherjar hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. og standa með þeirri till., sem lögð var fram í verndargæzluráðinu og ríkisstj. vill nú styðja með hjásetu sinni. Hverjir eru heimildarmennirnir fyrir meiri hluta verndargæzluráðs, heimildarmenn fyrir plagginu, sem ég var að vitna í hér áðan, plagginu, sem ríkisstj. hefur lagt hér fyrir okkur? Hverjir eru það, sem eru forsvarar innlimunarinnar eins og hæstv. fjmrh.? Það eru danskir Grænlendingar eða Danir í Grænlandi. Það var vitnað í orðin, sem þeir hefðu sagt, í danska blaðinu Politiken. Eitt, sem þessir grænlenzku þm. höfðu sagt, var, að Grænland væri „óaðskiljanlegur hluti danska ríkisins", — já, óaðskiljanlegur hluti danska ríkisins. Könnumst við við orðalagið? Höfum við nokkurn tíma heyrt þetta áður: „Óaðskiljanlegur hluti danska ríkisins"? Og hverjir voru það, sem héldu því fram? Það voru Danir og danskir Íslendingar eða fulltrúar Dana á Íslandi, sem héldu því einu sinni fram, að við værum „óaðskiljanlegur hluti danska ríkisins". Og hverjir eru það, sem halda þessu fram núna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna? Það eru danskir Grænlendingar, Danir í Grænlandi, yfirþjóð, sem er smátt og smátt að útrýma þjóðerni undirþjóðarinnar. Þessir sömu menn, eins og var vitnað í í Politiken, höfðu sagt, að þeir vildu „sameinast móðurlandinu". Þekkjum við þetta orðalag? Könnumst við við þetta? Höfum við einhvern tíma heyrt þetta hérna hjá okkur? Hverjir eru það, sem nota þetta orðalag? Það eru varla aðrir en þeir, sem sjálfir eru innfluttir Danir, eða börn þeirra, sem skoða sig dönsk. Fyrir þá er þetta eðlilega sameining við móðurlandið, og þó efast ég nú um, að það sé móðurland, það er nú líklega föðurlandið venjulega, sem þeir eiga við. Nöfnin benda a. m. k. til þess, að það séu feðurnir, sem séu danskir, en mæðurnar þá frekar grænlenzkar, ef þeir eru þá að einhverju leyti grænlenzkir.

Okkur var sagt það lengi, að við ættum að una vel í faðmi „móðurlandsins", og meira að segja þegar samvinnuhreyfingin var að byrja á Íslandi, þá var talað um það norður á Akureyri, að það væru landráð við „móðurlandið" að kaupa ekki vörur í „móðurlandinu", heldur í Englandi.

Þessi sami grænlenzki þm. sagði fyrir verndargæzlunefndinni og var haft eftir honum í Politiken, að engum manni í Grænlandi hefði dottið í hug sjálfstæði. Nei, það er einmitt. „Það hefði engum dottið í hug sjálfstæði þarna." Milli hvers voru þeir þá að velja, þessir

menn, sem aldrei hafði dottið í hug sjálfstæði? Og af hverju hafði þeim eftir hans meiningu aldrei dottið í hug sjálfstæði? Af því að enginn maður hafði nokkurn tíma fengið að komast upp með það að minnast á rétt Grænlendinga til síns eigin lands og vinna fyrir slíkum rétti. Það var sá tími, að það var líka bannað að gefa út blöð hér á Íslandi, að dönsk yfirvöld bönnuðu það eins og þau hafa gert í Grænlandi. Það var sá tími, að það var dönsk einokunarverzlun, sem réð hér á Íslandi, eins og hún gerir enn í Grænlandi með „lýðræðinu", sem talað er um að eigi að ríkja í Grænlandi núna.

M. ö. o.: Þessi þm. Grænlendinga viðurkennir, að þeim hafi aldrei dottið í hug sjálfstæði. Þeir hafa ekki einu sinni þekkt réttinn til sjálfsákvörðunar og þess vegna ekki getað hagnýtt hann. Þessi þjóð hafi aldrei verið upplýst um það, að sem þjóð, sem sérstakt þjóðerni, hafi hún rétt, óafsalanlegan rétt, til þess að fá að vera sjálfstæð og mannúðarkröfu til þeirra þjóða, sem langt eru komnar á menningarbrautinni, að þær hjálpi henni til þess, en innlimi hana ekki í sig og eyðileggi hana og útrými henni. Þessir menn, sem kalla sig fulltrúa Grænlendinga, viðurkenna, að þeim hafi aldrei dottið í hug sjálfstæði. Þeir viðurkenna, að Grænlendingar hafi aldrei haft aðstöðu til þess að hagnýta neinn sjálfsákvörðunarrétt.

Og svo er verið að tala um í plagginu, sem ríkisstj. leggur fyrir, að grænlenzka þjóðin hafi af frjálsum vilja ákveðið innlimun í danska konungsríkið. Hvers konar endalaus þvæla, mótsagnir og ósannindi eru þetta, sem saman er hrúgað þarna? Það, sem er að gerast, er, að það er smátt og smátt verið að útrýma íbúunum af grænlenzku kyni. Það er verið að gera landið danskt. Og það er auðséð, að eftir nokkra áratugi verður þetta orðið danskt land, byggt Dönum, og þjóðinni, sem var þar fyrir, er útrýmt.

Það, sem Danir fara fram á við Íslendinga í dag, er: Verið þið ekki að heimta, að það sé haft neitt eftirlit með þeim aðferðum, sem við notum til þess að ná því að gera Grænland danskt. Fallið þið frá því að greiða atkv. gegn því hjá Sameinuðu þjóðunum, að það sé haft eftirlit, að danskri stjórn sé gert að skyldu að leggja skýrslu fyrir Sameinuðu þjóðirnar um, hvað hún aðhefst í Grænlandi. — Og þetta heimta menn, sem sjálfir loka Grænlandi, — menn, sem krossbregður sjálfum við, þegar þeir heyra lýsingarnar frá Grænlandi, þegar þeim verður á að senda óvart kónginn þangað og fréttamenn fá að fara með honum. Og þetta er það, sem ríkisstj. fer fram á hér í dag, að við eigum að vera samsekir um, að yfirþjóðin í Grænlandi útrými undirþjóðinni smátt og smátt. Það er það, sem er að gerast.

Það má vera, að grænlenzku þjóðerni verði ekki bjargað. En það er a. m. k. ekki okkar að stjaka við þeim, þegar þeir standa erfiðast. Ef til vill gæti það eitthvað hjálpað, að það væri haft eftirlit með þeim aðferðum, sem beitt er í Grænlandi. Og meiri manndómur hefði verið í því af Alþ. Íslendinga og ríkisstj. að sjá um, að það væru sendar nokkrar íslenzkar nefndir til Grænlands, m. a. máske nokkrar þingmannanefndir, til þess að athuga ástandið þar, ef þeim hefði þá ekki verið neitað um það.

Þá er haldið áfram í plagginu: „af frjálsum vilja ákveðin innlimun í danska konungsríkið á jafnréttisgrundvelli við aðra hluta danska ríkisins". Hvað á nú þetta þvaður að þýða? Það er yfirlýst, að Grænland sé gert að amti úr Danmörku, að óaðskiljanlegum hluta danska ríkisins. Hvaða jafnréttisgrundvöllur er þetta? Er það einhver jafnréttisgrundvöllur t. d. við Færeyinga? Nei, ekki einu sinni það. Þeir eru bara amt, eins og átti að gera okkur að einu sinni. Það er m. ö. o. enn þvaðrað. Og svo, ef við tökum það fyrir, hvað er þá þessi jafnréttisgrundvöllur? Er réttur mannanna í Grænlandi í dag jafn og danskra borgara á Sjálandi eða Fjóni? Nei, hann er ekki jafn. Þeir verða að lúta um alla sína verzlun, allar sínar andlegu og líkamlegu nauðsynjar forsjá danskrar einokunarverzlunar. Grænland er lokað land. Grænlendingum er bannað að hafa samgöngur við aðra menn. Við getum farið þegar við viljum til Danmerkur. Við getum stigið á land í Danmörku, þegar okkur þóknast. Því er haldið fram við okkur í dag, að Grænland sé Danmörk, en við megum ekki fara til þess hluta í Danmörku og stiga þar á land. Okkur er bannað það. Þessum mönnum er bannað að gefa út rit um sín mál, og það er bannað að gefa út rit og senda þeim. Þeir eru sviptir réttindum, sem allir aðrir menn í þjóðfélögum, sem telja sig svo, eins og danska þjóðfélagið, hafa, og þeir eru sviptir réttindum, sem allir Danir hafa. Þeir hafa engan jafnréttisgrundvöll, ekki einu sinni þessir menn í Vestur-Grænlandi, ekki einu sinni þessir, sem eru þó orðnir meira eða minna hálfdanskir. Og þeir, sem eru í Norður-Grænlandi, Thule, eða þeir, sem eru hér fyrir norðan okkur í Austur-Grænlandi, hafa alls engan rétt.

Það minnsta, sem hægt var fyrir Dani að gera í sambandi við ákvörðun um þessi mál, var að setja inn í sína stjórnarskrá ákvörðun um, að grænlenzka þjóðin og íbúar Grænlands hefðu hvenær sem þeir vildu rétt til aðskilnaðar og sjálfstæðis, þegar þeir krefðust þess sjálfir. Ekkert slíkt er gert. Þeir eru sviptir öllum slíkum rétti, einmitt sviptir þeim rétti, sem þeir eðli málsins samkvæmt hefðu haft sem nýlenduþjóð, vegna þess að það er litið þannig á nýlendu, að þar væri raunverulega þjóð, sem ætti siðferðislega kröfu til þess að verða frjáls, en hefði annaðhvort ekki haft vald eða þroska til þess að verða það enn þá. Einmitt þessu átti að svipta þá með því að innlima þá, og þessi innlimun er náttúrlega aðferð, sem hvert einasta slíkt stórveldi getur viðhaft, ef það vill láta hætta eftirlitinu með þessu.

Þá segir áfram í plagginu: „Nefndin hefur með ánægju komizt að raun um, að grænlenzka þjóðin hefur öðlazt sjálfsstjórn." Nú verð ég að segja eitt: Annaðhvort skilur ekki ríkisstj. ensku eða þá, og því trúi ég ekki, að hún þýðir allt þetta plagg hringlandi vitlaust,

eða þá, að það, sem í þessu plaggi stendur, er sú mesta endileysa, sem nokkurn tíma hefur sézt í stjórnmálaplaggi. Plaggið byrjar með því, að það sé lýst yfir, að grænlenzka þjóðin hafi af frjálsum vilja ákveðið innlimun í danska konungsríkið, og síðan lýsir nefndin ánægju sinni yfir því, að grænlenzka þjóðin hafi öðlazt sjálfstjórn. M. ö. o.: „sjálfstjórn" og „innlimun í danska ríkið". Þetta er rökfræði! Þetta er danska rökfræðin í New York frammi fyrir verndargæzluráðinu! Og þetta á Alþingi Íslendinga eftir 600 ára reynslu af því að vera nýlenda Noregs og Danmerkur í rauninni, þó að við værum það aldrei samkvæmt réttinum, svo að fara að leggja samþykki á! Svona endemis plagg er það eina, sem er lagt fyrir Alþingi Íslendinga, sem við eigum að fallast á, þar sem upphafið stangast á móti endinum og þar sem allt, sem í því er þar á milli, er tóm hringavitleysa. Nei, við eigum ekki að ljá svona plaggi okkar lið. Við eigum að hafa manndóm í okkur til að greiða atkv. á móti því, á móti allri þessari forsendu, sem meiri hluti verndargæzluráðsins nú setur fram sem þá ályktun, sem ætlazt er til að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykki.

Að síðustu, svo að ég aðeins minni á það, sem ég kom inn á í upphafi og ráðh. hafa hér verið að tala um: Ef um sögulegan rétt er að ræða, þá er sögulegur réttur Dana minni en vor. Ef um siðferðislegan rétt er að ræða, þá er siðferðislegur réttur Dana til að ráða Grænlandi enginn frekar en okkar. Sjálfsákvörðunarrétt hafa Grænlendingar aldrei haft og aldrei fengið að nota. Og viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði, svo að ég lykti með því, þá vil ég taka undir þau mótmæli, sem þegar hafa komið fram gegn þeirri skoðun hans, að við ættum að vera reiðubúnir til að leggja okkar landhelgismál og annað slíkt — ég vil taka undir það, sem hv. 6. landsk. þm. (FRV) sagði um það — undir alþjóðadómstól. Það er hættuleg skoðun, hættuleg fyrir líf og framtíð Íslendinga.

Hvað snertir afstöðuna um deilu Norðmanna og Dana, sem lögð var fyrir Haagdómstólinn á sínum tíma, þá hefur enginn dómur kveðið neitt upp um rétt Íslendinga í þeim efnum. Hins vegar sækjum við ekki þann rétt, hvorki til dómstólsins, sem nú er í Haag, né annarra, við sækjum þann rétt, sem verður að skapa í þessum efnum, á vettvangi alþjóða. Við sækjum hann með okkar málafylgju, með réttri málafylgju, málafylgju, sem tekur tillit bæði til þess veruleika, sem er og aðrar þjóðir viðurkenna, og til þess siðferðislega réttar, sem við viljum að komist á. Sá réttur, sem við krefjumst, er réttur grænlenzku þjóðarinnar til hennar eigin lands, til sjálfstæðis hennar í framtíðinni, og meðan sá siðferðislegi réttur er ekki viðurkenndur í reyndinni og framkvæmdur, þá er engin ástæða til þess að farga þeim sögulega rétti, sem Íslendingar kynnu að eiga fram yfir þann sögulega rétt, sem Danir byggja sín völd á, ef okkar sögulegi réttur mætti verða Grænlendingum til hjálpar til þess að öðlast sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði. Þess vegna lýsi ég mig eindregið fylgjandi þeirri till., sem hv. 6. landsk. þm. hefur hér borið fram, og álít, að okkar heiður liggi við, að hún verði samþykkt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér er ljóst, að það stappar nærri yfirgangi að kveðja sér hljóðs nú á undan sumum þeim hv. þm., sem eru á mælendaskrá, en ég hef mér það til afsökunar, að ég mun tala hér örstutt, aðeins örfáar setningar af tilefni þess, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði.

Það hefur farið mjög í fínu taugar þessa hv. þm., að ég benti hér á ósamræmið í afstöðu talsmanns sósíalista í þessu máli, sem var fullkomlega með fádæmum. Við vitum vel, hvers vegna þessi tvísöngur var í ræðu hv. þm. Hann er hugsaður þannig, að ef hann hittir mann, sem hefur sérstakan áhuga fyrir því, að Íslendingar hafi rétt til Grænlands, þá ætlar þm. að segja við hann: Jú, það var einmitt þetta, sem ég hélt fram á Alþ., að Íslendingar ættu slíkan rétt og ættu þess vegna ekki að greiða atkv. með till. um Grænland á þingi Sameinuðu þjóðanna. — Ef hann svo hittir annan, sem hefur sérstakan áhuga fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóðanna, þá á þessi hv. þm. og allir sósíalistar að geta sagt: Jú, við vorum einmitt sérstakir talsmenn þess á Alþ., í sambandi við Grænlandsmálið, að það væri virtur sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna. Það var einmitt það, sem við kröfðumst. — Svona á þessi söngur að vera. Og það var ekkert undarlegt, þó að hv. 2. þm. Reykv. yrði gramur, þegar á þetta var bent.

Ef nokkur heil brú væri til í afstöðu hv. 2. þm. Reykv. og kommúnista í þessu máli, þá ætti brtt. þeirra hér að vera um það, að Íslendingar greiddu atkv. á móti till. á þingi Sameinuðu þjóðanna, af því að þeir teldu meðferð Grænlandsmálsins af Dana hendi ekki vera í samræmi við sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna. Þetta geta þeir ekki sagt, því að þá geta þeir ekki lengur leikið tveimur skjöldum. Þeir verða að hafa nýlendurýtinginn í erminni. Þeir eru sem sagt talsmenn þess alveg annað veifið, að Íslendingar geri kröfu til þess að ráða Grænlandi, hvað sem grænlenzka þjóðin segir. Það er öll ást þeirra á frelsi og sjálfsákvörðunarrétti.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Sú till., sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj., er þess efnis, að lagt verði fyrir sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að sitja hjá við atkvgr. um það, hvort Dönum beri lengur að senda skýrslu til Sameinuðu þjóðanna um Grænland.

Mér þykir þessi till. næsta furðuleg. Ég mundi nú almennt álykta svo, að þögn væri í þessu máli sama og samþykki, og hæstv. utanrrh. lét þau orð falla í umr. hér fyrr, að fyrirvaralaus hjáseta þýddi sama og samþykki. Jafnframt upplýsti hann, að samþykki við till. gæzluverndarnefndarinnar þýddi í raun og veru það sama og það, að Íslendingar afsöluðu sér öllum hugsanlegum réttindum, sem þeir kynnu að eiga í Grænlandi, og jafnframt, skilst mér

einnig, staðfestu, að leitað hefði verið eftir vilja grænlenzku þjóðarinnar í þessu máli, þannig að fullnægjandi upplýsingar hefðu fengizt um, hver hann væri. Með hjásetunni án skýringa, án grg., var því í raun og veru játað till. og um leið afsalað um tíma og eilífð, um aldur og ævi, þeim réttindum, sem hugsanlegt kynni að vera að Íslendingar hefðu til áhrifa á Grænlandi og á grænlenzk mál. Þetta finnst mér alveg furðuleg afstaða.

Hæstv. ráðh. sagði, að fulltrúar Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna mundu standa eins og illa gerður hlutur, ef þeir ættu að bera fram rökstuðning fyrir afstöðu sinni og nefna það, að hér á Alþ. væru uppi þær skoðanir, að Íslendingar hefðu sögulegan rétt til Grænlands. Ég álít, að þetta sé fjarri lagi, en hitt hygg ég að sé alveg réttmæli, að fulltrúar Íslands standa eins og illa gerður hlutur á þingi Sameinuðu þjóðanna, ef þeir sitja hjá án þess að gera nokkra minnstu grein fyrir því, hvers vegna þeir sitja hjá, en segja ekki annaðhvort já eða nei. Á hv. Alþ., sem við sitjum hér á, er það einmitt venja, a. m. k. í stærri málum, að þegar menn hvorki greiða atkv. með né á móti, þá gera þeir grein fyrir því, hvers vegna þeir neyti ekki atkvæðisréttar síns. Það eiga íslenzku fulltrúarnir á þingi Sameinuðu þjóðanna alls ekki að gera.

Grænlandsmálið hefur oftsinnis verið til meðferðar hér á þingi og jafnan án þess, að endanlegur úrskurður þingsins félli í því máli. Ég man eftir því tvisvar sinnum, síðan lýðveldið var stofnað. Í hvorugt skiptið fékkst nokkur endanlegur úrskurður um málið hér á Alþ. Nú á á skyndifundi, sem boðað er til án fyrirvara og stendur hluta úr degi, að knýja fram afstöðu Alþ. til þessa máls undir því yfirskini, að það þurfi að svara því, hvort Danir eigi áfram að leggja fyrir Sameinuðu þjóðirnar skýrslur um ástandið í Grænlandi. Mér finnst þetta furðuleg málsmeðferð, furðuleg á allan hátt, að nota þessa átyllu til þess að láta knýja fram án nokkurs undirbúnings afstöðu til máls, sem hér hefur þrásinnis verið til meðferðar í þinginu, án þess að skorið væri úr, hver væri vilji þingsins í þessu efni. Að nota þessa átyllu til þess að knýja fram úrskurðaratkvgr. er óþinglegt á allan hátt.

Ég skal ekki ræða mikið um Grænlandsmálið. Ég hef sagt mína skoðun á því fyrr. Að minni hyggju hefur Grænlandsmálið tvær hliðar í augum flestra Íslendinga. Annað er sá sögulegi og lagalegi réttur, sem ýmsir telja að Íslendingar eigi til Grænlands. Hin hliðin er: Hver er réttur grænlenzku þjóðarinnar sjálfrar og hvernig verður hann bezt tryggður? Því er haldið fram hér af hæstv. ráðherrum, að ekki sé hægt að taka tillit til þessa hvors tveggja í senn, því að þetta stangist. Þetta er vissulega hin mesta fjarstæða. Ég hef sjálfur margsinnis látið í ljós þá skoðun, að réttur Íslendinga til Grænlands væri mjög vafasamur og mjög vafasamt væri, hvort við gætum hagnýtt þann rétt og tekið á okkur þær skuldbindingar, sem því væru samfara að gera hann gildandi. En ég hef jafnan lagt áherzlu á hitt, að hvað sem kynni að líða sögulegum rétti Íslendinga, þá bæri að virða siðferðislegan rétt Grænlendinga, jafnskjótt og þeir hefðu þroska til þess sjálfir að taka málin í sínar hendur. Og ég fæ ekki betur séð en einmitt það að falla ekki frá þeim sögulega rétti, sem við kynnum að halda, mætti verða til þess, að þegar málið yrði gert upp, þá væri kannske aðstaða Grænlendinga önnur en hún kann að vera í dag til þess í alvöru að skapa sér skoðun á þessu máli.

Það síðasta, sem Alþ. afgreiddi viðvíkjandi Grænlandsmálinu, var ályktun sú, sem drepið hefur verið hér á nokkrum sinnum, fyrir liðlega ári. Þá var málinu vísað til ríkisstj., án þess að Alþ. segði sitt álit um, hversu með það skyldi fara, en jafnframt var á það bent og lagt fyrir ríkisstj. að gæta hagsmuna Íslendinga í sambandi við samninga, sem kynnu upp að koma í sambandi við þetta mál. Skýrt var nú ekki mælt, en mér skildist, að meiningin með þessu væri sú, að ýmsir íslenzkir aðilar hefðu hug á því að fá aukin fiskveiðiréttindi og aðstöðu til að stunda fiskveiðar við Grænland, og talið væri nauðsynlegt, að leitt væri til lykta, áður en gengið yrði til slíkra samninga, hvað Íslendingar teldu rétt sinn til Grænlandsmiða. Ég legg ekki neinn dóm á þessa skoðun, sem þarna kemur fram, en á það skal ég benda, að ef það er ætlun hæstv. ríkisstj. að taka upp samninga um þessi mál, fiskveiðaréttindi við Grænland og aðstöðu þar, þá er það áreiðanlega mjög óhyggilegt, áður en farið er að taka upp slíka samninga, að vera fyrir fram búinn að lýsa því yfir, að réttur okkar Íslendinga til aðstöðu þar í landi sé enginn, alls enginn. Það mundi ekki bæta okkar aðstöðu til slíkra samningsviðræðna, ef upp verða teknar.

Að því er snertir till. sjálfa, þá er það upplýst af hæstv. ráðh., að það að sitja hjá við afgreiðslu hennar jafngildi samþykki, og það samþykki innibindi afsal á hugsanlegum réttindum Íslendinga á Grænlandi um tíma og eilífð, um aldur og ævi. Ég verð að segja, að það er nokkuð fljótráðið að ætla að flaustra slíku máli af á skyndifundi, eins og ég áðan sagði. Þar við bætist svo það, að þær upplýsingar, sem fyrir liggja um vilja grænlenzku þjóðarinnar í þessu efni, eru gersamlega ófullnægjandi.

Ég hef spurt að því, hvort leitað hafi verið þjóðaratkvæðagreiðslu með Grænlendingum. Ég hef engin svör fengið við því. Ég hef fengið upplýst síðan á annan veg, að hún hefur ekki farið fram. Það hefur verið upplýst hér í ræðum, með hverjum hætti álits hefur verið leitað, og að minni hyggju segir það ekkert til um vilja grænlenzku þjóðarinnar í þessu efni.

Mér þykir rétt í sambandi við ummæli, sem hafa fallið hér, að taka það fram, að ég tel enga ástæðu til þess að bera illmæli á Dani í sambandi við þetta mál, eins og það, að þeir hafi í huga að drepa grænlenzku þjóðina, þ. e. a. s. sem þjóð, og kenna þeim einum um berklaveikina og afleiðingar hennar. Er skylt að minnast þess, að einmitt núna seinustu árin hefur danska stjórnin gert mjög myndarlegt

átak til þess að hefja baráttu gegn berklaveikinni, ekki til þess að útrýma þjóðinni með berklum, eins og sagt var, heldur til þess að reyna að útrýma berklaveikinni í Grænlandi, og það er skylt að viðurkenna það, sem vel er gert og rétt að stefnt í því efni. Hins vegar hafa þeir einnig gert ráðstafanir til að bæta híbýlakost Dana og skapa þeim betri atvinnumöguleika en verið hefur til þessa, en þetta snertir ekki kjarna málsins. — Ég segi þetta aðeins af því, að hér hafa verið sögð óviðurkvæmileg orð um meðferð Dana nú á Grænlendingum.

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hér, hversu lengi sé hægt að geyma vafasaman rétt Íslendinga til Grænlands. Því get ég ekki svarað þannig að taka til ákveðinn tíma. En ég skal minna á það í þessu sambandi, að þau 10 ár a. m. k., sem liðin eru síðan íslenzka lýðveldið var stofnað, hefur Alþingi jafnan forðazt að gera nokkuð það, sem gæti rýrt þann hugsanlega rétt, sem við höfum þar og margir telja nokkurs virði.

Mér skildist á hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., að þeir teldu engan minnsta vafa á því, að réttur Íslendinga til afskipta af málum Grænlendinga eða þar í landi væri alls enginn. Hvers vegna á þá, að þeirra eigin till., íslenzki fulltrúinn að sitja hjá við atkvgr.? Er ekki rökrétt afleiðing af þessari skoðun þeirra, að hann eigi að segja já, hreinlega? Hvers vegna á hann ekki að segja já? Það er af því, að hæstv. ríkisstj. sjálf finnur annaðhvort hjá sjálfri sér eða hjá sínum flokksmönnum skort á sannfæringu í því, að hér sé alls ekki um neinn hugsanlegan rétt að ræða, og það get ég skilið.

Ég mótmæli því, að Alþ. sé knúið til að taka afstöðu til Grænlandsmálsins í heild á slíkum skyndifundi sem þessi er, boðuðum á þann hátt, sem hann er boðaður, og undir því yfirskini, sem hér er notað við afgreiðslu málsins.

Því hefur verið haldið fram af þessum tveimur hæstv. ráðh., að ekki væri nema um tvær leiðir að ræða í Grænlandsmálinu: Önnur væri sú að falla bókstaflega frá öllum hugsanlegum sögulegum og lagalegum rétti til afskipta af málum Grænlands, og það virðist vera þeirra skoðun, og hin að gera nú þegar ráðstafanir til þess að krefjast úrskurðar Haagdómstólsins í málinu.

Ég mótmæli því algerlega, að ekki sé nema um þessar tvær leiðir að ræða. Þriðja leiðin er til, og það er sú leiðin, sem við eigum að fara. Við eigum að taka afstöðu til þess, hvort létt sé af Dönum skýrsluskyldunni, — það er ekkert við því að segja, — en við eigum að taka það greinilega fram, að við geymum okkur allan þann rétt, sem við kunnum að eiga, til að hafa afskipti af málum Grænlands, þar til við teljum hentugan tíma til að gera það.

Þessi er afstaða mín í málinu og afstaða Alþfl. Samkvæmt þessu leyfi ég mér að leggja fram brtt., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð Alþingi hefur ekki tekið afstöðu til Grænlandsmálsins í heild, leggur þingið fyrir sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu um ályktun gæzluverndarnefndarinnar varðandi það, að Dönum beri ekki lengur skylda til að senda skýrslu um Grænland til Sameinuðu þjóðanna, og taki hún jafnframt fram, að Íslendingar telji afgreiðslu málsins ekki þjóðréttarlega bindandi.“

Ég sé enga ástæðu til þess að væna Dani um það, að þeir muni láta Grænlendinga sæta illri meðferð, og þess vegna ekki ástæðu til að berjast gegn því á þingi Sameinuðu þjóðanna, að létt sé af þeim skyldu til að gefa reglulega skýrslu til þeirra um ástandið í Grænlandi, enda hægt að fá upplýsingar um það á marga aðra vegu. En ég vil ekki, að með því að láta slíkt mál afskiptalaust sé hægt að segja, að Íslendingar falli frá öllum sínum sögulega eða lagalega rétti til afskipta af málum Grænlands og Grænlandi sjálfu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 185) leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð til andsvara hv. 4. þm. Reykv. Hann fullyrti, að Alþ. hefði ekkert gert til þess að rýra rétt Íslendinga til Grænlands.

Ég vil nú spyrja hann: Álítur hann, ef jafnþýðingarmikið mál og réttur Íslendinga til Grænlands er látið liggja aðgerðalaust áratug eftir áratug, að það sé ekki að rýra rétt Íslendinga til Grænlands? Eða heldur hann, að hægt sé að geyma réttar endalaust í jafnþýðingarmiklu máli og landakröfur eru, ef ekki er neitt aðhafzt?

Annars verð ég að segja, að öll ræða hv. þm. var fullkomin árás á þær stjórnir, sem nú sitja við völd í Skandinavíu. Hann hefur á allan hátt dregið í efa heiðarleik dönsku stjórnarinnar og stjórnar Noregs og Svíþjóðar, sem hafa gengið fram fyrir skjöldu bæði hér í Reykjavík og annars staðar að styðja Dani í þessu máli. Álítur hann, að þessar stjórnir mundu verja kúgun og ranglæti Dana í Grænlandi, ef um það væri að ræða? Og hver er trú hans á heiðarleik þeirra flokka, sem nú fara með stjórn í Skandinavíu, ef hann álítur, að slíkt geti komið fyrir?

Honum finnst, að við göngum ekki hreint til verks, þar sem ríkisstjórnin hefur lagt til með till., að setið verði hjá í New York. Ég skal játa það hreinskilnislega, að ég hefði heldur kosið, að það hefði verið greitt jákvætt atkvæði, og ég tók það fram í ræðu minni, að mér hefði fundizt það á allan hátt mennilegra. En sumum fannst, að ýmsir formgallar hefðu verið á framkomu Dana í þessu máli, og vildu e. t. v. láta koma fram einhvers konar vott af mótmælum um það, hvernig málin hefðu verið lögð fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

Pétur Ottesen: Ríkisstjórnin hefur nú gengið rösklega fram í því að verja þetta afkvæmi sitt, sem hún hefur lagt hér fram nú alskapað frá sinni hendi fyrir okkur þm., og það er ekki

nema í samræmi við það, að móðurástin er alltaf sterk, og ekkert við því að segja.

Ég vildi gjarnan, að athugað yrði, hvort hæstv. forsrh. væri hér staddur. Ég hefði helzt viljað byrja á sjálfu höfðinu í svarræðu minni. (*Forseti:* Það er nú verið að aðgæta, hvort hæstv. forsrh. er hér nærstaddur.) Já, hæstv. forseti mundi þá máske álíta rétt, að ég sneri mér að einhverjum öðrum á meðan sú athugun færi fram. (*Forseti:* Ég tel það mjög æskilegt.) Ég skal þá verða við því.

Hæstv. utanrrh. fór hjá sér, sem eðlilegt var, þegar ég minnti hann á afstöðu hans á fundi utanrrh. hér í Reykjavík. Og ég skal ekkert lá honum, þó að hann gerði það. Eg veit, að hann viðurkennir það alveg fullkomlega, að út frá mínu sjónarmiði hafi hann þar farið öðruvísi að en honum bar að gera, því að verði sú afstaða ofan á í þessu máli, sem hann mótaði á þessum fundi hér og ríkisstj. hefur nú lagt drög að með till. sinni hér á Alþ., þá er lokað öllum leiðum fyrir Íslendinga til þess að nota sinn lagalega og sögulega rétt til Grænlands. Með því er ríkisstjórn Íslands og Alþingi búið að leggja blessun sína yfir innlimun Grænlands í Danmörku. Þetta er það raunverulega í þessu máli. Eftir að svo er komið, er sá réttur, sem við erum búnir að varðveita í margar aldir og getum varðveitt meðan við gerum ekki gagnstæðar ályktanir, úr okkar höndum fallinn. Danir geta þá óáreittir af okkur setið að sínum feng þar fyrir vestan Íslandsála. Það er hæstv. ráðh., sem leggur með framkomu sinni á fundinum hér grundvöllinn að þessari sorglegu og hörmulegu niðurstöðu okkar Íslendinga. Þetta fann ég mér skylt að átelja út frá mínu sjónarmiði, og ég veit, að hæstv. ráðh. telur það ekki nema eðlilegt, að ég líti þannig á þetta mál.

Hæstv. utanrrh. vildi halda því fram, að ástæðan til þess, að ég las ekki til enda nefndarálit allshn. frá síðasta þingi, hefði verið sú, að ég vildi draga eitthvað undan. Það var fjarri því; það, sem kom á eftir því, sem ég las, var ekki í neinu ósamræmi við það, sem ég hafði áður lesið og vildi vekja athygli á. Í till. minum um þetta mál hef ég ekki farið fram á annað en það, að Dönum væri gefið færi á því að láta af hendi við Íslendinga réttinn til Grænlands, áður en hann væri sóttur í þeirra hendur með úrskurði dómstóla. Þetta hefði hæstv. ráðh. átt að geta vitað, m. a. af því, að ég las upp orðalag till. minnar í byrjun minnar ræðu.

Hæstv. ráðh. vildi leggja mér það út til kjarkleysis, að ég hefði ekki lagt til, að farið yrði í mál við Dani, eins og hann hefur orðað það. Ég hef hvað eftir annað lagt til, að farið yrði í mál við Dani, og mín till. inniheldur það, að ef Danir verði ekki við réttarkröfum okkar, þá verði leitað úrskurðar alþjóðadómstólsins í Haag. Ég hef hvað eftir annað lagt þetta til, að það yrði farið í mál við Dani og við sæktum okkar rétt eftir lagaleiðum. — Ég held, að ég hafi leiðrétt hér hinn leiða misskilning, sem mér virtist koma fram hjá hæstv. ráðh. í því, að ég hefði sýnt eitthvert kjarkleysi eða undanhald í þessu máli. Ég hef haft í því fulla sókn, þó að hún hafi ekki leitt til þeirra úrslita hér á Alþ., sem ég hefði kosið. Hinu gerði ég svo fulla grein fyrir, hvaða andi hefði svifið yfir vötnunum hér á Alþ. í þessu máli, því að ekki verður annað séð af þeim ályktunum, sem gerðar hafa verið, en að talið væri, að Ísland ætti rétt til Grænlands.

Nú hefur hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin í heild lagt hér fram till. til samþykktar, sem tekur þennan rétt varanlega af Íslendingum, ef hún verður samþykkt. Eftir að slík till. hefur verið samþykkt, þýðir ekki fyrir Íslendinga að hreyfa legg né lið til að krefjast sögulegs og lagalegs réttar til Grænlands. En í dag stöndum vér þannig, að vér getum krafizt þessa réttar, ef vér bara höfum manndóm til að gera það.

Ég spurði um hæstv. forsrh. Hann kvað vera vikinn af fundi, en af því að ég geri ráð fyrir, að umræðum um þetta mál verði lokið hér í nótt, þá get ég ekki látið niður falla með öllu að svara ræðu hans.

Ég hef verið að velta því fyrir mér síðan áðan, hvað það hefði getað verið í minni ræðu, sem hleypti slíkri ólgu í hæstv. forsrh. Það var engu líkara en verið væri að bera sápu í Geysi og að hann yrði vel við; slík viðbrögð voru hjá hæstv. forsrh. Og hvað var það svo í minni ræðu, sem gat snert hann á þennan veg? Ég minnti hann á það, hver afstaða hans var hér á Alþ. 1931, þegar hann fjallaði um till. Jóns Þorlákssonar um Grænlandsmálið og lagði til, að hún yrði samþykkt. Nú hefur, eins og kunnugt er, hæstv. ráðh. haft aðra afstöðu til málsins. Í stað þess að hann áleit þá, eins og Alþingi allt, að Íslendingar hefðu nokkurn rétt til Grænlands, er hann og ríkisstjórnin komin á þá bylgjulengd nú, eftir því sem marka má, að Danir einir eigi þennan rétt, en Íslendingar engan. Þetta eru mjög óhagstæð skoðanaskipti fyrir Íslendinga. Og það, sem gefur mér alveg sérstakt tilefni til að svara ræðu hans, sem ég hefði máske annars getað látið niður falla, af því að hann er hér ekki við, eru þau rök, sem hann færir fyrir þessum skoðanaskiptum sínum.

Hæstv. ráðh. segir, að síðan hafi fallið dómur í Grænlandsmálinu. Það er alveg rétt, það hefur fallið dómur í Grænlandsmáli. Sá dómur féll í sambandi við það, að Norðmenn vildu slá eign sinni á óbyggð svæði í Austur-Grænlandi á þeim grundvelli, að þessi svæði væru óbyggð og ekki notuð af neinum. Á því var sú afstaða Norðmanna byggð að slá eign sinni á þessi svæði. Um þetta féll dómurinn.

Í dómsniðurstöðum Haagdómstólsins um þetta mál er ekki sagt, að Danir hafi yfirráð Grænlands, heldur eru Norðmenn dæmdir frá yfirráðum á þessu umdeilda svæði. En í forsendum dómsins er að því vikið, að í þessu efni sé réttur Dana þó ríkari en Norðmanna. Þessi dómur gefur því enga bendingu um það, hvernig alþjóðadómstóll mundi dæma um kröfu Íslendinga til Grænlands. Danir notuðu t. d. í sínum málflutningi gegn Norðmönnum það, að Grænland hefði byggzt frá Íslandi, en ekki frá

Noregi, og hafi þetta verið vatn á myllu Dana í deilunni, hversu mundi þá ekki verða ríkari réttur Íslendinga í þessu efni en Dana, sem ekki koma hér við sögu fyrr en mörgum öldum síðar?

Það er þess vegna á algerum misskilningi byggt hjá hæstv. forsrh., að þessi dómur hafi á nokkurn hátt skert réttaraðstöðu Íslendinga til Grænlands. Og vægast sagt má segja það, að rök hans um þetta atriði — eða réttara sagt rakaleysi — hafi verið í miklu ósamræmi við þann mikla myndugleik, sem hann vildi láta felast í sínum orðum um þetta atriði málsins.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram hér, að við, sem bærum fram þessar kröfur, gerðum það til þess að teljast vera þjóðhollir menn; það væri ekkert annað en yfirskinsástæða hjá okkur, að við værum með þessar kröfur; það væri ekkert annað en að við værum að reyna að blekkja landslýðinn með því að bera fram þessar kröfur og halda á þessum rétti. Ég skal nú ekkert fara frekar út í það. Hæstv. ráðh. friðar sína samvizku máske með þessu. En það var líka auðfundið á honum, að honum fannst, að ástæða væri til að bera nokkuð í bætifláka fyrir þessa nýju afstöðu. Hann vildi gera lítið úr því, sem felst í samþykktum Alþingis að undanförnu í þessu máli, og þess vegna væri ekki úr háum söðli að detta. Það skal fullkomlega viðurkennt af mér, að Alþingi hefur engan veginn verið svo skeleggt í þessu máli sem því hefði borið að vera. Hins vegar hefur í meðferð þessa máls frá því fyrsta allt til þessa dags — eða raunar dagsins í gær, því að það er víst komið fram yfir miðnætti — ekkert það komið fram, sem hefur gengið í þá átt, að Íslendingar hefðu hér engan rétt. Allt, sem til þessa dags — eða dagsins í gær — hefur gerzt í þessu máli, er mótað af því, að Íslendingar hefðu rétt. Hæstv. ráðh. sagði, að það bæri beztan vottinn um alvöruleysið hjá mér í þessu máli og þeim, sem að því standa á sama veg, að við bærum ekki fram neinar till. um að endurheimta þennan rétt. En ég skal segja hæstv. ráðherra það, að ef hann nú vill bæta ráð sitt, — og ég veit, að hæstv. ráðherra viðurkennir réttmætt frá mínu sjónarmiði, að ég viðhafi þau orð um afstöðu hans til málsins nú, — þá skal ekki á mér standa að bera enn einu sinni fram till. um að heimta þennan rétt. En Sameinuðu þjóðirnar eru ekki sá aðili, sem við í því efni eigum að snúa okkur til; það er hinn almenni dómstóll, það er Haagdómstóllinn. Að því leyti höfum við hér á Alþingi verið á réttri leið með þetta vald, að ef málið ynnist ekki með samkomulagi við Dani, þá yrði því skotið til úrskurðar Haagdómstólsins; það er sá réttur, sem á um það að fjalla. En það er náttúrlega, eins og ég hef áður lýst, tómt mál að tala um það, eftir að búið væri að samþykkja slíka till. sem þá, er hæstv. ríkisstj. hefur nú borið hér fram á Alþingi. Þá getum við alveg sparað okkur allt ómak við að gera tilraunir til að endurheimta þennan rétt, því að þá er búið að búa svo rækilega um þá hnúta, að við erum orðnir réttlausir, og það er það, sem hæstv. ríkisstj. ætlast til að Alþingi samþ. og gefi yfirlýsingu um með þessari till., sem hér er borin fram, að Íslendingar hafi um alla eilífð engan rétt framar til Grænlands. Í samþykkt hennar felst það skýrt og ótvírætt.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Hv. þm. Borgf. hélt því fram, að við hefðum varðveitt rétt okkar í aldir til Grænlands. Ég vil nú spyrja: Á hvaða hátt höfum við varðveitt okkar rétt? Með aðgerðaleysi? Heldur hv. þm. Borgf., sem er góður og gegn bóndi, ef hann væri í landamerkjamáli við nágranna sinn, að hann gæti alltaf skotið því á frest að láta skera úr því? (*PO:* Meðan ekki er skorið úr því, þá er það þó ótkljáð.) Það eru áreiðanlega takmörk fyrir því, hve lengi er hægt að draga eitt mál, án þess að sé skorið úr því. Hv. þm. veit það, ef hann vill tala um málið af alvöru og hreinskilni, að það hefur alltaf vantað meiri hluta fyrir þessu máli hér í þinginu. Þess vegna er komið eins og komið er. Menn hafa farið hjá sér hér í þinginu, þegar þetta mál hefur verið flutt, því að þeim hefur fundizt það svo mikil fjarstæða. Þess vegna hefur þingið alltaf kosið þá leið að hafa undanbrögð í þingsályktunum eða láta málið daga uppi. Ef það hefði verið nokkur alvara í þessu máli, þá væri fyrir löngu búið að fara þá leið, sem hv. þm. Borgf. hefur bent á, að fara í mál. En þetta hefur ekki verið gert. Og það er alveg ótækt og fráleitt að hugsa sér, að það sé hægt að draga það í áratugi að koma fram með kröfu og gera hana gildandi. Ég skil ekki það réttarfar.

Hv. þm. leyfði sér að segja, að ég hefði lagt grundvöll að því, að við töpuðum rétti til Grænlands. Þetta finnst mér nokkuð stór orð. Þessari skoðun hans mótmæli ég harðlega. Hann hefur enga ástæðu til þess að bera þetta á mig. Og þar sem hann minntist aftur á afstöðu mína á fundi utanríkisráðherranna, þá þarf ég ekki að fara að endurtaka það, sem ég sagði áðan.

Það sanna í málinu er það, að hv. þm. og fáeinir menn aðrir hafa einstaka sinnum verið háværir um þetta mál, en ekki fylgt því eftir. Nú þegar að því er komið, að hv. Alþ. taki afstöðu til málsins í alvöru, þá virðast þeir fara upp af hjörunum. Hann lýsti því yfir, að hann hefði haft fulla sókn í þessu máli, en ekkert orðið ágengt, en það er af því, að hann hefur alltaf verið í stórum minni hluta hér á þinginu.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það er af tilefni ummæla, sem hæstv. utanrrh. lét falla hér áðan, sem ég bið um orðið, og tekur það mig væntanlega stuttan tíma að leiðrétta þau.

Hæstv. ráðh. spurði fyrst: Er það ekki að rýra rétt Íslendinga að láta málin liggja áratug eftir áratug án þess að taka um þau fullnaðarákvörðun? Ja, þessu getur hæstv. ráðh. svarað jafnvel og ég. Meðan ekki eru gerðar ályktanir um að falla frá einhverjum rétti, sem til er, þá er enginn réttur rýrður. Þær ályktanir, sem Alþ. hefur gert í þessu, eru öllum opinberar, líka sendiherrum þeirra ríkja,

sem hafa hug á að kynna sér afstöðu Alþ. til málsins. Þyki hæstv. ráðh. ekki, að þetta hafi verið nóg til þess að halda þeim rétti, sem Ísland kann að eiga í þessum efnum, þá gefst nú tilefni til þess á þingi Sameinuðu þjóðanna að minna á, hvað Alþ. hefur um þetta sagt fyrr og síðar. Og það tilefni tel ég að eigi að nota.

Þá lét hæstv. ráðh. þau ummæli falla, að ég hefði vænt stjórnir Noregs og Svíþjóðar um óheiðarleik í þessu máli. Ég skora á hæstv. ráðh. að segja, við hvað hann á með þessu. Hvaða ummæli hafði ég við, sem gefa honum tilefni til að segja slíkt? Hann bætti því við, að ég hefði látið í það skína, að Danir beittu kúgun á Grænlandi. Þetta eru rakalausar fullyrðingar. Það er ekki nokkurt minnsta tilefni til slíkra ummæla, og mig furðar, að hæstv. ráðh. skuli taka sér slíkt í munn, ef hann hefur hlustað á ræðu mína. Ég sagði ekki eitt orð um Dani eða Svía og þeirra afstöðu til þessa máls. Norðmenn hafa að sjálfsögðu beygt sig fyrir Haagdóminum, enda gekk hann í þeirra máli við Dani, þó að hann skæri ekki úr um rétt Íslendinga í málinu, þar sem því var ekki hreyft. Svíar hafa aldrei talið sig hafa nokkurn rétt til Grænlands, svo að mér sé kunnugt um. Afstaða þeirra er því öll önnur en okkar Íslendinga og fullkomlega eðlileg og skiljanleg.

Að ég hafi sagt, að Danir beittu Grænlendinga kúgun, er hið fyllsta ranghermi, sem hægt er að hugsa sér. Ég átaldi þau ummæli, sem höfðu fallið hér í garð Dana í þessu efni, og ég tók það fram, að það væri ekki nokkur minnsta ástæða til þess að væna Dani um það, að þeir mundu beita illri meðferð gagnvart Grænlendingum, enda ber till. mín það með sér, því að þar er beinlínis gert ráð fyrir því, að Íslendingar greiði ekki atkv. á móti því, að létt sé af Dönum skyldu um að gefa skýrslu til Sameinuðu þjóðanna um Grænland, eins og ég tók fram í ræðu minni. Það er ekki lagt til, að Íslendingar greiði atkv. gegn því, að þessari skyldu sé létt af Dönum, einmitt af því, að ég tel, að það sé engin ástæða til þess að væna Dani um misbeitingu eða kúgun gagnvart Grænlendingum. Hins vegar er því mótmælt og þess krafizt, að það komi fram á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þó að við greiðum ekki atkv. gegn því, að létt sé af Dönum skyldunni til að gefa skýrslu um þetta efni, þá felist í því nokkur viðurkenning á því, að réttur Íslendinga til afskipta af málum Grænlands, sem vera kann fyrir hendi, falli niður. Það er einmitt það, sem tilætlunin er með till. okkar að komi berlega og skýrlega fram.

Ég endurnýja tilmæli mín til ráðh. að benda á, hvaða ummæli það voru í ræðu minni áðan, sem hann taldi, að í fælist aðdróttun til stjórna Noregs og Danmerkur um óheiðarleik í þessu máli.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það er nú þegar orðið áliðið, og hér hafa farið fram alllangar umræður um þetta mál, svo að það er ef til vill ekki rétt og ekki ástæða til að lengja þær mjög, og býst ég ekki við að gera það.

Hér liggja nú fyrir fjórar brtt. við till. hæstv. ríkisstj. um þá afstöðu, sem fulltrúum Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna verði falið að taka til þeirrar till., sem liggur fyrir þinginu og á að afgreiða n. k. mánudag. Það er vitanlegt, að þetta tækifæri til þess að láta í ljós afstöðu Íslands til Grænlands, bæði að því er snertir réttarstöðu þess og að því er snertir hagsmuni Íslendinga vegna lokunar Grænlands, verður ef til vill síðasta tækifærið og eina tækifærið, sem til þess gefst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, því að till. Dana felur það í sér, að Grænland verði tekið af skrá Sameinuðu þjóðanna sem nýlenda. Og eins og hefur verið bent á af hv. þm. Borgf. (PO), er þing Sameinuðu þjóðanna að vísu ekki vettvangur til þess að kveða á um réttarstöðu Grænlands. En það er vettvangur til þess að kveða á um stöðu Grænlands, hvort það sé fullkomin ástæða eftir þeim upplýsingum, sem allsherjarþinginu hafa verið gefnar, til þess að afskrifa Grænland sem nýlendu Dana og viðurkenna það sem ævinlegan hluta Danmerkur. Nú lýsir hæstv. ríkisstj. því yfir, að fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum eigi að sitja hjá um þetta mál og hann eigi enga grein að gera fyrir þeirri afstöðu, því að ég get ekki skilið öðruvísi þögn hæstv. utanrrh. og annarra hæstv. ráðh., sem hér hafa talað um þetta mál, við þeim spurningum, sem bæði ég og t. d. hv. 4. þm. Reykv. bárum fram um það, hvort fulltrúa Íslands sé ætlað samkv. till. ríkisstj. að gera nokkra grein fyrir hjásetu sinni. Ég get ekki skilið hana öðruvísi en svo, að honum beri að gera alls enga grein fyrir henni og þegja sem fastast, eða með öðrum orðum að lýsa því yfir með þögninni, að Ísland hafi ekkert að segja, hvorki að því er snertir hagsmuni þess vegna lokunar Grænlands né vegna réttarstöðu Grænlands.

Hæstv. ráðh. hafa gefið stórorðar yfirlýsingar. Hæstv. utanrrh. lýsir því t. d. yfir, að það, að fulltrúi Íslands sitji hjá, sé alveg sama og hann segi já. Hæstv. ráðh. mega gæta þess, að þær yfirlýsingar, sem þeir gefa í umræðum um þetta mál, eru geymdar og þær hafa þýðingu í framtíðinni. Hæstv. fjmrh. varð hér helzt fyrir svörum, en yfirleitt hafa hæstv. ráðh. forðazt að svara með rökum, eins og þeirra er siður og venja, þegar rætt er um utanríkismál hér á hv. Alþ. En hæstv. fjmrh. talaði um, að í mínum málflutningi og annarra væri stórkostlegur tviskinnungur, við værum með rýtinginn í erminni o. s. frv. í þessu máli.

Hv. 2. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. hafa ágætlega svarað þessum rökum hæstv. fjmrh., ef rök skyldi kalla. En hans rökfræði yfirleitt í umræðum er alveg sérstaks eðlis. Hún er venjulega það, sem er kallað „hundalogik“ á slæmri íslenzku. Og svo er það í þessu máli. Blað þessa hæstv. ráðh. hefur allra blaða mest birt greinar dr. Jóns Dúasonar um réttarkröfur Íslands til Grænlands. Það hefur enn fremur birt lýsingar erlendra blaðamanna á því ástandi, sem ríkir í Grænlandi undir nýlendu-

stjórn Dana, eins og hv. 2. þm. Reykv. las hér upp til þess að minna hæstv. ráðh. á. En hér á hv. Alþ. lýsir þessi talsmaður Framsfl., hæstv. fjmrh., því yfir, að við höfum hvorki neinar réttarkröfur til Grænlands né höfum við nokkurt leyfi til þess að vefengja, að sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna, grænlenzku þjóðarinnar í þessu tilfelli, hafi verið sniðgenginn. Hann segir: Það á að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna. — Það hefur verið upplýst hér og hefur líka verið upplýst á þingi Sameinuðu þjóðanna, að það hefur engin þjóðaratkvgr. farið fram í Grænlandi. Grænlenzka þjóðin hefur alls ekki verið spurð um afstöðu sína til innlimunar í Danmörku. Er þetta að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna? Er með þeirri till., sem liggur fyrir þingi Sameinuðu þjóðanna og Danir hafa haft áhrif á, virtur sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna? Eða hefur hæstv. fjmrh. á hinn bóginn gengið alveg úr skugga um það, að þær kenningar, sem hefur verið haldið fram af mörgum ágætum Íslendingum um rétt Íslendinga til Grænlands, séu allar tóm vitleysa? Hann hefur ekki fært rök fyrir því hér á hv. Alþ. En hann og hæstv. utanrrh. og ríkisstj. öll hafa nú lagt til, að Íslendingar slái því föstu með afstöðu sinni við það tækifæri, sem þeir fá við endanlega afgreiðslu málsins nú á mánudaginn kemur hjá Sameinuðu þjóðunum, að Íslendingar hafi ekkert að segja, hvorki um réttarstöðu Grænlands, sjálfsákvörðunarrétt grænlenzku þjóðarinnar né hafi þeir heldur neitt að segja um hagsmuni Íslendinga vegna innlimunar og lokunar Dana á Grænlandi.

Hæstv. utanrrh. sagði, að það hefði ráðið um þá ákvörðun ríkisstj., að fulltrúi Íslands skyldi sitja hjá við atkvgr. um málið hjá Sameinuðu þjóðunum, að einhverjir hefðu haldið því fram, að það væru vissir formgallar á framkomu Dana í þessu máli hjá Sameinuðu þjóðunum. Hverjir eru þessir formgallar? Eru þeir ef til vill þeir, að sú ályktun, sem liggur fyrir og hæstv. utanrrh. hefur lýst og hv. 2. þm. Reykv. tók svo rækilega til meðferðar, sé helber firra, hreinasta firra, eins og allir Íslendingar vita. Það vita allir, að það hefur engin þjóðaratkvgr. farið fram með Grænlendingum. Sjálfsákvörðunarréttur þeirra hefur ekki verið virtur. Og við Íslendingar vitum líka miklu fleira og meira en flestar eða allar þjóðir aðrar en Danir og Norðurlandabúar um stöðu Grænlands, og við vitum meira um stöðu Grænlands í sögunni en þeir. En þessu tækifæri til þess að skýra það, sem allir Íslendingar vita um landnám Grænlands og stöðu Grænlands gegnum aldirnar, og líka það, sem allir Íslendingar vita um hagsmuni Íslendinga vegna fiskveiða við Grænland, er sleppt, allt þetta verður nú fulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum skipað af hálfu íslenzku ríkisstj. að þegja um.

Ef meiri tími væri til þess að fjalla um þetta mál hér á hv. Alþ., þá væri til dæmis fróðlegt að fá að vita afstöðu íslenzkra útgerðarmanna til þess, hvort þeir telja rétt að fella hér á Alþ. till. um það, að lokun Grænlands, eins og hún hefur verið framkvæmd, verði ekki hagað í framtíðinni gagnvart Íslendingum eins og gert hefur verið. En ef brtt. mín, sem það felst í, að ekki aðeins innlimun Grænlands, heldur einnig lokun Grænlands sé mótmælt af hálfu Íslendinga, er felld, þá þýðir það það, að á það megi ekki minnast á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ég er hins vegar persónulega sannfærður um, að það þyrfti ekki meira til þess að opna Grænland fyrir þeim viðskiptum við aðrar þjóðir, sem eru sjálfsögð meginregla þjóðaréttarins, heldur en það, að Íslendingar vektu á þingi Sameinuðu þjóðanna athygli á hinni ólöglegu lokun Grænlands af hálfu Dana. En ég vil spyrja: Að felldri þessari till. um það, að lokun Grænlands sé mótmælt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, ætlar þá hæstv. ríkisstj. næst að leita samninga við Dani um aðstöðu handa Íslendingum á Grænlandi?

Ég verð að líta svo á, að með þeirri afstöðu, sem fulltrúa Íslands verður fyrirskipuð með samþykkt till. ríkisstj., sé ekki aðeins verið að reyna að girða fyrir, að haldið verði fram í framtíðinni sögulegum réttarkröfum til Grænlands, heldur verði einnig viðurkenndur réttur Dana til að loka Grænlandi.

Ég tel víst, að í þessu máli sem öðrum hafi hæstv. ríkisstj. handjárnað sína þm. til þess að fylgja fram þeirri till., sem hún hefur lagt hér fram.

Ég lýsi ábyrgðinni á því á hendur hæstv. ríkisstj., að ef Alþ. Íslendinga fellir það, að vakið sé máls á hinni ólöglegu lokun Grænlands, þá hefur íslenzka ríkisstj. heldur lítinn grundvöll til þess að krefja Dani um aðstöðu handa íslenzkum fiskiskipum við Grænland. Hún verður að fara bónarveg að Dönum um það.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi mikla þýðingu að færa fleiri og lengri rök fyrir þeim brtt., sem hér eru bornar fram við till. hæstv. ríkisstj. Við höfum reynsluna af því, að hæstv. ríkisstj. og hv. stuðningsmenn hennar hér á þingi flestir eru alveg pottheldir fyrir öllum rökum, jafnvel í hinum stærstu málum.

En það vil ég segja hæstv. ríkisstj. að lokum, að það verður haldið áfram bæði að rannsaka sögulega stöðu Grænlands og hæstv. ríkisstj. mun ekki geta girt fyrir það, að það verði færð sterk rök og frambærileg fyrir þeim sjónarmiðum, sem þegar hafa verið sett fram í þeim málum. Og það verður líka haldið áfram að vekja athygli á þeirri meðferð, sem grænlenzka þjóðin hefur sætt og sætir með því, að fram hjá hennar rétti er gengið í þessum málum. Og það verður líka haldið áfram að benda á þá hagsmuni Íslendinga vegna lokunar Grænlands, sem ríkisstj. er nú að reyna að gera að engu með samþykkt þeirrar till., sem hún hefur lagt hér fram.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins fá orð. Mér fannst, að hv. 6. landsk. teldi það óvirðulegt af Íslendingum að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna hjá Sameinuðu þjóðunum um Grænland. Ég vil bara benda honum á, að það er mjög algengt, að fulltrúar sitji hjá við atkvæðagreiðslu um mál hjá Sameinuðu þjóðunum. T. d. þegar Græn-

landsmálið var afgreitt í 4. nefndinni, þá sátu hvorki meira né minna en 12 þjóðir hjá og 10 mættu ekki, en það er oft talið sama og hjáseta; sumir kjósa heldur að mæta ekki. (Gripið fram í.) Ég skal ekkert um það segja, hvort þeim hefur ekki fundizt, að hér væri einnig að ræða um einhver „prinsip"-mál.

Hv. þm. taldi, að með þessari yfirlýsingu hefðum við ekkert meira um Grænland að segja. Ég mótmæli því. Við erum einn af 60 meðlimum Sameinuðu þjóðanna og höfum jafnréttháttt atkvæði um Grænland og önnur mál þar eins og hver önnur þjóð.

Hv. þm. tæpti á því, hvort við mundum ætla að leita samninga við Dani um einhver fríðindi við Grænland. Ég minntist á það í framsöguræðu minni, að ég teldi það ekkert fráleitt. Þegar Norðmenn töpuðu sinni deilu við Dani, þá sýndu Danir drengskap mikinn við Norðmenn og sömdu við Norðmenn um ýmis réttindi í Grænlandi. En hvernig hefur málið verið nú undanfarið? Íslendingar hafa alltaf horfið frá því að semja við Dani um Grænland, vegna þess að vissir menn hafa látið það koma fram eða látið það á sér skilja, að það mundi þýða, að við afsöluðum okkur kröfuréttindum til Grænlands, ef við semdum við Dani og viðurkenndum þar með eignarrétt þeirra á Grænlandi. Ég vildi aðeins benda á þetta atriði.

Hv. 4. þm. Reykv. fannst mér vera svolítið móðgaður við mig, af því að mér fannst hann tala heldur óvirðulega um skandinavísku þjóðirnar, okkar bræðraþjóðir, út af því, að þær hafi beitt einhverjum bolabrögðum í Grænlandsmálinu. Hann dró það mjög í efa, að Danir hefðu varðveitt sjálfsákvörðunarrétt Grænlendinga, en þær þjóðir eða þeir fulltrúar, sem hafa um málið fjallað hjá Sameinuðu þjóðunum, hafa lýst því yfir, að bæði svör og skýringar frá flytjendum tillögunnar hafi verið talin fullnægjandi. Meira vil ég ekki um það segja.

Forseti (JörB): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. (*EOl:* Það eru tilmæli um, að umr. verði frestað og málinu vísað til utanrmn.) Það hefði nú verið mjög svo æskilegt, ef það hefur vakað fyrir hv. þingmönnum, að það hefði komið fram fyrst í umræðunni. (*EOl:* Ég er búinn áður að gera þá till. til forseta, og ég óska eftir, að hún sé borin upp.) Það hefur hv. þm. ekki gert. Hann hefur alveg nú í þessu haft orð á því, að það væri réttast að fresta þessari umr., en það getur maður ekki tekið sem fullgilda kröfu. Nú er því einnig yfir lýst, að það þarf að fá afgreiðslu málsins það fljótt, að unnt sé að koma skeytum til sendimanna Íslands í Ameríku, svo að það er ekki hægt að skjóta afgreiðslu þessa máls á frest. (*EOl:* Eitt orð um þingsköp, forseti.) Að sjálfsögðu skal ég veita hv. 2. þm. Reykv. það, en það mun ekki raska að neinu þeirri ákvörðun, að umr. er lokið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég gerði það að minni till., fyrst við forseta persónulega með því að ganga til hans og síðan úr sæti mínu, að þessu máli væri vísað til utanrmn., og mér finnst það ekki óeðlilegt, að slíkt mál fái þá meðferð. Nú tilkynnir hæstv. forseti, að það liggi svo mikið á að afgreiða málið, að það þurfi að koma ályktunum ríkisstj. og Alþingis til New York fyrir mánudag.

Ég vil nú leyfa mér að spyrja: Fyrst atkvgr. á ekki að fara fram nú í nótt um þetta mál, hvenær á þá fundur að verða um þetta mál? Vakir það ef til vill fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa ekki atkvgr. um þetta mál fyrr en á mánudag? Er meiningin að fresta málinu til mánudags, þannig að það verði ekki hægt að koma til New York öllum þeim skilaboðum frá Alþingi Íslendinga, sem t. d. utanrmn. við góða rannsókn málsins og þm. við frekari íhugun þess kynnu að komast að niðurstöðu um? Með fundi á mánudag um þetta mál er girt fyrir það, að það væri tími lengur til að skýra og senda til New York þær ályktanir, sem Alþingi Íslendinga kynni að gera í þessu máli. Við skulum segja, að Alþingi Íslendinga kynni t. d. að álykta að senda svo og svo mikið af gögnum um málið, upplýsingum, sem fram hafa komið, en þá væri ekki lengur orðinn tími til þess að koma öllum þeim gögnum. M. ö. o. á að hindra Alþingi Íslendinga í því að geta látið Sameinuðu þjóðirnar vita allan sannleikann í málinu. Það er sem sé samsæri þarna hjá ríkisstj. með Dönum um að koma í veg fyrir, að raddir Íslands heyrist í New York viðvíkjandi þessu, vegna þess að svo framarlega sem utanrmn. kynni að vitkast eitthvað dálítið við rannsókn á málinu og Alþ. að samþykkja eitthvað annað en ríkisstj. vill, þá er búið að girða fyrir það með því að halda áfram fundi á mánudag. Ég skal taka þetta allt aftur, sem ég hef sagt, ef fundurinn á að vera á morgun — allt saman. En nú ætla ég að biðja hæstv. forseta að upplýsa mig, af því að ég varð var við þessa tilhneigingu í dag hjá hæstv. forsrh. að vilja helzt ekki hafa þennan fund í kvöld, heldur að vilja hafa fundinn á mánudag og byrja á mánudagsmorgun, geta skorið niður umræðurnar nógu snemma, haft nógu skamman tíma til þess, ef Alþ. skyldi samþykkja eitthvað annað en ríkisstj. vill, að þá kæmi ekki sá vilji fram. (Gripið fram í.) En ég gæti trúað, að Alþ. ályktaði að senda t. d. alla þá ræðu, sem 6. landsk. hefur haldið hérna, til New York, — það gæti vel verið, meira að segja þó að menn væru ekki sammála henni, til þess að gera einn hlut, og það er að láta Sameinuðu þjóðirnar fá að heyra, hvaða skoðanir væru uppi í þessu máli; það vekti t. d. fyrir ríkisstj., sem vildi gjarnan upplýsa Sameinuðu þjóðirnar. En það vakir ekki fyrir hæstv. ríkisstj. Hún vill ekki eiga það á hættu, að Alþ. geri neina samþykkt, sem kynni að þýða það, að Sameinuðu þjóðirnar væru upplýstar um ganginn í þessum málum. Ég tók hér t. d. fyrir plaggið, sem liggur fyrir Sameinuðu þjóðunum, frá verndargæzlunefnd, og sýndi fram á, hvernig það væri.

Það á sem sé að koma í veg fyrir það, ef það á ekki að verða fundur fyrr en á mánudag, að nokkuð, sem Alþ. kynni að samþykkja og vildi senda og vildi leggja fyrir fulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að bera fram, gæti kom-

izt þangað. En eins og ég sagði áðan, skal ég gjarnan taka það aftur, sem ég nú hef sagt, ef það er meiningin, að við höldum áfram á morgun. En ef það er meiningin að halda áfram á mánudag, þá vil ég ítreka mína tillögu, að málinu sé vísað til utanrmn., því að þá hefur hún sannarlega nógan tíma til þess að starfa, og ég vil óska eftir, að sú till. sé borin upp.

Forseti (JörB): Hv. 2. þm. Reykv. vildi ég mega segja það, að það mun verða reynt að sjá svo um, að afgreiðsla þessa máls fari það tímanlega fram, að vitneskja geti borizt sendimönnum Íslands til Ameríku um úrslit málsins. (Gripið fram í.) Það er til of mikils mælzt, að hv. 2. þm. Reykv. taki nú allt aftur, sem hann er búinn að segja hér í kvöld, og umræða haldi áfram aðeins vegna þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 22. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (A. 180, 181, 183, 184, 185).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta mál allt, sem hér er til afgreiðslu, hefur komið það seint fyrir á þinginu, að ekki vinnst tími til að láta allt það, sem hér hefur komið fram, koma fram á þeim vettvangi, sem eðlilegt hefði verið í sambandi við afgreiðsluna hjá Sameinuðu þjóðunum á svo þýðingarmiklu máli sem þessu. Þetta mál fékkst ekki sent til utanrmn., svo að það liggja ekki fyrir nein nál. frá henni. Nú vildi ég leyfa mér að beina þeirri ósk og um leið fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort hún mundi ekki senda þær brtt., sem hér hafa nú komið fram, ásamt till. eins og hún verður samþ., til fulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, ásamt skýrslu um afgreiðslu málsins í þinginu, þannig að það liggi fyrir hjá fulltrúum Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, hvert álit Alþingis í heild er á þessu máli. Ég álít, að í slíku máli sem þessu væri það ákaflega eðlilegt og sjálfsagt, og get ekki séð, að hæstv. ríkissti. geti haft neitt við það að athuga, að fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum fái að vita skoðun alþm. eins og hún kemur fram í atkvgr. um brtt. Ég vildi leyfa mér að óska þess, að hæstv. ríkisstj. segði okkur það nú, — af því að það verður sent vafalaust nú strax á eftir, — hvort henni fyndist nokkuð við það að athuga.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 2. þm. Reykv. get ég lýst yfir, að ég mun senda fulltrúum okkar nú strax á eftir niðurstöður Alþ. í þessu máli. Eftir því sem mér skildist, fór hv. þm. fram á það, að allar brtt. væru sendar vestur, en ég mun taka til athugunar, hvort ég tel þess þörf. Ég mun tala við fulltrúa okkar, form. nefndarinnar fyrir vestan, sendiherrann Thor Thors, og segja honum um niðurstöður Alþingis.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég var nú ekki alveg viss í, hvernig ég ætti að skilja svar hæstv. utanrrh., hvort brtt. mundu verða sendar eða hvort hann mundi aðeins segja okkar fulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum frá, hvernig farið hefði. Ég álít satt að segja viðkunnanlegt, að fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum viti alveg um skoðun Alþ., ekki aðeins meiri hlutans, heldur Alþ. í heild, í þessu máli. Og ég held, að það sé miklu viðkunnanlegra, að hæstv. ríkissti. komi heildarskoðun Alþ. þar á framfæri heldur en að það yrði gert á annan hátt.

ATKVGR.

Brtt. 183 felld með 31:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, KGuðj, LJós, PO, SG, BergS, BrB, EOl, FRV, GilsG, GíslJ, GJóh, HÁ, JörB.

nei: IngF, IngJ, JóhH, JK, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, KS, EI, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GTh, HelgJ, HermJ.

EggÞ, GÍG, GÞG, HV, HG greiddu ekki atkv.

2 þm. (JJós, MJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Enda bótt við bm. Þjóðvfl. höfum borið fram brtt. í þessu máli og þó að sú till. hafi að okkar dómi þann kost umfram aðrar brtt., sem hér hafa verið bornar fram, að í henni felst glöggur rökstuðningur í þessu máli, þá tel ég samt, þar sem sú till. er ekki komin til atkv. enn, rétt að freista þess að fá hvaða breytingu sem hægt er á því glapræði að samþykkja till. hæstv. ríkisstj., og þar sem bæði þessi till. og brtt. hv. 6. landsk. (FRV) fela í sér mótmæli gegn innlimun Grænlands í Danmörku, og það tel ég meginatriði málsins, þá mun ég greiða báðum þessum till. atkv. og segi því já við þessari till.

Brtt. 181 felld með 31:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, BergS, BrB, EOl, FRV, GilsG, GíslJ, GJóh, HÁ, KGuðj, LJós, PO, JörB.

nei: SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, KS, EI, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GTh, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, SÁ.

EggÞ, GÍG, GÞG, HV, HG, JPálm greiddu ekki atkv.

2 þm. (JJós, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 184 felld með 31:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FRV, GilsG, GJóh, KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EOl.

nei: EmJ, EystJ, GíslG, GTh, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, KS, EI, EirÞ.

GíslJ, GÍG, GÞG, HÁ, HV, HG, JPálm, PO, EggÞ, JörB greiddu ekki atkv.

2 þm. (JJós, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 185 felld með 30:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós.
nei: PZ, PÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, KS, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GTh, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, ÓTh.
PO, GíslJ, HÁ, JPálm, JörB greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJós, MJ) fjarstaddir.
7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Þar sem þegar er búið að fella allar þær brtt., sem gátu haft einhverja verulega breytingu í för með sér á till. ríkisstjórnarinnar, en þessi till., sem hér liggur fyrir, gengur þó í ofur lítið aðra átt, þó að mér sýnist vera mótsögn í sjálfri till., þá segi ég samt sem áður já við tillögunni.

Brynjólfur Bjarnason: Ég er algerlega efnislega andvígur þessari till. og áliti það fráleitt, að fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hefði þá afstöðu, sem í henni felst. Samt sem áður er þessi till. að því leyti skárri en till. ríkisstj., að í henni felst sá fyrirvari, að Íslendingar telji afgreiðslu málsins ekki þjóðréttarlega bindandi. Þess vegna greiði ég atkv. með þessari till. sem brtt., en geri ráð fyrir því, að till. verði borin upp svo breytt, og mundi þá greiða atkv. á móti henni. Ég segi já.

Einar Olgeirsson: Með tilvísun til grg. hv. 2. landsk. segi ég já.

Finnbogi R. Valdimarsson: Já, með tilvísun til grg. hv. 2. landsk.

Gunnar Jóhannsson: Með fyrirvara 2. landsk. segi ég já.

Karl Guðjónsson: Með fyrirvara 2. landsk. segi ég já.

Lúðvík Jósefsson: Ég segi já og skírskota til fyrirvara 2. landsk.

Tilgr. samþ. með 30:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BBen, KS, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GTh, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB.
nei: BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GíslJ, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, HG, JPálm, KGuðj, LJós, PO, SG, BergS, JörB.
2 þm. (JJós, MJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Haraldur Guðmundsson: Þar sem hjáseta á þingi Sameinuðu þjóðanna þýðir sama og að afsala um aldur og ævi þeim réttindum, sem Ísland kann að eiga til Grænlands, en slíka ákvörðun tel ég ósæmilegt að gera á svo flaustursleg an hátt sem hér er á hafður, m. a. með tilliti til fiskveiða við Grænland, þá verð ég að vera á móti þessari till., þó að ég út af fyrir sig sé því samþykkur, að ekki sé ástæða til þess að halda lengur skyldu Dana til að gefa skýrslur til Sameinuðu þjóðanna um Grænland. Ég segi því nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 30:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BBen, KS, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GTh, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB.
nei: BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GíslJ, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, HG, JPálm, KGuðj, LJós, PO, SG, JörB.
2 þm. (JJós, MJ) fjarstaddir.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 188).

Einar Olgeirsson: Ég ætla að leyfa mér sökum þess, hve ógreinileg svör voru áðan frá hæstv. ríkisstj. um, hvort álit Alþingis fengi að koma fram til fulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, að endurtaka nú spurningu mína til hæstv. ríkisstjórnar, hvort fulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum verði símaður sá árangur, sem hér liggur fyrir, hvernig Alþ. hefur samþykkt þetta, með hvaða mótatkvæðum, og hvaða till. hafa verið felldar.

Ég vil enn fremur vekja eftirtekt á því, að það fékkst ekki borið upp, að málið væri sent til utanrmn. En það kemur fram við atkvgr. þessa máls, að form. utanrmn. er ekki á fundinum, að helmingur af þeim nm. í utanrmn., sem hér eru staddir og greiða atkv., greiðir atkv. gegn og aðeins helmingurinn með, og það hefði þótt söguleg afgreiðsla í utanrmn., ef til hennar hefði komið, að slík afstaða væri tekin til tillögu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að ríkisstj. segi, hvort það verður símað nákvæmlega, hvernig þessi till. var samþykkt hér, með hvaða atkvæðagreiðslum.

4. Gistihús í landinu.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um gistihús í landinu [68. mál] (A. 90).

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Till. þessi til þál., sem ég flyt, er um gistihús í landinu; nánar tilgreint, að Alþ. óski þess, að ríkisstj. láti fara fram athugun á gistihúsaþörf landsmanna og undirbúi fyrir næsta reglulegt Alþ. tillögur, er miði að því að greiða fyrir stofnun gistihúsa og tryggja rekstur þeirra.

Ég ber þetta mál hér fram vegna þess, að ég tel, að það sé mjög brýn nauðsyn að bæta

úr þörf landsmanna allra, bæði í þéttbýli og dreifbýli, um gistihús. Ég tel, að þetta mál hafi orðið mjög út undan íhlutun Alþingis og ríkisstjórnar fremur flestum þeim félagslegum málefnum, sem veitt hefur verið aðstoð. Það ber á það að líta, að samgöngur eru æ greiðari um landið og fólksstraumurinn vex. Margt ber þar til, t. d. efnaleg velmegun fólksins svo og orlof, sem nú hefur verið komið á, enn fremur er orðinn mjög aukinn vilji hjá þjóðinni allri að kynnast landinu. Það er mjög erfitt fyrir þetta fólk, þegar það er á ferðalögum, ef það getur hvergi leitað hælis á sæmilegum stöðum að kvöldi.

Ég tel, að þetta mál sé svo aðkallandi, að ekki megi lengur láta undir höfuð leggjast að veita því einhverja verulega aðhlynningu frá því, sem nú er. Eins og hv. Alþingi er kunnugt, er langt frá því, að meira að segja hér í höfuðstaðnum hafi verið séð fyrir þessum málum eins og skyldi, og er því oft þröng hér fyrir dyrum, þegar menn ber að garði á sumrin. Síður mun það vera á vetrum, vegna þess að þá eru útlendingar minna á ferð hér.

Það hefur verið talað um Ísland sem mikið ferðamannaland framtíðarinnar, og ég tel, að einmitt þetta mál, sem ég flyt hér, geti gripið mjög inn í þá hugmynd og hljóti að gera. Málið hefur verið rætt í blöðum og víðar, og hefur jafnan komið fram, að ekki er bjóðandi útlendingum inn í land, sem getur ekki tekið á móti þeim sómasamlega. Og ekki á þetta sízt við um dreifbýlið, þar sem ekki eru neinir gististaðir til, og allvíða er það svo í þorpum, að ferðamenn verða að leita á náðir okkar, sem í þeim búum, til að fá gistingu.

Ég ætla ekki að halda neitt langt erindi um þetta. Ég tel, að þess sé ekki þörf hér. En ég vona, að þessi till. mín fái þinglega meðferð, henni verði vísað til nefndar og hún verði afgreidd þaðan.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 90, n. 162).

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Þessa till. til þál. um gistihús í landinu hefur allshn. tekið til athugunar og afgreitt með lítils háttar innskoti, þ. e. að Ferðaskrifstofa ríkisins verði kvödd til ráða með ríkisstj. til að ráða fram úr málunum.

Allshn. mælir með, að till. verði samþ. svo breytt. Þakka ég hv. meðnm. mínum fyrir afgreiðslu á þessu máli, sem ég er flm. að, og vænti góðs af afgreiðslu málsins á Alþingi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér þykir nú eiginlega ekki nema hálfköruð meðferð þessa máls hér. Ég veit ekki betur en að skipuð hafi verið n. að tilhlutun þáverandi ráðh. — ég held, að það hafi verið í ráðherratíð Hermanns Jónassonar — til þess að athuga um þessi mál, og hafi verið leitað samráðs við samtök gistihúsaeigenda, Ferðaskrifstofu og marga fleiri aðila, og allmikill efniviður frá þeirri n. liggi þegar fyrir, sem æskilegt hefði verið að þn., sem um þessi mál fjallaði, hefði haft aðstöðu til að kynna sér. Er þá og spurning, hvort hér er ekki verið að fara fram á að skipa n., sem þegar er búin að starfa fyrir nokkrum árum og liggja þegar fyrir nokkrar till. frá. Mér hefur því miður ekki gefizt kostur á því að athuga þetta nánar, en ég vil einnig taka það fram, að ég bjóst jafnframt við því, að það mundi eitthvað koma fram um þetta strax í öndverðu við meðferð málsins hér og ekki sízt eftir að málið fór til nefndar og sætti meðferð þar. Ég tel þess vegna fulla nauðsyn á því, úr því að n. hefur ekki tekið sér fyrir hendur að athuga það, að það væri athugað betur, áður en endanleg afgreiðsla þessa máls færi fram.

Í öðru lagi er það svo, að ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. og hefði heldur óskað, að gæfist nokkurt tóm til þess. Hv. allshn. hefur lagt til, að það eigi að fara fram athugun á gistihúsaþörf í landinu og undirbúa í samráði við Ferðaskrifstofu ríkisins fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur. Ja, ég leyfi mér nú að segja, vegna hvers sérstaklega í sambandi við Ferðaskrifstofu ríkisins? Það eru margar aðrar ferðaskrifstofur hér í landinu. Það er samband, víðtækt samband veitingamanna og gistihúsaeigenda hér í landi, og það er nýstofnað áhugamannafélag í ferðamálum. Hefði ég þess vegna viljað leggja til og mundi gera það í skriflegri till., ef ekki gæfist kostur til frests, að fleiri aðilar væru þarna tilnefndir, úr því að á annað borð var farið að nefna nokkra aðila sérstaklega, því að að sjálfsögðu hefði ríkisstj. í sambandi við þá athugun, sem aðaltill. fór fram á, getað leitað samráðs við Ferðaskrifstofu ríkisins og alla þessa aðila, og hefði ekki verið nema eðlileg meðferð málsins. Brtt. frá n. finnst mér því lítils virði og naumast mega standa öðruvísi en að hún sé þá útfærð nánar og bent á marga fleiri aðila, sem engu síður ættu að eiga hér hlut að máli en þessi blessaða Ferðaskrifstofa ríkisins, sem hefur nú notið þeirrar miklu náðar að verða sérstaklega tilgreind.

Ég leyfi mér þess vegna að óska eftir því fyrst og fremst, að málinu verði frestað, til þess að nánari athugun fari fram á fyrri meðferð þessa máls, skipun og störfum nefndar, sem mun ekki vera nema eins eða tveggja ára gömul, kannke tveggja ára í hæsta lagi, — en ef ekki yrði við því orðið, þá gæfist mér kostur til að leggja fram skriflega brtt.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 2. des., var fram haldið síðari umr. um till.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins viðhafa um þetta nokkur orð, vegna þess að ég átti hlut að máli eða óskaði eftir því hér ekki alls fyrir löngu, að málinu yrði frestað,

til þess að þingmönnum gæfist kostur á að athuga meðferð mjög hliðstæðs máls áður, sem ég vitnaði til, nefndarskipun um gistihúsamálin. Ég hef nú síðan haft aðstöðu til þess að athuga þær skýrslur, sem fyrir liggja frá þeirri n., og ég tel ekki, að það sé á neinn hátt þannig, að þess vegna sé ekki full þörf á þessari till., sem nú er flutt. Sérstaklega kemur það í ljós við nánari athugun, að hennar verkefni var að verulegu leyti miðað við tímabundið atriði, þ. e. hún lagði fram sérstakar tillögur um það, hvernig hægt væri að koma því til leiðar, að stúdentagarðarnir yrðu tiltækir á því sumri, sem þá fór í hönd. En n. skilaði áliti sínu 31. marz 1951, og niðurstöður hennar voru sem sagt aðallega varðandi stúdentagarðana, Laugarvatnsskólann, fjárstyrk til hans, og svo almennt um aukið hreinlæti á þeim gististöðum, sem til eru.

Það voru nú fleiri atriði, sem þessi n. fjallaði um, m. a. um gistihúsasjóð, en þó engan veginn þannig, að ég telji, eftir að hafa haft aðstöðu til að athuga málið, að þessi till. eigi ekki fullan rétt á sér, og lýsti ég því strax í upphafi, að efnislega væri ég henni samþykkur. Hins vegar er ég andvígur þeirri brtt., sem hv. allshn. hefur flutt, sem er umorðun á till. og efnislega sú ein, að ríkisstj. á að láta framkvæma athugun á gistihúsaþörf í landinu í samráði við Ferðaskrifstofu ríkisins, og það er sú brtt., sem frá n. kemur. Um það var ekkert sérstakt tekið fram í frumtillögunni, og tel ég hana eðlilegri, vegna þess að það eru margir aðrir aðilar, sem engu síður ætti að hafa samráð við í þessu sambandi en Ferðaskrifstofu ríkisins. Það eru margar aðrar ferðaskrifstofur og Samband veitinga- og gistihúsaeigenda og fleiri aðilar. Það má segja, að þetta sé ekki mikilvægt atriði, en ég fyrir mitt leyti mun greiða atkv. á móti brtt. n., en fylgja till. eins og hún var upphaflega flutt af hv. þm. V-Ísf.

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Ég fyrir mitt leyti get alveg fallizt á, að þessi smábreyting falli niður, út af fyrir sig, því að ég er sammála hv. 5. þm. Reykv. um, að það gæti verið alveg eins ástæða til að leita þá til margra fleiri aðila, en ég tel, að það sé þá ríkisstjórnarinnar að leita til þeirra aðila og hafa þá í samráði, þegar hún gerir sínar ráðstafanir eða hefst handa um málið.

ATKVGR.
Brtt. 162 (ný tillgr.) samþ. með 18:11 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 231).

5. Gistihús á Þingvöllum.

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um gistihús á Þingvöllum [47. mál] (A. 52).

Á 6. fundi í Nd., 19. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Nd., 21. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ásamt hv. þm. N-Ísf. (SB) flyt ég þessa till. til þál. um gistihús á Þingvöllum.

Þingvellir eru í augum allra Íslendinga helgur staður. Þar hafa margir þeir atburðir gerzt, sem stærst spor marka í sögu íslenzku þjóðarinnar. Á stundum hefur þangað safnazt mikið fjölmenni, og er þar skemmst að minnast Alþingishátíðarinnar 1930 og lýðveldisstofnunarinnar 1944. En þó að ekki sé slíkt fjölmenni þar saman komið á sérstökum hátíðastundum, þá er til Þingvalla stöðugur straumur ferðamanna, innlendra og erlendra. Því veldur bæði hin sögulega frægð staðarins og einstæð náttúrufegurð.

Alþingi Íslendinga hefur að sjálfsögðu gert sínar ráðstafanir til þess að prýða þennan sögufræga helgistað. 1928 voru samþykkt hér á Alþingi lög og með þeim ákveðið, að frá ársbyrjun 1930 skyldu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Sérstök nefnd, Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefur á hendi yfirstjórn og eftirlit á þessum stað.

Þó að margt hafi þar verið vel gert síðan, á þessum aldarfjórðungi, skortir að sjálfsögðu enn á í ýmsum efnum. Nýskeð hefur Þingvallanefnd haft forgöngu um að reisa kirkju á Þingvöllum í stað þeirrar gömlu kirkju, sem þar er nú, til minningar fyrst og fremst um kristnitökuna árið 1000. Það eru mörg verkefni önnur, en eitt þeirra er að koma upp myndarlegu gistihúsi á Þingvöllum. Þar er nú gistihúsið Valhöll, sem er nærri hálfrar aldar gamalt timburhús, hefur síðan verið flutt til og bætt við það og aukið. En það fullnægir á engan hátt þeim kröfum, sem gerðar eru til gistihúsa nú, og veit ég, að það er ekki sízt þeim ágætu mönnum ljóst, sem eru eigendur gistihússins og reka það, að húsakynnin eru með þeim hætti, að ekki er hægt að reka þar gistihús við hæfi. Að sjálfsögðu hefur það mikinn kostnað í för með sér að koma þar upp gistihúsi. Ég geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að vera neitt „lúxus"-gistihús, ef nota má það orð; það þarf þó að vera virðulegt og fagurt, svo sem hæfir helgi staðarins, hóflegt um leið. En það er ljóst, að allmikið fé þarf til þeirrar byggingar, og viðbúið er, að rekstur slíks gistihúss geti ekki allajafna borið sig. Nú er það einnig svo, að það er aðeins skammur tími ársins, sem gistihúsið er opið, eða 2—3 mánuðir á ári, um hásumarið. Hins vegar mundu margir fagna því að geta komið til Þingvalla, dvalizt þar og gist einnig á öðrum tímum árs, vor og haust og jafnvel að vetrarlagi, þegar samgöngur leyfðu.

Ég geri ráð fyrir, að eðlilegast væri að byggja gistihús á Þingvöllum með þeim hætti, að nokk-

urn hluta þess mætti taka úr notkun þá mánuði ársins, sem aðsókn væri minni, til þess að draga úr rekstrarkostnaði, en hafa það svo allt í fullum rekstri um þá sumarmánuði, þegar aðsókn og ferðamannastraumur er mestur.

Sumir hafa rætt um það, að í rauninni ætti ríkisvaldið sjálft að reisa og reka slíkt gistihús. Um það skal ég ekki dæma á þessari stundu. Það má vel vera, að einstakir aðilar, félög og samtök væru reiðubúin til samstarfs og til fjárframlaga, m. a. er mér tjáð, að þeir, sem nú reka gistihúsið Valhöll, muni hafa hug á að leggja sinn skerf fram til slíkrar byggingar og rekstrar.

Það, sem farið er fram á með þessari till., er, að hæstv. ríkisstj. hafi forgöngu um undirbúning málsins, án þess að nokkuð sé ákveðið á þessu stigi um fjárframlög af ríkisins hendi eða þátttöku þess. Það, sem þarf að undirbúa, er í fyrsta lagi staðarvalið, í öðru lagi að gera sér grein fyrir, hver væri eðlileg og hófleg stærð gistihússins og fyrirkomulag allt, í þriðja lagi þyrfti að gera áætlanir um byggingarkostnað og rekstrarkostnað, í fjórða lagi, hvaða aðilar þarna kæmu helzt til greina til að standa að stofnun og rekstri gistihússins, og svo í sambandi við það og þá í fimmta lagi um fjáröflun.

Ég geri ráð fyrir, að í þeim undirbúningi, sem hafinn verður að sjálfsögðu, ef þessi till. verður samþykkt, verði fyrst og fremst haft náið samstarf við Þingvallanefnd.

Ég vil ítreka, að með þessari till. er aðeins ætlunin að hreyfa þessu nauðsynjamáli og gera ráðstafanir til að hefja undirbúning þess, en ekki að Alþ. á einn eða annan hátt skuldbindi sig til fjárframlaga í þessu skyni, heldur koma svo þær till., sem undirbúnar verða um fyrirkomulag, fjáröflun og önnur atriði, síðan til ríkisstj. og þá væntanlega fyrir Alþ. síðar meir.

Ég vildi vænta þess, að hv. þd. taki þessari till. vel, og legg til að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.

Till. vísað til samgmn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 52, n. 217, 221).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. hefur rætt þetta mál allýtarlega og leitað álits um till. hjá þremur aðilum, sem hún taldi að sérstaklega hefðu hagsmuna að gæta í sambandi við afgreiðslu málsins, þ. e. hjá Þingvallanefnd, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda og hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. Allir þessir aðilar hafa talið, að brýna nauðsyn bæri til þess að byggja myndarlegt veitinga- og gistihús á Þingvöllum og að hér væri um þjóðþrifamál að ræða, sem snúast bæri að hið fyrsta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða fyrir hönd n. um málið. Meiri hl. hennar leggur til, að till. verða samþ. óbreytt og telur nauðsynlegt, að á henni sé jafnákveðið orðalag og hún upprunalega bar með sér, þannig að í ljós komi alveg hiklaus og ótvíræður vilji Alþingis til þess, að í raunhæfar framkvæmdir verði ráðizt í þessum efnum.

Hv. minni hl. n. hefur hins vegar talið rétt að orða till. nokkuð óákveðnar, og skal ég ekki gera þá brtt. að umtalsefni, sem þeir hafa flutt, hv. þm. V-Ísf. og hv. þm. Dal. En ég hygg, að ég geti sagt fyrir hönd n. allrar, að hún hafi skilning á nauðsyn þess, að upp verði komið veitingahúsi á Þingvöllum, sem sé þannig búið, að samboðið sé virðingu staðarins og þörf þjóðarinnar.

Það er alveg áreiðanlegt, að í hugum Íslendinga á enginn staður meira rúm en Þingvellir. Til einskis staðar á Íslandi utan höfuðborgarinnar koma fleiri menn, innlendir og erlendir, á ári hverju. Það er hins vegar staðreynd, að þar er mjög ófullkomið og lélegt veitingahús, sem engan veginn fullnægir þeim þörfum, sem fyrir hendi eru, þó að það sé rekið af vel hæfum og dugandi mönnum. Það var þess vegna álit okkar flm., — og ég held, að það sé álit n. í heild, þó að nokkur hluti hennar flytji brtt. við hina upprunalegu till., — að nauðsyn beri til þess, að úr þessum gistihússkorti á Þingvöllum verði bætt og þar rísi á næstunni vel búið gistihús af hóflegri stærð, sem samsvari þeim kröfum, sem gera verður til slíkra stofnana í landi, sem vill telja sig setið og byggt af menningarþjóð.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Af því að hv. fyrri flm. brtt. á þskj. 221 er ekki hér staddur, vildi ég aðeins segja nokkur orð.

Ég er hv. þm. N-Ísf. algerlega sammála um, að það sé nauðsynlegt að reisa á Þingvöllum gistihús, sem sé „samboðið virðingu staðarins og eftir þörf þjóðarinnar", eins og hann orðaði það. En það, sem ber á milli í þessum tveimur till., sem hér liggja fyrir hv. Alþingi, er það, að við í minni hl. n. leggjum til, að áður en nokkur undirbúningur sé hafinn, sé ríkisstj. falið að láta athuga möguleika á gistihúsbyggingu á Þingvöllum og þá sérstaklega, hvaða aðilar vilji standa að slíkri byggingu og sjá um reksturinn. Það kemur ósjaldan fyrir, þegar hafnar eru framkvæmdir hér á landi á einu eða öðru sviði, að það verður að stöðva þær vegna peningaleysis eftir nokkur ár, og stafar það af því, að upphaflega er ekki hugsað nógu vel til enda í málinu eða hverjir vilja taka baggann á sig í einu eða öðru. Og það er ekki nóg með það, þó að gistihús rísi upp á Þingvöllum og einhverjir aðilar vildu sjá um að koma því upp myndarlegu og vel úr garði gerðu, heldur þyrfti eigi síður að tryggja hitt, að einhverjir aðilar eða aðili vildi sjá um rekstur gistihússins í framtíðinni.

Það er veruleg þörf á því hér á landi að athuga bæði byggingu gistihúsa og gistihúsarekstur almennt í landinu. Nú fyrir nokkrum dögum hefur hv. Alþingi samþ. till. í þessum efnum, og það er ekki kveðið fastar að orði þar en svo, að athuga skuli gistihúsaþörfina, og ég álít, að Þingvöllum, þótt þeir séu mjög kærir í hjörtum okkar allra, sé ekki nein óvirð-

ing gerð, þótt við setjum þá á sama bekk að því leyti til, að það séu athugaðir möguleikarnir á því, hverjir vilji standa að gistihúsbyggingunni og síðan að rekstrinum. Þegar þessi atriði liggja ljóslega fyrir, verður sjálfsagt hafizt handa og það kannske af enn meiri krafti en ef þegar væri byrjað með einhvern undirbúning, en lægi ekki nógu ljóslega fyrir, áður en verkið væri hafið, hvaða möguleikar væru á því að starfrækja gistihús á Þingvöllum eins myndarlega og við viljum vera láta. Við erum allir sammála um það, að reisa beri myndarlegt gistihús á Þingvöllum. En ég tel, að með þeirri till., sem hér liggur frammi frá minni hl. n., séu þau atriði málsins tryggð í upphafi, sem tryggja ber, og að síðan megi taka málið til nánari athugunar, eftir því sem þá á við, án þess að slá nokkru föstu um, að reisa beri gistihús, fyrr en grundvallaratriðin eru rannsökuð eins og við í minni hl. leggjum til.

ATKVGR.
Brtt. 221 felld með 16:5 atkv.
Tillgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 244).

6. Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Sambandslýðveldisins Þýzkalands [118. mál] (A. 233).

Á 22. fundi í Sþ., 7. des., var till. tekin til fyrri umr.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Útbýtt hefur verið þáltill. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Sambandslýðveldisins Þýzkalands. Samkomulag þetta var undirritað í París hinn 23. okt. s.l., og þarfnast það fullgildingar allra aðildarríkja til þess að öðlast gildi.

Þar sem Atlantshafssamningurinn var á sínum tíma samþykktur af Alþingi og síðan viðbót við hann um aðild Grikklands og Tyrklands, er það álit ríkisstj., að Alþingi skuli einnig fjalla um viðbótarsamkomulag þetta.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa varnir Norður-Atlantshafsbandalagsins eflzt mjög á undanförnum árum. Mun það álit flestra, að með þeim samtökum hafi verið stuðlað að því, að friður héldist í heiminum. Það er skoðun Norður-Atlantshafsríkjanna, að varnir Vestur-Evrópu séu ekki nægjanlegar án þátttöku Vestur-Þýzkalands. Nú er verið að gera ráðstafanir til þess, að þátttaka Sambandslýðveldisins Þýzkalands verði að veruleika. Ríkisstj. er því þeirrar skoðunar, að aðild sambandslýðveldisins að Norður-Atlantshafsbandalaginu muni mjög styrkja varnir Vestur-Evrópu og þannig auka friðarhorfurnar í heiminum. Vestur-Þýzkaland verður einnig aðili að hinum svokallaða Brüssel-samningi, en með honum verður það í nánum tengslum hernaðarlega, fjármálalega og menningarlega við Bretland, Frakkland og Benelux-löndin. Má það vera öllum gleðiefni, að margþætt samvinna takist með þessum ríkjum, sem tvisvar á þessari öld hafa verið andstæðingar í styrjöldum.

Margir hafa látið í ljós ótta við það, að með endurvopnun Þýzkalands væri endurvakinn hinn prússneski hernaðarandi. Tæplega er hægt að búast við því, að jafnstórt og mannmargt ríki og Vestur-Þýzkaland verði til langframa óvopnað, meðan Austur-Þýzkaland og nálæg ríki í austri og vestri eru öll grá fyrir járnum. Vandinn með hervæðingu Vestur-Þýzkalands hefur því verið sá að finna leið, sem tryggði það, að þýzkum vopnum yrði hvorki beitt til árásar né til þess að endurheimta lönd, enda þótt hervæðing yrði leyfð. Stjórnmálamenn Norður-Atlantshafsríkjanna telja, að með aðild Vestur-Þýzkalands að Brüssel-samningnum og Norður-Atlantshafsbandalaginu sé trygging fyrir því fengin, enda hervæðing og vopnasmíð Vestur-Þýzkalands undir öruggu eftirliti hinna ríkjanna.

Það er talið öruggt, að upptaka Vestur-Þýzkalands í Norður-Atlantshafsbandalagið verði samþ. af hinum 14 bandalagsríkjum. Noregur hefur þegar fullgilt viðbótarsamninginn gegn örfáum atkvæðum. Sama mun verða í Danmörku. Í Bretlandi er það vitað, að stjórnarandstaðan því nær óskipt styður stjórnina í þessu máli. Sama mun vera í Benelux-löndunum þrem. Ég tel, að svo óskipt almenningsálit í löndum þeim, sem mest eiga í húfi, hvernig máli þessu reiðir af, sé trygging fyrir því, að hér sé verið á réttri braut. Legg ég því til, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var. eins og öllum er kunnugt, samþ. hér á hv. Alþingi 30. marz 1949, að afloknum miklum umræðum um það, hvað sá samningur, sem Alþingi var þá ætlað að samþykkja, hefði í sér fólgið, sem þýðingu hefði fyrir Ísland. Það voru þá til menn, sem fullyrtu, að í þeim samningi fælust alls engar skuldbindingar, sem Ísland tæki að sér vegna þátttöku í þessu bandalagi. Tveimur árum seinna, árið 1951, komst svo íslenzka þjóðin að raun um það, hvað þátttakan í Atlantshafsbandalaginu raunverulega þýddi, og þá vitnuðu sumir menn, sem árið 1949 höfðu haldið því fram, að Atlantshafssamningurinn fæli í sér engar skuldbindingar fyrir Ísland, til þeirra skuldbindinga, sem í honum hefðu falizt og mönnum mættu vera ljósar, og sögðu, að Ísland væri bókstaflega skuldbundið til þess að taka við her og leyfa herstöðvar hér á landi vegna þeirra ákvæða, sem hefðu falizt í Atlantshafssamningnum. Þetta, þótt ekki væri annað,

sýnir, að það er fyllsta ástæða til þess að athuga vel þá samninga, sem lagðir eru fyrir hv. Alþingi til fullgildingar og staðfestingar, jafnvel þó að þeir snerti ekki beint Ísland, að því er séð verður, nema vegna þess að það er þegar þátttakandi í hernaðarbandalagi, sem alltaf er verið að auka og bæta við.

Síðan 1949 hafa tvisvar verið lagðir fyrir Alþingi viðbótarsamningar við Atlantshafssamninginn til fullgildingar, og þetta er því í þriðja sinn, sem slíkur viðbótarsamningur við Atlantshafssamninginn er lagður fyrir.

Á Alþingi 1951 var lagður fyrir til samþykktar Alþingis viðbótarsamningur um þátttöku Grikklands og Tyrklands í Atlantshafsbandalaginu, en Grikkland og Tyrkland voru þá tekin í bandalagið til þess að auka öryggi þjóða í Norður-Atlantshafi, og féllst Alþingi á að staðfesta þann samning.

Á Alþingi 1952 var í þingbyrjun enn lagður fram viðbótarsamningur við Atlantshafssamninginn, eins og þar var kveðið að orði, varðandi skuldbindingar aðildarríkja þess samnings gagnvart varnarbandalagi Evrópu, en samningar um varnarbandalag Evrópu höfðu verið samþykktir í París í maí 1952, — það sama ár, — og voru aðilar að þeim samningum 6 ríki, þ. á m. Vestur-Þýzkaland. Nú var það að vísu ekki svo þá, að gert væri beint ráð fyrir því, að Þýzkaland yrði aðili að Atlantshafsbandalaginu. Það var af sérstökum ástæðum ekki talið rétt að fara þá beinu leið, en það var ætlazt til þess, að það gerðist eftir nokkrum krókaleiðum. Í þeim samningum, sem þá voru lagðir fyrir, var gert ráð fyrir, að Atlantshafsbandalagið léti þá ábyrgð, sem það hafði tekið á löndum allra þeirra þjóða, sem í því væru, ná til aðildarríkja varnarbandalags Evrópu, þ. á m. Vestur-Þýzkalands. En öll önnur ríki, sem að þessum samningum um varnarbandalag Evrópu stóðu, voru áður í Atlantshafsbandalaginu, svo að raunverulega var hér aðeins um það að ræða að taka Þýzkaland óbeint inn í Atlantshafsbandalagið. En þessar miklu umbúðir um þetta, sem var þó aðalatriði málsins, að Vestur-Þýzkaland, þýzka sambandslýðveldið svokallaða, yrði raunverulega þátttakandi í Atlantshafsbandalaginu, komu af því, að menn treystu sér ekki til þess þá að leggja málið svo fyrir, að Þýzkaland ætti að verða þátttakandi í Atlantshafsbandalaginu, því að þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949, hafði enginn maður treyst sér til þess að gera ráð fyrir því, að Þýzkaland yrði nokkurn tíma tekið í Atlantshafsbandalagið. Þá deildu menn um það, hvort Atlantshafssamningurinn sjálfur væri í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. En Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar upphaflega sem bandalag þeirra þjóða, sem höfðu staðið í margra ára styrjöld við Þýzkaland og Japan og mynduðu með sér bandalag, Sameinuðu þjóðirnar, til þess að tryggja það fyrst og fremst, að Þýzkaland og Japan risu aldrei framar upp sem herveldi, og samningurinn um Atlantshafsbandalagið varð að vera í samræmi við þennan tilgang Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna var það í raun og veru fjarstæða, að bandalag, sem var haldið fram að gæti verið innan Sameinuðu þjóðanna og gæti samrýmzt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, gæti tekið veldi eins og Þýzkaland í sinn hóp, því að „tekniskt" var Atlantshafsbandalaginu, eins og bandalagi Sameinuðu þjóðanna, raunverulega stefnt gegn Þýzkalandi. Aðaltilgangur þess var að koma í veg fyrir, að Þýzkaland yrði nokkurn tíma herveldi aftur.

Þegar þáltill., sem ég gat um áðan, um staðfestingu Alþingis Íslendinga á viðbótarsamningnum við Atlantshafsbandalagssamninginn 1952, samningnum, sem kenndur er við Evrópuherinn, var lögð fram, þá var sagt í grg. með henni af þáverandi utanrrh., Bjarna Benediktssyni, að það væri mikil nauðsyn í þágu varna Norður-Atlantshafsbandalagsins, að sem nánust samvinna yrði milli þessa varnarbandalags Evrópu og Norður-Atlantshafsbandalagsins. En á því ári, 1952, og lengi síðan hefur því verið haldið fram í öllum ríkjum Atlantshafsbandalagsins, að það væri einmitt höfuðnauðsyn, að samningarnir, sem kenndir eru við Evrópuher, yrðu staðfestir af Evrópuríkjunum, sem hlut eiga að máli. Og það hafa verið höfð um það mörg stór orð, að Evrópa væri á glötunarbarmi, ef þessi Evrópuher yrði ekki stofnaður og samningarnir um hann staðfestir af öllum ríkjunum. Ég leyfði mér að benda á það, þegar þessi þáltill. var lögð fram í þingbyrjun 1952, nokkrum mánuðum eftir að samningarnir um Evrópuher höfðu verið gerðir, að það væri alveg óvíst, að þessir samningar, sem voru á bak við viðbótarsamninginn um Vestur-Þýzkaland og Atlantshafsbandalagið, yrðu nokkurn tíma staðfestir, og að það virtist ekki liggja á fyrir Alþingi Íslendinga að fullgilda þá samninga af sinni hálfu, fyrr en a. m. k. aðildarríkin sex að Parísarsamningunum hefðu staðfest þá sjálf, en hitt, að Alþingi yrði einna fyrst til þess allra ríkja í Atlantshafsbandalaginu, jafnvel þeirra, sem áttu ekki beinan hlut að Parísarsamningunum, væri að gera Alþingi hlægilegt. En það virtist liggja svo mikið á af einhverjum ástæðum, að Ísland var í fyrsta hópnum, sem lagði þessa samninga fyrir til staðfestingar, — það hefur ef til vill verið búið að gera það á einu þjóðþingi í Evrópu að leggja fyrir þessa samninga, þegar þeir voru lagðir fyrir Alþingi. Þetta átti vafalaust að sýna mikinn áhuga íslenzku ríkisstj. á þessum samningum. En svo leið og beið, og í byrjun þessa árs höfðu aðeins fjögur af sex aðildarríkjum þessara samninga staðfest þá, og nú í sumar gekk svo franska þjóðþingið af þeim dauðum. Till. um staðfestingu Alþingis á þeim var vísað til utanrmn., en sem betur fór kom hún þaðan aldrei og því varð við bjargað, að Alþingi gerði sig hlægilegt í augum alls heimsins með því að fara að staðfesta þessa samninga fyrr en þau ríki, sem áttu mest undir því, hvað ofan á yrði í málinu, hefðu gert það sjálf.

Nú liggur hér fyrir einn viðbótarsamningur við Atlantshafssamninginn. En í fylgd með honum eru margir samningar aðrir, og þessir

samningar hafa að vísu verið undirskrifaðir, voru undirskrifaðir af níu ríkjum í London dagana 28. sept. til 3. okt., og frá þessum samningi er svo gengið 23. okt. Og nú liggur svo mikið á, að enn er Ísland í tölu hinna allra fyrstu ríkja, sem eiga að fullgilda þessa samninga. Það liggur enn á eins og 1952 að sýna áhuga sinn á þessum málum og ætla Alþ. að staðfesta þá, áður en nokkur vissa er fengin fyrir því, að þau ríki, sem þeir hafa verulega þýðingu fyrir, staðfesti þá nokkurn tíma, því að það er enn allsendis óvíst, þó að þessir samningar hafi verið undirritaðir, að þeir verði nokkurn tíma staðfestir af þingum þeirra þjóða, sem hlut eiga að máli.

Árið 1952 var því haldið fram af ýmsum, eins og ég drap á áðan, að Vestur-Evrópa væri á glötunarbarmi, ef samningarnir um Vestur-Evrópuherinn yrðu ekki samþykktir. Og þegar franska þingið felldi þá, gekk af þeim dauðum í sumar, sögðu Bandaríkjamenn, að það væri mesti sigur, sem Rússar hefðu unnið síðan 1945. Því hafði verið haldið fram árum saman, að það væru engir andstæðingar gegn þeirri stefnu, sem fólst í þessum samningum, í Vestur-Evrópu nema kommúnistar. Og það hafði ekki verið sparað hér fremur en áður að kalla alla þá menn kommúnista, sem höfðu leyft sér að hafa sjálfstæða skoðun um þessi mál og vera á móti þeirri stefnu, sem fólst í þessum samningum, og það verður vafalaust ekki enn. En hverjir voru það, sem felldu þessa samninga, sem öll heill og velferð Evrópu átti að vera undir komin? Það voru menn, sem beittu sér fyrir því að ganga af þessum samningum dauðum, það var fyrrverandi forseti Frakklands, jafnaðarmaðurinn Vincent Auriol, það var fyrrverandi forsætisráðherra og af miklum hluta frönsku þjóðarinnar talinn þjóðhetja Frakklands, De Gaulle hershöfðingi, og það var maður eins og Eduard Herriot, maður, sem hefur setið lengur á þingi Frakklands en nokkur annar núlifandi maður og nýtur meiri virðingar í sínu landi en flestir aðrir, kominn á níræðisaldur og kominn svo að fótum fram, að hann getur ekki lengur staðið til þess að halda ræðu í því þingi, sem hann hefur verið forseti í árum saman. Það voru þessir menn, sem gengu af þessum Evrópuher dauðum. Og það getur verið, að það verði þessir sömu menn, sem ganga líka af þeim samningum dauðum, sem nú eru lagðir fyrir Alþingi Íslendinga til staðfestingar, áður en þær þjóðir, sem eru aðilar að þessum samningum, hafa fjallað um þá, — því að hverjir eru það, sem eru á móti þessum samningum og allri þeirri stefnu, sem í þeim felst, því að þeir eru vitanlega ekkert annað en önnur útgáfa af samningunum frá 1952? Það er fyrst og fremst verkalýðurinn í Vestur-Þýzkalandi. Það eru jafnaðarmenn í Vestur-Þýzkalandi. Það er a. m. k. hálfur Verkamannaflokkurinn brezki. Það er a. m. k. hálf franska þjóðin. Og það kemur í raun og veru öllum saman um, að meiri hluti þýzku þjóðarinnar sé á móti þessum samningum, sé á móti endurhervæðingu Þýzkalands. En hún hefur ekki fengið að segja vilja sinn um þá. En það liggur samt nú þegar mikið fyrir, sem tekur af öll tvímæli um það, að öll alþýða Þýzkalands er á móti þessum samningum og mun aldrei samþykkja þá. Það liggja fyrir margítrekaðar yfirlýsingar þýzka jafnaðarmannaflokksins um andstöðu hans gegn þessum samningum. Mér hefur nýlega borizt samþykkt, sem verkalýðssambandið þýzka gerði nú fyrir skömmu einmitt út af þessum samningi. Í verkalýðssambandi Þýzkalands, Deutsche Gewerkschafts Bund, sem enginn mun telja stjórnað af kommúnistum, eru skipulagðar um 6 millj. þýzkra verkamanna. Þetta þýzka alþýðusamband hélt allsherjarþing sitt í Frankfurt í s.l. mánuði, og það gerði þar samþykkt nær alveg einróma, — af meira en 300 atkv. voru aðeins 4 atkv. á móti, — og af því að þessi samþykkt og afstaða þessara merku félagssamtaka er alls ekki komin fram hér á landi, þá vildi ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana upp orðrétt í þýðingu. Og hún er svo hljóðandi:

„Þriðja allsherjarþing þýzka verkalýðssambandsins lætur í ljós miklar áhyggjur yfir því, að með samningum þeim, sem gerðir hafa verið í London, er hafinn undirbúningur að innlimun þýzka sambandslýðveldisins í herveldabandalag og fyrirhugað að staðfesta þetta með fullgildingu þessara samninga. Með slíkum aðgerðum er stefnt í mikla hættu bæði þeim möguleikum, sem eru á því að draga úr viðsjám þeim, sem nú eiga sér stað milli andvígra pólitískra afla, og einnig þeim möguleikum, sem eru á sameiningu Þýzkalands. — — Endurhervæðing Þýzkalands og stofnun þýzks hers á nýjan leik, eins og gert er ráð fyrir í Lundúnasamningunum, felur í sér mikla hættu fyrir innri þróun þýzka sambandslýðveldisins. Það er hætta á því, að með því verði skapað hernaðarsinnað einræðisríki, en það mundi binda endi á tilraunir þýzku verkalýðshreyfingarinnar til þess að koma á lýðræðisríki í pólitískum, félagslegum og fjárhagslegum skilningi. Allsherjarþingið hafnar því hvers konar þátttöku í hernaðarmálum, fyrr en allir möguleikar til samninga hafa verið reyndir í þeim tilgangi að koma á sáttum milli þjóðanna og sameiningu Þýzkalands."

Verkalýðsbandalagið þýzka gerði enn fremur samþykktir gegn áhrifum nazistaaflanna, sem allir vita að eru að grafa um sig í Þýzkalandi og hafa náð þar miklum áhrifum. Í samþykkt, sem þingið gerði um þetta, segir m. a. svo:

„Þriðja allsherjarþing þýzka verkalýðssambandsins lýsir enn yfir, að yfirlýstir nazistar og skipulögð hernaðarsamtök eru enn einu sinni að misnota lýðræðisskipulagið til þess að ná fylgi almennings við hinar siðspilltu hugsjónir, sem leiddu algert hrun yfir Þýzkaland 1945. Allsherjarþingið vekur athygli á því, að níu árum eftir hið hræðilega hrun þess ríkiskerfis, sem þessir flokkar stóðu að, hafa fulltrúar þeirra aftur náð forustuaðstöðu í iðnaði og stjórnardeildum ríkisins, þannig að þeir, sem

fyrir skömmu lýstu yfir gjaldþroti sínu, hafa nú á ný aðstöðu til að hafa mikil áhrif á gang mála með þýzku þjóðinni.“

Það er ekkert leyndarmál, og það er þegar orðin alkunnug staðreynd um allan heim, að í skjóli þeirrar stjórnar, sem nú situr að völdum í Vestur-Þýzkalandi, eru öll þau öfl, sem eftir eru, allar leifar þýzka stjórnarkerfisins að grafa um sig og koma sér fyrir á ný. Það hefur vakið athygli um allan heim, að undanfarna mánuði hefur þýzkum hershöfðingjum, sem fyrir nokkrum árum voru dæmdir til langrar fangelsisvistar fyrir stríðsglæpi, verið hleypt út úr fangelsunum — og ekki aðeins það, þeim hefur verið hleypt inn í stjórnarkerfi þýzka sambandslýðveldisins, og þeir eru þar orðnir sumir þingmenn og aðrir miklir áhrifamenn. Þetta er það, sem þýzka verkalýðssambandið á við og vill vara heiminn við í tíma.

Það er enn fremur komið í ljós, að sá her, sem á að setja upp í Þýzkalandi samkv. þessum samningum, er ekkert smáræði. Það er að vísu ekki talað opinberlega um nema her, sem í sé ½ millj. manna, en það er jafnframt talað um að setja upp varaliðssveitir, sem í geti verið um 4—5 millj. manna. Og allur þessi her á að vera búinn nýtízku amerískum vopnum. Og þau vopn eru þegar til og mikið af þeim komið til Þýzkalands.

Það veit nú enginn, hvað ofan á verður í Evrópu innan þeirra ríkja og þeirra þjóða, sem eiga aðild að þeim samningum, sem hér er verið að biðja Alþingi Íslendinga að staðfesta. En hitt er víst, að það takast nú á þau sömu öfl í Evrópu, sem tókust á um stefnuna, sem fólst í samningunum um Evrópuherinn. Þau takast enn á um það, hvort þessir samningar um endurhervæðingu Þýzkalands verði ofan á eða ekki. Og alveg eins og það hefur komið á daginn, að það lá ekki á fyrir Alþ. 1952 að staðfesta þá samninga, sem þá voru lagðir fyrir það og því var ætlað að samþykkja, þá er það alveg víst, að það liggur ekki á enn. Ef Alþ. vill ekki eiga á hættu að gera sig beinlínis að viðundri, þá liggur ekki á að staðfesta þá samninga, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fyrir.

Ég hef gert mér skoðun um þessi mál, og ég held, að hv. alþm. ættu að gera sér ljóst, að það hvílir sú skylda á þeim að gera sér rökstudda skoðun um öll þessi mál. Þau hafa a. m. k. óbeint stórkostlega þýðingu fyrir okkar þjóð. Stundum er talað um, að það sé mikilfenglegt, að Ísland sé sjálfstæður aðili í Atlantshafsbandalaginu, ráði þar jafnmiklu og stórveldin sjálf. Ef svo er, þá er Íslendingum líka skylt að gera sér ljósa grein fyrir málunum, sem fyrir liggja hverju sinni, eins og stórþjóðunum sjálfum. Og úr því að hæstv. ríkisstj. vill sýna svo mikinn áhuga á þessum málum, að hún verður alltaf einna fyrst til þess þeirra þjóða, sem hlut eiga að máli, að leggja þau fyrir sitt þjóðþing, þá held ég, að hv. alþm. ættu að nota tækifærið og kynna sér þessi mál gaumgæfilega og það, sem um þau er rætt með öðrum þjóðum. Ég vil, eins og ég sagði áðan, benda þeim á, að því fer fjarri, að það séu allt saman kommúnistar, sem standa á móti þeirri stefnu, sem felst í þessum samningum, sem nú eru til umræðu. Það er mikill hluti þjóðanna í Vestur-Evrópu á móti þeim, e. t. v. meiri hluti, eins og kom í ljós um Evrópuherssamningana. Og ef hér á landi væri um það að ræða, að hér væru frjáls blöð, sem ræddu þessi mál, alþjóðamál, eins og frjáls blöð eiga að gera, segðu frá staðreyndum, sem fram koma, í stað þess að fela þær, eins og blöð hæstv. ríkisstj. leyfa sér að gera hér í hverju alþjóðamáli, þá er ekki víst nema það yrði eins hér og annars staðar, að mikill hluti íslenzku þjóðarinnar gerði sér ljósa grein fyrir því, hve mikil ábyrgð hvílir á henni í þessum málum, og léti sig þau meira skipta en hún hefur gert hingað til.

Ég vil að síðustu láta í ljós, að ég vona, að hv. utanrmn. hafi vit á því að láta þetta mál liggja og bíða, — það kemur fyrir um mál, að þau fá að staldra við í utanrmn., og hún hefur af einum velmetnum hv. þm. verið kölluð gröf þingmála. Ég vona, að þetta mál komi aldrei aftur frá utanrmn. Ég vona, að þjóðirnar í Vestur-Evrópu verði búnar að ganga af því dauðu, áður en til þess þurfi að koma.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði hér áðan í sinni mjög stuttu framsöguræðu, sem hann hélt um að taka nú Vestur-Þýzkaland inn í Atlantshafsbandalagið, að þetta bandalag hefði að undanförnu stuðlað að því, að friður héldist í heiminum.

Við, sem vorum hér á Alþ., þegar Ísland í fyrsta skipti var látið flekka sinn friðarskjöld með því að ganga í hernaðarbandalag og það árásarbandalag, — við, sem vorum hér 30. marz 1949, munum eftir, hvað sagt var um Atlantshafsbandalagið, hvernig því var hælt og ríkjunum, sem í því væru, hvernig treysta mætti þessum ríkjum til þess að vernda og viðhalda lýðræði, hvar sem væri í veröldinni, hvernig þessi ríki væru útvalin til þess að efla og hjálpa þjóðfrelsinu, hvar sem væri í veröldinni, og hvernig þessi ríki væru frumherjar mannréttindanna, hvar sem væri í veröldinni. Og það er raunverulega ekki ófyrirsynju, að við reynum ofur lítið að rifja upp fyrir okkur reynslu þessara síðustu fimm ára, sem Ísland er búið að vera í Atlantshafsbandalaginu, nú, þegar við eigum að fara að samþykkja að taka hálffasistískt Þýzkaland inn í það í viðbót.

Þó að slæm hafi verið nýlendurikin, nýlendudrottnarnir, sem Ísland var tekið í samfélag með 30. marz 1949, þá hefðu kannske einhverjir af hv. þingmönnum haldið, að þessir kumpánar ættu eftir að breytast eftir allar þær fögru yfirlýsingar og þann fagurhljómandi bandalagssáttmála, sem þeir undirskrifuðu þá. Það hefur hins vegar ekki sýnt sig. Það eru við völd í þessum löndum sömu auðmannastéttirnar, sem að vísu halda við lýðréttindum heima hjá sér, á meðan völdum þeirra stafar ekki ógn af þeim lýðréttindum, en afnema slík lýðréttindi um leið og þessar auðmannastéttir eru farnar að hræðast þau. En þessar auðmannastéttir Bretlands, Frakklands, Hollands og annarra þessara landa viðurkenna hins vegar ekki lýðræðið annars staðar, þar sem þjóð-

ir, sem hafa að einhverju leyti verið þeim háðar, eru að krefjast lýðréttinda og þjóðfrelsis. Þar beita þeir, herrarnir í nýlenduríkjunum, harðstjórn og ógnarstjórn.

Hvað segir sagan okkur á síðustu fimm árum frá því Atlantshafsbandalagið var stofnað? Við skulum bara taka fyrsta ríkið, sem samþykkt hefur þennan sáttmála, sem hér liggur fyrir. Við skulum taka Bretland og aðferðir brezku auðmannastéttarinnar. Hvað er það, sem við höfum reynt á þessum síðustu fimm árum viðvíkjandi framkomu Bretlands, þessa fram úr skarandi lýðræðisríkis, sem á að heita svo, í afstöðunni til þeirra þjóða, sem eru lítils megandi, í afstöðunni til þeirra þjóða, sem eru nýlenduþjóðir eins og við Íslendingar vorum? Hvernig fer brezka ríkisstj., brezka auðvaldið að í Kenya nú sem stendur? Þar er verið að framkvæma sams konar þjóðarmorð og stríðsglæpamenn nazista voru dæmdir fyrir í Nürnberg fyrir níu árum. Þar er verið að uppræta heilan kynflokk, — kynflokk, sem hefur ekkert annað til saka unnið en það, að hann vill fá að eiga áfram sitt land og sína jörð, þeldökka bændur, sem vilja fá að búa áfram, eins og forfeður okkar fyrir þúsund árum, á jörðinni, sem þeir höfðu numið. Nú er ráðizt inn til þeirra frá Evrópu af brezkum herramönnum til þess að reka þá burt af jörðunum þeirra og til þess að drepa þá sjálfa á eftir.

Fyrir 50 árum sagði einn sá mesti maður, sem Ísland hefur átt, brezku yfirstéttinni sannleikann um hennar framferði með orðunum, sem allir þingmenn kannast við:

„Þín trú er sú að sölsa upp grund.
Þín siðmenning er sterlingspund."

Og það er enn. Það er sama framkoman, sem ríkir í dag hjá brezku yfirstéttinni í Kenya eins og var í Búalandi fyrir 50 árum. En það hljómar ekki frá ríkisvaldi Íslands sams konar ádrepa, harðvítug ádeila á brezku kúgarana eins og það, sem Stephan G. Stephansson lét frá sér fara þá í „Transvaal".

Og það er ekki aðeins í Afríku, sem hið svokallaða brezka lýðræðisríki beitir þessari kúgun. Sömu svívirðingarnar, sömu morðin eiga sér stað í Malaja, í einu af ríkustu löndum jarðarinnar, þar sem ein fátækasta þjóð heimsins býr, vegna þess að brezku ræningjarnir svipta hana öllum þeim auði, sem gæti orðið til þess að bæta kjör þeirrar þjóðar. Og ef til vill hefur brezka yfirstéttin aldrei sýnt okkur það eins greinilega, hvað hún meinar með öllu því lýðræðisblaðri, sem líka meiri hlutinn hér á Alþ. hvað eftir annað dirfist að bera á borð fyrir okkur, heldur en á síðasta ári í sambandi við framkomu hennar gagnvart brezka Guyana, gagnvart landi, sem búið var að veita stjórnarskrá, veita stjórnarskrá með sama hætti og okkur Íslendingum á sínum tíma var veitt stjórnarskrá 1874. Brezka ríkið hafði veitt þjóðinni í brezka Guyana sjálfstæði. Og þjóðin í brezka Guyana notaði þau réttindi, sem stjórnarskráin gaf, þau lýðræðisréttindi til þess að kjósa. Og hún kaus flokk, sem fékk meiri hluta á þingi og heitir á enskunni People's Progressive Party, sem mundi þýða: Alþýðu-framsóknarflokkurinn. Alþýðu-framsóknarflokkurinn fékk meiri hluta hjá þessari þjóð. Þessi þjóð samstóð að mestu leyti af bændum, og þessir bændur höfðu einn áhuga, og það var að eignast jörð, eins og bændur á Íslandi á 19. öld. En jarðirnar átti amerískur auðhringur, og það varð að taka dálítið af jörðum þessa auðhrings til þess að láta bændurna í brezka Guyana geta orðið sjálfseignarbændur. Sem sé það, sem Íslendingar voru að framkvæma á 19. öld, langaði alþýðuna, bændurna í þessum löndum, til þess að framkvæma núna á því herrans ári 1953. Og Alþýðu-framsóknarflokkurinn fékk hreinan meiri hluta á þingi í brezka Guyana, og hann tók að framkvæma þessa stefnuskrá. Og hvað var gert? Stjórnarskráin var afnumin, foringjar Alþýðu-framsóknarflokksins voru fangelsaðir, og brezkur landsstjóri var látinn halda einræði í landinu, sem hann hafði einu sinni haft. Og það heyrðist engin rödd frá Framsóknarflokknum á Íslandi, frá fulltrúum bændanna á Íslandi, til þess að mótmæla þessum svívirðingum. Það heyrðist engin rödd frá mönnunum, sem alltaf eru með lýðræðið á vörunum, þegar lýðræðið hjá einni smáþjóð var troðkað niður. Það heyrðist engin rödd frá þeim, sem segjast vera fulltrúar fyrir íslenzka sjálfseignarbændur, þegar var verið að drepa niður tilraun fátækra bænda til þess að mega verða sjálfseignarbændur og frjálsir. Aðferðin ein var næg til þess að sýna, hvað var meint með lýðræðisþvaðrinu hjá brezku yfirstéttinni. En þó þótti henni ekki nóg að staðfesta í verulekanum hatur sitt á lýðræði, ást sína á einræðinu. Hún gerði það líka í yfirlýsingu, sem hún gaf út og var birt núna nýlega. þegar rannsóknarnefnd brezka þingsins skilaði skýrslu sinni um ástandið í brezka Guyana. Og hver var niðurstaða þeirrar skýrslu? Niðurstaðan var sú, að svo framarlega sem kosningar færu fram á ný í brezka Guyana, þá mundi Alþýðuframsóknarflokkurinn verða í hreinum meiri hluta, þá mundi verða haldið áfram af hálfu þess flokks að láta bændur verða sjálfseignarbændur, og þar sem slíkt kæmi auðvitað ekki til mála, þá dygði ekki að veita landinu stjórnarskrá að nýju. Þetta er lýðræðið í framkvæmd. Þetta er það ástand, sem verið er að reyna að innleiða í þeim hluta veraldarinnar, sem Atlantshafsbandalagið og þess ríki ráða yfir. Ég held, að það væri nær fyrir þann Framsóknarflokk og þann Alþýðuflokk hér á Íslandi, sem virðast ofur lítið vera farnir að byrja að óttast, að íhaldið hér á Íslandi ætli að taka sér Suður-Ameríku til fyrirmyndar, að fara að athuga, hvað þarna er að gerast, og láta ofur lítið heyra frá sér og þora að skýra frá því í sínum blöðum, hvað herrarnir, sem við höfum verið settir í „kompaní" með, herrar Atlantshafsbandalagsins, meina með lýðræði. Það eru tekin af öll tvímæli, og það þarf ekki að skoða sem annað en hræsni, svo framarlega sem einhver, ekki sízt af fulltrúum Framsfl., kemur hér fram til þess að fara að telja okkur trú um, að það sé hlutverk Atlantshafsbandalagsins í veröldinni að vernda lýðræðið. (*Gripið fram í:* Það er friðurinn.) Það er rétt, nú er

bezt að hopa að friðnum, — það er bezt að sleppa lýðræðinu.

Ég held þess vegna, að okkur Íslendingum sé alveg óhætt að dæma eftir forustuþjóðinni í lýðræðisbandalaginu, sem sé Bretunum og þeirra framkomu og þeirra kenningum, hvað meint sé. Það hefur auðsjáanlega ekki breytzt frá því fyrr á tímum. Við höfum ofur litla reynslu af þeim sjálfir, ekki aðeins það, að þeir hafi svikið öll loforð, sem þeir gáfu íslenzku þjóðinni, þegar þeir hertóku okkar land 1940, þannig að allt væri svikið, þannig, að Alþingi varð sjálft að mótmæla þeim svikum. Einnig sá samningur, sem Ísland gerði við Bretland með Atlantshafssamningnum, hefur verið svikinn. Ég veit ekki, hvort hv. þm. stjórnarflokkanna hafa nokkurn tíma haft fyrir því að lesa Atlantshafssamninginn. Ég býst ekki við, að þeir séu vanir að lesa þær samþykktir, sem eru lagðar fyrir þá, því síður að reyna að hugsa um þær samþykktir. Ég skal þess vegna lesa upp fyrir þá, hvernig 2. gr. Atlantshafssamningsins hljóðar:

„Aðilar munu stuðla að frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkjaviðskipta með því að styrkja frjálsar þjóðfélagsstofnanir sínar, með því að koma á auknum skilningi á meginreglum þeim, sem þær stofnanir eru reistar á, og með því að auka möguleika jafnvægis og velmegunar. Þeir munu gera sér far um að komast hjá árekstrum í efnahagslegum milliríkjaviðskiptum sínum og hvetja til efnahagssamvinnu sín á milli, hvort heldur er við einstaka samningsaðila eða alla."

Þannig hljómar, með leyfi hæstv. forseta, 2. gr. í Atlantshafssamningnum, þessum bandalagssamningi Íslands og Bretlands m. a. Hvernig hafa Bretar staðið við þetta? Jú, löndunarbannið í Bretlandi er aðalframkvæmd brezku yfirstéttarinnar, brezku ríkisstjórnarinnar, á 2. gr. Atlantshafssamningsins, þannig að öll íslenzka þjóðin sem heild hefur hvað eftir annað mótmælt þessu framferði og lýst því yfir, að þetta væri svívirðing.

Við sáum á löndunarbanninu, hvers konar hræsni það var, sem bjó á bak við allan Atlantshafssamninginn, að það var ekkert annað en kröfur nokkurra stórvelda til að fá að traðka smáríki eins og Ísland undir fótum, til þess að fá að hagnýta það sem herstöð, til þess að fá að arðræna það sem hálfgerða nýlendu, og það var það, sem Bretarnir ætluðust til. Þeir ætluðust til þess, að við kæmum skríðandi til þeirra, knékrjúpandi, eins og þegar þeir settu Framsóknar- og Alþýðuflokksstjórninni 1934 stólinn fyrir dyrnar með lánsbanninu þá. Þeir ætluðust til þess, að við yrðum að beygja okkur og biðja þá um hjálp. Þeir ætluðust til þess, að við yrðum að selja landhelgina, til þess að Bretar afléttu löndunarbanninu. Hverjum var það að þakka, að við þurftum þess ekki? Okkur datt ekki í hug að gera það, og það hvarflaði ekki að okkur. Hverjum var það að þakka, að við erum ekki upp á Breta komnir í dag? Það er að þakka sósíalisku ríkjunum í heiminum, Sovétríkjunum og þeim ríkjum, sem hafa sýnt það, að þau vilja gera viðskiptasamninga við Ísland, að þau vilja starfa með Íslandi, að þau vilja tryggja möguleika Íslands sem annarra ríkja til fullra frjálssamlegra milliríkjaviðskipta, á sama tíma sem ríkin, sem Ísland stendur í bandalagi við, neita um slík viðskipti, og þetta eru ríkin, sem þeir menn, sem hafa haft forsvar fyrir Atlantshafsbandalagið, eins og frsm. þess 1949, Stefán Jóh. Stefánsson, lýsa yfir að Atlantshafsbandalaginu sé stefnt gegn. Því var lýst yfir beinlínis þá hér á Alþingi, að gegn kommúnismanum í heiminum, gegn sósíalismanum í heiminum og þeim ríkjum, þar sem hann hefur sigrað, væri Atlantshafsbandalaginu stefnt, og þá er það svona, að ríki, sem við höfum gengið í Atlantshafsbandalagið með, brjóta samningana á okkur, þau setja löndunarbann á okkur, þau níðast á okkur. En sósíalisku ríkin, sem lýst var yfir að Ísland ætlaði að fara að berjast við; það eru þau, sem segja: Við viljum almenn viðskipti í heiminum, aukningu á samvinnu þjóðanna á milli, til þess að auka gagnkvæmt þeirra velmegun og bæta þeirra hagsmuni. Ég held, að það væri tími til kominn, að eitthvað af þingmönnum stjórnarflokkanna færi eitthvað að hugsa í þessum efnum og léti ekki teygja sig eins blindandi og þeir hafa gert fram að þessu. Við höfum getað boðið brezku ræningjunum byrginn, m. a. vegna þess, að við höfum óbeint verið í bandalagi við þá aðila, sem okkur var sagt að við ættum að berjast gegn. Við höfum tekið upp viðskiptasamstarf við þá menn og þær þjóðir, sem okkur var sagt að við ættum einmitt að fara að stríða á móti.

Ég býst við, að dæmið um Bretland sem forusturíki lýðræðisins í þessum efnum mætti nægja. Ef menn héldu, að það væri einhver undantekning, líka á þessum síðustu fimm árum, þá skal ég aðeins minna hv. þm. á, hvernig franska yfirstéttin, hvernig Frakkland hefur þessi síðustu fimm ár, þangað til nú í sumar, staðið í alls sjö ára styrjöld til þess að reyna að halda niðri þjóðinni í Indó-Kína, sem var að berjast fyrir sínu frelsi, þar til franska yfirstéttin nú loks síðasta sumar gafst upp á því. Og ég vil minna á, að meira að segja smáríki eins og Holland, sem var voldugt nýlenduríki, var þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið stimplað af Sameinuðu þjóðunum sem árásaraðili, sem ríki, sem hafði ráðizt á önnur ríki. Svona var samsetningin á þessu bandalagi, sem reynt var að telja þjóðinni trú um að væri svo óttalega mikið varnarbandalag. Hins vegar er það vitanlegt, að voldugasta ríki Atlantshafsbandalagsins og það ríki, sem ræður mestu um, að nú er svo komið, að lögð er fyrir Alþingi Íslendinga till. um að taka Vestur-Þýzkaland inn í Atlantshafsbandalagið, er Bandaríkin.

Það er ef til vill ekki óþarfi fyrir okkur á því stigi, sem við stöndum nú, með vaxandi andúð íslenzku þjóðarinnar á Bandaríkjunum og hernámi þeirra á okkar eigin landi, að gera okkur ljóst, hve mikil, ör og ill þróun hefur orðið í Bandaríkjum Norður-Ameríku á þessum síðustu árum. Við skulum muna það úr síðustu styrjöld, að Bandaríkin stóðu þá vinstra

megin við Bretland, að Bandaríkin og þeirra ágæti forseti, Roosevelt, stóðu á móti nýlendukúguninni, stóðu á móti því, að haldið væri áfram þeirri nýlendukúgun, sem Bretland þá gerði sig sekt um, að Roosevelt stóð með því, en Churchill á móti því, að reynt yrði að hafa eftir styrjöldina samstarf við sósíölsku ríkin í heiminum. Mönnum hættir við í dag, þegar McCarthyisminn og annað slíkt setur brennimark sitt á Bandaríki Norður-Ameríku, að gleyma því oft, að einu sinni voru þessi ríki í broddi fylkingar í sókn mannkynsins fram á við, að einu sinni voru þessi ríki sjálf undirokuð nýlenda, sem áttu ágæta foringja í sinni frelsisbaráttu, einu sinni háðu þessi ríki róttæka styrjöld á móti yfirstétt þrælaeigenda til þess að brjóta þrælahaldið á bak aftur. Mönnum hættir við að gleyma þessu stundum, þegar svartnætti fasismans í dag er að byrja að grúfa yfir Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þess vegna er okkur nauðsynlegt að horfast í augu við, að hér á Íslandi þurfum við, sem þar að auki erum í návígi við ameríska auðvaldið og hervaldið, sérstaklega að gera okkur ljóst, hvað þarna er að gerast. Sú þróun, sem á sér stað í Bandaríkjunum sérstaklega hratt þessi síðustu fimm ár, er þróun til fasisma eða þróun til einræðis auðvaldsins. Þar vex ofstækið með hverju ári. Þar er hafinn trylltur vígbúnaður, sem er að áliti auðhringanna ameríska það eina, sem getur firrt þá hættunni af kreppu. Gróði ameríska auðhringanna er í dag eins og það væri styrjöld. Samsvarandi allri þessari þróun byrja svo hinar pólitísku kúgunarráðstafanir. Bann á kommúnistaflokki Bandaríkjanna er þegar að miklu leyti fram komið. Ofsókn allra frjálslyndra afla í Bandaríkjunum er nú þegar farin að setja brennimark fasisma á þessi ríki í augum allra frjálslyndra manna í veröldinni. Þekktustu listamenn heimsins, eins og Paul Robeson, fá ekki að koma út fyrir Bandaríkin; þau eru orðin fangabúðir, fangabúðir fyrir þeirra fremstu menn og beztu. Við skulum gera okkur ljóst, að þessi þróun í Bandaríkjunum á að áliti ráðamannanna þar að færast yfir á ríki eins og Vestur-Þýzkaland, enda byrjuð þar, og á ríki eins og Ísland og önnur slík.

Meðan þetta gerist inn á við, að fasisminn grípur þannig meira og meira um sig í Bandaríkjunum, hvað er þá að gerast út á við hjá þeim? Út á við hefur ameríska auðvaldið auðsjáanlega sett sér það mark að brjóta undir sig ýmist nýlendur gömlu stórveldanna í Evrópu, eins og Englands, Frakklands eða slíkra, eða gera ríki, sem áður voru sjálfstæð, að sínum nýlendum. Bandaríkin setja sér auðsjáanlega nú að verða voldugasta nýlenduríki veraldarinnar, en að skipuleggja sína nýlendukúgun með nokkuð öðrum hætti, ef hægt væri, heldur en Bretland, Frakkland og gömlu nýlenduríkin í Evrópu hafa gert. Og við höfum einmitt á þessu ári séð áþreifanlegasta dæmið um, hverja afstöðu Bandaríki Norður-Ameríku taka gagnvart lýðræði og þjóðfrelsi. Við höfum séð það um eitt smáríki í Ameríku, Guatemala, — ríki, þar sem var frjálslynd stjórn, ríki, þar sem fátækir bændur studdu ríkisstjórn, sem var að úthluta til þeirra jörðum. Hvað var gert viðvíkjandi Guatemala á þessu ári? Það var af hálfu Bandaríkja Norður-Ameríku skipulögð innrás í þetta land til þess að steypa stjórn þess af stóli. Og því var lýst yfir um leið, að Bandaríki Norður-Ameríku mundu ekki þola það, að það, sem þau kalla „kommúnistiskt ríki", risi upp í Ameríku. Kommúnistiskt var það kallað á sama hátt og Ólafur Thors eða Hermann Jónasson mundu vera kallaðir kommúnistar. Það var kallað kommúnismi, svo framarlega sem einn bóndi, eins og einhver bóndi í Sjálfstæðisflokknum eða Framsóknarflokknum, færi fram á það að mega eignast jörð og það væri skipt upp stóru jarðnæði, sem einn auðhringur ætti, á meðal svo og svo margra bænda. Því var lýst yfir, að ef ríkisstjórn í sjálfstæðu landi, sem setti lög um slíkt, dirfðist að gera það, þá væri rétt að ráðast á hana með vopnavaldi og steypa henni. Hvað þýddi þessi yfirlýsing, og hvað þýddi þessi staðreynd viðvíkjandi Guatemala? Hún þýddi það, að Bandaríki Norður-Ameríku lýstu því yfir, að þau þola ekki lýðræðið, þau þola ekki það, að þjóðirnar fái sjálfar að nota sinn kosningarétt til þess að kjósa sér ríkisstjórn að sínu skapi og að sú ríkisstj. fái að framkvæma þá hluti, sem kjósendum hennar hefur komið saman um að fela henni. Það væri svipað og ef t. d. alþýðu-framsóknarríkisstjórn hér á Íslandi, eftir að Árnessýslan hefði verið orðin eign eins einasta ameríska landsdrottins, hefði tekið upp á því að skipta jörðunum í Árnessýslu upp á milli bændanna, sem yrkt hafa jörðina, eða slík alþýðu-framsóknarstjórn hefði tekið upp á því að þjóðnýta eitt fyrirtæki, sem amerískur aluminium-hringur hefði átt hér á Íslandi, auðvitað hvort tveggja gegn því að borga skaðabætur til þessara amerísku hringa.

Það, sem var að gerast í þessu landi, var, að það var verið að brjóta lýðræðið á bak aftur, án þess að lýðræðisflokkarnir hér á Íslandi hreyfðu mótmælum, án þess að stjórnin hér á Íslandi, sem kallar sig lýðræðisstjórn, segði eitt einasta orð, án þess að hún léti sinn fulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum knýja fram, að þetta svívirðingarathæfi Bandaríkjastjórnar og auðhringa hennar væri stöðvað. Og ég vil minna þá hv. þm., sem muna það langt, á að muna 1936. Ég vil minna þá á, hvað þá var að gerast. Þá var eitt ríki í Evrópu, þar sem sósíaldemókratisk og svona framsóknarsinnuð bændastjórn hafði setzt að völdum á lýðræðislegan hátt og tók að taka nokkuð af jörðum aðalsins á Spáni til þess að skipta upp á milli landlausra bænda, og við munum, hvað var gert þá? Þá voru þó Framsfl. og Alþfl. enn þá þannig, að þeir stóðu á móti því, sem þar var að gerast, þó að íhaldið fyndi auðvitað blóðið renna til skyldunnar að standa með Franco. Það var alveg sama atriðið, sem var að gerast í Guatemala í ár, eins og það, sem gerðist á Spáni fyrir 18 árum. Það var sami harmleikurinn, sem var að endurtaka sig. Það var það, að

eins og lýðræðið hafði sigrað á Spáni 1936 og var barið niður af herjum einræðisins, eins var verið að fara að í Guatemala.

Bandaríki Norður-Ameríku höfðu sama hlutverk með höndum í Guatemala í ár og Hitler og Mussolini 1936—38 gagnvart Spáni. Það var verið að myrða lýðræði hjá einni smáþjóð, sem hafði vonazt eftir því, að hún mætti sjálf fá að njóta ávaxtanna af auðnum í sínu landi.

Guatemala er nýtt dæmi og táknrænt. Og ég sé á öllu, að það hefur komið við Framsfl., þó að hann e. t. v. kinoki sér við opinberlega að viðurkenna það. Guatemala og aðfarirnar þar eru lærdómsrík dæmi fyrir Ísland í dag. Við höfum ameríska*n her hér á Íslandi. Við höfum* yfirlýsingu frá Framsfl., frá flokki hæstv. utanrrh., um, að Sjálfstfl., íhaldið, stefni að því að ná eitt völdunum hér á Íslandi, skapa sér einræði hér á Íslandi, og muni ekki kinoka sér við að nota útlendan her til þess. Við höfum yfirlýsingu frá Framsfl., birta í málgagni hans, Tímanum, þar sem því er lýst yfir, að slíkur flokkur sé Sjálfstæðisflokkurinn, eins og hann kallar sig, og við höfum dæmin fyrir okkur frá þessu ári um, hvernig farið er að við að steypa lýðræðisstjórnum. Það er enn þá handhægara hér á Íslandi en það var í Guatemala. Þar var herinn að mestu leyti utan við landssteinana. Hérna er hann innan landssteinanna. Og Sjálfstfl., eftir að hann væri kominn í hreinan meiri hluta á Íslandi, eins og hann er að dreyma um, væri máske ekki í neinum vandræðum með að vitna í 4. gr. Atlantshafsbandalagsins, — ég veit ekki, hvort hv. þingmenn stjórnarflokkanna hafa nokkurn tíma haft fyrir því að lesa þá grein. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að lesa hana upp. Hún er stutt:

„Aðilar munu hafa samráð sín á milli, hvenær sem einhver þeirra telur friðhelgi landsvæðis einhvers aðila, pólitísku sjálfstæði eða öryggi ógnað."

Það liggur fyrir yfirlýsing frá Bandaríkjunum um, að þeir telji pólitísku sjálfstæði og öryggi ógnað, þegar einhvers konar framsóknaralþýðuflokksstjórnir taki völdin í löndum. Þá er handhægt eins og í Guatemala að beita her til þess að steypa þeim, 4. gr. í Atlantshafssamningnum þægileg til slíkrar notkunar. Reynslan, sem búið er að skapa í brezka Guyana og sérstaklega í Guatemala, gefur fyrirmyndirnar um þetta.

Þetta vildi ég aðeins minna á, ef einhver maður hér í þinginu ætlaði að fara að reyna að telja okkur trú um, að lýðræðinu í veröldiuni væri að einhverju leyti hjálpað með því, að Bandaríkin og Bretland tækju okkur með í Atlantshafsbandalagið og héldu áfram þeirri pólitík, sem þau hafa rekið þar á undanförnum árum, og bættu svo Þýzkalandi við.

Nú er máske rétt fyrir okkur, þegar við sjáum sjálfir, hve lítið Bandaríkin meina með öllu sínu snakki um lýðræði, að gera okkur ljóst, hvað það sé þá í stórveldapólitík, sem Bandaríkin meina með því að óska nú eftir Vestur-Þýzkalandi inn í Atlantshafsbandalagið, og koma þannig að þeim raunhæfari hlutum í þessu sambandi. Hver var seinasti aðilinn, sem Bandaríkin gerðu bandalag við? Það var Spánn, Franco-Spánn. Bandaríkin eru, eins og þið vitið, nýbúin að gera samning við Franco-Spán, — ég efast ekki um, að það sé til að vernda lýðræðið, — og Bandaríkin munu núna vera að hefja miklar heræfingar á Atlantshafi með Spáni. Samtímis hafa allar kröfur Francos gegn Bretum farið mjög vaxandi. Og Bandaríkin hafa greinilega lýst því yfir, að Spánn sé tryggasti bandamaður þeirra á meginlandi Evrópu. Bandaríkjunum er fullljóst, að England og Frakkland, Noregur og Danmörk, máske meira að segja Ísland, séu ótryggir bandamenn. En Spánn er öruggur bandamaður fyrir lýðræðið í veröldinni.

Hver er aðferð Bandaríkjanna í sambandi við það að fá Spán í bandalag með sér? Spánn er e. t. v. ekki þýðingarmestur fyrir Bandaríkin í því stríði, sem þau hefur oft langað til að koma af stað við sósialistisku ríkin í heiminum, en Spánn er hins vegar þýðingarmikill sem ógn við Frakkland og England. Og við, sem munum Hitlerstímann, munum eftir bardagaaðferð Hitlers í þessu sambandi. Bardagaaðferð Hitlers var sú að vinna Spán, steypa lýðræðisstjórninni á Spáni, koma á einræðisstjórn á Spáni og fá þar með öruggan bandamann á Spáni á móti Frakklandi. Og Hitler rak þessa bardagaaðferð sína með slíkum klókindum, að honum tókst að fá ensku og frönsku stjórnina til að hjálpa sér við þetta, fá þær til þess að svíkja lýðræðið á Spáni, þegar það barðist upp á líf og dauða. Og Bandaríkjum Norður-Ameríku er að takast þetta sama í dag. Bandaríkjum Norður-Ameríku helzt það uppi að gera bandalag við Franco-Spán, gera bandalag við fasismann á Spáni, án þess að England og Frakkland hreyfi legg né lið, án þess að þau mótmæli einu orði, án þess að þau hafi nokkuð við það að athuga, að auðvitað sé Atlantshafsbandalagið ágætis lýðræðisbandalag eftir sem áður. Bandalagi Bandaríkjanna við Spán er beint ekki hvað sízt gegn Frakklandi og Englandi, ef þau tvö ríki skyldu fara að verða óþægari en þau eru nú. Og nú, eftir að Bandaríkin eru búin að fá Franco-Spán, búin að fá fasismann í opinbert bandalag við sig, á að taka næstöruggasta bandamann Bandaríkjanna á meginlandi Evrópu, hálffasistiskt Vestur-Þýzkaland. Með öðrum orðum: Bandaríkin eru smám saman að hirða allar leifarnar af fasisma Hitlers, Spán, Vestur-Þýzkaland, Japan. Það er verið að endurreisa Anti-Kominternbandalagið undir forustu Bandaríkjanna, sem sjálf með hverjum mánuði sem líður eru að verða meira og meira fasistisk.

Illt var að setja okkur Íslendinga inn í Atlantshafsbandalagið, bandalag nýlendukúgaranna í veröldinni. Enn verra er að bæta nú Vestur-Þýzkalandi, hálffasistisku Vestur-Þýzkalandi þarna inn í og fara þannig, auk þess sem fasistisku öflin vaxa í Ameríku, að gera Atlantshafsbandalagið mun fasistiskara en það var áður. Og við skulum nú athuga, hvað Bandaríkin ætla sér með því að taka á þennan

hátt Vestur-Þýzkaland inn í Atlantshafsbandalagið.

Það er tvenns konar tilgangur með því: Í fyrsta lagi sá, sem alltaf hefur verið mjög opinber og alltaf er sá hættulegasti í sambandi við Atlantshafsbandalagið. Það er sá tilgangur að fá sem sé með Vestur-Þýzkalandi hæfilega hermannasveit, sem hægt sé að beita gegn sósialistisku ríkjunum í því heimsstríði, sem Bandaríkin vilja reyna að hleypa af stað við þann þriðjung mannkynsins, sem nú þegar hefur komið á hjá sér sósialistisku skipulagi. Þetta höfum við rætt það oft, að ég ætla ekki að gera það frekar að umtalsefni. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að það, sem Bandaríkin og þeirra fasistar á Spáni og Vestur-Þýzkalandi stefna að með sinni pólitík, er hvað snertir baráttuna við sósialistisku ríkin að undirbúa það að hleypa af heimsstyrjöld, og okkur hlýtur að vera ljóst, hver afleiðingin er af því. Þar er hins vegar við það voldugt afl að eiga, að það er ekki að vita, hvenær Bandaríkin og þessi ríki þora að leggja til slíkrar skelfingar.

En það er annað, sem er auðséð líka: Með því að fá nú Vestur-Þýzkaland inn í Atlantshafsbandalagið miða Bandaríkin auðsjáanlega að því að fá þannig aðila á meginlandi Evrópu, sem hægt sé að beita gegn Frakklandi og Englandi, og jafnvel fyrst og fremst gegn Frakklandi. Og af hverju? Af hverju hugsa Bandaríkin sér að geta notað Vestur-Þýzkaland sérstaklega á móti bandamönnum sínum í Vestur-Evrópu? Í fyrsta lagi af því, að auðmannastéttir Englands og Frakklands hafa sýnt sig nokkuð nízkar á það að gefa upp þær nýlendur, sem þær hafa í heiminum, eða að sleppa þeim forréttindum, eins og í sambandi við brezka heimsveldið, sem þau hafa tryggt sér í sambandi við sín efnahagsmál. Bandaríkin hafa alltaf verið að knýja á með að ná frá Englandi þeim nýlendum, sem það áður átti, ná tökum á þeim og ná þannig undir sig þeim auðlindum, sem brezka auðvaldið hafði sölsað undir sig víða um heim. Sömuleiðis er með það franska. Af eðlilegum ástæðum er enska og franska auðmannastéttin nokkuð nízk í þessu sambandi, og það er litlum efa bundið, að þýzka auðvaldið og rýtingur þýzka hervaldsins að baki Frökkum á að vera beitt vopn til þess að knýja Frakkland og England til þess að láta að vilja Bandaríkjanna í þessum efnum.

Þá er önnur ástæða til þess, að Bandaríkin sjá sér nauðsynlegt að fá Vestur-Þýzkaland til þess að geta beitt því gagnvart Englandi og Frakklandi. Þess hefur nokkuð orðið vart, að enska auðmannastéttin gerir sér ljóst, að nýtt heimsstríð mundi þýða algera tortímingu fyrir brezku þjóðina. Brezka auðmannastéttin virðist í ríkari mæli gera sér það ljóst, og það er meira en sagt verður um íslenzku auðmannastéttina. Þar af leiðandi er brezka auðmannastéttin og öll brezka þjóðin hrædd við nýtt heimsstríð, hrædd við nýtt atómstríð. Og þess vegna, eins og greinilega hefur komið fram í yfirlýsingum brezka utanrrh., Mr. Edens, hefur brezka stjórnin jafnvel afstýrt því, þegar Bandaríkin hafa verið komin á fremsta hlunn með að hleypa af stað nýrri heimsstyrjöld, eins og í sambandi við Indó-Kína. Bandaríkjastjórn þykir Bretastjórn vera of þung í taumi, hvað þessa hluti snertir, þykir hún ekki nógu talhlýðin. Þess vegna vill Bandaríkjastjórn fá sterkara vald en Frakkland og önnur slík á meginlandi Evrópu til þess að geta otað þeim út í þá hluti, sem brezka og franska stjórnin máske ekki fengjust út í, og til þess að geta hótað þeim með slíku. Með öðrum orðum: Það, sem brezka og franska stjórnin á ýmsan hátt, ekki sízt á síðasta ári, hafa beint eða óbeint gert að því að hjálpa til að koma í veg fyrir, að þá brytist út heimsstyrjöld, á að koma í veg fyrir að endurtaki sig. Bandaríkjastjórn vill koma í veg fyrir, að slík óhöpp eins og það, að heimsstríð verði hindrað, endurtaki sig, með því að fá nú Vestur-Þýzkaland inn í Atlantshafsbandalagið. Og í þriðja lagi: Vestur-þýzkur her er í augum Bandaríkjastjórnar, að undanteknum spánska hernum, og hann er lélegur, sá eini her á meginlandi Evrópu, sem hún gæti treyst. Það yrði ekki hægt fyrir Bandaríkjastjórn að treysta á lönd eins og Frakkland og Ítalíu í styrjöld, sem Bandaríkjastjórnin sigaði leppstjórnunum þar út í, vegna þess, hvernig alþýðan í þessum löndum er á móti auðvaldinu í þessum löndum og þó sérstaklega á móti Bandaríkjaauðvaldinu. En vestur-þýzkur her, skólaður með því móti að brjóta á bak aftur í Þýzkalandi allt frjálslyndi, alla róttækni, öll mannréttindi, er her, sem Bandaríkjastjórn gæti treyst á, og það er slíkur her, sem hún treystir þýzku herforingjunum til að skapa. Enn fremur: Bandaríkjastjórn er ekki viss um, hvers konar þróun kunni að verða á næstunni í Vestur-Evrópu. Það er engan veginn loku skotið fyrir, að í kosningum í Frakklandi, Ítalíu eða slíkum löndum verði vinstri flokkar í slíkum meiri hluta, að þeir myndi vinstri stjórnir, róttækari stjórnir en alþýðufylkingarstjórnin 1936 var, og svo framarlega sem slíkt gerðist, þá þykir mér ekki ólíklegt, að Bandaríkjastjórn þætti gott að vitna í 4. gr. Atlantshafsbandalagsins til þess að siga vestur-þýzkum her inn í Frakkland undir stjórn alþýðufylkingar.

Við skulum alveg gera okkur ljóst, hvað þarna er að gerast. Það er engum efa bundið, að Bandaríkjastjórn hefur alveg ákveðna hluti fyrir augum í því, sem hún er að knýja fram nú, einnig hér á Alþingi Íslendinga.

Með öðrum orðum: Með því að fá Vestur-Þýzkaland inn í Atlantshafsbandalagið ætlar Bandaríkjastjórn sér að tryggja endurvakinn nazisma, endurvakið hervald í Vestur-Þýzkalandi, sem hægt sé að nota, hvort heldur er til þess að hleypa af stað heimsstríði austur á bóginn eða til að beita kúgunarráðstöfunum gagnvart Frakklandi og öðrum Vestur-Evrópuríkjum, ef þau væru óþæg við Bandaríkin. Þetta er tilgangurinn, og þessi tilgangur kom ef til vill einna greinilegast í ljós, þegar Bandaríkin settu fram þá hótun, að svo framarlega sem Vestur-Þýzkaland yrði ekki tekið inn í Atlantshafsbandalagið, þá mundu Bandaríkin sjálf hervæða Vestur-Þýzkaland og gera samn-

ing við Vestur-Þýzkaland á sama hátt og það hefur gert við Spán.

Nú skulum við svo gera okkur ljóst, Íslendingar, þegar það líklega í eina skiptið kemur til okkar kasta að ráða því, hvort hálfnazistiskt Þýzkaland verður endurhervætt eða ekki, hvað er að gerast í Vestur-Þýzkalandi.

Í Vestur-Þýzkalandi er búið að endurvekja gamla hervaldið. Eins og hv. 6. landsk. sýndi hér greinilega fram á áðan, m. a. með tilvitnunum í yfirlýsingar þýzka verkalýðssambandsins, er búið að endurvekja þýzka hervaldið, og það er verið að skapa gömlu nazistunum möguleika til þess að taka aftur að sér forustuna, og nú vil ég biðja hv. þm. um að muna: Hvað var Hitler? Hitler var framkvæmdastjóri fyrir hervaldið og auðvaldið þýzka. Hervaldið og auðvaldið þýzka lifir enn. Og hervaldið og auðvaldið þýzka eru nú að skapa sér nýja framkvæmdastjóra. Þeir eru auðsjáanlega meir og meir að taka meira að segja upp sama búninginn og Hitler. Það er sami þjóðarhrokinn, sem nú er aftur að ryðja sér til rúms í Vestur-Þýzkalandi. Það er sama landvinningastefnan, sem núna reisir þar upp höfuðið aftur. Á stórum fundi í Vestur-Þýzkalandi hljómaði nú nýlega aftur orðið: „Gyðingasvín", endurtekið í kór frá þeim mönnum, sem telja sig brautryðjendur fyrir lýðræðissinnað Þýzkaland. Gyðingaofsóknirnar eru þegar í undirbúningi, kommúnistaofsóknirnar eru þegar hafnar. Frv. ríkisstjórnarinnar um bann á kommúnistaflokknum liggur þegar fyrir þinginu. Stjórn Vestur-Þýzkalands hefur ekki haft fyrir því einu sinni að kveikja í ríkisþingshúsinu núna til þess að fá einhverja átyllu til slíks. Morgunblaðinu gefst ekki einu sinni tækifæri til að ásaka kommúnistaflokk Þýzkalands um að hafa kveikt í ríkisþingshúsinu á ný.

Það verður ef til vill sagt við okkur í þessum umræðum, ef hæstv. ríkisstj. treystir sér yfirleitt nokkurn tíma út í nokkrar umr. um þessi mál, að núna sé gerður samningur við Vestur-Þýzkaland, núna sé gerður samningur við herra Adenauer. Það hafa engir slíka sögu af samningsrofum eins og valdhafar þeir, sem nú drottna í Vestur-Þýzkalandi. Þýzka hervaldið og þýzka auðvaldið hefur allan þann tíma, sem okkar kynslóð hefur lifað, sýnt sig fyrst og fremst í því að svíkja hvern einasta samning, sem við það er gerður, og segja um leið og hver samningur upp úr samningssvikunum var gerður: Já, þetta voru nú seinustu svikin hjá mér.

Það er engum efa bundið, að jafnvel þótt í flokki Adenauers væru einhverjir menn, sem af heilum hug gerðu sér það í hugarlund, að þeir mundu hindra endurvakningu nazismans í Þýzkalandi, þá verða slíkir menn í minni hluta. Þróunin, sem á sér stað í Vestur-Þýzkalandi núna með degi hverjum, talar alveg sínu máli. Jafnvel þótt Mr. Adenauer sjálfur hefði í huga, að það væri ekki meiningin að endurvekja alveg nazismann, þá sér maður það á þróuninni í því ríki, að hún kemur til með að leiða til þess. Það eina, sem getur hindrað slíka þróun, er vaxandi vald verkalýðshreyfingarinnar, þýzka verkalýðsins í Vestur-Þýzkalandi, og nú er byrjað á því að berja vestur-þýzka verkalýðinn niður. Það er ekki af engu, að þýzku sósíaldemókratarnir, formaður þeirra Ollenhauer og það verkalýðssamband, sem þeir stjórna, senda út viðvörunarorðin til Vestur-Evrópu núna. Þeir þekkja það, hvað þýzki hernaðarandinn og þýzka hervaldið og þýzka auðvaldið þýðir. Krupp er orðinn jafnvoldugur og hann var áður, en hann hefur núna sterkari ameríska bandamenn en hann hafði 1939.

Hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, að það væri náin samvinna milli Bretlands, Frakklands og Vestur-Þýzkalands um þennan samning og framkvæmd á honum. Má ég minna hæstv. utanrrh. á, að það var náin samvinna á milli brezku og frönsku ríkisstj. og Hitlersstjórnarinnar í Þýzkalandi um að gera Münchensamninginn 1938? Það var náin samvinna, og hvert leiddi sú samvinna? Hvað þýddi sú samvinna? Að meira að segja blindingjarnir í Vestur-Þýzkalandi hafa séð, að með Münchensamningnum voru þeir að gera tilraun til að grafa sjálfum sér gröfina, voru þeir að reka Hitler af stað. Og það er Münchensamningurinn, sem er að endurtaka sig með þessum samningi við Vestur-Þýzkaland núna. Það er verið að koma þýzka hervaldinu aftur á laggirnar, og það er verið að fá þýzka hervaldinu það atómvopn í hendurnar, sem það vantaði í síðasta stríði til þess að geta unnið það, og það er meiningin, að Ísland eigi að samþ. það. Það er meiningin, að það sé Ísland, sem eigi að leggja blessunina yfir það, þegar Ísland getur hindrað það, að þetta þýzka hervald verði nú látið fá atómvopnin, sem Hitler vantaði, þegar hann var að berjast. Ég veit, að Bandaríkjastjórn treystir því í dag, að Vestur-Þýzkaland snúi vopnum sínum til austurs, það muni ráðast á Austur-Þýzkaland, Tékkóslóvakíu, og önnur þau lönd, sem Hitler trampaði blóðugast undir fótunum áður. Ég veit, að Bandaríkjastjórn ætlast til þess. En ég vil vara ykkur við. Við höfum upplifað það einu sinni áður, að hervaldinu og auðvaldinu í Þýzkalandi þótti réttara, praktiskara og handhægra að snúa fyrst vopnum sínum á móti Frakklandi og til Danmerkur, móti Noregi, og það getur orðið svo enn. Vestur-þýzka hervaldið og auðvaldið vill gjarnan ráðast á, þar sem garðurinn er lægstur. Ég vara ykkur við.

Þróunin á næstu árum getur leitt það yfir okkur, sem þið gerið ykkur ekki í hugarlund í dag, því að þið eruð aldrei vanir, meiri hlutinn hér á Alþingi, að hugsa einn einasta mánuð fram í tímann, þegar þið gerið ykkar samþykktir um þessi mál. Ég veit hins vegar, að Vestur-Þýzkaland og Bandaríkin gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja sér sterkari aðstöðu á Íslandi í dag en þeir hafa haft áður, og við sjáum þríhyrninginn, sem á að mynda. Við sjáum Spán, við sjáum Vestur-Þýzkaland, við sjáum Ísland. Það er góður þríhyrningur í kringum Frakkland og England fyrir fasistiskt hervald Ameríku, Spánar og Vestur-Þýzkalands á móti þeim ríkjum, sem

þið talið mest um sem lýðræðisríki þessarar aldar. Athugið þið bara, hvað þið eruð að gera. Það er ekki til neins að koma á eftir og fara að segja við íslenzku þjóðina, að þið hafið verið blekktir. Það er ykkar verkefni að hugsa í dag og sjá fótum ykkar forráð. Það er of seint, eftir að búið er að gera Ísland að einu slíku virki, jafnvel í innbyrðis styrjöld kapitalisku ríkjanna í Vestur-Evrópu. Við skulum þess vegna ekki reyna að blekkja sjálfa okkur neitt um, hvernig það Vestur-Þýzkaland verður, sem rís upp með þeirri þróun, sem þar er nú, og með þeim áhrifum, sem Bandaríkin beita þar nú.

Hæstv. utanrrh. sagði, að með þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, væri verið að auka friðarhorfurnar í heiminum. Má ég minna hæstv. utanrrh. á, að Mr. Eden, utanríkisráðherra Bretlands, lýsti því yfir í þinginu í sumar, að það hefði minnstu munað, að Bandaríkin gerðu styrjöldina í Indó-Kína að kjarnorkustyrjöld, og Bretland raunverulega hefði komið í veg fyrir það, sem hins vegar hefði þýtt, að þá hefði farið af stað heimsstyrjöld? Svona tæpt hefur friðurinn staðið hvað eftir annað, og nú á að taka Vestur-Þýzkaland inn í Atlantshafsbandalagið og fá þýzku herforingjunum atómvopn í hendur, að því er hæstv. utanrrh. segir til þess að auka friðarhorfurnar. Má ég minna hæstv. utanrrh. á, af því að við þekkjum báðir dálítið til Þýzkalands eftir 1918, hvað viðkvæðið var hjá þeim, sem sáu, hvert þá stefndi, og var það þó snemma séð á þeim árum, sem við vorum báðir í Þýzkalandi þá? Það var hafður að máltæki titill á einni bók eftir frægan þýzkan höfund, sem hljóðaði svo: Der Kaiser ging, die Generalen blieben (Keisarinn fór, hershöfðingjarnir voru kyrrir). Og það sýndi sig á endanum, 1933, að herforingjarnir með Hitler sem framkvæmdastjóra tóku þar völdin og steyptu heiminum út í skelfingar síðustu heimsstyrjaldar. 1945 gerðist það sama aftur: Hitler ging, und die Generalen blieben (Hitler fór, en hershöfðingjarnir voru eftir). Og það er búið að endurreisa þá í Vestur-Þýzkalandi. Það sama herforingjavald er komið upp aftur. Og það eruð þið, mínir herrar, meiri hlutinn á Alþingi, sem ætlið að fá þessum hershöfðingjum, sem tvisvar sinnum eru búnir að steypa Evrópu út í styrjöld á okkar kynslóð, atómvopnin í hendur. Sjálfir fara þessir herforingjar ekkert dult með, hvað þeir ætla sér. Þið þurfið ekki að afsaka ykkur með því, að þeir séu neitt að ljúga að ykkur. Þeir vita alveg, hvað þeir ætla að gera, enda tala þeir eins og stríðsbrjálaðir menn, og svo segir hæstv. utanrrh. við okkur: Þetta er allt undir öruggu eftirliti Englands og Frakklands. — Þegar Þýzkaland væri búið að koma aftur upp fjölda herdeilda með atómvopn í hönd, þá ættu þessar fjórar herdeildir Bretlands á meginlandinu að hafa eitthvað að segja, eins og það séu allir búnir að gleyma Dunkerque. Nei, við skulum alveg gera okkur ljóst, að hafi friðurinn verið í hættu í sambandi við styrjöldina í Indó-Kína, þá er verið að gera leik að því að stofna honum í hættu með því að vopna nú herforingjaklíkuna og endurreisa þýzka herinn.

Við skulum svo enn fremur gera okkur ljóst og hugsa það rækilega, að hervæðing Vestur-Þýzkalands er slík ögrun við sósialistisku ríkin í Austur-Evrópu, að nálgast friðslit. Við skulum alveg gera okkur ljóst, að þau ríki og þær þjóðir Evrópu, sem þjáðust mest undir árás Hitlers, vita bezt, hvað endurreisn þýzka hervaldsins þýðir. Þess vegna gera þessi ríki og þessar þjóðir heiminum alveg ljóst nú, hvað það þýðir, ef Vestur-Þýzkaland verður tekið inn í Atlantshafsbandalagið og verður hervætt á ný. Þjóðirnar í Austur-Evrópu, sem Hitler trampaði undir fótum, gera sér ljóst, að það dugi ekki að horfa aðgerðalaust á, að þýzka hervaldið verði endurreist og Þýzkaland vopnað að nýju. Ég vil, að menn geri sér ljóst, að styrjöldinni 1945 er formlega séð enn ekki lokið, — það er aðeins vopnahlé, sem gert hefur verið, — að enn sem komið er eru Sovétríkin í bandalagi við Frakkland og England um að ráða niðurlögum þýzka hervaldsins. Með samningum eins og í Yalta og Potsdam er slegið föstu, að þýzki „militarisminn" skuli upprættur með öllu og England og Frakkland samningslega skuldbundin til þess að vinna að því með Sovétríkjunum að uppræta þýzka „militarismann", þýzka hervaldið, með öllu, og að endurhervæðing Vestur-Þýzkalands þýðir þess vegna að koma hervaldinu þýzka aftur á fót, því hervaldi, sem öll styrjöldin 1939—45 var háð gegn. Við skulum gera okkur þetta ljóst, hvað sem hæstv. ríkisstj. vill gera með það.

Þá vil ég víkja að einni hlið þessa máls, sem ég býst annars ekki við að við ræðum sérstaklega mikið hérna. Það er sú hlið, sem snýr meira að þýzku þjóðinni og okkur Íslendingum. Við skulum alveg gera okkur það ljóst í sambandi við þennan samning, að með þessum samningi er Þýzkaland endanlega um a. m. k. marga áratugi klofið í tvennt. Þýzku þjóðinni er sundrað. Eftir að þýzku auðmannastéttinni og þýzku herforingjunum í Vestur-Þýzkalandi hafa verið fengin aftur vopnin í hendur, koma þeir til með að beita harðari og harðari ráðstöfunum gegn þýzku alþýðunni í Vestur-Þýzkalandi, koma til með að búa sig undir styrjöld austur á bóginn eða vestur á bóginn. En um friðsamlega sameiningu Austur- og Vestur-Þýzkalands verður auðsjáanlega ekki að ræða. Og við skulum alveg gera okkur ljóst, Íslendingar, hvort við viljum leggja okkar lóð í vogarskálina, þegar það er á okkar valdi og valdi okkar einna, við getum einir ráðið því, hvort þýzka þjóðin verður klofin á þennan hátt í tvennt, hvort við viljum vinna það níðingsverk á þýzku þjóðinni, á þýzku alþýðunni, að kljúfa hana þannig í tvo hluta.

Samþykkt þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, er sá argasti fjandskapur við þýzku þjóðina, sem nokkurn tíma hefur verið lagt til að fremja hér á Alþingi. Hann er tilræði gagnvart þjóðareiningu Þýzkalands, gagnvart einni menntuðustu og gáfuðustu þjóð í Evrópu, þjóð,

sem er okkur skyld, og þjóð, sem við höfum oft átt margt sameiginlegt með. Hins vegar býst ég við, að það séu varla til meiri andstæður hvað allan þjóðararf og lífsafstöðu snertir innan germanska kynstofnsins heldur en yfirstéttin í Vestur-Þýzkalandi og við Íslendingar. Við Íslendingar höfum vanizt því frá upphafi vega að skoða alþýðuna sem þjóðina, að líta á lýðræðið, ef það orð væri ekki misnotað, sem ráð hins vinnandi fólks, völd alþýðunnar sjálfrar. Yfirstétt Vestur-Þýzkalands er auðmenn og junkarar, sem hafa meira að segja í sínu máli gefið yfirstétt Evrópu öll harðsvíruðustu orðin yfir yfirstétt, orðið „herrenvolk", orðið „herrenmensch". Allar hugmyndirnar, sem nazisminn mest breiddi sig út yfir, voru til hjá þýzka „aristokratíinu" áður, — allt var þetta það, sem þýzka yfirstéttin, junkararnir og auðmennirnir þýzku öldum saman höfðu skapað og alið á sem hugmyndaheim herramannsins, sem drottnar yfir alþýðunni. Yfirstétt Vestur-Þýzkalands hefur í síðustu 1000 ár fyrst og fremst vanizt því að geta trampað á alþýðu Þýzkalands, trampað á henni pólitískt og andlega.

Við Íslendingar höfum aldrei eignazt þann hugmyndaheim, sem vestur-þýzka yfirstéttin er alin upp í. Það eru ekki til meiri andstæður innan germanska kynstofnsins en íslenzka þjóðin og vestur-þýzka yfirstéttin hvað þetta snertir. Og við sjáum, hvernig vestur-þýzka yfirstéttin nú er að byrja á því að banna verkalýðsflokkana í Þýzkalandi. Við Íslendingar höfum vanizt því frá upphafi vega að skoða friðinn sem eitt æðsta hnoss. Það hefur verið afstaða okkar þjóðar sem vinnandi þjóðar að líta á það sem gæfu að eiga frið og öðlast frið og fá að njóta friðar. Vestur-þýzka yfirstéttin hefur tignað stríð, hefur tignað hermennsku og tignar hana enn og reynir að ala þjóðina, sem hún drottnar yfir, upp í hermennsku-andanum.

Það eru ekki til meiri andstæður innan germanska kynstofnsins en íslenzk þjóð og vestur-þýzka yfirstéttin. Við Íslendingar höfum verið vanir því frá upphafi vega að líta á mennina sem jafnrétthá. Við höfum skoðað manngildið sem sjálfsagðan hlut. Og okkur hefur þótt sjálfsagt, að bóndinn og verkamaðurinn gætu sýnt fulla djörfung gagnvart höfðingjunum. Vestur-þýzka yfirstéttin hefur slíkan hroka til að bera, að í hvert skipti sem maður kemst í kynni við hann, þá ógnar manni sá hroki álíka mikið og manni blöskrar undirgefnin, sem hefur tekizt að skapa hjá hluta af þýzku alþýðunni gagnvart þessum hrokafullu drottnum. Það er engin tilviljun með orð eins og kadavergehorsam eða önnur slík orð, sem þýzkan ein leggur til. Mál þýzku yfirstéttarinnar hefur lagt til í Evrópu öll auvirðilegustu dæmin um undirgefni, um alla þá eiginleika, sem við Íslendingar hötum mest. Þýzka alþýðan hefur þar til nú, að hluti af henni hefur losnað undan kúguninni, aldrei megnað að gera byltingu, sem gæti bylt aðlinum og auðvaldinu í Þýzkalandi frá völdum. Borgaralega byltingin sjálf komst aldrei í gegn í Þýzkalandi. Og við búum að því enn þá, að þýzka yfirstéttin er þess vegna sú harðsvíraðasta og ófyrirleitnasta í Evrópu.

Við Íslendingar höfum verið vanir því að skoða menningu sem eitthvað, sem við tignuðum og vildum gera að okkar hlutskipti. En sá maðurinn, sem Morgunblaðið á sínum tíma dáðist mest að vegna dugnaðar hans í aðgerðunum gagnvart þýzku alþýðunni, Göring, sagði: „Þegar ég heyri menningu nefnda, þá grip ég til skammbyssunnar." Menning vestur-þýzku yfirstéttarinnar, Belsen, Buchenwald, Auswitsch, hefur sett slíkt brennimark á Evrópu á þessari öld, að það verður seint afmáð. Og nú á síðustu vikum er verið að tigna sömu stríðsglæpamennina sem stjórnuðu fangabúðunum. Það kveða við ópin í Þýzkalandi í dag, þegar einhverjir dirfast að tala á móti hervæðingu Þýzkalands: Þú ættir heima í fangabúðunum. Þú hefur sloppið frá gasofnunum.

Ég held, að meiri hlutinn hér á Alþ. hefði gott af því að líta inn í verksummerkin, sem sjást enn þá eftir þýzka hervaldið. Ég býst við, að jafnvel hv. þingmenn meiri hlutans, sem sjaldan virðast hugsa í þessum efnum, mundu þó komast við, ef þeir kæmu inn í stofurnar í Auswitsch, þar sem barnaskórnir ná upp að loftinu, hrúgurnar af þeim, skórnir af börnunum, sem voru teknir af þeim áður en þau voru brennd í gasofnunum. Ég býst við, að brosið færi af hv. þingmönnum, ef þeir sæju leifarnar af níðingsverkunum, sem nazistarnir hafa framkvæmt, og þeir hugsuðu sig kannske tvisvar sinnum um, hvort þeir ætluðu að sleppa þessum stríðsglæpamönnum lausum á Evrópu aftur.

Við Íslendingar höfum verið vanir því, að bændur vildu verða frjálsir sjálfseignarbændur á sínum eigin jörðum. Við höfum átt bágt með að skilja þá bændur Þýzkalands, sem hafa orðið að una öld eftir öld við kúgun þýzku junkaranna, það sama junkaravald, sem enn drottnar í Vestur-Þýzkalandi í dag. Við Íslendingar erum vanir því í dag að álíta stóriðjuna, sem hér er verið að reisa, sjálfsagða sem ríkiseign, en ekki einstakra auðhringa. Í Vestur-Þýzkalandi er öll stóriðjan í eign þeirra manna, sem voru dæmdir sem stríðsglæpamenn eftir síðasta stríð, í eign örfárra auðhringa, þeirra auðhringa, sem komu af stað og reru undir tveim síðustu heimsstyrjöldum.

Þýzki verkalýðurinn veit, hvað þetta þýðir og hvert þessi þýzka yfirstétt stefnir. Þess vegna mótmælir verkalýðurinn í Vestur-Þýzkalandi því, sem nú er verið að fremja.

Og að síðustu: Ef einhver skyldi halda því fram í dag, að þrátt fyrir alla sögu yfirstéttarinnar í Vestur-Þýzkalandi væri okkur óhætt að treysta hennar samningum í dag, þá vil ég minna þá hina sömu menn á, að þó að við Íslendingar álítum griðrof eitt það svívirðilegasta, sem til sé, þá er griðrof sú bardagaaðferð, sem vestur-þýzka yfirstéttin sérstaklega skarar fram úr í.

Ég held þess vegna, að það væri rétt fyrir meiri hlutann hér á Alþ., fyrir þingmenn stjórnarflokkanna í eitt skipti — þeir hafa aldrei gert það áður — að hugsa um, hvað þeir séu að gera, að reyna að afla sér einhverrar ofur

litillar þekkingar á því, sem er ætlazt til að þeir leggi dóm sinn á, að ana ekki í algeru þekkingarleysi og blindni út í það, sem ríkisstj. segir þeim að gera.

Hæstv. utanrrh. sagði, að það væri óskipt almenningsálit í Vestur-Evrópulöndunum á bak við þennan samning. Það er ekki satt, eins og hv. 6. landsk. sýndi hér greinilega fram á áðan. Það má meira að segja fullyrða, að meiri hluti brezka verkalýðsins er á móti hervæðingu Vestur-Þýzkalands. Í atkvæðagreiðslunni í Labour Party vissu menn hvað litlu munaði, — og af hverju tókst samt sem áður þeim, sem féllust á endurhervæðinguna, að fá meiri hluta? Af því að skriffinnarnir í nokkrum af brezku verkalýðssamböndunum gátu notað atkvæði stórra verkalýðssambanda, þar sem samböndin voru sjálf á móti hervæðingunni, til þess að greiða atkv. með henni. Það er engum efa bundið, að meiri hluti brezka verkalýðsins er á móti hervæðingu Vestur-Þýzkalands, að meiri hluti frönsku þjóðarinnar, eins og hv. 6. landsk. sagði réttilega, er á móti hervæðingu Vestur-Þýzkalands. Því fer fjarri, að það sé öruggt, að þessi samningur verði fullgiltur. Til allrar hamingju er það ekki öruggt. Og það er engin ástæða fyrir Ísland til þess að ana út í foraðið á undan öðrum. Ef menn endilega vilja teyma Ísland út á þá glapstigu, sem hér er lagt til, þá er a. m. k. nóg að gera það á eftir.

Einu sinni ættu þó fulltrúar á Alþingi Íslendinga að geta sýnt þann manndóm að þora að taka sjálfstæða ákvörðun, að þora að hugsa eitt mál sjálfir, brjóta það til mergjar sjálfir, komast að niðurstöðu sjálfir og gera ekki bara það, sem þeim er sagt, og það, sem þeim er skipað, án þess að hafa hugmynd um, hvað þeir séu að gera. Einu sinni ætti Alþingi Íslendinga að þora að vera sá fulltrúi friðar í heiminum að segja nei við því, að þýzki nazisminn verði endurvakinn, að þýzka hervaldinu verði fengin atómvopn í hönd. Nú höfum við valdið, og það vald eigum við að nota. Við stærum okkur af því, sem okkar forfeður hafi getað gert á örlagaríkum stundum í okkar sögu. En getum við aldrei verið menn til þess að feta í fótspor þeirra sjálfir?

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, HJóns, BBen, EggÞ, EI, EirÞ, EmJ, EystJ, GilsG, GíslG, GíslJ, GÍG, GÞG, HV, HelgJ, IngF, JJós, JK, JPálm, KK, KJJ, LJóh, MJ, PZ, JörB.

nei: SG, BrB, EOl, FRV, GJóh, KGuðj, LJós.

11 þm. (BSt, BÓ, GTh, HÁ, HG, HermJ, IngJ, JóhH, JS, JR, ÓTh) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 233, n. 256, 257 og 264, 265).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 265. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Utanrmn. hefur haldið einn fund um þetta mál og athugað þessa þáltill. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild sambandslýðveldisins Þýzkalands. Ný gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, eins og fram komið nál. ber með sér. Hv. 1. landsk. (GÞG) taldi sig ekki geta tekið þátt í afgreiðslu málsins á þessu stigi, vegna þess að þau ríki, sem hann taldi að skipti þetta mál meira en Ísland, hefðu ekki tekið afstöðu til málsins enn, og taldi rétt að láta málið bíða, þar til þau hefðu tekið afstöðu til málsins. En hv. 6. landsk. virðist vera algerlega andvígur málinu, þó að það komi ekki greinilega fram af nál., eftir því sem mér virðist.

Meiri hl. n. telur rétt að afgreiða málið nú þegar, og þó að ekki sé óeðlilegt, að málið hefði verið látið bíða eitthvað, að áliti ýmissa nm., þá þykir það þó ekki fært vegna þess, að það mun vera ákveðið af ríkisstj., að þinginu verði frestað nú bráðlega og víst allar líkur til, að það komi ekki saman fyrr en í byrjun febrúarmánaðar n. k., og það telur utanrrh. of langan frest á afgreiðslu þessa máls.

Það var rætt mjög mikið um þetta mál almennt við fyrri umr. þess hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum, og ég sé ekki ástæðu til, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins og án þess að gefist tilefni til, að endurvekja þær umræður með því að hefja að nýju rökræður um þetta mál, hvort við eigum að fallast á það, að Þjóðverjar gerist aðilar að Atlantshafsbandalaginu.

Ég vil því láta hér staðar numið og legg til f. h. meiri hl., að till. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í till. þessari felst, að Íslendingar samþykki fyrir sitt leyti, að Sambandslýðveldið Þýzkaland verði aðili að Atlantshafsbandalaginu. Hin vestrænu stórveldi, sem áttu í stríði við Þýzkaland, hafa nú í hyggju að semja við það frið og viðurkenna fullveldi þess, en í kjölfar endanlegrar fullveldisviðurkenningar mundi að sjálfsögðu sigla réttur þess til endurvígbúnaðar. Íslendingar eru ekki aðilar að neinum samningi um þessi efni. Spurningin um það, hvort leyfa eigi Þjóðverjum endurvígbúnað eða ekki, hefur aldrei komið og kemur aldrei til kasta Íslendinga. Ýmislegt, sem sagt hefur verið um þessa till. á fyrra stigi málsins, er því efni hennar í sjálfu sér óviðkomandi. Það, sem Íslendingar þurfa að taka ákvörðun um, er, hvort þeir eiga að játa því eða neita, að Sambandslýðveldið Þýzkaland verði, að fengnu sjálfstæði og eftir að það hefur komið sér upp nokkrum her í samkomulagi við nágranna sína í Vestur-Evrópu, aðili að Atlantshafsbandalaginu.

Alþfl. telur það æskilegt, að Vestur-Þýzkaland sé, er það hefur fengið fullt sjálfstæði, í sem nánustum tengslum við hin vestrænu lýðræðisríki, sem Ísland telur sig til. Ef komið verður á fót þýzkum her, en það er mál, sem Íslendingar hafa engin áhrif á, telur Alþfl. einnig æskilegt, að það gerist í sem nánustu

samstarfi við nágrannaríki þess í Vestur-Evrópu og innan þeirra vébanda, sem varnarsamtökum hinna vestrænu lýðræðisríkja eru sett. Þess verður þó að gæta, að þetta mál snertir fyrst og fremst þjóðirnar í Vestur-Evrópu, en ekki Íslendinga. Eðlilegast er því, að þær taki sínar ákvarðanir fyrst og Íslendingar síðan sínar á eftir. Ríkisstj. virðist hins vegar vilja hafa annan hátt á. Hún vill, að Íslendingar segi sitt orð áður en aðalmálsaðilarnir hafa talað. Hún fór eins að, þegar sáttmálinn um Evrópuherinn var á döfinni. Hún vildi láta fullgilda þá sáttmála, sem að Íslandi lutu, áður en aðalmálsaðilarnir höfðu gert það. Allir vita, hvernig fór. Evrópuherinn fæddist aldrei.

Alþfl. telur ástæðulaust að fara þannig að nú. Hann telur rétt, að beðið sé eftir því, að ríkin, sem málið snertir fyrst og fremst, segi sitt orð. Það er til þess þeim mun meiri ástæða nú, sem allra síðustu fregnir benda til þess, að nýir erfiðleikar séu að koma í ljós á meginlandi Evrópu að því er varðar framkvæmd þessa máls.

Jafnaðarmenn í Þýzkalandi hafa nýlega myndað fylkisstjórn í Bæjaralandi í stað kristilegra demókrata og þar með svipt kristilega demókrata, flokk forsætis- og utanríkisráðherrans, ⅝ hluta meiri hluta sínum í efri deild þýzka sambandsþingsins, en þingmenn þar eru valdir af fylkisstjórnunum, en ekki kjörnir.

Það er alkunna, að í Þýzkalandi eru mjög skiptar skoðanir um endurvígbúnaðarmálið, einkum og sér í lagi vegna mismunandi skoðana um það, hvaða leið sé vænlegust til þess að flýta fyrir sameiningu landsins, sem flestir Þjóðverjar þrá, sem von er. Þýzkir jafnaðarmenn eru eindregnir andstæðingar þeirra samninga, sem hér er um að ræða, þar eð þeir óttast, að þeir muni koma í veg fyrir það um ófyrirsjáanlegan tíma, að Þýzkaland verði sameinað.

Hraðinn, sem hæstv. ríkisstj. vill hafa á afgreiðslu málsins, er því óeðlilegur og óskynsamlegur. Það var 7. des., sem fyrri umr. um þetta mál fór fram hér í hinu háa Alþ., 11. des. var knúin fram á því afgreiðsla í utanrmn., og nú 13. des. virðist eiga að afgreiða það á fundi hér í Sþ. Alþfl. telur ótímabært að afgreiða málið nú og mun því ekki greiða atkv. um till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm., fulltrúi Sósfl. í utanrmn., er fjarverandi, svo að ég verð að segja hér nokkur orð út frá hans nál. og okkar skoðun á málunum. Á þskj. 264 liggur fyrir nál. hv. 6. landsk., og í því er greinilega sýnt fram á, hvaða ástæður séu til þess, að Ísland eigi að beita þeim áhrifum, sem það nú getur haft til þess að hindra endurvígbúnað Vestur-Þýzkalands. Enn fremur er síðan bent á, að a. m. k. sé sjálfsagt fyrir Alþ. að taka þetta mál ekki til endanlegrar afgreiðslu fyrr en aðrar þjóðir á meginlandi Evrópu og þá flestar Atlantshafsbandalagsþjóðirnar hafi gert það, og þess vegna leggur hv. 6. landsk. til í fyrsta lagi, að núverandi umr. sé frestað og ekki haldið áfram fyrr en eftir nýár. En í öðru lagi, svo framarlega sem málið komi nú þegar til atkv., sé þáltill. ríkisstj. felld.

Ég skal fyrst með nokkrum orðum minnast á þær tvær framsöguræður, sem hér hafa þegar verið haldnar af meðlimum utanrmn. Það var stutt ræða, sem hv. þm. Str., frsm. meiri hlutans í utanrmn., hélt. Það var engu líkara en að hann vildi gera grín að stjórnarflokkunum með því, sem hann sagði. Hann sagði, að það hefði verið rætt mikið almennt um þetta mál við fyrri umr. Hverjar voru umræðurnar við fyrri umr. þessa máls? Hæstv. utanrrh., sem ekki er þingmaður, hélt eina stutta ræðu. Enginn ráðherra, sem er þingmaður, eða enginn þm. stjórnarflokkanna tók til máls um málið, ekki einn einasti. Tvær ræður voru haldnar af hálfu okkar tveggja þm. frá Sósfl., og það er auðsjáanlega það, sem hv. þm. Str. kallar miklar umræður og að það hafi verið rætt mikið almennt um þetta mál. Ég tek það nú eiginlega sem sérstakt hrós til okkar beggja, að það hafi kannske ekki þurft miklu meira að segja en þar hafi verið sagt, að áliti hv. þm. Str., en þá hefði hann átt að draga aðrar afleiðingar af því, sem sagt var, en að mæla með þessari till. Hins vegar sýnist mér, að nokkur áhrif mun þetta hafa haft á hv. þm. Str., því að hann sagði í sinni ræðu: Það er ekki óeðlilegt, að málið hefði verið látið bíða eitthvað. — Hann hefur sem sé komizt að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera mjög eðlilegt, að málið biði. Hins vegar væri það hæstv. ríkisstj., sem ræki svona mikið á eftir, og þegar talað er um hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi, þá er ég hræddur um, að hann hugsi fyrst og fremst um annan aðila. Það er þess vegna það eina, sem fram kemur frá nokkrum þm. í stjórnarflokkunum, að það sé ekki óeðlilegt, að málið hefði verið látið bíða eitthvað. Og ég held, að það megi líta svo á, að innan stjórnarflokkanna sé sem sé mjög ríkjandi tilhneiging í þá átt, að það væri bezt að þurfa ekkert að eiga við að afgreiða þetta mál núna, og ég býst við, að það sé í fullu samræmi við það, að það ætlaði yfirleitt enginn af þm. stjórnarflokkanna í utanrmn. að fást til þess að hafa framsögu í þessu máli. Ég sé á því, sem hv. þm. Str. segir, að hann hefur auðsjáanlega tekið það að sér með ólund og undir samvizkunnar mótmælum, þannig að þær eru ekki allt, röksemdafærslurnar, sem hérna koma fram af hálfu þingmanna stjórnarliðsins, enda auðséð, að þeim er ekki um málið gefið.

Þá sagði hv. 1. landsk., að raunverulega ætti ekki að ræða spurninguna um hervæðingu Þýzkalands í sambandi við þessi mál og strangt tekið kæmi það þessu máli ekki við. Þetta er ekki rétt hjá hv. 1. landsk.

Á þeirri ráðstefnu, sem haldin var í Lundúnum af níu veldunum þar, var samþykkt að tengja saman sex sáttmála og yfirlýsingar, sem allir saman eru samantengdir þannig, að ef einhver þeirra rofnar, þá er þar með forsendan fyrir þeim brostin. Þessar sex yfirlýsingar og samningar eru í fyrsta lagi yfirlýsing brezku, bandarísku og frönsku stjórnarinnar um að ljúka hernámsástandinu í Þýzkalandi

og afnema hernámsráð þeirra velda þar. Í öðru lagi að veita Vestur-Þýzkalandi og Ítalíu inngöngu í Brüsselsambandið, og þar í átti að vera það eftirlit með vopnabúnaði Þýzkalands, sem rætt hefur verið um. Í þriðja lagi yfirlýsingar frá stjórnum Bretlands, Bandaríkjanna og Kanada viðvíkjandi her, sem Bretar mundu hafa í Evrópu, og afskiptum Bandaríkjanna viðvíkjandi hermálum í Evrópu. Í fjórða lagi yfirlýsing um að taka Vestur-Þýzkaland inn í Norður-Atlantshafsbandalagið, og í sambandi við það ákvarðanir um ráðstöfun á herjum Atlantshafsbandalagsins í Evrópu. Í fimmta lagi yfirlýsing frá vestur-þýzka lýðveldinu, sambandslýðveldinu, viðvíkjandi þess afstöðu. Og í sjötta lagi ákvæði um, að úr öllum þessum samningum og yfirlýsingum mundi verða unnið af viðkomandi ríkisstjórnum og lagt fyrir ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins. Með öðrum orðum: Allt þetta heyrir saman, allir þessir samningar. Og svo framarlega sem eitthvað af þessu brestur, þá verður að taka þetta allt aftur til umræðu og athugunar. Enn fremur heyrir, eins og menn vita, undir þetta sérsamningur á milli Frakklands og Vestur-Þýzkalands um Saar. Einnig ef sá samningur verður ekki samþykktur eins og hann er, þá eru forsendurnar brostnar fyrir þessum málum. Þess vegna er það engum efa bundið, að Ísland hefur nú vegna neitunarvalds þess gagnvart nýjum meðlimum í Atlantshafsbandalaginu formlegt og raunverulegt vald til þess að beita sér í þessum efnum, fyrir utan svo hitt, sem ég legg nú meira upp úr, það siðferðislega vald, sem í því felst, ef Alþingi Íslendinga segir nei. Alþingi Íslendinga hefur áður á svipuðum tíma og nú er sagt nei viðvíkjandi yfirgangi fasisma í Þýzkalandi, 15. marz 1939. Þá neitaði Alþingi Íslendinga Hitler og þýzku ríkisstjórninni þá um afnot af flugvöllum hér á Íslandi, og sú neitun Alþingis Íslendinga og ríkisstjórnarinnar, sem einmitt var þá undir forsæti hv. þm. Str., vakti þá athygli úti um allan heim.

Við skulum þess vegna ræða þetta mál alveg sem stórpólitískt atriði og ekki sem neitt smávægilegt, sem formlega afgreiðslu, sem engar afleiðingar hafi. Við höfum vald í þessum efnum, og okkur ber skylda til að nota það vald. Og það er tvennt, sem fyrst og fremst er hættan í sambandi við samþykkt þessa máls í heild og þar með samþykkt þessarar till., sem hér liggur fyrir; það er annars vegar hervæðing Vestur-Þýzkalands, sem gefur fasistisku öflunum í Vestur-Þýzkalandi byr undir báða vængi og fær þeim hættuleg vopn í hendur, og hins vegar sundrung Þýzkalands, sem eykur stórkostlega á alla stríðshættuna í Evrópu.

Við skulum reyna að gera okkur nokkuð ljóst um hervæðingu Vestur-Þýzkalands, hvaða afleiðingar hún mundi hafa og hvert hún mundi beinast. Og það er þrennt, sem ég sérstaklega vildi leyfa mér að benda hv. þm. á í því sambandi.

Það er í fyrsta lagi: Vitanlegt er, að frá hálfu þess aðila, sem er höfuðfrumkvöðullinn að hervæðingu Vestur-Þýzkalands, sem sé Bandaríkjanna, á þessi hervæðing að beinast að sósialistisku löndunum í Austur-Evrópu. Ég vil í því sambandi minna á, að það er ekki í fyrsta skipti, sem reynt er af hálfu auðvaldsins í veröldinni að efna til ófriðar við alþýðuríkin þar eystra. Strax eftir að verkamenn og bændur höfðu tekið völdin af keisarastjórninni, auðvaldinu og aðlinum í því gamla Rússlandi 1917, hófst meginið af auðvaldsríkjum Evrópu og Ameríku handa um að reyna að steypa sovétstjórninni af stóli með borgarastyrjöldum og innrásarstyrjöldum. Í fjögur ár voru þessar styrjaldir háðar, og þó að verkamenn og bændur Sovét-Rússlands væru þá, eftir fjögurra ára heimsstyrjöld, ákaflega illa búnir undir að verjast þessum árásum, þá tókst þeim að lokum að hrinda þeim öllum, þannig að þó að 14 auðvaldsríki reyndu að kæfa verkalýðsbyltinguna rússnesku í fæðingunni, þá var það hún engu að síður, sem bar sigur af hólmi.

Í annað skipti reyndi auðvald veraldarinnar að sameinast gegn Sovétríkjunum. Það var með samningnum í München haustið 1938, þar sem raunverulegt bandalag var gert milli Englands, Frakklands, Þýzkalands og Ítalíu, og útreikningurinn, sem því bandalagi lá til grundvallar, er sá sami og nú liggur til grundvallar og er raunverulega aðalatriðið í þessari till., sem fyrir liggur um hervæðingu Vestur-Þýzkalands, að reyna að tryggja, að þýzkum her yrði beitt austur á bóginn, yrði beitt til þess að berja niður sósíalismann í heiminum. Það var í samræmi við alla pólitík Hitlers, að það mætti 1938 í München reikna með því, að hann réðist á Sovétríkin. Hitler hafði ásamt Ítalíu og Japan myndað bandalag, sem þá var kallað Anti-Kominternbandalagið og hafði það að takmarki að berja niður sósíalismann í heiminum. Sú er og hugsun Bandaríkja Norður-Ameríku, eins og hvað eftir annað hefur komið fram í yfirlýsingum, líka af hálfu þeirra manna, sem hér á Alþingi Íslendinga hafa haft framsögu um Atlantshafsbandalagið, svo sem greinilegast stendur í ræðum Stefáns Jóhanns þegar hann hafði framsöguna. Bandaríki Norður-Ameríku hugsuðu sér með Norður-Atlantshafsbandalaginu samsvarandi herferð á móti sósíalismanum í heiminum og Hitler hafði gengizt fyrir á sínum tíma. En bæði enska og franska þjóðin hafa lært nokkuð af allri síðustu styrjöld, hafa lært nokkuð af Münchensamningnum og hafa lært nokkuð af því, hvað krossferð á móti sósíalismanum í heiminum þýði. Þær eru þess vegna ekki sérstaklega auðfúsar á að leggja út í slíkt hættulegt ævintýri aftur. Þess vegna leggja Bandaríkin höfuðáherzluna á að fá nú Vestur-Þýzkaland vígbúið.

Öllum hv. þm. er ljóst, hve herfilega krossferð Hitlers og þeirra, sem stóðu á bak við hann í München, mistókst, en kostaði engu að síður mannkynið fjögurra ára ægilega styrjöld. Það, sem nú er verið að gera með samningnum um hervæðingu Vestur-Þýzkalands, er samsvarandi því, sem gert var í München. Og það eru sömu aðilarnir að miklu leyti, sem þar standa að. En það vil ég minna hv. þm. á, að hafi verið vonlítið að ráðast á þann litla sósíal-

istiska heim, sem til var 1917—18, og hafi það verið fásinna að ráðast á þann sósialistiska heim, sem til var 1939, þá er það orðið algerlega óráðlegt fyrir það auðvald, sem enn er til í veröldinni, að leggja út í það brjálaða stríðsævintýri að reyna að ráðast á þann þriðja hluta veraldarinnar, sem sósialisminn í heiminum nú er. Þess vegna er það jafnvitfirrt sem fyrirtæki eins og það er ægilegur glæpur gagnvart mannkyninu að ætla að stofna til nýs stríðs. Þess vegna skulum við gera okkur fyllilega ljóst, að sjálfur tilgangurinn, sem fyrir þeim mönnum í Bandaríkjunum vakir, er heimta styrjöld gegn hinum sósialistiska heimi, er þannig, að Ísland á ekki að neinu leyti að ljá honum liðsinni. Það leiðir skelfingar yfir veröldina, ef lagt er út í nýja styrjöld gegn sósíalistiska heiminum, en það þýðir máske tortímingu menningarinnar, en a. m. k. tortímingu auðvaldsins, ef úr því verður.

En það eru ekki aðeins sósíalistisku ríkin, sem hervæðingu Vestur-Þýzkalands er beint gegn. Og þá komum við að þeim atriðum, sem eru ef til vill enn þá raunhæfari en hugsanlegt stríð við þann sterka sósialistiska heim. Hervæðing Vestur-Þýzkalands beinist gegn þýzka verkalýðnum og þýzku alþýðunni. Hervæðing Vestur-Þýzkalands skapar stórhættu á borgarastyrjöld í Þýzkalandi, annars vegar hættu á því, að óðir hernaðarsinnar Vestur-Þýzkalands ráðist á Austur-Þýzkaland þrátt fyrir öll loforð, sem Adenauer eða aðrir slíkir kunna að gefa þar um, og í öðru lagi hættu á borgarastyrjöld í Vestur-Þýzkalandi.

Hv. 6. landsk. las hér við fyrri umr. þessa máls upp mótmæli þýzka verkalýðssambandsins og þýzka sósíaldemókrataflokksins gegn hervæðingu Vestur-Þýzkalands og gegn öllum þeim samningum, sem keðjaðir voru saman með Lundúnaráðstefnunni. Og ég vil aðeins minna á eina setningu úr þeirri samþykkt þýzka verkalýðssambandsins, sem gerð var 9. okt. og gerð var svo að segja einróma af fulltrúum fyrir 6 millj. þýzkra verkamanna og það eingöngu verkamanna í Vestur-Þýzkalandi. Þar stóð í:

„Endurhervæðing og sköpun þýzks hers, eins og Lundúnasamningurinn gerir ráð fyrir, skapar fyrir innri þróun sambandslýðveldisins þá hættu að skapa hernaðarlegt einræðisríki. Þetta mundi eyðileggja alla viðleitni þýzka verkalýðsins til að byggja upp pólitískt, þjóðfélagslegt og efnahagslegt lýðræði."

Það er engum efa bundið, að það vita ekki aðrir betur um hættuna, sem yfir vofir af endurhervæðingu Vestur-Þýzkalands en þýzki verkalýðurinn. Við verðum að gera okkur fyllilega ljóst, hvað endurhervæðing Vestur-Þýzkalands er. Hún er hervæðing þeirra Þjóðverja, sem börðust í síðustu styrjöld undir merkjum Hitlers. Hún er hervæðing þýzks hers, sem fram til 1945 barðist sem nazistiskur her um alla Evrópu og undir forustu þýzkra herforingja, sem stjórnuðu í síðustu styrjöld, sumpart herforingja, sem voru dæmdir sem stríðsglæpamenn að lokinni þeirri styrjöld. Þetta gerir þýzki verkalýðurinn, þetta gera jafnt þýzku kommúnistarnir sem þýzku sósíaldemókratarnir og aðrir raunverulegir lýðræðissinnar í Þýzkalandi sér fyllilega ljóst. Þeim er ljóst, að hervæðing Vestur-Þýzkalands þýðir að gefa þýzku auðmannastéttinni, því sem eftir er af gamla þýzka aðlinum og þeim hluta af þýzku þjóðinni, sem þessu valdi hefur alltaf tekizt að fylkja á bak við sig, möguleikana til þess að koma aftur á hernaðarlegu einræði í þeim hluta Þýzkalands, sem þeir ráða yfir. Pólitík þýzku sósíaldemókratanna hefur verið gerð alveg ljós í þessum efnum. Þeir hafa lýst því yfir, að með samþykkt á öllum þeim samningum, sem keðjaðir voru saman með Lundúnaráðstefnunni, væri girt fyrir sameiningu Þýzkalands og sundrung Þýzkalands ákveðin fyrir máske ófyrirsjáanlega framtíð. Ollenhauer, formaður þýzka sósíaldemókrataflokksins, lýsti því yfir í þingi Vestur-Þýzkalands 7. okt., að þeir, sósíaldemókratarnir, væru skilyrðislaust fylgjandi því, að áður en nokkur samþykkt yrði gerð á þeim samningum, sem um er rætt, yrði reynt til hlítar að ná samkomulagi við sovétstjórnina til þess að koma þannig í veg fyrir sundrungu Þýzkalands og þá hættu, sem af því mundi hljótast að sundra Þýzkalandi í tvennt og vígbúa hlutana hvorn gegn öðrum. Ollenhauer, formaður þýzku sósíaldemókrataflokksins, lýsti því þá yfir, að það, sem hann og hans flokkur áliti rétta stefnu í þessum málum, væri, að fyrst væri Þýzkaland allt, Austur- og Vestur-Þýzkaland, sameinað á þeim grundvelli, að það sameinaða Þýzkaland væri utan við þau bandalög, sem annaðhvort væru til eða mynduð yrðu í Vestur-Evrópu eða í Austur-Evrópu, þannig að sameinað Þýzkaland stæði sem sjálfstætt, sameinað stórveldi á milli þeirra tveggja stórveldablokka, sem væru til beggja vegna við það. Og þetta hlýtur öllum að skiljast, sem á annað borð vilja frið í Evrópu, að er eina ráðið til þess að koma í veg fyrir, að við Saxelfi standi tveir vígbúnir herir hvor gegn öðrum og ekki þurfi nema eldspýtu í púðurtunnuna til þess að kveikja í.

Það er vitanlegt, að auðvitað fallast verkalýðsríkin í Austur-Evrópu aldrei á það, að Austur-Þýzkaland verði afhent undir yfirráð Bandaríkjanna og bandamanna þeirra sem svæði til þess að vígbúast á gegn Sovétríkjunum og öðrum sósíalistiskum ríkjum. Slíkt kemur aldrei til mála. Og eina leiðin til þess að skapa friðartryggingu á þessu svæði er þess vegna sameinað Þýzkaland, Austur- og Vestur-Þýzkaland sameinað utan við hernaðarblokkirnar báðar, sem kynnu að verða til í Evrópu.

Það var þessi aðferð, að skapa slíkt ríki, sem hvorugri blokkinni skyldi tilheyra, sem nú takast á í heiminum, sem var framkvæmd með Genfarsáttmálanum, ákvörðuninni viðvíkjandi framtíðarstöðu Indó-Kína. Og það var einmitt á grundvelli þessa, sem tókst að gera samkomulag í Genf, — það samkomulag, sem batt enda á sjö ára styrjöld í Indó-Kína, það samkomulag, sem hefur aukið gífurlega á friðarhorfurnar í heiminum. Og sú regla var þar lögð til grundvallar án tillits til þess, hvaða aðilar yrðu ofan á í kosningum í Indó-Kína, að þetta

land, hvernig sem því væri stjórnað, skyldi vera utan við þær stórveldablokkir, sem til væru í veröldinni. Og það er sama ráðið, sem er auðsjáanlega eina ráðið viðvíkjandi Þýzkalandi, ef á að sameina það og ef á að halda því friðsamlegu.

Það er ekki að undra, þó að þýzkur verkalýður sé uggandi út af þeim framtíðarhorfum, sem skapast fyrir hann, svo framarlega sem Lundúnasamningarnir verða samþykktir. Við skulum aðeins muna eftir, að þýzki verkalýðurinn, eftir að hann hefur gert sína byltingu 1918, er barinn niður með vopnavaldi 1919, m. a. af þeim herforingjum og af þeim herdeildum, sem urðu síðan kjarninn í her Hitlers og eru enn þá kjarninn í þeim her, sem nú er verið að undirbúa í Vestur-Þýzkalandi. Og síðan, eftir að auðvaldinu þannig hafði tekizt 1919 raunverulega að halda völdunum í Þýzkalandi, var svo 1933 þýzki verkalýðurinn ofurseldur undir fasisma, undir einræði þýzka auðvaldsins. Við skulum muna það, þegar talað er um allar þær skelfingar, sem fasisminn olli í Evrópu, að fyrsti aðilinn, sem varð fyrir barðinu á nazismanum, varð fyrir barðinu á Hitler, var þýzki verkalýðurinn. Það var þýzki verkalýðurinn, sem fyrst var sleginn niður, það var þýzki kommúnistaflokkurinn, sem fyrst var bannaður, og nú er byrjað að banna hann í Vestur-Þýzkalandi, það var þýzka sósíaldemókratíið og þýzka verkalýðssambandið, sem síðan var bannað og barið niður, og nú er það þýzka sósíaldemókratíið og þýzka verkalýðshreyfingin í Vestur-Þýzkalandi, sem biður verkalýðshreyfinguna í Vestur-Evrópu um hjálp. Seinast í dag munu hv. þingmenn hafa heyrt í útvarpinu, að Ollenhauer, formaður þýzku sósíaldemókratanna, skírskotar til allra jafnaðarmannaflokka í Vestur-Evrópu að taka upp baráttuna á móti samþykkt allra Lundúnasamninganna, á móti hervæðingu Vestur-Þýzkalands.

Þess vegna er ljóst, að það, sem núna berst jafnt hér til Alþingis Íslendinga og annarra þeirra þjóða og þinga, sem ræða þetta mál, er neyðaróp frá þýzku alþýðunni, sem sér, að það er verið að taka til höggstokkinn og reiða upp öxina gegn henni. Og það er bezt, að þeir menn, sem samþykkja þennan samning sem heild, geri sér alveg ljóst, hvað þeir eru að gera með því. Það er verið að ofurselja þýzka verkalýðinn og þýzku alþýðuna aftur í gin þýzka hervaldsins og þýzka auðvaldsins. Ég veit, að menn munu segja í dag: Það er lýðræði í Vestur-Þýzkalandi, og það er inn í lýðræðisbandalag, sem við erum að taka Vestur-Þýzkaland, og við erum að koma lýðræðinu á og tryggja lýðræðið í Vestur-Þýzkalandi. Ég ræddi ofur lítið um andlit lýðræðisins í þessu sambandi við fyrri umr. þessa máls, og ég ætla ekki að endurtaka það. Ég ætla að minna menn á framkvæmd „lýðræðisins“ í Guatemala af hálfu ríkja Atlantshafsbandalagsins, og ég ætla að vara menn við að láta falleg orð, jafnvel þó að Adenauer noti þau, blekkja sig um innihaldið í því, sem verið er að koma á. Lýðræði er ákaflega fallegt orð, en það er hægt að dylja harðstjórnarkúgun í Vestur-Þýzkalandi, endurreisn hervalds og auðvalds í Vestur-Þýzkalandi undir þeirri grímu.

Ég vil aðeins minna menn á: Það var ekkert amalegt orð, sem Hitler hafði viðvíkjandi sínum flokki og því, sem hann var að koma á. Það hljómaði svo sem ekki verr en lýðræði, og það var ekki síður róttækt en lýðræði. Ég vil minna menn á, að hans flokkur hét „National-socialistische Arbeiter Partei Deutschlands.“ Það var þjóðlegi sósíalistiski verkamannaflokkurinn í Þýzkalandi. Það vantaði svo sem ekki róttæknina og fögru hljómana, ekki síður en í orðið lýðræði, en það er bara bezt fyrir menn að athuga, hvað innihaldið er og hvað verið er að gera í þessu sambandi. Mennirnir, sem í dag eru forustumennirnir í endurhervæðingu Vestur-Þýzkalands, eru hershöfðingjarnir. Það er manndjöfull, á þýzku: Mannteufel, það er Kesselring, það er Krupp, það eru mennirnir, sem voru dæmdir sem stríðsglæpamenn og sátu í fangelsi nokkur ár, meðan þjóðir Evrópu enn þá mundu hryðjuverk nazismans, mennirnir, sem nú eru ekki aðeins komnir út, og nú hefur ekki aðeins verið hætt við að þjóðnýta Krupp-verksmiðjurnar, eins og brezki verkamannaflokkurinn heimtaði eftir stríð. Nú hefur Krupp, nú hefur IGF, þýzki köfnunarefnishringurinn, og allir auðhringar Þýzkalands fengið sínar eignir aftur og deila hluta af þeim með Bandaríkjaauðvaldinu, og það er þetta endurreista auðvald og þessir „hreinsuðu“ herforingjar Hitlers, sem nú beita sér fyrir endurhervæðingunni, og við vitum, að þeirra fyrsta verk verður að slá niður þýzka verkalýðinn, þýzku verkalýðshreyfinguna. Þannig byrjuðu þeir 1933, og það er nauðsynlegt fyrir þá, til þess að geta snúið sér að þeim, sem þeir koma til með að snúa sér að næst. Og þessa dagana verður það ákveðið, hvort m. a. stjórnmálaflokkarnir hér á Íslandi ætla að hjálpa til þess að gera þeim þetta mögulegt eða ekki.

M. ö. o.: Næst á eftir því að beinast gegn sósíalisku ríkjunum, þá beinist endurhervæðing Vestur-Þýzkalands gegn þýzku alþýðunni sjálfri.

Í þriðja lagi beinist hún gegn lýðræðinu í Vestur-Evrópu. Endurreistur þýzkur her á að áliti Bandaríkjastjórnar að verða eins konar varðhundur hennar í Evrópu. Og ég vil taka það fram aftur, að þó að Bandaríkin hafi fulla löngun til þess að beita þeim varðhundi á sósíalisku ríkin í Austur-Evrópu, þá er ekki víst, að varðhundinum né herra hans þyki það skynsamlegt, þegar til kemur. Þeim kann að þykja ódýrara að reyna að láta hann rífa í sig lýðræðið í Frakklandi, ekki síst ef það lýðræði yrði þá orðið heldur róttækara en það er í dag. Það hefur ekki vantað hótanirnar, hvorki frá vestur-þýzkum stjórnmálaleiðtogum né amerísku auðvaldinu, gagnvart Frakklandi út af óþægð þess í sambandi við Evrópusamninginn, út af styrkleika kommúnistaflokksins og verkalýðshreyfingarinnar í því landi, og það er gefið, að þegar Bandaríkin væru búin að hervæða Vestur-Þýzkaland, þá fara þeir að tala öðru máli gagnvart Frakklandi; ég tala nú ekki um,

ef það Frakkland færi að feta meira í fótspor þess Frakklands, sem var fyrir stríð, jafnvel með nýrri og róttækari alþýðufylkingu en þá var. Menn tala stundum um það sem eitthvað óttalegt, þegar Hitlers-Þýzkaland gerði samning við Sovétríkin og þegar Sovétríkjunum tókst að kljúfa fjandmenn sína, sem höfðu sameinazt með Münchensamningnum á móti þeim, og láta þá fjendur þeirra eigast við í staðinn fyrir að láta þá ráðast sameinaða á Sovétríkin.

Ég vil biðja menn að athuga, að það Vestur-Þýzkaland, sem á að hervæða aftur í dag, er ekki öruggur bandamaður fyrir Frakkland og England eða aðra, sem vildu sérstaklega standa með þeim ríkjum. Það er enginn kominn til með að segja, hvenær það Vestur-Þýzkaland jafnvel kýs heldur, af því að það treystir sér ekki til þess að leggja í Sovétríkin, að sprengja sig út úr Atlantshafsbandalaginu og henda sér heldur yfir Frakkland. Ég vil vekja athygli manna á, að sú pólitík, sem nú er lagt til að Ísland taki þátt í að framkvæma í Evrópu, er hættuleg pólitík. Það er enginn kominn til með að segja, hvert reykinn og eldinn leggur, ef kveikt er í, þannig að það er bezt fyrir menn að athuga sinn gang í tíma. Hinir þýzku herforingjar Hitlers hafa reynslu af því, hvað það þýðir að ætla að slást við sósialisku ríkin. Þeim gekk betur að eiga við Frakkland 1940. Það má vel vera, að þeim þætti enn þá auðveldara að ráðast á garðinn, þar sem hann væri lægri. Lýðræði Vestur-Evrópu, bæði því, sem nú er, og því, sem kann að koma, stafar hætta af endurhervæðingu Vestur-Þýzkalands.

Ég vil aðeins til fróðleiks, ef allir hv. þm. stjórnarflokkanna skyldu standa í þeirri meiningu, að herforingjar Hitlers hefðu gengið í endurnýjun lífdaganna sem góðir lýðræðissinnar og iðrazt yfir öllum sínum stríðsglæpum, vitna í eina setningu, sem Kesselring marskálkur, fyrrverandi hershöfðingi Hitlers og núverandi foringi Stahlhelm í Þýzkalandi, sagði á einum opinberum fundi, þar sem m. a. forsætisráðherrann úr Nordrhein-Westfalen var viðstaddur. Hann var að tala um, að hann hefði verið ásakaður fyrir að hafa látið drepa 330 gísla í Róm einu sinni, og það var eitt af því, sem hann var dæmdur sem stríðsglæpamaður fyrir. Hann sagði um það: „Ég hef miklar áhyggjur af, að stríðssagnaritarar framtíðarinnar munu álasa mér með eftirfarandi orðum: Kesselring, þú hefur misst af margri góðri bardagaaðstöðu með því að vera allt of mannúðlegur í þínu framferði.“ Það liggur fyrir, að þessir hershöfðingjar Hitlers eru svo fjarri því að sjá eftir aðferðunum, sem þeir hafa haft í frammi, að þeir eru ákveðnir í því að vera harðvítugri, vera ekki eins „mannúðlegir“ og þeir voru í sambandi við múgmorðin, sem þeir framkvæmdu í síðasta stríði, og Bandaríkin munu sjá þeim fyrir atómvopnunum, til þess að þeir þurfi ekki að kvíða því að geta ekki verið nógu fljótir með þau múgmorð, sem þeir hyggja til í næstu styrjöld.

Þessir herforinngjar Hitlers gera sér einnig ljóst, að sú stefna, sem Bandaríkin og þau ríki, sem þeim fylgja, taka upp, er áframhaldið af stríðsstefnu Hitlers. Kesselring sagði á þessum sama fundi: „Stríðsdáðir Þjóðverja hafa nú orðið grundvöllurinn að pólitík vesturveldanna.“ Þið skiljið, að hershöfðingjar Hitlers skilja fyrr en skellur í tönnunum. Þeir sjá, að það er „Anti-Komintern“ eða andkommúnistabandalagið, sem verið er að endurreisa, það sé sama pólitík og sú, sem Hitler rak, sem nú eigi að reka, enda segja þeir fullum fetum: Nú loksins eru vesturveldin búin að uppgötva það, að Hitler hafði alveg á réttu að standa. Þetta langt eru menn komnir, og afleiðingin, sem hálffasistarnir og fasistarnir í Bandaríkjunum draga af þessu, er: Nú verður einmitt að fá þýzku fasistana í lið með okkur. Það eru mennirnir, sem vita, hvernig á að fara að, og hafa reynsluna af því að berjast á móti verkalýðnum, móti alþýðunni, móti sósíalismanum í heiminum.

Og það á ekki að sitja við orðin tóm um hervæðingu Þýzkalands. Nýlega tilkynnti sá maður, sem er hinn raunverulegi hermálaráðherra Vestur-Þýzkalands, Theodor Blank, að hinn nýi þýzki her væri þegar í fullum undirbúningi. Nafnið á honum ætti að vera Streitkräfte, hin gömlu nöfn, sem verið höfðu, bæði Wehrmacht, eins og var á nazistatímanum, og Reichswehr, eins og var á Weimartímanum, hefðu of óþægilegar endurminningar í för með sér, sagði hann, til þess að það væri hægt að endurvekja þau. Mann undrar náttúrlega ekki, þótt þeir vilji ekki beint taka upp nafnið á her Hitlers, en hitt undrar mann máske dálítið, að Reichswehr, nafnið á her Weimarlýðveldisins, skyldi vera orðið það óvinsælt, að ekki mætti taka það upp. Og það er áreiðanlega ekki vegna þess, að það nafn sé svo óvinsælt í eyrum þýzkra kommúnista, að þeir þora ekki að endurvekja það, heldur vegna hins, að hinir gömlu herforingjar Hitlers mega helzt ekki heyra minnzt á her Weimarlýðveldisins, og þess vegna á að friðþægja þeim með því að taka nú nýtt nafn, Streitkräfte.

Svo er talað um, að það eigi eingöngu að vera 12 herdeildir, sem Vestur-Þýzkaland eigi að fá. Theodor Blank tilkynnti, að það yrðu 400 þús. manns, sem yrðu í þessum endurreista landher, það yrðu 20 þús. manns í sjóhernum, það yrðu 80 þús. manns í lofthernum, 12 herdeildir á landi, 400 þús. manns, 33 þús. menn í hverri herdeild. Í herdeildum Atlantshafsbandalagsins eru 16 þús. menn. Hver herdeild í Vestur-Þýzkalandi á að vera tvöföld á við herdeildir Atlantshafsbandalagsins. Á þennan hátt á að segja við menn ósköp rólega, að það sé hreinasta lygi, að Þjóðverjar ætli að koma upp 24 herdeildum. Nei, það eru bara 12 herdeildir, en hver þeirra er helmingi stærri en hinar. Um þetta virðist hafa verið samkomulag, að þýzki herinn og þýzki sjóherinn sé endurreistur, 180 herskip og 1300 flugvélar og sprengjuflugvélar. Þær borgir Englands, sem verst urðu úti í síðustu styrjöld, eiga nú að hjálpa til að fá þýzka loftflotann aftur í gang.

Þessar tilkynningar um þann nýja her Vestur-Þýzkalands, eins og samkomulag hafði verið um það í Lundúnum, voru ekki nema rétt

komnar út til almennings, þegar Theodor Blank, þessi tilvonandi hermálaráðherra Vestur-Þýzkalands, tilkynnti enn fremur, að Vestur-Þýzkaland ætlaði sér að koma upp varaliði, sem væri milli 4 og 5 milljónir manna. Og þessi tilkynning um að hervæða þannig raunverulega 17 árganga, árgangana af þjóðverjum, sem eru milli 29 og 45 ára, var gefin án þess, að nokkuð hefði verið á það minnzt eða um það rætt í Lundúnasamningunum og á Lundúnaráðstefnunni, að Vestur-Þýzkaland ætti að hafa nokkurn varaher. M. ö. o.: Undireins og búið er að rétta vestur-þýzka hervaldinu litla fingurinn, búið að leyfa því að fá þessar stóru og nýju *herdeildir*, vel vopnum búnar, þá tilkynnir þýzki hermálaráðherrann tilvonandi, að þeir komi sér upp varaliði líka. Meginið af þeim mönnum, sem eru á aldrinum 29—45 ára í Vestur-Þýzkalandi, eru menn, sem hafa æfingu úr stríðinu, þannig að þeir þurfa ekki nema nokkurra mánaða skólun með nýtízku vopnum til þess að vera fullfærir og duglegir hermenn. M. ö. o.: Það er *4—5 milljón manna* her, sem þetta Vestur-Þýzkaland undireins fær komið á laggirnar.

Þetta sýnir m. a., að hið vestur-þýzka herveldi hugsar sig ekki um. Það bíður ekki einu *sinni* eftir að samningarnir séu samþykktir, áður en það byrjar að brjóta þá, áður en það byrjar að koma sér upp varaliði, sem það ekki hafði leyfi til. Og annað er auðséð líka að þeir byrja að brjóta nú þegar. Í Lundúnasamningunum var ekki gert ráð fyrir, að þessi þýzki her hefði atómvopn. Nú þegar er farið að flytja af hálfu Bandaríkjanna fallbyssur með atómkúlum til Vestur-Þýzkalands, og það er engum efa bundið, — það veit maður af allri þeirri reynslu, sem maður hefur, — við getum gjarnan sagt af dugnaði þýzkrar stóriðju og sérþekkingu þýzkra vísindamanna, en þó sérstaklega af óskammfeilni þýzkra herforingja og stjórnmálamanna, — að afturhaldið þýzka er nú þegar í fullum gangi með tilraunir um sýklahernað, atómhernað og annað slíkt, og fær áður en margar vikur verða liðnar atómvopn frá Bandaríkjunum í hendur. Við skulum þess vegna gera okkur fyllilega ljóst, að þetta litla af tryggingum, sem talað er um í sambandi við þessa Lundúnasamninga, þessar ráðstafanir, sem þarna á að gera, verður allt tómt hjóm, undireins og þýzka hervaldið er komið af stað. Þeir eru byrjaðir að brjóta Brüsselsáttmálann, áður en búið er að taka þá í Brüsselsambandið eða Atlantshafsbandalagið. Atlantshafsríkin í Vestur-Evrópu munu ekkert ráða við þá anda, sem þau særa fram í Vestur-Þýzkalandi, jafnvel þó að þau *seinna meir* fari að langa til þess að ráða við þá og sjái glópskuna, sem þau eru að framkvæma. Það er þessar vikurnar, sem tækifærið er enn þá til, áður en þýzku herforingjunum er aftur fengin skammbyssan í hendur, að ráða því, að þeir hafi ekki tækifæri til þess að beita henni.

Ég verð að segja það, að mér voru það nokkur vonbrigði, að það skyldi ekki vera reynt af hálfu þeirra, sem mæla nú með þessum samningi hér, að koma fram með neinar röksemdir fyrir þessum samningi, og ég vil leyfa mér að síðustu, fyrst engar hafa komið hérna fram, að minna aðeins á þær röksemdir, sem helzt hafa verið notaðar úti í Evrópu. Mér þykir hlýða, að *eitthvað af þeim röksemdum, sem* færðar eru fyrir Atlantshafssamningnum og Lundúnasamningnum, komi fram, til þess að hægt sé að hrekja þær. Ég kann illa við það, að menn hafi þá aðstöðu, eins og stjórnarliðið hefur nú hér, að gera ekkert annað en heyra og hlýða þeim erkibiskupsboðskap, sem þeim nú er fluttur frá erkibiskupum mammons og herguðsins í Washington. Ég skal geta þeirra röksemda, sem helzt komu fram í Noregi fyrir því, að Noregur ætti að samþykkja, að Þýzkaland gengi í Atlantshafsbandalagið.

Í fyrsta lagi kom fram sú röksemd, að þýzk hervæðing væri nauðsynleg til þess að vernda Evrópu fyrir Sovétríkjunum. Ég býst við, að sem stendur sé enginn ábyrgur stjórnmálamaður í Evrópu, sem heldur því fram, að Evrópu standi sem stendur hætta af árás frá Sovétríkjunum, enginn ábyrgur stjórnmálamaður í Evrópu, sem dirfist að halda því fram, og vesturveldin hafa sjálf greinilegast undirstrikað, að þessi árásarhætta væri ekki fyrir hendi, með því að þau hafa sjálf upp á síðkastið verið að draga úr sínum hernaðarstyrk, og þá er ekki undarlegt, þó að menn spyrji: Hví í ósköpunum skyldu vesturveldin vera að draga úr sínum hernaðarstyrk og stytta hjá sér herþjónustutímann, ef þau álitu svo nauðsynlegt að fara að koma upp 12 herdeildum í Vestur-Þýzkalandi vegna hættu á árás frá Sovétríkjunum? Það er með öðrum orðum greinilegt, að þessi röksemd er ekkert annað en bábilja.

Önnur aðalröksemdin, sem notuð hefur verið úti í Evrópu, m. a. í Noregi, var sú, að þýzk hervæðing mundi hindra nýnazismann í Þýzkalandi, mundi koma í veg fyrir, að nazisminn í nýju formi risi upp í Vestur-Þýzkalandi. Það er auðvelt að hrekja þá röksemd, og gera engir það betur en þýzki verkalýðurinn í Vestur-Þýzkalandi sjálfur. Skoðun þýzka verkalýðsins, þýzkra verkamanna, eins og ég þegar hef gert grein fyrir og þeir sjálfir hafa sagt svo skýrt og skorinort, er sú einmitt, að hervæðing Vestur-Þýzkalands skapi nazismann að nýju og geri Vestur-Þýzkaland að hernaðarlegu einræðisríki. Þýzki verkalýðurinn, þýzku kommúnistarnir og þýzku sósíaldemókratarnir ættu manna bezt að vita það, hvað hervæðing þýðir í Vestur-Þýzkalandi.

Þá er þriðja röksemdin, sem notuð hefur verið, sú, að þýzk hervæðing muni gera Sovétríkin samningafús. Það er með öðrum orðum pólitík valdsins, sem Bandaríkin hafa hampað allmikið upp á síðkastið. Hver reynsla er nú af þeirri pólitík? Við fengum bezta reynslu í Genf, við samningana þar, um það, undir hvaða kringumstæðum væri bezt að ná samningum og skapa frið. Í Genf voru vesturveldin ekki sterk, það var ekki pólitík valdsins og pólitík styrksins, sem þau sýndu þar. Nei, þau voru veik í Indó-Kína. Þau voru að tapa í Indó-Kína. Sósíalistisku ríkin voru sterk. Engu að síður náðist samkomulag í Genf, sem vesturveldin

gátu mjög vel unað við, samkomulag, sem skapaði frið. Það sýndi sig, að einmitt undir þeim skilyrðum, að vesturveldin höfðu ekki einu sinni aðstöðu til þess að sýna vald eða sýna styrkleik, var hægt að ná mjög góðum samningum líka fyrir þau. Í öðru lagi er það greinilegt, að Sovétríkin — og það hafa allir fulltrúar Atlantshafsbandalagsríkjanna lagt áherzlu á á síðustu mánuðum — hafa verið reiðubúin til samninga og hafa undanfarið viljað semja, en nú lýsa Sovétríkin því yfir, að svo framarlega sem Vestur-Þýzkaland verði hervætt, þá sé of seint að gera samninga, það sé ekki til neins að tala um neina samninga eftir það, þá sé ekki til neins að tala um neina afvopnun. Og ég vil vekja athygli manna á því, hvaða álit sem menn annars hafa á Sovétstjórninni, að hennar stjórnmálamenn eru ekki vanir að tala út í bláinn. Það eru menn, sem láta gerðir fylgja á eftir orðunum, og fyrir hvern, sem man síðasta stríð, er það ákaflega skiljanlegt. Þýzki herinn gafst upp 1945, eftir að rauði herinn var búinn að brjóta hann á bak aftur. Þýzki herinn gafst upp og var afvopnaður, og síðan hefur enginn friður verið saminn. Það er enginn friður enn þá saminn við neitt Þýzkaland, eins og menn vita. Það eina, sem hefur gerzt, er uppgjöf þýzka hersins og vopnahléið, afvopnun þýzka hersins samkvæmt þeirri uppgjöf hans. Ef nú nokkrir af bandamönnum Sovétríkjanna úr síðustu styrjöld ætla að fara að vopna þennan þýzka her á ný, þá skilja Sovétríkin, Pólland, Tékkóslóvakía og öll þau ríki, sem urðu fyrir mestum hryðjuverkum af her Hitlers, hvað verið er að gera. Það voru 7 millj. sovétborgara, sem féllu eða voru myrtir af þýzka hernum í síðustu styrjöld. Hver einasta fjölskylda í Sovétríkjunum, svo að segja, á um sárt að binda eftir það stríð, og það er engum efa bundið, að það er ekki meining sósíalisku ríkjanna í Austur-Evrópu að láta hættuna á þýzkri hervæðingu geta skollið á sér aftur. Eftir að samningurinn hefur verið gerður um hervæðingu Þýzkalands, er hins vegar orðið of seint að semja. Þá er búið að afhenda þýzku herforingjunum þau vopn, sem þeir þrá, þá er búið að kljúfa Þýzkaland í tvennt og þá er búið að slá á þá framréttu hönd sósíalisku ríkjanna, sem enn í dag er tækifæri til þess að taka í. Þess vegna er það sem hver önnur vitleysa, að hervæðing Vestur-Þýzkalands geri Sovétríkin samningsfús. Þau eru reiðubúin til samninga nú, en þau eru sjálf búin að lýsa því yfir, að þau verða það ekki, eftir að búið er að endurhervæða Vestur-Þýzkaland. Þessi röksemd fellur því um sjálfa sig.

Og þá er síðasta röksemdin, sem beitt var, a. m. k. sérstaklega í Noregi. Hún er sú, að Bandaríkin mundu hervæða Vestur-Þýzkaland, ef Atlantshafsríkin neita. Og þetta býst ég við að eigi að vera sterkasta röksemdin, og þetta hef ég nú satt að segja grun um að sé röksemdin, sem hæstv. ríkisstj. beygir sig fyrir: Að svo framarlega sem Vestur-Þýzkaland verði ekki tekið inn í Atlantshafsbandalagið og Brüsselbandalagið og gefið þannig lýðræðis-„fernisinn“ yfir það og allan þess fasisma, þá muni Bandaríkin sjálf upp á eigin spýtur hervæða Vestur-Þýzkaland, eins og þau nú eru að hervæða Spán. Ég verð að segja, að þrátt fyrir það þótt þessi röksemd sé vissulega mjög sterk og harðvítug sem svipa, þá efast ég nú samt um, að meira að segja Bandaríki Norður-Ameríku mundu þora, þegar til kæmi, ef Vestur-Evrópuríkin stæðu á móti endurhervæðingu Vestur-Þýzkalands, að hervæða Vestur-Þýzkaland upp á eigin spýtur. Ég efast um, að Bandaríkin mundu þora slíkt, fyrst og fremst vegna þess, að það er nokkurn veginn fyrirsjáanlegt, að ef Bandaríkin hervæða Vestur-Þýzkaland upp á eigin spýtur, þá þýðir það, að Frakkland, sem nú hefur vináttu- og varnarsáttmála við Sovétríkin, mundi gera þann samning aftur að miklu harðvítugri raunveruleika en hann er í dag, m. ö. o., eins og borgararnir í Vestur-Evrópu orða það: Bandaríkin mundu kasta Frakklandi í faðminn á Sovétríkjunum með því að endurhervæða Vestur-Þýzkaland upp á eigin spýtur. Hins vegar er vitað, að þessi röksemd, þessi hótun Bandaríkjanna, það er eina röksemdin, sem hefur dugað, og það er að öllum líkindum líka sú röksemdin, sem veldur því annars vegar, að ríkisstj. Íslands nú leggur þessa þáltill. hér fyrir, og hins vegar hinu, að enginn treystist hér til þess að mæla með henni.

Ég býst við, að leiðtogar stjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar viti um þessa hótun Bandaríkjanna og þess vegna þegi þeir. Þess vegna voru þeir líka ófúsir, nokkur þeirra, að taka að sér framsöguna fyrir meiri hl. utanrmn., og þess vegna vilja þeir forðast allar umræður um þetta mál. Það er ekki í fyrsta skipti, sem við Íslendingar kynnumst hótun Bandaríkjanna þannig í sambandi við hennar afskipti af okkar málum. Við munum eftir, þegar þeir heimtuðu Keflavíkurflugvöllinn 1946, þá var hótun þeirra sú: Ef við fáum ekki þennan samning um Keflavíkurflugvöllinn, þá verður okkar her áfram hér í landinu. — Og ég vil minna m. a. Framsfl. á, að hann var þá alveg sérstaklega með kröfurnar um að heimta ameríska herinn burt úr landinu.

Þessi síðasta röksemd um þessa hótun Bandaríkjanna, að þau muni sjálf hervæða Vestur-Þýzkaland, ef Atlantshafsríkin neita, mun hafa verið notuð allóspart í Noregi, ekki síður en hún hefur máske verið notuð hér á Íslandi. Og meðferð norska þingsins á þessu máli, sem er held ég sagt í einhverju nál. að sé það eina, sem hefur það sem kallað er samþykkt þetta, sem komið er, var þannig, að einn af þingmönnum norska verkamannaflokksins skrifar eftirfarandi um það í blað, sem vinstri menn í norska verkamannaflokknum gefa út og heitir Orientering. Það er Jakob Friis, einn af elztu þingmönnum norska verkamannaflokksins, og það er leiðari í þessu blaði, sem heitir: „Det er fullbragt“ — „Það er fullkomnað“. Með leyfi hæstv. forseta, vildi ég lesa þessa lýsingu hans, bara á norskunni, ég vona, að það sé óhætt. Hann segir á þessa leið:

„Stortingets behandling av denne livsviktige sak for vårt folk var like nedverdigende for regjeringen som for representanterne. Etter

forhåndsinnpiskning i partigruppene fik regjeringen godkjent en erklæring, som den ikke vågde å ta votering på og som ingen av representantene (unntatt Kommunistene) vågde å kreve votering om eller stille eget voteringsforslag mot. Tre av talerne erklærte, at hvis de hadde måttet votere ville de ha stemt mot. Mange av dem, som tidde, ville ha sagt det samme, hvis de hadde måttet tale. Men ingen av dem hadde mot til å fremsette et eget voteringstema.

Så ynkverdig har norsk demokrati aldri för opfört seg. På dette grunnlaget erklærte Stortingspresidenten, at utenriks- og forsvarsministeren kunne reise til Paris med et overveldende flertall i Stortinget og det norske folk *bak sig og stemme for å innby Vest-Tyskland* til å bli medlem av NATO."

Þetta voru orð eins þm. norska verkamannaflokksins um, á hvern hátt þetta var barið í gegn í Noregi. Ég held þess vegna, að það færi bezt á því að öllu leyti, að Alþingi Íslendinga felldi þetta mál, sem hérna liggur fyrir. Og einmitt til þess að geta gefið hv. þingmönnum, ekki síst þm. stjórnarflokkanna, möguleika til þess að athuga sinn gang, möguleika til þess að kynna sér þetta mál, möguleika til þess að sjá, hvernig önnur þing Vestur- og Norður-Evrópu afgreiða þetta mál, þá leggur hv. 6. landsk. til, að þessari umr. sé nú frestað. Það er ekkert, sem knýr okkur til þess að afgreiða þetta mál nú, nema ef vera kynni það valdboð Bandaríkjanna, sem ég talaði um hér áðan. Ríkisstj. sjálf hefur hins vegar ekki einu sinni haldið fram, að það væri til staðar. Þess vegna er það nú mín till., sem ég vil endurtaka fyrir hönd hv. 6. landsk. til hæstv. forseta, að í fyrsta lagi verði greidd atkv. um að fresta nú þessari umr., þar til þing kemur aftur saman eftir jól, en hins vegar er það okkar till., að svo framarlega sem nú eigi að ganga til atkvæða um þetta, þá sé þessi þáltill. ríkisstjórnarinnar felld.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Við þjóðvarnarmenn höfum þrásinnis varað við þeirri hættu, sem við teljum að í því felist fyrir okkur Íslendinga að gerast hlekkur í herbúnaðarkeðju hvors sem vera skyldi þeirra meginafla, sem undanfarin ár hafa háð hið kalda stríð og staðið öndvert hvort öðru og vígbúizt. Við höfum bent á hið mikla fámenni þjóðarinnar íslenzku og algert vopnleysi hennar um aldaraðir og þá sérstöðu, sem af þeim staðreyndum leiðir. Því höfum við talið og teljum hiklaust, að Ísland eigi að kosta kapps um að vera hlutlaust í hernaðarátökum og standa utan við hernaðarbandalög. Við lítum svo á, að hvar sem fulltrúar Íslands koma fram á alþjóðavettvangi, beri þeim skylda til að vinna að eflingu friðar, berjast fyrir þeirri skoðun, að hlutlausar smáþjóðir fái notið alþjóðlegrar réttarverndar, og stuðla að því með atkvæði sínu og á annan hátt, að undirokaðar þjóðir, hvar sem er í veröldinni, fái öðlazt frelsi og sjálfstæði.

Við teljum, að þessi stefna, hlutleysi Íslands í hernaðarátökum, sé ekki aðeins líklegust til farsældar okkar eigin þjóð, heldur sé hún einnig hinn bezti stuðningur, sem við getum veitt þeim friðaröflum, sem vilja draga úr viðsjám í heiminum og koma í veg fyrir þá óheillavænlegu þróun, að veröldinni allri verði skipt í tvær fjandsamlegar meginfylkingar, þar sem leiðtogar Rússlands og heimskommúnismans eru hið leiðandi afl annars vegar, en áhrifamenn Bandaríkja Norður-Ameríku, sumir næsta einsýnir auðhyggjumenn, stjórna ferðinni hins vegar. Þeim mönnum í Evrópu og víðar fer fjölgandi, sem sjá, hve hættuleg sú braut er, sem farin hefur verið nú um sinn, og þeir leitast við að draga úr tortryggni og viðsjám á alþjóðavettvangi. Það er sannfæring okkar þjóðvarnarmanna, að þessum öflum friðar og lýðræðis eigum við Íslendingar að fylgja og veita þeim það fulltingi, sem við megum.

Út frá þessu sjónarmiði — og því einu — erum við andvígir þátttöku Íslendinga í hernaðarbandalögum, þar á meðal aðild okkar að Norður-Atlantshafsbandalagi. Það eru rangfærslur, að þessi afstaða okkar mótist á nokkurn hátt af fylgi við austræna einræðisstefnu. Það er þvert á móti. Við fordæmum einræði og yfirgang, í hvaða formi sem slíkt birtist, og teljum yfirgang leiða til ófarsældar án tillits til þess, með hverjum „ideologiskum" kennisetningum reynt er að réttlæta stefnur, sem taka ofbeldi í þjónustu sína. Einræðishneigð leiðir af sér herbúnaðarkapphlaup, og sagan sýnir, að herbúnaðarkapphlaup leiðir jafnan til ófarsældar og veldur ómælanlegu böli. Afstaða okkar mótast eingöngu af því, hvað við teljum íslenzkri þjóð fyrir beztu og hvað líklegast sé til að auka friðarvonir í heiminum. Sömu eða svipaða afstöðu hafa tekið fjölmargir lýðræðissinnaðir menn og flokkar í mörgum löndum. Þeir hafa tekið þá afstöðu út frá áþekkum sjónarmiðum, með tilliti til farsældar eigin lands og friðarhugsjónarinnar.

Hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþingi till. til þál. um heimild sér til handa til að fullgilda viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssáttmálann, en sá viðbótarsamningur fjallar um það, að Vestur-Þýzkalandi verði veitt aðild að Norður-Atlantshafssamningnum, það verði tekið upp í Atlantshafsbandalagið.

Nú er það skoðun míns flokks, eins og ég hef áður sagt, að Íslandi sé farsælast að standa utan við öll hernaðarbandalög og hefði því ekki átt að ganga í Atlantshafsbandalagið á sínum tíma. Hins vegar er það og staðreynd, að við erum meðlimir í þessu bandalagi og höfum samkv. ákvæðum 13. gr. sáttmála þess ekki rétt til einhliða úrsagnar úr því fyrr en að 16 árum liðnum. En vegna algerrar sérstöðu okkar Íslendinga sem vopnlausrar þjóðar getum við aldrei orðið nema óvirkir þátttakendur í þessu bandalagi né nokkru hernaðarbandalagi. Við lítum svo á, þjóðvarnarmenn, að svo óhyggilegt sem það var að gerast aðili að Atlantshafsbandalaginu, þegar það var stofnað árið 1949, þá sé jafnvel enn varhugaverðara að vera meðlimir þess, eftir að það hefur einu sinni verið fært út og látið ná til Grikklands og Tyrklands, og nú á það í annað sinn að auka

svið sitt, veita inngöngu Vestur-Þýzkalandi, sem jafnframt fær aðstöðu til að hervæðast á nýjan leik.

Við teljum, að upptaka Þýzkalands, eins og nú er ástatt í heiminum, breyti í verulegum atriðum þeim grundvelli, sem byggt var á, þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað og Ísland ákvað að gerast aðili að því. Svo gæti a. m. k. farið, að aðild Þýzkalands yrði til að auka enn vígbúnaðarkapphlaup á meginlandi Evrópu, og áframhaldandi þátttaka okkar í þessu bandalagi, þótt óvirk sé, mætti þá verða til þess, að við kynnum að sogast meira en orðið er inn í átök stórveldanna, en það hlyti að færa okkur nær sjálfum voðanum, ef svo skyldi til takast, að friðslit yrðu á nálægum tímum.

Nú er það augljóst, að þó að við Íslendingar höfum ekki rétt til að segja okkur einhliða úr Atlantshafsbandalaginu, getur enginn meinað okkur að fara þess á leit við aðildarríki bandalagsins hvert um sig, að við fáum að losna úr bandalagi þessu. Teljum við þjóðvarnarmenn, að einmitt nú eigum við að bera fram þessi tilmæli, og höfum því lagt fram brtt. um það efni á þskj. 265, þar sem einnig er nokkur rökstuðningur fyrir því, hvers vegna slík tilmæli skuli fram borin af Íslands hálfu. Um það segir á þessa leið í brtt. okkar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að rökstyðja þessa málaleitan m. a. með eftirfarandi:

1) Aðild sambandslýðveldisins Þýzkalands að Norður-Atlantshafsbandalaginu mundi breyta í mikilvægum atriðum grundvelli þeim, sem byggt var á við stofnun bandalagsins, og skapa innan þess á komandi tímum ný viðhorf og vandamál, sem ekki var unnt að sjá fyrir né taka tillit til, er Ísland gerðist aðili þess.

2) Frá íslenzku sjónarmiði er aðild sambandslýðveldisins Þýzkalands að Norður-Atlantshafssamningnum, samfara hervæðingu þess, varhugavert spor, sem gæti haft í för með sér vaxandi viðsjár og vígbúnaðarkapphlaup á meginlandi Evrópu, einkum þegar tekið er tillit til þess, að Þýzkaland er klofið í tvö ríki. Má í því sambandi minna á afstöðu þýzkra jafnaðarmanna, annars stærsta stjórnmálaflokks Vestur-Þýzkalands, sem berjast harðlega gegn því, að þetta spor sé stigið eins og nú er ástatt. Bendir flokkurinn á þá hættu, að slík ákvörðun geti jafnvel leitt til borgarastyrjaldar í Þýzkalandi.

3) Á hinn bóginn telja Íslendingar, sem eru óvígbúin þjóð og þess vegna í reyndinni óvirkur aðili að Norður-Atlantshafsbandalaginu, ekki eðlilegt, að þeir taki á sig þá ábyrgð að hindra með neitunarvaldi sínu það, sem herveldi bandalagsins kunna að telja sér nauðsynlegt í vígbúnaðarmálum sínum."

Þá leggjum við til, að fyrirsögn till. breytist og orðist svo:

„Till. til þál. um lausn Íslands úr Norður-Atlantshafsbandalagi."

Við leggjum til, að á meðan beðið sé eftir svari meðaðildarríkja okkar í bandalaginu við þeim tilmælum, að við fáum að hverfa úr þessum hernaðarsamtökum, fresti Alþ. og ríkisstj. að taka ákvörðun um það mál, sem hér liggur fyrir.

Mörg rök hníga að því, að okkur Íslendingum beri ekki að flýta okkur ósköpin öll að taka ákvörðun um aðild Vestur-Þýzkalands að Atlantshafsbandalagi, sízt á þá lund að hrapa að því á undan flestum öðrum aðildarríkjum að samþykkja upptöku þess í bandalagið.

Það virðist þegar blasa við, að hervæðing Vestur-Þýzkalands getur haft þau áhrif að auka vígbúnaðarkapphlaupið í Evrópu. Því hefur strax verið hótað, að næsti mótleikur að austan verði sá, að Austur-Þýzkaland verði kappsamlega herbúið með fulltingi Rússa. Eru það vissulega óheillavænleg tíðindi.

Margir lýðræðisflokkar Mið- og Vestur-Evrópu hafa þegar tekið mjög ákveðna afstöðu gegn endurhervæðingu Vestur-Þýzkalands og inngöngu þess í Atlantshafsbandalagið. Í Frakklandi og Englandi eru sterk öfl, sem engir geta með rökum vænt um stuðning við utanríkisstefnu Rússa, algerlega andvíg aðild Þýzkalands að bandalaginu. Og annar stærsti stjórnmálaflokkur Vestur-Þýzkalands sjálfs, flokkur þýzkra jafnaðarmanna, sem á vaxandi fylgi að fagna með þýzku þjóðinni, hefur barizt af alefli gegn upptöku Þýzkalands í bandalagið. Samkvæmt útvarpsfregnum í gærkvöld hafa þýzkir jafnaðarmenn nú sent jafnaðarmannaflokkum annarra Evrópulanda mjög kröftug tilmæli um liðstyrk til að koma í veg fyrir það, að Vestur-Þýzkaland verði að svo stöddu gert aðili að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Telja þeir nauðsynlegt, að áður en slíkt spor sé stigið, verði gengið úr skugga um það, hvort ekki verði komið á fjórveldaráðstefnu um framtíð alls Þýzkalands. Benda þeir á þá hættu, sem við blasi, ef Þýzkaland verði áfram klofið í tvö ríki, sem bæði vígbúist af kappi, annað á áhrifasvæði vesturvelda, hitt í greipum hinna austrænu ríkja. Hefur formaður jafnaðarmannaflokksins þýzka komizt svo að orði, að inntaka Vestur-Þýzkalands í Atlantshafsbandalagið og það vígbúnaðarkapphlaup, sem af því kynni að leiða, gæti haft það í för með sér, að til borgarastyrjaldar kæmi í Þýzkalandi. Ég tel okkur Íslendingum skylt, ekki sízt þeim, sem aðhyllast grundvallarhugsjónir jafnaðarstefnunnar, að taka fullt tillit til þessara varnaðarorða. Enginn þarf að væna þýzka jafnaðarmenn og aðra lýðræðisflokka í Mið- og Vestur-Evrópu um það, að þeim gangi til þjónustusemi við Rússa, þegar þeir vara við afleiðingum þess, að Vestur-Þýzkaland fái að vígbúast og gerast aðili að hernaðarbandalagi. Þeir taka að sjálfsögðu afstöðu út frá þeim sjónarmiðum einum, hvað þeir telja þjóðum sínum fyrir beztu og hvernig þeir hyggja sig þjóna bezt hugsjónum friðarins. Hið sama hlýtur að vera efst í huga íslenzkra lýðræðissinna, þegar þeir taka afstöðu til þess máls, sem hér liggur fyrir.

Að lokum vil ég taka þetta fram: Stefna flokks míns í máli þessu er ákveðin. Hún er mótuð í brtt. þeirri, sem við höfum lagt hér fram við till. hæstv. ríkisstjórnar. Við leggjum

fyrst og fremst til, að þess sé freistað nú, eftir þeim leiðum, sem færar eru, að hin vopnlausa íslenzka þjóð fái að losna úr Norður-Atlantshafsbandalaginu og megi framvegis standa utan við öll hernaðarsamtök. Meðan beðið sé eftir svörum við þessari málaleitan, verði frestað að taka ákvörðun um þá till. hæstv. ríkisstjórnar að fallast á aðild sambandslýðveldisins Þýzkalands að Norður-Atlantshafssamningnum. Verði það fellt að æskja brottfarar Íslands úr Norður-Atlantshafsbandalaginu, teljum við engu að síður rétt og setjum það fram sem varatill., að frestað verði ákvörðun um till. hæstv. ríkisstj., þar til séð verður, hver reynist afstaða annarra aðildarríkja bandalagsins til upptöku Vestur-Þýzkalands. Við teljum það ekki ná neinni átt, að Ísland verði einna fyrst allra ríkja bandalagsins til að veita þetta samþykki, meðan enn er allt í óvissu um ákvarðanir hinna stóru meginlandsríkja, þ. á m. Vestur-Þýzkalands sjálfs. Fari hins vegar svo, eins og líkur benda óneitanlega til, að ríkisstj. Íslands og stuðningsflokkar hennar knýi fram atkvgr. um mál þetta nú, munum við þm. Þjóðvarnarflokksins greiða atkv. gegn þáltill. hæstv. ríkisstjórnar. Það munum við gera með svo hljóðandi rökstuðningi:

Í fyrsta lagi til að mótmæla því svo kröftuglega sem verða má, að hæstv. ríkisstj. og meiri hluti Alþ. hefur þá ekki viljað á það fallast, að við Íslendingar freistuðum þess að fá okkur lausa úr Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Í öðru lagi: Þar sem við lítum svo á út frá hinum takmörkuðu möguleikum okkar Íslendinga til að spá um þróun mála á meginlandi Evrópu, að endurhervæðing Vestur-Þýzkalands og aðild að Norður-Atlantshafsbandalagi kunni að auka viðsjár og vígbúnaðarkapphlaup í álfunni, þá teljum við óráðlegt, að Ísland fallist á upptöku Vestur-Þýzkalands í bandalagið og verði einna fyrst aðildarríkja bandalagsins til að stíga það skref. Bendum við í því sambandi enn einu sinni á varnaðarorð þýzkra jafnaðarmanna og afstöðu margra annarra frjálslyndra lýðræðisflokka í Evrópu.

Forseti (JörB): Hv. 2. þm. Reykv. hefur ítrekað þá ósk, sem fram kemur í nál. 2. minni hl., að meðferð málsins verði frestað. Ég mun því leita atkvæða um þessa ósk hv. þm.

ATKVGR.

Till. um að fresta meðferð málsins felld með 26:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, HJóns.

nei: BBen, EI, EystJ, GíslJ, GTh, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PÞ, SÓÓ, SkG, VH, AE, BSt, JörB.

14 þm. (BÓ, EirÞ, FRV, GíslG, GÍG, HÁ, HG, JJós, PZ, PO, SÁ, SB, StgrSt, ÁB) fjarstaddir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það voru fáein orð út af því, sem komið hefur fram hjá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 8. þm. Reykv.

Hv. 2. þm. Reykv. bað menn að fara mjög varlega í þessum málum, og sagði, að væri óvarlega farið, gæti leitt af því vígbúnað og önnur vandræði. Hann kvakaði hér blítt í friðardúfustíl um þetta mál yfirleitt. Manni skildist helzt, að ef þetta væri gert, að leyfa Vestur-Þýzkalandi þátttöku í NATO, þá gæti það orðið upphaf að sérstöku vígbúnaðartímabili, og þetta kom raunar fram hjá hv. 8. þm. Reykv. Það er eins og þeir vilji láta líta svo út sem nú sé á sérstök kyrrð í þessum málum, sem ekki megi raska.

Menn hafa tilefni til þess að spyrja út af þessu: Hvar hafa þessir menn verið undanfarin ár? Ég veit ekki betur en að Sovétríkin hafi eftir styrjöldina vígbúizt stórkostlegar en dæmi eru til áður í veraldarsögunni og vígbúið leppríki sín einnig. Þetta hefur svo orðið til þess, að þjóðir Vestur-Evrópu hafa óttazt árás af hendi Sovétríkjanna, óttazt árás og óttazt hana svo mjög, að þær hafa lagt á sig stórkostlegar byrðar, vafalaust stórkostlegri byrðar en nokkur dæmi eru um að menn hafi á sig lagt á friðartímum til vígbúnaðar í varnarskyni, og gert með sér samtök í sama skyni, Atlantshafsbandalagið. Bandaríkin hafa gerzt þátttakandi í þessum samtökum. Þannig er sem sé ástatt nú í heiminum. Af ótta við árás af hendi Sovétríkjanna og leppríkja þeirra hafa Vesturlönd vígbúizt stórkostlega. Að þau hafa dregið eitthvað úr vígbúnaðinum nú upp á síðkastið, er vegna þess, að þjóðirnar voru bókstaflega að sligast undir þeim byrðum, sem þær höfðu á sig lagt. Ef þau hafa dregið úr vígbúnaðinum, þá er það af þessum ástæðum, en ekki af því, að þau telji í sjálfu sér ekki þörf til öryggis að halda varnarbúnaðinum áfram, eins og gert hafði verið um skeið.

Rússar og þeirra leppríki vígbúast enn látlaust. Vesturveldin hervæðast í þeirri von, að þau geti orðið svo sterk, að Rússar telji sér hagfellt að semja við þau um afvopnun og friðsamlega samvinnu. Það er markmiðið.

Nú er það álit a. m. k. sumra þeirra ríkja, sem standa að Atlantshafsbandalaginu, og ég hygg raunar, að það megi segja allra, að það sé mjög þýðingarmikið og nauðsynlegt, að Vestur-Þýzkaland komi einnig upp vörnum hjá sér. Það mun vera bjargföst trú þessara ríkja, að komi Vestur-Þýzkaland upp vörnum hjá sér í samvinnu við NATO-löndin, þá mundu varnarsamtökin verða svo sterk, að Sovét-Rússland sæi sér hag í því að semja um afvopnun. Þessi ríki virðast hins vegar ekki hafa neina von um, að slíkir samningar um afvopnun og friðsamlega sambúð geti náðst, nema með því að gera varnarsamtökin áður svo sterk, að Sovétríkjunum þyki þetta ráðlegast. Á þessu er Atlantshafsbandalagið byggt og einnig sú hugsun, að Vestur-Þýzkaland komi upp vörnum.

Það hefur mikið verið talað um það hér í sambandi við þetta mál, að ýmsir á Vesturlöndur væru á móti því, að Vestur-Þýzkaland kæmi upp vörnum. Hefur einkum verið talað um þýzka jafnaðarmenn í því sambandi. Eiginlega hafa ræðuhöld andstæðinganna hér snúizt í þá stefnu, t. d. af hendi hv. 2. þm. Reykv., — og á

því bólaði líka hjá hv. 8. þm. Reykv., — að allir sannir lýðræðismenn í Vestur-Evrópu væru á móti því, að Vestur-Þjóðverjar fengju að koma upp varnarliði, og að það væru aðeins andstæðingar lýðræðis í Vestur-Evrópu, sem væru talsmenn þess, að Þjóðverjar yrðu með í NATO. Þetta eru vitanlega hinar mestu rökfalsanir og óhugsandi að láta þetta standa ómótmælt í þingtíðindunum. Það er sem sé vitað mál, að jafnaðarmannaflokkar á Norðurlöndum, í Frakklandi, Bretlandi, Hollandi og Belgíu og margir aðrir umbótaflokkar og vinstri flokkar fylgja því eða beita sér fyrir því, að Vestur-Þýzkaland verði aðili að varnarsamtökum Vestur-Evrópu. Það er hin versta fjarstæða að bera sér það í munn, eins og þessir hv. þm. hafa þó gert, að stuðningsmenn lýðræðis séu yfirleitt á móti því, að Þjóðverjar taki þátt í NATO, en andstæðingar lýðræðis helztu eða jafnvel einu formælendur þess, að þeir komi með í samtökin. Ég vildi benda á þetta til þess að láta ekki fjarstæður þessar standa ómótmæltar.

Þá kemur spurningin um það, hvort eðlilegt sé, að Alþingi Íslendinga afgr. málið núna eða hvort rétt væri að láta það bíða þangað til eftir jólaleyfið, með það fyrir augum, að þá væri vitað, hvernig aðrar þjóðir í Atlantshafsbandalaginu afgreiða málið. Það, sem hér liggur fyrir, er eingöngu það, hvort við viljum samþ., að Vestur-Þjóðverjar gerist aðilar að Atlantshafsbandalaginu eða ekki. Frá mínu sjónarmiði horfir þetta mál þannig við, að ekki verður til lengdar staðið á móti því, að Vestur-Þjóðverjar hervæðist. Það ættu allir að skilja. Jafnvel þótt Vestur-Þjóðverjar færu nú ekki í Atlantshafsbandalagið, og jafnvel þótt Lundúnasamningarnir yrðu ekki samþykktir, mundi þess auðvitað ekki verða langt að bíða, að Vestur-Þjóðverjar hervæddust, blátt áfram af því, að aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu mundu sjá sér hag í því, að Vestur-Þjóðverjar kæmu sér upp vörnum, eins og ástatt er um afstöðu Rússa. Bretar hafa beinlínis lýst yfir stuðningi sínum við herbúnað Vestur-Þýzkalands í varnarskyni. Hér er því ekki á ferðinni spurningin um það, hvort Vestur-Þjóðverjar skuli vígbúast í varnarskyni eða ekki, heldur eingöngu spurningin um hitt, hvort við viljum fyrir okkar leyti stuðla að því, samþykkja það, að þeir verði þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu. Ég held, að þetta geti varla vafizt fyrir fulltrúum á Alþingi Íslendinga. Það hlýtur að vera hagur að því fyrir okkur, eins og okkar aðstaða er, að sem flestar þjóðir í Evrópu verði einmitt aðilar að Atlantshafsbandalaginu, og það er ólíkt aðgengilegra fyrir okkur, þegar Vestur-Þjóðverjar vígbúast, að þeir hervæðist innan Atlantshafsbandalagsins, heldur en hitt, **að þeir geri** slíkt alveg á eigin spýtur, óháðir **utan bandalagsins.** Þess vegna finnst mér, að það sé okkur alveg vorkunnarlaust að gera þetta upp við okkur, alveg án tillits til þess, hvað aðrir gera. Það liggur nú raunar fyrir, að Norðmenn hafa fyrir sitt leyti samþykkt þetta. Mér finnst sem sé, að það geti aldrei orðið talinn neinn ljóður á okkar ráði, þótt við höfum þetta samþykkt, hvað sem verður um Lundúnasáttmálana. Mér sýnist svo einsætt, að frá sjónarmiði Íslendinga sé miklu æskilegra, að Vestur-Þjóðverjar komi með í varnarsamtök Vesturlanda, en að þeir séu utan við þau.

Ef aðrar þjóðir samþykkja þetta ekki, þá verður ekkert úr því, að Þjóðverjar komi með í samtökin, en þá er það ekki okkur að kenna. Það er þá ekki okkur að kenna, þótt það verði ofan á, sem verr gegnir, að Þjóðverjar vígbúist sér í lagi, án samvinnu við aðra. Enn fremur má hér um segja, að Alþingi á að hætta störfum nú eftir nokkra daga og ekki gert ráð fyrir, að það komi saman aftur fyrr en snemma í febrúar. Það gæti komið sér illa, að þetta mál þyrfti að bíða allan þann tíma. Það gæti farið svo, að þetta mál yrði afgreitt þannig með öðrum þjóðum, að það kæmi sér illa, að Íslendingar hefðu ekki gert málið upp við sig fyrr en þá. En höfuðatriðið í mínum augum er það, að ég get ekki séð, að neitt mæli á móti því, að við gerum þetta upp við okkur núna, og því sýnist mér ekki vera nein ástæða til þess að fresta málinu, eins og raunar meiri hl. hv. Alþingis hefur nú fallizt á með atkvgr., sem hér fór fram áðan, þar sem fellt var að fresta umræðunni. Það sýnist að öllu leyti hreinlegast og eðlilegast, að við gerum þetta upp við okkur nú fyrir jólafríið.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 14. des., var fram haldið síðari umr. um till.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Sumir þm., sem tekið hafa þátt í umr. um þetta mál, hafa lagt aðaláherzlu á að ræða á þessu stigi efnishlið málsins, en aðrir þm. hafa lagt höfuðáherzluna á hitt, að ræða um það, hvort rök væru fyrir því, að Ísland flýtti sér svo mjög að fullgilda þann samning, sem hér er til umr. Ég mun aðallega ræða málið út frá þessu sjónarmiði, hvort Íslandi liggi lífið á að hraða sér með að fullgilda Parísarsamninginn.

Ég hélt raunar, þegar hæstv. fjmrh. flutti sína ræðu hér seinast þegar málið var til umr., að ræðu hans mætti túlka á þann veg, að hæstv. ríkisstj. væri búin að fallast á að fresta endanlegri afgreiðslu málsins fram yfir jólafrí. En nú sjáum við, að það hefur ekki átt að skilja ræðu hæstv. ráðh. svo. Ég hélt, að hans ræða væri í raun og veru undirstrikun á þeim ummælum hv. frsm. utanrmn., Hermanns Jónassonar, þegar hann sagði í sinni framsöguræðu, að það væri ekki óeðlilegt að láta þetta mál bíða eitthvað. En nú heldur umr. um málið áfram að vilja hæstv. forseta og ríkisstjórnar, og er sýnilega ætlunin að reyna að hespa málið af og afgr. það hér á Alþingi fyrir jól.

Það er ekki dregið í vafa, að það var veraldarsögulegur atburður, þegar viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn var undirritaður á fundi Norður-Atlantshafsráðsins í Parísarborg þann 23. okt. í haust, en þar með var málið langt í frá til lykta leitt; það var aðeins fyrsta skrefið að því, að Þýzkaland yrði

viðurkennt sem sjálfstætt ríki meðal Evrópuþjóða á ný og að það yrði tekið sem fullgildur aðili í samtök Norður-Atlantshafsbandalagsins.

Það er ekki sleginn botninn í þennan heimssögulega atburð fyrr en allar 16 meðlimaþjóðir Norður-Atlantshafsbandalagsins hafa fullgilt á þjóðþingum sínum þann samning, sem hér er um að ræða, og nú sem stendur hafa aðeins 2 þjóðir gengið frá fullgildingu samningsins af 16, þ. e. Stóra-Bretland og Noregur. Í Bretlandi voru skiptar skoðanir um það eins og annars staðar, hvort fullgilda bæri þennan samning og taka Þýzkaland í Atlantshafsbandalagið, og var það sérstaklega nokkur hluti af verkamannaflokknum brezka, sem taldi þá afstöðu að staðfesta samninginn vafasama. Þetta leiddi til þess, að verkamannaflokkurinn brezki sem heild sat hjá við atkvæðagreiðsluna. — Í Noregi var ekki heldur einróma ánægja með að fullgilda samninginn, því að þar gerðist það í norska þinginu á þann hátt, að sjö stórþingsmenn greiddu atkvæði á móti og 17 voru fjarverandi. Áður en Stórþingið tók málið til afgreiðslu, höfðu því borizt mótmæli gegn fullgildingunni frá 23 verkalýðsfélögum, 18 öðrum félagasamtökum og 12 undirskriftaskjöl, eða samtals mótmæli frá 53 aðilum, víðtækum félagasamtökum og mönnum, sem höfðu sameinazt um að mótmæla samningnum og sent Stórþinginu mótmælaorðsendingar.

Málið var þó til lykta leitt í norska þinginu gegn 7 mótatkvæðum, og voru þeir þingmenn, sem greiddu samningnum mótatkvæði, úr þremur flokkum.

Það hefur verið tekið fram hér í umræðunum, að næsta óeðlilegt sé, að Ísland sé að kosta kapps um að vera á undan öðrum þjóðum um að stíga þetta áhrifamikla skref að fullgilda samninginn á undan þeim stórveldum, sem mest eigi undir gildistöku hans, en það eru óefað Frakkland og Þýzkaland.

Það var fyrst á föstudaginn var, að þetta sama mál kom til 1. umr. í fyrri deild þingsins í Bonn, og strax við þá 1. umr. greiddu 9 þm. því mótatkv., að samningurinn færi lengra. Þá á hann eftir 2. umr. í fyrri þingdeild og auk þess eftir að fara gegnum þrjár umr. í sambandsþinginu, sem er efri deild þýzka þjóðþingsins. Hann á sem sé eftir, þó að hann sé búinn að komast í gegnum 1. umr., að fara gegnum fjórar umr., áður en hann fær fullgildingu í sjálfu þýzka þinginu.

Það var strax vitað mál, að Saar-samningurinn, sem fylgdi í upphafi, þegar málið var lagt fyrir, með þessum samningi, mundi ef til vill ekki fást samþ. í þýzka þinginu, og það er í algerri óvissu enn, en er ákaflega mikið atriði í þessu máli, því að talið er, að verði Saar-samningurinn felldur í þýzka þinginu, þá séu allar líkur til þess, að samningurinn, sem við erum hér að ræða, og fullgilding hans og allir þeir samningar, sem honum fylgja, verði felldir í franska þinginu. En hvað gerir þá þingið í Bonn við 1. umr. málsins að því er snertir Saar-samninginn? Frestaði afgreiðslu hans fyrst um sinn um óákveðinn tíma, til þess að málið væri úr nokkurri óvissu eða a. m. k. að það kæmi ekki til úrskurðar um það atriði, sem mjög skiptir örlögum í þessu máli, hvernig afgreiðslan á Saar-samningnum verður.

Það er því ekki hægt að segja annað en að fullgilding þessa samnings í sjálfu þýzka þinginu sé mjög í óvissu eins og stendur, og Þjóðverjar hafa ekki hraðað málinu meira en svo, að það var fyrst á föstudaginn var, sem þeir hófu umr. um málið.

Hvaða fregnir höfum við þá af afgreiðslu málsins úr franska þinginu? Það var fyrsta fregnin, sem hingað barst, að málið hefði verið til umr. í utanrmn. franska þingsins núna fyrir nokkrum dögum, og þar fóru atkv. þannig, að málið marðist í gegnum n. með 16:15 atkv., en 11 greiddu ekki atkv. En sá óvænti atburður gerðist í sambandi við þessa atkvgr., að einn íhaldsmaður, sem gat ekki mætt á fundi nefndarinnar, fól öðrum þm. að greiða fyrir sig atkv. og gaf honum fyrirskipun um að sitja hjá eða greiða atkv. á móti samningnum, en fyrir mistök greiddi þessi þm., sem umboðið hafði, atkv. með samningnum og olli því, að samningurinn marðist í gegn með eins atkv. mun. Að öðrum kosti hefði hann fallið með jöfnum atkv. í utanrmn.

Þar að auki er svo víst, að ef svo fer, að ein af þessum 16 þjóðum neiti samningnum um fullgildingu, þá verður ekkert af fullgildingu hans, og þegar svona er óvissan í franska og þýzka þinginu um fullgildingu, þá getur hæglega svo farið, að það verði önnur hvor þessara þjóða, sem einmitt standi í vegi fyrir því, að þessi samningur nái nokkurn tíma fullgildingu. Auk þess vitum við enn þá ekkert, hvernig fer með endanlega afgreiðslu hans hjá hinum 14 þjóðunum, sem eiga um hann að fjalla.

En í sinni þægðarþjónustu er íslenzka ríkisstj. að rembast við að fá þetta mál afgr. fyrir jól, og er þó alveg víst, að það mundi ekkert saka, þó að við drægjum afgreiðslu málsins fram yfir jólafrí. Og það er það, sem þessar umr. snúast fyrst og fremst um hér. Það hafa engin rök komið fram fyrir því, að Íslandi eða íslenzkum hagsmunum sé það til gagns að flaustra málinu af fyrir jól. Það hefur enginn lagt það á sig af liði hæstv. stjórnar að færa fram fyrir því rök, að Ísland þurfi að afgreiða málið á undan öðrum þjóðum, sem í Norður-Atlantshafsbandalaginu eru, en á slíkum rökum ætti hæstv. ríkisstj. ekki að liggja, ef hún hefur þau tiltæk.

Það er bezt, að ég víki þá næst að því, hvernig málið stendur hjá frændþjóð okkar, Dönum. Danska þingið er ekki farið að fjalla um málið enn, en það er vitað, að róttæki vinstri flokkurinn í Danmörku hefur beitt sér fyrir því, að fram verði látin fara þjóðaratkvgr. í Danmörku um fullgildingu Parísarsamningsins. Danska stjórnarskráin nýja gerir það nefnilega tiltölulega auðvelt að koma fram kröfum um þjóðaratkvgr. Það þarf ekki nú nema ⅓ þm. til þess að krefjast þjóðaratkvgr. um lagafrv. í danska þinginu, og þá er skylt að verða við því. Róttæki vinstri flokkurinn hélt því fram, að þó að hér væri ekki um lagafrv. að ræða, þá ættu þessi ákvæði um þjóðaratkvgr.

að gilda einnig um staðfestingu milliríkjasamninga, en þeim skilningi hefur verið mótmælt og þeirri skoðun haldið fram, að undir slíkum kringumstæðum beri ekki að verða við kröfu um þjóðaratkvgr., nema því aðeins að meiri hluti þingsins hafi samþ. frv. um þjóðaratkvgr. Það eru því að vísu nokkrar líkur til þess, að kröfunni frá róttæka vinstri flokknum í Danmörku um þjóðaratkvgr. um þetta mál verði ekki sinnt, en þetta sýnir, að það er víðar en hér tilhneiging til þess og hjá fleirum en kommúnistum að hraða sér ekki með að segja já við fullgildingu þessa samnings. Það eru margar aðvarandi raddir, sem heimta það, að hin smærri ríki í Atlantshafsbandalaginu fari gætilega og láti tímann vinna það og séu ekkert í kapphlaupi við sjálf stórveldin um fullgildingu samningsins.

Það er víst, að það verður byrjað á umr. í danska þinginu um Parísarsáttmálann núna fyrir jólin, en hinu er slegið föstu, að hann verði ekki afgreiddur í Danmörku fyrr en eftir jólafrí, og sýnist svo sem Íslendingar hefðu getað „dependerað" af þeim dönsku að því er þetta snertir, eins og þeir hafa oft gert áður í öðrum málum.

Danir sem sé láta sér ekki liggja meira á um afgreiðslu þessa máls en svo, að þeir ætla ekki að fullgilda þennan samning eða taka það mál til endanlegrar afgreiðslu fyrr en að afloknu jólafrii í janúarmánuði. Hvenær þeir koma til með að ljúka málinu, veit enginn í dag.

Það er rétt að taka það fram, að franska þingið kemur ekki saman til að ræða þetta mál fyrr en 20. des. og ræðir málið fram til jóla. Það er talið, að í allra bezta lagi geti atkvgr. eða fullgilding á samningnum farið fram á jóladagskvöld, og engar tafir óvæntar mega koma fyrir málið, ef það á að takast að afgr. það fyrir jól. Það getur því alveg eins farið svo, að franska þingið verði ekki búið að afgreiða samninginn fyrir jól.

Einn af þeim norsku stórþingsmönnum, sem snerust fast gegn málinu og greiddu atkv. á móti fullgildingu samningsins, var framsóknarmaður, þ. e. a. s. vinstri maður, framsóknarmaðurinn Lars Ramndal frá Rogalandi. Hann lét í ljós ótta sinn við hinn gamla, þýzka „militarisma", og það voru ýmsir úr röðum Alþfl.-mannanna norsku, sem minntust stríðsáranna og hersetu Þjóðverja í Noregi og viðurkenndu það í umr., að því miður væri svo skammt liðið frá síðasta stríði, að það væri ekki hægt að reikna með því, að hinn gamli andi Hitlers væri út af dauður, að það væri hægt að búast við því, að fyrrverandi meðlimir í SS-sveitum Hitlers væru búnir að skipta um lífsskoðun. Og við erum vafalaust engir slíkir bjartsýnismenn, að við gerum því á fæturna, að SS-mennirnir gömlu og gömlu þýzku „generalarnir" séu búnir að skipta um lífsskoðun. En þeir eru margir uppi á foldu enn þá, og sumir eru meðal þeirra mestu áhrifamanna, sem Þjóðverjar hafa enn á að skipa í hermálum, því miður. Þetta rifjuðu norsku þm. upp, hver á fætur öðrum, og þeir viðurkenndu það, að það væri mjög mikill hluti af norsku þjóðinni, sem væri skelfingu lostinn við þá tilhugsun, að það ætti að fá 500 þús. Þjóðverjum vopn í hendur á ný, á meðan ekki hefðu enn þá orðið kynslóðaskipti í því landi.

Ég játa það, að ég er ekki neinn norskumaður, en ég stenzt þó ekki þá freistingu, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér stuttan kafla úr ræðu framsóknarmannsins Lars Ramndals frá Rogalandi. Hann hafði fengið m. a. í hendur allmargar áskoranir frá kjósendum sínum og umbjóðendum um það að krefjast þjóðaratkvgr. um málið í Noregi. Svo mikils þótti við þurfa þar líka. Hann komst þó að þeirri niðurstöðu, að slík þjóðaratkvgr. væri ekki heimiluð af norskum lögum um slíkt mál, og sagðist því ekki telja fært að halda þeim áskorunum til streitu, en hann lagði þær fram í þinginu, og að svo mæltu sagði hann:

„Det er stor bredde i folks motstand mot tysk medlemsskab i NATO, sa han, og det er en ikke liten del av det norske folket, som står uforstående overfor det, som nu skjer.

Han ville stemme mot, selv om saken i realiteten var avgjort etter debatten 18. okt. i år.

Han kunne ellers understreke det meste av Hönsvalds premisser. Jeg kommer imidlertid til en helt motsatt konklusjon, sa han. Jeg skal indrömme, at det ikke er lett å snakke om disse store og alvorlige sakene uten følelse. Men jeg er mot også ut fra historisk synspunkt. Helt fra Bismarcks tid har Tyskland fulgt en hard linje, ikke bare for Tyskland selv, men for hele Europa. Kunne jeg i dag si, at der var skjedd en endring i den tyske mentaliteten og i den politiske og historiske utviklingen, da hadde jeg ikke tatt det standpunktet, jeg har i dag.

Jeg er redd for, at det vi foretar oss i dag vil före Norge inn i en krig og ut i en eventyrpolitikk — enten dette vil skje i Öst-Tyskland eller i Vest-Tyskland. Jeg mener framleis, at det var riktig av Norge å gå med i Atlantspakten. Men jeg er redd det kan utvikle seg slik, at det må offres ungt norsk blod som følge af en eventyrpolitikk.

Alternativet til den situasjon som foreligger er Sverige og den stillingen det landet har. Å ta Tyskland med er etter min mening ett minus for vort lands forsvar."

Þetta sagði framsóknarmaðurinn Lars Ramndal frá Rogalandi í norska Stórþinginu, þegar málið var til umræðu þar. Hann greiddi atkvæði á móti fullgildingu samningsins.

Utanríkisráðherrann Halvard Lange sagði, að það væri fyllilega ástæða til að virða þær tilfinningar, sem lægju að baki afstöðu þessa þingmanns, Ramndals, og nokkurra annarra stórþingsmanna, sem sömu afstöðu tóku og enginn gat vænt um að hefðu tekið þessa afstöðu af því, að þeir vildu veikja varnir Vestur-Evrópu eða þjóna rússneskri utanríkispólitík.

Af hverju eru menn hikandi í þessu máli í mörgum löndum? Það er af ótta við, að það sé verið að endurvekja hinn gamla, þýzka „militarisma". Það er líka vegna þess, að menn

telja það vafasama aðferð að knýja þetta mál í gegn án þess að leita fyrst til þrautar eftir möguleikum á að leysa þau tvö stærstu deilumál, sem nú sundra Evrópu, en það er tvískipting Þýzkalands, og það er, að Austurríki er hersetið land. Það er sterk hreyfing fyrir því í Frakklandi að fresta endanlegri afgreiðslu þessa máls, þangað til búið væri að leita eftir því enn á ný við Sovét-Rússland, hvort það sé með engu móti fáanlegt til að ganga frá og ljúka friðarsamningum við Austurríki. Mendes-France hefur nú sent menn til Moskva til þess að fara þessa leið, að friðarsamningarnir við Austurríki verði teknir upp á ný, og hefur lagt fram ákveðna till. um lausn þess máls. Vill hann fá þeirri spurningu svarað, hvort ekki væri hugsanlegt að ákveða, að hernámsveldin, sem nú eiga lið í Austurríki, tækju lið sitt þaðan í burt 18—24 mánuðum áður en friðarsamningar væru undirritaðir. Það er ný hugmynd í málinu, og þetta mál er í deiglunni enn, og enginn veit, hvernig því lyktar.

Allir viðurkenna, að það er eitt mesta áhyggjuefni Evrópuþjóða nú, að Þýzkaland skuli vera skipt í tvennt. Vestur-Þýzkaland er undir áhrifum Bandaríkjanna og vesturveldanna, Austur-Þýzkaland undir áhrifum Rússa. Því er haldið fram, að í Austur-Þýzkalandi sé nú fjölmennt lögreglulið, sem sé óvenjulega vel vopnum búið, en menn efast um, að rétta svarið við því, ef stefna á í friðarátt, sé að hervæða Vestur-Þýzkaland. Menn halda jafnvel, að það geti orðið til þess að djúpið á milli Austur-Þjóðverja og Vestur-Þjóðverja víkki og stækki við þessar aðferðir og verði e. t. v. óbrúanlegt. Menn telja, að þetta vandamál Evrópu verði torleystara og taki lengri tíma að leysa það, ef nú sé stigið það spor að fá Vestur-Þjóðverjum — 500 þús. Vestur-Þjóðverja — vopn í hönd til þess að skapa eins konar jafnvægi á móti þeim lögreglustyrk, sem nú sé til í Austur-Þýzkalandi. Menn líta á það svo, að friðnum í Evrópu sé e. t. v. stefnt í meiri tvísýnu með því að stíga þetta skref heldur en að reyna, áður en Vestur-Þjóðverjar séu vopnaðir, á allan hátt að sameina Þýzkaland allt, sameina Austur-Þýzkaland og Vestur-Þýzkaland. Og það er sú stefna, sem Ollenhauer, foringi jafnaðarmanna í Vestur-Þýzkalandi, hefur fyrst og fremst beitt sér fyrir og sýnist hafa sívaxandi fylgi þýzku þjóðarinnar fyrir, að reyna með öllu móti að sameina Þýzkaland allt, áður en stórpólitísk skref í aðra átt séu stigin. Og það virðist vera nokkuð skiljanlegt, að ófriðarefnin í Evrópu eru fyrst og fremst sundrað Þýzkaland og hersetið Austurríki, og það má búast við því, að það sé því erfiðara að semja, því meir sem Evrópu er skipt í stríðandi parta, — því auðveldara að semja, sem búið er að komast lengra á þeirri leið að sameina þessi Evrópuríki, Þýzkaland og Austurríki.

Og það eru einmitt þessi mál, sem menn vilja fá að hugleiða, áður en þeir taki afstöðu til fullgildingar Parísarsamningsins. Þeir vilja fá tíma til að sjá, hvort engin leið sé til að þoka þessum viðkvæmu deilumálum til einhverrar lausnar, áður en þetta spor sé stigið. Og það eru átökin um þetta, sem geta gert það að verkum, að menn vilji jafnvel hvorki í Frakklandi né Þýzkalandi fallast á fullgildingu samningsins að svo komnu máli, heldur skjóta því á frest. Aftur á móti er því haldið fram af öðrum, að það sé um að gera að fullgilda Parísarsamninginn nú þegar, þá sé skapaður slíkur styrkleiki í varnir Vestur-Evrópu, að Rússar verði samningsliprari á eftir. Þetta er sjónarmiðið á móti.

Það er aðallega tjaldað hér þeirri röksemd, að það, sem öllu máli skipti fyrir Ísland og fyrir allar meðlimaþjóðir Norður-Atlantshafsbandalagsins, sé það, að það sé stórkostlegur fengur fyrir varnir Vesturlanda að fá Þýzkaland með í þessi varnarsamtök, þá verði þau fyrst sterk, og það er náttúrlega ekki hægt að neita því, að vestrænar varnir verða miklu sterkari með Vestur-Þýzkalandi gráu fyrir járnum sem þátttakanda í samtökunum. En það er ekki heldur hægt að neita því, að það væri styrkur fyrir vestrænar varnir, ef einræðisríkið Spánn væri tekið í þessi samtök og einnig vopnað sem allra bezt, grátt fyrir járnum. En enn þá hafa menn þó svarað spurningunni um það: Er rétt að taka Spán í Atlantshafsbandalagið? hikandi og margir brezkir, franskir og þýzkir stjórnmálamenn svarað því algerlega neitandi, að það geti komið til mála. Það er því ekki alveg einhlítt að líta á þetta eina sjónarmið, að samtökin verði sterkari með því að taka þetta eða hitt stórveldið í samtökin.

Ég held, að flestar lýðræðisþjóðir Vestur-Evrópu mundu snúast gegn því, að Spánn yrði tekinn í Atlantshafsbandalagið, en ég veit ekkert, hvar ég hef hina hæstv. íslenzku ríkisstj. í því máli. Ég veit ekkert nema hún tjaldaði fram röksemdinni: Varnir Vesturlanda yrðu sterkari, ef fasistaríkið Spánn yrði tekið með í samtökin, og þess vegna ber út frá því sjónarmiði einu að gera það. — Og við vitum ekkert, hvenær þá spurningu ber að, að það liggi fyrir að svara henni, eins og við eigum að svara því nú með Þýzkaland í dag, hvort það sé rétt að taka Spán inn í varnarsamtök vestrænna þjóða.

Það er engan veginn hægt að afgreiða það mál, að það séu eingöngu kommúnistar, sem berjist á móti því, að Parísarsamningurinn verði staðfestur nú í skyndi, því að í hvaða landi sem við leitum eftir dæmi er hægt að afsanna það þegar í stað. Hverjir eru það t. d. í Frakklandi, sem nú þegar á byrjunarstigi málsins hafa beitt sér fyrir því, að Frakkland fresti fullgildingu Parísarsamninganna. Það er maður eins og t. d. René Mayer, fyrrverandi forsætisráðherra. Hann bar fyrir nokkrum dögum fram till., sem kemur þá fram, áður en franska þingið kemur saman, það kemur ekki saman fyrr en 20. des. til að ræða þetta mál. Hann lagði fram frestunartill. um það, að Þýzkaland og Frakkland skyldu ekki skiptast á undirskrifuðum samningum fyrr en íbúar Saar hefðu með þjóðaratkvæðagreiðslu staðfest samkomulag þeirra Mendes-France og Adenauers um Saar, sem þeir gerðu 23. okt. í haust. Þetta mun vera einhver sniðugasta frestunartill., sem fram hefur komið til þess einmitt að draga staðfestingu Parísar-

samningsins á langinn, og það er René Mayer, sem ber hana fram. Mendes-France mun þó hafa fengið hann til þess að taka þessa till. til baka í bili, meðan umræðurnar færu fram um sjálfan samninginn.

Önnur frestunartill. er líka fram komin í Frakklandi um það að láta Parísarsamninginn, þó að hann verði staðfestur, fullgiltur og undirritaður, ekki taka gildi fyrr en 3 mánuðum eftir fullgildingu sína og nota þá þrjá mánuði til þess að leita samkomulags um einingu Þýzkalands og friðarsamninga við Austurríki og önnur þau vandamál, sem mest stofna friði í hættu í Evrópu.

Ég gæti lagt fram miklu fleiri röksemdir fyrir því, að það *er full ástæða til fyrir kot*ríkið Ísland að fara sér hægt um fullgildingu þessa samnings, og sýnt fram á það, að Ísland er ekki að gera sig að neinu viðundri í augum annarra þjóða, þó að það tæki upp þá varúðarstefnu að fresta fullgildingu samningsins fram yfir jólafrí, því að það er af nógu að taka. Það eru alls staðar uppi skoðanir um, að það beri að fara hægt í fullgildingu samningsins, af því að menn vita, að afleiðingin getur orðið, að það blossi upp kapphervæðing í Austur-Þýzkalandi og Vestur-Þýzkalandi og að herjum Austur-Þjóðverja og Vestur-Þjóðverja gæti síðar lostið saman í borgarastyrjöld, og það væri ekkert gaman. Þá væri svipað ástand og ef Rússar réðu Norðurlandi og Ameríkanar Suðurnesjum og Norðlendingar og Sunnlendingar væru síðan hervæddir af kappi og Norðlendingum og Sunnlendingum lenti síðan saman til þess að drepa hverjir aðra, úthella hvorir annarra blóði. Þó að þetta dæmi þyki kannske fjarstæða, þá hlýtur maður þó að skilja Austur-Þjóðverja og Vestur-Þjóðverja út frá þeirri ógn, sem af því leiðir, ef þeir eru kappher*væddir af gagnstæðum stórveldum, sem síðan gætu hvenær sem væri í raun og veru skapað deiluefni til að siga þessum þjóðbræðrum saman.

Allt það, sem ég hef sagt í sambandi við þetta mál, er túlkun mín á því, að ég tel rétt, að Alþingi Íslendinga fresti þessu máli, fresti því fram yfir jól, fresti því fram á þann tíma, sem aðrar þjóðir fara að taka málið til afgreiðslu. Danir taka það ekki til endanlegrar afgreiðslu fyrr en í janúarmánuði. Það er vafasamt, að Mendes-France klári málið fyrir jól. Það getur í fyrsta lagi orðið, eins og ég áðan sagði, á jóladagskvöld. Það er mjög tvísýnt um úrslit málsins í sjálfu þýzka þinginu, og um afgreiðslu annarra þjóða en þeirra tveggja, sem þegar hafa afgreitt það, vitum við ekkert. Í till. sjálfri, sem liggur hér fyrir okkur, segir í upphafsgreininni, að sambandslýðveldið Þýzkaland hafi með yfirlýsingu frá 3. okt. 1954 gengizt undir skuldbindingu 2. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og muni með aðild sinni að Norður-Atlantshafssamningnum skuldbinda sig til að forðast sérhvert athæfi, sem ósamrýmanlegt sé varnaranda samningsins. *Mér finnst*, að það hefði verið skylt, að hæstv. ríkisstj. hefði lagt fram fullnægjandi upplýsingar um það, hvaða tryggingar það eru, sem Þjóðverjar hafa lagt fram fyrir því, að þeir noti ekki tækifærið, þegar búið er að vopna 500 þús. þeirra, til þess að skapa þjóðlegan þýzkan her, sem væri byggður upp í anda Hitlers.

Hæstv. utanrrh. vék ekkert að því í sinni framsöguræðu hér, hvaða tryggingar það eru, sem þýzka sambandslýðveldið hefur lagt fram og hér er vitnað til. Við vitum ekkert, hvort þær eru svo öruggar, að hægt sé að taka þær góðar og gildar. En það eitt, að einhver loforð hafi verið sett á pappír, er ekki alveg fullnægjandi sönnun, en það má vel vera, að þarna sé hægt að gera grein fyrir því, að Þýzkaland ætli að haga sínum vígbúnaði eftir fullgildingu þessara samninga á þann veg, að það verði byggður *upp allt annar þýzkur her*, með allt öðru skipulagi en sá gamli þýzki her, og að það sé hægt að rökstyðja þetta, en íslenzku ríkisstj. er skylt að gera það hér fyrir þinginu, því að það gæti, þegar efnishlið málsins er tekin til athugunar, haft veruleg áhrif á afstöðu ýmissa hv. þm. til málsins; það er ég sannfærður um.

En nú er hæstv. utanrrh., sem lagði þetta stórkostlega þýðingarmikla mál hér fyrir með 10 mínútna ræðu eða svo, farinn úr landi. Hann hefur ekki haft tóm til þess að fylgja hér málinu eftir. Og það eru fleiri skörð fyrir skildi hér í hv. Alþ. Formaður hv. utanrmn. er líka horfinn, ekki bara úr stólnum sínum á hv. Alþ., heldur úr landi líka. Hæstv. utanrrh. og form. utanrmn. eru báðir farnir úr landi, og *sýnist mér þegar af þeirri ástæðu*, að það væri ekki nema sanngjarnt, að málinu væri frestað, meðan þeir eru erlendis, og ekki tekið til endanlegrar afgreiðslu, fyrr en þeir væru komnir hér í sæti sín á Alþingi á ný og gætu tekið þátt í viðræðum við þm., sem þyrftu margs að spyrja þá í sambandi við málið, en eiga þess nú engan kost.

Það er ómögulegt annað en láta í ljós undrun sína og furðu á því, að þegar rætt er slíkt stórmál sem þetta hér á Alþ., þá er það einasta þátttaka hæstv. ríkisstj. í umræðum um málið og til þess að upplýsa það, að hæstv. utanrrh., rétt á förum til útlanda, varpar málinu inn í þingið með 10 mínútna ávarpsorðum. Og síðan hefur ekki heyrzt neitt frá stjórnarliðinu um *málið annað en það*, að fulltrúi ríkisstj. í utanrmn. segir frá því með fjórum eða fimm setningum, að meiri hl. n. — en n. hefði þríklofnað — legði til, að málið yrði afgreitt og afgreitt nú þegar fyrir jól. Þetta verður ekki tekið nema á tvo vegu, annaðhvort að hæstv. ríkisstj. vilji óvirða Alþingi Íslendinga í sambandi við afgreiðslu þessa máls eða þá hitt, að hæstv. ríkisstj. mælir með þessu ekki með góðri samvizku og er tregt tungu að hræra í sambandi við málið og gerir það einhvern veginn tilknúin, en ekki af sannfæringu. Ég er alveg viss um það, að ef hæstv. ríkisstj. hefur einhver rök fyrir því, að hún verði að afgreiða málið fyrir jól, þá verði hv. þm. Str. (HermJ), sem er frsm. meiri hl. utanrmn., ekki skotaskuld úr því að *færa þau rök fram, og hann gerir* það vafalaust undir þessum umr., áður en þeim lýkur, en til þessa hafa þau rök ekki komið fram.

Ég er alveg sannfærður um það, að hv. þm. Str. liggur ekki á þeim rökum, sem hæstv. ríkisstj. kann að hafa í pokahorninu fyrir því, að við verðum að afgreiða málið fyrir jól, en ef þessi rök koma ekki fram og ef þau eru ekki til, þá á Alþingi Íslendinga að bíða með afgreiðslu þessa máls fram yfir jólafrí, og það er enginn skaði, sem skeður við það, þó að Alþ. komi ekki saman fyrr en 1. febr. og taki málið þá fyrir. Það eru engar upplýsingar, sem liggja fyrir um það, að þær 15—16 aðildarþjóðir að Norður-Atlantshafsbandalaginu, sem verða að fullgilda þennan samning, áður en hann tekur gildi, verði búnar að því fyrir þann tíma, og það væri heldur enginn skaði skeður, þó að Ísland væri þá seinasta þjóðin, sem legði samþykki sitt á þennan samning. Það mundi ekkert hafa gerzt annað en að jólafríið hefur gengið fyrir sig hjá öllum þjóðþingunum, sem um það eiga að fjalla, og það hefur verið sem sé tekið til afgreiðslu af þeim flestum, eftir að þau koma aftur til starfa að loknu jólafríi.

Hins vegar ef einhverjir heimssögulegir atburðir þrýstu á afgreiðslu málsins, þá veit ég ekki til, að neitt geti staðið í veginum fyrir því, að Alþ. yrði þá kallað saman fyrir 1. febr. Ég held, að það sé ekkert nema sjálfsagður hlutur, að Alþ. yrði þá kallað saman einhvern tíma í janúar, um það leyti sem allar aðrar þjóðir hefðu fullgilt samninginn. Og það væru miklu sómasamlegri vinnubrögð eftir margítrekuð tilmæli og rökstudd tilmæli um það að hespa málið ekki af nú, heldur láta endanlega afgreiðslu þess bíða fram yfir jólafrí. Það væri að afgreiða þetta mál eins og sæmir að afgreiða slíkt örlagaríkt stórmál að verða við rökstuddum tilmælum um að flaustra málinu ekki af, heldur afgreiða það um líkt leyti og flestar þær þjóðir, sem að málinu standa, munu afgreiða það, en það er í fyrsta lagi seinni hlutann í janúarmánuði n. k.

Ég hef staðið við það, sem ég sagði í upphafi þessa máls, að ég mundi fyrst og fremst ræða um þá hlið málsins, hvort rétt væri að flýta sér með að ljúka afgreiðslu málsins fyrir jól eða ekki. Og ég þykist hafa fært að því mörg og sterk rök, að aðrar þjóðir ætla að gefa sér tóm til þess að athuga málið og hafa ekki í hyggju margar hverjar að afgreiða það fyrr en einhvern tíma í janúarmánuði eða hver veit hvenær raunar. Ég legg áherzlu á þetta, beini þeim tilmælum mínum til hæstv. ríkisstj., að hún íhugi það enn og taki það til yfirvegunar, beri ráð sín saman um það á ný, hvort hún vill leggja kapp á að flaustra málinu af fyrir jól. Ef það verður gert, þá tek ég undir þá yfirlýsingu, sem hér hefur verið gefin f. h. Alþfl., að ég sit hjá við atkvgr. málsins á þessu stigi.

Frsm. meiri hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það hefur nú, eins og kannske mátti við búast, teygzt nokkuð úr þessum umr., þó að fyrri umr. málsins væri allýtarleg, eins og ég gat um í þeim fáu orðum, sem ég lét falla hér, þegar ég leiddi þetta mál af hálfu utanrmn. inn í þingið, eftir að hún hafði athugað málið á fundi, svo sem ég skýrði þá frá.

Það er rætt hér nokkuð mikið um hraða málsins og gert út af því talsvert mikið veður, sem ég sannast að segja sé nú ekki að sé mikil ástæða til. Ég skýrði frá því í þeim fáu orðum, sem ég sagði hér í gær, að það hefði verið rætt um það við ríkisstj., hvort hún teldi sér fært að fresta málinu, og frá utanrrh. kom sú yfirlýsing, að hann sæi sér það ekki fært, vegna þess að gert er ráð fyrir, að þinginu verði frestað nú um næstu helgi og komi ekki saman fyrr en í febrúar.

Nú fengu hv. þm. að heyra það, að þeir þm., sem hér tala um málið og ræða það, að rétt sé að fresta því að þessu sinni þangað til þing kemur saman að nýju, gera allir ráð fyrir, að málið verði afgreitt á þingum annarra hlutaðeigandi þjóða a. m. k. seinni partinn í janúar, sennilega sums staðar fyrir jól. Norðmenn hafa þegar afgreitt málið, og ég býst ekki við, að það verði talið, að þeir verði sér neitt til minnkunar fyrir það. Og hjá öðrum verður það rætt þegar þing kemur saman eftir áramót eða í janúarmánuði.

Það liggur því alveg ljóst fyrir, að það er yfirleitt gert ráð fyrir því og þeir, sem tala nú með frestun, gera ráð fyrir því, að málið verði afgreitt hjá öðrum ekki seinna en seinni hlutann í janúarmánuði, og það, sem þeir eru þess vegna að fara fram á og ríkisstj. er á móti, er það, að við verðum þeir seinustu, sem afgreiða málið. (Gripið fram í.) Jú, það er það, sem hv. þm. gerði einmitt ráð fyrir í þeirri ræðu, sem hann var að flytja núna áðan, að málið mundi verða afgreitt seint í janúarmánuði hjá öðrum þjóðum; lengra þorði hann ekki að ganga. — Hvað sem því líður, má gera ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi gert sér það nokkurn veginn ljóst, um leið og hún valdi þetta mál sem eitt af þeim málum, sem þyrftu að komast fram fyrir áramót og þess vegna er tekið hér fyrir, að afgreiðsla málsins yrði að hennar áliti of seint á ferðinni, ef málið væri látið bíða þangað til í febrúarmánuði, og hér stendur einmitt eins á og í Noregi, þar stendur þing yfir, og þess vegna er málið afgreitt þar strax, en ekki látið bíða þess þings, sem kemur saman eftir áramót og mér er a. m. k. sagt að muni ekki koma saman í janúarmánuði.

Annars sé ég ekki, hvaða máli það skiptir, hvort menn taka afstöðu til þessa máls efnislega núna fyrir áramót eða eftir áramót. Ég hygg, að enginn af þeim hv. þm., sem hér hafa talað um málið, hvort sem þeir eru með því eða móti, viti ekki, að það hefur verið talið alveg fullvíst, að ekkert þeirra ríkja, sem eru í Atlantshafsbandalaginu, mundi standa gegn því, að Þjóðverjar fengju inngöngu í Atlantshafsbandalagið. Það var aðeins spurning um tvö ríki: Frakkland og Þýzkaland, og eftir því er í höfuðatriðum beðið. Það er raunverulega vitað fyrir fram um afstöðu hinna ríkjanna, að hún er jákvæð, og gera allir ráð fyrir því. En þó að við frestuðum málinu núna og það yrði t. d. fellt í franska þinginu eða þýzka, þá

mundi það vera jafnvitað, að við mundum hafa samþykkt það, ef á hefði þurft að halda, og ég skal koma að því síðar, vegna hvers ég tel eðlilegt, að við höfum þá afstöðu til málsins.

Ég sé þess vegna ekki, að það skipti neinu verulegu máli, hvort við lýsum yfir formlega fyrir áramót eða eftir áramót þessari afstöðu, sem allir vita að er okkar afstaða og er afstaða allra þeirra ríkja, sem í bandalaginu eru, nema það er vafi um tvö. Vissulega er ekki hægt að neita því, að það getur verið vafi, en meira getur maður ekki fullyrt.

Og það er eiginlega eftirtektarvert í þessu sambandi, hvað það er talinn sjálfsagður hlutur, að Ísland beiti sér ekki gegn því, að Þjóðverjar gerist aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Hér liggur fyrir till. frá þjóðvarnarmönnum, og ef sú till. væri samþ., er lýst yfir samþykki okkar, held ég, á því, að Þjóðverjar gerist aðilar að Atlantshafsbandalaginu, eða með leyfi hæstv. forseta: „Á hinn bóginn telja Íslendingar, sem eru óvígbúin þjóð og þess vegna í reyndinni óvirkur aðili að Norður-Atlantshafsbandalaginu, ekki eðlilegt, að þeir taki á sig þá ábyrgð að hindra með neitunarvaldi sínu það, sem herveldi bandalagsins kunna að telja sér nauðsynlegt í vígbúnaðarmálum sínum.“ Ef þessi till. er samþ., þá er hún yfirlýsing um, að það komi ekki til mála, að við séum að beita neitunarvaldi okkar til þess að koma í veg fyrir það, að Þjóðverjar gerist aðilar að Atlantshafsbandalaginu; það er talið svo sjálfsagt, að meira að segja Þjóðvfl. er með því. Þetta er sú afstaða, sem er almennt vituð, og þess vegna lýsir vitanlega Þjóðvfl. þessu yfir sem sjálfsögðum hlut. Hann treystir sér ekki einu sinni til að rísa gegn því.

En það, sem ég sagði hér í gær, var það, að ég teldi það eðlilegt, að þessu máli hefði verið frestað þangað til eftir áramót, ef þinginu væri ekki frestað svo lengi, að hætt væri við því, að afgreiðsla málsins yrði of seint á ferðinni, ef því væri frestað nú. Annað sagði ég ekki og segi það enn að gefnu tilefni, vegna þess að þessi orð hafa verið færð úr lagi.

Það, sem talsvert hefur verið rætt um í sambandi við þetta mál, er spurningin um það, hvort Þjóðverjar eigi að hervæðast eða ekki. Þetta atriði liggur alls ekki fyrir til ákvörðunar í sambandi við þetta mál. Við skulum hugsa okkur, að aðild Þjóðverja að Atlantshafsbandalaginu yrði ekki samþykkt, og þá láta hv. þm. sumir, sem um þetta mál hafa talað, á sér skilja, að það væri sama og neitun þjóðarinnar um að hervæðast. Þetta er herfilegur misskilningur eða sagt móti betri vitund. Það er vitað mál, að fyrir hálfu ári hafa bæði Bandaríkjamenn og Englendingar lýst því yfir, að nú alveg á næstunni, ef ekki verði samkomulag um Evrópuher, muni þeir gera friðarsamninga við Þjóðverja, og þá eru Þjóðverjar frjálsir að því sjálfir að ákveða sína hervæðingu, og þessar þjóðir hafa lýst því yfir, að þær muni ekki standa í vegi fyrir því. Spurningin er því eingöngu um það: Vilja menn, að Þjóðverjar hervæðist innan Atlantshafsbandalagsins með þeim takmörkunum, sem hervæðingunni eru settar í samningunum, og með þeim hömlum, sem eru lagðar á Þjóðverja með því að vera í þessu bandalagi, eða vilja menn, að Þjóðverjar hervæðist sjálfstætt, eins og þeir gerðu eftir fyrri styrjöld? Það er spurningin, sem liggur fyrir. Það er ekki neinn vafi á því, að þeir, sem hugleiða þetta mál, fengu þá reynslu af hervæðingu Þjóðverja eftir fyrri styrjöld, að þeir óska ekki eftir, að það endurtaki sig. Og jafnaðarmenn í Frakklandi, sem hafa eins og aðrir Frakkar um sárt að binda vegna viðureignarinnar við Þjóðverja, jafnaðarmenn í Noregi, og það þarf ekki að lýsa, um hvaða sár þeir hafa að binda, jafnaðarmenn í Danmörku, jafnaðarmenn í Belgíu, með sinn utanríkisráðherra í broddi fylkingar sem einn ákveðnasta meðmælanda þess, að Þjóðverjar gangi í Atlantshafsbandalagið, og jafnaðarmenn að miklum meiri hluta í Englandi eru þrátt fyrir gamlar endurminningar og þrátt fyrir sínar tilfinningar allir því meðmæltir, að Þjóðverjar hervæðist innan Atlantshafsbandalagsins, vegna þess að þeir álíta það betri kost en að gerður verði friðarsamningur við Þjóðverja á næstunni og þeir hervæðist sjálfstætt. Þetta er m. a. ein af ástæðunum. Það er þess vegna ekki verið að taka ákvörðun um það, hvort Þjóðverjar eigi að hervæðast eða ekki. Það er verið að taka ákvörðun um það, undir hvaða kringumstæðum Þjóðverjar eigi að hervæðast, hvort þeir eigi sjálfir að ráða sinni hervæðingu eða þeir eigi að hlíta þeim takmörkunum, sem gert er ráð fyrir í Atlantshafssáttmálanum.

Við getum svo hugsað okkur þriðja möguleikann, sem að vísu er naumast fyrir hendi, og það er það, að það eru ekki gerðir fyrst um sinn friðarsamningar af hálfu Bandaríkjamanna, Englendinga og Frakka við Vestur-Þýzkaland. Og hver yrði þá afleiðingin? Afleiðingin yrði sú, sem ég efast ekki um að ýmsir hv. þm. hér í Alþingi mundu telja heppilega lausn, — hún yrði sú samkvæmt yfirlýsingu, sem gefin hefur verið fyrir alllöngu og ekki er neinn efi á að yrði framkvæmd, að ef ekki tekst með einhverju móti samkomulag um hervæðingu Vestur-Evrópu og varnir, þá draga Bandaríkjamenn og Englendingar heri sína burt af meginlandinu og meginlandið verður óvarið. Sjálfsagt eru það margir hv. alþm., sem vita um þessa yfirlýsingu. Hún var m. a. endurtekin af utanríkisráðherra Belgíu í ræðu fyrir tæpum 3 mánuðum, og hann var þá inntur eftir því, hvort væri víst, að þannig mundi verða farið að, og lýsti hann yfir að gefnu því tilefni, að á því væri enginn vafi, að Bandaríkjamenn og Bretar mundu ekki hafa herdeildir sínar á meginlandinu, sem þeir teldu að ekki væri hægt að verja og þess vegna þýðingarlaust að setja sínar herdeildir í hættu þar, ef ekki yrðu nein samtök um varnir Vestur-Evrópu. Þetta þýðir það þá jafnframt, sem sennilega flestir gera sér ljóst, að um leið og meginlandið er óvarið, er Ísland komið í fremstu varnarlínu milli þeirra tveggja risa að austan og vestan, sem aðallega eigast við í vígbúnaðarkapphlaupi og ef til vill í þeim átökum, sem menn að vísu vona að aldrei komi til.

Það er þess vegna fjarri því, að við höfum hagsmuni af því, að ekki verði af varnarsamtökum á meginlandi Evrópu; það er alveg þvert á móti. Ef Þjóðverjar taka þátt í þessum varnarsamtökum, þá eru menn sammála um það, að á meginlandi Evrópu myndast það hernaðarjafnvægi, að það er talið ólíklegt, að hvor aðilinn um sig þori að hreyfa sig. Og það er áreiðanlegt, að þeir, sem þekkja til varnarsamtaka Vestur-Evrópu, gera sér ljóst, að það er ekki hægt að koma 15 þjóðum, hvað sem Þjóðverjum líður, út í styrjöld; það er enginn hægðarleikur að koma þeim út í styrjöld, slíkur friðarvilji sem þar ríkir almennt. Það er þess vegna að mínu áliti þannig, að hvað sem inngöngu okkar í Atlantshafsbandalagið leið á sínum tíma, — það er gerður samningur, sem við vitanlega hringlum ekki með, við getum ekki gert það með utanríkissamninga, — þá er það að mínu áliti stórkostleg umbót á Atlantshafsbandalaginu, að Þjóðverjar gerist þar aðilar, vegna þess að með því móti myndast varnargarður, sem Evrópuþjóðirnar standa að í heild, alla leið frá Miðjarðarhafi til Norður-Noregs, — varnargarður fyrir austan okkur, varnargarður á milli Rússlands og Bandaríkjanna, þeirra þjóða, sem eru taldar vera aðalaðilarnir í hinu kalda stríði og mundu verða það, ef það óhapp vildi til, að styrjöld brytist út. Og það hljóta menn að gera sér ljóst, að það er verulegur ávinningur fyrir okkur að hafa þennan varnargarð austan við okkur í stað þess að vera ella, ef meginland Vestur-Evrópu væri varnarlaust, í fremstu víglínu, eins og ég sagði áðan, og með þeim afleiðingum vitanlega, að miklu meiri áherzla yrði lögð á varnir og varnarframkvæmdir hér á Íslandi en ef þessi samtök verða, sem nú er verið að reyna að koma á í Vestur-Evrópu.

Ég er af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint, þeirrar skoðunar, að okkur sé alveg vorkunnarlaust að greiða atkvæði um þetta mál nú þegar, vegna þess að þessi breyting á Atlantshafsbandalaginu, tilkoma Vestur-Þýzkalands, er til stórkostlegra bóta og til verulegs öryggis fyrir Ísland frá því, sem nú er, og miðað við það, að ekki yrði af varnarsamtökum á meginlandi Vestur-Evrópu. Þetta er þess vegna fyrirkomulag á bandalaginu, sem við hljótum fremur að óska eftir heldur en hitt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði hér um þetta mál almennt í gær, en vil aðeins að gefnu tilefni leiðrétta ummæli hv. þm. Str., sem hann viðhafði í ræðu sinni hér áðan. Hann las hér upp nokkurn hluta af þeirri brtt., sem við þjóðvarnarmenn höfum lagt hér fram, hluta af þeim rökstuðningi, sem þar er fram borinn í 3. lið, en annað tveggja af misgáningi eða af öðrum ástæðum fór hann ekki alveg rétt með það, sem draga ber út úr þessum ummælum. Þegar hann fór að leggja út af ummælunum, sem hann las, fór hann ekki rétt með. Hann vildi halda því fram, að í 3. lið rökstuðnings okkar fælist samþykki við því, að Vestur-Þýzkaland verði tekið inn í Norður-Atlantshafsbandalagið. Það, sem felst í þessum 3. lið rökstuðnings fyrir brtt. okkar, er ekki annað en það, að við teljum það mjög óeðlilegt, að Íslendingar, sem eru algerlega vopnlaus þjóð og verða það væntanlega um alla framtíð, séu aðilar í hernaðarbandalagi slíku sem Norður-Atlantshafsbandalagið er eða nokkru öðru hernaðarbandalagi og með aðild að slíku bandalagi séu þeir neyddir til að taka ákvarðanir t. d. um hermál Mið-Evrópu, sem þeir hafa að sjálfsögðu mjög takmarkaða aðstöðu til að gera, og um mál, sem vissulega eru afar skiptar skoðanir um í Mið-Evrópuríkjunum sjálfum, eins og mjög rækilega hefur verið rakið hér í ræðum, bæði í gær og í dag.

Í brtt. okkar er fyrst og fremst farið fram á það, að nú sé gerð tilraun til þess að losna úr Norður-Atlantshafsbandalaginu. Fram á það sé farið við aðildarþjóðirnar, að þær líti á sérstöðu okkar sem algerlega vopnlausrar þjóðar og gefi okkur kost á því að losna úr þessu bandalagi. Það er því í brtt. okkar ekkert um það sagt, að taka eigi Vestur-Þýzkaland upp í Atlantshafsbandalagið, heldur aðeins á það bent, hve fjarstætt það sé, að við Íslendingar séum aðili að hernaðarbandalagi. En eins og ég sagði í þeirri ræðu, sem ég flutti hér í gær, þá verðum við, að því er allar líkur benda til, neyddir til þess að taka ákvarðanir um þessi mál, — um hernaðarmál Mið-Evrópu, — og þá verðum við að sjálfsögðu að gera það út frá okkar takmörkuðu möguleikum til að meta allar aðstæður. Ég rakti það þá, að ég hélt sæmilega ljóslega, að þegar við stæðum frammi fyrir þeirri staðreynd að taka ákvarðanir um þessi mál, þá mundum við telja fulla ástæðu til að hlusta mjög gaumgæfilega á rök t. d. þýzkra jafnaðarmanna, annars stærsta flokks Þýzkalands, þess flokks, sem á að fagna mjög vaxandi fylgi í landinu, en þeirra röksemdir í þessum málum hafa verið túlkaðar og skýrðar hér nokkuð. Þeir segja, að það sé hið mesta óráð að hraða þessum málum eða ganga frá þeim nú, áður en þrautreynt sé, hvort ekki séu nein tök á að halda fjórveldaráðstefnu um framtíð Þýzkalands og sameiningu þess alls í eitt ríki. Þeir hafa jafnvel bent á þá hættu, að fari svo, að hernaðarkapphlaup hefjist milli Austur- og Vestur-Þýzkalands, þá gæti svo farið, að til blóðugrar borgarastyrjaldar kæmi milli þessara tveggja ríkja, sem áður voru eitt ríki og þeir leggja eðlilega mjög mikla áherzlu á að reynt verði að sameina í eitt ríki á ný.

Það var fyrst og fremst þetta, sem ég vildi leiðrétta í ræðu hv. þm. Str. Það verður á engan hátt lesið út úr brtt. okkar þjóðvarnarmanna, að við teljum eðlilegt á þessu stigi málsins, að Vestur-Þýzkaland verði veitt aðild að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Eins og ég reyndi að skýra í ræðu minni í gær, teljum við langeðlilegast, að ákvörðun um þetta mál verði látin bíða fyrst um sinn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það virðist vera, að hæstv. ríkisstj. leggi mikla áherzlu á, að þessu máli verði lokið nú fyrir jólaleyfið. Þó að nokkrar fsp. hafi komið fram hér í umr.

um það, hvaða orsakir liggi í rauninni til þess, að ríkisstj. leggi nú áherzlu á að afgreiða þetta mál tiltölulega lítið rætt og á örfáum dögum, þá hafa ekki fengizt frá hæstv. stjórn nein svör í því efni, sem þm. almennt gætu talið frambærileg. Hins vegar hafa komið hér fram í umr. mjög gild rök fyrir því, að það væri ástæða til þess, jafnvel þó að meiri hl. Alþ. ætli sér síðar meir að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, að fresta afgreiðslu málsins a. m. k. þangað til seint í janúarmánuði eða fram í febrúarmánuð, þegar þing kemur væntanlega aftur saman eftir jólaleyfið.

Að vísu kom það nú fram í síðari ræðu hv. þm. Str., að hann leitaðist lítillega við að svara þessum spurningum, en svör hans voru ekki á aðra lund en þá, að hann sagðist ekki sjá, að það skipti neinu máli, hvort alþm. tækju afstöðu til málsins nú eða síðar. Ég verð að segja, að í mínum augum skiptir það verulegu máli, hvort t. d. þær þjóðir, sem hér eiga mest undir, Þýzkaland og Frakkland, hafa áður samþykkt þá samninga á fullbindandi hátt, sem forustumenn þeirra hafa nú komið sér saman um að leggja þar fyrir þjóðþing, hvort þessar þjóðir hafa endanlega gengið frá staðfestingu samninganna eða hvort svo kann að fara síðar, að önnur hvor þessi þjóð á eftir að hafna samningunum og þeir þar af leiðandi ekki að ná fram að ganga. Ég er alveg viss um það, að nái þetta mál í framkvæmdinni aldrei fram að ganga, af því t. d. að Þýzkaland eða Frakkland hafnaði endanlegri staðfestingu, þá yrði samþykkt Íslands skoðuð svo, að við hefðum þó ekki hikað við það strax á þessu stigi málsins að lýsa því yfir, að við værum reiðubúnir að endurvopna Þýzkaland með öllum þeim afleiðingum, sem slík endurvopnun hlýtur að geta haft í för með sér. Við Íslendingar höfum nú þegar tekið upp nokkur viðskipti við báða hluta hins gamla Þýzkalands, bæði við Austur-Þýzkaland og eins við Vestur-Þýzkaland. Við eigum tiltölulega góð viðskipti við báða þessa landshluta, og það eru allmiklar líkur til þess, að viðskipti okkar við hið gamla Þýzkaland fari mjög vaxandi á næstu árum. Hitt dylst mér hins vegar ekki, að það er svo að segja sama, hvort rætt er við íbúa í Vestur-Þýzkalandi eða Austur-Þýzkalandi, að þeir eru nær undantekningarlaust á einu máli um það, að það, sem þeir þrá mest nú í dag, er sameining alls Þýzkalands. Eftir því óska þeir. Hins vegar játa það flestir menn, að verði horfið að því ráði að endurvopna Vestur-Þýzkaland, þá er mjög sennilegt, að af því leiði einnig verulega endurvopnun Austur-Þýzkalands, og allir möguleikar til þess að vinna að sameiningu Þýzkalands í eina þjóð verða með því torveldaðir. Þeir menn, sem nú vilja stíga það örlagaríka skref að endurvopna Þýzkaland, hafa í rauninni gefizt upp í baráttunni við að yfirstíga þá erfiðleika, sem þarf að yfirstíga í þessu efni, og sameina allt Þýzkaland.

Það mun alltaf verða litið svo á, að við Íslendingar séum heldur litlir karlar í sambandi við hin stóru hernaðarmál og hervæðingu á milli þjóða. Mér finnst því full ástæða til þess, að einmitt þegar slík mál liggja fyrir förum við okkur hægt. Þá höfum við fulla ástæðu til þess að halda því fram, hvar sem er, að það hafi verið ástæða fyrir Íslendinga að bíða eftir því, að þeir, sem þessi mál skipta meira en okkur, hefðu þó sagt sitt lokaorð, áður en við færum að birta okkar samþykktir um málið.

Þetta vildi ég láta koma fram sem skoðun mína á því, að jafnvel þó að meiri hl. alþm. kunni að vera á þeirri skoðun, að það sé rétt að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, þá sé þó ástæða til þess fyrir þennan sama meiri hluta að fresta um sinn afgreiðslu þessa máls og sjá, hverju fram vindur í stjórnmálum Evrópu.

Mér þykir einnig full ástæða til að benda hér á það, að frá hálfu hæstv. ríkisstj. hefur þetta mál fengið hina einkennilegustu afgreiðslu, það sem komið er. Sáralitlar umræður hafa farið fram um þetta stórmál frá hálfu ríkisstj. Hæstv. utanrrh. talaði hér aðeins örfá orð, gaf sáralitlar skýringar á þessu stórmáli. Og síðan, eins og hér hefur verið upplýst í umræðunum, hefur hann horfið af landi brott, á meðan málið liggur hér fyrir til afgreiðslu. Formaður í utanrmn., sem um þetta mál fjallar, hefur líka horfið af landi brott og er hér ekki viðstaddur í sambandi við afgreiðslu málsins. Hæstv. ráðh. hafa lítið verið hér við þessar umræður og að sáralitlu leyti tekið þátt í umræðunum. Aðeins hæstv. fjmrh. sagði hér nokkur orð, þar sem hann mælti með framgangi málsins. Nú verður því væntanlega ekki haldið fram, að hér sé um neitt smámál að ræða, og af þeirri ástæðu væri því full ástæða til að búast við því, að ríkisstj. væri reiðubúin til að ræða málið og tefla fram sínum rökum, m. a. fyrir því, hvað það er, sem knýr hana til þess að hraða svona afgreiðslu málsins eins og hér virðist nú liggja fyrir.

Það fer ekki milli mála, að það mál, sem hér er raunverulega til umræðu, er nú eitt harðasta deilumálið, sem stjórnmálamenn í Evrópu deila um. Og þó að hér sé sagt, eins og hæstv. fjmrh. sagði, að jafnaðarmenn í ýmsum löndum, t. d. Bretlandi, Frakklandi og víðar, stæðu að þessu máli og vildu gjarnan taka á sig þá áhættu, sem fylgdi endurvopnun Vestur-Þýzkalands, þá veit hæstv. ráðh., að það er síður en svo, að jafnaðarmenn í þessum löndum séu sammála um þessa afstöðu. Harðar deilur í jafnaðarmannaflokkum þessara landa hafa verið uppi, og þar hefur munað sáralitlu um það, hvor armurinn hefur orðið sterkari, þegar þetta mál hefur legið fyrir til afgreiðslu. Og það er svo, að enn þá er allt í fullkominni óvissu um það, hvort t. d. franska þingið samþykkir þessa samninga endanlega eða ekki. Það er enn þá meira að segja í fullkominni óvissu, hvort það tekst að fá þá samninga, sem hér er um að ræða, staðfesta í sjálfu þýzka þinginu. Því verður áreiðanlega ekki haldið fram með réttu, að þetta mál liggi einfaldlega fyrir mönnum í Vestur-Evrópu. Hitt er hið sanna, að þar eru uppi mjög skiptar skoðanir um málið, og margir, sem hafa látið til leiðast að fylgja málinu þó eftir, gera það sárnauðugir.

Í þessu efni minnist ég þess, að undanfarna mánuði hafa margir af þekktustu stjórnmálamönnum heimsins verið að lýsa því yfir í ræðum sínum, að þeir teldu að ófriðarhætta í heiminum væri minni nú en hún hefði verið um allangan tíma áður. En einmitt þegar dregur úr ófriðarhættunni að dómi hinna reyndu stjórnmálamanna, einmitt um sama leyti sem við erum að heyra það, t. d. frá Dönum og víðar annars staðar að, að þeir séu að draga úr sínum hernaðarútgjöldum, af því að það sé nokkru friðvænlegra í heiminum, þá þykir nauðsynlegt að deila sem harðast um það, sem hefur verið eitt mesta ágreiningsefnið í þessum efnum, en það er að taka upp endurvopnun Þýzkalands. Ég vil undirstrika þetta, að einmitt á sama tíma sem þessir sömu merku stjórnmálamenn lýsa því yfir, að ófriðarhættan sé minni, er talin knýjandi nauðsyn að fara að endurvopna Vestur-Þýzkaland. Þetta skýtur, vægast sagt, mjög skökku við, og sýnist svo, að fyrst ástandið í þessum málum fer batnandi í heiminum, þá hefðu menn mátt una nokkuð við það, en ekki efna til þess, sem óneitanlega kallar enn fram aukna ófriðarhættu, því að yfirlýsingar að austan um það, að Austur-Þýzkaland verði vopnum búið gegn hervæðingunni í Vestur-Þýzkalandi, auka vitanlega stórum á ófriðarhættuna, en draga ekki úr henni.

Mér finnst það heldur kaldranalegt og kaldhæðið í sjálfu sér fyrir okkur Íslendinga að vera nú komnir það áleiðis í þessum málum, að eftir að búið er hér á Alþ. að samþykkja þátttöku Íslands í ýmsum samningum, sem um það leyti sem þeir hafa verið samþykktir hefur verið lýst yfir að væru mjög svo fjarri því að geta dregið Ísland á nokkurn hátt inn í ófrið eða hernaðarbandalög eða nokkuð þess háttar, hér værum við aðeins að standa með hinum friðelskandi þjóðum, — en afleiðingin af þessari þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og ýmsum fleiri samtökum er nú orðin sú, að hér á Alþingi Íslendinga erum við komnir inn í miðjar umræður um það, hvort við eigum að leggja okkar atkvæði fram um það að hervæða eina þjóð eða hvaða hernaðarlegar ráðstafanir við og það bandalag, sem við erum orðnir þátttakendur í, eigum að gera. Þetta er kannske fyrsta skrefið í þessa átt. Á eftir mun svo koma það, að fleiri og fleiri rísa hér upp og ræða um nauðsyn þess, að Ísland verði virkur aðili að beinum hernaðaraðgerðum.

Ég vil svo að endingu undirstrika það, sem átti að vera mitt meginmál í þessu, að ég er eindregið fylgjandi þeirri skoðun, sem hér hefur komið fram, að Alþ. ætti að fresta afgreiðslu þessa máls a. m. k. um sinn.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þær ræður, sem hér hafa verið fluttar af hálfu hæstv. ráðherra og forsvarsmanna þeirrar till., sem hér er til umræðu.

Hæstv. fjmrh., sem nú mun um stund gegna störfum utanrrh., sagði hér í gær, að þetta væri svo sem ekki neitt upphaf að vígbúnaði, furðaði sig á því, að alþm. skyldu ekki hafa áttað sig á því, að vígbúnaðurinn væri hafinn fyrir löngu, og þótti þetta sýnilega mjög mikill fróðleikur. Við vitum það nú allir, að vígbúnaðurinn er hafinn fyrir löngu. Og hæstv. ráðh. hélt áfram: Sovétríkin hafa vígbúizt eftir stríðið meira en nokkurt annað ríki, og Atlantshafsbandalagið var stofnað í varnarskyni gegn því, og vígbúnaður Atlantshafsbandalagsins er varnarráðstöfun gegn þessum geysilega vígbúnaði Sovétríkjanna. Þetta gera Atlantshafsbandalagsríkin til þess að vera svo sterk, að Rússar telji sér hagkvæmt að semja um afvopnun. Sovétríkin mundu þá telja sér hagkvæmt að semja um afvopnun, þegar þessi vígbúnaður er orðinn nógu mikill, þ. e. a. s. þegar búið er að vopna hið nazistiska Þýzkaland, koma þar upp her, sem telur ½ milljón manns, og auk þess varaher, sem gert er ráð fyrir að muni telja um 5 millj. manna. Svo mörg eru þau orð. Það er sem sé skoðun hæstv. ráðh., að ráðið til afvopnunar sé meiri vígbúnaður, nógu mikill vígbúnaður. Það er náttúrlega mál út af fyrir sig, að í orðum hæstv. ráðh., sem ekki voru mörg, fólust hinar herfilegustu sögufalsanir, þar sem öllu er snúið öfugt. Það er vitaskuld fullyrðing algerlega út í bláinn, að Sovétríkin hafi vígbúizt eftir stríðið meira en nokkurt annað land, á meðan vesturveldin afvopnast. Þetta er ekkert annað en margendurtekinn stríðsáróður Bandaríkjamanna, sem hefur ekki við neitt að styðjast. Vígbúnaðarkapphlaupið og kalda stríðið hófst fyrir alvöru með stofnun Atlantshafsbandalagsins, sem opinberlega var stefnt gegn Sovétríkjunum og bandalagsríkjum þeirra. Þar með var heiminum skipt í tvær fjandsamlegar fylkingar og stefnt að nýju heimsstríði. Þar með var tekin upp stefna, sem var í algerri andstöðu við anda og tilgang Sameinuðu þjóðanna.

Öll þessi ár hafa Sovétríkin borið fram hverja tillöguna eftir aðra um allsherjarafvopnun og bann við kjarnorkuvopnum. Vesturveldin hafa neitað að fallast á þessar tillögur, og alveg sérstaklega hafa þó Bandaríkin neitað algerlega að fallast á bann við kjarnorkuvopnum. Raunar hafa þau líka neitað að undirskrifa sáttmálann um bann við notkun sýklavopna og eiturgass. Ef vesturveldin hefðu áhuga á allsherjarafvopnun, þá væri hægt að hefja þá afvopnun nú þegar. Þar stendur ekkert í vegi. Það er því sýnilega allt annað, sem hæstv. ráðherra meinar með afvopnun. Hann ætlast sem sé til þess, að Sovétríkin afvopnist einhliða, og það á að neyða þau til slíkrar afvopnunar með vopnavaldi, með vopnaglamri og ógnunum, — ógnunum með kjarnorkuvopnum og með því að vopna þýzku nazistana. Þetta er allt í fullu samræmi við þá staðhæfingu, að Sovétríkin hafi vígbúizt meira en vesturveldin, og í fullu samræmi við allar tillögur og alla afstöðu Bandaríkjanna í afvopnunarmálunum.

Nú vil ég spyrja: Trúir nokkur hv. þm. því, er sá þm. til, sem trúir því, að hægt sé að neyða Sovétríkin til afvopnunar með slíkum ógnunum? Trúir nokkur því, að þegar búið er að vopna 5 millj. manna undir herstjórn þýzku nazistanna, sem stefnt er gegn Sovétríkjunum,

5 milljónir Þjóðverja undir forustu hinna nazistisku stríðsglæpamanna, sem opinberlega er stefnt gegn Sovétríkjunum, þá muni Sovétríkin fallast á tillögu Bandaríkjanna um afvopnun, eftir reynslu síðustu styrjaldar og samtímis því sem varla líður svo dagur, að Bandaríkin ógni ekki Kína með styrjöld? Styrjöld við Kína hlýtur að leiða til heimsstyrjaldar. Það er öllum ljóst, og því neitar enginn. Það hlýtur að vera öllum ljóst, jafnvel svo blindum og ofstækisfullum manni sem hæstv. fjmrh. virðist vera, — sem þessa dagana mun fara með utanríkismál, — að svar Sovétríkjanna og bandalagsríkja þeirra við þýzkri hervæðingu hlýtur að vera aukinn vígbúnaður af þeirra hálfu, og annað svar getur ekki komið til greina, eins og þau hafa líka sjálf lýst yfir. Og slík hervæðing, þar sem tvær heimsfylkingar standa hvor gegn annarri, gráar fyrir járnum, slíkar tvær hervæddar heimsfylkingar stefna að styrjöld, og aldrei í veraldarsögunni hefur það komið fyrir, að slíkar hervæddar fylkingar hafi staðið hvor andspænis annarri, án þess að af því hafi leitt styrjöld.

Ég bið hv. alþm. að reyna að gera sér ljóst, hvaða ábyrgð þeir eru að taka á sig með því að samþykkja þessa till., sem alveg óhjákvæmilega stefnir á stríð. Með þeim vopnabúnaði, sem mannkynið ræður nú yfir, er mikil hætta á því, að ný styrjöld leiði til tortímingar þess. Ísland á þó ef til vill meira í húfi en flestar aðrar þjóðir. Það er nú svo komið, að það eru ekki miklar líkur til þess, að íslenzka þjóðin lifði af nýja heimsstyrjöld. Ég á erfitt með að trúa því, þrátt fyrir dapurlega reynslu, að hv. alþm. séu svo blindir, að þeir ani út í það glæfraspil að samþykkja till., sem beinlínis stefnir á styrjöld, hlýtur að stefna á styrjöld, — tillögu, sem jafngildir stríðsyfirlýsingu gegn þriðja hluta mannkynsins. Það væri slík fyrirmunun af fulltrúum vopnlausrar þjóðar, sem telur 150 þúsund manns, að maður á engin orð.

Ég held, að það megi ekki minna vera en að hv. alþm. fái tækifæri til þess að spyrja samvizku sína, á meðan þeir njóta jólaleyfisins.

Hv. þm. Str. (HermJ) sagði hér áðan, að spurningin um hervæðingu Þjóðverja stæði alls ekki í sambandi við þetta mál. Þetta eru alveg furðulegar fullyrðingar og furðulegar blekkingar af hálfu hv. þm. Str. Andstaða Frakklands gegn Parísarsamningunum byggist á því, að þeir óttast hervæðingu Þjóðverja, og eingöngu á því. Það verða ekki gerðir friðarsamningar við Þjóðverja, nema í þeim samningum felist ákvæði um það, að hve miklu leyti þeim verður leyft að hervæðast og hvaða takmörkum slík hervæðing yrði háð.

Það, sem hæstv. ráðh. og hv. þm. Str. voru að dylgja með, þegar þeir töluðu um það, að Þjóðverjar mundu hervæðast hvort sem er, voru hótanir Bandaríkjanna um að hervæða Þjóðverja upp á eigin spýtur. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sýndi fram á með rökum, sem ekki verða hrakin, að Bandaríkin munu hika við að grípa til slíkra ráða, því að slík ráðstöfun mundi, eins og hv. 2. þm. Reykv. benti á, alveg óhjákvæmilega leiða til þess, að Frakkland losaði sig úr tengslum við Bandaríkin og tæki upp samvinnu við Sovétríkin.

Hv. þm. Str. hélt því fram, að þýzki nazistaherinn væri nú bezta vörnin fyrir Íslendinga og þess vegna ættum við að samþykkja þessa till., vegna þess að Ísland hefði alveg sérstakan hag af því, að þýzku nazistarnir væru hervæddir, vopnun þýzku nazistanna væri bezta vörnin fyrir Ísland. Ég leyfi mér að segja, að þetta er hryllileg kenning, en hún er raunar í fullu samræmi við rök hæstv. fjmrh. Það er sem sé gert ráð fyrir því, að til styrjaldar hljóti að koma. Það er gert ráð fyrir styrjöld og stefnt á styrjöld og allt miðað við það, hvernig aðstæður okkar mundu verða í óhjákvæmilegri styrjöld. En jafnvel þótt við lítum á málið út frá þessu sjónarmiði, hver aðstaða okkar mundi verða, ef til styrjaldar kæmi, þá er hér um algera falskenningu að ræða. Ísland verður miðsvæðis í átökunum milli austurs og vesturs, ef til styrjaldar kemur, undir öllum kringumstæðum, og héðan verður farið í árásarferðir til Mið-Evrópu og til Austur-Evrópu undir öllum kringumstæðum, og slíkar árásarferðir bjóða þeim hættum heim, sem geta orðið til þess að tortíma íslenzku þjóðinni.

Í blaðinu U. S. News and World Report, sem nýlega er komið út, er enn einu sinni kort af Íslandi með langri grein, þar sem Ísland er talið útvörður Bandaríkjanna og einn mikilvægasti bletturinn á hnettinum sem stöð til árásar á Sovétríkin. Um þetta er farið mörgum orðum. Og þessu fylgja myndir — þarna er mynd af forsætisráðherranum okkar. Þetta blað er hálfopinbert málgagn Bandaríkjastjórnar. Ég nefni þetta sem eitt nýjasta dæmið, en greinar á borð við þessa, með korti af Íslandi, þar sem útlistað er fyrir bandarískum lesendum, hvaða þýðingu Ísland hefði í næsta stríði einmitt sem árásarstöð á Sovétríkin, eru engin ný bóla, heldur hafa ótal slíkar greinar verið birtar í amerískum blöðum og meira að segja hálfopinberum amerískum málgögnum, síðan Bandaríkin fengu herstöðvar hér.

Fyrir íslenzku þjóðina er aðeins eitt til bjargar, og það er að koma í veg fyrir heimsstyrjöld. Að því eigum við að vinna. En með þessari till. er stefnt á styrjöld.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var auðheyrt á ræðu hv. þm. Str. (HermJ), að hann hafði gengið heldur ófús til alls þess leiks, sem nú er leikinn hér á Alþ. og hefur verið síðustu 5 árin í sambandi við Atlantshafsbandalagið. Það var auðheyrt, að hann vildi hjá því komast að þurfa að verja nokkuð, sem stæði í sambandi við það mál. En það er líka alveg greinilegt, af hverju tveir forustumenn Framsfl. á endanum hafa verið knúðir fram í það að reyna af veikum mætti að verja aðgerðir stjórnarinnar í þessum málum. Bak við þá stendur íhaldið og segir við þá: Nú hafið þið utanríkismálin. Nú er bezt, að þið sjáið um að verja þetta. Meðan við höfðum utanríkismálin, íhaldsmenn, þá réðuzt þið alltaf aftan að okkur og töluðuð um, hvað illa allt væri framkvæmt. Nú er bezt, að þið fáið að sitja með

alla skömmina. — Og þess vegna þegir íhaldið svona vendilega hérna og lætur vesalings framsóknar-forustumennina um að reyna nú af veikum mætti að halda uppi einhverjum vörnum. Svo lendir þetta einmitt á hv. þm. Str., þeim sama þm., sem var fulltrúi fyrir Framsókn í utanrmn., þegar Atlantshafsbandalagið og innganga Íslands í það var til umr. Og hvað sagði hann þá? Hvað getur að lesa í hans ræðu 30. marz 1949? Löng ræða, sem ég ætla að lesa tvær setningar úr, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég vil þó lýsa vanþóknun minni á meðferð þessa máls, því að það á ekki að ræða það með þeim sérstaka hætti eins og gert hefur verið nú hér á Alþingi."

Svo segir hann seinast: „Annars er ég einn af þeim, sem telja, að nóg sé komið af þessum samningum, og vil þá heldur enga samninga heldur en þá, sem eru ekki öruggir fyrir okkar þjóð."

Það var ekki nóg með, að hann talaði þetta, og mér er nú ekki grunlaust um, að hann hafi sagt þetta heldur ákveðnar, þegar hann mælti það, en það kemur nú út í þingtíðindunum. Tveir fulltrúar Framsóknar í utanrmn. birtu líka sitt álit og lögðu báðir raunverulega á móti því, að Ísland gengi í Atlantshafsbandalagið. Þá minntu þeir að vísu á í sínu nál., að ráðherrarnir íslenzku hefðu gefið opinbera skýrslu og fjórða atriðið í þeirri skýrslu væri svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum" — og segja svo: „Við erum því ekki mótfallnir, að samið sé á þessum grundvelli, en við viljum, að þessi atriði séu, eftir því sem við teljum þörf og höfum vit á, tryggð í samningnum sjálfum, en ekki með yfirlýsingum einum." M. ö. o.: Þeir voru vantrúaðir á samningana eins og Bandaríkin knúðu þá Ísland til að gera þá. Þeir vildu þá láta setja inn í samningana sjálfar yfirlýsingar ráðherranna, yfirlýsingar Achesons við Eystein og þá, og segja svo seinast í sínu nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir, sem greiða atkvæði með sáttmálanum, taka ábyrgð á því gagnvart þjóðinni, að hún eigi rétt til framkvæmda á samningnum í samræmi við yfirlýsingu ráðh., sem hér hefur verið rakin. Þessu teljum við okkur ekki geta borið ábyrgð á nema fá framfylgt a. m. k. þeim atriðum, sem við höfum lagt til hér að framan."

M. ö. o.: Þessir hv. þm., það voru Hermann Jónasson og Páll Zóphóníasson, sem treystu sér ekki til að greiða atkvæði með Atlantshafssamningnum og lögðu raunverulega á móti honum þá, vildu setja inn í samningana þá einmitt þau ákvæði, sem síðan hefur komið í ljós að Bandaríkjamenn hugsuðu sér auðvitað að knýja fram, þegar Atlantshafssamningurinn var gerður, en gáfu náttúrlega yfirlýsingar um, að væri alls ekki meining þeirra, þetta sem sé: að það yrðu engar herstöðvar hér á Íslandi né erlendur her á friðartímum.

M. ö. o.: Allt, sem þessir menn vöruðu við þá, er komið fram nú. Allt, sem þeir álitu að þjóðin þyrfti að varast þá, er komið fram nú. Og svo er það einmitt hv. þm. Str., sem er nú knúinn til þess að verða ekki aðeins að taka ábyrgð á þessu öllu saman, heldur líka að bæta því við að reyna að finna rök fyrir því, að Ísland eigi að gefa samþykki sitt til þess að fá nazistaher í Atlantshafssamfélagið.

Hv. þm. Str. hefur auðsjáanlega frá því í gær farið að reyna að finna einhver rök fyrir þessum samningi, sem hér liggur fyrir. Í gær leizt honum svo illa á að fara að leita að rökum, að hann sagði, að það væri ekki óeðlilegt, að málinu væri frestað. Svo hefur auðsjáanlega verið knúið á að hafa álíka hætti á og 1949, og hann segir áðan, að það hafi verið rætt við ríkisstj., hvort hún sæi sér fært að fresta málinu. Nei, ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að fresta málinu, og hv. þm. Str. hefur haldið áfram að leita að rökum, og rökin, sem hann fann, eru síður en svo góð. Hann hafði þau ekki til í gær, en hann kom með þau í dag, og við skulum rétt athuga þau, þó að það sé búið að minnast á þau nú þegar.

Hann sagði fyrst í sinni ræðu, að það væri aðeins um tvennt að velja fyrir okkur Íslendinga. Það væri um það að velja, hvort Vestur-Þjóðverjar skyldu fá að hervæðast innan Atlantshafsbandalagsins eða utan þess, menn yrðu að kjósa um þetta tvennt og um annað væri ekki að velja. Hins vegar mun hann undir niðri hafa fundið, að þetta væri rangt, því að það var vitað, eins og hv. 2. landsk. sýndi hér fram á áðan, að það er ekki hægt fyrir Bandaríkin að leyfa Vestur-Þjóðverjum að hervæðast einum sér. Það þarf meira en samþykki þeirra og meira en samþykki þeirra og Breta til þess, það þarf líka samþykki Frakka, og það samþykki fæst ekki. Þess vegna kemst hv. þm. Str. rétt á eftir, í seinni hluta ræðunnar, í mótsögn við sjálfan sig, og þá segir hann: Ja, fyrir utan þessa tvo möguleika er þriðji möguleikinn til. — Og hver er þriðji möguleikinn, sem hann allt í einu í seinni hluta ræðu sinnar er búinn að uppgötva og hann fann ekki, meðan hann var að leita að rökunum? Jú, þriðji möguleikinn er sá, að Vestur-Þýzkaland fái ekki leyfi Bandaríkjanna og Bretlands til að hervæðast. Og hvað mun þá gerast? Jú, þá munu Bandaríkin og Bretland fara burt með sinn her af meginlandinu. Var það þá einhver ósköp? Hvað mundi það þýða, að Bandaríkin og Bretland færu burt með her sinn af meginlandinu? Það mundi þýða, að það yrðu teknir upp samningar um friðsamlega sameiningu Þýzkalands, og friðarhorfurnar í álfunni mundu stórbatna. Hv. þm. Str. datt ekki í hug að koma með eina einustu röksemd um, hvað af þessu mundi leiða. Ef nokkuð væri satt í þeirri bábilju, sem hann hefur aldrei haldið fram, en sumir hans flokksmenn hafa haldið fram, að sósíalistisku ríkin mundu ráðast á Vestur-Evrópu, ef hún væri svona varnarlaus, þá veit hann ósköp vel, að herforingjar Atlantshafsbandalagsins hafa haldið því fram, að sósíalistisku löndin hefðu með sínum her getað tekið Vestur-Evrópu á hvaða mánuði undanfarinna 5 ára sem þau hafa viljað, ef þau væru yfirleitt í þeim hug.

Það er þess vegna ljóst, að svo framarlega

sem Bandaríkin og Bretland færu burt með sinn her af meginlandinu, þá mundu friðarhorfurnar í Evrópu stórbatna og möguleikarnir á sameiningu Þýzkalands standa opnir. Hv. þm. reyndi að finna þarna út, eins og hv. 2. landsk. þegar er búinn að hrekja, að það væri einhver kostur fyrir Ísland, ef Þýzkaland væri hervætt sem klofið land, þannig að beggja vegna stæðu herir gráir fyrir járnum. Það væri alveg sama tortímingin, sem vofði yfir Íslandi. Það vita svo að segja allir menn í Þýzkalandi, að Bandaríkin eru þegar búin að úthugsa, ef til styrjaldar kæmi, þá bardagaaðferð að eyða megininu af Vestur-Þýzkalandi, m. a. með því að stífla fyrst Rín og taka síðan stíflurnar burt og skapa flóð, sem mundi eyðileggja um áratugi helztu námur, verksmiðjur og beztu lönd Vestur-Þýzkalands. Og af hverju hafa Bandaríkin hugsað sér þessa baráttuaðferð? Vegna þess að þau gera ráð fyrir því, að ef til styrjaldar kæmi, þá tækju herir sósíalistisku landanna Vestur-Evrópu á nokkrum vikum og þess vegna væri um að gera fyrir Bandaríkin að eyðileggja eins mikið af Vestur-Evrópu og hægt væri og hafa allt reiðubúið til þess. Þannig væri Ísland í slíkri styrjöld, þegar herir sósíalistisku landanna væru komnir að Atlantshafinu, alveg jafnt í fremstu víglínu. Íslandi verður ekki borgið með stríði í Mið-Evrópu. Það stríð takmarkast aldrei við Mið-Evrópu. Það breiðist út hvert sem er. Okkur verður aðeins borgið með friði, og það er það, sem við verðum að gera okkur ljóst.

Svo vildi ég með örfáum orðum víkja að því, sem hæstv. fjmrh. sagði. Hann er nú sá, sem helzt fæst til að tala af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, og mun ég kannske koma að því síðar, hverjar ástæðurnar eru til þess. Hann tönnlaðist á nokkrum slagorðum, sem ég veit ekki hvort hann hefur nokkurn tíma sjálfur reynt að finna nokkurn rökstuðning fyrir. Og ég ætla, þó að við séum ekki vanir því hérna, að taka nokkuð af þessum staðhæfingum hans fyrir.

Hann sagði, að Sovétríkin hefðu vígbúizt eftir styrjöldina. Hver var nú sannleikurinn eftir styrjöldina? Hvernig var ástandið í ágúst 1945, í þeim mánuði, er kalda stríðið var að byrja? Við skulum reyna að rifja það upp fyrir okkur. Ameríska auðmannastéttin hafði kastað sinni atómsprengju á Japan, og hún áleit, að hún stæði ein með slík vopn í höndunum, og hún áleit, að atómsprengjan tryggði henni pólitískt alræði í veröldinni. Ameríska auðvaldið ofmetnaðist af þeirri einokun, sem það hélt sig hafa á atómsprengjunni, og ameríska auðvaldið ákvað að halda áfram að smíða atómsprengjur og tryggja sér þannig þau völd að geta sagt öðrum þjóðum í veröldinni fyrir verkum. Og það var einn áþreifanlegur hlutur, sem ýtti undir ameríska auðvaldið hvað þetta snertir. Styrjöldin hafði gefið ameríska auðvaldinu stórkostlegan gróða. Hún hafði gefið því í gróða um 50 milljarða dollara, 50 þús. millj. dollara. Ameríska auðvaldið áleit, að ef friður héldist lengi, þá mundi koma kreppa, og það leið ekki á löngu áður en í amerískum blöðum var orðið „friðarhætta“ skapað og talað um friðarhættuna sem eina af þeim skelfingum, sem kynnu að skella yfir Bandaríkin, og í hvert skipti sem friðarhætta óx, féllu verðbréfin í kauphöllunum í New York. Stríðsgróðinn og gróðinn af vígbúnaði var það, sem ýtti undir ameríska auðvaldið að vígbúast. Fyrir sósíalistisk lönd getur aldrei verið annað en tjón jafnt af vígbúnaði sem styrjöld. Þjóðirnar, sem sjálfar eiga sín framleiðslutæki, geta aldrei annað en beðið tjón af því að þurfa að verja sínu vinnuafli og sínum auðlindum til þess að vígbúast. En fyrir auðmannastéttina, sem á vopnaverksmiðjur veraldarinnar, er það staðreynd, sem enginn þorir að mótmæla, að styrjaldarundirbúningur og styrjöld eru stórkostlegustu gróðafyrirtæki, sem til eru. Þess vegna var strax í ágúst 1945 af hálfu ameríska auðvaldsins farið að undirbúa næstu styrjöld. Þess vegna var strax í ágúst 1945, mánuðinum sem styrjöldinni lauk, farið að undirbúa að sundra því bandalagi, sem skapazt hafði í styrjöldinni þá. Það voru Bandaríkin, sem áttu upptök að þessu og lögðu till. um það fyrir sína gömlu bandamenn, England og Frakkland. Leon Blum, hinn kunni forustumaður sósíaldemókrataflokksins franska og lengi forsætisráðherra í Frakklandi, sagði í ágúst 1945, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er þeirrar skoðunar, að samkomulag við Sovétríkin sé grundvallaratriði franskrar stjórnmálastefnu og allrar sannrar evrópskrar stjórnmálastefnu. Í dag er friðsamlegt skipulag í Evrópu og heiminum fyrst og fremst komið undir samkomulagi við sovétstjórnina. Hugsunin um vesturblokk, sem beinir oddi sínum gegn Sovétríkjunum, liggur mér þess vegna fjarri. Ég er mótstöðumaður slíks flokks eða slíks bandalags Vestur-Evrópuríkjanna.“

Þetta birtist í Le Populaire, blaði sósíaldemókratanna frönsku, 28. ágúst 1945.

Af hverju gaf Leon Blum þessar yfirlýsingar þá? Af því að þá strax, í ágúst og september 1945, er Truman og stjórnendur Bandaríkjanna byrjaðir á því að undirbúa slíkt bandalag vesturveldanna og reyna að koma því á gegn Sovétríkjunum og að tryggja sér hernaðarstöðvar í því sambandi. 6. sept. 1945 gefur Truman skýrslu til „kongressins“ ameríska, þar sem hann talar um slíkar hernaðarstöðvar. Og á Lundúnaráðstefnunni, sem þá hófst, 10. sept. 1945, er byrjað á þessari pólitík og þessi blokk vesturveldanna undirbúin. Dulles, sem þá var sérstakur erindreki Trumans, skýrði frá því seinna meir. Hann skýrði frá því árið 1950, og það viðtal birtist í blaðinu Life í Chicago 8. maí 1950, að 30. sept. 1945 hefði hann átt viðtal við ameríska utanríkisráðherrann, Burnes, í Claridgehótelinu í London, og endar skýrsluna um þennan fund þeirra með því að segja orðrétt: „Á því augnabliki fæddist eftirstríðspólitík okkar, sú pólitík að hætta við samkomulagsleiðir við Sovétríkin og beita valdinu í staðinn.“ Og þá fullyrti „Wallstreet Journal“, eitt af kunnari blöðum Bandaríkjanna, að nú væri stefnt að vestur-evrópskri blokk og menn gætu vel

skilið, að Rússarnir væru nokkuð tortryggnir. Það var 30. okt. 1945, sem það gat að lesa í „Wallstreet".

Ég hef nú tekið hér aðeins nokkrar tilvitnanir um, hvað er að gerast í ágúst og september 1945 af hálfu Bandaríkjanna, hvernig þau voru að byrja þá að eyðileggja það bandalag, sem skapazt hafði gegn fasismanum í styrjöldinni, og undirbúa þá vesturblokk, sem nú er mesta styrjaldarhættan í heiminum. Það síðasta, sem ég þarna sagði frá, var viðtal Dulles 30. sept. 1945. Og nú vil ég spyrja hv. þm.: Muna þeir eftir nokkru, sem gerðist á Íslandi 1. okt. 1945, daginn eftir þetta viðtal, sem Dulles átti, daginn eftir að lýst var yfir gerbreytingu á pólitík Bandaríkjanna? Jú, það gerðist ákveðinn hlutur hér á Íslandi 1. okt. 1945. Það kom krafa til íslenzku ríkisstjórnarinnar, krafa frá Bandaríkjastjórn, sem enn hafði her hér á Íslandi, krafa um það, að þrjár stöðvar á Íslandi yrðu framseldar Bandaríkjunum til 99 ára sem herstöðvar undir bandarískri stjórn. Hvað var að gerast? Það var að gerast það, að Bandaríkin strax 1. okt. 1945 gera kröfu til Íslands sem hernaðarstöðvar í sambandi við það net af hernaðarstöðvum, sem þau strax í stríðslokin eru búin að hugsa sér að skapa til undirbúnings árása á Sovétríkin.

Hæstv. fjmrh. sagði, að Sovétríkin hefðu fyrr byrjað að vígbúast eftir styrjöldina. 1. okt. 1945 eru Sovétríkin flakandi í sárum, borgirnar brenndar, sjö milljónir manna drepnar. 1. okt. 1945 sitja amerískir auðhringar, sem síðan hafa eignazt góða umboðsmenn á Íslandi, með 50 000 millj. dollara, sem þeir hafa grætt á stríðinu. Hvorir halda menn nú að hafi þurft á friði að halda og hafi viljað frið, Sovétþjóðirnar, sem brutu nazismann á bak aftur með því að úthella blóði sínu, eða ameríska auðmannastéttin, sem græddi á hverjum blóðdropa, sem úthellt var? Og við þurfum ekki að spyrja að því hérna heima. 1. okt. 1945 heimtuðu Bandaríkin herstöðvar hér á Íslandi. Og í okt. 1945 tóku Sovétríkin að flytja sína heri, sem rekið höfðu nazistana burt af Borgundarhólmi og Norður-Noregi, á brott þaðan og heim til sín. Hvað gerðist? Hver var afstaða Framsfl. við kröfum Bandaríkjanna 1. okt. 1945? Það var einn maður í Framsfl., sem var þá, ef ég man rétt, enn þá formaður hans, Jónas Jónsson frá Hriflu, sem skrifaði bók um Borgundarhólm og Ísland. Og tilgangur þeirrar bókar hjá formanni Framsfl. var að sýna fram á, að auðvitað héldu Rússarnir Borgundarhólmi og náttúrlega yrðu Bandaríkin að fá að halda Íslandi. Það átti að fara að skapa áróðurslegan grundvöll hér heima fyrir því, að Bandaríkin fengju Ísland sem herstöð. Hvað gerði Framsfl.? Framsfl. var ekki í ríkisstj. 1. okt. 1945. Framsfl. skrifaði um það allan veturinn, að auðvitað bæri mönnum að neita þessum kröfum Bandaríkjanna, hvað ætti eiginlega að draga þetta lengi, hvað ætti að halda þessu stórkostlega sjálfstæðismáli lengi leyndu? Sjálfstfl. bar sig eins og hann væri heilmikil sjálfstæðishetja og vildi helzt hvergi nærri koma því, sem formaður hans var að impra á.

Kröfunum um amerískar herstöðvar á Íslandi til 99 ára var neitað 1945, af því að Sósfl. var í stjórn, eins og þróunin síðan hefur sýnt. Framsfl. er síðan hann var að veita þeim kröfum mótspyrnu búinn að fara í hring. Hann er búinn að snarsnúast. Hann er að vísu búinn að setja frá formanninn, sem hann hafði þá, Jónas frá Hriflu, en hann er búinn að gera stjórnmálastefnu hans að sinni. Og það hafði gerzt ofur lítið annað, sem ég skal minnast á, og það voru Marshallmúturnar. Framsfl. var búinn að fá í hendurnar dálítinn hlut, sem vó nokkuð þungt, þyngra en Ísland og öll ættjarðarást hjá Framsókn. Það var búið að veita nokkrum milljónum dollara inn í landið sem gjöfum, og Framsfl. var kominn í ríkisstj., og þá var sannfæring Framsfl. um, hvað það væri hættulegt, að Ísland væri herstöð fyrir ameríska auðvaldið, orðin breytt. Þess vegna hefur Framsfl. frá því 1945 snarsnúizt í málunum. Formaður hans var settur frá, en stefna hans var sett í öndvegið. En undir samvizkunnar mótmælum er það auðsjáanlega, að Framsfl. hefur fallizt á þessa pólitík. Þó að hægt sé að beygja menn í sambandi við Marshallmúturnar og öll tökin, sem Ameríka er búin að ná hér síðan, er ekki hægt að breyta sannfæringu manna.

Ég veit, að hæstv. fjmrh., eins og hann sagði í sinni ræðu, ef hann væri hérna viðstaddur núna og reyndi einhverju að svara, þá mundi hann segja: Ég veit ekki betur. — Og honum fer það vafalaust bezt. En mér liggur við að spyrja: Hvað er þessi hæstv. fjmrh. alltaf að tala um hluti, sem hann veit ekkert um? Honum er bezt að halda sér við sitt bókhald. Dálkana getur hann nokkurn veginn lagt saman, en um utanríkispólitík ætti hann helzt yfirleitt ekki að tala.

Það var ekki nóg með, að Bandaríkin, strax meðan Evrópa var flakandi í sárum og fjárhirzlur amerísku stríðsgróðamannanna fullar af fé, byrjuðu að undirbúa næsta stríð. Þau hertust því meira í trúnni á einokun sína á atómsprengjunni, eftir því sem lengra leið. Og það var ekki skorið utan af yfirlýsingunum, sem fulltrúar Bandaríkjastjórnar gáfu í amerísku þinginu. Formaður fjárveitinganefndar amerísku fulltrúadeildarinnar, Cannon, sagði 18. apríl 1948, með leyfi forseta:

„Við verðum að leggja Moskva og aðrar borgir Rússlands í eyði strax á fyrstu vikunum, eftir að stríðið byrjar, með flugvélum, sem hafa flugstöðvar sínar á meginlandinu. Svo er Atlantshafsbandalaginu fyrir að þakka, að við höfum þessar flugstöðvar. Allt, sem við nú þurfum, er að hafa nóg af flugvélum til þess að flytja sprengjurnar. Við verðum að útbúa hermenn annarra þjóða, sem eiga að senda sína æskumenn í dauðann, til þess að við þurfum ekki að senda okkar pilta. Atómsprengjan leyfir Bandaríkjunum að breyta þannig. Næsta stríð verður að vinnast á fyrstu þremur vikunum. Á þeim tíma verðum við að eyðileggja allar hernaðarstöðvar Rússlands."

Öll stríðspólitík Bandaríkjanna hefur snúizt um að reyna að kaupa aðrar þjóðir til þess að fórna sínum æskulýð, Bandaríkin láti pening-

ana og vopnin, hinar þjóðirnar láti mannslífin. Og svo blygðunarlausir hafa forustumenn Bandaríkjanna verið í þessu sambandi, að þeir hafa ekki einu sinni reynt að dylja þetta. Stundum hafa þeir talað um varnarstríð, stundum hafa þeir sagt, að grípa yrði til annarra aðferða. Sjóhermálaráðherra Bandaríkjanna, Matthews, sagði í ágúst 1950 í ræðu, sem hann hélt í Boston, að Bandaríkin yrðu að gera heiminum það ljóst, að þau væru reiðubúin til að byrja stríð til þess að þvinga fram friðsamlega samvinnu þjóðanna.

Það er hægt að nota nokkuð margs konar orð til þess að reyna að knýja fram þá „friðarpólitík", sem Bandaríkin segjast reka. Og sjálfur núverandi forseti Bandaríkjanna, Eisenhower, gerði það alveg ljóst í ræðu, sem hann hélt og sagt er frá í blöðum í New York 25. ágúst, daginn eftir að hún var haldin, 1952, með þessum orðum, — hann var að halda ræðu þá fyrir „American Legion", sem eru ein af kunnustu samtökum amerísku hermannanna, — að Bandaríkin gætu ekki til lengdar þolað, eins og hann orðar það, yfirráð Rússlands í Austur-Evrópu og Asíu, Bandaríkin yrðu að vera reiðubúin til þess að hjápa þjóðunum, sem væru þrælkaðar á bak við járntjaldið, til þess að fá aftur frelsi sitt. Og meðal þessara þrælkuðu þjóða nefndi Eisenhower m. a. líka hernámssvæði Sovétríkjanna í Þýzkalandi og Austurríki. Með öðrum orðum: Hvað eftir annað kemur það greinilega fram hjá sjálfum forustumönnum Bandaríkjanna, að þeir hugsa sér — þrátt fyrir allt talið í Atlantshafsbandalaginu um vörn — árásir og árásarstríð sem fyllilega mögulegt, enda sagði Manchester Guardian um þessa ræðu Eisenhowers: Þið sjáið, að Eisenhower hefur nú sjálfur staðfest þá sannfæringu friðarvinanna, að vesturveldin búa sig undir árásarstríð.

Samtímis öllum þessum yfirlýsingum, sem fram fara, tala svo verkin. Bandaríkin hafa á þessum árum, sem liðin eru frá stríðslokum, látið til sín taka og skipt sér af innanríkismálum að heita má hvers einasta lands utan sósíalistiska heimsins. Þau hafa útbúið keðju af herstöðvum hringinn í kringum Sovétríkin í heild. Það eru máske einhverjir, sem vilja reyna að telja mönnum trú um, að herstöðvarnar í Tyrklandi, herstöðvarnar í Japan, herstöðvarnar á Formósu væru allt saman herstöðvar til varnar Bandaríkjunum. En skyldu menn vilja segja það sama, ef ástandið væri þannig í dag, að það væru t. d. Sovétríkin, sem hefðu herstöðvar í Mexíkó, herstöðvar í Kanada, að þær væru til varnar fyrir Sovétríkin?

Bandaríkin hafa látið til sín taka á þessum níu árum frá stríðslokum um svo að segja hvert einasta innanlandsmál landanna utan hins sósíalistiska heims. Það var ekki aðeins, að þau blönduðu sér í borgarastyrjaldir, sem áttu sér stað, eins og í Grikklandi og Kína. Meira að segja í eins lítil mál og manni virðist það vera, hvort Íslendingar megi byggja sementsverksmiðju eftir lögum frá Alþ., sem sé eign ríkisins, eða hvort hún eigi að verða eign hlutafélags, blanda Bandaríkin sér — og hvort Íslendingar megi frjálst fá að byggja sér íbúðir eða ekki. Inn í slík mál blanda Bandaríkin sér, svo að ég ekki tali um, hvernig þau blanda sér inn í það spursmál, með hvaða flokkum stjórnmálaflokkar á Íslandi megi vinna án þess að hljóta vanþóknun Bandaríkjanna. Og Bandaríkin hafa á þessu sama skeiði komið upp hernaðarbandalögum, komið upp Atlantshafsbandalaginu, komið á hernaðarbandalagi við Japan, komið upp bandalaginu í Suðaustur-Asíu, komið á bandalaginu við Spán og eru nú að undirbúa að koma á bandalagi við Vestur-Þýzkaland, þó að í Potsdam-samningnum, sem þau gerðu við Sovétríkin og fleiri ríki, standi þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Þýzki hernaðarandinn og nazisminn verða upprættir, og bandamenn gera samkomulag viðvíkjandi framtíðinni um aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að Þýzkaland verði aldrei oftar hætta fyrir nágranna sína eða fyrir það, að friðurinn haldist í öllum heiminum."

Hæstv. fjmrh. segir svo andspænis öllum staðreyndum þessara síðustu níu ára: Vesturveldin hafa óttazt árás. — Og hvernig er nú um þennan mikla árásarhug, sem hann ætlar einu helzta viðskiptaríki okkar, Sovétríkjunum? Síðustu 4 ár hefur ekki linnt yfirlýsingum frá helztu herforingjum Atlantshafsbandalagsins um það, að á hvaða degi sem væri, ef Sovétríkin vildu hefja stríð, þá gætu þau á hálfum mánuði eða í hæsta lagi nokkrum vikum tekið alla Vestur-Evrópu. Og enn nýlega voru gefnar þær yfirlýsingar af forustumönnum Atlantshafsbandalagsins, að máske eftir ein 2 ár yrðu ríkin í Vestur-Evrópu fær um að geta varizt Sovét-árás a. m. k. dálítinn tíma. M. ö. o.: Allan þennan tíma, sem hæstv. fjmrh. segir að vesturveldin hafi óttazt árás Sovétríkjanna, hafa þessi sömu Sovétríki samkvæmt yfirlýsingum forustumanna Atlantshafsbandalagsins getað tekið Vestur-Evrópu, ef þau hefðu viljað. Mér liggur við að spyrja stólinn hans Eysteins: Hví í ósköpunum hafa þau ekki gert það, ef þau eru eins slæm og hann Eysteinn heldur? Og hvers konar hugmyndir eru þetta eiginlega, og hvers konar rök eru þetta eiginlega, sem þessir menn dirfast að bera á borð fyrir okkur?

Af hverju hafa Sovétríkin ekki ráðizt á Vestur-Evrópu? Af þeirri einföldu ástæðu, að þau hafa enga löngun til þess. Það er ekki nokkur ástæða, sem knýr sósíalistisk ríki til þess að fara að leggja út í styrjöld, ef þau geta komizt hjá henni. Það er enginn maður til í þeim ríkjum, sem græðir á styrjöld, sem græðir á blóði og tárum annarra. En þeir menn eru til í Bandaríkjunum, og það eru þeir menn, sem eru að gera Ísland að leiksoppi í þessum hættulega leik í dag.

Það er hægt fyrir Bandaríkin að níðast á varnarlausum löndum eins og Guatemala, eins og þau gerðu í ár, og það er hægt fyrir þau að beygja land eins og Ísland, þegar þau hafa eins þæga þjóna og þau hafa hér. Það er hægt að níðast á slíkum löndum. En sósíalistisk ríki hafa ekki tilhneigingu til slíks.

Svo segir hæstv. fjmrh.: Við þurfum að vígbúast, til þess að Sovétríkin telji sér hagkvæmt að semja. M. ö. o.: Nú kemur hann með röksemdina um pólitík valdsins. Þessi hæstv. ráðh. virðist trúa hverju einasta orði, sem annaðhvort amerískir ráðherrar, eins og Acheson eða aðrir slíkir, skrökva að honum, eða trúa hverju því, sem lélegustu blaðamenn Tímans taka upp eftir lélegustu blaðamönnum Ameríku. Hann heldur, að það sé hægt að beita pólitík valdsins gagnvart Sovétríkjunum og þeim sósíalistiska heimi. Það er hægt að beita pólitík valdsins, eins og Ameríka hefur gert, gagnvart löndum eins og Guatemala eða gagnvart Íslandi. En verkalýðurinn og hans ríki í heiminum láta ekki beygja sig með slíku. Einn af þeim utanríkisráðherrum Bandaríkjanna, sem að ýmsu leyti sá allt skynsamlega, Byrnes, sem var utanrrh. þeirra enn 1946, lagði til fyrir sitt leyti, að Þýzkaland yrði í heila kynslóð losað við alla hervæðingu og látið vera eins og einhvers konar hlutlaust svæði á milli austurs og vesturs. Hann gerði sér það ljóst, og svo gerðu ýmsir af skynsamari stjórnmálamönnum Bandaríkjanna, að það var þá og verður ætíð óhugsandi að sameina allt Þýzkaland sem eina herstöð fyrir Bandaríkin og fyrir þýzka auðvaldið og þýzka hervaldið. Menn verða að gera sér ljós kraftahlutföllin í heiminum, og það þýðir ekki fyrir hæstv. fjmrh., meira að segja þó að hann eigi að heita utanrrh. í dag og á morgun, að tala eins og sá sósíalistiski heimur væri ekki til. Ástandið í veröldinni er það í dag, að Bandaríki Norður-Ameríku eru raunverulega einangruð í heiminum, þau eru andlega einangruð í heiminum, þau eru hötuð um allan heim, og það ritar varla nokkur fréttaritari amerískur í blöð Bandaríkjanna án þess að skýra frá því, hvernig hermenn Bandaríkjanna séu annaðhvort hataðir eða fyrirlitnir, hvar sem þeir eru í veröldinni.

Þriðji hluti heimsins er sósíalistiskur í dag, annar þriðji hluti heimsins, — þarna á ég við Indland og önnur þau ríki, sem ýmist hafa verið eða eru enn þá hálfnýlendur eða annað slíkt, — annar þriðji hluti heimsins er andvígur ameríska auðvaldinu og auðvaldsstefnum yfirleitt, og þriðji hluti heimsins, Bandaríkin og Vestur-Evrópa, sem eftir er, er sjálfur innbyrðis klofinn. Það er þess vegna, ef menn vilja fara að tala í stórpólitík, eins og hæstv. ráðh. var að reyna hér áðan, og fara að beita valdinu í þessum efnum, bezt fyrir menn að reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig valdið er í veröldinni sem stendur og hvar styrkleikurinn liggur.

Svo kom hæstv. fjmrh. með það, að jafnaðarmenn, þ. e. verkamannaflokkarnir í Vestur-Evrópu, beittu sér fyrir því, að Vestur-Þýzkaland yrði aðili í Atlantshafsbandalaginu. Enn virðist hann trúa því, sem blaðamenn Tímans skrökva að honum. Brezki verkamannaflokkurinn sat hjá við atkvgr. um þetta, og það munaði aðeins nokkrum atkvæðum á hans þingi, að það yrði ákveðið að berjast gegn hervæðingu Vestur-Þýzkalands. Hinir sósíalistisku flokkar, eins og aðalsósíalistaflokkur Ítalíu, Nenni-flokkurinn, standa á móti hervæðingunni. Og það, sem hæstv. utanrrh. — eða fjmrh. — hliðraði sér hins vegar hjá að ræða, eins og eðlilegt er, því að hann sagðist aldrei ræða nein rök í svona sambandi: sósíaldemókrataflokkur Vestur-Þýzkalands og verkalýðssamband Vestur-Þýzkalands hafa tekið eindregna afstöðu á móti hervæðingu Vestur-Þýzkalands og beðið bókstaflega um hjálp allra verkamannaflokka og lýðræðissinna í Vestur-Evrópu um að hindra þetta.

Í sínu fullkomna rökleysi hleypti svo hæstv. fjmrh. að síðustu kettinum út úr sekknum með því, sem hann sagði seinast. Hann sagði: Við verðum að samþykkja þessa þáltill., því að þá er það ekki okkur að kenna, að Vestur-Þýzkaland vígbúist eitt sér. — Þar kom það fram, sem ég var að telja upp í rökunum, sem væru flutt fyrir þessu af hálfu formælenda þess úti í heimi, og væru þyngstu rökin hjá þeim, sem slík rök bíta á, og það var hótun Bandaríkjanna. Þarna staðfesti Eysteinn Jónsson, að þetta var honum ríkast í huga, þetta var lokaröksemdin: Alþingi Íslendinga á að samþykkja þetta, til þess að það sé þá ekki því að kenna, að Vestur-Þýzkaland vígbúist eitt. M. ö. o.: Það eru hótanir Bandaríkjanna við sína bandamenn, sem hafa þarna aðaláhrifin á hæstv. fjmrh. Bandaríkin segja: Ef þið ekki gerið það, sem ég vil, þá geri ég það einn, þó að það sé ykkur á móti skapi.

Það að leyfa hervæðingu Vestur-Þýzkalands er þó ekki á valdi Bandaríkjanna einna og ekki heldur á valdi þeirra, þó að þau fái Breta til að samþykkja það með sér. Frakkar hafa neitunarvaldið í þessu sambandi. Og það er engum efa bundið, að Frakkland mun beita því neitunarvaldi, svo framarlega sem Bandaríkin ætla sér að hervæða Vestur-Þýzkaland utan Atlantshafsbandalagsins. M. ö. o.: Bandaríkin þurfa ekki aðeins að brjóta samninga á Sovétríkjunum, Potsdam-samningana og aðra slíka, þau verða líka að brjóta sína sérstöku samninga við sína bandamenn í Vestur-Evrópu til þess að knýja fram hervæðingu Vestur-Þýzkalands ein sér. Og það eru svo lítil líkindi til þess, að Bandaríkin mundu þora þetta, að sjálfur framsögumaður meiri hl. utanrmn. lýsti því hérna yfir áðan, að þau mundu jafnvel heldur kjósa að taka sinn her burt úr Vestur-Þýzkalandi. M. ö. o.: Það er þess vegna síður en svo ástæða til þess að fara að láta undan þessari hótun Bandaríkjanna, sem er raunverulega einasta röksemdin og sú röksemd auðsjáanlega, sem mest áhrif hefur á hæstv. fjmrh. En karlmannleg finnst mér ekki hugsunin hjá honum, sem liggur á bak við þennan boðskap til Alþingis. Hann vill sem sé segja: Við skulum þó Íslendingar a. m. k. hlýða. Ef einhverjir aðrir eru svo óþekkir við Bandaríkin, þá skulum við þó a. m. k. sýna í tæka tíð, að við viljum vera þægir. — Þegar Bandaríkjamenn eru að reyna að siga ríkjum Atlantshafsbandalagsins á þýzku alþýðuna, á þýzka verkalýðinn, sem nú biðst hjálpar á móti þessum fyrirætlunum Bandaríkjanna, þegar Bandaríkin eru að undirbúa að koma upp hálffasistiskum her í Vestur-Þýzkalandi, sem sé ógnun við lýðræðið í Evrópu og

stríðshótun gagnvart sósíalistisku ríkjunum, þá vill hæstv. fjmrh., að við Íslendingar sýnum það allra manna fyrst, að það standi ekki á okkur að bíta, ef okkur sé sigað.

Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. man svör Halldórs Snorrasonar, þegar Haraldur harðráði vildi fá hann og aðra Íslendinga til að vinna ódrengilegt verk, en Grímur Thomsen setti það svar í ljóð með þessum orðum:

„Með hundum konungs, harðast sem að bíta,"
Halldór svarar, „var ég aldrei fundinn."

Ég held, að þeim, sem í dag skoða það sem fagnaðarboðskap fyrir Íslendinga að vera fljótir að hlýða, þegar stríðsgróðavaldið í Bandaríkjunum skipar, væri hollt að minnast þess, að það hefur ekki verið að skapi Íslendinga hingað til að haga sér þannig.

Og að síðustu, fyrst hæstv. fjmrh. er kominn: Hvernig skyldi standa á því, að þessi hæstv. fjmrh. skyldi nú vera eini af ráðherrunum, sem stendur upp til þess að deila í þessum efnum? Ég er hræddur um, að það sé af því, að hann veit minnst um þessi mál, en trúir mestu. Hinir vita máske meira, þó að þeir viti ekki mikið, en nóg til þess að hafa vit á að þegja. Hæstv. fjmrh. virðist trúa hverri nýrri lygi, sem Ameríkanarnir troða í hann, af sama strangheiðarlega ofstækinu og þeirri gömlu lygi, sem stangaðist við þá nýju, en hann þá var búinn að gleyma, — eða skyldi hæstv. fjmrh. vera búinn að gleyma því í dag, hverju Acheson lofaði honum 1949, þegar hann flaug vestur, að það yrði a[illegible]i farið fram á neinar herstöðvar á Íslandi? Og veit hann af nokkrum herstöðvum á Íslandi í dag?

Ég veit, að þessi hæstv. ráðh. boðar hver ný ósannindi, sem hann leggur hér fyrir þingið, með sömu fortakslausu ofstækistrúnni og hann boðar nýtt hallæri í byrjun hvers fjárhagsárs og er alltaf jafnsannfærður og hann er í lok hvers hallærisárs um, að það hallæri hafi verið einstakt góðæri, sem aldrei komi aftur. En ég spyr: Á vanheilög einfeldni þessa manns í utanríkismálum að vera leiðarljósið, sem Ísland fer eftir á örlagatímum þess?

Við höfum einu sinni verið í þeirri aðstöðu, Íslendingar, að geta sagt nei, þegar átti að segja til um, hvort þau öfl, sem nú eru að víg-búast í Vestur-Þýzkalandi, fengju flugvelli hér á Íslandi. Við sögðum nei, það nei heyrðist um allan heiminn, og það nei var okkur til sóma. Og við eigum að hafa manndóm í okkur til þess enn að segja nei við því, sem hér er lagt fyrir, þó að þeir menn, sem þá voru til í að segja nei og gerðu Íslandi sóma með því, séu núna þeir, sem mæla með því, að við göngum að valdboði Ameríkumanna.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hluta utanrmn. hélt nú áðan sína fyrstu efnislegu ræðu um þetta mál, og duldist þó engum, að hann var nálega annars hugar meðan hann flutti þá ræðu og engu líkara en hann væri með hendur fyrir aftan bak. En þetta er þó einasta viðleitni hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar til þess að ræða efnislega það mál, sem hér liggur fyrir.

Þrátt fyrir það að hv. frsm. utanrmn. gerði að þessu sinni ofur litla tilraun til að koma inn á málið sjálft, þá gaf hann þó engar skýringar, færði engin rök fyrir því, að Íslandi væri nauðsyn, að þetta mál yrði afgreitt fyrir jól. Til þess var engin tilraun gerð af hv. frsm. nefndarinnar. Hann gerði heldur enga tilraun til þess að afsaka það, að málið er knúið fram þrátt fyrir fjarveru bæði hæstv. utanrrh. og hv. form. utanrmn. En það hefði verið full ástæða til, að hæstv. stjórn hefði beðið um, að málinu yrði frestað og það tekið út af dagskrá, meðan utanrrh. og formaður utanrmn. væru erlendis og gætu ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins. Það hefði verið eðlilegast af öllu eðlilegu í sambandi við afgreiðslu málsins, eins og hér er ástatt, að báðir þessir menn eru í útlöndum.

Hv. frsm. vék að því, að það væru líkur til þess, að flestar bandalagsþjóðirnar í Atlantshafsbandalaginu mundu afgreiða málið seinni hluta janúarmánaðar, og virtist hafa skilið orð mín svo. Ég sýndi fram á það, að flestar bandalagsþjóðirnar mundu ekki taka málið til afgreiðslu fyrr en einhvern tíma í janúarmánuði að afloknum jólafríum, en hvorki ég né neinn annar veit um það, hvort málinu verður lokið, hvort það fær afgreiðslu í janúarmánuði. Það getur vel dregizt mánuðum saman, og aðalóvissan snýst svo um þetta, að við vitum ekki nema málið kunni algerlega að stranda á einhverri bandalagsþjóðinni, og það þarf ekki nema að ein af 16 þjóðum segi nei við fullgildingu samningsins. Þett[illegible]arkenndi hv. frsm. líka algerlega. Hann sagði: Það er óvissa um, hvaða úrslit málið fær hjá Frökkum og hjá Þjóðverjum, þ. e. a. s. hjá þeim þjóðum, sem málið skiptir langmestu. Nú hygg ég, að flestir muni fallast á það, að það er eins og svar út í hött meðan aðrar þjóðir eru að segja já eða nei, áður en vitað er, hvert svar Þjóðverja og Frakka verður. Ef þær neita, þá eru öll svör af hendi annarra þjóða ekki aðeins óþörf, heldur nærri því hláleg. Það er eins og þau vilji taka að sér að svara fyrir barnið.

Hv. frsm. utanrmn. viðurkenndi berum orðum, að það væri vafasamt um úrslit málsins hjá þessum tveimur höfuðaðilum, Þýzkalandi og Frakklandi, og hann sagði í beinu framhaldi af því, að málinu hefði verið frestað hér fram yfir áramót, ef það væri ekki fyrirhugað að fresta þingi jafnlengi og nú er fyrirhugað, þ. e. a. s., að ég hygg, til 1. febr. Þó hefur engin tilkynning komið út um það enn þá. Þar með undirstrikaði hann enn á ný fyrri ummæli sín um það, að það væri nokkur ástæða til að láta málið bíða, en á þeirri játningu hóf hann sína framsöguræðu, þegar málið var lagt hér fyrir. Hv. frsm. vék svo nokkrum orðum að aðalefni þessa máls, og skal ég á þessu stigi ekki ræða það, en er honum þó ekki alveg sammála um, hvert sé aðalefni þessa máls. Ég tel, að það sé aðalefnið nú að gera sér það ljóst, hvort sé betra með tilliti til viðkvæmustu mála Evrópu í dag að fullgilda Parísarsamningana tafarlaust eða fresta fullgildingu þeirra, en ganga heldur strax rösklega fram í því að reyna allt, sem gert verði til sameiningar Þýzkalandi og til

þess að knýja fram friðarsamninga við Austurríki.

Ég held, að það væri miklu affarasælla fyrir friðarmálin í Evrópu, ef hægt væri að fá samkomulag um frestun á fullgildingu Parísarsamninganna og að stjórnmálamenn Evrópu legðu sig alla fram á næstu vikum að reyna að ráða þessum tveimur málum til lykta, því að þá væru friðarhorfurnar miklu betri í álfunni en þær eru nú og margfalt betri en þær yrðu, eftir að búið væri að knýja fram heimildir til handa Vestur-Þjóðverjum til þess að hervæðast.

Ef auðnast mætti að ná samkomulagi um frjálsar kosningar í öllu Þýzkalandi og þá dregið úr vopnun austur-þýzku lögreglunnar í sambandi við það, stæði Evrópa miklu nær því, að það væri von um frið, heldur en með því að hervæða Vestur-Þjóðverja og auðvitað herða þá á hervæðingarkapphlaupi í Austur-Þýzkalandi líka og leiða borgarastyrjaldarhættu yfir hina þýzku sundruðu þjóð.

Fyrir nokkrum dögum hefði enginn efazt um það, að Parísarsamningurinn yrði fullgiltur af öllum aðildarríkjunum, en við kosningaúrslitin að undanförnu í Þýzkalandi verða allir að játa, að það sé mjög tvísýnt, hvort Þjóðverjar samþykki Parísarsamninginn eða ekki. Svona hafa viðhorfin breytzt í þessu máli á rúmlega einni viku, og þau geta enn breytzt í næstu viku og vikum, og einmitt meðan málin standa svo, er verið að ræða þetta mál á Alþingi Íslendinga, og verður þá ekki hægt að segja annað en að viðhorfin í þessum málum séu á hverfanda hveli og þá sé skynsamlegra að doka við og sjá, hvernig hjólið snýst, áður en Ísland tekur sína endanlegu ákvörðun í svo afdrifaríku máli.

Ég spurði sérstaklega um það, en hef ekkert svar fengið við því, hvaða tryggingar það væru, sem minnzt er á í till., sem hér liggur fyrir, hvaða tryggingar það væru, sem Vestur-Þýzkaland hefði gefið fyrir því, að það tæki ekki til að hervæðast af kappi á sama hátt og það gerði eftir fyrri heimsstyrjöldina, ef það yrði nú tekið í Atlantshafsbandalagið og fengi heimildir til að hervæðast. Það er talað um það í till., að Þýzkaland hafi gefið slíkar tryggingar, en hæstv. ríkisstj. hefur ekki gefið neinar upplýsingar um það, í hverju þessar tryggingar eru fólgnar, og mundi það þó skipta miklu máli fyrir mig og aðra að fá fullkomnar upplýsingar um það, hverjar þessar tryggingar eru.

Hv. þm. Str. vék ekkert að þessari spurningu, og er hún þó eitt veigamesta atriðið, sem ég tel að hæstv. ríkisstj. ætti að upplýsa, þegar um það er spurt hvað eftir annað. Hins vegar sagði hv. þm. Str., að það lægi fyrir yfirlýsing frá Bandaríkjunum um það, að ef Parísarsamningurinn yrði ekki fullgiltur, þá tækju Bandaríkin her sinn burt úr Evrópu. Þessa hótunarpólitík hefur utanríkisráðherra Bandaríkjanna oft rekið, og í hvert skipti sem hann hefur beitt slíkum hótunum gagnvart frjálsum lýðræðisþjóðum, hefur það orðið til þess að spilla málstað Bandaríkjanna, og ef það er staðreynd, að þessi hótun liggi nú fyrir, þá er það ein af meginástæðunum fyrir því, að það er full ástæða til þess að óttast um, að samningurinn verði ekki staðfestur, hvorki í Frakklandi né í Þýzkalandi. Og svo mikið er til af brezkum metnaði enn, að Bretar taka ekki með góðu við slíkum hótunum. Mér er nær að halda, að þessi yfirlýsing frá Bandaríkjunum, frá Dulles, muni vera frá því fyrir kosningarnar, þegar demókratar unnu sinn kosningasigur, en ef svo væri, þá hefði þessi hótun ekki mikla þýðingu nú, því að það er alkunnugt, að Eisenhower forseti hefur orðið að endurskoða alla sína utanríkispólitík, síðan hann gerði sér ljóst að afstöðnum kosningum, að hann ætti framgang allra mála, ekki aðeins í innanríkispólitík Bandaríkjanna, heldur líka og alveg sérstaklega í utanríkismálum, undir demókrötum. En eins og vikið var að hér áðan, ef þessi hótun yrði framkvæmd, þá er mjög vafasamt, hversu miklum harmi Evrópuþjóðir yrðu slegnar við framkvæmd slíkrar hótunar, og mér þykir líklegt, að ef Bandaríkin tækju sína heri burt af meginlandi Evrópu, þá væru þeir ekki lengur að kúldast með sitt lið hér á Íslandi, og það gætu vaknað vonir um það, að þeir tækju þá burt héðan líka. Og ég er alveg sannfærður um, að ekki yrði það til þess að hryggja íslenzku þjóðina. Ekki held ég því, að þessi hótun mundi á neinn hátt verða til þess, að íslenzka þjóðin yrði í uppnámi út af framkvæmd hennar.

Eftir seinustu fregnum, sem ég hef fengið frá Noregi um þetta mál og undirtektir almennings undir það þar, er mér tjáð, að það hvíli eins og skuggi yfir afgreiðslu þessa máls í Noregi, að það hafa ekki fengizt svör við þeirri spurningu, hvort það mundu verða þýzkir hershöfðingjar, sem yrðu settir yfir norska herinn, eftir að Þjóðverjar væru komnir í Atlantshafsbandalagið. Þessum ugg hefur skotið upp hjá Norðmönnum, af því að Þjóðverjar yrðu óneitanlega sterkasti aðilinn í Atlantshafsbandalaginu af Evrópuþjóðum, eftir að þeir væru teknir í bandalagið, og þær minningar eru enn þá vakandi í Noregi frá síðasta stríði, að Norðmenn langar ekki til þess, að þýzkir hershöfðingjar yrðu hæstráðandi yfir norska hernum. Ég hygg, að Dani langi ekki til þess heldur, að þýzkir generalar yrðu hæstráðendur yfir dönskum hersveitum, en það mun þó standa til. Og Günther mun þegar hafa gefið svar um það, að það séu líkur til þess, að þýzkir hershöfðingjar mundu verða við gæzlu og herstjórn allt upp í Suður-Jótland og ef til vill yfir danska hernum, en um Noreg hefur Günther ekki viljað svara neinu ákveðið og sagt, að þetta væri ekki ákveðið á neinn hátt, en ótta hefur það vakið í Noregi, og hann mun ekki fara dvínandi, þó að búið sé að koma málinu gegnum norska stórþingið.

Ég hygg nú, að ef þýzkir hershöfðingjar yrðu æðstu yfirráðendur yfir hersveitum á Norður-Atlantshafssvæðinu eftir upptöku Þýzkalands í bandalagið, þá mundi það ekki heldur þykja fagnaðarefni á Íslandi. En látum þetta allt saman eiga sig. Við skulum aðeins beina huganum að þessu, sem hér hefur aðallega verið rætt, og það tel ég alveg rétt: Er það nauðsyn fyrir Ísland? Eru einhverjar knýjandi ástæður fyrir íslenzku ríkisstjórnina til að knýja málið

í gegnum þingið fyrir jólafrí? Þetta er atriði, sem hæstv. ríkisstjórn á að geta svarað með nokkrum setningum á ótvíræðan hátt, en hefur ekki fengizt til þess að gera enn þá. Og ef hún getur ekki svarað þessu játandi og leitt að því rök, að það sé nauðsyn að afgreiða málið fyrir jól, þá á hún að verða við almennum óskum þingmanna um að fresta afgreiðslu málsins fram yfir jólafrí. Ég tel viðeigandi að undirstrika þessa ósk mína með orðum hv. frsm. utanrmn.: Það er ekki óeðlilegt að láta málið bíða um sinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 16. des., var enn fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 265 felld með 38:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EOl, GilsG, GJóh.

nei: HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, EggÞ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HV, JörB.

6 þm. (HG, JóhH, JJós, BÓ, EmJ, FRV) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég er samþykkur meginefni till., sem hér kemur til atkv., en get þó ekki látið hjá líða að gera fyrirvara um það, að ég fellst ekki á þau rök, sem færð eru fram fyrir till. í 3. lið hennar, þar sem fram er tekið, að Íslendingar séu nokkurs konar aukameðlimir í Atlantshafsbandalaginu og þess vegna óeðlilegt, að þeir hafi áhrif á, hvað gerist í vígbúnaðarmálum bandalagsins.

Ég lít hins vegar svo á, að á meðan Íslendingar eru meðlimir í Norður-Atlantshafsbandalaginu, eigi þeir rétt á að skipa málum að vild sinni til jafns við þau önnur ríki, sem þar eru, og hafi skyldu til þess að gera það. En þótt ég sé andvígur þeim röksemdum, sem fram koma í 3. lið rökstuðnings þessarar till., þá er ég aðalefni till. samþykkur og segi þess vegna já.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel till. um, að Íslendingar æski þess að vera leystir úr Atlantshafsbandalaginu, algerlega óraunsæja og auk þess óskynsamlega, þar eð Íslendingar eiga að sjálfsögðu að standa við gerða samninga. Næsta sporið, sem nú er nauðsynlegt að stíga í utanríkismálum Íslendinga, er að segja upp herverndarsamningnum frá 1951, svo sem Alþfl. hefur lagt til í þáltill. á þskj. 17. Beiðni um lausn úr Atlantshafsbandalaginu nú auðveldar ekki framgang þessarar kröfu, heldur torveldar hana. Þess vegna segi ég nei.

Tillgr. samþ. með 35:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JörB.

nei: KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EOl, GilsG, GJóh.

EggÞ, GÍG, GÞG, HV, HG greiddu ekki atkv.

4 þm. (JJós, BÓ, EmJ, FRV) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Hermann Jónsson: Herra forseti. Þar sem meiri hl. Alþ. hefur fellt brtt. okkar þjóðvarnarmanna um frestun þessa máls, meðan gerð væri tilraun til að losa okkur Íslendinga úr Atlantshafsbandalaginu, og enn fremur fellt aðrar frestunartill., sem fram hafa komið í málinu, en ríkisstj. er staðráðin í því að knýja fram úrslit þess nú þegar, mótmæli ég þeirri málsmeðferð og segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31:8 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 306).

7. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á 29. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt:

Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar [131. mál] (A. 304).

Á 30. fundi í Sþ., 17. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ríkisstj. er kunnugt um, að margir þm., og þá einkum þeir, sem búa utan Reykjavíkur, óska þess, að nú verði gert nokkurt hlé á þingstörfum og þá nokkru lengra en aðeins sjálfa jóladagana og nýársdaginn. Ég hef þess vegna fyrir hönd stjórnarinnar leyft mér að bera fram á þskj. 304 till. til þál. um, að Alþ. samþ. að fresta þingfundum frá deginum í dag að telja, enda verði þingið kvatt saman eigi síðar en 4. febr. n. k.

Verði þetta samþ., sem ég geri ráð fyrir, þá mun stjórnin nota þinghléið til þess að vinna að ýmsum þeim málum, sem hún hefur hug á að nái fram að ganga á framhaldsþinginu, og nefni ég þar sem dæmi og fyrst og fremst húsnæðismálin.

Ég sé ekki ástæðu til að láta önnur eða lengri rök fylgja þessari till. og vænti, að hún nái samþykki Alþingis.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 330).

8. Flóttamenn.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fullgildingu á samningi um stöðu flóttamanna [41. mál] (A. 43).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þessi till. til þál. um fullgildingu á samningi um stöðu flóttamanna er borin fram af ríkisstj., og óskar hún eftir, að Alþingi veiti henni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda slíkan samning um stöðu flóttamanna. Það fylgir hér með stutt grg., en þó að vísu nægilega löng að því leyti, að þar eru fram tekin öll meginatriði, er þetta mál varða.

Mál þetta var í upphafi borið fram að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna, og var það rætt á fundi í Genf í júlímánuði 1951, og voru 26 ríki, sem höfðu fulltrúa á þeim fundi. Ísland átti ekki fulltrúa þar, en hin Norðurlöndin, sem oft hafa haft samstöðu með Íslandi um svipuð mál, áttu fulltrúa á þeim fundi, og þar var samþ. samningur um stöðu flóttamanna. Meginefni þessa samnings er að tryggja flóttamönnum, sem hvergi hafa ríkisborgararétt eða fullkomið heimili, ýmis réttindi, þannig að þeir geti á þann hátt lifað eins og nokkurn veginn sjálfstæðir þegnar, þar sem þá hafði fjarað uppi og þeir setzt að. Stefnt er að því, að þeir séu í engu lakar settir en aðrir útlendingar, sem dvelja í hlutaðeigandi löndum, þótt þeir hafi komið inn sem flóttamenn.

Þetta mál var til umr. á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda, sem haldinn var hér í Rvík í fyrrasumar, og lá þar fyrir yfirlýsing frá fulltrúum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, sem allir höfðu átt fulltrúa á Genfarfundinum áður, um það, að flóttamannasamningurinn mundi verða fullgiltur í þessum löndum innan skamms. Hefur það nú verið gert.

Íslenzka ríkisstj. telur sjálfsagt, að Ísland gerist aðili að þessum samningi, og hefur því borið fram þessa þáltill., eins og hún hér liggur fyrir. Vænti ég, að hið háa Alþingi fallist á, að hér sé um réttlætismál að ræða og sjálfsagt fyrir Íslendinga að vera með í því á þann hátt, sem þetta hefur verið markað á þeim fundum, sem ég hef nú lýst.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Samningurinn er alllangur og að ýmsu leyti flókinn, en það verður þá hver hv. þm. að pæla í gegnum hann út af fyrir sig. En röksemdirnar fyrir því að bera þetta mál fram virðast einfaldar og ég hygg að dómi okkar Íslendinga allra sjálfsagðar.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessari þáltill. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 4. febr., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 43, n. 262).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Efni þessarar till. er það, að Alþingi heimili ríkisstj. fyrir Íslands hönd að fullgilda samning um stöðu flóttamanna, og er samningurinn prentaður sem fylgiskjal með þessari tillögu.

Máli þessu var nokkru fyrir jól vísað til allshn. þingsins, og afgreiddi hún það 11. des. s. l. Eins og nál. hennar á þskj. 262 ber með sér, leggja þeir nm., sem tóku þátt í afgreiðslu málsins, til, að till. þessi verði samþykkt og að samningurinn verði þar af leiðandi fullgiltur. En það voru aðeins fjórir nm., sem tóku þátt í afgreiðslu málsins. Tveir nm., hv. þm. Vestm. (JJós) og hv. 5. landsk. þm. (EmJ), voru forfallaðir af einhverjum ástæðum, en hv. 9. landsk. (KGuðj) fékk ekki fundarboð, vegna þess að símaþjónustan hér í þinginu náði ekki til hans þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Ég get vitanlega ekki sagt um það, hvernig þessir þrír hv. þm., sem ekki voru viðstaddir, líta á þetta mál.

Ástæðan til þess, að þessi till. er fram borin, er, eftir því, sem ríkisstj. segir í sínum athugasemdum, að á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda, sem haldinn var í Rvík í fyrrasumar, lýstu fulltrúar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar því yfir, að flóttamannasamningurinn mundi fullgiltur í þessum löndum innan skamms. Utanríkisráðherra Íslands taldi líklegt, að Ísland gerðist aðili að samningnum vegna samstöðunnar við hin Norðurlöndin, og svo er bætt við: „þó að málið hefði ekki beina raunhæfa þýðingu fyrir Ísland". Ég býst við, að það sé rétt, að eins og nú standa sakir hafi málið ekki beina raunhæfa þýðingu fyrir Ísland. En það veit enginn um framtíðina og enginn um það, nema svo kunni að verða í framtíðinni, og víst er um það, að fyrir síðustu heimsstyrjöld voru ekki svo fáir pólitískir flóttamenn hér á Íslandi. Enn fremur er það nefnt sem ástæða fyrir því að fullgilda þennan samning, að á síðasta ráðherrafundi Evrópuráðsins var samþykkt að skora á þátttökuríki Evrópuráðsins að fullgilda flóttamannasamninginn eins fljótt og auðið er.

Ég hef ekki frekara fram að taka. Vænti ég þess, að till. n. um að samþykkja þessa þáltill. verði samþykkt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 342).

9. Löggæzla á samkomum.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um löggæzlu á samkomum [73. mál] (A. 98).

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Engar skýrslur eru til, er sýni, hve margar skemmtisamkomur eru haldnar í landinu og almenn gleðimót eða hve margir sækja slík mannamót til jafnaðar. Enginn tölulegur samanburður er þess vegna til milli fortíðar og nútíðar í þessum athöfnum þjóðarinnar. Hins vegar dylst sjálfsagt engum, að skemmtisamkomuhald hefur færzt stórkostlega í aukana upp á síðkastið. Samkomunum hefur fjölgað og sóknin til þeirra vaxið, enda getur hver samkoma náð til miklu stærra svæðis en áður var. Ótalmargt veldur þessu. Annríki mikils hluta þjóðarinnar hefur minnkað, peningaráðin til þess að skemmta sér hafa aukizt. Vegirnir hafa batnað, hraðskreið samgöngutæki komið til sögunnar, samkomuhús verið stækkuð og gerð vistlegri, útvarpið tekið að sér að koma boðum til allra, sem hafa eyru til að heyra. Þá þykir það vænlegra nú en nokkru sinni fyrr að halda skemmtisamkomur til fjáröflunar, selja aðgang og veitingar til ágóða fyrir hitt og þetta, sem félög og áhugamenn vilja koma til leiðar í þágu almennings og safna fé til. Dag hvern er hrópað gegnum útvarpið á fjölda fólks til gleðimóta. Auðvitað er það æskan, sem til er talað fyrst og fremst og hlýðir kallinu örast. Telja má, að svo sé komið, að uppeldi þjóðarinnar fari að umtalsverðu leyti fram á samkomum. Áhrif samkomanna eru sterkari en hversdagslegra stunda á hugi ungmenna og háttalag. Af samkomunum draga menn dáminn heim með sér.

Engum manni getur blandazt hugur um, að mikilsvert er, að menningarbragur sé á samkomuhöldum þjóðarinnar. Þetta hefur jafnan verið þýðingarmikið, en þó meiri menningarleg nauðsyn nú, af því að samkomuhöldin eru almennari og þátttaka æskunnar í þeim meiri en áður var. Stjórn þjóðfélagsins má ekki láta málefni þessi afskiptalaus eða svo afskiptalítil sem hingað til. Þetta skildi vitanlega ráðherrann, sem bannaði útvarpinu að flytja auglýsingar um dans. En hans góða meining gerði enga stoð. Þó skal viðurkennt, að fyrir eyrað hljóma auglýsingarnar um dansleikina ekki alveg eins fátæklega og áður. Annar ráðherra gaf út fyrirmæli um, að slíta skuli opinberum samkomum ekki síðar en kl. 1—2 að nóttu. Þessi fyrirmæli voru þörf og til stórbóta. Sýna þau glögglega, að á þessu sviði sem öðrum má jafnvel með litlu mikið gagn gera, ef gripið er rétt á málum.

Samkomumenning okkar Íslendinga þarf meiri umhyggju af þjóðfélagsins hálfu en veitt er nú. Skylt þyrfti að vera að vanda meira til skemmtiefna en oft er gert, þar sem æskulýður kemur saman. En um þá hlið skal ég þó ekki ræða að þessu sinni, heldur nauðsyn þá, sem till. okkar hv. 2. þm. S-M. hljóðar um, að haldið sé uppi traustri reglu á samkomum, og svo hina óhjákvæmilegu þörf á því, að hið opinbera leggi lið til þess, þar sem starfandi löggæzlulið er ekki eða þá ófullnægjandi.

Fjölmennustu bæirnir í landinu geta sennilega, ef vilji er fyrir hendi, séð um sig í þessum efnum sjálfir, svo að sómasamlegt sé, með þeirri aðstoð, sem ríkið veitir þeim nú þegar. Þó skal ég ekki fullyrða, að þetta sé svo. En allt öðru máli gegnir um fámennari bæi og kauptún, þar sem fjölmenni safnast til dvalar tíma úr ári vegna atvinnuhátta. Þar hafa heimamenn ekki bolmagn til þess að sjá um löggæzlu. Á síðustu árum hefur líka a. m. k. sjö slíkum stöðum verið ætlað dálitið fé á fjárlögum til aukinnar löggæzlu á þeim tímum árs, sem þar er mannflest, en mikið er talið á skorta, að löggæzlan sé þó sem skyldi, og þarfnast það athugunar.

En svo er dreifbýlið, smáþorpin og sveitirnar. Þessir staðir hafa frá fyrstu tíð og til skamms tíma engrar löggæzlu þarfnast á samkomum sínum. Fámenniskenndir kunnugleikans og heilbrigður aldarháttur héldu þar vörð. Nú er þetta breytt. Samkomur fámennra byggða verða löngum fjölmennar nú, af því að fólk sækir þær um langa vegu. Gleðimótavandamál fjölmennisins eru komin út um allt land, misjafnlega erfið að vísu á hinum ýmsu stöðum, en yfirleitt of lausbeizluð og ofviða heimamönnum aðstoðarlaust. Hin beina skylda til löggæzlu fellur líka eftir eðli málsins á fleiri, um leið og stækkar sóknarsvæðið, þó að ekki náist til þeirra öðruvísi en að ríkið komi til fyrir þeirra hönd, eins og við flm. till. leggjum til að athugað verði, hvernig hentast geti orðið. Eitt mesta áhyggjuefni foreldra er nú orðið víðs vegar um land að vita börn sín á æskualdri á samkomum, þar sem ölæðingar og upphlaupsmenn vaða uppi og leynivínsalar sitja um að fá menn til þess að kaupa varning sinn. Þetta er þjóðfélagsvandamál, sem grandskoða verður, hvað hægt er að gera til þess að ráða bót á.

Auðsætt er, að ekki verður lengur komizt hjá því að hafa löggæzlu, sem heldur óeirðamönnum í skefjum og gerir leynivínsölum ókleift að hafa samkomurnar fyrir markaði sína. En hvernig þeirri löggæzlu yrði bezt háttað og af hverjum hún yrði kostuð, er mál, sem þarf vel að athuga. Enn fremur er þýðingarmikið athugunarefni, hvort ekki væri hægt að setja fleiri almennar samkomureglur en þá, hvenær samkomunni skuli lokið í síðasta lagi, — reglur, sem gætu verið til bóta eins og sú regla er.

Mikilsvert er að leita allra finnanlegra ráða til þess að skapa þá samkomumenningu innra hjá fólkinu, að samkomurnar friðist sem mest af sjálfu sér. Venjulega eru það ekki nema til þess að gera fáir menn, sem eru orsök truflana á samkomum, sömu mennirnir aftur og aftur, sömu mennirnir hér og þar. Úr því að ekki má láta þessa menn í poka, hvað á þá við þá að

gera, þar sem engin hús eru til geymslu, og hvernig væri til dæmis að dæma þá fyrir friðrof í útlegð af samkomum tiltekinn tíma? Mundu þeir ekki sjá að sér og verða eins og annað fólk, ef þeir ættu slíkra dóma von? Ég nefni þetta síðasta sem dæmi um það, hve málið er margþætt og á hve margt ber að líta við athugun þess.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þingheimur fallist á það, að rétt sé og tímabært að fela ríkisstj. að taka til rækilegrar athugunar, hvað hægt sé og nauðsynlegt að gera af hálfu hins opinbera til þess að halda uppi traustri og menningarlegri reglu á samkomum. Telji hæstv. forseti eða hv. þingmenn ástæðu til þess að fresta umr. og vísa till. til n., þá legg ég til, að henni verði vísað til hv. allshn. Annars tel ég svo einboðið að gera þá ráðstöfun, sem í till. felst, að samþykkja mætti hana án þess að setja hana til athugunar í n. og spara með því tíma þingsins.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 4. febr., var till. tekin til frh. einnar umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 98, n. 263).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Allshn. sameinaðs þings hefur tekið till. þessa til meðferðar á fundi sínum og hefur gefið út nál. á þskj. 263, þar sem hún mælir með, að þessi till. verði samþykkt óbreytt eins og hún kemur frá hv. flm.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 343).

10. Okur.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á okri [161. mál] (A. 413).

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 56. fundi í Nd., 8. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 11. landsk. (LJós) og hv. 6. þm. Reykv. (GMM) að leggja fram þáltill. um, að hv. d. setji 5 manna n. þingmanna úr þessari hv. d. til þess að rannsaka, að hve miklu leyti og með hvaða móti okur á fé viðgengst nú, fyrst og fremst í Reykjavík, og að þessi n. fái það vald, sem slíkum n. er heimilað samkvæmt stjórnarskránni til þess að yfirheyra menn og heimta af þeim skýrslur, munnlegar og skriflegar.

Ég býst við, að allir hv. þdm. séu sammála um, að það okur, sem er á almannavitorði að nú viðgengst í Reykjavík, sé með óhugnanlegustu fyrirbrigðum í okkar fjármálalífi. En hins vegar er því svo háttað með þetta fyrirbrigði, að það er engan veginn auðvelt að því að komast eða grípa það með höndunum sem það ólöglega fyrirbrigði, sem það er, því að venjulega er þar allkænlega um búið, þannig að þessi okurstarfsemi lítur út sem mjög venjuleg verzlunarstarfsemi, enda líka oft höfð aðstoð manna, sem hafa vel vit á lögum, við að framkvæma hana. En afleiðingin af þessari starfsemi er sú, að það tíðkast nú í Reykjavík, að það sé raunverulega lánað fé með 5—6% vöxtum mánaðarlega, þegar reiknað er með þeim afföllum eða með því verði, sem verðbréf eða víxlar eða annað slíkt er látið á manna á milli.

Það gengur svo langt, að það er sagt í bænum sem stendur, — nákvæmar sönnur get ég náttúrlega ekki á það fært, — að öll sala einnar verzlunar hér í bænum — ekki langt frá okkur — á síðasta ári hafi numið svipaðri upphæð og þeirri, sem þurfti að greiða í okurvexti af lánum, sem viðkomandi verzlun hafði orðið að taka með okurkjörum. Og menn geta sjálfir náttúrlega gert sér það í hugarlund, að ef um væri að ræða, að einhver verzlun hefði okurvíxla upp á 6—7 millj. kr. með allt að 60% raunverulegum vöxtum, þá er ekki lengi að koma upp í einar 4 millj. kr., sem slík verzlun gæti máske selt fyrir á ári og haft þó raunverulega ekkert afgangs fyrir allri greiðslu á vörum, starfskostnaði, húsaleigu og öðru. M. ö. o.: Þetta fyrirbrigði, sem þarna hefur skapazt, er slíkt, að það er auðvitað alveg óþolandi í þjóðfélaginu.

Hins vegar, eins og ég hef getið um, er e. t. v. oft auðvelt að íklæða svona fyrirbrigði í hætti venjulegra viðskipta. Það er hægt að segja við mann, sem af einhverjum ástæðum er í annaðhvort neyð eða í þeim hug, að hann búist við að geta grætt allmikið á einhverri verzlun, sem hann ætlar að gera, að menn taki af honum víxil með 30—40—50% afföllum eða taki verðbréf fyrir svona og svona lágt verð, — menn láni honum fé um leið, og hann eigi að greiða það til baka á ákveðnum tíma með fullu verði þess láns, sem hann hefur fengið.

Ég hef hugmynd um, að hæstv. ríkisstj. hafi haft aðstöðu til þess að skipta sér af þessum málum, ef hún hefði kært sig um, hún hafi haft vitneskju um, hvað væri að gerast í þessum efnum, og hún hafi látið hjá líða að sinna því.

Þess vegna er það, að við flm. þessarar till. leggjum til, að þingnefnd sé skipuð í málið til þess að rannsaka það. Það er háttur, sem stjórnarskráin heimilar að hafa, svo framarlega sem um mál er að ræða, sem hugsanlegt þætti að hið opinbera ella vildi þagga niður.

Og ég fæ ekki annað séð en að allir þeir hv. þm., sem væri kærkomið, að þessi starfsemi væri krufin til mergjar og þd. gefin skýrsla um það, gætu verið þess vegna fylgjandi þessari till.

Ég sé, að það hafa verið ákveðnar tvær umr. um þessa till., og hef ég út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Ég hef ekkert á móti því, að þessi till. sé athuguð í n. á milli umræðnanna, og líklega yrði eðlilegast að það yrði allshn. Að vísu skal ég viðurkenna, að að sumu leyti gæti þetta heyrt undir fjhn., en reynslan af þeirri n., þó að það hafi oft verið ágæt n., er slík hér í þinginu, að það kemur yfirleitt aldrei neitt aftur, sem til hennar fer, svo að ég vil þess vegna heldur gera það að minni till., að þessi till. fari til allshn.

Hins vegar vil ég vonast til þess, að þessi till. verði samþ. Ég álít, að Alþ. geti ekki horft aðgerðalaust á það, sem er að gerast nú í þjóðfélaginu í þessum efnum. Ég veit, að það voru nýlega við umr. um annað mál hér í þinginu bornar nokkrar brigður á það af hæstv. dómsmrh., að þetta fyrirbrigði ætti sér stað. Ég efast ekki um, að 5 manna n. þm., sem þetta rannsakaði, hefði þó aðstöðu til þess að komast að raun um, hvort það væri ekki rétt. Og þegar slík n. væri búin að ljúka sinni rannsókn — og ég held þá með því að komast að þeirri niðurstöðu, að þetta fyrirbrigði sé til, og hafandi þá rannsakað, með hvaða móti það gerist, þá er aðstaða fyrir Alþ. til þess að taka ákvarðanir um, hvað það vilji gera í framhaldi af slíku. Ég vil sem sé leyfa mér að vona, að það geti orðið góð samtök meðal hv. þdm. um að gera að sínu leyti það, sem hægt er til þess að rannsaka þetta fyrirbrigði og hefja þar með þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til þess að uppræta það.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það kom glögglega fram í ræðu hv. 1. flm., að till. þessi er flutt í framhaldi af umr., sem hér urðu á dögunum, vegna ummæla hv. þm.

Hv. þm. ítrekaði nú það, sem hann þá sagði miklu greinilegar, en lét sér nægja að gefa í skyn nú, að ríkisstj. hefði haft einhver afskipti af málum í þá átt að kveða niður, að rannsókn yrði á okurstarfsemi hér í bænum.

Á dögunum sagði hv. þm. beinlínis, að ríkisstj. hefði gert ráðstafanir í þessa átt, að hindra, að slíkt kæmist upp. Nú dró hann úr þessu, en lét þó í það skína, að þessi mál hefðu komið fyrir ríkisstj. á þann veg, að hún hefði getað fyrirskipað rannsókn, ef hún hefði viljað. Jafnframt sagði hv. þm., að ég hefði dregið í efa á dögunum, að okur ætti sér stað hér í bænum. Mér þykir af því tilefni hlýða að lesa upp orðrétt það, sem ég sagði þá um það efni:

„Hv. þm. sagði, að ríkisstj. hefði gert sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að þessi okurstarfsemi yrði hindruð. Mér er algerlega óljóst og ókunnugt, hvað hv. þm. á við. Ef hann hefur einhverjar raunverulegar upplýsingar um slíkt okur og slík lögbrot í þjóðfélaginu, þá vil ég eindregið mælast til þess, að hann leggi þau gögn fram, svo að hægt sé að skerast í þann ljóta leik. Og ég vil lýsa því yfir alveg afdráttarlaust, þannig að ekki geti leikið á neinum vafa, að ríkisstj. hefur ekki fengið til meðferðar neitt, sem þessi ummæli hv. 2. þm. Reykv. geti helgazt af, þannig að ef hann hefur einhverja vitneskju um slíka starfrækslu hér, þá er það atriði, sem er mjög mikilvægt, að hann láti koma fram í dagsins ljós, svo að hægt sé að koma í veg fyrir slíkar aðfarir."

Þetta sagði ég á dögunum. Ég ræddi yfirleitt ekki um það, hvort hér ætti sér stað okur eða ekki. Ég mótmælti því hins vegar eindregið og ítreka þau mótmæli enn, að nokkuð hafi komið fyrir ríkisstj., sem gæfi henni möguleika til að hefjast handa um þessi efni, hvað þá að ríkisstj. hafi gert nokkuð af sinni hálfu til að kveða niður ráðstafanir annarra til að reyna að stöðva slík lögbrot. Um hitt atriðið, hvort okur á sér stað eða ekki, þá er það mjög svipað því og hvort skattsvik eigi sér stað eða ekki. Ég hygg, að enginn fullvita maður í þessu landi neiti því, að skattsvik eigi sér stað í allstórum stíl hér. Hitt er eftir að sýna fram á, hvaða ráðstafanir er hægt að gera umfram það, sem nú þegar er gert með skattanefndum og öllu því bákni, sem þeim fylgir, skattstofum og skattstjórum, til þess að reyna að knýja fram rétt framtöl. Þrátt fyrir allt það bákn, sem þar á sér stað, efast sjálfsagt enginn maður um það, að skattsvik eigi sér stað í landinu. Með okur er það eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ákaflega erfitt er að hafa hendur í hári þeirra manna, sem það fremja. Hv. þm. lýsti því svo glögglega, að þar hef ég engu við að bæta. En þeim mun meira er um það vert, ef hv. þingmenn, þessi hv. þm. eða annar, hafa ákveðin tilfelli, sem þeir geta bent á, þá skal sannarlega ekki standa á mér að fyrirskipa og láta þegar í stað hefja rannsókn í þeim efnum, hver sem í hlut á.

Ég kann ekki ráð til þess að hafa upp á þessum mönnum, ef enginn, sem viðskipti við þá hefur, fæst til að kæra þá, eða ef enginn, sem telur sig með öryggi vita um okur, fæst til þess að kæra okrarana, jafnvel þó að hann hafi ekki sjálfur haft viðskipti við þá. Og einmitt þess vegna tel ég það mjög mikilsvert, að hv. 2. þm. Reykv. láti í té alla þá vitneskju, sem hann hefur um þessi efni.

Hv. þm. talaði hér áðan eins og það væri á almannavitorði, að verzlun hér í bænum hefði tapað eða greitt til okrara, skildist mér, 6—7 millj. króna. Var það ekki rétt skilið? (*EOl:* Það voru fjórar, sem ég talaði um.) Já, 4. Ég misskildi hv. þm., en sjálfsagt er að hafa það, sem réttara reynist. (*EOl:* 60—70% af sex millj.) Já, það er einmitt það. Sjálfsagt er að hafa það, er sannara reynist. En ég spyr: Ef þetta er svo og ef þetta liggur fyrir, af hverju hefur þá enginn af þeim, sem hér eiga hlut að máli, kært það mál? Af hverju kærir ekki sá kaupsýslumaður eða þeir kaupsýslumenn, sem fyrir þessu hafa orðið? Af hverju kæra þeir ekki? Og af hverju kæra ekki aðrir lánardrottnar?

Ég tel það sannast sagt ákaflega ósennilegt, að slíkt geti átt sér stað, án þess að einhver af

þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, láti til sín taka um að kæra. En eins og ég hef þegar tekið fram, hefur engin kæra borizt til dómsmrn. eða saksadómara af þessu tilefni, og ríkisstj., hvorki mitt ráðun. né ríkisstj. í heild, ekki á neinn hátt haft nokkur afskipti af þessu máli og allra sízt á þann veg að kveða niður, að rannsókn gæti átt sér stað. En vitanlega verða þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, sjálfir að kæra og gefa réttarvörzlunni færi á því að skyggnast í það, hvað hér er á ferðum, og ég á raunar mjög bágt með að trúa því, að fjármálastofnanir landsins, sem sjálfsagt hafa eitthvað verið viðriðnar þessa stofnun, mundu hafa látið það afskiptalaust, hafi það legið fyrir, að þetta verzlunarfyrirtæki hafi tapað svona með þessum hætti. Ég á ákaflega bágt með að trúa því. En ef hv. þm. veit um, að svo sé, þá er vissulega nauðsynlegt, að það komi fram, og ég vil láta það uppi af minni hálfu, að ég tel auðvitað sjálfsagt, að þetta mál fari til 2. umr., því að það er síður en svo, að ég hafi á móti því, að þetta mál sé kannað til hlítar. Þvert á móti óska ég eftir því, að öll plögg geti orðið lögð fram, þannig að réttvísinni gefist færi á því að rannsaka og koma réttum lögum fram, ef hér hafa lögbrot átt sér stað.

Flm. (Einar Olgeirsson): Hæstv. dómsmrh. spurði: Af hverju kæra menn ekki, ef einhverjir svona hlutir eins og ég var að minnast á ættu sér stað? Það getur verið af tveim orsökum, annars vegar [illegible]ví, að menn séu svo gersamlega ofurseldir þeim, sem þeir eru í klónum á, að menn treysti sér ekki til þess, og það getur ef til vill stundum líka verið af vantrausti á réttvísinni, þó að það sé nú kannske ósköp ljótt, að menn séu stundum hræddir um, að hún mundi ekki beita sér í þessum efnum.

Hæstv. dómsmrh. spurði mig, hví ég kæmi ekki fram með gögnin í þessu máli, ef ég vissi svona um þetta. Ég mundi ekki þurfa að fara fram á rannsóknarnefnd þdm., ef ég hefði öll gögn í málinu. Það, sem ég er að gera, er að fara fram á, að hv. Nd. beiti því valdi, sem hún hefur eftir stjórnarskránni, til þess að rannsaka þetta mál, af því að mér sýnist það vera látið undir höfuð leggjast af hlutaðeigandi aðilum að framkvæma slíka rannsókn. Það hefur verið lengi um það talað á milli manna hér í Reykjavík, áður en þessi síðustu hneyksli gerðust, að hér ætti okur sér stað. Það hafa ekki verið gerðar ráðstafanir af hálfu þeirra, sem eiga að gæta réttvísinnar í landinu, til þess að komast fyrir um þetta. Ég hélt því fram, að ráðherrar og hæstv. ríkisstj. hefðu haft aðstöðu til þess að sjá, hvernig þetta okur væri framkvæmt, hefðu haft aðstöðu til þess jafnvel að vita um skuldir og verðbréf manna, sem ella væru eignalausir, — hefðu haft aðstöðu til þess með því að bera saman alls konar skuldakröfur, sem bárust til vitneskju einstakra ráðherra, og „eventuellar" skattskýrslur manna, að svo miklu leyti sem það kemur út á því almenna eignauppgjöri, hvort menn eiga eignir, — hefðu haft aðstöðu til þess að sjá, hvort eitthvað væri athugavert í slíkum hlutum. Og ég hélt því fram, að ýmsir hæstv. ráðherrar hefðu haft vitneskju í þessum efnum og samt leitt þetta hjá sér, eins og sést á því, að þeir hafa enn þá ekkert gert.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að sér þætti ósennilegt, að þetta hefði átt sér stað. Ég býst við, að rannsóknarnefnd hér í þinginu, ef hún kallar ýmsa ráðherra fyrir sig, geti látið þá svara spurningum um það efni, hvort þeir hafa haft aðstöðu til þess að skyggnast í slík skuldaskil, og komizt þannig að raun um, hvort ráðherrar fram að þessu hafa haft aðstöðu til þess að grípa inn í svona mál. Það, sem ég segi í þessum efnum, er, eins og hæstv. dómsmrh. náttúrlega benti á, enn sem komið er staðhæfingar. Sannanir í þessum efnum mundu fyrst fást við rannsókn í þessu máli, og það, sem ýtti á eftir mér með að flytja þessa till., er, að mér sýnist vera sleppt að rannsaka það, sem hefði verið rannsóknarvert. Og hvort maður notar þau orð, að það væri sleppt að rannsaka slíkt eða þar með væri verið að kveða það niður, er nú raunverulega aðeins mismunandi orðalag um það sama.

Ég held þess vegna, að það, sem hæstv. dómsmrh. hefur sagt, ýti undir, að svona n. sé skipuð, eins og ég hef hér lagt til ásamt tveim öðrum hv. þm. Hann sjálfur hefur með rannsókn mála í landinu að gera og getur fyrirskipað rannsókn og hefur ekki enn þá séð ástæðu til þess að gera neitt í þessum efnum. Og eins og hann veit frá sínum eigin samstarfsflokki, þá eru mjög deildar m[illegible]gar meira að segja um rannsóknardómara, þegar hann setur þá, þannig að ég held, að það væri í máli eins og þessu mjög heppilegt, að farið yrði að þeirri till., sem ég hef hér gert ásamt tveim öðrum hv. þm.

Hæstv. dómsmrh. talaði um, að það væri nú ef til vill svipað með okrið í þjóðfélaginu og með skattsvikin. Það efaðist enginn um, að það væri rétt, að skattsvik ættu sér stað, en það væri bara svo bölvað að komast fyrir um þetta. Og ég efast ekki um, að hæstv. dómsmrh. hefur þar alveg rétt að mæla. Samt er munurinn sá, að það er þó allmikið bákn, sem sett er á laggirnar í hverjum kaupstað og ekki síst í Reykjavík til þess að hafa eftirlit með skattframtölum og reyna að komast fyrir um skattsvik, en það fer lítið fyrir bákninu viðvíkjandi baráttunni við okrið. Hitt er alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. kom inn á, að það skapar ákaflega mikla örðugleika um þessa baráttu, að þeir menn, sem viðskiptin eiga við okrarana, fást ekki til að kæra þá. Það er alveg rétt, og það skal ég fyllilega viðurkenna, að það er atriði, sem jafnt rannsóknarnefnd, sem yrði sett, eins og líka ef hann setti rannsóknardómara, mundi reynast mjög örðugt viðfangs. Hér er sem sé þjóðfélagsvandamál af mjög slæmu tagi við að etja. Við stöndum frammi fyrir ástandi, sem allir eru sammála um að sé hneykslí og sé óþolandi, en sé þannig, að þegar við grípum í það, þá er eins og að það víki sér undan okkur. Ég held þess vegna, að það væri reynandi, þó að það hafi lítið verið að því gert fram að þessu, að þingið sjálft sæi til, hvort það gæti ekki komizt fyrir um þessa starfsemi, þetta átu-

mein, sem hæstv. dómsmrh. að ýmsu leyti réttilega kvartar yfir hvað sé fyrir þau venjulegu yfirvöld erfitt viðureignar, og ég held, að það sé nauðsynlegt, að þessi hv. þd. geri það; það séu það mikil brögð orðin að þessu og þetta fyrirbrigði sé orðið það ófyrirleitið, að við getum ekki lengur látið það þolast, án þess að Alþ. láti koma til sinna kasta. Hitt stendur svo aftur opið, þegar svona n. væri búin að skila sinni skýrslu, hvað þá væri gert. Ég skil það náttúrlega mjög vel, að hæstv. ríkisstj. hefur alltaf möguleika með sínum meiri hluta hér á Alþ. að taka þá ákvörðun, að eftir skýrslu frá rannsóknarnefnd skuli dómsmrn. falið málið að öllu leyti, og við í stjórnarandstöðunni getum náttúrlega litið við það ráðið, a. m. k. svo framarlega sem stjórnarflokkarnir koma sér alveg saman um það. Hvað þeir eru sammála í þessum efnum, það skal ég ekki segja; það verður að koma á daginn, þegar þingið sem heild er búið að gera það, sem það getur, til að upplýsa þetta. Þá kemur auðvitað til kasta hæstv. ríkisstj.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef litlu að svara hjá hv. þm., og það er ástæðulaust að vera að karpa, en ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á því, að hv. þm., sem byrjaði umr. um þetta mál með því að fullyrða, að ríkisstj. hefði beint haft aðgerðir í frammi til að hindra, að upp kæmist um okur, er nú farinn inn í þá víglínu, að einstakir ráðherrar muni hafa haft einhverja vitneskju, sem hefði getað gert þeim mögulegt að bera saman einhver skjöl o. s. frv., o. s. frv.

Ég get ekki sagt um það, hvaða vitneskju einstakir ráðherrar hafa haft í þessu máli né öðrum; ég er ekki sá hjartnanna og nýrnanna rannsakari, að ég viti um það. Hitt fullyrði ég og endurtek enn, að ríkisstj. sem heild hefur alls ekki um þetta mál fjallað, og fyrir dómsmrn. hefur það ekki komið. Að öðru leyti verður hver ráðherra að segja til um það, hvaða vitneskju hann hefur um það. Málið hefur ekki verið rætt í ríkisstj., og þar af leiðandi er mér ekki kunnugt um afstöðu einstakra ráðherra að öðru leyti til þess. En sú fullyrðing stendur óhögguð og óhagganleg, sem ég segi, að ríkisstj. sem slík hefur ekki skipt sér af málinu og dómsmrn. hefur ekki fengið neina kæru.

Um það mál, sem hv. þm. að öðru leyti bersýnilega á við, er það annars að segja, að í gjaldþrotalögunum er berum orðum kveðið á um, hvenær dómsrannsókn skuli hefja. Ef maður er orðinn gjaldþrota, þá á að leiða hann fyrir sakadómara og hefja rannsókn, þannig að ef það fyrirtæki, sem hér á hlut að máli, hefði orðið gjaldþrota, þá hefði af sjálfu sér leitt dómsrannsókn á því máli, sem hér er um getið, og eitt af því, sem þar hefði hlotið að koma til, var rannsókn á því, hvað orðið hefði af fjármunum fyrirtækisins, og þá vafalaust, hvort þeir hefðu eyðzt með þeim uggvænlega hætti, sem hv. þm. segir hér.

Ég skal ekkert segja um það, hvort þeir hafa eyðzt eða farið forgörðum á þann veg eða ekki. Réttarrannsókn hefur ekki getað átt sér stað, vegna þess að enginn hefur kært og fyrirtækið varð ekki gjaldþrota, svo að þess vegna kom ekki til, að réttarrannsóknin byrjaði, eins og ella hefði þá að sjálfsögðu orðið. Hitt verð ég að segja og endurtaka það, sem ég sagði áðan, að auðvitað er það ósennilegt, að fjöldi kröfuhafa, þ. á m. sumar peningastofnanir landsins, hafi samþykkt að koma í veg fyrir gjaldþrot, ef þeim hefur verið kunnugt um, að slíkar aðfarir hafi verið. Ég segi ekkert annað en að það er ósennilegt. Það getur vel verið, að það sé. Ég hef ekki haft færi á því að rannsaka það. En það er ósennilegt. En ef það hefur verið, þá er það án atbeina ríkisstjórnarinnar, og ég vil endurtaka það, að engin kæra hefur borizt til dómsmrn. og það hefur ekki, eftir þeim reglum, sem bæði hefur verið fylgt í tíð minni og allra þeirra fyrirrennara minna, sem mér er kunnugt um, færi eða ástæður til að blanda sér í málið.

Auðvitað er deilt um það, hvernig ég ræki mitt starf sem dómsmrh., eins og deilt er um alla hluti, en ég hef samt ekki trú á því, að margir láti undir höfuð fallast kærur, vegna þess að þeir haldi, að ég skjóti þeim undir stól, og það þarf meira en að gefa það í skyn, til þess að því verði trúað almennt. Ég veit ekki sjálfur til þess, — og hv. þm. er þá kunnugri þeim málum en ég, — að ég hafi lagzt á eina einustu kæru, sem til míns rn. hafi komið, sem studd er nokkrum sæmilegum rökum um það, að lögbrot hafi verið framin, og ekki látið rannsaka það mál. Mér er ekki kunnugt um það. Hitt, að ég ráði yfir rannsóknardómurum, er auðvitað eins og hver önnur fjarstæða. Dómararnir eru sjálfstæðir í sínu starfi. Það er einungis í því þjóðfélagi, sem hv. 2. þm. Reykv. er hugstæðara en mér, þar sem dómararnir eru þjónar yfirvaldanna. Það er ekki hér á landi. Það stoðar ekki að vitna í Tímann því til stuðnings, af því að — jæja, það er sjálfsagt ekki á Tímann hallað, þó að sagt sé, að hann segi ekki alltaf satt, — og látum svo útrætt um það. En hins vegar, ef það á — segjum t. d. eins og í þessu tilfelli — að óttast, að menn þori ekki að kæra, vegna þess að ég muni skjóta kærunum undir stól, þá eru einhver ráð að koma kærunni til vitneskju Tímans eða hv. 2. þm. Reykv., og mundi þá ekki lengi verða um það þagað.

En ég get nú ekki varizt því: Nokkuð finnst mér kátleg þau örlög hv. 2. þm. Reykv., sem hefur manna mest talað um McCarthyisma á Íslandi og ofsóknir á hendur mönnum, byggðar einungis á grunsemdum, þ. e. að rannsaka á, hvort eitthvað kunni að eiga sér stað, án þess að hafa nokkur rök til, að þessi þm. leggur nú til, að þn. verði skipuð til þess að taka við hlutverki McCarthys. Að vísu getur verið alveg ágætt að skipa þn. fyrir það, þó að þær utan Bandaríkjanna séu sérstaklega kenndar og þekktar undir þessu leiða nafni, og ég skal sem sagt sízt hafa á móti því, ef það er skoðun þingheims, að það sé réttasta ráðið til þess að reyna að kanna þetta þjóðfélagsmein, og ég tek undir það með hv. þm., að hér er um verulegt þjóðfélagsmein að ræða. Og ef það er skoðun hv. þm., að þetta sé réttasta ráðið, eins og horfir, til að kanna það, þá skal ekki standa

á mér um það, enda á ég ekki atkvæði um það hér í hv. Nd.; það er deildarinnar mál, en ekki mitt.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, sem mig langaði til að segja hér í tilefni af þessum umræðum og þá sérstaklega í tilefni af þeim ummælum hæstv. dómsmrh., að hann furðaði sig á því og tryði því varla, að nokkurt okur hefði getað átt sér stað í sambandi við ákveðið fyrirtæki, sem hér hefur verið talað um undir rós í umræðunni, ekki nefnt fullu nafni. Hann sagðist draga það mjög í efa, að slíkt okur eða að slíkir hlutir hefðu getað gerzt þar, eins og hér hefur verið talað um af hv. 2. þm. Reykv. (EOl), þannig að enginn aðili kærði, hvorki opinberar lánsstofnanir, sem hjá þessu fyrirtæki hefðu átt, né forstöðumaður fyrirtækisins.

Nú vil ég af þessu tilefni geta þess, að það hafa margir menn við mig sagt, og ég býst við, að fleiri hafi heyrt það líka, svo að þess vegna megi segja, að það sé almannarómur, að sumar af peningastofnunum landsins reki ákaflega einkennileg viðskipti nú á dögum, viðskipti, sem maður getur látið sér detta í hug að ýti blátt áfram undir okurstarfsemi í þjóðfélaginu. Það hafa allmargir menn sagt við mig, suma gæti ég nefnt með nöfnum, því að ég man þau og kannske af tilviljun. Ég ætla þó ekki að gera það hér á þessum stað. Þeir hafa sagt það við mig, að þeir hafi komið til lánsstofnana hér, banka, — að vísu skal ég taka það fram, að einn banka hér í bæ hef ég aldrei heyrt nefndan í þessu sambandi, en þori ekki að fullyrða um, að það sé nema einn, sem er undanþeginn, — þeir hafa komið til banka og óskað eftir að fá lán og fengið þau svör frá yfirmönnum bankanna, að ef þeir gætu fengið einhverja menn til að leggja þá upphæð, sem þeir fara fram á að fá lánaða, inn í bankann, þá skuli bankinn veita þeim lán á eftir. Menn vilja túlka þetta á þann veg, að ef þeir þekki einhverja menn, sem er sama hvort þeir eiga sitt fé í þessum banka eða öðrum, geti fengið þá til að leggja það inn í þennan ákveðna banka, sem þeir hugsa sér að hafa við viðskipti í þessu augnabliki, með því að bjóða þeim sérstaka borgun fyrir, hvað há hún er, skal ég láta ósagt um, hún getur verið mishá eftir því, hvaða menn eigast við, — að þá geti þeir fengið lánið hjá bankanum. Ef þetta er rétt, sem ég hef enga ástæðu til þess að daga í efa, — þetta hafa trúverðugir menn sagt mér, — þá eru bankarnir með þessu móti að ýta undir okurlánastarfsemi í landinu. Og ef svo væri, þá gæti það orðið skiljanlegt, hvers vegna þeir kæra sig ekki um og óska ekki eftir, að mál slíkt sem hér hefur verið nefnt undir rós fari til rannsóknar.

Ef það er einnig rétt, sem ég hef heyrt, — ég tek það fram, að ég veit ekki um það, ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. dómsmrh., hvort hann hefur heyrt það, — að það fyrirtæki, sem hér hefur verið nefnt undir rós, eins og ég hef sagt, hafi skuldað allmörgum mönnum, sem virðast í sambandi við lánsfé í landinu vera hálfóviðkomandi aðilar, — ef þetta fyrirtæki hefur skuldað þeim stórfé, sem skattskýrslur þeirra t. d. báru ekki með sér að þeir ættu, hvorki hjá þessu fyrirtæki né annars staðar, var þá engin ástæða til þess að rannsaka málið? Ef það er enn rétt, að við það, að þetta fyrirtæki stöðvaði reksturinn, hafi umræddir menn — fyrir utan lánsstofnanir — gefið eftir af sínum kröfum 40%, en bankar í þessu þjóðfélagi tekið að sér að lána þessum mönnum þessi 40%, sem þeir gáfu eftir, til svo og svo margra ára, er það þá ekki eitthvað óeðlilegt? Gefur það ekkert tilefni til að athuga málið nánar? Ef maður gæti sem sé látið sér detta í hug, að til væru bankar, sem væru orðnir svo flæktir í þessi mál, að þeir bættu okrurunum, sem svo hafa verið nefndir, það tap, sem þeir biðu í þessu eina tilfelli, með því að lána þeim fé til þess að verzla með í fimm ár, gefur það þá ekki tilefni til þess að rannsaka þessi mál — og það enn þá ríkara tilefni en annars hefði verið? Þarna gæti verið fundin ástæðan fyrir því, að meira að segja peningastofnanirnar kæra ekki út af þessu tilfelli. Um okrarana sjálfa, hvers vegna þeir kæra ekki, þarf enginn að spyrja; það liggur ljóst fyrir. En hvers vegna kærir ekki verzlunarstjórinn, sem var þriðji aðilinn, sem hæstv. dómsmrh. nefndi í málinu? Gæti það ekki stafað af því, að ef hans fyrirtæki hefði á þennan hátt verið flækt í svona mál, þá hefði fyrirtækið ekki getað haldið uppi löglegu bókhaldi, ekki gefið réttar skattskýrslur o. s. frv., og hefði þess vegna, ef það hefði kært og rannsókn farið fram, raunverulega kært sjálft sig um leið fyrir önnur brot í málinu.

Mér virðist sem sagt, að í þessu máli, sem hér hefur lauslega verið vikið að, liggi á borðinu svo margir óheilbrigðir eða vafasamir hlutir, að það hefði átt að gefa hæstv. dómsmrh. nægilega ástæðu til að láta fara fram rannsókn af þessu tilefni. Og ég verð að segja það alveg eins og er, að ég stórfurða mig á því, að það skuli ekki hafa verið látin fara fram rannsókn í þessu tilefni. Og það út af fyrir sig, að þarna verður ekki beint gjaldþrot, vegna þess að þar grípa inn í öfl — kannske til að bjarga því við — ætti ekki og mætti ekki koma í veg fyrir rannsókn.

Fleira held ég að sé óþarfi að taka fram í þessu sambandi. Af ummælum hæstv. dómsmrh. virðist mér mega vænta þess, að till. sú, sem hér er til umræðu, eigi hans fylgi að fagna, og ég vona, að það sé svo um hæstv. ríkisstj. í heild og hv. þingmenn alla. Ég vænti því góðs af samþykkt þessarar till. og starfi þeirrar n., sem hér er lagt til að verði sett á stofn.

Gunnar M. Magnúss: Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður þeirrar till., sem hér hefur verið til umræðu, og að gefnu tilefni af orðum hæstv. dómsmrh., þar sem hann dró nokkuð í efa, að tilefni væri til þess að skipa slíka n. eða kjósa slíka n. hér í deildinni til rannsóknar á okri, vil ég nefna dæmi, svo sem hann óskaði að gert yrði.

Ég vil fyrst benda á það, að umræðurnar

hafa snúizt því nær eingöngu, sem komið er, um eitthvert ákveðið verzlunarfyrirtæki, sem, eins og síðasti hv. ræðumaður benti á, væri talað um undir rós, en ég sem meðflutningsmaður þessarar till. hafði þetta fyrirtæki ekki sérstaklega í huga. Og ég geri ráð fyrir því, að hugur hv. þingmanna reiki til fleiri fyrirtækja en þessa. En dæmi, sem ég ætla að nefna hér, vil ég skjóta til hinna lögfróðu manna og þá sérstaklega til hæstv. dómsmrh. og spyrja, hvort heyra muni undir okur. Það er auglýsing í Morgunblaðinu öðru hverju frá manni, sem auglýsir undir nafni, að hann láni peninga, hann leiðbeini mönnum í peningaviðskiptum og greiði fyrir viðskiptum manna. Nú fyrir um hálfum mánuði kemur kjötkaupmaður hér í bænum, sá sem sagði mér þessa sögu, til þessa manns. Þennan kjötkaupmann vantaði 20 þús. kr. til þess að leysa út kjötvinnsluvél. Hann fer til þessa manns og spyr, hvort hann geti lánað honum peninga, 20 þús. krónur. Já, það er velkomið að útvega þér peningana, 20 þús. kr., en þá verðurðu að taka einum þriðja meira, sem sagt um 10 þús. kr. til viðbótar, en það færðu ekki út í peningum, það verðurðu að taka út í vörum. — Og hvaða vörur eru það? Ja, það eru vörur af „lager", sem má selja við ýmiss konar tækifæri. Og hvaða vörur voru þetta til dæmis? Það voru nokkur hundruð tylftir af tölum. Það voru ýmiss konar leikföng. Það var keramik. Það voru postulínshundar og leirhundar og fleira, sem mætti nefna. Hann varð sem sagt til þess að geta náð í þessa kjötvinnsluvél að taka hitt og þetta skran út á um 10 þús. kr. til viðbótar. Hann treysti sér ekki til að taka þetta lán. En nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: *Heyra svona lánveitingar undir okur? Ef maðurinn hefði tekið þetta lán, var hann þá búinn að taka okurlán, og var lánveitandinn undir þá sök seldur, sem við leyfum okkur að kalla okur?* Ég vil ekki nefna nöfn í þessu sambandi, get það þó og mun gera til væntanlegrar nefndar, sem hér verður skipuð samkv. þáltill. okkar, ef þess verður óskað. Og enn fleiri dæmi mun ég geta nefnt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í ummælum hv. síðasta ræðumanns kemur það fram sem áður, að hann talar of óákveðið til þess, að hægt sé að svara þeirri fsp., sem hann bar fram, og eins of óákveðið til þess, að dómsmálastjórnin hafi færi á því að láta lög ganga yfir það athæfi, sem hann lýsti, ef það þá að athuguðu máli, sem ég get ekki dæmt um eftir hans frásögn, verður talið brjóta í bága við lög. Það þarf auðvitað að skoða betur, hvernig það lítur út. Ég vil lofa hv. þm. því, að ef hann lætur mig fá kæru frá þeim kjötkaupmanni, sem hér átti hlut að máli, eða kemur henni til mín, þá skal tafarlaust verða hafin rannsókn á þessu og engin miskunn sýnd, meðan ég er dómsmrh. Ég get auðvitað ekki sagt, hvernig fer, ef hv. 2. þm. Reykv. og Framsfl. fá því sameiginlega áhugamáli fram komið að taka mig úr embættinu, hvað þá verður gert, en meðan ég er í embættinu, skal þessu fólki engin miskunn verða sýnd. En það verða að koma fram ákveðnar kærur. Það verða að vera ákveðin málsatvik, sem hægt sé að byggja á.

Hv. 8. landsk. þm., sem talaði hér næstsíðast, sagði, að ég hefði dregið í efa, að nokkurt okur hefði átt sér stað í sambandi við þetta fyrirtæki, sem hann minntist á. Ég hygg, að ég hafi ekki sagt það, heldur að mér þætti mjög ósennilegt, að svo margar milljónir hefðu getað farið í okurvexti sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, án þess að einhver af þeim aðilum, sem þar var á móti brotið, hefði séð ástæðu til að kæra. Og það er töluvert annað en það, sem hv. þm. hafði eftir mér.

Ég ítreka það, að ég efast ekki um það og það hefur auðvitað verið svo lengi sem nokkur okkar hefur lifað og miklu lengur, að okur í einhverri mynd hefur tíðkazt bæði á Íslandi og annars staðar, eins og önnur lögbrot. Erfiðleikinn er að hafa hendur í hári lögbrotamannanna, og það verður ekki gert, nema því aðeins að þeir einstaklingar, sem brotið er á móti, þeir einstaklingar, sem komast yfir sönnunargögn um brot, eða opinberar stofnanir, sem fjalla um mál og sjá, að auðsjáanlega sé um brot að ræða, kæri brotin. Ef það ætti að taka upp þann hátt, að dómsmálastjórnin hæfi réttarrannsókn, án þess að bent sé á tiltekin atvik eða án þess að nokkur snúi sér til hennar og segi: Ég hef orðið fyrir þessum lögbrotum — eða nokkur opinber aðili fáist til þess að kæra, þá mundi af slíku atferli leiða ófyrirsjáanlega hluti. Það yrði rannsóknarréttur, „inquisition", sem auðvelt er að byrja á, en erfiðara að enda á, og ég er hræddur um, að þó að sjálfsagt megi margt að dómsmálastjórn nú finna, eins og ætíð hefur verið og verður, þá séu slíkir réttarhættir ekki að skapi Íslendinga. Og lái mér hver sem vill, að ég mun ekki taka þá upp. Hitt segi ég aftur, að ég skora á þann þm., sem hefur vitneskju um, að ég hafi skotið undir stól kæru, sem mér hafi borizt, eða að ég muni liggja á því, ef þessi eða önnur mál komi undir minn úrskurð með þeim hætti, að ég með réttmætu móti geti látið lög og rétt ganga yfir þá, sem af sér hafa brotið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 21. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 22. marz, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 413, n. 476).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Áður en ég sný mér að sjálfu málinu, vildi ég láta í ljós undrun mína yfir því, að flutningsmenn till. þeirrar, sem hér liggur fyrir, virðast telja rétt að vekja athygli utan þings á þessu máli

á mjög óþinglegan og að ég vil segja ruddalegan hátt, eins og sjá má af skrifum þeim, sem eru í dagblaðinu Þjóðviljanum í morgun, í sambandi við þetta mál. Og án þess að ég vilji beina því að nokkrum sérstökum af flm. till., þá verður þó að sjálfsögðu 1. flm. að taka á sig heiðurinn af þessum skrifum.

Eins og mönnum er í fersku minni, var þetta mál tekið út af dagskrá hér í gær að minni beiðni. Í tilefni af því hefur Þjóðviljinn skrifað nefnda grein, og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa smáklausu úr þessari grein:

„Málið var á dagskrá Nd. í gær til síðari umr., og hefði mátt ætla eftir þessa afgreiðslu n., að það ætti greiðan gang gegnum þingið." (Afgreiðsla n. var sú, að hún mælti eindregið með till.) „En rétt áður en að till. kæmi, tók Bjarni Benediktsson Björn Ólafsson út undir vegg í þingsalnum og talaði geyst yfir honum, ómjúkur á svip. Að því loknu kom Björn dálítið skömmustulegur til forseta og ræddi við hann nokkra hríð, en forseti brosti svolítið háðslega, meðan á því stóð. Svo gerðist það, að forseti tók till. um rannsókn á okri af dagskrá, enda þótt ríflegur fundartími væri enn til stefnu. Verður fróðlegt að sjá, hvort þau öfl, sem vilja hindra rannsókn á okurstarfsemi, eiga svo sterk ítök innan veggja Alþingis, að takist að hindra samþykkt á till. Einars, Lúðvíks og Gunnars, þrátt fyrir eindregin meðmæli allrar nefndarinnar."

Það er að sjálfsögðu ekki einsdæmi, að mál séu tekin út af dagskrá hér í d., og það er ekki heldur einsdæmi, að Bjarni Benediktsson og ég tölum saman hér í þingsalnum. En ég held, að það sé einsdæmi, að flm. till. hér í þingi láti blað sitt flytja svona lágreist slúður eins og þetta úr þingsölunum. Þó að þetta sé ómerkilegt, þá eru þessi skrif furðuleg og þeim til lítils sóma, sem að þeim standa. Ástæðan fyrir því, að málið var tekið út af dagskrá í gær, var ekki önnur en sú, að ég þurfti að sinna aðkallandi störfum, meðan á þingfundi stóð, og bað þess vegna forseta um að taka málið af dagskrá, svo að það yrði ekki tekið fyrir, ef ég væri ekki á fundi.

Ég get huggað hv. flm. með því, að mér vitanlega hefur ekki komið til tals, hvorki í n. né hjá nokkrum nefndarmönnum, að taka aftur þá afstöðu n., sem kemur fram á þskj. 476.

N. ræddi þetta mál nokkuð, en eins og tekið er fram í nál., taldi hún sig ekki hafa aðstöðu til að dæma um nauðsyn þeirrar rannsóknar, sem hér er um að ræða. En vegna þess, að mjög hefur verið í hámæli manna á meðal, að okurlánastarfsemi fari hér fram, taldi n. rétt, að reynt væri að fá úr því skorið, hvort nokkur fótur væri fyrir þessu. Þetta hefur sérstaklega komið upp, eins og kunnugt er, í sambandi við gjaldþrot eins fyrirtækis hér í bænum, Ragnars Blöndals h/f. Nú er að vísu svo komið, að segja má, að viðhorfið til nefndarskipunarinnar sé nokkuð breytt, þar sem málið er nú komið í opinbera rannsókn og talið er víst, að það verði rannsakað frá ýmsum hliðum, þ. á m. frá þeirri hlið, sem þessi till. fjallar um.

En þrátt fyrir þessa breyttu afstöðu hef ég ekki talið ástæðu til að breyta afstöðu minni í n. og tel þess vegna, að rétt sé að samþ. þessa nefndarskipun. Ég mæli því með því, að till. sé samþ., eins og aðrir nm.

Auk þess er ástæða til að ætla, að slík n., sem skipuð er af þinginu í þessu skyni, geti aflað sér víðtækari upplýsinga í málinu en gerast mundi í sambandi við venjulega réttarrannsókn. Ég tel vel farið, ef málið verður athugað ofan í kjölinn, og þar sem hv. flm. hafa mjög látið í það skína í sínum málflutningi hér í þinginu og utan þings í blaði sínu, að þeim væru kunnar ýmsar upplýsingar í málinu, þá er þess að vænta, að þeir leggi nú öll plögg sín á borðið og skýri frá því, sem þeir vita í málinu, þegar þingið hefur skipað n. og hún tekur til starfa. Af ræðum þeirra hefur verið hægt að skilja, að þeir vissu ýmislegt í þessu máli, sem aðrir vissu ekki. Ég get ekki betur séð en að þeim beri nú skylda til, þegar svona langt er komið og n. hefur verið skipuð, að skýra frá því, sem þeir vita í málinu sannast og réttast.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér f. h. okkar flm. að þakka hv. allshn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessari till., sem hér liggur fyrir, og mér þykir mjög vænt um, að n. skuli hafa séð nauðsyn á því að láta þessa rannsókn fara fram og mæla með því, að Alþ. grípi til þess ráðs, sem því er heimilað í stjórnarskránni og ekki hefur áður verið gripið til hér hjá okkur, að skipa sérstaka n. innandeildarþingmanna til þess að rannsaka þetta fyrirbrigði, sem við erum allir sammála um að sé meinsemd í okkar þjóðfélagi og þurfi að reyna að finna aðferðir til þess að uppræta. Ég vil þess vegna vonast eftir því, að hv. d. verði við þessum tilmælum frá hv. allshn., sem hér hafa komið fram um, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, sem lagt er til að gera þar á.

Hv. frsm. n., hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), minntist ofur lítið á í sinni annars góðu framsöguræðu, að það hefði verið gefin allskemmtileg lýsing í einu dagblaði bæjarins á smáatburði, sem fram hefði farið hér í þingsalnum. Ég verð nú að segja, að mér finnst það frekar kryddað ofur lítið, ef blaðamennirnir finna upp á að lýsa ofur lítið því, sem gerist hér öðru hverju; það er nú það dauft og leiðinlegt í þingsölunum yfirleitt og lítil afrek, sem unnin eru, að það er rétt eins og ofur lítill pipar í plokkfiskinn að fá svona smágamansamar lýsingar á því, sem þar er að gerast. Ég skal nú ekki segja, hvort þeir kunni að hafa haft einhverjar endurminningar um kátleg og þó öllu leiðinlegri fyrirbrigði, þeir sem þetta hafa skrifað.

Það er nefnilega svo, að þótt hv. 3. þm. Reykv. segi, að það komi nú ekki til tals og hafi ekki komið til tals að taka aftur neina afstöðu eða till., þá er þetta þó ekki ótítt fyrirbrigði, því miður, á þessum síðustu og verstu tímum hjá stjórnarmeirihlutanum hér á Alþingi. Frv., sem ég stóð að hér í Nd. sem einn af flm. og samþ. var í þessari d. og sent var til Ed., sent þar til nefndar og mælt einróma með af allri n., og það fjhn. Ed., og útbýtt

prentuðu þskj. um að mæla með að samþ. viðkomandi frv., hlaut þá meðferð, að meiri hl. n., stjórnarliðið í n., snerist, þegar kippt var í spottann annars staðar frá, og sami meiri hl. n. sem hafði lagt til að samþykkja þetta frv., lagði síðan til að vísa því til ríkisstj., án þess að nokkur skýring væri gefin á því, hvernig hefði staðið á þessum skyndilegu hughvörfum. Ég veit ekki, hvort það kann að hafa vakað fyrir þeim, sem skrifa, ótti við eitthvað svipað, þegar þessi frekar skemmtilega lýsing var gefin. En a. m. k. er ákaflega gott að fá nú þá yfirlýsingu frá hv. 3. þm. Reykv., að nú komi það ekki til neinna mála að fara að gera svona breytingar á afstöðu nefndar, hún standi við það, sem hún hefur sagt, og það komi ekki til tals að taka aftur þá afstöðu eða þá till. Mér þykir mjög vænt um það, og batnandi mönnum er bezt að lifa. Ég vona, að það sýni sig, að nefndirnar vilji fara að taka þessi mál dálítið fastari tökum og standa við þá afstöðu, sem þær taka. Ég sé, að n. hér eru yfirleitt farnar að gerast allmiklu virkari en verið hefur í þinginu; meira að segja nál. um frjálsan innflutning bifreiða er þegar komið hér fram, og ef þingið stæði nokkrar vikur enn þá, þá gæti ég jafnvel trúað, að hv. fjhn. þessarar d. færi að rumska. Hins vegar býst ég við, að það þurfi allmikið til, og um leið vil ég segja hv. allshn. til hróss, að hún hefur gengið vel fram í að afgreiða sínar till., og mættu aðrar n. þingsins, þær sem nú sofa værast, taka sér hana til fyrirmyndar um slíkt.

Ég vil um leið vekja athygli hv. þdm. á því, að með þeirri ákvörðun, ef samþykkt verður nú, að stofna til svona n., erum við að fara inn á nokkrar nýjar leiðir viðvíkjandi því að reyna að tryggja heilbrigði í okkar þjóðlífi. Og ég vil leyfa mér að vonast til þess, að sú tilraun, sem hv. d. gerði með því að samþ. þessa till., mætti ganga vel, mætti sýna það, að Alþ. gæti á þennan hátt, sem annars er óvenjulegur hjá okkur, lagt nokkuð fram til þess að uppræta meinsemd, sem við vitum allir að hefur viðgengizt um þó nokkurt skeið, meinsemd, sem erfitt er að komast að. Og ég vil vonast til þess, rétt eins og við, sem þetta mál flytjum, munum gera það, sem við getum, til þess að stuðla að því, að aðrir þeir, sem jafnvel eru enn þá kunnugri fjármálaheiminum, ekki sízt í Reykjavík, láti ekki sitt eftir liggja, þannig að það verði lagzt á eitt af okkar hálfu til þess að komast fyrir rætur þeirrar meinsemdar, sem þessi hv. d. væri að taka sér fyrir hendur að rannsaka með skipun þeirrar n., sem hér er lagt til.

Ég vil svo þakka hv. allshn. enn einu sinni fyrir afgreiðsluna á þessari tillögu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er sennilega ekki talið að ófyrirsynju, þótt ég segi nokkur orð um þessa till., ekki sízt eftir það, að því hefur verið haldið fram í stjórnmálablaði, sem var vitnað til hér áðan, að ég hefði sérstaka löngun til að leggjast á rannsókn í þessu máli. Mér finnst sú lýsing, sem hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) las hér upp af viðtali okkar í gær, benda til þess, að þótt því fari fjarri, að honum standi nokkur agi af mér eða uggur, þá verki ég þannig á suma og ekki sízt þann greinarhöfund og hans félaga, sem þar eiga hlut að, og hef ég ekki þar á móti. En því furðulegra er, að Þjóðviljinn skuli koma með ásökun á mig um það, að ég hafi haft löngun til þess að kveða þessa till. niður eða hindra, að hún kæmi á dagskrá, þar sem ég lét það beinlínis uppi við fyrri umr. þessarar till., að ég væri henni samþykkur og mundi greiða atkv. með henni, ef ég ætti sæti í þessari hv. d., og ég tók það svo skýrt og ótvírætt fram, að ég held, að það hafi meira að segja verið sagt frá því í þessu sama blaði, sem nú er að reyna að lauma inn hjá mönnum, að ég hafi allt aðra afstöðu í þessu máli.

En úr því að ég minnist á frásagnir blaða, get ég ekki látið vera að víta það, að annað blað hér í bænum, Alþýðublaðið, hefur hvað eftir annað, — ég hef ekki veitt því athygli, hvort það er í þingfréttum, — en hvað eftir annað í aðalgreinum blaðsins, leiðurum, haldið fram, að ég hafi mótmælt því hér á Alþingi, að okur ætti sér stað, og sagt, að mér væri það með öllu ókunnugt.

Allir þeir, sem heyrðu það, sem ég sagði um þetta atriði, þegar það bar á góma, bæði við umr. um þetta mál og í skýrslu hæstv. fjmrh., heyrðu það glögglega, að ég hélt því einmitt fram, að okur væri hér því miður mjög títt. Ég jafnaði því við skattsvik, sem við allir vitum að því miður eru mjög tíðkanleg í þessu landi, og ég sagði, að okur hefði verið hér frá landnámstíð og um alla okkar sögu og væri vafalaust ennþá. En ég tók undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði, sem ég er annars ekki alltaf sammála, að þarna væri um afbrot að ræða, sem mjög erfitt væri að festa hendur á og draga sökudólgana til réttmætrar refsingar, og því fremur væri ástæða til þess að hefjast handa og samþykkja þá till., sem hér var borin fram, vegna þess, hversu erfitt væri fyrir réttvísina að hafa hendur í hári þeirra, sem þetta afbrot fremdu. Og ég skoraði einmitt á alla þá þm., sem teldu sig hafa vitneskju um ákveðin tilfelli, ákveðnar sakir, að láta dómsmálastjórninni þá vitneskju í té og hét því með eins sterkum orðum og hægt var að hafa, að þá skyldi ég ekki liggja á liði mínu um, að þau mál yrðu rannsökuð ofan í kjölinn.

Þetta veit ég, að þeir þm. muna, sem við þessar umr. voru staddir, og hvað sem öllum skoðanaágreiningi líður, þá verður að segja það eins og er, að það er óviðunandi, það er ósæmilegt, að þegar hermt er frá ákveðnum ummælum, hvort heldur það er þingmanna eða annarra, í blöðum, þá sé þeim algerlega snúið við og það sé sagt, að menn hafi haldið fram gagnólíkum skoðunum við það, sem þeir í raun og veru fluttu. Deiluefnin eru vissulega nóg, þótt menn haldi sig að því, sem menn greinir á um, og menn finni ekki upp að skrökva því upp á andstæðinga sína, að þeir hafi sagt gersamlega allt annað en þeir í raun og veru sögðu.

Í sumum öðrum löndum er litið á slíkan mál-

flutning, slíkan fréttaflutning, sem beina lítilsvirðingu á löggjafarþingi þjóðarinnar, ef hann er viðhafður um þá stofnun, og hann er refsiverður sem slíkur. Þó að ég hafi ekki trú á því, að refsingar stoði mikið í þeim efnum, þá er það skoðun mín, að það sé mikilsvert fyrir okkur, sem sitjum á Alþingi, og að því eigum við allir að stefna, að fréttaflutningur frá Alþ. sé réttur. Við vitum, að það er hægt að bregða ýmsum blæ á frásagnir, sem birtast af atburðum, og ég vil ekki segja, að neinn einstakur sé heilagur í sinni frásögn, í því hafa sjálfsagt allir meira og minna brotið af sér, en það á að vera sameiginlegt áhugamál okkar, sem sitjum á Alþ., og það á að vera sameiginlegt metnaðarmál allra, sem við stjórnmál fást, að það lágmark sé gert, að ef höfð eru eftir ummæli, þó að andstæðinga sé, þá séu þau höfð rétt eftir, en ekki gersamlega snúið við. Slíkar frásagnir eru vissulega spillingarmerki í þjóðfélaginu, — spillingarmerki, sem horfa til þess að rugla dómgreind almennings og gera mönnum ómögulegt að gera sér grein fyrir, hvað í raun og veru hefur borið við, þannig að þá skortir forsendurnar fyrir því að dæma um, hvers eðlis þau deilumál eru, sem uppi eru á hverjum tíma.

Ég taldi rétt að benda á þetta hér, vegna þess að það er alvörumál út af fyrir sig, og það er sérstök ástæða til þess að vekja athygli á því hér, þó að það mál, sem við ræðum, sé hins vegar slíkt alvörumál, að engin ástæða er til þess að draga athygli manna frá því að öðrum efnum.

Ég drap á það á dögunum, að mér þætti ósennilegt, að slíkar misfellur sem þá var talað um hefðu legið fyrir fjármálastofnunum landsins, þegar þær afgreiddu það fjárþrotamál, sem er upphaf þessara umræðna. Ég taldi, að það væri ósennilegt. Síðan hefur ýmislegt komið í ljós um það mál. M. a. birtist s.l. sunnudag, 20. marz, í a. m. k. þremur dagblöðum bæjarins, greinargerð frá Hilmari Stefánssyni bankastjóra Búnaðarbankans, þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta, m. a.:

„Það hefur um fátt verið meira rætt og ritað að undanförnu hér í höfuðstaðnum en fjárþrotabú eins af stærstu verzlunarfyrirtækjum bæjarins, Ragnars Blöndals h/f.“

Ég hegg í það strax, að þarna er talað um fjárþrotabú. Aftur á móti veitti ég því einnig athygli, að hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) talaði um gjaldþrot, en bankastjórinn, sem auðsjáanlega vegur og metur hvert orð, sem hann skrifar um þetta, heldur sér við þetta orð: „fjárþrotabú“. Síðan heldur hann áfram með ýmsar bollaleggingar og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kom því mjög á óvart, þegar ljóst varð, í hvert óefni hér var komið. Það tók nokkrar vikur að ræða og ráðgera, hvaða ráðstafanir skyldu gerðar til að gera upp þetta fjárþrotabú, enda sjálfsögð skylda, að svo sé á málum haldið, að sem minnst töp verði.“

Svo mörg eru þau orð.

Ég hef ekki glöggar fregnir af því, hversu mikið eða stórt þetta fjárþrotabú er. Við könnumst öll við bækling, sem er kallaður „Átján milljónir í Austurstræti“. Jafnvel þótt við gerum ráð fyrir nokkurri afdrift í þeirri frásögn, þá geri ég hiklaust ráð fyrir, að um nokkuð margar milljónir sé þarna að ræða.

Ýmsir halda því fram, að töp á þessu fyrirtæki — eða reikningslegar afskriftir er kannske betur orðað — hafi hjá ýmsum aðilum orðið einhvers staðar milli 5 og 7 millj. kr. Sumir nefna hærri upphæðir í því sambandi. Ég skal ekki segja um það. En ef það lætur nærri, að þarna hafi í einni búð, sem við sjáum héðan úr þinghúsinu, tapazt milli 5 og 7 millj. kr. og beinlínis liggi fyrir sannanlegt fjárþrot, sem því nemur, jafnvel þó að vörur fyrirtækisins séu seldar með þeim hætti, sem raun ber vitni um, þá er enginn vafi á því, að hér er um að ræða mestu fjárþrot, sem eitt fyrirtæki hefur enn lent í á þessu landi, svo að mér sé kunnugt um.

Nú segir í lögum nr. 25 1929, um gjaldþrotaskipti, á þessa leið:

„Hver sá atvinnurekandi eða kaupmaður — þar með talin félög, firmu eða einstakir menn, er reka verzlun, útgerð, siglingar, verksmiðjuiðnað eða einhvern slíkan atvinnurekstur — sem stöðvað hefur greiðslu á skuldum sínum, enda sjái hann fram á það, að hann geti ekki greitt þær að fullu og fjárhagur hans versnað síðasta reikningsár, er skyldur til þess að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta.“

Þetta eru ótvíræð landsins lög.

Ég játa, að í ýmsum tilfellum er sennilega erfitt að fara eftir þessu. Við vitum, að atvinnurekstur hér á landi er með þeim hætti, að þar skiptast á skin og skuggar, og það eru mörg dæmi þess, að fyrirtæki hafa verið illa stæð, en rétt við aftur. Það er þess vegna ætíð nokkurt matsatriði þrátt fyrir þessar skýlausu reglur, sem hér eru settar, hvenær eftir þeim verður farið. Vonast ég til þess, að enginn skilji, að ég sé þar með að hvetja menn til að fara í kringum lögin. En það þarf ekki annað en að líta á hag togaraútgerðarinnar t. d., sem Alþingi hefur með opinberum ráðstöfunum talið nauðsynlegt að hlaupa undir bagga með, til þess að við sjáum, að þetta er eitt af þeim ákvæðum, sem skilja verður nokkuð með hliðsjón af atvikum hverju sinni.

Jafnframt vil ég skýra frá því, að ég lét kanna það, að þess eru engin dæmi, að dómsmrn. eða almannavaldið sjálft hefjist handa um það og skerist í leikinn og knýi menn til þess að gera sig gjaldþrota samkvæmt þessu ákvæði, enda vantar dómsmálastjórnina, löggæzluna í landinu, vitanlega öll skilyrði til þess að vera svo kunnug hag einstakra fyrirtækja, að það geti náð nokkurri átt, að á henni hvíli slík skylda.

En þess er þó að gæta, að þarna í 1. gr. gjaldþrotalaganna er fyrirmæli um það, að undir vissum kringumstæðum er skyldugt fyrir fyrirtæki að lýsa sig gjaldþrota. Við sjáum hins vegar, að bankastjórinn, sem skrifar greinargerðina, sem birtist í Morgunblaðinu 20. marz, segir, eftir að hann er búinn að gefa í skyn m. a., — já, gefa í skyn, það er ómögulegt að skilja ummælin öðruvísi, — að bókhald fyr-

irtækisins hafi verið — við skulum nota vægt orð — athugavert. Eftir það segir hann þau orð, er ég áður vitnaði til:

„Það kom því mjög á óvænt, þegar ljóst varð, í hvert óefni hér var komið. Það tók nokkrar vikur að ræða og ráðgera, hvaða ráðstafanir skyldu gerðar til að gera upp þetta fjárþrotabú, enda sjálfsögð skylda, að svo sé á málum haldið, að sem minnst töp verði.“

En er það sjálfsögð skylda? Ég spyr, eftir að ég er búinn að lesa upp 1. gr. gjaldþrotalaganna, sem enn er í gildi hér á landi: Er það sjálfsögð skylda, að fjármálastofnanir þjóðarinnar undir öllum kringumstæðum hugsi um það eitt, að sem minnst fjártöp verði? Eru ekki fleiri atriði, sem hér koma til, og ekki sízt þeir, sem falin er forsjá á sparifé þjóðarinnar, verða að sjá um?

Ég tel, að ef gjaldþrotalögin eru lesin lengra, þá komi þar glögg leiðbeining fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli. Þar segir í 7. gr.:

„Þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað gjaldþrotaskipti, skal þrotamaður tafarlaust leiddur fyrir lögreglurétt og þar skýra frá ástæðunum til gjaldþrotanna, gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á s.l. missirum og hvernig fénu hafi verið varið. Hafi þrotamaður verið bókhaldsskyldur, skal hann og gera grein fyrir bókhaldi sínu og efnahagsreikningi, og virðist dómara vera ástæða til, skal hann láta sérfróða menn endurskoða bókhald ásamt eigna- og skuldaframtali þrotamanna, svo fljótt sem verða má, á kostnað búsins. — Sé um félag eða firma að ræða, er gjaldþrota hefur orðið, skal framkvæmdastjóri þess, forráðamenn eða stjórnendur, svo og endurskoðendur reikninga þess, mæta fyrir lögreglurétti og gera grein fyrir ástæðunum til gjaldþrotanna.“

Þarna kemur glögglega fram, að löggjafinn telur, að það eitt skipti ekki öllu máli, að hver reyni að bjarga sem mestu af sínu fé og lánsstofnanir t. d. verji sig tapi, heldur skipti það einnig mjög miklu máli, að kannað sé til hlítar, hvað af peningunum hefur orðið, ef gjaldþrot verður. Ég bið menn um að misskilja mig ekki í því, að ég held því alls ekki fram, að bankastjóri — í þessu tilfelli Búnaðarbankans — og aðrir bankastjórar, sem hér eiga hlut að máli, hafi sjálfir brotið landsins lög með þessu. Ég held því ekki fram; ég segi ekkert um það, að þeim hafi borið skylda til þess að hlutast til um, að þetta fyrirtæki yrði gjaldþrota.

En ég mótmæli eindregið því, sem hér kemur fram hjá bankastjóra Búnaðarbankans, að það sé sjálfsögð skylda, að svo sé á málum haldið, að sem minnst töp verði. Ég segi: Það fer alveg eftir atvikum, hvort það á að halda þannig á málum eða ekki. Og ef það er rétt, að hér sé um mesta fjárþrotamál að ræða, sem enn fara sögur af hér á landi, þá er það vissulega nauðsynlegt, það er þjóðarnauðsyn, að það verði kannað til hlítar, hvað af þessu fé hefur orðið.

Ég vek athygli á því, að ef fyrirtækið hefði orðið gjaldþrota, þá hefði af sjálfu sér leitt réttarrannsókn á öllum þessum atriðum. Og ég vil segja það eins og er, að við það, að hindrað var, að fyrirtækið yrði gjaldþrota, vegna þess, að því er hér kemur fram í þessari skýrslu bankastjórans, að það var skoðuð frumskylda að sjá um, að bankarnir töpuðu sem minnstu, — að við það hefur hvers konar orðrómur og söguburður um spillingu í íslenzku fjármálalífi og þjóðlífi fengið margfaldan byr undir vængi. Ég fullyrði, að það er margra milljóna virði, það er milljónatuga virði að kanna það til hlítar, hvort þær sagnir eru réttar, sem um þessi efni ganga, og ef þær eru réttar, að uppræta þá hneykslið til fulls.

Ég hef gert mér grein fyrir, að mér yrði legið á hálsi fyrir það sem dómsmálaráðherra að skerast ekki í þennan leik. Ég hef reynt í störfum mínum sem dómsmrh. að halda á þeim óhlutdrægt. Á þeim manni, sem með þau mál fer, brotna ýmis veður, og ýmsum sýnist sitt hvað um það, sem hann gerir. Mér er þetta ljóst. En það er eitt, sem hann verður að fylgja sjálfur og vera öruggur um að fylgja: Sinni eigin sannfæringu um að gera ekki upp á milli um rannsóknarfyrirskipanir, málshöfðanir og það, sem til hans tekur í þessum efnum. Honum getur brugðizt eins og öðrum, honum getur missýnzt, en hann verður a. m. k. að vera sannfærður um það með sjálfum sér, að hann sé að gera rétt.

Eftir þeim reglum, sem fylgt hefur verið, var dómsmálastjórninni ómögulegt að skerast í þetta mál, eftir að búið var með atbeina bankanna að semja um það eins og gert var, þangað til eitthvað annað gerðist í málinu. Við skulum aðeins hugsa okkur, hvernig færi, ef ætti að fara eftir öllum þeim orðróm, sem hér kemst á kreik. Við skulum taka það litla dæmi, sem hv. 3. þm. Reykv. vitnaði í hér í upphafi máls síns. Við, hann og ég, töluðum hér saman í gær, og það er strax orðin meginfrétt í blaði, að við höfum verið að koma okkur saman um að kveða þessa rannsókn niður. Annað dæmi: Ég tala hér á Alþingi og segi hiklaust: Það á sér stað okur á Íslandi. — Þegar sú fregn er komin í Alþýðublaðið, þá er það: „Einfeldningurinn í dómsmálaráðherrastöðu“ segir: Það er ekkert okur á Íslandi. — Þannig gengur fréttaflutningurinn, og þannig myndast sögur meira og minna að tilefnislausu.

Það tjáir ekki fyrir dómsmrh. að sitja og ætla að steypa sér yfir menn, meðan hann hefur ekki annað en söguburð, hversu ríkur sem hann kann að vera, til þess að halda sér að. Hann verður að byggja ráðstafanir sínar á staðreyndum, á ákveðnum atvikum, og fylgja síðan málum fram eftir því.

Ég játa það, að ég gerði það í þessu máli rólegri en oft áður, vegna þess að ég hugði, að ef eitthvað væri til í þeim söguburði, sem uppi var, þá mundi brátt að því koma, að dómsmálastjórninni gæfist færi á að skerast í þennan leik. Og það leið heldur ekki á löngu þangað til formaður bankaráðs Búnaðarbankans taldi, og ég hygg það mjög vel farið, að hann taldi rétt að hnekkja ásökunum, sem á hann voru bornar sérstaklega í þessu máli, með því að biðja um réttarrannsókn. Það sýnir, að hann telur málstað sinn vera slíkan, að hann verði sterkastur með því, að allt liggi hreint

fyrir í málinu af hans hálfu. Honum hefði vel getað nægt að biðja bara um málshöfðun á þann, sem bar á hann sakir. Þá hefði ég eftir landsins lögum verið skyldugur til að höfða það mál, og sá, sem ummælin hafði í frammi, orðið dæmdur jafnvel án tillits til þess, hvort ummælin voru rétt eða röng, ef hann sjálfan brast möguleika til að færa sönnur á sitt mál. Hv. þm. Str. kaus ekki þann kost. Hann kaus þann kost að óska eftir því, að rannsókn færi fram á vissum atriðum, sem hann taldi meginmáli skipta, að fram færi hlutlaus réttarrannsókn um það, hvort þau stæðust eða ekki, og síðan — og fyrst eftir að niðurstaða þeirrar rannsóknar lægi fyrir — yrði tekin ákvörðun um það, hvort höfða ætti mál út af þessum meiðandi ummælum. Ég tel, að hv. þm. Str. hafi í því máli komið skörulega fram og það megi þakka honum fyrir það, að með þessu hafi hann í raun og veru opnað dyrnar, snúið lyklinum til að opna dyrnar, sem bankarnir og aðrir aðilar áður voru búnir að loka að rannsókn málsins.

Ég sé að vísu, að Þjóðviljinn heldur því fram í morgun, að: „Dómsmálaráðherra vill ekki láta rannsaka Blöndalsmálið. — Réttarrannsóknin tekur aðeins til ásakana Jónasar á Hermann," stendur í því blaði, og styður þá fullyrðingu, ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, við þessa frásögn:

„Þjóðviljinn sneri sér í gær til sakadómara og spurðist fyrir um það, hvernig rannsókn þessari yrði háttað. Kvað hann dómsmrn. hafa mælt svo fyrir, að hún skyldi bundin við þau atriði, sem máli skipta um sanngildi ásakana Jónasar Jónssonar gegn Hermanni Jónassyni, svo og önnur þau atriði, sem rannsóknin sjálf kann að gefa tilefni til."

Af þessari frásögn dregur svo blaðið þá ályktun, að ég vilji ekki rannsókn á þessu svokallaða Blöndalsmáli.

Ég spyr nú hv. þingheim: Hvað felst annað í rannsóknarfyrirskipuninni, sem Þjóðviljinn segir rétt frá að efni, þar sem segir, „að rannsaka á önnur þau atriði, sem rannsóknin sjálf kann að gefa tilefni til," — hvað felst annað í þessu en að ef eitthvað tortryggilegt kemur upp í rannsókninni, sem Hermann Jónasson hefur óskað eftir, þá beri sakadómara að halda þeirri rannsókn tafarlaust áfram?

Þetta virðist vera eins skýrt og frekast er unnt. Og ég vil taka það fram, að þessi almenni fyrirvari, sem þarna er á rannsóknarskipuninni, er ekki sérstakur miðað við þetta mál, heldur yfirleitt tíðkaður, ef nokkur ástæða þykir til, í sams konar fyrirmælum frá ráðuneytinu.

Ég tel rétt, að það komi fram, að nú þegar er komið í ljós við þessa rannsókn atriði, sem hefur gefið sakadómara samkv. þeirri fyrirskipun, sem ég gaf honum, ástæðu til að færa mjög út vettvang rannsóknarinnar. Fyrir rétti í þessu máli mætti í morgun Jón Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, Nýjabæ á Seltjarnarnesi, og það er rétt, að ég lesi upp útskriftina, til þess að ekki verði sagt, að ég hafi hlaupið þar yfir neitt:

„Mættur er sem vitni Jón Guðmundsson löggiltur endurskoðandi, Nýjabæ á Seltjarnarnesi, 56 ára. Áminntur um sannsögli.

Hann er meðeigandi að endurskoðunarskrifstofu N. Manscher & Co. hér í bænum og hefur starfað í þeirri skrifstofu, síðan hún var stofnuð árið 1937. Skrifstofan hefur haft með höndum endurskoðun á bókhaldi Ragnars Blöndals h/f frá stofnun þess félags og einnig á bókhaldi verzlunar Ragnars Blöndals, sem var fyrirrennari hlutafélagsins. Bókhald hlutafélagsins árið 1953 og síðan hefur verið fært í endurskoðunarskrifstofunni. Vitnið fullyrðir, að Hermann Jónasson, fyrrverandi ráðh., hafi aldrei, sér vitanlega, verið við nefnd fyrirtæki riðinn og að hann hafi aldrei verið bókfærður sem eigandi að neinum hluta í þeim eða hlotið neinar tekjur frá þeim.

Vitnið hefur ekki í höndum fullkominn lista yfir skuldheimtumenn félagsins, en telur, að hrl. Ólafur Þorgrímsson muni helzt hafa þann lista.

Upplesið. Staðfest.

Aðspurður skýrir vitnið svo frá, að hann hafi ekki vitað annað en að bókhald Ragnars Blöndals h/f væri í samræmi við hag félagsins, þar til nú eftir áramótin, að í ljós kom, að framkvæmdarstjórinn hafði haldið einhverjum skuldaskilríkjum utan við bókhaldið og leynt vitnið þeim. Vitnið veit ekki, hve háum upphæðum þessi skilríki nema, en þær munu vera talsvert háar. Skattstofan í Reykjavík hefur fyrir fáum dögum fengið í sínar hendur allt bókhald fyrirtækisins frá vitninu.

Bókhald fyrirtækisins er ekki fært til enda, og hefur vitnið farið fram á það við skattstofuna að fá það afgreitt sem fyrst til að geta lokið því.

Upplesið. Staðfest.

Dómari kvað þá upp svofelldan úrskurð:

Þar sem fram er komin umsögn endurskoðanda verzlunarfyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f um, að bókhaldsgögn þau, sem hann fékk í hendur frá félaginu, hafi ekki verið í samræmi við raunverulegan hag félagsins, heldur hafi ýmsum skuldaskilríkjum verið haldið utan við bókhaldið, þykir rétt, að dómurinn taki allt bókhald og bókhaldsgögn Ragnars Blöndals h/f í sínar vörzlur. Leita má að bókhaldsgögnum þessum, þar sem þau eru talin vera, og leita má í hirzlum.

Því úrskurðast:

Dómurinn tekur allt bókhald og bókhaldsgögn Ragnars Blöndals h/f í sínar vörzlur. Leita má að gögnum þessum, þar sem þau eru talin vera, og leita má í hirzlum.

Valdimar Stefánsson."

Með þessu er komið það, sem koma þurfti, möguleiki til þess að kanna þetta mál af réttvísinnar hálfu alveg ofan í kjölinn, enda var vitað mál, ef marka mátti þær frásagnir og þann orðróm, sem gekk, að strax og slík rannsókn hæfist, sem hv. þm. Str. óskaði eftir, mundi sjálft aðalmálið dragast þar inn í.

Vitanlega var það ómögulegt fyrir dómsmálastjórnina að láta það líðast, eftir að fram kemur, að löggiltur endurskoðandi lýsir því yfir fyrir dómi, að hann hafi ekki fengið rétt gögn

til þess að gera bókhaldið eftir, að slíkt yrði ekki rannsakað til hlítar. Þá varð að halda áfram. Þar var komið það tilefni til áframhaldandi rannsóknar, sem ég gerði ráð fyrir í rannsóknarfyrirskipun minni.

Um þetta mál skal ég svo ekki frekar ræða á þessu stigi. Ég vil ekki vera með ásakanir á neinn í þessum efnum á þessu stigi. Ég tel, að það moldviðri, sem upp um þetta hefur verið þyrlað, sé að ýmsu leyti skiljanlegt, vegna þess að þegar slíkir atburðir gerast, að í fyrirtæki, ekki veigameira en þessi búð niðri í Austurstræti er, tapast jafnmargar milljónir og þar hafa tapazt, þá er ekki aðalatriðið fyrir fjármálastofnanir þjóðarinnar að hugsa um, hvort þær tapi einni milljón meira eða minna á því fyrirtæki, heldur að kanna til hlítar, hvernig á þessu stendur og hvort hér er um að ræða víðtækari meinsemd í okkar fjármálalífi en við áður höfðum gert okkur grein fyrir.

Ég fagna því mjög, ekki að þessi ósköp skuli hafa gerzt, heldur fagna ég því, að nú skuli vera búið að opna þær dyr, sem áður var gerð tilraun til þess að loka, um leið og ég fagna því, að þessi till., sem hér er borin fram, skuli væntanlega ná samþykki, hafa hlotið a. m. k. einróma stuðning n., vegna þess að almenningur á heimtingu á því, að hér sé gengið alveg milli bols og höfuðs á spillingu, ef um spillingu er að ræða, og ef um ósannan söguburð er að ræða, þá eiga þeir, sem fyrir röngum sökum eru hafðir, einnig rétt á því að verða hreinsaðir.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Í framsöguræðu, sem hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) hafði fyrir nál. á þskj. 476 um okur, gaf hann í skyn, að ég hefði á einhvern hátt stuðlað að því, sem stóð í þeim skrifum, sem um þetta mál birtust í Þjóðviljanum í gær, og vil ég upplýsa hv. þm. um, að það er á misskilningi byggt. Ég hafði engar viðræður átt við blaðamenn Þjóðviljans um málið. (Gripið fram í.) Hafi þetta verið hans álit, þá er það algerlega á misskilningi byggt. (Gripið fram í.) Ég gat dregið það út úr ræðu hans, að hann áliti, að ég hefði farið með þetta í blaðið. Hins vegar er það ekki óalgengt, að þingfréttaritarar blaðanna komi með ýmislegt í blöðum sínum, sem gerist hér á hv. Alþ., en það sé ekki nákvæmlega sannleikanum samkvæmt. Ég minnist þess t. d., að í vetur birtust hér í einhverju víðlesnasta blaði í bænum ummæli hv. 9. landsk. þm., sem blaðið taldi sig hafa orðrétt eftir. Ummælin voru rangt eftir höfð. 9. landsk. lét birta kafla úr ræðu sinni alveg orðrétt og óskaði eftir, að viðkomandi blað leiðrétti þær rangfærslur, sem það hefði birt úr ræðu hans. Það var ekki leiðrétt. Hér er um annað að ræða. Blaðamanninum hefur fundizt það dálítið einkennilegt, að þessir hv. þm. áttu samtal saman og rétt á eftir var málið tekið út af dagskrá. Nú er upplýst, að það hefur ekkert slíkt vakað fyrir þessum hv. þm., og allir elskusáttir á það, að þetta mál skuli fá afgreiðslu hér á hv. Alþ. Við höfum orð sjálfs hæstv. dómsmrh. fyrir því, að hann skuli gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að afhjúpa og draga fram í dagsljósið, ef um okur er að ræða í þessu landi. Ég segi fyrir mig sem einn af þm. þessarar hv. d., að ég er ánægður með þessi ummæli, og þau verða ekki gleymd; eftir þeim verður munað.

Ég vil svo að lokum mega treysta því, að þeirri n., sem kann að verða kosin hér til rannsóknar á okri, megi vel farnast í sínum störfum. Ég þykist vita það líka eftir þau mjög svo sterku ummæli, sem hæstv. dómsmrh. hefur haft um þetta mál, að það muni ekki standa á því, að væntanlegri n. verði fengin í hendur öll þau gögn, sem hún óskar eftir, bæði frá einstaklingum, hlutafélögum og bönkunum, þessu máli viðkomandi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að láta með fáeinum orðum í ljós ánægju mína yfir þeim skörulegu ummælum, sem hæstv. dómsmrh. viðhafði hér áðan um vilja sinn og dómsmálastjórnarinnar til þess að láta kafa til botns í því fjármálahneyksli, sem gerzt hefur í sambandi við fjárþrot verzlunarfyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f. Ég vænti þess, að sú verði niðurstaða þess máls, að allt verði þar leitt í ljós, sem ástæða er til þess að í ljós komi, svo að ekkert verði í framtíðinni á huldu varðandi það mál.

Ég hugleiddi það stundum, meðan sögusagnir gengu í bænum fyrst varðandi þetta mál, líkt og hæstv. dómsmrh. lýsti í ræðu sinni áðan, að svo virtist sem fyrirtæki þetta væri skylt til þess samkvæmt gildandi landslögum að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta. Á því gæti varla leikið nokkur vafi, að fyrirtækið ætti ekki fyrir skuldum, og að það væri á vitorði eigenda og forsjármanna fyrirtækisins, að það ætti ekki fyrir skuldum, og að önnur þau atriði, sem jafnframt eru skilyrði þess, að fyrirtæki sé skylt að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta, væru einnig fyrir hendi. Mér virtist þetta, samkv. því, sem sagt var manna á meðal og fram hafði komið í blöðum, vera svo augljóst, að það væri farin að verða ástæða til þess fyrir dómsmálastjórnina að hefjast handa í þessum efnum. En tilefnið kom, sem betur fer, í rannsóknarbeiðni hv. þm. Str., Hermanns Jónassonar, form. bankaráðs Búnaðarbankans, sem gerð var í tilefni af flugriti Jónasar Jónssonar. Þó að sú rannsóknarbeiðni snerti að vísu, eins og raunar var við að búast, fyrst og fremst þau málsatriði, sem rætt var um í nefndum bæklingi, þá virðist það ætla að verða niðurstaða málsins, að það verði rannsakað í heild, og fagna ég því fyrir mitt leyti mjög, að svo skuli verða. Á því virðist enginn vafi leika, að hér í bænum er um að ræða ýmiss konar fjármálaspillingu, sem nauðsynlegt er fyrir dómsmálastjórnina og réttvísina að kafa til botns í og gera sitt ýtrasta til að útrýma. Þetta mál virðist einmitt vera tilefni til þess að gera ráðstafanir í þá átt. Ég endurtek sem sagt, að ég fagna því fyrir mitt leyti, að skriður skuli vera kominn á málið, og vænti þess, að þannig verði áfram haldið, að það upplýsist að fullu.

Þetta var þó ekki tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, heldur annað atriði í ræðu hæstv. dómsmrh. Hann vék nokkrum orðum að því,

að blað flokks míns hefði haft ranglega eftir ummæli sín á Alþ. við fyrri hluta umræðu þessa máls. Ég hef aflað mér upplýsinga um, hvað í Alþýðublaðinu hefur um þetta mál verið sagt, og mér er sagt, að í þingfréttum blaðsins hafi aldrei verið vikið einu orði að umræðum um þetta mál, heldur aðeins sagt frá, að till. hafi komið fram og hverjir hafi verið flutningsmenn hennar, hins vegar hafi einum tvisvar eða e. t. v. þrisvar sinnum verið vikið að umræðunum í forustugreinum blaðsins. Þó að ég minnist þess ekki sjálfur, með hverjum hætti það hafi verið, dreg ég engan veginn í efa, að hæstv. dómsmrh. hafi þar skýrt rétt frá, að ummæli sín um þetta efni hafi þar verið rangfærð, og skal ég gjarnan taka fram, að það harma ég og tel skyldu blaðsins að leiðrétta það, sem þar kann að hafa verið rangsagt.

En jafnframt vék hæstv. dómsmrh. að atriði, sem ég hef sjálfur margoft hugleitt áður, þ. e. varðandi fréttir blaðanna af þingfundum, af þeim umræðum, sem hér fara fram. Um það mál er það skemmst að segja, að þeim er mjög ábótavant, svo ábótavant, að það er íslenzkum blöðum til skammar, svo ábótavant, að ég hef oft hugleitt það og rætt það við mér fróðari menn í lögum, hvort ekki væri ástæða til þess að gera lagalegar ráðstafanir til að tryggja, að þingmenn þurfi ekki að þola það, að í blöðum séu beinlínis ranghermd eftir þeim ummæli, sem þeir viðhafa hér í þessum ræðustóli. Það er algerlega rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að hér er ekkert smámál á ferðinni. Hér er mál, sem snertir sóma löggjafarsamkomunnar og einn af hornsteinum lýðræðis og málfrelsis í landinu. Ef þingmenn geta átt von á því, að í blöðum sé því algerlega snúið við, jafnvel í feitletruðum fyrirsögnum, sem þeir segja hér á hinu háa Alþingi, þá er í raun og veru grundvellinum kippt undan því, að sómasamlegar og málefnalegar umræður geti farið fram um þjóðmál í landinu. Víða annars staðar lítur blaðamannastéttin á það sem helga skyldu sína, sem eina af frumskyldum sínum, að hafa bein ummæli ávallt rétt eftir. Hitt er svo annað mál, að þeim má í frásögnum og túlkun gefa mismunandi blæ, og um það er ekki að sakast. En séu ummæli höfð eftir, eiga þau að sjálfsögðu að vera rétt höfð eftir. Á þessu hefur því miður verið mjög mikill misbrestur.

Og þannig er mál með vexti, að blað hæstv. dómsmrh., sem er langstærsta og langútbreiddasta blað landsins, hefur ekki verið eftirbátur annarra blaða um þetta efni, nema síður væri. Morgunbl. er svo stórt blað, svo miklu stærra en öll önnur blöð landsins, að það ætti að hafa bezt skilyrði til þess allra blaða að flytja t. d. mjög ýtarlegar og greinargóðar fréttir frá umræðum á Alþingi og gæta þess, að fram komi öll meginatriði í umr. um mál. Ég veit, að öllum hv. alþm. er ljóst, að mikið skortir á, að svo sé, og skal ég þó ekkert sérstaklega deila á Morgunblaðið í þessum efnum frekar en önnur blöð, heldur ræða hér blaðamennskuna almennt. Þó get ég tekið fram sem eins konar kvittun, ef svo mætti segja, fyrir það dæmi, sem hæstv. dómsmrh. nefndi, að sjálfur hef ég oftar en einu sinni orðið fyrir því, að hans málgagn hafi alveg snúið við merkingu í orðum, sem ég hef hér viðhaft í þessum ræðustól. Ég man t. d. eftir því einu sinni, um það leyti sem ég var að hefja afskipti af stjórnmálum, að það var gert á mjög áberandi hátt. Ég bað þá Morgunblaðið fyrir leiðréttingu á þessum ummælum, örstutta — þetta var fyrir tíu árum — og tví- eða þríbað um birtingu hennar, en var um það synjað. Lesendur blaðsins, sem ekki lesa önnur blöð, hlutu að standa áfram í þeirri meiningu, að ég hefði sagt allt annað en ég hafði sagt. Eftir því sem árin færast yfir mann, þó að þau séu ekki orðin mörg enn, verður maður smám saman minna viðkvæmur í þessum efnum, þó að maður ætti í raun og veru ekki að vera það, þó að maður ætti í raun og veru alltaf að halda áfram að gera þá kröfu, að það, sem kemur fram í blöðum um umræður, a. m. k. hér á Alþingi, sé rétt og ekkert annað en það, sem er rétt.

Ég skýt því fram hér í tilefni af þessum umræðum, hvort ekki væri rétt að taka ákvæði í refsilögin um, að það skuli varða refsingu að skýra beinlínis eða vísvitandi rangt frá ummælum, sem annar maður viðhefur almennt eða í stjórnmálaumræðum, eða jafnvel að það yrði bundið við Alþ. eitt. Allir þekkja í meginatriðum ákvæði meiðyrðalöggjafarinnar og hversu ströng þau eru. Með tilliti til þess, hve ströng þau eru, er það í raun og veru furðulegt, að ekki skuli vera í íslenzkum refsilögum nein ákvæði, sem hægt væri að beita til refsingar, ef skýrt er beinlínis — og e. t. v. vísvitandi — rangt frá staðreyndum, t. d. ummælum manns algerlega snúið við. En mér er sagt svo, að eins og ákvæði gildandi laga séu, þá sé það ekki talið refsivert, ef ekki verði talið um meiðyrði að ræða. Ég hef oft hugleitt, með hvaða hætti væri hægt að koma slíkum ákvæðum inn í refsilög, og játa fullkomlega, að það mundi verða miklum erfiðleikum bundið. Þeir, sem ég hef leitað til um þetta, hafa ekki getað bent mér á leið, sem væri fullnægjandi og næði markmiði sínu. En því vildi ég skjóta fram í þessu sambandi til hæstv. dómsmrh., því að mér virtist það af ræðu hans áðan, að hann gerði sér fyllilega grein fyrir nauðsyninni á því, að eitthvað verði hafizt handa í þessum efnum, og skaðsemi þess, að það skuli geta komið fyrir og látið óátalið, að rangur fréttaflutningur, t. d. héðan af löggjafarsamkomunni, eigi sér stað, hvort hann vildi ekki hugleiða eða láta athuga, hvort ekki væri ástæða til þess að breyta refsilögunum með einhverjum hætti í þá átt, að rangur fréttaflutningur af stjórnmálaumræðum, jafnvel þótt bundið yrði við Alþ., yrði með einhverjum hætti látinn varða við lög. Eins og ég sagði áðan, hlýtur einmitt þetta, að tryggja sannar og réttar frásagnir, heiðarlegar frásagnir af stjórnmálaumræðum, að teljast til þeirra ráðstafana, sem getur ekki verið um deilt að eru nauðsynlegar til að vernda lýðræðið í landinu.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja hér nokkur orð í

tilefni af þeirri mjög svo athyglisverðu ræðu, sem hæstv. dómsmrh. hélt hér áðan.

Ég vil fagna því, að þetta mál, sem hér hefur verið til umræðu og er raunverulega ástæðan fyrir þeirri till., sem hér er til umr., þ. e. fjárþrotamál verzlunarinnar Ragnars Blöndals h/f, virðist nú vera komið á það stig, og ég vil mega treysta því, að þau ummæli hæstv. dómsmrh. séu rétt, að málið sé komið á það stig, að það verði nú rannsakað allt ofan í kjölinn.

Hins vegar vil ég líka vekja athygli á því, að ég er ekki alls kostar ánægður með ummæli hæstv. dómsmrh. og íslenzkt réttarfar þar með, að því leyti, að þetta mál, eins og það virðist nú liggja fyrir, hefði að öllum líkindum ekki verið rannsakað, ekki farið fyrir dómstóla, ef sú tilviljun, ég vil orða það svo, hefði ekki ráðið, að hv. þm. Str. (HermJ) sá sig tilneyddan eða taldi ástæðu til að óska rannsóknar fyrir sína hönd út af ummælum, sem um hann voru höfð persónulega.

Hæstv. dómsmrh. las hér upp útskrift úr réttarhöldum áðan í sambandi við þetta mál. Þar er því lýst, að þetta fyrirtæki hafi látið endurskoðanda eða endurskoðunarfirma færa bókhald sitt, til að gefa sér aukið traust væntanlega, til að láta svo líta út í augum lánsstofnana m. a., að þetta væri traust og öruggt fyrirtæki, sem hefði sitt bókhald hjá endurskoðanda. En við réttarrannsóknina kemur í ljós, að endurskoðunarfirmað og endurskoðandinn fær ekki í hendur öll gögn fyrirtækisins. Bókhaldið er þar með falsað og það á mjög alvarlegan hátt. Jafnvel þetta atriði, þó að við sleppum öllu okri, er eitt svo alvarlegt og svo geigvænlegt að hugsa sér það, að fyrirtæki, sem þannig hagaði sér, gat sloppið við réttarrannsókn, þó að það væri komið í fjárþrot, að ég vil vekja alveg sérstaka athygli á því. Ég furða mig á því, að íslenzku réttarfari skuli svo háttað, að þannig hlutir geti átt sér stað, án þess að kært sé yfir. Ég skal taka það fram, að ég er ekki löglærður maður, og þess vegna vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. í sambandi við þetta mál, hvort það sé alveg áreiðanlega rétt, ef tilefni hefði ekki komið frá hv. þm. Str. og ósk um að rannsaka þetta mál eða hans aðild að því, að dómsvaldinu hafi verið ókleift að hefja þessa rannsókn.

Hæstv. dómsmrh. las hér upp 1. gr. gjaldþrotalaganna, þar sem svo er ákveðið, að sé fyrirtæki gjaldþrota, geti ekki staðið við sínar skuldbindingar, greitt skuldir sínar, þá skuli því skylt að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. Nú lá það fyrir alveg ótvírætt og sannanlega, að þetta fyrirtæki var gjaldþrota, eins og hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) orðaði það. Það var gjaldþrota. Vörubirgðir þess höfðu verið seldar. Það var hætt starfseminni, og það lá augljóslega fyrir, a. m. k. ómótmælt. Því var haldið fram opinberlega, og því hafði ekki verið mótmælt af viðkomandi aðilum, að þeir hefðu gefið eftir svo og svo mikið af skuldum sínum, þannig að það átti að vera ljóst, að fyrirtækið gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, ekki greitt skuldir sínar. Fyrirtækið var sem sagt gjaldþrota. Það vissu allir. En samt sem áður taka einstakir aðilar sig saman um það að koma málinu þannig fyrir, að fyrirtækið gefi sig ekki sjálft upp til gjaldþrotaskipta. Þeir sætta sig við að gefa eftir án þess að kæra út af málinu eða óska eftir rannsókn.

Eina atriðið, sem eftir er í þessu máli, er það, að forstjóri eða framkvæmdarstjóri fyrirtækisins eða stjórn fyrirtækisins gangi fram fyrir skjöldu, fari til dómsmálastjórnarinnar og óski eftir gjaldþrotarannsókn, — gefi sig upp sem gjaldþrotabú. Það er eina atriðið, sem eftir er. Öll önnur atriði varðandi málið eru ljós. Allt annað er staðreyndir. Það á ekki fyrir skuldum. „Lagerinn“ er seldur og húsnæðið leigt. Fyrirtækið hættir störfum. Var þetta ekki nægilegt tilefni fyrir dómsmálastjórnina til að hefjast handa, til að hefja rannsókn? Þurfti að bíða eftir því, jafnvel í lítilli von, að einhver aðili kærði út af einhverju atriði, sem svo gat dregið rannsóknina áfram út í það að verða allsherjarrannsókn? Var það nauðsynlegt? Og sýna ekki öll atriði, m. a. sá réttarútdráttur, sem hér var lesinn upp, að það hefði verið þessu þjóðfélagi algerlega nauðsynlegt til þess að komast fyrir þá spillingu, sem hér er á almannavitorði, að rannsókn hefði verið látin fara fram í þessu máli? Er það ekki nauðsynlegt, t. d. fyrir bankana, að fá það staðfest með rannsókn, að fyrirtæki geti látið löggiltar endurskoðunarskrifstofur, löggilta endurskoðendur, færa bókhald sitt árum saman, en bókhaldið er algerlega rangt, upplýsingarnar, sem lánsstofnanirnar fá frá löggiltum endurskoðanda, eru algerlega einskis virði? Og er það ekki skylda réttvísinnar, þegar fyrir liggur jafnhávær orðrómur og jafnmiklar sannanir og hér lágu fyrir í þessu máli, að hefja rannsókn? Og ég vil enn spyrja: Hefur ekki hæstv. dómsmrh. látið hefja rannsóknir í hliðstæðum málum, ekki sams konar, en sambærilegu máli, án þess að bein kæra lægi fyrir? Í þessu máli hér var fyrst og fremst um að ræða og fyrst og fremst rætt um okurlánastarfsemi. Síðan hefur komið í ljós ýmislegt annað, t. d. þetta, sem ég var að tala um bókhaldið, en það, sem fyrst og fremst var rætt um, var okurlánastarfsemin. Þessi okurlánastarfsemi er ólögleg í okkar þjóðfélagi og bönnuð samkvæmt lögum, það vitum við. En það er hliðstætt eða sambærilegt mál hér og hefur verið mörg ár á döfinni, kannske allt frá landnámstíð, eins og hæstv. dómsmrh. sagði um okrið; það er svo-kölluð sprúttsala. Þar hefur hæstv. dómsmrh. eða dómsmálastjórnin látið fara fram rannsóknir hjá einstökum mönnum, án þess að kæra væri lögð fram á þessa menn. Það hafa meira að segja farið fram rannsóknir hjá bílstjórum, það hefur verið skoðað í þeirra bíla, án þess að nokkuð sannaðist á þá og þó að þeir væru sárasaklausir, og þetta var gert vegna þess, að almannarómurinn sagði og vissi, að þarna var um lögbrot að ræða. Þessa aðferð hefur enginn mér vitanlega átalið; að svona var gengið í þessi mál, að svona voru þau rannsökuð, þó að engin bein kæra lægi fyrir, hefur enginn maður átalið, mér vitanlega, heldur talið þetta sjálfsagða og nauðsynlega ráðstöfun af hendi

dómsmálastjórnarinnar. Og mér sýnist, að þegar orðrómurinn um okurlánastarfsemina og jafnvel allveigamiklar röksemdir og sannanir hníga að því, að hún á sér stað, dómsmálaráðherrann meira að segja veit um það, eins og hann lýsti hér yfir, þá hljóti að vera sams konar ástæða til að rannsaka þau mál á sama hátt og sprúttsalan hefur verið rannsökuð og reynt að uppræta hana að undanförnu. Nú vil ég taka það enn fram, að ég er ekki löglærður, veit ekki, hvort þetta er fullkomlega rétt. Þetta lítur svona út frá mínu sjónarmiði. En ég vil beina þessum orðum, sem ég hef hér sagt, sem fsp. til hæstv. dómsmrh. Mér sýnist þetta mál vera svo alvarlegt og þessi mál, að það megi ekki láta tilviljun ráða, hvort einhver maður er svo hörundssár, eins og hv. þm. Str. virtist í þessu tilfellli vera, að hann gat ekki þolað þau ummæli, sem Jónas Jónsson hafði um hann, og óskaði eftir rannsókn; það megi ekki láta slíkt ráða því, hvort þetta ástand í þessum málum og sú spilling, sem hér um ræðir, verður rannsökuð eða rannsökuð ekki.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er eðlilegt, að sú fyrirspurn sé borin fram, sem hv. síðasti ræðumaður bar fram, og vitanlega hlýt ég að hafa spurt sjálfan mig að því oft og mörgum sinnum þær vikur, sem þetta mál hefur staðið yfir, hvort rétt væri af mér að hefja rannsókn. Og ég hygg, að það hafi komið glögglega fram í minni ræðu, að ég sem sagt hafði hug á því að gera rannsókn, jafnskjótt sem ég taldi mér það fært samkv. þeim reglum, sem um sams konar mál er fylgt.

Það er alveg hiklaust, og við skulum ekki vera í neinum vafa um það, að ég hefði hvenær sem var haft heimild til þess að fyrirskipa rannsókn út af þessu máli. Það er alveg sambærilegt við annað dæmi, við skulum segja, — ja, ég hef hv. 2. þm. Reykv. fyrir augunum. Ég hef stundum séð það í blöðum, að þegar menn eru að líta í skattskrár, — ég er ekkert að færa að honum, — en ég hef séð það í blöðum, að hv. þm. þætti hafa ótrúlega lítla skatta, miðað við ýmis atvik. Ég hefði auðvitað fullkomið leyfi til þess að fyrirskipa rannsókn á hv. þingmann samkvæmt þessu, en hætt er við, að það þætti misbeiting, ef slíkt væri gert, án þess að meira kæmi til. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt neitt ljótt af þeirri tegund um hv. síðasta ræðumann, svo að ég hef ekki haft ástæðu til þess að hugleiða það, hvort ég ætti að fyrirskipa á hann opinbera rannsókn, þó að ég sé ekkert sérstaklega ánægður með hans stjórnmálaskoðanir. Dómsmálastjórnin eða sá, sem með hana fer, verður hverju sinni að hugleiða vandlega, hvernig hún á að beita valdi sínu. Mér dettur ekki í hug að halda öðru fram en að þar geti ýmsar mismunandi skoðanir komið fram. Ég tel, að miðað við þau fordæmi, sem fyrir hendi eru, og miðað við öll atvik, hafi málið ekki verið komið á það stig, að ég hefði réttmæta ástæðu til þess að hefjast þar handa, enda vil ég vekja athygli á því, að það eru ekki ýkja margir dagar síðan þetta mál var rætt hér í d. áður, og þá talaði enginn svo hreint út um þetta mál, að hann ásakaði mig eða gæfi neitt í skyn um það, að ég hefði vanrækt að höfða réttarrannsókn á þetta tiltekna fyrirtæki. Og hvað sem um mína hv. andstæðinga verður sagt að öðru leyti, viðurkenna þeir þó væntanlega, að þeir eru ekki feimnir við að skamma mig, þegar þeim þykir tilefni til.

Í rökfærslu hv. þm. áðan er sú veila, — ég bara bendi honum á það, — að eins og sakir standa, er þetta fyrirtæki, Ragnar Blöndal h/f, sjálfsagt ekki fjárþrota, hvað þá að það sé gjaldþrota. Það er ekki fjárþrota, vegna þess að með atbeina bankanna hefur verið samið við alla skuldheimtumenn um að gefa eftir, þannig að þetta fyrirtæki er sjálfsagt síður en svo fjárþrota núna. Það er ekki einn einasti skuldheimtumaður, sem hefur hreyft sig með neina kröfu á fyrirtækið, heldur hafa þeir allir komið sér saman um að gefa því upp sínar kröfur eða slá af þeim. Við sjáum í frásögn Hilmars Stefánssonar, að hann segir, að Búnaðarbankinn hafi engu tapað. Ég hef heyrt sagt, að Útvegsbankinn hafi heldur engu tapað, en ef það er rétt, að þeir hafi hvorugur tapað neinu, þá hafa flestir aðrir orðið að slá af því hærri fjárhæðum. Og ég vek athygli á því, að enginn, ekki einn einasti maður af öllum þeim fjölda, sem þarna á hlut að máli, fer í mál til innheimtu á kröfu, hvað þá heldur meira, þannig að fyrir dómsmálastjórninni liggur það alls ekki, að þetta fyrirtæki hafi nokkru sinni lent í greiðsluþroti, hvað þá að það liggi nokkuð annað en orðrómur fyrir um það, hverjar séu ástæðurnar fyrir fjárhagsvandræðunum, sem fyrirtækið lenti í.

Og án þess að ég ásaki bankana eða vilji nokkuð meta þeirra gerðir í þessu, — það liggur ekki fyrir enn þá, okkur skortir gögn til þess, — þá tel ég, að fyrir þeim hljóti sú spurning að hafa vaknað: Ber okkur ekki meiri skylda til þess í þessu tilfelli að láta kanna, með hverjum hætti þetta fjárþrot er orðið til, heldur en að bjarga okkar fé? — Þeir töldu það síðara vera mikilvægara, segjast hafa bjargað öllu sínu fé, og með því móti gerðu þeir að verkum, að fyrirtækið varð ekki gjaldþrota og ekki einu sinni fjárþrota, því að nú er búið að semja um allar skuldirnar. Það getur vel verið, að fyrirtækið rísi upp sem fuglinn Fönix einhvern daginn aftur, endurnærður og fagur og í fullri velgengni; það er mér alveg ókunnugt um.

Við vitum, að bankaráð bankanna eru ýmist kosin á Alþingi, af nefndum Alþingis eða skipuð af ríkisstjórn að verulegu leyti. Bankastjórarnir eru ýmist kosnir af þessum þing- eða stjórnkjörnu bankaráðum eða skipaðir af sjálfri ríkisstjórninni. Ef allir þessir aðilar eru búnir að meðhöndla mál og svo fjarri fer því, að þeir sjái ástæðu til að kæra, að þeir þvert á móti veita löng ný lán til þess að koma í veg fyrir, að fyrirtækið verði fjárþrota, er þá ástæða til þess fyrir dómsmálastjórnina á því stigi og meðan ekkert liggur annað fyrir, að hefjast handa? Ég er ósköp hræddur um, að ég hefði þá legið undir þeirri ásökun, að ég væri með

ofsóknir á hendur mönnum, sem mér af einhverjum ástæðum væri lítið gefið um.

Ég veit ekki, hvort ég er allra manna hræddastur við gagnrýni, en eins og ég segi, ég hef ekki önnur ráð en að fara eftir því, sem ég tel rétt vera og í samræmi við réttarvenjur, sem liggja fyrir í því ráðuneyti, sem mér hefur verið falið að stjórna.

Ég gat um það í ræðu minni, að kæra hv. þm. Str. hefði orðið lykillinn til þess að opna þær dyr, sem áður var búið að loka. Ég gat þess einnig, að ég hefði gert ráð fyrir, að eitthvað annað mundi koma upp á, ef ekki þetta. Ef þessi orðrómur var sannur, þá var sem sagt nær óhugsandi, að ekki bæri eitthvað að, sem gæfi ástæðu til þess, fyllilega, venjulega og lögmæta ástæðu til þess, að dómsmálastjórnin hæfist handa um þetta mál. Og ég sé og það einungis af tilviljun í þeirri réttarútskrift, sem ég las upp áðan, að hinn löggilti endurskoðandi er búinn að afhenda skattstofunni þau plögg, sem hann hefur, eða a. m. k. eitthvað af þeim. Með því móti var enn einn opinber aðili kominn inn í málið, og ég efast ekki um, að ef skattstofan hefði fundið þarna veruleg lögbrot, þá hefði hún tilkynnt dómsmálastjórninni það atriði. Það er sem betur fer svo með lögbrotin, þó að þau komist ekki öll upp, að segja má, að þó að náttúran sé lamin með lurk, leitar hún út um síðir. Ef um jafnstórfenglegt misferli er að ræða og hér er sagt að sé, — ég legg áherzlu á: eins og hér er sagt að sé, — þá hlýtur það auðvitað að koma í ljós áður en mjög langt um líður.

Í öllu þessu tali skulum við líka minnast þess gamla, að betra sé, að 99 sekir sleppi, en einn saklaus sé dæmdur. Við skulum líka minnast þess, að það er vandfarið með það vopn eða það vald, sem dómsmálastjórnin hefur, og það verður að gæta þess með varúð að grípa ekki eða ráðast ekki á saklausa menn eða á þá, sem ekki eru nægar sakir sannaðar á, þannig að hægt sé að dæma um, hvort þeir séu saklausir eða ekki. En allt eru þetta matsatriði, og með eðlilegum hætti hlýtur það mjög að fara eftir trausti á dómsmálastjórn hverju sinni, hvernig því mikla og viðkvæma valdi er beitt, sem henni er fengið. Í þessu tilfelli hygg ég þó, að hún verði ekki höfð fyrir ámæli, vegna þess að ég hef verið þess hvetjandi, m. a. með vitneskju um þetta mál, að sú tillaga yrði samþykkt, sem hér liggur fyrir. Það er bezt að rasa ekki um ráð fram í neinu máli, og þeir seku verða dregnir til dóms, ef sakir sannast á þá, ef þeir hafa gerzt svo sekir sem menn grunar að hér sé um að ræða. En við skulum einnig minnast þess, sem hv. 2. þm. Reykv. réttilega hefur lagt á ríka áherzlu hvað eftir annað, að þessi brot er sérstaklega erfitt að sanna og sérstaklega erfitt að ná tangarhaldi á þeim, sem gerast sekir um þau, og þess vegna engan veginn óeðlilegt, að til sérstakra ráðstafana sé gripið, eins og skipunar slíkrar þingnefndar sem hér er um að ræða, einmitt í því sambandi. Og hv. 2. þm. Reykv. mælti þannig fyrir þeirri tillögu í fyrstu, að það var ekki nein ásökun á dómsmálastjórnina fyrir það, að hún hefði látið neitt undir höfuð leggjast í þessum efnum, heldur var það einmitt eðli brotanna, sem hann gerði grein fyrir og taldi gefa ástæðu til þess, að sérstaklega væri að farið í þessum efnum.

Mér finnst sem sagt mestu máli skipta fyrir þá, sem eru ánægðir með, að þetta mál er ekki læst inni eða lokað, heldur verður nú réttvísinnar loft látið leika um það og skyggnzt þar í hirzlur, eftir því sem efni standa til, að nú er möguleiki til þess að gera það, og ég fyrir mitt leyti tel ekki neina ástæðu til þess að ásaka réttvísina um það, að hún hafi verið of svifasein í þeim efnum.

Varðandi það, sem hv. 1. landsk. þm. sagði um blaðamennskuna, þá get ég, eins og hann tók undir það, sem ég sagði, verið honum sammála í þessu sem hann mælti. Það kemur auðvitað mjög til athugunar í sambandi við endurskoðun hegningarlaganna að íhuga betur ákvæði um fréttaflutning, t. d. frá Alþingi. En það er önnur till., sem ég vil bera fram, og hún er sú, að þingflokkarnir taki allir höndum saman um að koma á betri skipan í þessum efnum en verið hefur. Við erum ekki sammála um allt of marga hluti. En allir þeir, sem trúa á eigin málstað og eigin rök, ættu að geta orðið sammála um að koma að minnsta kosti í veg fyrir, að beinlínis væri ranghermt, jafnvel þó að menn létu kyrrt liggja það, sem andstæðingarnir segðu. Og ég vil nú, án þess að ég hafi borið mig saman við minn flokk um það, sem form. þingflokks Sjálfstfl. spyrja formenn hinna þingflokkanna um það, hvort þeir vildu taka upp slíka samvinnu og reyna að koma sér saman um betri starfshætti í þessu en fram að þessu hafa verið við hafðir, og undantek ég þar enga.

ATKVGR.
Brtt. 476 samþ. með 27 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 497).

11. Hafnarbætur í Loðmundarfirði o.fl.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á kostnaði af framkvæmd hafnarbóta í Loðmundarfirði og lagningu vegar þaðan til Seyðisfjarðar [123. mál] (A. 266).

Á 32., 34. og 36. fundi í Sþ., 4., 9. og 16. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þessi litla till. þarf litla framsögu. Sveitin, sem hér ræðir um, er afskekkt, lítil sveit, sú fá-

mennasta hér á landi. Það hafa alltaf verið þar fá býli, en á síðari árum hefur þeim fækkað af ýmsum ástæðum og þó kannske hvað helzt af því, hve sveitin hefur verið einangruð og út úr öllum samgöngum. Það liggja að henni þrír fjallvegir, einn ofan úr Héraði, sjaldan farinn og slæmur, annar frá Seyðisfirði, oft farinn, stuttur, en brattur, ógreiðfær og ekki góður, og sá þriðji — og þar reyndar tveir — til Borgarfjarðar, báðir dálítið erfiðir fjallvegir, og sveitin þess vegna ákaflega mikið einangruð. Samgöngur hefur hún haft af sjó að því leyti til, að styrktur hefur verið bátur, sem gengið hefur frá Seyðisfirði og þangað annað veifið að sumrinu, en það þykja mjög ófullnægjandi samgöngur.

Það, sem er farið fram á í þessari till., er, að látið sé athuga, hvaða leiðir séu til að bæta úr þessum samgöngum og hvort þær yfirleitt séu þess eðlis, að það sé gerlegt að ráðast í að framkvæma þær. Það er annars vegar um það að ræða að rannsaka vegarsamband til sveitarinnar og á hvern hátt það yrði haganlegast gert. Það er álit ýmissa, a. m. k. nú á seinni árum, að það sé hugsanlegt að koma henni í samband við Seyðisfjörð með því að fara fyrir framan Brimnesmúla og inn hann, og er vegarlagningin þar ekki nema lítið brot af því, sem um er rætt, þegar fara á fyrir múlann milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Aðrir halda, að það sé hægt að fara með ódýrari og jafngóðan veg beint yfir fjallið, frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar. Um þetta deila menn. En vegamálastjóri hefur ekki athugað málið, og það er farið fram á það með tillögunni, að hann sé látinn athuga aðstöðuna til að koma þangað akfærum vegi, bílvegi, og hvernig það væri bezt og léttast gert. Enn fremur er þarna í firðinum sú eina biksteinsnáma, sem þekkt var hér til skamms tíma, og er sú eina, sem liggur í byggð. Það er þar um ákaflega mikinn biksteinn að ræða og mundi þegar vera kominn þar á stað töluverður útflutningur eða vinnsla á honum, ef nokkrir möguleikar væru til að koma honum þaðan, en þeir eru engir nú. Höfn er þar engin, og aðstaða til hafnargerðar er sjálfsagt frekar erfið. Þó liggur það ekki heldur fyrir, og því er farið fram á það, að líka séu athugaðir möguleikar til hafnargerðar.

Þessi till. fer sem sagt fram á rannsókn, til þess að hægt sé að gera sér ljóst, hvort aðstaða og ástæður séu til að ráðast í þær framkvæmdir, hætta að láta sveitina vera einangraða, en skapa möguleika til þess, að byggð þar aukist eða a. m. k. standi í stað. Verði ekkert af þessu gert, eru ákaflega miklar líkur til þess, að þau heimili, sem eftir eru, leggist í eyði og sveitin verði ekki nytjuð, nema að því leyti sem kindur, sem þangað sleppa að sumrinu, ættu þar friðland.

Ég vænti þess, að þessari till. verði vel tekið og þessar athuganir og rannsóknir, sem farið er fram á í henni, verði framkvæmdar, og legg til, að henni, að endaðri þessari umræðu, verði vísað til allshn. Þó að þessar rannsóknir kosti eitthvert fé, þá er það fé til manna, sem þarna eru á ferðinni hvort sem er, a. m. k. hjá vegamálaskrifstofunni, meðan aftur á móti mundi þurfa að senda þangað sérstaklega menn frá vitamálaskrifstofunni viðvíkjandi athugun á þessu.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 266, n. 494).

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta mál. Hún mælir eindregið með samþykkt till. óbreyttrar. Um efni hennar vísast til till. sjálfrar og grg. fyrir henni.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Mér þykir við eiga að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli og vænti þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþykkja tillöguna.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 532).

---

12. Verkafólksskortur í sveitunum.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ráðstafanir gegn verkafólksskorti í sveitunum [85. mál] (A. 124).

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Fyrir 40—50 árum lifði 60—70% af íslenzku þjóðinni í sveitum landsins. Þetta hefur stöðugt verið að breytast og það miklu meira en flestir gera sér grein fyrir. Fólk og fjármagn hefur streymt úr sveitahéruðum landsins til bæjanna, nokkuð til þeirra smærri, en einkum hinna stærri og mest til Reykjavíkur. Orsakirnar eru margar, en ein hin stærsta er síaukin þægindi og stórkostlegar framkvæmdir í þéttbýlinu. Nú er svo komið, að í sveitunum er ekki eftir nema um 22% af þjóðinni allri. Er þó eigi því að neita, að mikið hefur verið til þess gert, bæði af hálfu hins opinbera og á annan hátt, að gera lífið í sveitunum þægilegra og betra en áður var. En þetta hrekkur eigi til, því að aðdráttarafl fjölmennisins er svo sterkt, að fram

að þessu hefur þar ekkert dugað gegn. Það ófugstreymi hefur verið, er og verður báðum aðilum til tjóns. Því færra fólk sem í sveitunum er eftir, því meiri örðugleikar, því meiri áhætta fyrir þá, sem eftir eru. En því fleira fólk sem safnast fyrir í einstökum bæjum, því meiri vafi er á því, að sú atvinna, sem þar er að hafa, endist til að nægja öllum, og því meiri vandkvæði á því, að allir geti fengið húsnæði, sem viðunandi sé. Þetta er alkunn saga, og hún sýnir og sannar, að fjöldi þess fólks, sem til bæjanna flyzt, hefur enga fyrirhyggju um það að eiga vísa atvinnu og húsnæði, sem þó ætti að vera lágmarksskilyrði.

Nokkrir hv. alþm. tala um það og skrifa, að auka þurfi jafnvægi í byggð landsins, og er það hverju orði sannara. En þó fer ójöfnuðurinn að þessu leyti næstum árlega vaxandi og kannske aldrei meir en á yfirstandandi ári. Þetta gildir annars vegar um sveitirnar, einkum vestanlands, norðan og austan, hins vegar alla hina stærri bæi sunnanlands, þar sem fólkinu fjölgar stöðugt, þar sem það heimtar síaukin þægindi, hærri laun, styttri vinnutíma, fleiri frídaga, meiri skemmtanir og síðast en ekki síst meiri og stærri byggingar. Enginn atvinnurekstur úti á landsbyggðinni getur eins og vera þyrfti staðizt samkeppnina á þessum vettvangi. Því hlýtur illa að fara, og það er illa farið.

Um nokkurra ára skeið hefur að vorinu til verið haldið uppi ráðningarstofu til að annast milligöngu um fólksráðningar til bænda. Þetta hefur um mörg ár gert mikið gagn, en á þessu ári brá svo við, að svo að segja ekkert annað fólk fékkst en krakkar innan fermingar, og þó má segja, að nú í haust hafi tekið steininn úr að þessu leyti, því að í mörgum sveitum mun það vera einsdæmi, að svo mörg sveitaheimili séu blátt áfram í háska stödd vegna fólksleysis eins og nú er. Að sumrinu til takmarkar geta heimafólksins eðlilega, hve mikils er hægt að afla af heyjum. Oftast stendur þó heyskapurinn lengur en hollt er og ætti að vera, og víða hafa nú orðið hey úti, af því að fólk vantaði til að nota hina fáu góðviðrisdaga svo sem nauðsynlegt er. En þó að þetta séu iskyggilegar staðreyndir, þá eru þó aðrar verri, og það er aðstaðan, þegar veturinn gengur í garð. Víða er bóndinn einn til að annast alla búpeningshirðingu, óhjákvæmileg ferðalög og annað, sem hverju heimili er nauðsynlegt. Ef sá eini maður fatlast frá vegna veikinda, er neyðarástand fyrir hendi. En þó að þetta sé þekkt víða, er þó annað enn verra til, og það er, að húsfreyjan hefur enga hjálp innanhúss. Það getur sums staðar gengið og gengur stundum allsæmilega, en þegar þessi einmana húsfreyja er slitin að kröftum eftir erfitt ævistarf eða er í þeirri aðstöðu að hafa mörgum ungum börnum að sinna, er ástandið þvílíkt, að allir vitibornir menn ættu að skilja það, að slíkt er ekki á nokkurn hátt viðunandi. En fólkinu er boðin slík aðstaða nú, að sveitaheimili verða útundan, jafnvel hvað sem í boði er. Gildir þetta enn frekar um kvenfólk en karlmenn, þó að um þá sé nú miklu verra en áður.

Ég og hv. 2. þm. Skagf., sem flytjum þá till., sem liggur fyrir á þskj. 124, höfum oft áður séð, að hverju fór. En af því að ástandið er nú miklu verra en verið hefur, hefur okkur eigi þótt fært að þegja hér á hv. Alþ. um þann mikla vanda, sem fyrir hendi er á þessu sviði. Við viljum láta það liggja fyrir opinberlega, að við heimtum aðgerðir. Okkur blöskrar, þegar samhliða því ástandi, sem ég hef lýst, er sí og æ verið að tala um atvinnuleysi og ráðstafanir, er gera þurfi til að varna því. Raunar eru til einstök dæmi um það, að menn, sem ekki geta farið burt úr sínu heimakauptúni, hafa þar eigi atvinnu um háveturinn. En hitt er miklu alvarlegra, að fólkið fæst ekki til vinnu, þar sem þess er mest þörf. Það er mál, sem vert er að taka til athugunar á annan veg en gert hefur verið. Þegar svo stendur, að einn aðalatvinnuveg landsins skortir vinnuafl eins tilfinnanlega og landbúnaðinn nú, en menn eru samtímis að tala um atvinnuleysi á vissum stöðum, þá er augljóst verkefni fyrir stjórnarvöldin að gera ráðstafanir til úrbóta. Þó að einhverjar fjárhæðir verði að taka úr ríkissjóði í því sambandi, væri því fé betur varið en í sumt af því, sem fé er látið í nú. Það er of dýrt að láta merkustu stétt landsins vera í háska, og það er meira að segja dýrt hvert sveitaheimili, sem í eyði fer. Er ekki alveg víst, að framvegis gangi vel að hafa atvinnu fyrir alla í þéttbýlinu, þó að nóg sé að gera og víða meira en svo, á meðan fjármagninu er beint í það að byggja yfir alla þá hópa, sem flýja utan úr strjálbyggðinni og jafnvel úr bæjum og kauptúnum þeirra landshluta, sem fjærstir eru höfuðborginni.

Fari nú svo, að ekki finnist ráð til að hagnýta betur en er íslenzkt vinnuafl, þá er sú leið eigi lokuð að fá fólk frá öðrum löndum. Útgerðarmenn hafa reynt það á þessu ári og mörgum gefizt vel, jafnvel þó að hindranir, heldur óeðlilegar, hafi verið lagðar á þann veg. En fyrst þetta hefur gefizt vel, hví skyldi þá eigi mega reyna að bjarga bændum á sama hátt? Sú tilraun, sem gerð var á árunum með þýzkar stúlkur, gafst að vísu misjafnlega. Sums staðar illa, en annars staðar vel. Það var eigi heldur leitað á heppilegasta stað, þar sem þýzkir bæir og borgir eru harla ólík því, sem gerist í íslenzkum sveitum. En ef hægt væri að fá verkafólk frá fremstu landbúnaðarþjóðum álfunnar, svo sem Norðurlandaþjóðunum eða Hollendingum, þá má ekki draga að gera viðeigandi ráðstafanir á því sviði.

Ég veit, að til bjargar í slíku stórmáli sem ég hef nefnt verður ekkert gert nema til þess sé lagt fé, svo að verulega muni um. Þess vegna legg ég til, að þessari till. verði að lokinni fyrri umr. vísað til hv. fjvn., það er sú nefnd Alþingis, sem um flest vandamál hefur að fjalla, og ég vil mega vona, að hún afgreiði þetta mál frá sér fljótt og vel.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 124, n. 489).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Verkafólksskorturinn í sveitum er eitt af mestu vandamálum landbúnaðarins. Víða hagar svo til, að það eru ekki nema tvær fullorðnar manneskjur á heimili, og ef eitthvað ber út af, þá er heimilið í voða. Sums staðar er ekki einu sinni nema einn karlmaður, og gefur það auga leið, hvernig þar er viðhorfið, ef eitthvað ber út af. Víða er það svo, að eldri bændur eru orðnir það slitnir og brjóstþungir, að þeir treysta sér ekki til að vera í heyjum. Þeir hafa góðar ástæður, eru kannske í góðum efnum og vilja gjarnan sinna búskap og hafa alla aðstöðu til þess, en þeim er það í raun og veru fyrirmunað, þegar ekki fæst nokkur maður til þess að sinna störfum að vetrinum, sem getur leyst þá af hólmi.

Þetta eru aðeins örfáar svipmyndir af því ástandi, sem nú er og hefur verið í sveitunum, og ég vil fullyrða, að þetta ástand fer stöðugt versnandi.

Búnaðarþingi, sem núna er nýlega lokið, bárust víðs vegar frá erindi um, að það væru gerðar ráðstafanir til að ráða bót á verkafólksskortinum í sveitum. Það tók að sjálfsögðu þetta mál til rækilegrar athugunar og samþykkti svo hljóðandi ályktun, með leyfi forseta, með samhljóða atkvæðum:

„Búnaðarþing ályktar að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að beita sér fyrir innflutningi erlends verkafólks til landbúnaðarstarfa með tilliti til þeirra umsókna, sem fyrir liggja. Skal það leita aðstoðar og fjárstuðnings ríkisstjórnar og Alþingis um framkvæmd þessa. Enn fremur verði gert allt, sem unnt er, til að útvega innlent fólk til landbúnaðarstarfa. Í því sambandi verði ráðningarstofu landbúnaðarins falið að stuðla að fólksskiptum milli landshluta."

Þetta er ályktun búnaðarþings, sem var samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Það má geta þess, að fyrir liggja núna líklegast a. m. k. 170 umsóknir um verkafólk, aðeins vegna þeirra umræðna, sem hér hafa orðið, og auglýsingar, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands setti í útvarp. Enginn vafi er þó á, að þetta er aðeins örlítið brot af því, sem þyrfti að vera, vegna þess að fjöldi manna kveinkar sér við eða telur sér það ófullnægjandi að fá útlent verkafólk, sem aðallega var gert ráð fyrir í þessari auglýsingu.

Allshn. er á einu máli um nauðsyn þess, að ríkisstj. geri það, sem í hennar valdi stendur, til þess að greiða úr verkafólksskortinum í sveitunum í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og mælir þess vegna eindregið með því, að þáltill. verði samþykkt.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 5. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, var lögð fram um mánaðamót nóvember og desember og er síðan búin að bíða allan þennan tíma. Samt sem áður vil ég þakka hv. allshn. fyrir að skila nú loks áliti um þessa till. með sameiginlegum meðmælum, en jafnframt láta í ljós, að það getur haft mjög erfiðar afleiðingar fyrir það stórmál, sem hér er um að ræða, hvað þetta hefur dregizt lengi, vegna þess að hvað sem líður verkafólksöflun fyrir bændur landsins innanlands, þá er það víst, að ef að því verður horfið — og líklega er ekki um annað að ræða — að fá fólk erlendis frá, þá þarf það eða hefði þurft meiri fyrirvara en nú er orðinn, og má vænta, ef till. verður samþ., sem ég reikna með og vænti, að þá verði af hálfu ríkisstj. og Búnaðarfélags Íslands brugðið vasklega við að framkvæma þessa tillögu.

Pétur Ottesen: Ég vil við þetta tækifæri leiða athygli að því, að búnaðarþing, sem hér var háð fyrir nokkru, lét þetta mál til sín taka og gerði um það samþykktir, og fól búnaðarþingið stjórn Búnaðarfélags Íslands að koma á framfæri við ríkisstj. þeim ályktunum, sem það hafði gert í þessu máli og voru tengdar við það, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að útvega erlent fólk til starfa í landbúnaðinum. Það hafði verið, á meðan þingið sat, leitað nokkurra upplýsinga um það hjá bændum, hvaða óskir þeir hefðu fram að færa um fyrirgreiðslu Búnaðarfélagsins að því er snertir að afla erlends vinnuafls fyrir landbúnaðinn, og um það leyti sem búnaðarþingi lauk, höfðu Búnaðarfélaginu borizt óskir um, að það hefði fyrirgreiðslu um að afla milli 150 og 200 erlendra verkamanna, bæði karla og kvenna.

Það erlenda vinuafl, sem fengið hefur verið handa landbúnaðinum á undanförnum árum, hefur aðallega verið ráðið fyrir milligöngu Búnaðarfélags Íslands, en þá milligöngu hefur einn af ráðunautum félagsins haft á hendi, sem sé Gísli Kristjánsson, ritstjóri Freys. Hann hafði gefið upplýsingar um, að það væri nú orðið mjög erfitt að fá menn frá Danmörku til landbúnaðarstarfa hér, en þaðan hafa erlendir menn aðallega verið ráðnir til þessara starfa að undanförnu, og ef hér ætti að gera frekari ráðstafanir, þá mundi frekar verða að snúa sér til annarra landa í þessu efni, þar sem litillar úrlausnar mætti vænta um þessa hluti frá Danmörku, eins og komið var, því að þar er einnig eins og hér skortur á verkafólki til sveitastarfa.

Það hafði verið leitað nokkurra upplýsinga um aðstæður í Þýzkalandi í þessu efni, sem gáfu nokkrar vonir um, að ef til vill mætti fá starfsfólk fyrir landbúnaðinn þaðan.

Í tilefni af meðferð búnaðarþings á þessu máli og ályktun þess skrifaði Búnaðarfélagsstjórnin strax að þingi loknu ríkisstj. um þetta mál, og var aðalinntakið úr því bréfi það, er ég vil nú lesa hér upp:

1) Að veitt verði landsvistarleyfi fyrir 150—200 erlenda verkamenn, karla og konur, til landbúnaðarstarfa og að leyfið verði miðað við eins til tveggja ára dvöl í landinu.

2) Að greiddur verði úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning fólksins til landsins og sömuleiðis kostnaður við sendiför eins manns eða tveggja, sem valdir yrðu til þess að ráða þetta fólk, enda samþykkti ráðuneytið val þess

manns eða þeirra manna, ef um fleiri væri að ræða.

3) Að leyfð yrði yfirfærsla á allt að helmingi af kaupi þessa erlenda fólks.

Þetta bréf sendi Búnaðarfélagsstjórnin 11. marz til ríkisstj., og hefur það nú verið í meðförum hennar síðan, en stjórn Búnaðarfélagsins hins vegar ekki borizt enn sem komið er svar við þessu bréfi. Nú mun sú frestun, sem gerð var á þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir og flutt var af þeim hv. þm. A-Húnv. (J. Pálm) og hv. 2. þm. Skagf. (JS), hafa verið við það miðuð, að ef til vill mundu við framhald þessarar umræðu geta legið fyrir einhverjar upplýsingar frá ríkisstj. varðandi þetta mál. Ég veit nú ekki um það; það mundi vera landbrh., sem sennilega léti það frekast til sín taka. Hann er ekki, að ég held, mættur á þessum fundi, en þá mætti kannske vænta þess, að aðrir af hæstv. ráðherrum, sem hér eru mættir, gætu gefið um þetta nokkur svör, því að það er vitanlega mjög nauðsynlegt fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands að fá um það vitneskju, hvernig þessari málaleitun verður tekið, því að hún þarf auðvitað að geta gert þeim mönnum, sem beðið hafa Búnaðarfélagið að hafa fyrir sig milligöngu um útvegun þessa fólks, sem allra fyrst grein fyrir því, hvort sé að vænta nokkurs stuðnings að því er tekur til þeirra atriða, sem ég hef nú hér nefnt og beint hefur verið til hæstv. ríkisstjórnar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. þm. Borgf. (PO) beindi þeirri fsp. til hæstv. landbrh., eða þar sem hann vegna sérstakra anna hefur ekki komið því við að sækja þennan fund, þá til annarra viðstaddra ráðherra, hvert mundi verða svar ríkisstj. við bréfi Búnaðarfélags Íslands, dags. 11. marz, sem nokkuð snertir það mál, sem hér er til umr., og nefndi hv. þm. sérstaklega þrenns konar málaleitan til ríkisstj. frá Búnaðarfélaginu. Í fyrsta lagi, hvort ríkisstj. mundi vera samþykk því, að 150—200 erlendum verkamönnum, körlum eða konum, sem ætluðu að stunda hér landbúnaðarstörf, yrði heimilað hér landsvistarleyfi í eitt eða tvö ár. Ég hygg, að ríkisstj. mundi heimila það, og þykist muna það rétt, að það hafi verið a. m. k. mjög vel á því tekið á ríkisstjórnarfundi, þar sem þessu máli aðeins var hreyft. — Í öðru lagi, hvort ríkisstj. mundi vilja beita sér fyrir því, að greiddur verði úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning fólksins til landsins, og sömuleiðis kostnaður við sendiför eins manns eða tveggja, er valinn yrði til eða valdir til að ráða fólkið, enda samþykki ráðuneytið val þessara manna. Þetta eru tilmæli, sem ríkisstj. mundi að sjálfsögðu ekki láta sér svo mikið sem koma til hugar að gefa fyrirheit um að styðja, og þá líka miklu sæmra, að þeir, sem slík mál bera fyrir brjósti og sæti eiga á Alþ., beri fram um slíkt till. á Alþ. Hér er ekki aðeins um stórvægileg útgjöld að ræða úr ríkissjóði, heldur einnig um ákaflega stór „prinsip"-mál. Hvað mundu t. d. bændur hér á þingi segja, ef útgerðarmenn færu fram á það, að ríkissjóður greiddi för þeirra sjómanna, sem nú er verið að ráða á íslenzk skip, segjum Færeyinganna, og skipta mörgum hundruðum, fram og aftur? Og það gætu orðið margar aðrar afleiðingar af slíkri ákvörðun ríkisstj., ef hún tæki sér eindæmi til þess að kveða á um svo veigamikla hluti. Ríkisstj. var því öll sammála um að beita sér ekki fyrir þessu, heldur að beita sér gegn því. Náttúrlega getur Alþ. svo út af fyrir sig tekið þessa ákvörðun, ef því sýnist, og þá verður ríkisstj. að una því, ef hún telur það ekki svo mikilsvert, að hún telji ástæðu til að gera það að fráfararatriði. Það er vitanlegt, að hér eru í ýmsum málum gerðar samþykktir, sem ríkisstj. út af fyrir sig mundi ekki óska að bera fram sjálf eða styðja, en telur þó ekki skipta því höfuðmáli, að ástæða sé til að gera að fráfararatriði.

Hitt er öll ríkisstj. sammála um, að að öðru leyti beri henni og sé ljúft að greiða fyrir því, að takast megi að ráða þetta verkafólk til landsins, og þá einnig með því — og það þykir ekki hættulegt fordæmi — að greiða kostnað við sendiför manns, sem yrði valinn annaðhvort af Búnaðarfélaginu og þá kannske í samráði við ríkisstj. og þætti þeim kostum búinn, að nokkurt öryggi fengist fyrir því, að það fólk, sem til starfans réðist, væri hæft til þeirrar vinnu, sem því er ætlað að inna af hendi hér á landi. Og það er einmitt þetta, sem mér einnig hefur skilizt að hafi vakað fyrir flm. þeirrar till., sem hér er til umr.

Ég get hins vegar ekki svarað hv. þm. Borgf. um þriðju fsp., sem hann las upp, og gæti hún þá legið til nánari velviljaðrar athugunar. En ef maður má leyfa sér að taka upp aðeins léttara hjal, til þess að ekki verði ágreiningur á milli mín og míns ágæta vinar, þm. Borgf., veit ég ekki, hvort það er ástæða til á þessu stigi málsins að hafa áhyggjur út af að yfirfæra kaupgjald þeirra verkakvenna, sem hingað ráðast, því að guð og gæfan hefur nú hagað því svo, að þær hafa flestar gifzt hér ágætum bændum og reynzt vel í sínu starfi, bæði fyrst við hússtörfin og seinna, að því er mér er sagt, sem ágætar ektakvinnur á heimilum bændanna.

Aðrar eða frekari upplýsingar get ég ekki fyrir hönd stj. gefið á þessu stigi málsins.

Pétur Ottesen: Ég skil að vísu aðstöðu ríkisstj. að því er snertir kostnaðarhlið þessa máls, en ef ég mætti nú taka upp léttara hjal eins og hæstv. forsrh., þá finnst mér það nú skjóta dálítið skökku við, ef ríkisstj. vill ekki ljá því nokkurt lið að flytja hingað inn þýzkar konur, svo góða reynslu sem við höfum að hans dómi fengið af slíkum innflutningi áður. — En hvað sem þessu líður, þá vænti ég, að hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórn þyki það ekkert undarlegt, þó að leitað sé eftir svari hæstv. ríkisstj. við bréfi, sem skrifað var um þetta 11. marz. Að vísu þurfti ekki að gera það í almennum umræðum hér á Alþ.; slíkt hefði vitanlega getað komið og var eðlilegt að kæmi eftir öðrum leiðum. En það hefur nú tekizt svo til, að svar við þessu bréfi, sem skrifað var 11. marz, hefur ekki borizt í hendur stjórnar Búnaðarfélags Íslands, og vildi ég þó mega

vænta þess, að það væri ekki ósanngjarnt að gera þá kröfu til ríkisstj., að hún sýndi þá nærgætni í þessu máli, þar sem hér var um að ræða að afla landbúnaðinum vinnukrafts einmitt fyrir vorið, að hún léti ekki dragast svo mjög sem hún hefur gert að svara slíkri málaleitun sem þessari, á hverja lund sem svo það svar félli.

Við í stjórn Búnaðarfélagsins höfðum hugsað okkur, að sá gangur yrði í þessu máli hjá hæstv. ríkisstj., ef hún vildi sinna þessari málaleitun, að hún leitaði til Alþ. um samþykki fyrir því, að varið yrði nokkru fé í þessu skyni. Við höfðum gert ráð fyrir því, því að það er ákaflega algengt, þegar ríkisstj. þarf að afla sér slíkrar heimildar á þeim tíma, þegar þing situr og búið er að ljúka afgreiðslu fjárl., að hún snúi sér annaðhvort til fjvn. um umsögn hennar og meðmæli eða þá beint til Alþ. til þess að afla sér heimildar fyrir slíkum greiðslum. Það er einmitt af því, að við lítum svona á þetta mál, að stjórn Búnaðarfélagsins hefur ekki gert ráðstafanir til, að hafizt yrði handa hér á Alþ. um þetta mál, því að á meðan ekkert svar barst við bréfinu, var ekki heldur ástæða til að grípa á þann hátt inn í gang málsins. Nú skilst mér, að það hafi fengizt fullkomin svör við því hjá hæstv. forsrh., það sé talað fyrir hönd allrar ríkisstj. og að sú niðurstaða hafi orðið á stjórnarfundum að sinna þessu máli ekki frekar en hann nefndi hér, sem sé, að hann tók vel á því, að veitt yrði landsvistarleyfi fyrir þetta fólk, og ríkisstj. mundi vera þess albúin að taka þátt í kostnaði þess manns eða þeirra manna, sem sendir yrðu til þess að leita fyrir sér um ráðningu á þessu fólki. Viðvíkjandi yfirfærslunni, sem líka er nauðsynlegur liður í þessu máli, ef hafizt hefði verið handa um það, hafði hæstv. ráðh. ekki svör að gefa á þessari stundu. Með ummælum hæstv. ráðh. er þá fullsvarað því bréfi, sem stjórn Búnaðarfélagsins hefur skrifað um þetta, þannig að frekari fjárstuðnings sé ekki í þessu máli að vænta en þess, sem hæstv. forsrh. hefur nú gefið upplýsingar um, og liggur þá málið alveg ljóst og skýrt fyrir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég get vel skilið, að hv. þm. Borgf. hefði kunnað því betur, að ríkisstj. hefði skriflega svarað erindi Búnaðarfélagsstjórnarinnar. Hins vegar veit hann vel, — hann er nú svo kunnugur öllum þessum málum, — að það líður ekki nokkur sá dagur, að stj. berist ekki mörg og margvísleg erindi, sem öll kalla á svör. Mörg eru þess eðlis, að einstakir ráðherrar geta svarað þeim, án þess að bera sig saman við samstarfsmenn sína. Önnur eru hins vegar þess eðlis, að ráðherrarnir verða að taka sameiginlega ákvörðun um það, og meðal þeirra er einmitt erindi hv. Búnaðarfélagsstjórnar, sem hv. þm. Borgf. gat um. — Ég skal ekki neita því fyrir mitt leyti, að ég gerði mér nokkrar vonir um, að áður en til landauðnar kæmi á Íslandi, mundi þessi hv. þm. kannske hnippa í mig og vekja mig; og ef honum skytist yfir það, þá mundi kannske hv. 1. þm. N-M. hnippa annaðhvort í mig eða einhverja af vinum sínum í ríkisstj. Það eru þar nokkuð aðgangsharðir menn að verki, og ég man það, að mín viðkvæma samvizka fékk einhverja svölun, þegar ég var að svíkja skyldu mína um að skrifa bréfið, þegar mér varð rennt huganum til þessara ágætu vina minna hér, — vona, að það hafi þá ekki hlotizt þjóðarskaði af þessu heldur.

Annars skal ég aðeins, áður en ég lýk málinu, taka það fram, að það er náttúrlega sjálfsagt að greiða eftir fremstu föngum fyrir því, að þetta verkafólk, ef til landsins kemur, fái beztu fyrirgreiðslu, sem aðrir hafa notið um yfirfærslu á sínu vinnukaupi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 566).

13. Tollgæzla og löggæzla.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sameiningu tollgæzlu og löggæzlu [77. mál] (A. 102).

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. og 15. fundi í Sþ., 10. og 17. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. á þskj. 102, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að athuga, hvort ekki væri haganlegt og ávinningur til sparnaðar að sameina á ýmsum verzlunarstöðum tollgæzlu og almenna löggæzlu."

Ég hef kynnzt því af eigin raun í mínu heimkynni, Húsavík, að þar hefur tollþjónn verið látinn dvelja nokkur s. l. sumur á fullum launum þann tíma án þess að hafa fullkomin viðfangsefni dag hvern, vegna þess að þar er ekki um vinnu við tollgæzlu að ræða, nema um það leyti sem skipakomur eru, en skipakomur eru þar ekki nema nokkra daga í mánuði hverjum. Ég segi alls ekki, að maður þessi hafi verið óþarfur, en ég fullyrði, að hann hefði getað annað miklu meiri verkefnum.

Nú hagar þannig til, að vantað hefur í Húsavík löggæzlu á þessum sama tíma, og á því er enginn vafi, að maður þessi hefði átt hægt með að sinna löggæzlustarfi um leið og tollgæzlunni, en til þess hefur hann ekki verið ráðinn og þess vegna ekki viljað skipta sér af þeim málum. Ég hef minnzt á þetta í stjórnarráðinu, en fengið þau svör hjá starfsmönnum þar, að tollgæzla heyrði undir fjármálaráðuneytið,

en löggæzla undir dómsmálaráðuneytið, og hér sé því um tvo aðila að ræða, þ. e. útgerðirnar tvær, en ekki ein og hin sama. Mér finnst þetta engin veruleg afsökun, af því að svo stutt er á milli heimilanna og róið úr sömu vör, enda líka gert út fyrir sama sjóðinn. Mér finnst, að hér standi svipað á og ef samvinnu skorti milli vinstri og hægri handar. Ég sé ekki betur en að með þessu móti sé peningum eytt, án þess að þeir komi að því gagni, sem verða mætti annars.

Í l. nr. 50 frá 1940, um lögreglumenn, segir, að ráðherra sé heimilt að ákveða, að tollvörður inni af höndum störf lögreglumanns. Löggjafinn hefur þar sýnilega haft í huga, að þetta gæti stundum og sums staðar verið hagfellt. Lagaheimildina skortir þar af leiðandi ekki til sameiningarinnar. Nú hefði ég getað, þegar ég hafði athugað þetta, gengið í það að koma sameiningu tollgæzlu og almennrar löggæzlu á fyrir Húsavík. En ég tel það ekki nóg. Ég hygg, að sú sameining eigi miklu víðar við, og þess vegna flyt ég till.

Eftir upplýsingum, er ég hef aflað mér, gæti þessi sameining sennilega einnig átt við t. d. á Siglufirði, Raufarhöfn, Þórshöfn, Seyðisfirði og Höfn í Hornafirði. Á öllum þessum stöðum munu hafa verið hafðir sérstakir tollverðir, sem sennilega hefðu haft tíma til að veita aðstoð, meiri eða minni, við almenna löggæzlu. Vel má líka vera, að til séu staðir, þar sem lögreglumenn gætu bætt á sig tollgæzlunni. Um það get ég ekki dæmt. En engu spillir, þótt það sé athugað.

Ég sé ekki neina ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég geri ráð fyrir, að rétt þyki að vísa till. til nefndar. Málið er í mínum augum aðallega fjárhagsmál, og þess vegna finnst mér rétt, að till. sé vísað til fjvn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. flytjanda till. fyrir að hafa hreyft þessu máli, sem ég tel mjög orð í tíma talað.

Ég hygg, að fyrir nokkrum árum hafi ég hreyft því við fjmrn., að rétt væri að koma á meiri sameiningu milli tollgæzlu og löggæzlu og tollvarða og lögregluþjóna en verið hefur. Af einhverjum ástæðum fékk þetta þó þá ekki neinar undirtektir, en ég er sannfærður um, að með þessu má spara verulegt fé, auk þess sem enginn efi er á, að styrkja má bæði tollgæzlu og löggæzlu með nánari samvinnu þarna á milli. Ég verð meira að segja að játa, að ég efast mjög um, hvort sú skipting á tollgæzlu og löggæzlu, sem nú á sér stað yfirleitt, sé í alla staði hentug. Og ég vildi biðja hv. n., sem fær þetta til athugunar, að rannsaka, hvort fráleitt væri að koma á mun meiri sameiningu en jafnvel hv. flm. hefur gert ráð fyrir. Mér er það ljóst, að það mundi krefjast töluverðrar athugunar, og geri mér líka grein fyrir því, að fyrst í stað muni ýmsir þeir embættismenn, sem hér eiga hlut að, telja töluverð vandkvæði á. En mér er það ljóst, að á núverandi skipun eru töluverð vandkvæði, sem ef til vill mundi verða hægara að leysa með nánari samvinnu og sameiningu þessara tveggja greina, og tel ég því ríka þörf á að taka þetta mál allt til endurskoðunar og vil því endurtaka þakkir mínar til hv. flm. fyrir að hafa nú hreyft þessu máli hér.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 102, n. 543).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég flutti till. þessa um sameiningu tollgæzlu og löggæzlu allsnemma á þinginu. Fyrir mér vakti fyrst og fremst, að heppilegt væri til sparnaðar og til þess að hagnýta betur en nú er gert keyptan vinnukraft við tollgæzluna og hina almennu löggæzlu á ýmsum stöðum í landinu að láta sömu menn annast bæði þessi verkefni. Hafði ég þá sérstaklega í huga ýmsa hina smærri verzlunarstaði og nefndi dæmi til sönnunar því, að þar ætti þessi sameining við. En ekki var þó till. þannig orðuð, að hún væri bundin við takmarkað svæði eða tiltekna staði. Hæstv. dómsmrh. mælti með till. við fyrri hl. þessarar umr. og lýsti yfir, að hann teldi, að gera ætti hana ótvírætt víðtækari en hún bæri beinlínis með sér að hún ætti að vera, eins og hún var fram lögð.

Till. var vísað til fjvn. Nefndin sendi hana til umsagnar þeim tveim ráðuneytum, sem tollgæzlan og hin almenna löggæzla heyra undir. Bæði rn. lýstu yfir, að þau mæltu með því, að till. yrði samþ.

Dómsmrn. gerði ýtarlega grein fyrir meðmælum sínum og mjög í sömu átt og hæstv. dómsmrh. hafði mælt með við umr. Í bréfi rn. segir m. a.: „Svo sem kunnugt er, fara sömu embættismenn með stjórn almennrar löggæzlu og tollgæzlu alls staðar í landinu nema í Reykjavík, enda er tollgæzla einn þáttur í löggæzlu í víðari merkingu. Dómsmrn. er þeirrar skoðunar, að í fámenni slíku sem er hér á landi mundi ótvírætt bezt henta að sameina algerlega tollgæzluliðið hinu almenna löggæzluliði. Svo sem vikið er að í þáltill. og grg. hennar, felast í sameiningu þessara starfa möguleikar á betri hagnýtingu starfskrafta þeirra manna, sem að störfum þessum vinna. Þarf ekki frekari rökstuðning fyrir því, þar sem starfsmenn eru örfáir í hvorri starfsgrein og ef til vill aðeins í annarri þeirra, svo sem er á ýmsum stöðum utan Reykjavíkur. En einnig í Reykjavík mundu betri möguleikar á hagnýtingu starfskraftanna með sameiningu þessara starfa. Það er alkunna, að nokkurt vandamál er að hagræða verkaskiptingu svo, að vel henti um nýtingu starfskrafta löggæzlumanna, er þeir taka að reskjast. Mundu talsvert auknir möguleikar á hentugri verkaskiptingu að þessu leyti með sameiningu þessara starfsgreina. Þá geta og verið ýmsar aðrar ástæður til, að heppilegt sé að breyta til um störf manna í þessum greinum um lengri eða skemmri tíma. Þá hendir og oft, að starfsmaður, sem nú aðeins hefur valds-

svið í annarri þessari grein, geti við störf á því gripið inn á hitt sviðið með fullkomnu embættisvaldi.“

Fjvn. öll er sammála um, eins og nál. á þskj. 543 ber með sér, að mæla með því, að till. verði samþ., en með tilliti til þeirra upplýsinga, sem dómsmrn. veitti, og þeirrar áherzlu, er það leggur á málið, taldi n. rétt að bæta við tillgr. einni málsgr. til frekari áherzlu. Hljóðar þá till. þannig samkvæmt till. fjvn., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvort ekki væri haganlegt og ávinningur til sparnaðar að sameina tollgæzlu og almenna löggæzlu. — Leiði athugunin í ljós, að hagkvæmt sé að sameina þessi störf, skal ríkisstj. gera ráðstafanir til þess, að það verði gert alls staðar þar, sem það álizt vera til bóta.“

Er þá till. orðin sterkari fyrirmæli en hún áður var, og hef ég sem flm. síður en svo við það að athuga.

Tjái ég öllum, er til málsins hafa lagt fram að þessu, þakkir fyrir góðar undirtektir og leyfi mér að vænta þess, að till. verði samþ. þannig orðuð, sem fjvn. leggur til, og geti orðið til gagnsemdar í framkvæmd.

ATKVGR.

Brtt. 543 (ný tillgr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 567).

14. Niðursuðuverksmiðja í Ólafsfirði.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ráðstöfun niðursuðuverksmiðju í Ólafsfirði [112. mál] (A. 200).

Á 21., 22., 26., 27. og 32. fundi í Sþ., 2., 7., 13. og 14. des., 4. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Meðal þeirra ráðstafana, sem gerðar voru eftir síðustu heimsstyrjöld til þess að efla atvinnulíf þjóðarinnar og gera það fjölþættara, var aukning niðursuðuiðnaðarins, og voru í því sambandi sett upp nokkur ný fyrirtæki til þess að vinna að ýmiss konar niðursuðu úr íslenzkum hráefnum og þá fyrst og fremst úr fiski. Eitt af þessum fyrirtækjum, sem þá voru sett á fót, var niðursuðuverksmiðja í Ólafsfirði, sem var fullkomið fyrirtæki og með hinni nýjustu tækni á öllum sviðum, þannig að fyrirtækið var svo úr garði gert, að ástæða var til að halda, að það gæti orðið mikil lyftistöng fyrir þetta bæjarfélag, ef rættust þær vonir, sem tengdar voru við fiskiðju og fiskniðursuðu yfirleitt. Nú hefur því miður reyndin orðið sú, af hvaða ástæðum sem það er, að vonir þær, sem tengdar hafa verið við niðursuðuiðnaðinn sem veigamikinn þátt í atvinnulífi Íslendinga, hafa brugðizt, þannig að þau niðursuðufyrirtæki, sem sett voru á stofn, hafa ýmist hætt störfum eða átt við mjög mikla erfiðleika að stríða.

Það fór því svo með niðursuðuverksmiðjuna í Ólafsfirði, að hún hefur átt mjög erfitt uppdráttar, varð að hætta starfrækslu hvað eftir annað, en ítrekaðar tilraunir voru þó gerðar til þess að koma henni af stað aftur. Fyrst var hún rekin sem bæjarfyrirtæki, en eftir að bærinn hafði lagt í hana mjög mikið fé og orðið *fyrir miklum áföllum hennar vegna, gafst hann* upp á rekstri verksmiðjunnar, enda ekki neinn möguleiki á að selja afurðir hennar. Næst var síðan gerð tilraun með að stofna um verksmiðjuna hlutafélag, og lögðu menn í Ólafsfirði allverulegar fjárhæðir fram í hlutafé til þess að gera enn á ný tilraun með að koma þessu atvinnufyrirtæki af stað, en það bar ekki heldur árangur, og urðu endalokin þau, að verksmiðjan var seld á nauðungaruppboði á s. l. ári, og var verksmiðjan lögð ríkissjóði út sem ófullnægðum veðhafa.

Það er nú komið hartnær ár síðan verksmiðjan komst í eigu ríkissjóðs, og ekkert hefur verið gert með fyrirtækið, þannig að verksmiðjan stendur auð og ónotuð og alger óvissa ríkjandi um hennar framtíð. Þetta ástand er tilefni þess, að við þingmenn Eyf. höfum leyft okkur að bera fram þessa þáltill., sem að vísu er nokkuð óljóst orðuð, vegna þess að þar er ekki sagt, að ríkisstj. skuli selja þessa verksmiðju, eða talað um neinar ákveðnar leiðir í sambandi við nýtingu hennar, og stafar það af því, að við gerum okkur ljóst, að það eru á því miklir annmarkar að starfrækja þessa verksmiðju áfram sem niðursuðuverksmiðju, eftir því sem horfir með þann iðnað, en engu að síður teljum við með öllu óviðunandi, að þessi myndarlega bygging með miklum vélakosti sé látin standa þarna óstarfrækt, meðan svo horfir, að atvinnuörðugleikar í þessu byggðarlagi eru mjög miklir og það svo, að telja má, eins og nú standa sakir, að þar sé algert atvinnuleysi, ef undan er skilinn sá hluti íbúanna, sem fer burt hingað til Suðurlands á vetrarvertíð. En heima fyrir er ekki um neina atvinnu að ræða. Og það gefur að skilja, að það hlýtur að leiða til mikillar óánægju hjá almenningi, þegar hann sér standa þarna ónotað stórt fyrirtæki, meðan fólkið gengur atvinnulaust. Þetta veldur því, að ég tel, að ekki sé með nokkru móti unnt annað en að gera einhverjar ráðstafanir í sambandi við þessa verksmiðju. Því mun sennilega verða til svarað af ýmsum, að fyrsta skilyrðið sé þá, að menn heima hefjist handa um að kaupa verksmiðjuna eða gera einhverjar ráðstafanir til þess, að hægt verði að reka hana af mönnum þar, annaðhvort sem verksmiðju eða á annan hátt. En því er þar til að svara, að við teljum, að það hvíli á sama hátt nokkur skylda á ríkinu, sem á þetta atvinnufyrirtæki á staðnum, með hliðsjón af þeim miklu örðugleikum, sem þar eru, að gera sjálft einhverjar ráðstafanir um nýtingu verksmiðjunnar, og þá í samráði við menn þar heima,

því að sannleikurinn er sá, að fjárhagsörðugleikar atvinnurekenda þar og annarra, sem kæmu til með að eiga þetta fyrirtæki eða kaupa það, eru svo miklir, að það geta orðið á því miklir annmarkar, að þeir geti rekið fyrirtækið á eigin ábyrgð.

Ég vildi láta þessar útskýringar fylgja þessari till. úr hlaði til þess að gera grein fyrir ástæðum þess, að við leggjum hana hér fram. Við gerum okkur vel ljósa erfiðleikana, sem eru á rekstri þessa fyrirtækis, en teljum hins vegar mjög brýna nauðsyn, að hafizt verði handa um nýtingu verksmiðjunnar á einhvern þann hátt, sem geti orðið til eflingar atvinnulífi í kaupstaðnum. Og tilgangur okkar með till. er fyrst og fremst að leita eftir viljayfirlýsingu hv. þingmanna til stuðnings ríkisstj., þannig að hún hafi á bak við sig vilja þingsins um það að gera einhverjar ráðstafanir af sinni hálfu, til þess að þetta fyrirtæki, sem á mælikvarða Ólafsfirðinga a. m. k. er stórfyrirtæki, standi ekki þarna áfram ónotað, því að vitanlega er það þá einnig gersamlega verðlaust fyrir ríkissjóð sem eiganda þess og honum glatast þá þeir fjármunir, sem þarna eru, ef svo á áfram að horfa, að engin not verði af húsinu.

Ég hef ekki þessi orð mín fleiri, en vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til fjvn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef einu sinni séð þetta fyrirtæki, niðursuðuverksmiðjuna í Ólafsfirði, og gekk þá úr skugga um það, að þetta fyrirtæki er hið myndarlegasta. Það hefur nýtízku niðursuðuvélar, og þeim, sem þá voru á ferð þar, — það var atvinnumálanefnd ríkisins, — var gefinn kostur á að bragða á framleiðsluvörum fyrirtækisins, og virtist okkur öllum sem það væri fyrsta flokks vara. Þá voru erfiðleikar um rekstur fyrirtækisins, eins og nú hefur verið gerð grein fyrir að sé, og fyrirtækið rekið slitrótt.

Ég tel, að það sé engum vafa bundið, að fiskiðnaðarfyrirtæki séu einmitt fyrirtæki, sem koma verði á fót, þar sem staðbundið atvinnuleysi eða tímabundið atvinnuleysi á sér stað í útvegsbæjum og sjávarþorpum. En það er alveg víst, að úr því að við erum enn þá fákunnandi í fiskniðursuðu, þá verður af hendi stjórnarvaldanna að leggja áherzlu á það, að Íslendingar afli sér þekkingar á þessu sviði. Meðan við eigum ekki lærðum mönnum á að skipa í þessu, þannig að við fáum fyrsta flokks vöru, sem sé söluhæf á erlendum markaði, verður að gera ráðstafanir til að fá útlenda kunnáttumenn til þess að starfa fyrir okkur í þessari grein og kenna okkur þessi vinnubrögð.

Ég vil í sambandi við þessa till. spyrjast fyrir um það, hvort ríkisstj. hefur enga vitneskju um það, hvað gert er til þess að treysta grundvöllinn undir niðursuðuiðnaði í sambandi við sjávarútveginn, eða hvort ríkisstj. veit til þess, að fyrirtæki, sem annast og hafa nokkurs konar einkaaðstöðu til þess að annast sölu á íslenzkum sjávarafurðum, hafa nokkra menn í sinni þjónustu til þess að vinna skipulega að sölu niðursuðuvara fyrir íslenzka framleiðendur. Ég trúi því ekki, að vörur eins og ég gekk úr skugga um að þessi verksmiðja getur framleitt séu ekki söluhæfar á erlendum mörkuðum. En það eru þó fyrst og fremst söluvandræðin, sem hafa stöðvað þetta fyrirtæki hvað eftir annað og gert það að verkum, að það hefur ekki getað orðið sá bjargvættur í atvinnulífi Ólafsfirðinga sem ætlunin var og menn trúðu að það gæti orðið. Ég er hræddur um, að það sé ekki í fyrsta lagi lögð næg áherzla á að koma ungum, efnilegum Íslendingum til náms í þessari vandasömu sérfræðigrein sjávarútvegsins, til náms í þeim löndum, þar sem menn eru komnir lengst í þessum efnum, eða þá í annan stað, að það sé ekki gert nóg til þess af íslenzkum stjórnarvöldum í samráði við íslenzka atvinnurekendur að útvega erlenda fræðimenn til þess að kenna okkur þessar listir hér heima. Og í þriðja lagi er ég afar hræddur um það, að það sé ákaflega slælega unnið að því að vinna íslenzkum niðursuðuvörum markaði erlendis. Ég veit um t. d. niðursuðuvörur eins og framleiddar eru á Akranesi, að það er fyrst og fremst það, sem veldur þar vandkvæðunum, að fyrirtækin geti verið í stöðugum rekstri, að það tekst ekki enn þá að selja framleiðsluna. Og mín höfuðgrunsemd er sú, að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda eða aðrir þeir aðilar, sem annast sölu sjávarafurða, hafi ekki tekið þetta hlutverk nógu alvarlega, því að það er alveg áreiðanlegt, að það eru ekki aðrar leiðir færari til þess að koma í veg fyrir tímabundið atvinnuleysi við sjávarsíðuna en einmitt að Íslendingar afli sér kunnáttu og að aflað sé sölumöguleika fyrir niðursuðuvörur úr glænýjum íslenzkum sjávarafurðum, sem engar þjóðir eiga að hafa betri aðstöðu til þess að framleiða sem fyrsta flokks vörur heldur en við.

Mig langar til að vita, hvort þeir, sem atvinnumálunum stjórna og eru hér á Alþ., geti ekki gefið neinar upplýsingar um það, hvort unnið hefur verið af þeim myndarskap að þessum málum sem skyldi eða hvort hér er um að ræða skilningsleysi og áhugaleysi ofan frá og að þessi atvinnugrein fái ekki þann stuðning frá stjórnarvöldunum sem vert væri og hin brýnasta nauðsyn er á til þess að geta bætt úr atvinnuvandræðum viðs vegar, þar sem það nú þjakar þjóðina.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 200, vildi ég segja hér nokkur orð.

Hv. fyrri flm. tók það fram, að till. væri nokkuð óljóst orðuð. Það er rétt. Það verður ekki séð á till. meðal annars, hvort hugsað er, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að þessari atvinnugrein verði haldið áfram á Ólafsfirði sem niðursuðuatvinnugrein. En það er eitt höfuðatriði í þessu máli, hvort hægt sé að ganga svo frá málinu, að þeirri grein verði haldið þar áfram, en ekki að þetta atvinnufyrirtæki verði tekið til einhverrar annarrar starfrækslu. Og í trausti þess, að svo verði gert, vildi ég fara nokkrum orðum um þetta mál.

Það er nú liðið allt að 20 árum síðan Ís-

lendingar fyrst fóru að reyna að gera niðursuðu að atvinnugrein, og helzt til þess að auka þannig útflutninginn á sjávarafurðum. Þá var komið hér upp í Reykjavík niðursuðuverksmiðju af Sambandi íslenzkra fiskframleiðenda. Og það var hugsað á þeim tíma, að hún ætti að vera nokkurs konar móðurverksmiðja fyrir landið og hafa þá jafnframt á hendi sölu afurðanna og innkaup fyrir hinar smærri verksmiðjur, á líkan hátt og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur nú. Og fyrr en þessum málum er komið í það horf, er ákaflega vonlítið um, að hægt sé að reka niðursuðuverksmiðjur í hinum smærri stöðum landsins. Þetta vildi ég láta koma fram í málinu þegar við þessa umr.

Nú tókst því miður svo illa til, að Samband íslenzkra fiskframleiðenda varð að hætta þessari starfrækslu. Hygg ég, að þeir hafi selt verksmiðjuna og alveg horfið frá þessari nýju atvinnugrein, sem ég tel að beri að harma. Hins vegar var byggt hér upp nokkru síðar fiskiðjuver ríkisins, eins og kunnugt er, og ætlaði það einmitt að fara í stórum stíl inn á niðursuðusviðið og setti mjög mikla peninga í að byggja upp fullkomna niðursuðuverksmiðju. Hvort það hafi hugsað sér að verða móðurfyrirtæki fyrir aðrar smærri verksmiðjur í landinu, skal ég ekki segja um, en hitt er einnig víst, að sá iðnaður hefur ekki heldur gengið vel. Ég hygg jafnvel, að hann hafi verið stöðvaður um tíma eða a. m. k. dregið mjög úr honum, og tel ég það einnig mjög mikinn skaða fyrir málið í heild.

Nefnd sú, sem ríkisstj. hefur skipað til þess að athuga, á hvern veg hægt er að halda jafnvægi í byggð landsins, hefur nokkuð athugað þessi mál og m. a. beðið Iðnaðarmálastofnun ríkisins að athuga gaumgæfilega fyrir sig, á hvern hátt væri hægt að skipuleggja niðursuðuiðnaðinn í landinu. N. hefur bent Iðnaðarmálastofnuninni á, að það sé óhjákvæmilegt að hennar áliti að hafa einhvern aðila, annaðhvort samband niðursuðuverksmiðjanna eða einhvern annan aðila, til þess að vera leiðandi aðili í þessu máli, gera öll innkaup, og síðan sé framleiðslan öll seld undir einu og sama merki. Það er ákaflega mikils virði í þessu máli, ef það væri hægt að koma því þannig fyrir. Ef móðurverksmiðjan gæti látið í té hinum smærri verksmiðjum úti á landinu ekki einasta leiðbeiningar og eftirlit með niðursuðunni, heldur einnig umbúðir allar og haft á hendi alla sölu og öll innkaup, þá telja þeir menn, sem í n. sitja, og einnig Iðnaðarmálastofnunin, að það sé eina leiðin til þess að komast nokkuð áfram í þessum málum.

Ég vildi því mjög mælast til þess, að hv. fjvn., sem fær þetta mál í hendur, vildi hafa samband við Iðnaðarmálastofnunina, fá frá henni upplýsingar um þetta mál, á hvaða stigi það stendur, ræða þá kannske einnig við þá n., sem hefur með jafnvægið að gera í byggðum landsins, til þess að gera sér grein fyrir því, hvort unnt sé að byggja þessa atvinnugrein upp, ekki einasta í Ólafsfirði, heldur og víðar á landinu. Ég hygg, að það sé enginn vafi á því, að í framtíðinni, ef hægt er að skipuleggja þetta þannig um allt land, séu möguleikar fyrir því að vinna upp allmikið niðursuðuiðnaðinn í landinu og selja framleiðsluna á erlendum markaði, svo framarlega sem við erum færir um að selja hana með sama verði og aðrar þjóðir.

Ég vil í þessu sambandi mega benda á, að það hefur nýlega fyrir áhrif frá Sölumiðstöð íslenzkra fiskframleiðenda verið seld í stórum stíl í Ameríku ný fisktegund, sem Ameríkumenn kalla fishsticks, og eru öll líkindi til þess, að það geti aukið stórkostlega útflutning Íslendinga á sjávarafurðum. Og mér þætti ekkert óeðlilegt, ef unnið yrði jafnvel að þessum sérstöku málum, sem hér um ræðir, þá væri hægt í framtíðinni að byggja hér upp öruggan atvinnuveg og örugga útflutningsvöru fyrir landsmenn.

Ég væri því fylgjandi, ef hægt væri að breyta þessari till. í það horf, að það ekki einasta tryggði Ólafsfirðingum áframhaldandi atvinnu, heldur að sú atvinna verði tryggð alveg sérstaklega á þessu sama sviði, en verksmiðjan verði ekki tekin og breytt til þess að gera einhverja allt aðra hluti, óskylda, því að mér er alveg ljóst af þeirri litlu þekkingu, sem ég hef á þessum málum, að það er mjög mikil framtíð fyrir Íslendinga og ekki sízt mjög mikil atvinnubót fyrir marga af þeim mönnum, sem búa úti á landinu, ef hægt væri að koma niðursuðuiðnaðinum á öruggan grundvöll og tryggja örugga sölu á vörunni, þar sem við höfum, eins og hv. 3. landsk. tók fram, eitthvert það bezta hráefni að vinna úr, sem fæst í veröldinni. Ég vil því vænta þess, að hv. fjvn. taki þetta mál eins og öll önnur mál, sem til hennar er vísað, mjög alvarlega og ræði við þessa aðila um möguleika til þess að koma þessu í viðunanlegt horf.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég verð að taka undir það með hv. flm. till., að mjög er illt til þess að vita að hafa í Ólafsfirði fullkomna niðursuðuverksmiðju, að mér skilst einhverja fullkomnustu á landinu, er ekki getur komið að notum fyrir íbúa bæjarins, sem henni var þó ætlað að verða til hagsbóta. En ég verð að segja, að till. þessi er orðuð á þann veg, að mér er ekki alveg ljóst, hvað fyrir hv. flm. vakir með þeirri ályktun, sem hér er um að ræða. Hún leggur til að fela ríkisstjórninni að ráðstafa sem allra fyrst niðursuðuverksmiðju þeirri, sem ríkið á í Ólafsfirði, á þann hátt, að horfi til aukningar atvinnu og bættrar afkomu Ólafsfirðinga. Mér skilst hins vegar af grg., að aldrei hafi tekizt að reka þessa verksmiðju að nokkru ráði, og segir í grg.: „Hafa ítrekaðar tilraunir verið gerðar til að reka verksmiðjuna, en þær jafnan farið út um þúfur.“ — Nú finnst mér, að það hefði verið viðeigandi, að gefin væri nokkur skýring á því, hvers vegna rekstur á svo fullkominni verksmiðju hafi alltaf farið út um þúfur.

Ef verksmiðjan er í fullkomnu lagi og hráefnið til staðar, þá getur ekki verið nema um eina ástæðu að ræða fyrir því, að verksmiðjan hefur ekki verið rekin. Og ástæðan er vafalaust sú, sem hv. 3. landsk. (HV) tók fram, að

kunnáttumenn vantar til þess að reka þetta fyrirtæki. Þetta er ekki eina fyrirtækið af þessari tegund hér í landinu, sem skortir kunnáttumenn til að reka. Því miður lítur svo út, að flestar niðursuðuverksmiðjur, sem risið hafa upp hér á síðari árum, séu ekki reknar af kunnáttumönnum. Það er leitt að þurfa frá því að segja, að íslenzkar niðursuðuvörur hafa illt orð á sér. Þær hafa illt orð á sér vegna gallaðrar framleiðslu, og gölluð framleiðsla getur ekki orsakazt nema af því, að kunnáttumenn eru ekki við framleiðsluna.

Það hefur verið reynt á mörgum mörkuðum að selja íslenzkar niðursuðuvörur. Íslenzkar niðursuðuvörur voru sæmilega vel komnar inn á ameríska markað fyrir nokkrum árum. En eftir því sem ég veit bezt, hefur alveg tekið fyrir þá sölu (það var sérstaklega niðursuða á síldarvörum) vegna þess að viðskiptamennirnir komu til verzlananna hvað eftir annað með dósirnar til baka, vegna þess að varan var skemmd. Þegar viðskiptamaður í Ameríku kemur með dós af skemmdri niðursuðuvöru, þá er ekki aftur keypt framleiðsla þess framleiðanda, sem þá dós selur. Þannig hefur þetta verið víðar.

Íslendingar virðast því miður ekki eiga fullkomna kunnáttumenn á þessu sviði. Fyrir rúmlega hálfri öld voru Norðmenn að koma fótunum undir sinn fiskniðursuðuiðnað. Það gekk mjög á tréfótum hjá þeim fyrstu árin, og stærstu firmun voru hvað eftir annað komin að því að verða gjaldþrota, vegna þess að þau skorti kunnáttumenn við niðursuðuna. En það var líka vegna þess, að þá var niðursuðutæknin á mjög lágu stigi. Hún var mjög skammt á veg komin, svo að þeir barnasjúkdómar, sem þar komu fram hjá Norðmönnum, komu þá um sama leyti fram víða um heim. En nú er niðursuðuiðnaður svo að segja hvarvetna í heiminum á háu tæknistigi. Er sama hvar maður kaupir niðursuðuvörur, þær eru alls staðar ógallaðar, og það er hægt að geyma þær mánuðum og árum saman, án þess að þær skemmist. Niðursuðuiðnaðurinn er á svo háu stigi, t. d. í Bandaríkjunum og einnig í Evrópu, að það þekkist varla, að fram komi gallaðar niðursuðuvörur. En þetta sýnir, að til eru kunnáttumenn, það eru til menn, sem kunna að meðhöndla þessa framleiðslu, og það eru til vélar, sem geta afkastað þessari framleiðslu, án þess að hún þurfi að vera stórgölluð.

Það er alveg tilgangslaust fyrir Íslendinga að setja upp verksmiðjur með ærnum kostnaði, ef þeir kunna ekki með þær að fara. Og ef þeir kunna ekki sjálfir með þær að fara, þá verða þeir að fá sér menn frá útlöndum, sem kunna þessa iðn og geta gengið frá vörunni eins og hún á að vera, svo að hún komi óskemmd til kaupandans.

Ég vil ekki mæla því í gegn, að þetta mál komi til athugunar hjá ríkisstjórninni. En mér finnst, að það eigi að koma fyrst og fremst fram, hvað það er, sem er ábótavant í þessu máli, bæði með þessa niðursuðuverksmiðju og aðrar niðursuðuverksmiðjur í landinu. Það kann vel að vera, að nauðsynlegt sé, að ríkisstj. taki málið í sínar hendur til þess að kippa þessu í lag í eitt skipti fyrir öll. Ef allur heimurinn getur framleitt góðar niðursuðuvörur nema Íslendingar, þá hlýtur að vera hægt fyrir þá að læra einhvers staðar að búa til almennilegar niðursuðuvörur.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, því að þær benda í þá átt, að vænta megi góðra undirtekta undir þetta mál, sem við þm. Eyf. höfum hér hreyft. Við höfum takmarkað þetta við þessa sérstöku niðursuðuverksmiðju, en það er vitanlega síður en svo, að við höfum á móti því, að till. sé færð inn á eitthvað breiðari grundvöll og látin fara fram á því athugun jafnframt, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til þess að koma niðursuðuiðnaði hér á heilbrigðan grundvöll, því að vitanlega er það alveg rétt, sem bent hefur verið á, að það er raunar óviðunandi fyrir okkur, sem eigum allra þjóða bezt hráefni til fiskiðnaðar, að við skulum þurfa að selja það hráefni óunnið úr landi, en ekki geta nýtt það hér heima, sem bæði ætti að auka verðmæti framleiðslunnar og einnig þá um leið að skapa stóraukna atvinnu. Og það er alveg rétt, sem hv. 3. landsk. benti hér á, að það er sennilega fátt til þess hentugra að koma í veg fyrir atvinnuleysi á ýmsum stöðum úti um landið heldur en einmitt ef hægt er að koma slíkum iðnfyrirtækjum þar á fót.

Það hefur verið á það bent hér, sem ég einnig tók fram í minni frumræðu, að till. þessi væri nokkuð óljóst orðuð, og töldu menn, að það væri æskilegra, að fram kæmi í henni nákvæmar, við hvað átt væri, þar sem alls ekki væri sagt í till. sjálfri, hvernig ríkisstj. ætti að ráðstafa verksmiðjunni. En ástæðan til þess er auðvitað ekki sú, að Ólafsfirðingar vilji ekki, að verksmiðjan sé rekin áfram sem niðursuðuverksmiðja, því að það vildu þeir vitanlega helzt af öllu. Og bæjarstjórnin hefur gert um það ályktun, sem ríkisstj. var send strax eftir að hún eignaðist þessa verksmiðju, þar sem lögð var á það rík áherzla, að ríkisstj. ræki verksmiðjuna áfram sem niðursuðuverksmiðju. En við höfum þó ekki orðað till. þannig, einmitt vegna þess að þeir annmarkar, sem komið hafa í ljós varðandi rekstur niðursuðuverksmiðjunnar og yfirleitt niðursuðuiðnaðarins í landinu, hafa verið það miklir, að við teljum alls ekki fullkomlega ljóst, hvort auðið er að starfrækja verksmiðjuna áfram í því formi. Það er a. m. k. alveg ljóst, að menn heima í Ólafsfirði eða bæjarfélagið þar muni alls ekki treysta sér til þess að starfrækja verksmiðjuna áfram sem niðursuðuverksmiðju, nema aðstæður breytist eitthvað varðandi þá atvinnugrein. Þeir hafa þegar, menn þar heima og bæjarfélagið, orðið að leggja fram mikið fé til þess að gera ítrekaðar tilraunir með starfrækslu verksmiðjunnar og það farið út um þúfur, þannig að grundvöllur er ekki fyrir slíku, og okkur er þá ekki heldur ljóst, hvort grundvöllur er beinlínis fyrir því, að ríkisstj. eða ríkissjóður starfræki verksmiðjuna áfram sem niðursuðuverk-

smiðju, vegna þess að sú niðursuðuverksmiðja, sem rekin hefur verið á vegum ríkisins, fiskiðjuverið, mun vera mjög á fallanda fæti, að óhætt er að segja, og ég held starfað lítið sem ekki neitt. Og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda hefur fyrir nokkru gefizt upp við að reka sína niðursuðuverksmiðju, þannig að ekki virðist blása byrlega með þennan atvinnurekstur.

Hitt er vitanlega alveg rétt, og væri mjög nauðsynlegt, að ríkisstj. tæki upp til miklu nánari athugunar en gert hefur verið, hvað gera þarf til þess að koma fótum undir þennan iðnað í landinu, hvaða annmarkar það eru, sem fyrst og fremst eru því til hindrunar, að þessi iðnaður geti þróazt eins og hann vissulega ætti að gera, miðað við þá aðstöðu, sem hér er með hráefni, og þá að gera ráðstafanir til þess að bæta úr þeim annmörkum, eftir því sem kostur er á.

Vitanlega er það rétt, sem hér var áðan bent á af hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), að það hafi verið miklir annmarkar og gallar á niðursuðuframleiðslu landsmanna og alls ekki nægilega færir menn við hana fengizt, að því er virðist vera. Þessir annmarkar komu einnig fram varðandi verksmiðjuna í Ólafsfirði, en þó held ég, að framleiðsla hennar hafi verið komin á mjög sæmilegan grundvöll og verið góð vara. En það, sem fyrst og fremst gerði það að verkum, að verksmiðjan varð að hætta, er, að það reyndist ekki auðið að selja framleiðsluna. Og þetta stafar ekki hvað sízt af því, að það er enginn aðili í landinu, sem sérstaklega hefur með höndum að annast sölu á þessum niðursuðuvörum, og fyrir verksmiðju úti á landi, sem hefur ekki neina bækistöð hér til að annast slíka sölu, er vitanlega mjög miklum erfiðleikum bundið að selja sína framleiðsluvöru, þannig að þess væri mjög mikil þörf að íhuga það, sem hv. þm. Barð. (GíslJ) benti á í sambandi við niðursuðuiðnaðinn yfirleitt, hvort ekki væri hægt að koma upp einhverri sölumiðstöð, sem annaðist sölu þessarar vöru, einmitt vegna þess að hér er um að ræða algera nýjung, sem þarf að vinna markaði og vinna braut í öðrum löndum, og því miklum mun erfiðara fyrir hvern einstakan að selja sína vöru. Um þetta hlýtur að verða að hafa einhver samtök og jafnvel opinberir aðilar að koma þar til, til þess að tryggja sölu afurðanna, og vitanlega er í því sambandi mikil nauðsyn, að það sé haft eftirlit með framleiðslunni, þannig að ekki sé framleidd gölluð vara, sem því miður hefur komið fyrir og hefur spillt því, að hægt væri að vinna þessum niðursuðuvörum markað.

Ég sem sagt teldi, að það væri mjög mikill fengur að því, ef hægt væri hér á Alþingi að leggja einhvern grundvöll að þessum atvinnuvegi betur en verið hefur, þannig að hann geti orðið sú lyftistöng, sem vonir stóðu til og hann vissulega ætti að vera. Og við flm. þessarar till. mundum mjög fagna því, ef athugun málsins hér gæti leitt til þess, að tiltækilegt yrði talið að starfrækja þessa niðursuðuverksmiðju í Ólafsfirði áfram sem niðursuðuverksmiðju, því að það er vitanlega það æskilegasta og auðvitað hörmulegt til þess að hugsa, ef verksmiðja, sem er hin fullkomnasta í sinni grein hér, verður að hætta störfum og þarf að selja hennar vélar út um hvippinn og hvappinn, vegna þess að ekki sé neinn grundvöllur til þess að starfrækja þetta fyrirtæki. Og ég held því, að þó að þetta mál að vísu sé hér fram borið sem aðeins varðandi eina verksmiðju í landinu og þannig ekki á breiðum grundvelli, þá sé hér þó um svo mikilvægt atvinnumál að ræða fyrir þjóðina í heild eða geti orðið það, að það sé full ástæða til, að því sé rækilegur gaumur gefinn.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), að okkur skortir enn mjög kunnáttumenn í niðursuðu. En það er mjög erfitt fyrir Íslendinga að komast að til að læra þetta. Það er enginn skóli hérlendis, sem hefur kennt þetta, og enn engin stofnun, sem annast slíka kennslu hér. Ég veit dæmi til þess, að Ísfirðingar hafa viljað komast á slíka skóla erlendis, en ekki tekizt það. Ungur Ísfirðingur vildi t. d. komast á skóla í Noregi, sem nýstofnaður er þar fyrir niðursuðumenn. Hann hafði fengið ádrátt um það hjá skólastjórninni að komast á skólann, en þegar formaður skólanefndarinnar frétti af því, að Íslendingur sækti eftir skólavist, lagði hann blátt bann við því. Eina ástæðan, sem hann gaf fyrir neituninni, var, að ekki væri rétt af Norðmönnum að hleypa Íslendingum þarna að, því að Íslendingar væru aðalkeppinautar um sölu fiskafurða, sem væru verulega hættulegir Norðmönnum. (*PO:* Hvar er þá norræn samvinna?) Já, okkur varð nú á að spyrja um það, hvað norræn samvinna væri, en það kom fyrir ekki, og þessum manni var meinað um skólavist, a. m. k. að þessu sinni.

Hitt er ekki alveg rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að allar íslenzkar niðursuðuvörur hafi illt orð á sér. Mér er kunnugt um það, að ísfirzkar rækjur eru enn eftirsóttar, og þær seljast erlendis jafnóðum og hægt er að framleiða þær.

Ísfirðingar hafa mjög mikinn áhuga á því, að komið sé á eftirliti og mati á niðursuðuvörum, til þess að hægt sé að koma í veg fyrir, að skemmdar og gallaðar vörur séu seldar úr landi, því að þótt ein íslenzk verksmiðja eða fleiri framleiði og selji ógallaðar vörur, þá er alveg gefið mál, að það spillir fyrir og skaðar allan niðursuðuiðnaðinn íslenzka, ef hitt kemur fyrir, að aðrar verksmiðjur selji gallaðar vörur úr landi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 200, n. 545).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er nú til meðferðar, var flutt af okkur þm. Eyf. og hneig í þá átt, að gerðar væru ráðstafanir til þess að hagnýta svo niðursuðuverksmiðju þá, sem ríkið hefur eignazt í

Ólafsfirði, að hún gæti komið að sem mestu gagni fyrir atvinnulíf þar á staðnum. Fjvn. hefur athugað þessa þáltill. allýtarlega og hefur leitað umsagnar um hana frá tveimur aðilum, Fiskifélagi Íslands og fiskiðjuveri ríkisins. Umsögn hefur aðeins borizt frá Fiskifélaginu, og felast í þeirri umsögn meðmæli með því, að verksmiðja þessi verði hagnýtt til eflingar útgerð í Ólafsfirði, en hins vegar talið, að eins og ástatt sé nú með fiskniðursuðu í landinu, séu litlar horfur á, að hægt verði að starfrækja verksmiðjuna áfram sem niðursuðuverksmiðju. Með áliti stjórnar Fiskifélagsins fylgdi rækileg og athyglisverð grg. um ástand niðursuðuiðnaðarins á Íslandi. Um það mál var allmikið rætt hér við fyrri umræðu málsins, og komu fram ýmsar raddir um nauðsyn þess, að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að efla þennan mikilvæga iðnað, og bent jafnframt á það, hversu hagkvæmur slíkur iðnaður gæti reynzt til atvinnujöfnunar í landinu.

Fjvn. leggur til, að till. verði samþ. með smávægilegri orðalagsbreytingu, og er þá till. í því formi, að ríkisstj. láti fram fara athugun á því, hvernig niðursuðuverksmiðja ríkisins í Ólafsfjarðarkaupstað verði hagkvæmast notfærð til eflingar atvinnulífi á staðnum. Verður vitanlega að teljast æskilegt, að áður en endanleg ákvörðun er um það tekin, verði það rannsakað, bæði í samráði við forustumenn byggðarlagsins og jafnframt sérfróða menn í útvegs- og niðursuðumálum, þannig að þessi verksmiðja komi þar að sem beztum notum. Vitanlega væri æskilegast, að hægt væri að starfrækja fyrirtækið áfram sem niðursuðuverksmiðju, því að það mundi leysa mjög verulega úr þeim atvinnuvandræðum, sem við er að stríða í þessum kaupstað. Sé það hins vegar ekki talið fært, þá verði leitazt við að hagnýta þetta ágæta hús, sem þarna er til staðar, á einhvern þann hátt, að það geti styrkt útgerðina í Ólafsfirði. Þar standa nú svo sakir, að mjög tilfinnanlega skortir húsnæði fyrir útgerðina, ekki sízt eftir að þar er komin einnig togaraútgerð að nokkru, þannig að það eru vissulega fullkomin not fyrir þetta hús og mikilvægt, að sem allra skjótast geti fengizt á þessu máli einhver endalok, því að það er vitanlega alls kostar óviðunandi, að þessi ágæta verksmiðja og mikli húsakostur standi þarna ónotaður í langan tíma. Þar koma bæði til greina hagsmunir kaupstaðarins og einnig hagsmunir ríkissjóðs sem eiganda þessarar verksmiðju, að hún verði ekki látin standa þarna arðlaus og grotna niður, sem hlýtur að verða, ef ekki eru einhverjar sérstakar ráðstafanir gerðar í þessu efni.

Ég tel ekki þörf á að orðlengja frekar um þetta mál, en vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á að samþykkja till. með þeirri breytingu, sem fjvn. hefur borið fram.

ATKVGR.

Brtt. 545 (ný tillgr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 569).

15. Kötlusvæði.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn Kötlusvæðis [115. mál] (A. 218).

Á 21. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 7. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill. á þskj. 218 um rannsókn Kötlusvæðis.

Sumum þm. kynni ef til vill að þykja, að hér væri í mikið stórræði ráðizt að ætla sér að rannsaka eldfjall, sem er falið einhvers staðar undir jökli. En svo þarf þetta ekki að vera, ef nánar er að gætt.

Katla er án efa eitt hættulegasta eldfjall hér á landi, sem stafar af því, að Kötlugosi fylgja jafnan einhverjar þær stórfenglegustu náttúruhamfarir, sem gerast hér. Gos og hlaup koma svo skyndilega, að t. d. í síðasta Kötlugosi, 1918, hafði hlaupið náð hámarki á skemmri tíma en einni klukkustund. Slíkar hamfarir hafa oft valdið miklu tjóni og veitt mönnum þungar búsifjar.

Ýmsir hafa spurt mig og aðra Skaftfellinga, sem búa í námunda við Kötlu: Hvenær gýs Katla? Að sjálfsögðu getum við ekki svarað þessu, en gossaga Kötlu gefur hér nokkrar vísbendingar. Það má segja, að til séu öruggar heimildir um gos Kötlu frá því um miðja 16. öld. Á þessu tímabili hefur Katla gosið átta sinnum. Katla gýs 1580, svo verður goshlé í 45 ár. Svo kemur gos 1625 og goshlé 35 ár, gos 1660 og goshlé 61 ár, gos 1721, goshlé 34 ár, gos 1755, goshlé 68 ár, gos 1823 og goshlé 37 ár, gos 1860 og goshlé 58 ár, gos 1918, og það er síðasta Kötlugos.

Á þessu má sjá, að lengsta goshlé Kötlu hefur verið 68 ár, en hið stytzta 34 ár. Og enn er það að athuga, að síðasta goshlé var langt og núverandi goshlé ætti því að vera stutt, ef reglan helzt. 36 ár eru liðin frá síðasta gosi. Það er einu ári skemmra en hið lengsta af stuttu goshléunum og niu árum styttra en það stytzta af löngu hléunum.

Út frá þessari sögu má þá draga þá ályktun, að Kötlugos geti orðið hvenær sem er.

Ég hef leyft mér að flytja þessa þáltill., og með henni er stefnt að því að reyna, ef unnt er, að segja fyrir með einhverjum fyrirvara, hvenær ætla megi, að Katla gjósi. Tækist það, þá væri hægt að afstýra eða draga úr þeirri hættu, sem nálægum byggðum stafar af Kötluhlaupi.

En nú kynnu menn að spyrja: Er hér nokkuð hægt að gera? Ég hef rætt þetta við dr. Sigurð Þórarinsson jarðfræðing, sem án efa er allra fróðasti Íslendingur á þessu sviði, og hann hefur gefið mér upplýsingar um það, hvað tiltækilegt sé að gera. Ég hef leyft mér að prenta það sem fskj. með grg. þáltill.

Dr. Sigurður bendir fyrst og fremst á korta-

gerð og hallamælingar. — Ég vil í þessu sambandi geta þess, að árið 1943 hófu þeir Steinþór heitinn Sigurðsson og Jón Eyþórsson rannsókn á Kötlusvæði. Þeir athuguðu árlega úrkomu á svæðinu, og þeir gerðu kort af því. Nú er talið nauðsynlegt að fá miklu nákvæmara kort af þessu svæði en þeir höfðu færi á að gera og talið bezt að gera það kort með ljósmyndun úr lofti og væntanlega einhverjum þríhyrningamælingum. Tæki til slíkrar ljósmyndunar er til hér á landi, svo að þar er ekki miklu til kostað að láta þessa ljósmyndatöku fara fram.

Þá telur dr. Sigurður æskilegt að gera nákvæmt kort af efri hluta Mýrdalssands og hallamælingar til þess að sjá, hvernig sandinum hallar, og af því mætti ef til vill ráða eitthvað um það, hvaða stefnu hlaupið tæki, eftir því hvar það kæmi fram úr jöklinum. Ef t. d. reyndin yrði sú, að Mýrdalssandi hallaði til suðausturs aðallega, þá er stefnan beint á Álftaver og sú sveit í mikilli hættu og þá einnig vesturhluti Meðallands, næsta sveitin við Kúðafljót. Hún liggur mjög lágt, og hún gæti þá verið einnig í hættu og ekki síður ef til vill en Álftaverið. Ef hins vegar kæmi í ljós, að Mýrdalssandi halli til vesturs, og telja mætti, að gosið tæki stefnu vestur, þá gæti Víkurkauptún verið í hættu. Það er lítið þorp, eins og kunnugt er, og byggðin að langmestu leyti á sandinum niðri við sjóinn.

Þá nefnir dr. Sigurður dýptarmælingar á Kötlusvæðinu og Höfðabrekkujökli. Það er talið mjög mikilsvert að fá vitneskju um það, hvernig landslag er þarna undir jöklinum á Kötlusvæðinu, og með því mætti ef til vill sjá nokkuð, hvaða stefnu gosið tæki, og einnig og máske ekki síður væri mikilsvert að fá vitneskju um það, hvort vatn sé farið að safnast þarna undir í Kötlugjá eða á þessu svæði. Ef mikið vatn er farið að safnast þarna fyrir, þá bendir það vitanlega til þess, að það bráðni, að það sé einhver hiti neðan frá, og þá eru líkur til þess, að gos sé að nálgast. En með bergmálsmælingum er hægt að finna þetta hvort tveggja, bæði hvernig landslagið er þarna undir og einnig hvort vatn sé farið að safnast fyrir, og það er ákaflega mikilsvert atriði, eins og ég nefndi áðan. Slíkt tæki sem hér þyrfti með er ekki til hér á landi, en svo vill til, að það mun vera hægt að fá erlendan sérfræðing með þetta tæki og algerlega að kostnaðarlausu að öðru leyti en því að greiða ferðakostnað hans. Ég tel slíkt svo mikið kostaboð, að það væri óforsvaranlegt að hafna því. Það mun vera meiningin, að hann framkvæmi líka þykktarmælingu á Vatnajökli.

Þá nefnir dr. Sigurður jarðskjálftamælingar. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að fyrsta gosdaginn 1918 kemur mjög snarpur jarðskjálftakippur í Vík í Mýrdal, sem er í næsta nágrenni Kötlu, kl. 1 eftir hádegi þennan dag, en kl. 3 kemur jökulhlaupið, gosið, með öllum þeim ógnum, sem því fylgdu. Nú er ekki nokkur vafi á því, að smávægilegar jarðhræringar hafa verið þarna áður, — maður veit ekki fyrir hvað löngu, — en einhvern tíma áður, enda þótt fólk hafi ekki orðið þess vart. Þess vegna telur dr. Sigurður Þórarinsson, og er vafalaust alveg rétt hjá honum, að það væri mjög æskilegt að hafa jarðskjálftamæli einhvers staðar í nánd við Kötlu, þar sem allar hræringar kæmu fram, og þá er hægt að staðsetja nákvæmlega, hvaðan þær koma. Og dr. Sigurður bendir á líklegasta stað til þessa Kirkjubæjarklaustur, og ég býst við, að það sé rétt athugað hjá honum eins og annað.

Dr. Sigurður nefnir þarna einnig aðrar jarðfræðilegar mælingar, hallamælingar, sem ég skal nú ekki fara nánar út í, — getur þess undir 4. atriðinu. Og loks í fimmta lagi getur hann um, að nauðsynlegt sé að fylgjast mjög vel með breytingum, sem úrkomur valda þarna á þessu svæði, en þær eru geysilega miklar, sem kunnugt er, síðustu árin og undanfarna áratugi.

Þetta er það helzta, sem dr. Sigurður hefur bent á. Og nú spyr máske einhver: Kostar þetta ekki gífurlegt fé, svo að það séu ekki tiltök að gera neitt í þessu? En eins og dr. Sigurður hefur bent á, er aðalkostnaðurinn við þykktarmælingarnar, þar sem svo vill til, að við getum fengið erlendan sérfræðing með tæki algerlega að kostnaðarlausu, nema greiða ferðakostnað mannsins, og hann telur, að þessi kostnaður mundi nema um 15 þús. kr. Annar kostnaður yrði ekki mikill, hygg ég, af því að þetta verk þarf að vinnast fyrst og fremst í sjálfboðavinnu. Og ég vil í því sambandi óska þess, ef þessi till. verður samþ. hér á Alþ., að Jöklarannsóknafélaginu yrði falið að rannsaka þetta mál, vegna þess að þar starfa áhugamenn og vinna í sjálfboðavinnu. Þetta er ákaflega mikilsvert í þessu sambandi.

Ég vil svo að lokum leggja til, að þegar þessari umr. er lokið, verði till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 218, n. 546).

Frsm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Fjvn. leitaði umsagnar tveggja aðila í þessu máli, Jöklarannsóknafélags Íslands og rannsóknaráðs ríkisins. Voru þeir báðir því meðmæltir, að sú rannsókn færi fram, sem till. fjallar um. Umsögn þeirra er prentuð með nál. á þskj. 546.

N. hefur lagt til, að till. verði tengd við naín Jöklarannsóknafélagsins, þannig að ríkisstj. leiti samninga við þetta félag um að framkvæma þær rannsóknir, sem till. fer fram á. Að n. fer þessa leið, stafar af því, að Jöklarannsóknafélagið hefur staðið í sambandi við erlendan sérfræðing, sem hefur tæki, sem framkvæma má með þykktarmælingar á jöklum. Tæki þetta er mjög dýrt, og er ekki til hér á landi, en hinn erlendi sérfræðingur hefur boðizt til þess að koma hingað með þetta tæki, og var ætlun Jöklarannsóknafélagsins að láta hann rannsaka Grímsvötn í Vatnajökli. Með þessu tæki er hægt að sjá, hvernig landslagi er háttað undir jöklum, og það væri þess vegna

mjög æskilegt, að þetta tækifæri væri notað til þess einmitt að fá þennan sérfræðing til að ganga á Mýrdalsjökul og mæla þykkt jökulsins og kanna, hvernig er umhorfs undir, þar sem Katla liggur. Hinn erlendi sérfræðingur tekur enga sérstaka þóknun fyrir ferðina hingað, aðeins þarf að kosta ferðir hans og dvöl hér á landi.

Fjvn. lítur svo á, að það þurfi ekki að kosta ríkissjóð ýkja mikið fé að láta framkvæma þá rannsókn, sem farið er fram á í þessari till. Að sjálfsögðu yrði að taka þátt í ferðakostnaði hins erlenda sérfræðings og greiða fyrir ferð hans upp á Mýrdalsjökul, ef til kæmi, að hann fengist til að fara þangað, enda þótt það yrði mikið sjálfboðavinna, því að Jöklarannsóknafélagið hefur á að skipa ágætum mönnum, jöklaförum, sem vinna þetta verk í sjálfboðavinnu.

Aðra nauðsynlega starfsemi í sambandi við þessa rannsókn má framkvæma af opinberum aðilum, sem til eru í landinu. Má þar til nefna myndatöku af Mýrdalsjökli úr lofti, sem er nauðsynleg til kortagerðar af Kötlusvæðinu, og svo e. t. v. einhverjar mælingar af Mýrdalssandi og þar í grennd. Báðir þeir aðilar, sem fjvn. leitaði til, lögðu mikla áherzlu á, að fenginn yrði jarðskjálftamælir — hreyfanlegur jarðskjálftamælir — og hann staðsettur í nánd við Kötlusvæðið. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að Veðurstofan hefur einmitt sótt um leyfi til að mega kaupa slíkan mæli, en hún hefur ekki enn fengið til þess fjárveitingu. Og n. lítur svo á, að það sé að sjálfsögðu fjárveitingavaldsins að ákveða um þetta.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þessa till. N. hefur gert á henni lítils háttar breytingu, sem ég gat um, og leggur einróma til, að hún verði samþykkt eins og hún er orðuð á þskj. 546. Ég vænti þess, að hv. alþm. taki þessari till. vel og samþ. hana eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 546 (ný tillgr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 570).

16. Nýjar atvinnugreinar o. fl.

Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa [148. mál] (A. 356).

Á sama fundi og 37. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Sþ., 23. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er borin fram til þess að stuðla að því, að skipulega verði unnið að undirbúningi til að hagnýta sem bezt auðlindir landsins og gera till. um nýjar atvinnugreinar, enn fremur, eins og segir í till., að athuga möguleika á aukinni tækni í núverandi atvinnugreinum.

Það má sjálfsagt vinna þetta verk með ýmsu móti, og það kunna að vera um það skiptar skoðanir, hvernig eigi að vinna að þessu verki, en þó tel ég, að við nána yfirvegun þessa máls muni naumast verða um það deilt með réttu, að sú leið, sem hér er bent á, sé einna líklegust til árangurs. Þessi vinnubrögð, að skipa sérstaka n. til þess að athuga þessi mál, er ekki ný vinnuaðferð, hvorki hér á landi né með öðrum þjóðum, heldur má segja, að þetta séu hin algengustu vinnubrögð og þau, sem víðast hvar hafa reynzt einna bezt til árangurs. Það hafa verið skipaðar slíkar n. hér, m. a. 1934—35; þá var skipuð hér n., sem gaf út ýtarlegt nál. í bókarformi. Þar var bent á margt nýtt, sem varð til stórra nytja við síðari framkvæmdir.

Þegar menn hugleiða þessi mál, þessar stórframkvæmdir, sem hér bíða úrlausnar, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, sem menn yfirleitt ekki gera sér grein fyrir, að þessi mál þurfa mörg stórfelldan og langvarandi undirbúning og rannsókn, ef á að takast að hrinda þeim í framkvæmd og ekki sízt ef á að takast að hrinda þeim í framkvæmd á þann hátt, sem æskilegast er. Það var t. d. á árunum 1934 og 1935, sem fyrstu hugmyndir komu fram um sementsgerð og áburðarframleiðslu. Að vísu kom stríðið þar inn í og tafði fyrir framkvæmdum. Nýlega er áburðarverksmiðjan komin, en sementsverksmiðjan ekki enn þá, þó að liðin séu tæp tuttugu ár síðan búið var til sement erlendis á rannsóknarstofum þar úr næstum alíslenzku hráefni.

Ég bendi á þetta sem dæmi þess, hve oft þarf langan aðdraganda og mikinn undirbúning til þess að koma verkum í framkvæmd. Það átti fyrst að áliti þeirra sérfróðu manna, sem rannsökuðu þessi mál, að taka sandinn í sementsverksmiðjuna vestur á landi, eins og margir, sem hér eru viðstaddir, muna. En síðar kom í ljós, að þennan sand var að finna hér miklu nær, eða á botni Faxaflóans. Það stóð á því í tvö ár, að erlendir sérfræðingar töldu alls ekki öruggt, að hægt væri að ná sandinum á svo miklu dýpi, og á þeim grundvelli var m. a. neitað um lánsfé til verksins. Eitt af því, sem enn þurfti að gera, var því að fá skip til þess að sýna, að það var framkvæmanlegt að ná sandinum hér af botni Faxaflóa, og nefni ég þetta enn sem eitt dæmi þess, hvað það er margt, sem þarf að athuga, áður en ráðizt er í framkvæmdir.

Það mætti rekja hér fjöldamörg önnur mál, þar sem undirbúningurinn hefur verið langvarandi og framkvæmdir eru nú að byrja. Það er t. d. langt síðan minnzt var á það hér, — milli 10 og 20 ár, — að hafin yrði rannsókn á því að framleiða hér gler, en það hefur ekkert orðið af framkvæmdum milli 10 og 20 ár. Rannsóknir hafa haldið áfram, sumpart í kyrrþey, sumpart hefur ríkið stutt verulega að þessum rannsóknum, og nú er loks komið að því, að verið er að

byggja hér verksmiðju til þess að framleiða gler.

Það yrði allt of langt mál að nefna öll þau dæmi, sem tiltæk eru. Ég get þó nefnt einn einasta stað, Krýsuvík. Það er ekki enn þá fullrannsakað, hvernig á að nota hitann þar til þess að framleiða rafmagn. Það hefur verið álitið, að það muni finnast leiðir til þess að framleiða rafmagn þar helmingi ódýrar en virkjanir eru, t. d. núna við Sog. Það er alveg órannsakað mál, hvort hægt er að nota þennan hita. Það hefur verið nokkuð rannsakað, bæði af innlendum og erlendum sérfræðingum, hvort hægt er að nota þennan hita, sem er þarna í Krýsuvík, til þess að vinna að sumu leyti mjög dýran iðnað í sambandi við framleiðslu aluminiums. Verkfræðingar eru ósammála um þetta atriði, og það er ekki rannsakað. Það er órannsakað mál, a. m. k. til fullnustu, því að þar er að minnsta kosti um tvær eða þrjár aðferðir að ræða, hvort hægt er að framleiða allt það salt, sem Íslendingar þurfa, í sambandi við þennan hitagjafa, og er næstum fullvíst, að hægt sé að gera það með góðum árangri, en ekki enn þá fullrannsakað, hvernig það verði gert þannig, að árangur verði sem beztur. Í sambandi við það koma til greina efni, a. m. k. tvö, sem eru uppistaða í verulega stórum iðnaði, og er það einnig algerlega órannsakað mál.

Ég nefni þennan stað sem eitt af dæmunum um það, hve margt er órannsakað og hvað við höfum enn þá unnið óskipulega að því að rannsaka þessi mál. En eins og ég sagði áðan, er ekki fært að telja upp það, sem vinna þarf að, og það er ekki heldur á mínu valdi að gera það og reyndar fárra sjálfsagt annarra, því að margt af því er óþekkt atriði í dag.

Það er ekki heldur ónauðsynlegt að fylgjast með hinni nýju tækni. Það er fróðlegt að sjá t. d., ef rakin er þróunin í fiskiðnaðinum, sérstaklega í frystihúsunum, sem hafizt var aðallega handa um í heimsstyrjöldinni miklu að byggja upp. Það sýnir, hvað þarf stöðugt að vera vakandi í þessum málum, að útlendur maður kom hingað og rannsakaði frystihúsin og frystihúsaiðnaðinn yfirleitt og gaf um það allýtarlega skýrslu, sem var nokkuð umdeild, og það er enginn vafi á því, að það vakti til umhugsunar um nauðsynlegar breytingar á ýmsum sviðum, sem e. t. v. hafa gefið okkur milljónir eða milljónatugi í aðra hönd. Enn fremur hafa bætzt þar í hópinn óneitanlega núna á seinni árum menn, sem hafa sjálfsagt mikla þekkingu á þessum málum og hafa unnið þar þarft verk.

Það var árið 1952, að nokkrir þm. úr Framsfl. komu fram með tillögu þess efnis, að ríkisstj. léti safna saman í eina heild niðurstöðum rannsókna, sem gerðar hafa verið, og reyndi síðan að gera sér grein fyrir, hvaða framkvæmdir ættu að sitja í fyrirrúmi, eftir að lokið væri stórframkvæmdunum, sem hafa staðið yfir að undanförnu. Í þessu mun ekkert hafa verið gert enn þá, og er það ekki alls kostar óeðlilegt, því að það er vitað mál, að ríkisstj. getur ekki unnið þetta verk sjálf, og hún hefur enga eða a. m. k. ekki nægilega starfskrafta til þess að vinna að þessu máli. Þess vegna er nú komið fram með þá till., sem hér liggur fyrir, að skipa sérstaka n. til að vinna verkið. Það er raunverulega reynsla komin á það, eftir að till. frá 1952 var samþ., að verkið verður naumast unnið með öðru móti.

Sumir munu sjálfsagt líta svo á, að hin nýja Iðnaðarmálastofnun eigi að vinna þetta verk. Ég efast ekkert um það, að í þeirri stofnun vinna ýmsir dugandi menn og hæfir sem sérfræðingar. En mér skilst, að meginverk þessarar stofnunar hafi verið og sé enn þá að leiðbeina eldri fyrirtækjum tæknilega og gera útreikninga fyrir einstaka menn og félög á rekstrarhæfni nýrra fyrirtækja og gefa leiðbeiningar viðkomandi því, hvernig þau skuli byggð upp og rekin. Að Iðnaðarmálastofnunin vinni það verk að öllu leyti, sem hér er fyrirhugað af n., kemur að mínu áliti ekki til mála. Það er alveg sjálfsagt, að n. styðjist við starfskrafta Iðnaðarmálastofnunarinnar, eftir því sem unnt er og eftir því sem Iðnaðarmálastofnunin getur unnið það verk, en það er alveg útilokað, að verkið verði unnið í heild af Iðnaðarmálastofnuninni sjálfri.

Það er augljóst mál, að þegar á að vinna að þessu verki, kemur fleira til greina en tæknilegur undirbúningur. Það þarf að vinna jafnframt þeim tæknilega undirbúningi að því að rannsaka, hvaða rekstrarfyrirkomulag á að vera á þeim fyrirtækjum, sem byggja á upp, og það þarf enn fremur að rannsaka, með hvaða hætti á að afla fjármagns til þessara fyrirtækja. Það fléttast þess vegna inn í þessar framkvæmdir ekki aðeins það tæknilega, sem vissulega er stórt og sjálfsagt er að sérfræðingarnir vinni, bæði í Iðnaðarmálastofnuninni og annars staðar, en það fléttast jafnframt inn í þetta tæknilegur undirbúningur, það blandast jafnframt inn í þetta pólitísk atriði, eins og ég sagði áðan, um það, hvernig á að afla fjár til framkvæmdanna og hvernig á að byggja fyrirtækin upp. Ég fer ekki inn á það hér.

Það er eitt atriði, sem Alþ. á algerlega eftir að taka afstöðu til: Á að taka stórlán til þessara framkvæmda, og á ríkið eða hlutafélög eða félög ríkis og einstaklinga að byggja upp þessi fyrirtæki með stórum lántökum erlendis, eða á að gefa einstökum erlendum félögum leyfi til þess að byggja þessi fyrirtæki gegn einhverjum ákveðnum skilmálum, sem eftir er að setja? Þó að mikið sé talað um þessar framkvæmdir í öllum flokkum, þá er hv. Alþ. algerlega varbúið að svara því, á hvern hátt það vill taka við þessum stórframkvæmdum, á hvern hátt á að gera þær. Ég geri ráð fyrir því að vísu, að sú tæknilega hlið málsins verði mikilvæg og erfið, og það þarf ekki aðeins að leita til Iðnaðarmálastofnunarinnar, heldur fjöldamargra annarra stofnana um þau atriði, en ég geri ráð fyrir því, að þau atriði, sem ég var að minnast á í sambandi við rekstrarfyrirkomulagið og fleira, sem ég taldi, verði erfiðari mál viðfangs en jafnvel það tæknilega.

Ég vil jafnframt benda á það, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að þetta fyrirkomu-

lag, að kjósa n. til þess að starfa að þessum málum með sérfræðingunum, er alls ekki nýtt hér né erlendis, enda hygg ég, að það séu yfirleitt talin skynsamlegustu vinnubrögðin í dag, þegar unnið er að tæknilegum málum og stórframkvæmdum, að sérfræðingarnir vinni ekki það verk einir, heldur vinni það í samráði og samstarfi við þá menn, sem við stjórnmálin fást.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að nú er það svo alls staðar með þjóðum, sem eru langt komnar, — nægir að benda á Breta í því efni, — og hjá öðrum þjóðum, sem eru stutt á veg komnar, að unnið er kappsamlega að því að gera áætlun um stórframkvæmdir og tæknilegar framfarir á næstu árum til þess að bæta lífskjör þjóðanna. Það er naumast, að ég hygg, þó að ég hafi litla þekkingu á þessu atriði, að ekki sé hjá svo að segja hverri einustu þjóð unnið skipulega að undirbúningi stórframkvæmda og aukinni tækni.

Við höfum rætt mikið um þessi mál, en við erum, eins og ég sagði áðan, óundirbúnir um margt og jafnvel flest, ef til framkvæmda ætti að koma. Af öllum þessum stórframkvæmdum, sem oft er verið að telja upp í blöðunum, er engin framkvæmdin fullkomlega undirbúin, hvorki tæknilega né pólitískt, ef svo mætti að orði kveða.

Þess vegna verðum við nú að hefjast handa og nota tímann, sem við höfum. Talið er, að það muni fara að styttast í framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Þar vinnur nú margt Íslendinga, og Íslendingum fjölgar, eins og kunnugt er, um 3000 á hverju ári. Næstu árin, einkum eftir að vinna á Keflavíkurflugvelli hættir, þarf því stórfelldar auknar framkvæmdir og nýjar atvinnugreinar til þess að sjá Íslendingum fyrir nægilegri vinnu og sömu lífskjörum og þeir lifa við í dag, hvað þá heldur auknum og bættum lífskjörum, sem eru þær kröfur, sem flestar þjóðir gera nú í dag, og flestar ríkisstj. gera þá kröfu til sjálfs sín að reyna jafnframt að gera áætlanir um framkvæmdir, sem gætu bætt lífskjörin, frekar en að þau verði lakari en þau eru. Ef við tökum ekki upp skipuleg vinnubrögð í þessa átt, hljótum við að dragast aftur úr, og við hljótum að verða þess varbúnir að taka á málefnunum svo skipulega sem nauðsyn krefur, þegar þess gerist þörf, ef við tökum ekki upp eitthvað svipuð vinnubrögð þessu.

Þetta ætti ekki síst að vera nauðsynlegt hér í þessu landi, þar sem svo margt er ógert. Framfarir eftir nákvæmlega fyrirframgerðu skipulagi er mál málanna meðal þjóðanna í dag, og það á að vera það einnig og ekki síst hjá okkar þjóð.

Ég geri ráð fyrir því, að það geti verið deildar skoðanir um það, hvernig þessa n. á að skipa, hvað hún á að vera fjölmenn, og legg ég ekki mikið upp úr því né geri það að ágreiningi, þó að fyrirkomulagi á skipun n. væri að einhverju leyti breytt. Það er vel hægt að hugsa sér 7 manna n. í staðinn fyrir 5 manna n. Það er sjálfsagt hægt að hugsa sér, að flokkarnir tilnefni hver um sig einn mann í n. og síðan ríkisstj. tvo eða þess háttar. En aðalatriðið er ekki það, hvernig frá þessu er gengið, heldur er hitt aðalatriðið, að n. verði skipuð og hefji störf í sambandi við þá sérfræðilegu krafta, sem íslenzka þjóðin ræður yfir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít, að sú till., sem hv. þm. Str. (HermJ) hefur lagt hér fram og félagar hans, sé mjög merkileg till., sem Alþ. beri að taka vel undir og beri frekar að bæta við og auka verkefni þeirrar n., sem hann leggur til að sé komið á laggirnar samkv. tillgr., enda virtist mér af framsöguræðu hans, að hann raunverulega hugsaði þessari n. allmiklu meira verkefni en það, sem felst í sjálfri ályktunargreininni. Og ég held, að það sé mjög vel farið, að Alþ. athugi einmitt nú nokkuð reynslu sína af fyrri tilraunum í þessum efnum og hafi það nokkuð til hliðsjónar við þær ákvarðanir, sem það nú tæki um skipun svona n. og verkefnis hennar. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Str. sagði, að það verður engin slík n. skipuð til þess að rannsaka þessi mál, án þess að hún hafi um leið eigi aðeins tæknileg, heldur líka þjóðhagsleg og þjóðfélagsleg viðfangsefni, og hún taki þannig að sér að reyna að marka þá stefnu hvað snertir atvinnulíf og þar með að mjög miklu leyti þjóðlífið framvegis. Og þá er náttúrlega ekki að undra, þó að við hér á Alþ. verðum að búa okkur vel undir skipun slíkrar n. og reyna frá okkar hálfu með þeim umræðum, sem við tökum þátt í, að sjá um, að þau vandamál, sem alltaf koma upp í sambandi við þessi stórvægilegu þjóðfélagsmál, séu rædd sem ýtarlegast.

Það er rétt, eins og hv. þm. Str. ræddi um, að það er ekki í fyrsta skipti sem lagt er til að skipa slíka n. hér hjá okkur heima. Fyrsta n. í þessum efnum, sem sett var, skipulagsnefnd atvinnumála eða Rauðka, eins og hún var nú fyrst kölluð af andstæðingunum til háðs, en tók það nú upp svo að segja sem heiðursheiti síðar, — skipulagsnefnd atvinnumála, á tímum Framsóknar- og Alþýðuflokksstjórnarinnar 1934—37, var mjög merkilegt viðfangsefni í þessum hlutum, enda tóku þá þátt í henni margir af mest áberandi stjórnmálamönnum landsins, og þær hugmyndir, sem settar voru fram í skýrslu Rauðku, hafa ekki einu sinni allar komizt í framkvæmd enn sem komið er. Þó vann skipulagsnefnd atvinnumála þá undir mjög erfiðum kringumstæðum, áhrifum heimskreppunnar, áhrifum þeirrar almennu kreppu auðvaldsskipulagsins í veröldinni, átti þar að auki við það að búa, að þeirri stjórn, sem hafði forgöngu um að skipa hana þá, Framsóknar- og Alþýðuflokksstjórninni, voru þá þegar í upphafi skapaðar mjög erfiðar kringumstæður með því lánsbanni, sem brezku bankarnir þá komu á hér á Íslandi, og með þeim búsifjum, sem brezk verzlunaryfirvöld ollu Íslendingum með takmörkuninni á fisklönduninni í Englandi þá, þó að hún væri með öðrum hætti en nú. Engu að síður var þar með gerð fyrsta tilraunin í þessum efnum.

Næsta skrefið, sem stigið var í sambandi við þessi mál og um munaði, var þær ráðstafanir,

sem gerðar voru af svonefndri nýsköpunarstjórn og myndun nýbyggingarráðs. Með þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar, voru í fyrsta skipti stigin þau spor að búa til alveg ákveðnar áætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga á vissum sviðum og láta ekki aðeins við þær áætlanir sitja, heldur líka framkvæma þær. Þá voru gerðar ráðstafanir til að auka togaraflota Íslendinga með till., sem gerðar voru, og þær till. voru líka að mjög miklu leyti framkvæmdar. Þá voru gerðar ráðstafanir til að auka stórum vélbátaflota Íslendinga, og þær till. voru framkvæmdar. Þá voru gerðar till. um að auka verulega afköst hraðfrystihúsanna á Íslandi og að byggja ný fiskiðjuver, og þær till. voru framkvæmdar, og gerðar voru samþykktir um að vélvæða miklu betur en verið hafði íslenzka iðnaðinn, ekki sízt járniðnaðinn og slíkan, og voru þær till. framkvæmdar. Gerð var áætlun um flutningaskipaflotann íslenzka, sem þá þótti allstórfengleg, þegar hún var gerð, og var framkvæmd meira en 100%. M. ö. o., gerðar voru áætlanir og gerðar voru ráðstafanir til að framkvæma hluti, sem atvinnulíf Íslands byggist á í dag. Þó að sú n., nýbyggingarráð, sem þá starfaði, hafi aðeins starfað um tvö ár og sú stjórn, sem stjórnaði þessum framkvæmdum, hafi aðeins setið að völdum í tvö ár, þá er það samt svo, að grundvöllurinn að framleiðslulífi Íslands, hvað snertir sjávarútveginn og iðnaðinn, byggist að allmiklu leyti og ég býst við, ef farið væri nákvæmlega út í að reikna það viðvíkjandi sjávarútveginum, að 90% á því, sem þá var ákveðið og framkvæmt.

Það voru að ýmsu leyti góðar aðstæður til þess að framkvæma þetta. Það var sá munur, að sú stjórn, sem þá sat að völdum, hafði viljann til þess að vinna að þessu og sá, að ef það átti að undirbyggja þjóðfélagslegar umbætur á Íslandi, varð að byrja á því að auka framleiðslutækin og þar með afköst landsmanna. Hún hafði yfir nokkru fé að ráða, sem fékkst notað í þessu augnamiði, og hún opnaði markaði fyrir þeim afurðum, sem átti að framleiða með þeim framleiðslutækjum, sem verið var að kaupa, og sýndi fram á, að hægt væri að skapa markaði fyrir allt það, sem Ísland gæti framleitt.

Sú ríkisstj. og það nýbyggingarráð, sem þá hafði með þessa hluti að gera, tóku þá ákvörðun að ráðast í togarakaupin, þegar allir brezkir útgerðarmenn og allir íslenzkir útgerðarmenn, eða svo að segja allir, voru á þeirri skoðun, að það væri ekki rétt að kaupa togara til Íslands, og vildu bíða í hálft annað til tvö ár eftir slíku. Þá hafði íslenzk stjórn og íslenzk n. þá fyrirhyggju að sjá um að gera þessa hluti og gera þá í tíma.

Eftir að nýbyggingarráð var lagt niður og nýsköpunarstjórnin hafði farið frá, kom það mjög greinilega í ljós, að hjá þeim aðilum, sem á árinu 1947 tóku að skipta sér af íslenzkum stjórnmálum, var ekki vilji til þess að auka sjávarútveg Íslendinga. Við urðum þá varir við það, að Ameríkanarnir og fulltrúar þeirra hér á Íslandi lögðust á móti aukningu sjávarútvegsins. Það kom greinilega í ljós, að sá maður, sem nú um nokkur ár hefur verið ráðunautur þeirra ríkisstj., sem undanfarin ár hafa setið að völdum, um íslenzkt atvinnulíf, Benjamín Eiríksson, lagði fram till. um framleiðslulífið hér á Íslandi, sem fólu það í sér, að hefðu slíkar till. verið gildandi 1944 og 1945, hefði þótt fásinna að ráðast í að kaupa togaraflotann íslenzka. Það sýndi sig, að þessi afstaða hans var afstaða húsbændanna, þegar það kom í ljós, að Marshallstofnunin ameríska neitaði þeirri ríkisstj., sem sat að völdum 1947—1948, um lán út á þá 10 togara, sem hún tók ákvörðun um að kaupa til viðbótar við nýsköpunartogarana. Sú ríkisstj. varð að taka lán í Bretlandi fyrir 10 togurum, sem keyptir voru þá til viðbótar, vegna þess að Marshalllánið fékkst ekki. Það hafði sem sé komið í ljós, að hjá þeim amerísku máttarvöldum var andstaða gegn þessari miklu aukningu á íslenzka sjávarútveginum, sem tekin hafði verið ákvörðun um. Árið 1947, þegar breytt var um stefnu í þessum efnum, var sett nýtt ráð á laggirnar, fjárhagsráð. Þá fóru fram umræður hér á Alþ., 1947, um, hvert verkefni þessa ráðs skyldi vera, og það stóð í 2. gr. þeirra l., sem þá voru samþ., að þetta ráð skyldi undirbúa áætlunarbúskap hér á Íslandi, þó að hins vegar væri vitað, að innan þáverandi stjórnarherbúða væri engan veginn samkomulag um slíkt.

Ég vil aðeins minna á það í dag, að gefnu tilefni úr ræðu hv. þm. Str., þar sem hann kom inn á það, að miklar umbætur þyrftu langan undirbúning og góðan, að það var tækifæri líka þá, 1947, til að gera þann undirbúning. Við umræðurnar um lagafrv. þáverandi ríkisstj. um fjárhagsráð lagði ég fram till. í hv. Nd. um, hvert hlutverk þess ráðs skyldi vera, þar sem því var beinlínis falið, ef ég má lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Höfuðtakmark ráðsins skal vera að tryggja sem fullkomnasta hagnýtingu auðlinda, framleiðslutækja, vinnuafls og fjármagns þjóðarinnar á grundvelli beztu rannsókna á þessum sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma."

Síðan lagði ég fram till. um það, að fjárhagsráð skyldi ljúka við þá áætlun, sem nýbyggingarráð hafði gert um aukningu sjávarútvegsins fram til 1950, og hafa lokið nýsköpun sjávarútvegsins á þeim tíma með myndun allmargra fiskiðjuvera, auk þess sem þyrfti að koma upp togurum og vélbátum, og síðan lagði ég til, að á tímabilinu 1950—55 skyldi verða hafizt handa um stóriðju hér á Íslandi.

Till. mínar, sem voru við 5. gr. í þáverandi l., hljóðuðu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsráð skal undirbúa sem eitt aðalverkefni sitt uppkomu stóriðju í landinu á grundvelli ódýrrar raforku og skal því leggja höfuðáherzlu á að láta fram fara nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir og tilraunir, til þess að hægt verði á árabilinu 1950—55 að reisa slík raforkuver, er geti framleitt orkuna ódýrast og svo mikla, að hún nægi jafnt til sköpunar stóriðju hér sem til rekstrar vélrekins landbúnaðar og fiskiðju. Skal hvort tveggja athugað til hlítar: að reisa stærstu vatnsvirkjunar-

stöð, er völ sé á með tilliti til framleiðslu mikillar, ódýrrar orku, sem og að hagnýta gufuhverina og jarðhitann í framleiðsluþarfir. Sérstaklega ber fjárhagsráði að sjá um, að viðkomandi ríkisstofnanir láti rannsaka til fulls virkjunarskilyrði við Urriðafoss í Þjórsá.

Þá skal ráðið annast rannsóknir á því, hverjum greinum stóriðju sé vænlegast að koma hér upp, bæði til framleiðslu fyrir innlendan markað, svo sem áburðarverksmiðju, og til útflutnings, og skulu í því sambandi einnig rannsakaðir möguleikar til innflutnings hráefna til þess að vinna úr hér svo og til vinnslu hvers konar efna úr sjó."

Síðan voru fyrirmæli um að efla innlendan iðnað.

Það voru útvarpsumræður um þetta mál, þegar það kom fyrir þá, og það var lagzt mjög mikið á móti öllum þeim hugmyndum, sem ég var þá með um stóriðjuna og þóttu skýjaborgir. Ég held hins vegar, að hefði þá verið byrjað að vinna að því af fullum krafti að undirbúa og framkvæma rannsóknir á grundvelli stóriðju hér á Íslandi, þá hefðum við getað verið komnir lengra en við erum nú í dag, þegar hv. þm. Str. (HermJ) og félagar hans verða nú að leggja fram till. að nýju um nýja nefnd til þess að taka þessi mál til athugunar, þegar þessi till. nú kemur fram til að bæta úr þörf, sem hefur verið vanrækt að bæta úr á undanförnum árum. Við skulum gera okkur það ljóst, að á undanförnum 7 árum hafa ríkisstjórnir Íslands haft margfalt meira fé úr að spila, bæði af gjafafé og öðru, heldur en því, sem nýsköpunarstjórnin hafði úr að spila á sínum tímum, og samt hefur það fé, sem á þessum 6—7 árum hefur verið til ráðstöfunar fyrir ríkisstjórnir Íslands, ekki verið notað til að auka að neinum verulegum mun framleiðslutækin á Íslandi eða grundvöll okkar atvinnulífs. Við verðum að muna eftir því, að þó að raforkuver okkar við Sog og Laxá séu góð, þá eru þau fyrst og fremst hlutur, sem eykur svo að segja okkar lífsnautn, en skapar okkur ekki í stórum stíl þær afurðir, sem við getum flutt út úr landinu og tekið inn stórfé fyrir.

Við verðum að muna það, þrátt fyrir alla okkar drauma um stóriðju á næstunni, að í dag er sjávarútvegurinn enn þá sá grundvöllur, sem gefur Íslendingum mest í aðra hönd, vegna þess að með því að beita okkar vinnuafli við sjávarútveg, afkastar hver hönd meiru en með því að beita henni við nokkurn skapaðan hlut annan, að stóriðju ekki undantekinni, að minnsta kosti þegar um togarana er að ræða. Við verðum þess vegna að gera okkur það ljóst, ef við ætlum að bæta okkar þjóðarhag, leggja raunhæfan grundvöll að bættum lífskjörum í landinu, að þá verðum við í öllum slíkum áætlunum að reikna með mikilli aukningu sjávarútvegs okkar.

Allar okkar ágætu fyrirætlanir og framkvæmdir viðvíkjandi raforkuverum, áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju og öllu slíku yrðu yfirbygging, sem jafnvel gæti sligað okkur, ef við létum halda áfram að vanrækja að treysta þann grundvöll, sem þetta allt saman byggist á, sjávarútveginn, sem framleiðir 95% af öllum útflutningsverðmætum landsmanna og skapar þar með gjaldeyrinn að mestöllu því, sem við þurfum að fytja inn í landið.

Og ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt, þegar við nú að gefnu tilefni ræðum um stefnu okkar viðvíkjandi atvinnulífinu og aukningu þess í framtíðinni, að við gerum okkur það ljóst, að aukning framleiðslugrundvallar íslenzka þjóðfélagsins hefur verið vanrækt á undanförnum 6—7 árum og fyrsta stóra verkefnið, sem liggur fyrir þeim aðilum, sem eiga að móta stefnuna á næstunni, er að sjá til þess, að bætt verði úr þessari vanrækslu, að okkar sjávarútvegur, okkar landbúnaður verði stóraukinn, jafnhliða því sem við undirbyggjum okkar iðnað og leggjum grundvöll að komandi stóriðju. Við skulum muna, að það hefur enginn nýr togari verið keyptur frá því 1948 og vélbátaflotinn hefur máske staðið í stað, bátasmíði innanlands að miklu leyti lagzt niður á nokkrum árum, þó að vonandi sé, að byrjað verði nú aftur, og þrátt fyrir mjög miklar og ánægjulegar framfarir í landbúnaði okkar og iðnaði, þá eru þetta ákaflega alvarlegar staðreyndir.

Við þurfum þess vegna, eins og hv. þm. Str. kom réttilega inn á, þegar við nú einmitt stjórnmálamennirnir hér á Alþ. þurfum að móta, hvaða afstöðu eigi að taka um atvinnulíf Íslands á næstunni, að gera okkur grein fyrir, hvað við leggjum fyrir þær stofnanir og þá sérfræðinga, sem eiga að annast um útbúningu áætlana okkar og forma stefnu okkar í einstökum atriðum, — við þurfum að gera okkur alveg grein fyrir, hvað við ætlum að leggja fyrir þá.

Sjávarútvegurinn er sem stendur okkar mesti auðgjafi. Eins og oft hefur verið tekið fram, en ég held, að það verði aldrei tekið of oft fram, eru afköst hvers íslenzks sjómanns sjöfalt meiri en sjómannsins hjá þeirri þjóð, sem næst okkur kemur í veröldinni. Við þurfum hér ekki að miða við fólksfjölda að tiltölu, eins og við stundum erum að gera og stundum er gert grín að okkur fyrir; við tölum hér um aðeins fjölda sjómanna. Íslendingar standa fremst allra þjóða í veröldinni hvað snertir afla fisks. Á hvern sjómann, sem veiðar stundar, nemur meðaltalið um 70 tonnum á hvern sjómann. Næsta ríkið, sem ég býst við að sé Noregur, er með 10 tonn. Við erum þarna sjöfalt hærri, og á hverju byggist þetta? Þetta byggist á því, að af þeim um 5000 manns, sem vinna á íslenzka fiskiskipaflotanunm, vinna 1200 manns á togurunum og þeir 1200 menn framleiða helminginn af okkar fiskafla eða einhvers staðar frá 150 tonnum upp í 240 tonn á hvern sjómann, og það er það, sem gerir gæfumuninn í þessum efnum. Það er það, sem skapar þessa gífurlegu yfirburði okkar. Það eru okkar góðu fiskimið, okkar stórvirku tæki og okkar duglegu sjómenn. En þetta þýðir um leið, vegna þess að vinnan er uppspretta auðsins í þessum efnum, að þar sem vinnan og vinnuaflið gefur mest í aðra hönd, þar þurfum við fyrst og fremst að einbeita því að, því að með því leggjum við

beztan grundvöll að auðæfum þjóðarinnar í heild. Þess vegna verðum við að auka togaraflota okkar, og er þó hrópað á okkur alls staðar utan af landinu að fá fleiri togara. Við þurfum að auka fiskiðjuverin, við þurfum að byggja okkar báta og byggja þá mikið hér innanlands. Við þurfum að færa út landhelgi okkar, og við þurfum að skapa þannig aðbúnað að þeim mönnum, sem á sjónum vinna, að íslenzkir menn sækist eftir því að vera á toguranum og vélbátunum og við getum fyllt þá af íslenzkum mönnum. Það þýðir, að það fari að verða eftirsóknarverðara að vera togarasjómaður en t. d. heildsali í Reykjavík.

Við stöndum líka við byrjun þróunarinnar í landbúnaði okkar, sem áreiðanlega á eftir að taka stórfelldum stakkaskiptum við þá vélbyltingu, sem í honum er hafin. Við verðum varir við það sama í landbúnaðinum og í sjávarútveginum, að fólkið flýi frá honum, og við þurfum að skapa þann umbreytta aðbúnað að því fólki, sem þar vinnur, að menn sækist eftir því að vera þar. Það þýðir, að við þurfum að bæta aðstöðu þeirra manna, sem í þessum atvinnugreinum eru.

Og síðast en ekki sízt: Við vitum, að í okkar fossum og hverum, eins og svo mikið er nú farið að tala um, eigum við gífurlegar auðsuppsprettur, sem við þurfum að koma okkur niður á hvernig við ætlum að nota tæknilega, eins og hv. þm. Str. (HermJ) kom nú reyndar inn á, en við þurfum líka að koma okkur niður á hvernig við ætlum að hagnýta þjóðhags- og þjóðfélagslega. Ég vil segja það strax sem mína skoðun: Ég álít, að það geti verið allt í lagi fyrir okkur og jafnvel ágætt að taka útlend lán til þess að virkja sjálfir fossa okkar og koma upp stóriðju við þá, ef við getum fengið slík lán, í fyrsta lagi með sæmilegum vöxtum, án þess að vextirnir séu slíkir, að starf íslenzkra manna við þessa stóriðju verði þrældómur fyrir erlent bankaauðvald, og í öðru lagi, ef við getum fengið slík lán án þess að þurfa að fallast á nokkur pólitísk skilyrði í sambandi við þau, sem sé, að það sé hreint verzlunaratriði fyrir okkur að taka þau. Hitt vil ég taka fram, að ég álít betra, að við bíðum með okkar fossa og þær auðlindir, sem í þeim eru, og ef við reynumst ekki menn til þess sjálfir að hagnýta þá, þá eftirlátum við þá okkar börnum, heldur en við förum að selja þá erlendum félögum á leigu, því að hættan í því sambandi er sú, að þau erlendu félög, sem slíka fossa tækju á leigu, færu að taka mennina og landið á leigu líka með þeim áhrifum, sem peningarnir, sérstaklega mikið fjármagn, hefur í okkar þjóðfélagi nú á tímum. En það er eitt af því, sem við þurfum að taka ákvarðanir um, hvað við ætlum að gera í þessum efnum. En svo miklar auðlindir á Íslandi eru enn þá ónotaðar í sjó og í mold, að við getum með skynsamlegri hagnýtingu á þeim auðlindum gefið öllum landsins börnum góð lífskjör, án þess að þurfa að seilast til þess að stofna okkar framtíðaryfirráðum yfir auðlindum fossanna og hverana í voða með því að gefa útlendum auðfélögum að einhverju leyti tök á þeim. En eins og hv. þm. Str. kom inn á í sinni ræðu, eru þetta allt mál, sem við hér á Alþingi þurfum að ræða og við þurfum að marka stefnuna með. Og ég vildi leyfa mér, líka með hliðsjón að nokkru leyti af hans ræðu og af því, sem hann segir í grg. fyrir sinni till., að gera brtt. við þessa tillgr., sem ég hins vegar vonast til að sé alveg í samræmi við bæði grg. þeirra flm. og þá ræðu, sem hann hélt hér áðan. Ég vil leyfa mér að lesa þessa brtt. upp, með leyfi hæstv. forseta, þ. e., að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 7 manna mþn.

Verkefni n. skal vera að rannsaka og gera tillögur um, hversu auka skuli núverandi atvinnuvegi landsins að mannafla og framleiðslutækjum, svo og hverjar nýjar atvinnugreinar skuli skapa til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hvernig bezt megi hagnýta auðæfi lands og sjávar í þjónustu þjóðarinnar. Skulu tillögur n. bæði fjalla um tæknihlið og rekstrarfyrirkomulag atvinnuveganna, og ber n. einnig að gera áætlanir um þróun atvinnulífsins á næstunni, ef hún álítur það heppilegt.

N. er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, eða að vísindalegum rannsóknum, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna. N. skal hafa aðgang að öllum opinberum stofnunum atvinnuveganna: Fiskifélagi Íslands, Búnaðarfélaginu, Iðnaðarmálastofnuninni, Hagstofunni og öðrum, og skulu þær láta henni í té þær upplýsingar, er þær geta, og vinna að þeim verkefnum, er hún felur þeim.

N. skal skipuð á þann hátt, að þingflokkarnir fimm tilnefna hver um sig einn mann, en tveir eru kosnir með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi.

Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Ég álít, að við skipun nefndar um svo þýðingarmikið mál sem hér er um að ræða sé rétt, að öll sjónarmið, sem til eru í þinginu, fái aðstöðu til að koma fram, þannig að það sé þess vegna heppilegt, eins og hv. þm. Str. líka minntist á, að allir flokkar þingsins fái aðstöðu til þess að eiga fulltrúa í slíkri nefnd og án tillits til þeirra stærðar og máttar, þá fái sjónarmið þeirra að njóta sín. Hins vegar finnst mér ekki nema eðlilegt, að stærstu flokkar þingsins muni vilja gera nokkra kröfu til þess að geta komið þarna fleiri mönnum í n., og mundu þeir þá fá tvo menn til viðbótar í n. með því að tveir menn væru kosnir hlutfallskosningum í sameinuðu þingi. Ég geri þetta ekki endilega með tilliti til þess, að það væru fleiri skoðanir en ein uppi í þessum flokkum, þó að það kynni að vera, heldur hins, að það sé ekki óeðlilegt, að þeir hafi þarna — og líka sem stjórnarflokkar — möguleika til þess að hafa meiri hluta í slíkri nefnd. En hitt er aðalatriðið, að við getum gert samkomulag um það hérna í þinginu, þegar við setjum svona n. á laggirnar, að það sé alveg skýrt frá upphafi, hve mikið verkefni henni sé ætlað, að þau sjónarmið, sem uppi eru hjá þjóðinni, geti komið fram í sambandi við starf slíkrar n. og að þm. geri sér það ljóst frá upphafi, hve veigamikið pólitískt

starf það er, sem svona nefnd hefur með höndum.

Ég veit ekki, hvort það er nokkur þörf á að óska eftir afbrigðum fyrir þessari till. Þetta mál fer hvort sem er til nefndar, þannig að það er hægt að útbýta henni prentaðri seinna, en ég vil sem sé taka mjög vel undir það, sem hér hefur komið fram, og álít, að það eigi kröfu til þess, að þingið athugi það mjög vel og reyni að koma sér saman um heppilega lausn í þessu máli.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mig langaði til að segja hér nokkur orð í tilefni þeirrar þáltill., sem hér er nú til umræðu. Að vísu mun hún nú fara til n. og gefast tækifæri til þess að athuga hana þegar hún kemur þaðan, en mér þótti þó rétt að segja nokkur orð þegar á frumstigi málsins.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. till. sagði, að það er vitanlega mjög mikilvægt fyrir þjóðfélagið það verkefni, sem hann gerir ráð fyrir að þessi fyrirhugaða nefnd vinni að. Þar er blátt áfram um að ræða undirstöðu að framtíðarþróun atvinnulífs okkar, sem vitanlega hlýtur að varða hvern þjóðfélagsborgara og alla þá, sem einhverju láta sig skipta framfarir í landinu á sviði atvinnumála. Það hlýtur auðvitað alltaf að vera höfuðviðfangsefni bæði þings og ríkisstj. að reyna á hverjum tíma að efla svo atvinnulífið, að það geti verið þess umkomið að framfleyta þjóðinni, taka við fólksfjölguninni og að þjóðin geti haft af atvinnuvegum sínum það lífvænlega afkomu, að mannsæmandi megi teljast. Það hlýtur auðvitað að vera jafnan viðfangsefni Alþingis og hverrar ríkisstjórnar að vinna að þessum málum. Hitt geta menn svo um deilt, og um það er alltaf deilt, hvernig þessu verði bezt fyrir komið, og enn fremur það, hvaða verkefni eigi að sitja fyrir og hver að bíða. Jafnvel þó að menn séu sammála um það, að nauðsynlegt sé að framkvæma marga hluti, þá hefur til þessa reyndin orðið sú í okkar þjóðfélagi, að það er miklum mun meira, sem menn jafnan óska eftir að framkvæmt sé, heldur en hægt er að gera, vegna þess að okkur skortir því miður fjármagn til að hrinda öllu því í framkvæmd, sem við vildum gjarnan koma í verk. Af þessu leiðir, að það eru vitanlega á öllum tímum uppi deilur um það og ágreiningur, hvað helzt eigi að leggja áherzlu á og hvernig eigi að málunum að vinna, og þarf sá ágreiningur vitanlega ekki að benda til þess, að allir aðilar séu ekki áhugasamir um að efla atvinnulífið, heldur hitt, að það er svo um þetta sem önnur efni, að menn hafa á þeim mismunandi skoðanir og erfitt jafnan um það að segja afdráttarlaust, hvað sitja eigi í fyrirrúmi og hvað eigi að bíða.

Till. sú, sem hér er til umræðu, fjallar því um mál, sem eðlis síns vegna getur ekki verið neitt deiluefni. Það eru allir sammála um, að það þurfi að efla atvinnuvegi okkar, hafa á þeim sem bezt skipulag og stuðla að því, að öll landsins börn geti haft sómasamlegt framfæri og lífvænlega atvinnu, en þá kemur aftur að hinu atriðinu, hvort till. sú, sem hér er um að ræða, geti fengið miklu áorkað í þá átt að hraða enn meir en verið hefur ýmsum framförum í landinu og leggja grundvöll að því, að hægt verði fyrr en ella að hefjast handa um ýmsar þær framkvæmdir, sem menn munu nú almennt vera sammála um að þurfi að hrinda í framkvæmd.

Ég þori ekki á þessu stigi málsins að segja um það, hvort þessi nefndarskipun sé líkleg til farsællar lausnar og til þess að hraða meir umbótum á sviði atvinnuframkvæmda en ella mundi vera, þó að engin slík nefnd væri til, en mér sýnist þó, að ýmislegt af því, sem á undan er gengið, bendi til þess, að ekki sé, því miður, ástæða til að halda, að það muni valda neinum verulegum umbreytingum í framkvæmdum, þótt slík nefnd yrði sett á laggirnar.

Sú hugmynd, sem fram kemur í þessari till., er vitanlega ekki ný, hún hefur oft áður verið framkvæmd. Hv. frsm. minntist á nefnd, sem á sínum tíma vann að athugun á atvinnumálum, skipulagsnefnd atvinnumála. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) minntist enn fremur á aðra mjög mikilvæga tilraun, sem gerð var í þá átt að efla atvinnulíf þjóðarinnar, og það stórfelldasta átak, sem í því efni hefur verið gert, en það var þegar nýbyggingarráð starfaði og því var falið að leggja grundvöll að eflingu atvinnuveganna, en þá var, sem öllum hv. þm. er kunnugt, í framhaldi af því starfi gert stórfelldasta átakið í eflingu okkar atvinnulífs. Það er því hér um að ræða að ganga troðnar götur að þessu leyti til. En það kemur hér ýmislegt fleira til athugunar, sem ég tel nauðsynlegt að menn íhugi, áður en afstaða er tekin til þessa máls. Fyrst og fremst er nú það, að það er ekki heldur nýtt, að hér á þingi hafi verið gerðar ályktanir um ýmis þau atriði, sem þessi till. fjallar um. Árið 1947 bar núverandi hæstv. viðskmrh. fram till. hér á þingi, sem samþykkt mun hafa verið, um að skora á ríkisstj. að fela rannsóknaráði ríkisins að rannsaka, hvaða dýrmæt jarðefni eða málmar kynnu að vera hér í jörðu, sem gætu lagt grundvöll að því, að hægt væri að koma upp iðnaðarrekstri í sambandi við hagnýtingu slíkra efna. Síðan hafa ýmsar till. um svipuð atriði komið fram. Hv. frsm. minntist á till., sem nokkrir hv. þm. hér báru fram á þingi 1952 og þá var samþykkt, um athugun á náttúruauði landsins, með það í huga að gera sér grein fyrir, hversu hann mætti helzt hagnýta til eflingar atvinnulífinu. Þá vil ég enn fremur leyfa mér að minna á tvær aðrar till. og ályktanir, sem samþykktar voru hér frá Alþ. nú ekki fyrir löngu. Önnur var um hagnýtingu jarðhitans, þar sem ríkisstj. var falið að láta undirbúa löggjöf um það efni og gera athuganir á því, hversu hann yrði bezt hagnýttur, og enn fremur var till., sem einnig var samþ., um það að skipa nefnd manna til þess að gera till. um, hversu efla mætti atvinnulífið í hinum ýmsu byggðarlögum landsins á þann hátt, að það gæti tryggt sem bezt jafnvægi í byggð landsins og komið í veg fyrir það, að fólk leitaði á óeðlilegan hátt til fárra staða á landinu. Það var þá sammæli manna, að ég hygg, hér á hinu háa Alþingi, þegar sú

till. var samþ. hér, að hér væri um hið brýnasta og mikilvægasta mál að ræða, og reynslan hefur enda síðar leitt það í ljós, að hér er mikil þörf, ekki aðeins ályktana, heldur einnig ákveðinna ráðstafana, til þess að koma í veg fyrir, að veruleg röskun, og verulegri röskun en nú er þegar orðin, verði í byggð landsins.

Þá er einnig rétt að minna á, að gerðar hafa verið ýmsar athuganir í þessa átt. Þó að ekki hafi nú kannske mikið verið framkvæmt af þeim till., sem samþ. hafa verið hér á Alþingi, hafa þó verið gerðar vissar ráðstafanir í sambandi við þetta mál. M. a. var hér fyrir nokkru starfandi atvinnumálanefnd, sem kynnti sér atvinnulíf um allt land og gerði mjög ýtarlega greinargerð og skýrslur um það efni og till. til ríkisstj. um það, hvað nauðsynlegt væri að framkvæma á hverjum stað til þess að tryggja fulla atvinnu, og er í þeirri skýrslu að finna ýmsar eftirtektarverðar tillögur.

Varðandi hagnýtingu náttúruauðlinda er einnig á það að minnast, að um margra ára skeið hefur verið starfandi sérstök stofnun í landinu undir sérstakri yfirstjórn, þ. e. a. s. atvinnudeild háskólans, og þó öllu heldur yfirstjórn hennar, rannsóknaráð ríkisins, sem sérstaklega hefur af Alþingi verið falið að rannsaka náttúruauðlindir landsins og gera beinlínis um það till., hversu hagnýta megi þessar auðlindir, þannig að þær geti orðið atvinnulífi þjóðarinnar til eflingar og til þess að bæta afkomu almennings í landinu. Til þessarar stofnunar hefur á ári hverju verið varið allmiklu fé, og maður skyldi ætla, að út af því starfi hefðu komið margar mikilvægar athuganir, því að hér er um mjög langan undirbúning að ræða og tímabil, sem þessi stofnun hefur haft til að vinna að sínu hlutverki. Það er kunnugt, að það eru mörg atriði, sem þar hefur borið á góma, margar athuganir verið gerðar, og ég hygg, að ýmislegt af því, sem framkvæmt hefur verið á sviði iðnaðarþróunarinnar, hafi að nokkru leyti verið fyrir tilstyrk þeirrar stofnunar.

Það skal játað, að ég hygg, að það sé mikil nauðsyn að gera breytingar á skipulagi þeirrar stofnunar og skipan rannsóknaráðsins og ef til vill endurskoða þá löggjöf, sem um þau efni fjallar, og gæti verið tilefni til að íhuga það í sambandi við þessa till. En þarna er sem sagt um að ræða stofnun, sem lengi hefur starfað og hefur haft beinlínis það hlutverk að gera till. um a. m. k. eflingu iðnaðarins og hagnýtingu náttúruauðlinda landsins, sem fyrst og fremst hlýtur auðvitað að koma til álita í sambandi við starf nefndar sem þeirrar, sem hér er gert ráð fyrir, vegna þess að um landbúnaðinn og sjávarútveginn liggur það ljóst fyrir nokkurn veginn, hvers er þar þörf, og það er miklu einfaldara mál, ef á annað borð er til fjármagn til að hrinda þeim umbótum í framkvæmd.

Það er vafalaust öllum hv. þm. kunnugt, að eins og sakir standa nú í okkar þjóðfélagi, þá hygg ég, að það sé mikið vafamál, hvort beinlínis er fyrir hendi skortur á tillögum um ýmiss konar framkvæmdir, sem allir viðurkenna að séu mjög líklegar til þess að bæta afkomu þjóðarinnar og skynsamlegt af þeim sökum að hrinda í framkvæmd. Það er okkur öllum kunnugt, að t. d. á sviði landbúnaðarins er um að ræða miklu meiri framkvæmdir en fjármagn hefur verið til til þess að standa undir og framkvæmdaviljinn þar miklu meiri en fjárhagsleg efni hafa leyft.

Um sjávarútveginn er einnig það sama að segja, að það eru óskir og vilji fyrir hendi víðs vegar á landinu um kaup fjölmargra fiskiskipa og að koma upp hraðfrystihúsum og ýmsum fiskiðjuverum og nú einnig síðustu árin að segja má vaxandi áhugi á því að fjölga togurum. Allt þetta hefur gengið seinna en óskir manna hafa staðið til af þeirri einföldu ástæðu, að ekki hefur verið fjármagn til þess að framkvæma þetta. Það hefur verið komið upp hér stóriðjuveri, sem er áburðarverksmiðjan, sem menn binda miklar vonir við, og hefur nú um nokkurra ára skeið verið unnið að því að koma hér upp öðru miklu fyrirtæki, sementsverksmiðjunni, en því miður hefur einnig seinkað framkvæmdum, vegna þess að ekki hefur tekizt að fá nauðsynlegt fjármagn, sem á hefur skort.

Mér sýnist því, að enda þótt það geti við nánari athugun þótt rétt að setja nú nýja nefnd til þess að gera nýjar tillögur um ýmiss konar framkvæmdir í ýmsum atvinnugreinum þjóðarinnar, þá sé hætt við, að það komi að litlu haldi, ef ekki sé hægt að leysa þann vandann, sem er á öllum þessum sviðum langerfiðastur og öllum hv. þm. er fullkunnugt um, en það er fjárskorturinn, bæði varðandi innlent og erlent lánsfé. Má ef til vill segja, eins og hv. frsm. kom inn á, að það sé mikið íhugunarefni og kannske ástæða fyrir Alþ. sem slíkt að leggja um það ákveðnar línur eða taka ákveðna stefnu varðandi fjáröflun til þessara framkvæmda allra saman, þ. e. a. s., að hve miklu leyti talið er fært að fara inn á þá braut að hagnýta erlent fjármagn til framkvæmda í landinu, því að það er í rauninni það, sem öllu máli skiptir. Það, sem okkur fyrst og fremst skortir til að koma upp því, sem er kallað stóriðjuver og kostar hundruð milljóna, er erlent fjármagn, því að það er augljóst mál, að við höfum ekki í landinu sjálfu fé til þess að koma þeim framkvæmdum á laggirnar. Um það hafa staðið miklar deilur, hvað langt eigi að ganga í þessu efni. Ýmsir hafa talið, að það væri mjög varhugavert að taka mikið af erlendum lánum, þar sem það gæti bundið okkur nokkurn myllustein um háls og svipt okkur sjálfræði yfir málum okkar. Vitanlega getur svo verið, ef of langt er gengið í þessu efni, en ég hygg þó, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, og flestir munu nú vera orðnir þeirrar skoðunar, að ekki verði hjá því komizt, ef við ætlum að byggja upp okkar atvinnulíf, að hagnýta í allríkum mæli erlent fjármagn í því skyni, ef það á annað borð er fáanlegt með viðunandi kjörum.

Ég minntist áðan á það, að nú væri nefnd starfandi til þess að gera tillögur í sambandi við ályktun þá, sem samþykkt var hér á Alþ. um ráðstafanir til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Ég held, að öll athugun á eflingu at-

vinnuvega okkar verði að miðast við að hafa hliðsjón einnig af þessu atriði, hvaða áhrif uppsetning vissra atvinnufyrirtækja eða efling vissra atvinnugreina hafa á byggðina í landinu, og þess vegna sýnist mér í raun og veru, að það sé a. m. k. fullkomið íhugunarefni í sambandi við þessa tillögu, hvort ekki sé nauðsynlegt, ef á annað borð mönnum sýnist eðlilegt að setja upp nefnd til athugunar á þessum málum, að sameina þetta að einhverju leyti starfi þeirrar n., sem nú starfar að því að rannsaka og gera tillögur um margvíslegar atvinnuframkvæmdir til þess að tryggja jafnvægi í byggð landsins. Ég hygg a. m. k., að vera muni viss hætta í sambandi við það, ef ekki eru höfð þessi tvö sjónarmið sameiginlega í huga, auk þess sem hér getur þá orðið um hreinan tvíverknað að ræða hjá þessum n. báðum. Ég vildi því að lokum benda á það til athugunar fyrir þá n., sem fær þetta til meðferðar, að nauðsynlegt er að taka þessi atriði einnig til íhugunar og þá að athuga, hvort ekki geti verið rétt, að það starf, sem þessi tillaga fjallar um, verði falið þeirri nefnd, ef til vill í einhverju breyttu formi, eða a. m. k. að starf þessara nefnda verði samræmt, þannig að ekki verði þar um árekstra eða tvíverknað að ræða.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég í upphafi sagði, að hér er vissulega um efni að ræða, sem er í eðli sínu mjög mikilvægt og er undirstaðan að okkar efnahagslegu afkomu í framtíðinni, og því er sjálfsagt að ræða þetta mál ýtarlega og gera sér grein fyrir því, hvað er farsælasta lausnin og hvað geti bezt stuðlað að því að hraða framkvæmdum meir en verið hefur til þessa, en hins vegar er ég mjög hræddur um það, að nefndarskipan ein út af fyrir sig hafi ekki ýkjamikla þýðingu, ef ekki kemur þar fleira til.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi að vera að ræða brtt. þær, sem komið hafa fram við aðaltill., en brtt. benda einnig til þess, að mikilvægt sé að íhuga þetta mál allt rækilega, áður en það verður endanlega afgreitt.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 360 við þáltill. þá, sem hér er til umræðu.

Breyting sú, sem ég fer fram á að gerð verði á till., er þess efnis, að þeim tæknilegu vísindastofnunum, sem nú eru starfandi í landinu og kostaðar af ríkissjóði og hafa yfir fullkomnustu sérfræðilegri þekkingu að ráða, bæði tæknilegri og hagfræðilegri, sem völ er á hér í þessu landi, verði falið að vinna það verk, sem í þáltill. er farið fram á að unnið verði. — Mér þykir við þessa umr. rétt að gera nokkra grein fyrir þessari brtt. minni, svo að n. þeirri, sem fær málið til afgreiðslu, sé ljóst, hvers vegna brtt. er fram borin.

Það kom fram í ræðum þeirra hv. þm. Str. (HermJ) og hv. 2. þm. Reykv. (EOl), að þeir töldu mjög mikla þörf og mjög æskilegt, að skipuð yrði nefnd í þetta mál sérstaklega. Raunar var það meginkjarninn í framsöguræðu hv. þm. Str. að sanna það, að n. væri nauðsynleg og sjálfsögð, en hitt atriðið var miklu veigaminna, og fyrir því fór miklu minna í framsöguræðu þessa hv. þm., hver nauðsyn þjóðinni í sjálfu sér og efnahagslífi landsmanna væri á þessum aðgerðum. Um þetta atriði vil ég það segja, að við Íslendingar höfum ýmiss konar reynslu af nefndarskipunum og nefndarstörfum í þessum málum. Báðir vitnuðu þeir hv. þm. Str. og hv. 2. þm. Reykv. til skipulagsnefndar í atvinnumálum, sem leysti ágætt starf af höndum, skilaði mjög merkilegu nál., en hvorugur þeirra gat þess, að starf þessarar n. og nál. hennar var að þakka þeim mönnum, sem fyrir n. unnu, en ekki þeim mönnum, sem kosnir voru í n. Og það er nákvæmlega reynslan, sem við Íslendingar höfum af nefndarskipunum í þessi mál, að sjálf nefndarstörfin eru bitlingar og annað ekki fyrir þá flokksmenn, sem taldir eru bitlinga verðir, en störfin, hvort sem þau eru góð eða ekki góð, eru unnin af mönnum, sem n. fá sér til aðstoðar. Og það liggur í hlutarins eðli, og það hljóta allir að skilja, að störf eins og þau, sem hér um ræðir, verða ekki unnin af öðrum en mönnum, sem hafa sérfræðilega þekkingu á því að vinna þessi störf, bæði tæknilega og hagfræðilega. Hins vegar er það rétt og mikil ástæða til að taka það fram, að það er gleðilegt tímanna tákn að sjá þá menn, sem hafa átt mjög drjúgan þátt í því undanfarin ár að skapa það ástand og þá þróun íslenzkra efnahags- og atvinnumála, sem við horfum á nú í dag, vera að vakna til skilnings á því, að eitthvað annað þyrfti nú að gera og væri jafnvel nauðsynlegra að gera en gert hefur verið á undanförnum árum af þessum sömu mönnum. Það er mjög gleðilegt tímanna tákn að sjá það, að menn, sem tekið hafa mjög drjúgan þátt í að skapa það ástand á vinnumarkaði sveitanna, að kröfur bænda um innflutt vinnuafl verða sífellt háværari, vegna þess að atvinnuvegur þeirra er að riðlast af vinnuaflsskorti, — að menn, sem hafa tekið verulegan þátt í að skapa það ástand, að íslenzk útgerð er fyrst og fremst rekin nú í dag vegna þess, að bræðraþjóð okkar á Norðurlöndum bjó við það ólán, að atvinnulíf hennar sjálfrar var komið í slíkt öngþveiti, að borgararnir þurftu að leita út fyrir landsteinana til að afla sér lífsviðurværis, — það er mjög gleðilegt að sjá það, að menn, sem hafa átt drjúgan þátt í að skapa þetta ástand, skuli nú vera að vakna til vitundar um, að það þurfi að gera einhverjar ráðstafanir til að efla íslenzkt atvinnulíf. Við hinu er svo ekki að búast, að þessir menn öðlist í einni svipan fullkominn skilning á því, hvað gera þarf og hvernig, enda ber till. þeirra hv. þm. Framsfl. þess ljósan vott, að þeim er verkefnið ekki eins ljóst og skyldi.

Í till. er blandað saman á óæskilegan hátt tvenns konar málum. Annars vegar er talað um atvinnu þá, sem Íslendingar hafa nú um skeið haft hjá varnarliðinu, og að sú atvinna muni senn líða undir lok, og þess vegna þurfi að sjá því fólki, sem þar hefur verið, fyrir atvinnu, og hins vegar er talað um, að þjóðinni fjölgi árlega um rúmlega þrjú þúsund manns og að gera þurfi ráðstafanir til að sjá þessu fólki fyrir atvinnu. Þetta eru tvö og tiltölulega lítið

skyld mál. Fyrra málið, hvað gera þurfi í sambandi við það fólk, sem unnið hefur hjá herliðinu, þegar það verður að leita þaðan, er tímabundið mál. Hitt málið, hvað gera þurfi til þess að skapa fjölgun þjóðarinnar atvinnu- og lífsbjargarmöguleika, er mál, sem ekki verður leyst í einni svipan, heldur krefst það lausnar allan þann tíma, sem þjóðinni fjölgar, og er því ótímabundið mál. Um fyrra atriðið flutti hv. 8. þm. Reykv. ásamt mér till. þegar í þingbyrjun, sem prentuð er á þskj. 30 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa eftir tilnefningu þingflokkanna fimm manna nefnd til að gera allsherjaráætlun um hagnýtingu vinnuafls í þágu íslenzkra atvinnuvega, þannig að unnt verði að veita þeim þúsundum Íslendinga, er nú starfa á vegum erlends herliðs, atvinnu í þjóðnýtum starfsgreinum. Skal n. hraða störfum og skila áliti og tillögum eigi síðar en 1. júlí 1955."

Þessi till. hefur legið fyrir hv. Alþ. síðan í byrjun október, og það verður því miður ekki sagt, að skilningur hv. þingmanna á því, að nauðsyn væri að leysa þetta verkefni, hafi verið mjög mikill, því að ekki hefur þessari till. þokað neitt áfram, svo að mér sé kunnugt um. En þetta er verkefni, sem fela má nefnd að vinna, vegna þess að þetta er tímabundið verkefni.

Hitt verkefnið, hvernig beri að undirbúa það, að árleg fjölgun þjóðarinnar geti komizt í atvinnu og skapað sér viðunandi lífsmöguleika í landinu, verður ekki unnið af nefnd. Það er verkefni, sem þessi þjóð verður að vinna að ár eftir ár um alla þá framtíð, sem hún á fyrir höndum. Það er því verkefni, sem fela verður fastri og stöðugri stofnun að hafa með höndum. Og þetta hafa ráðamenn þjóðarinnar séð, og þetta hafa þeir gert tilraun til að framkvæma með stofnun Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Sú stofnun á að hafa með höndum flestöll eða öll þau verkefni, sem snerta síðari lið í till. þeirra hv. þingmanna Framsfl., sem prentuð er á þskj. 356. Það er líka auðséð við athugun till., að þannig hlýtur þetta að eiga að framkvæmast, því að í grg. fyrir till. á þskj. 356 segir svo meðal annars, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt ætti nefndin að athuga möguleika á aukinni tækni í núverandi atvinnugreinum landsmanna."

Þeir, sem nokkurt inngrip hafa í þessi mál, tækni í atvinnugreinum landsmanna, hljóta að skilja, að þetta mál verður aldrei leyst af nefnd. Tækni og tækniþróun er ekkert slíkt viðfangsefni, sem hægt er að leysa á einum degi eða skömmum tíma af nefnd. Það vita allir, að tækni er sífelldum breytingum háð, sífelldri framþróun. Fyrirtæki, sem væri tæknilega séð fullkomið í dag, verður eftir nokkur ár orðið langt á eftir, ef það fylgist ekki með þróun málanna. Þannig er það náttúrlega fullkomlega út í hött að ætla nefnd að hafa slíkt verkefni með höndum, enda algerlega ástæðulaust, ef hið háa Alþingi Íslendinga vill ekki eingöngu vinna eftir þeirri reglu að láta ekki vinstri höndina vita, hvað sú hægri gerir, — því að Alþ. hefur þegar veitt fé á fjárlögum til Iðnaðarmálastofnunar Íslands, sem ætlað er einmitt meðal annars þetta verkefni. En því miður verð ég að segja, að þannig er málum háttað hjá okkur, allt of alvarlega mikið. Það er unnið þannig, að „hægri höndin veit ekki, hvað sú vinstri gerir".

Við höfum um mörg undanfarin ár varið talsvert miklu fé til rannsókna á ýmsum hlutum, mjög nauðsynlegra rannsókna. Ég vil nefna tilraunabú landbúnaðarins, ég vil nefna Fiskifélag Íslands, atvinnudeild háskólans, rannsóknaráð ríkisins, nú síðast Iðnaðarmálastofnun Íslands og ótalmargar nefndir, sem hafa átt að rannsaka og rannsaka. Til þess arna hefur verið varið miklu fé, en mjög óskynsamlega. Alltaf hefur hver einasta stofnun og hver einasta nefnd haft of lítið fé til umráða, svo lítið, að hún gat ekki leyst það verkefni af höndum, sem henni var ætlað að gera. Það hefur aldrei verið fyrir hendi skilningur á því að veita einhverri stofnun eða einhverju tilraunabúi nægilega mikið fjármagn til þess, að það væri nokkur skynsamleg ástæða til að krefjast þess eða ætlast til þess, að þessi stofnun eða þetta tilraunabú skilaði þeim árangri, sem það hefði átt að geta gert. Og hér virðist þessi skoðun enn og þessi stefna enn vera upp á teningnum. Það á að stofna nefnd til að vinna verk, sem hún sjálf getur ekki unnið. Og það er flm. till. algerlega ljóst, að n. getur ekki unnið störfin, því að þeir setja inn í till. atriði, sem svo hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndinni er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, eða að vísindalegum rannsóknum, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna."

M. ö. o., það er sýnilegt, að flm. till. ætlast til þess, ef nokkurt vit á að vera í till., að hér verði sett á ný stofnun, algerlega hliðstæð Iðnaðarmálastofnun Íslands, Fiskifélagi Íslands, rannsóknaráði ríkisins, atvinnudeild háskólans, tilraunabúunum o. s. frv., o. s. frv. Og til þessa á að veita fé úr ríkissjóði, þó að hér á Alþ. hafi a. m. k. tvisvar sinnum verið felldar till. um að veita Iðnaðarmálastofnun Íslands það fé, sem hún taldi sér nauðsynlegt til að geta starfað. Og þá er fé fyrir hendi, þegar algerlega hugsunarlaust á að stofna nýjar nefndir.

Þetta mál er þess eðlis, að það væri ástæða til að tala um það mjög langt mál. En þessar umræður hafa dregizt nokkuð á langinn, og mun ég því ekki gera það að þessu sinni, enda gefst tækifæri til að ræða málið betur síðar. Ég vil þó aðeins drepa á örfá atriði í framsöguræðu hv. þm. Str. Hann sagði m. a.: Ríkisstj. hefur ekki nægilega starfskrafta til að vinna það verk, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. þá rannsókn, sem till. felur í sér, og þess vegna er till. flutt um að skipa nefnd í málinu.

Nú spyr ég: Hvers vegna hefur ríkisstj. ekki nægilega starfskrafta til að vinna þetta verk? Hún hefur þó allar þær stofnanir, sem greint er frá í brtt. minni á þskj. 360 og talið er æskilegt að væri falið að vinna þetta verk, þ. e. a. s. Iðnaðarmálastofnun Íslands, rannsóknaráð rík-

isins, atvinnudeild háskólans, Fiskifélag Íslands og jarðborunardeild ríkisins. Þessar stofnanir hefur hún allar undir sinni stjórn, og hún getur og hefur heimild til og möguleika að ráða til þessara stofnana eins mikla starfskrafta og hún telur sér nauðsyn og þörf á. Hvers vegna gerir hún það ekki? Er nauðsynlegt, að Alþ. geri einhverjar ályktanir um það, að auknir skuli starfskraftar hjá þessum stofnunum? Ef svo er, væri miklu skynsamlegra að gera slíka ályktun um það að fjölga sérfræðilegum ráðunautum þessara stofnana en að gera till. um að stofna nýja nefnd með auknu starfsliði, algerlega hliðstæða öllum þeim stofnunum, sem fyrir eru.

Hv. þm. Str. sagði, að fleira en tæknilegur undirbúningur væri nauðsynlegt til að leysa þetta starf, sem hér um ræðir, af hendi. Það þyrfti að *rannsaka rekstrargrundvöllinn*. Það kallaði hv. þm. Str. pólitísk atriði. En það er það ekki. Það eru hagfræðileg atriði, sem varða rekstrargrundvöllinn, og það er þess vegna líka sérfræðileg vinna. Og slíka sérfræðinga hafa þessar stofnanir í þjónustu sinni og geta haft þá, ef ríkisstj. telur nauðsyn.

Hann sagði líka, hv. þm. Str., að sérfræðingar gætu ekki sagt til um það, hvað ætti að gera hverju sinni og á hverju ætti að byrja. Þetta er alveg rétt. Þeir geta ekki sagt til um þetta. En nefnd, kosin af Alþ., getur ekki heldur sagt til um þetta og mundi aldrei segja til um það. Hún mundi gera nákvæmlega sama og hinar sérfræðilegu stofnanir, sem til eru í landinu, hún mundi vinna að verkinu eða láta sérfræðingana og stofnanirnar gera það, leggja tillögur fyrir Alþ. og ríkisstj., sem Alþ. síðan samþykkti, alveg á sama hátt og ef stofnununum sjálfum væri falið að vinna verkið. Þær mundu ekki segja fyrir um það, hvað ætti að gera, en þær mundu vinna sínar till. og senda þær ríkisstj. og Alþ., sem síðan tæki ákvörðun um það, hvað skyldi gert. Þess vegna hefur nefndarstofnun í því sambandi ekkert að þýða.

Og loks sagði hv. þm. Str., að hingað til hefði engin stórframkvæmd verið nægilega tæknilega undirbúin, eða nægilega pólitískt undirbúin, eins og hann kallaði það, þ. e. a. s. verið nægilega hagfræðilega undirbúin. Það getur verið, að þetta sé alveg rétt, en af hverju stafar það? Af því að þær stofnanir, sem hafa unnið að undirbúningi þessara mála, hafa aldrei haft nægilegt fjármagn til að geta haft í sinni þjónustu alla þá sérfræðinga, sem hefði verið þörf á. Það hefur alltaf verið, eins og ég hef margtekið fram í þessum orðum mínum, skorið við nögl sér það fé, sem hefur verið veitt til þessara stofnana, með þeim afleiðingum, að þær hafa ekki komið þjóðarbúinu og þjóðarheildinni að því gagni, sem þær annars hefðu getað gert. Og þess vegna er það nauðsynlegt nú — og kannske það eitt nauðsynlegt — að veita fé, ef ríkissjóður hefur á annað borð efni á því, til þess að fullkomna starf þeirra stofnana, sem nú eru fyrir hendi, en ekki til þess að stofna nýja nefnd með að sjálfsögðu takmörkuðu fjárframlagi, sem gæti aldrei unnið á fullkominn hátt þau verkefni, sem henni væri ætlað að leysa.

Ég vona, að þessi orð, sem ég hef hér mælt, nægi til að sannfæra hv. þingmenn um, að það er meiri þörf á að breyta till. þeirra hv. framsóknarmanna í það horf, sem ég hef hér mælt með, og að auka fjárframlög, ef unnt er, til þeirra stofnana, sem fyrir hendi eru í landinu, og gera þær þannig hæfari til að leysa betur og betur af hendi þau verkefni, sem þeim er ætlað að vinna, og skal það þó ekki undan dregið, að margar þeirra hafa unnið ágætt verk, eins og t. d. Fiskifélag Íslands, heldur en að stofna nefnd, sem yrði fyrst og fremst bitlinganefnd fyrir einhverja stjórnmálamenn, sem ekki hefðu sérstaklega mikla möguleika á því að leysa þetta verk af höndum.

ATKVGR.

Till. visað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 25:1 atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Sþ., 20. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 356, n. 542, 360, 399).

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hv. fjvn. hefur orðið sammála um að leggja til, að þáltill. á þskj. 356 verði samþ. með nokkrum viðauka. Er þar um að ræða að bæta við fyrirhuguð störf n., tekið nánar til um starfshætti hennar og verkefni og rétt til að notfæra sér þá aðstoð og þær upplýsingar, sem rannsóknarstofnanir og aðrir opinberir aðilar geta í té látið. Gert er ráð fyrir, að fyrirhuguð nefnd beini m. a. rannsóknum sínum að öllu því, sem verða má núverandi atvinnuvegum til framdráttar, enda er í grg. um till. á þskj. 356 bent á það verkefni, og einnig vék hv. þm. Str. að því í framsöguræðu sinni.

Aðalviðauki hv. fjvn. er sá, að nefndin taki til athugunar, hvernig bezt verði til frambúðar skipulögð og samræmd störf hinna ýmsu tilrauna- og rannsóknarstofnana ríkisins. Þá leggur hv. fjvn. til, að mþn. verði skipuð 7 mönnum. Virðist eðlilegt, að til starfa í nefnd, sem ætluð eru jafnumfangsmikil verkefni, sé fremur skipað sjö mönnum en fimm, auk þess sem þá eru e. t. v. meiri líkur til, að sem flest sjónarmið komi fram til athugunar.

Hv. fjvn. hefur athugað þær brtt., sem fyrir lágu, og tekið til greina bendingar þar, eftir því sem henni þótti ástæða til og fram kemur í tillgr. á þskj. 542.

Segja má, að í höfuðdráttum sé meginverkefni þessarar fyrirhuguðu mþn. þríþætt:

1) Athugun og tillögur til umbóta í þágu núverandi atvinnuvega.

2) Rannsóknir á möguleikum á að stofna til nýrra atvinnugreina til nýtingar náttúruauðæfa landsins og gera tillögur þar að lútandi.

3) Að athuga starfsemi, skipulagningu og samvinnu hinna ýmsu tilrauna- og rannsókn-

arstofnana ríkisins og gera tillögur til breytinga, ef þörf krefur.

Það er öllum vitanlegt, að aðalundirstöðuatvinnuvegir okkar, landbúnaður og sjávarútvegur, standa fjárhagslega höllum fæti. Allar þær miklu umbætur, sem átt hafa sér stað innan þessara atvinnuvega, virðast ekki hrökkva til að gera þessa atvinnuvegi nægilega fýsilega til þess, að fólkið fáist til að starfa við þá. Þó að t. d. vel hafi á margan hátt miðað áfram í sveitum landsins, þá vantar þar enn of margt, sem óhjákvæmilegt er, til þess að fólk geti þar unað við sitt. Þar vantar enn vegi, brýr og síma, að ógleymdu rafmagni til hvers konar heimilishjálpar og einnig til afnota við framleiðsluna, svo sem til heyþurrkunar. Og enn er húsakostur, ræktun og vélanotkun víða ófullnægjandi. Þá þarf að beita sér fyrir gróðurvernd, auka græðslu sandfoka lands og sanda og rækta nytjaskóg.

Þótt vandamál sjávarútvegsins séu á margan hátt önnur en landbúnaðarins, þá ber að sama brunni. Ýmsum, sem við hann vinna, þykir hann oft ekki gefa svo mikið í aðra hönd, miðað við erfiði og áhættu, að nægilega fýsilegt þyki að gefa sig í þau störf. Margt stendur þar til bóta sem annars staðar. Má þar nefna aukna vernd fiskimiðanna, aukna möguleika að sækja meira en áður á djúpmið, t. d. til síldveiða, leita eftir nýjum fiskimiðum, upplýsingar handa veiðiflota á ýmsum tímum, hvar helzt er veiðivon, o. s. frv. Þá telja sumir, að betur megi tryggja en nú er, að þeir, sem vinna við útgerðina, beri það úr býtum, sem framleiðslan getur í té látið.

Ég skal engum getum að því leiða, hvað hin fyrirhugaða mþn. kann að sjá sér fært að benda á til eflingar þessum tveimur aðalatvinnuvegum okkar, en víst er, að allt þarf hún að íhuga, sem getur orðið þeim til framdráttar. Það þarf að meta þá möguleika, sem aukin kunnátta og véltækni kann í einu og öðru að fela í sér til að lækka framleiðslukostnaðinn og auka afköstin. Og það má ekki gleyma möguleikum fyrir vaxandi vöruvöndun og aukinni nýtingu hráefnanna. Það þarf ekki eingöngu að leita úrræða um, að það fólk, sem nú vinnur að landbúnaði og sjávarútvegi, geti sem bezt unað hag sínum, heldur einnig, að fleira fólk fáist til að sinna þeim störfum. Slíkt tel ég þjóðhagslega og menningarlega nauðsyn.

Ekki verður svo minnzt á núverandi aðalatvinnuvegi okkar, að iðnaðarins sé þar ekki getið. Hann hefur á tiltölulega stuttu árabili á nærri ævintýralegan hátt risið úr öskustónni og sannað tilverurétt sinn og mikla þjóðhagslega þýðingu. Og með vaxandi tækni og verkkunnáttu verður bein og óbein þjónusta iðnaðarins í þágu landbúnaðar og sjávarútvegs sífellt meiri og meiri nauðsyn. Það má sennilega deila um gildi sumra þeirra verkefna, sem iðnaður okkar hefur tekið sér fyrir hendur eða vill fást við, en ásamt mörgu öðru er sá iðnaður ofar öllum ágreiningi, sem fæst við fullnýtingu hráefnanna og gerir úr þeim sem fjölbreyttastar og verðmætastar vörur. Á því sviði hefur iðnaðurinn þegar gert margt gott. En betur má, ef duga skal. T. d. þurfum við að stórauka verðmæti síldaraflans og ýmissa annarra matvælategunda með niðursuðu og ýmsum öðrum aðferðum. Þá vantar enn á, að t. d. fiskúrgangur, sérstaklega úr togurunum, sé fullnýttur, og enn mun innyflum fisks og fleiru slíku vera hent. Það verður því að teljast eitt af mörgum verkefnum fyrirhugaðrar nefndar að íhuga, hvað hægt er að gera til eflingar þess iðnaðar, sem mesta þýðingu hefur fyrir atvinnulíf okkar og fjárhagsafkomu.

Kem ég þá að öðru höfuðverkefni n., að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingar náttúruauðæfa landsins, og bíður iðnaðar okkar þar sennilega merkilegt framtíðarviðfangsefni.

Það er vitað, að við Íslendingar eigum mikla vatnsorku til rafmagnsframleiðslu, og sumir telja, að jarðhitinn geti með tímanum orðið okkur eins mikill orkugjafi og fossarnir. Er þá augljóst, hversu geysimiklar orkulindir við eigum. Þessi óhemju náttúruauðæfi eru enn að mestu ónotuð, en flestum er orðið ljóst, að svo má ekki verða áfram til langframa. Sem mest af þessari orku þurfum við að geta notað og skapað þann veg m. a. skilyrði til ýmiss konar efnaiðnaðar. Er talið, að við höfum þá möguleika til að framleiða margar nauðsynlegar vörur, svo sem brennistein, salt, sóda, klór, fosfór, magnesíum, alumínium o. fl. Land okkar er talið snautt að málmum, en ýmsir fróðir menn álíta, að með ódýrri orku og vaxandi tækni geti svo farið, að unnt verði með sæmilegum hagnaði að vinna hér ýmsa málma og fleiri efni úr sjó. Þá eigum við ýmis lífræn efni í jörðu og sjó, svo sem svörðinn, reiðingstorfið, surtarbrandinn, kalk og þaragróðurinn. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um náttúruauðæfi lands okkar, sem bíða þess, að þau verði leyst úr læðingi til hagsældar fyrir þjóðina.

Atvinnuvegir okkar gefa á marga lund ríkulega til lífsuppeldis, en þeir eru fremur einhæfir og misbrestasamir, en þarfir okkar og kröfur miklar. Þótt núverandi atvinnuvegir eflist og til þeirra hverfi fleira fólk en nú er, þá fjölgar þjóðinni svo ört, að ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að til langframa geti allir fundið sér viðunandi verkefni við þá, enda stendur þjóðin því betur að vígi sem hún getur notað sér meira og á sem fullkomnastan hátt hvers konar gæði landsins. Þá getur og svo farið, að aðrar þjóðir fengju tilhneigingu til að meta okkur léttvæga sem sjálfstæða þjóð, ef við sýnum tómlæti í að notfæra náttúruauðæfi landsins, bæði til að fullnægja okkar eigin þörfum og til útflutnings á vörum, sem aðra kann að skorta.

Að undanförnu hefur árleg fólksfjölgun hér verið um 2%, eða nálega 3000 manns á ári. Hin árlega fólksfjölgun karla og kvenna á vinnualdri er þó nokkru minni, en verður sjálfsagt orðin svo há að 10—15 árum liðnum. Og þó að þess beri að vænta, að núverandi atvinnuvegir geti lengi bætt við sig fólki, þá má samt á það líta, að véltæknin vex og því verða ýmis störf

ekki eins mannfrek og áður. Þá stöndum við nú frammi fyrir því að sjá þeim mönnum fyrir atvinnu, sem á undanförnum árum hafa unnið í þágu varnarliðsins. Árið 1953 unnu þar um 3000 manns, en síðan hefur þessi tala smátt og smátt farið lækkandi, og gert er ráð fyrir, að ekki líði langur tími, þangað til slík vinna er að mestu leyti eða öllu úr sögunni. Nauðsynlegt er, að sem flest af þessu fólki hverfi að framleiðslustörfum við landbúnað og sjávarútveg, en að því leyti, sem þess er ekki kostur, er æskilegt, að til falli vinna við uppbyggingu nýrra atvinnugreina. Fjárfesting okkar er mikil og margir, sem við hana vinna. Það er vonandi, að hún geti haldið áfram ótrufluð, en enginn veit, hvort svo getur orðið. Fari svo, að ill nauðsyn valdi því, að úr hinni almennu fjárfestingu verði að draga, þarf það fólk, sem þar missir atvinnu, að fá ný verkefni. Hin fyrirhugaða mþn. hefur því á þessu sviði geysiþýðingarmiklu málefni að sinna, sem er rannsókn á möguleikum á því að stofna til nýrra atvinnugreina. Það þarf að fá yfirlit yfir þær rannsóknir, sem til eru, og meta gildi þeirra, stuðla að því, að þeim rannsóknum, sem nú eru á döfinni, verði hraðað, og hrinda nýjum í framkvæmd. Þá þarf að fást úr því skorið, hvað framkvæmdamöguleikarnir eru miklir og margþættir, og síðan meta, hvað heppilegast er að ráðast í frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og skipuleggja framkvæmdaröðina samkv. því á sem farsælastan hátt. Þá þarf n. að gera tillögur um rekstrarform og á hvern hátt stofnfjár verði helzt aflað og þar á meðal að athuga möguleikana á öflun erlends fjármagns. Og sé það svo, sem við trúum, að Ísland sé land mikilla möguleika, þá ætti að mega vænta þess, að við getum fengið erlent fjármagn með sæmilegum kjörum til arðbærra fyrirtækja, enda er ekki sjáanlegt, að við í náinni framtíð komumst langt í þessu efni nema með hjálp erlends fjár, þar sem okkar eigið fé virðist tæplega hrökkva til beinnar og óbeinnar fjárfestingar í þágu núverandi atvinnuvega.

Hvernig sem á er litið, eru fyrirhuguð verkefni n. á þessu sviði sem öðru ekkert áhlaupaverk. Nothæfar till. um uppbyggingu nýrra atvinnugreina og framkvæmd þeirra krefjast mikillar fyrirhyggju og skipulegs undirbúnings, sem í flestum tilfellum tekur fleiri eða færri ár. Höfum við reynslu í því efni, m. a. í sambandi við sements- og áburðarverksmiðjur, og því megum við ekki lengur halda að okkur höndum í þessu efni.

Þriðja aðalverkefni n. er að athuga, hvernig bezt verði skipulögð og samræmd störf þeirra stofnana, sem vinna að vísindalegum rannsóknum í þágu núverandi atvinnuvega, og rannsókn á hvers konar náttúruauðæfum landsins og möguleikum að hagnýta þau. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta verkefni. Hér er ekki á ferðinni neitt vantraust á störfum og starfsháttum hlutaðeigandi rannsóknarstofnana, heldur hitt, sem öllum má vera ljóst, að mörg viðfangsefni þeirra eru svo þýðingarmikil og aðkallandi, að niðurstöður fáist sem fyrst, að miklu skiptir, að fullvíst sé, að allt fari þar sem bezt úr hendi og að umræddar stofnanir búi við eins góð starfsskilyrði og við getum í té látið.

Verkefni þessarar fyrirhuguðu n. er óvenju umfangsmikið, fjölþætt og vandasamt, og ef vel tekst til, geta störf hennar orðið okkur til mikils gagns, bæði í þágu núverandi atvinnuvega og eins til uppbyggingar nýs atvinnulífs, sem byggist á lítt eða ekki notuðum náttúruauðæfum landsins.

Í tillagnagerð verður n. meðal annars mikill vandi á höndum með tilliti til þess, að það er ekki nóg að meta gildi nýrra atvinnuvega eftir hagnaðarvoninni einni, heldur verður sömuleiðis að reyna að gera sér grein fyrir því, hvort hin nýja starfsemi tefur eða truflar einhverjar núverandi framleiðslugreinar, sem við eigum mikið undir að fái að njóta sín. Og þá er ekki síður mikilvægt, að n., eftir því sem mögulegt er, hagi tillögum sínum um uppbyggingu nýrra atvinnugreina þannig, að hægt sé að staðsetja atvinnufyrirtækin sem mest með tilliti til jafnvægis í byggð landsins. Þarf ekki að fjölyrða um þá nauðsyn, sem allir viðurkenna, a. m. k. í orði kveðnu.

Þessi atriði verður n. frá upphafi að gera sér ljós og vinna í þeim anda og með það fyrir augum, að það nauðsynlega, sem fyrir er, og það nýja, sem koma skal og koma þarf, styðji hvað annað eins og hönd styður hönd og fótur fót.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði við fyrri umr. þessa máls borið fram á þskj. 399 brtt. við þessa till. til þál. Nú hefur öll hv. fjvn. orðið sammála um að flytja brtt., þar sem m. a. er á ýmsan hátt tekið tillit til ýmissa ábendinga, sem fólust í minni, og annarra ábendinga, sem fram komu. Ég vil þess vegna leyfa mér að taka til baka brtt. mína á þskj. 399 og láta í ljós ánægju mína yfir þeirri till., sem hv. fjvn. hefur orðið öll sammála um, og vona, að þeirri mþn., sem kosin yrði, mætti auðnast að starfa í anda þeirrar till. og þeirrar ræðu, sem hv. frsm. fjvn. flutti hér áðan.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Við fyrri umr. þessarar þáltill. ræddi ég nokkuð um ýmis atriði, sem kæmu til greina og hlyti að verða að athuga í sambandi við þá hugmynd, sem kæmi fram í till. Ég tók það fyrst og fremst fram, að það gæti vitanlega ekki orðið neinn ágreiningur um það innan Alþ., að mikilvægt væri að hrinda áleiðis því efni, sem megintilgangur till. fjallaði um, en það var að nýta sem bezt auðlindir landsins. Jafnframt því sem vert væri að íhuga mjög vandlega, hvort rétt væri að stofna slíka nefnd og þá með hvaða verkefni, benti ég á, að nauðsynlegt væri að taka til greina ýmis atriði og hafa til hliðsjónar ýmis sjónarmið, sem ekki var alls kostar hægt að sjá af till. sjálfri, hvort n. væri ætlað að vinna að eða ekki. Það kom einnig fram í tillögum til breytinga frá öðrum hv. þm. hér þá, að þeir höfðu einnig nokkrar hugleiðingar um verkefni n., þannig að ljóst var, að till. væri ekki nægilega ýtarleg, til þess að hægt væri að

samþykkja hana í því formi, þó að hún væri góð, svo langt sem hún náði. Ástæðan til þess, að ég stend hér upp nú, er ekki til þess að ræða einstök atriði þessa máls, heldur aðeins vegna hins, að ég benti á nokkur atriði við upphafsumræðu málsins, sem ég taldi að þyrfti að íhuga í sambandi við till. Tel ég, að eins og till. er nú úr garði gerð og með þeirri breytingu, sem fjvn. hefur á henni gert, séu miklar horfur á, að athugun sú, sem till. gerir ráð fyrir, og sú nefndarskipun, sem þar er um rætt, gæti orðið til þess að leggja grundvöll í senn að bættri afkomu og betri skipan þeirra atvinnugreina, sem nú eru í landinu, og einnig að hagnýtingu þeirra annarra auðlinda, sem enn eru ónotaðar. Ég get tekið undir hina ágætu og glöggu framsöguræðu, sem hv. frsm. fjvn. hér flutti og túlkaði mjög vel þau sjónarmið, sem fram komu í fjvn. í sambandi við þetta mál.

Það voru sérstaklega þrjú atriði, sem ég benti á hér við fyrri umr. málsins, sem taka þyrfti til greina og hafa hliðsjón af í sambandi við afgreiðslu þess. Það var í fyrsta lagi það, að nauðsyn bæri til, að ekki eingöngu væri n. ætlað að koma með hugmyndir og vísbendingar um stofnsetningu nýrra fyrirtækja, heldur væri jafnframt brýn nauðsyn með hliðsjón af þeim fjármagnsskorti, sem við eigum við að stríða, að n. gerði sér grein fyrir því, hvaða möguleikar væru til að hrinda þessum fyrirtækjum í framkvæmd, vegna þess að vissulega eru uppi margvíslegar till. og hugmyndir um ýmiss konar umbætur í þjóðfélaginu, eflingu atvinnuveganna og önnur atriði í sambandi við það, sem æskilegt væri og nauðsynlegt væri að koma í framkvæmd, en ekki hefur verið hægt að hraða sem skyldi vegna skorts á fé til framkvæmdanna. Og af því leiðir, að ef á að verða raunverulegt gagn af starfi n. sem þessarar, þá er tvímælalaust nauðsynlegt um leið, að n. geri sér grein fyrir því, hvernig fjár mætti afla til framkvæmdanna, jafnframt því sem hún hlýtur að verða að athuga mjög vandlega hina þjóðhagslegu þýðingu þeirra og þá, ef um mjög margar till. til framkvæmda er að ræða, að gera sér einnig nokkra grein fyrir því, hvað æskilegast er að sitji í fyrirrúmi af þeim framkvæmdum. Þetta er mikilvægt, til þess að till. n. sem þessarar verði ekki aðeins pappírsplagg, því að að því er harla lítið gagn, þó að það geti að vísu orðið til leiðbeiningar síðar meir. En ef raunverulegt gagn á að verða af starfinu, þá er nauðsynlegt að sameina þetta tvennt, tillögurnar og leiðirnar til þess að hrinda till. í framkvæmd. Það var, eins og hv. fjvn. benti á, ekki aðeins hugmynd n., að hér verði unnið að því að koma upp nýjum atvinnugreinum, heldur einnig hitt, að rannsaka sem bezt, hversu þær atvinnugreinar, sem nú eru í landinu, verði bezt efldar, og reynt að haga till. um framkvæmdir þannig, að ekki verði um óeðlilega röskun að ræða. Þær atvinnugreinar, sem nú eru stundaðar og e. t. v. ekki snerta beinlínis till. eins og hún var, þ. e. a. s. landbúnaður og sjávarútvegur, — það er vitanlega hin mesta nauðsyn fyrir okkur, að reynt verði að byggja undir þessa atvinnuvegi og efla þá, jafnhliða því sem vitanlega verður svo að leggja áherzlu á eflingu iðnaðarins, en það er einmitt sú hliðin, sem gera má ráð fyrir að helzt kæmi til greina í sambandi við nýtingu náttúruauðlindanna.

Við vitum það, að vel geta komið til greina ýmiss konar fyrirtæki hérlendis, sem í senn kosta geysimikið fé og jafnframt þurfa mjög mikið vinnuafl, og það er nokkurn veginn öruggt, að í okkar landi eru miklir möguleikar til þess að koma upp ýmiss konar atvinnugreinum. Það eru margvíslegar auðlindir, sem hægt er að hagnýta, og það svo margvíslegar, að gera má fyllilega ráð fyrir því, að íhuga verði vandlega í sambandi við úrlausn málsins, að ekki verði um of röskun í þjóðfélaginu, sem verði hættuleg, og að við reisum okkur ekki þann hurðarás um öxl, að við höfum ekki á hverjum tíma nægilegt vinnuafl til þess að starfrækja undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Allt þetta verðum við vitanlega að hafa í huga, og það er eins og hv. frsm. n. sagði, að hér er um að ræða geysivíðtækt viðfangsefni og vitanlega mikil nauðsyn, að hin margvíslegustu sjónarmið, sem hér koma til greina, verði rækilega í huga höfð af þeirri nefnd, sem kjörin verður samkv. þessari till.

Ég benti á í ræðu minni við fyrri umr. málsins einnig, að mjög mikil nauðsyn væri á því að samræma starfsemi þeirra rannsóknarstofnana í þágu atvinnuveganna, sem nú vinna að till. um nýtingu náttúruauðæfa og hafa unnið um árabil, og hefur n. orðið sammála um, að það væri eðlilegt, að það væri einmitt gert af þeirri mþn., sem gert er ráð fyrir að kosin verði.

Þá vildi ég í þriðja lagi taka undir eitt atriði í ræðu hv. frsm. n., sem ég einnig minntist á í ræðu minni við fyrri umr. málsins, en það er það atriði, að reynt verði að hafa hliðsjón af því í sambandi við störf þessarar n., að ekki verði um að ræða óeðlilega röskun jafnvægis í landinu. Ef reynslan sýnir, að æskilegt sé þjóðhagslega og fært að setja upp stórt atvinnufyrirtæki eða iðjuver til vinnslu á einhverjum jarðefnum eða nýtingar á öðrum náttúruauðæfum landsins, verður vitanlega að staðsetja það fyrirtæki þar, sem frá þjóðhagslegu sjónarmiði og ýmissa aðstæðna vegna er eðlilegast að það standi. Hins vegar getur vitanlega svo verið málum háttað, að komið geti til greina fleiri staðir en einn um staðsetningu slíkra fyrirtækja, og þá verður að leggja á það áherzlu að reyna, eftir því sem kostur er, að dreifa fyrirtækjunum á þann veg, að þau geti stuðlað að sem mestu jafnvægi í byggðum landsins.

Við vitum það, að víða er við ýmiss konar atvinnuörðugleika að stríða í landinu, ef hver einstakur staður er tekinn út af fyrir sig, enda þótt segja megi, að full atvinna sé, ef landið er tekið í heild. Þarna er um vandamál að ræða, sem nauðsynlegt er að sérstakur gaumur sé gefinn, og hefur raunar það verið gert áður og lýst vilja Alþingis í því efni með samþykkt tillögu um að gera ráðstafanir og láta fram fara athuganir á því, hversu jafnvægi í byggðum landsins yrði bezt tryggt. Þetta sjónarmið þarf

einnig að hafa í huga og til leiðbeiningar við starf þessarar nefndar.

Ég vil svo að lokum aðeins taka undir það, sem þeir hv. ræðumenn hafa sagt, sem hér hafa talað, að þess er að vænta og vona, að sem beztur árangur geti orðið af starfi þessarar n., og að henni takist að leysa farsællega það mikilvæga verkefni, sem henni er fengið með till. eins og hún nú liggur hér fyrir til afgreiðslu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta neinu við þá glöggu framsöguræðu, sem flutt hefur verið hér um þetta mál. Það voru tekin þar fram rækilega þau atriði, sem eðlilegt var að minnast á í sambandi við þessa till. Ég vildi aðeins þakka fjvn. fyrir afgreiðslu þessa máls, og ég álít, að sú breyting, sem hefur verið gerð á till. í fjvn., sé frekar til bóta. Það mundi margur segja, að þótt ekki hefði verið bætt við till., hefði n. getað tekið þau atriði til athugunar, sem viðbótin nú leggur fyrir n. að gera, en það er a. m. k. til bóta, að þetta er skýrt og ákveðið, og læt ég í ljós ánægju mína yfir því.

Hér er um að ræða samræmingu á þeim rannsóknum, sem núna fara fram í landinu. Við vitum, að það fara fram rannsóknir og tilraunir á fjöldamörgum stöðum á Íslandi, og er það ekki sízt í landbúnaði og sjávarútvegi. Þessar rannsóknir eða tilraunir hafa aldrei verið samræmdar. Það hefur verið gerð tilraun til þess að gera það, en það hefur ekki tekizt, og þegar sú ákvörðun var tekin að gefa út dagbók bænda á sínum tíma, sem er að margra áliti mjög nauðsynleg bók og horfir að mörgu leyti til meiri framfara í landbúnaði en menn gera sér ef til vill grein fyrir, þá var gert ráð fyrir því að samræma þessar tilraunir og rannsóknir í þágu landbúnaðarins og gefa út í heild árlega þær niðurstöður, sem fást af þessum tilraunum og rannsóknum, í aðgengilegu formi fyrir landsmenn. Það hafa verið tekin einstök atriði, ekki aðeins í landbúnaðinum, heldur á öðrum sviðum, sem sérstakir menn hafa verið fengnir til þess að taka til rannsóknar, t. d. þararannsóknirnar. Það hefur verið látin fara fram ýtarleg rannsókn á möguleikum til þess að vinna efni úr þara og af ágætum manni. Og þannig mætti lengi telja, en ég álít, að það sé eitt af því nauðsynlega að samræma þessar rannsóknir og gefa út niðurstöður þessara rannsókna og tilrauna árlega í aðgengilegu formi fyrir landsmenn. Þetta yrði stór umbót frá því, sem nú er, þar sem þessar rannsóknir eru gerðar og þeim síðan stungið ofan í skúffu, án þess að aðrir en þeir, sem að þessum rannsóknum standa, og nokkrir embættismenn viti um niðurstöðurnar.

Það er ekki þörf á að orðlengja um þessa till. eftir hina glöggu framsöguræðu. Ég endurtek þakklæti mitt fyrir undirtektir fjvn. undir þetta mál, og ég er ekki í neinum vafa um það, að ef okkur tekst sæmilega vel að velja í þessa nefnd, getur hún orðið að verulegu gagni fyrir þjóð okkar.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls gerði ég grein fyrir brtt., sem ég flutti við till. á því stigi málsins. Sú brtt. gekk aðallega út á það, að lítil ástæða væri til að stofna hér nýja rannsóknarstofnun, eins og greinilega mátti skilja till. í sínu upphaflega formi, þar sem nægilega mikið virtist vera af rannsóknarstofnunum hér í okkar þjóðfélagi, svo mikið, að ríkið sæi sér ekki fært að búa þann veg að þessum stofnunum, að þær gætu leyst hlutverk sitt af hendi.

Ég lét það ótvírætt í ljós við þá umr., að ég hefði ekki mikla trú á því, að ein slík stofnun í viðbót gæti haft mikil áhrif eða mikið gagn í för með sér fyrir þjóðfélagið. Nú sé ég á brtt. þeirri, sem hv. fjvn. hefur flutt við málið, að sú n. hefur tekið tillit til þessarar skoðunar og að mjög verulegu leyti tekið tillit til brtt. minnar við málið.

Í brtt. hv. fjvn. kemur skýrt fram, að fjvn. ætlast til þess, að sú n., sem hér verði sett á fót, vinni í samráði við og með aðstoð þeirra rannsóknarstofnana, sem fyrir hendi eru í þjóðfélaginu. Það virðist því fyrst og fremst vera um það að ræða og það virðist vera orðið meginatriði till. að kjósa hér nefnd, sem skipuleggi og samræmi störf þeirra rannsóknarstofnana, sem fyrir hendi eru, svo og að þessi nefnd starfi eins og eins konar millibinganefnd, skilst mér, að því að endurskoða og færa til samræmis löggjöf um hinar ýmsu rannsóknarstofnanir í þjóðfélaginu. Að öðru leyti hefur hv. fjvn. tekið meginefni brtt. minnar upp í sína brtt. Að þessu athuguðu get ég fallizt á það, að sú nefnd, sem hér er lagt til að skipuð verði, verði skipuð, því að það er áreiðanlega mjög mikil þörf á því að samræma störf þessara rannsóknarstofnana og samræma og færa í nýjan búning ýmis löggjafaratriði um þessar stofnanir, og með skírskotun til þess get ég fallizt á að taka aftur brtt. mína og mun gera það.

ATKVGR.
Brtt. 360 og 399 teknar aftur.
— 542 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 625).

17. Samvinnunefnd um kaupgjaldsgrundvöll.

Á 38. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um skipun samvinnunefndar atvinnurekenda og verkalýðssamtaka til þess að finna grundvöll í kaupgjaldsmálum [156. mál] (A. 392).

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umræður.

Á 42., 43. og 44. fundi í Sþ., 4., 7. og 9. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 16. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Till. þessi, sem nú er tekin til umr. og flutt er af okkur hv. þm. A-Sk., er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að félagssamtök atvinnurekenda og verkalýðssamtökin í landinu skipi fulltrúa í samvinnunefnd, er hafi það hlutverk að afla upplýsinga frá ári til árs um afkomu atvinnuveganna og hag almennings, í þeim tilgangi, að leita megi álits nefndarinnar, þegar ágreiningur verður eða ætlar að verða um kaup og kjör."

Það er mikill vandi að skipta tekjum þjóðarinnar, svo að hver fái þann hlut, sem honum réttilega ber. Hver og einn vill auðvitað ekki bera úr býtum minna en hann þarfnast handa sér og sínum, en fyrst og fremst á hann, þegar tekjunum er skipt, heimtingu á því, sem hann hefur unnið fyrir á sómasamlegan hátt og löglegan. „Sá, sem ekki vill vinna, á ekki heldur mat að fá", segir gamall íslenzkur málsháttur. Í stjórnarskrá Rússlands mun vera svipuð ályktun, og ætti sú skoðun hvergi að valda ágreiningi. En sá, sem ekki getur unnið, á hins vegar að fá „sína nauðsyn bætta" með tillagi mannúðar af hlut hinna, sem eru vinnandi. Fyrir því er reynt að sjá með löggjöf um tryggingar og skyldur sveitarfélaganna. Fyrrum samdi hver einstaklingur um kaup sitt og vinnukjör. Látið var svo heita, að framboð og eftirspurn eftir vinnu réði verðlagi hennar. En í raun og veru réð vinnuveitandinn aðallega, hvað hann lét í té. Húsmóðirin skammtaði hjúinu matinn og húsbóndinn kaupið. Hvort tveggja var skorinn skammtur af vinnuveitendum og misjafnlega vel úti látinn. Með þeim hætti báru húsbændurnir auðvitað einir fulla ábyrgð á, að til væri matur á heimilinu í máltíðirnar og fé til þess að greiða kaupið. Hjúin báru alls enga ábyrgð í því efni. Síðan þetta ástand var á Íslandi, er ekki ýkjalangt og ekki lengra en margir hv. alþm. muna. En ástandið er orðið gerbreytt. Þegar litið er til baka, þá óar manni við því, hve sá, er seldi vinnu sína, var undirokaður og fékk litlu að ráða um kjör sín. Eðlilegt er, þegar á þetta er litið, að breytingarnar hafi orðið á eina leið. Kaupþegarnir máttu ganga svo langt sem þeir gátu komizt í kröfum sínum. Þeir komust ekki of langt þrátt fyrir það, enda voru þeir lengi vel sundraðir og ósamtaka. Nú horfir öðruvísi við. Vinnuhjú er nú ekki lengur að tala um, og verkafólkið hefur öflug samtök með sér, sem geta stofnað til allsherjarverkfalla til áherzlu kröfum sínum. Með þeim verkföllum getur kaupþeginn stöðvað framleiðslu þjóðarinnar að miklu leyti, rofið viðskiptakerfi landsmanna og samgöngur. Er þá svo komið í raun og veru, að aðstaðan til þess að skammta hefur flutzt frá húsbændunum, sem ég áðan nefndi, til þeirra, er selja vinnuna. En um leið hefur líka ábyrgðin á því, að búið beri sig og geti greitt það, sem krafizt er, flutzt að verulegu leyti á herðar kaupþegans. Atvinnurekendur geta að vísu einnig gert verkbönn og valdið truflunum í þjóðlífinu, ef ekki semur um kaup og kjör, en skilyrði þeirra til allsherjarsamtaka eru miklu minni en verkalýðsins. Þetta er staðreynd, sem sjálfsagt er að gera sér grein fyrir. Ekki síst þarf verkalýðurinn að gera sér grein fyrir þessu. Ábyrgð hans í kaupgjaldsmálum og atvinnumálum er alltaf að þyngjast. Hann er — það verður að viðurkenna sem staðreynd — orðinn sá sterkari og verður þess vegna sjálfur að gæta hófsins, en getur ekki varpað áhyggju sinni í því efni lengur á það, að mótstaðan segi til, þannig að fyrr nemi staðar en of langt sé gengið. Það er þannig komið nú, að það er hægt að ganga of langt, heimta of mikið kaup af atvinnuvegunum, þótt það þurfi ekki um leið að vera of mikill eyðslueyrir fyrir þann, er kaupið fær. Og sé heimtað of mikið, séu heimtuð og tekin meiri laun en atvinnuvegurinn ber, sligast hann eins og hrossið, sem settar eru of þungar klyfjar á, eða báturinn, sem sekkur af því, að hann er ofhlaðinn. Launþeginn, sem gerir meiri kröfur en atvinnuvegurinn þolir, eyðileggur hest sinn og skip sitt. Þess vegna þarf nú orðið að finna, hvert gjaldþol atvinnuveganna er og hver er hinn rétti hlutur launþegans í tekjunum.

Réttur úrskurður í þessu efni fæst varla með aflraunum verkfalls og verkbanns. Fyrst og fremst er engin trygging fyrir því, að sá sterkari hafi rétt fyrir sér, og í öðru lagi eru verkföll og verkbönn of dýr fyrir þjóðlífið. Það er í raun og veru bæði skortur á skynsemi og bróðerni að beita slíkum aðferðum, sem eru aðferðir hnefaréttarins og nauðvörn ein réttlætir. Þjóðfélög eiga að einbeita sér til þess að vaxa frá þeim aðferðum, enda miðar líka í þá átt hér á landi, þótt vinnulöggjöf Íslendinga sé ung. Frestur verkfallsins 1. marz s.l. er vottur þessa og gefur góðar vonir um, að gera megi ráð fyrir heilbrigðri þróun í þessum málum á næstu árum.

Fyrsta lagasetning á Íslandi um vinnudeilur mun hafa átt sér stað 1925. Hér er því ekki um langa sögu að ræða í þeirri löggjöf. Aðrar þjóðir hafa yfirleitt miklu meiri reynslu og sumar margra alda. En vitanlega hefur íslenzka vinnulöggjöfin verið sniðin eftir aðfengnum fyrirmyndum, og þess vegna er hún alls ekki frumstæð löggjöf. Hins vegar hefur hún hvað eftir annað ekki getað komið í veg fyrir harða árekstra og mikið tjón af ófriði, sem hefur verið í kaupgjaldsmálum. Reiknað hefur verið út, að milljónatugir hafi þannig glatazt þjóðinni og ekkert komið í staðinn, nema þá reynslan, því að slík töp, sem hljótast af vinnudeilum, eru eins og eldsvoðatjón, þar sem engin er vátryggingin. En hví ekki að nota reynsluna og afstýra því, að aftur brenni? Hví ekki að athuga í bróðerni, hvað helzt mundi geta komið í veg fyrir vinnukjaraófrið og verkföll og verkbönn? Öllum er að verða ljóst, að ofríkið getur hefnt sín á hvora hliðina sem er. Arðrán er

ekki aðeins óréttmætt, heldur háskalegt, hvort sem vinnuþeginn eða vinnuveitandinn er arðrændur. Það þjóðfélag, sem lætur arðrán viðgangast, þjáist eins og maður, sem gengur með skæða meinsemd.

Þegar skipta á þjóðartekjunum með því að ákveða kaup og kjör, þá er það hagfræðilegt rökhyggjudæmi, sem reikna þarf og reikna rétt, ef vel á að fara, bæði reikna það rétt í vélinni og leggja rétt fyrir vélina. Þetta á að vera bæði skylt og hægt að gera í menningarþjóðfélagi, sem hefur byggt sig upp félagslega eins og íslenzka þjóðfélagið og heldur hagskýrslur.

Sumir halda því fram, að þennan útreikning eigi sérstakir dómstólar að annast og úrskurðum þeirra eigi skilyrðislaust að hlíta, verkföll og verkbönn eigi að banna með lögum. Telja þeir menn, að kjara- og kaupgjaldsmálaþrætum megi skera úr með dómum, eins og öðrum ágreiningi manna á meðal. Þeir benda á, að menn eigi frelsi sitt og æru sína undir dómsúrskurðum, og spyrja, hvort vandara sé um í fjárhagsmálum slíkum sem þessum. Ýmsar þjóðir hafa í löggjöf sinni gerðardóma í vinnudeilum, einkum ef mjög lengi dregst, að saman gangi í samningum, eða aðilar verða ásáttir um að leggja málið fyrir gerðardóm. Á Íslandi hefur verið gripið til gerðardóms með sérstökum lögum. Með till. okkar hv. þm. A-Sk. er alls ekki að slíku stefnt. Hún er miðuð við þá ríku þjóðfélagslegu nauðsyn að koma í veg fyrir það, að til ófriðar dragi í kaupgjalds- og kjaramálum, eyða ástæðum til verkfalla og verkbanna, afstýra því friðsamlega, að það ástand skapist, sem leiði af sér árekstrana og tjónin, sem af árekstrunum leiðir fyrir alla.

Hið venjulega er, að of seint er gengið til samninga, þegar kröfur hafa fram komið um breytingar, kröfurnar ekki gerðar af nákvæmni, heldur of miklu handahófi, gert ráð fyrir, að af þurfi að slá hvort sem er í stríði, og þannig ögrað til átaka, ekki setzt að samningaborði fyrr en hugir hafa hitnað um of.

Till. okkar er um, að Alþingi feli ríkisstj. að hlutast til um, að félagssamtök atvinnurekenda og verkalýðssamtökin í landinu skipi fulltrúa í samvinnunefnd, er hafi það hlutverk að afla frá ári til árs upplýsinga um afkomu atvinnuvega þjóðarinnar og hag almennings í þeim tilgangi, að leita megi álits nefndarinnar, þegar ágreiningur verður eða ætlar að verða um kaup og kjör.

Þessi till. er ekki flutt með sérstöku tilliti til þeirrar kjaradeilu, sem nú hefur á skollið, heldur vegna ókomins tíma lengra fram. Flm. hugsa sér, að þessi n., er skipuð sé að jöfnu af atvinnurekendum og kaupþegum, sé alltaf til og viðbúin, hún reikni — eða láti reikna — á hæfilegum fresti og að gefnum tilefnum, hvaða breytingar sé eðlilegt að gera á kaupi eftir afkomu atvinnuveganna og þá sérstaklega framleiðslunnar, hún hafi ekki úrskurðarvald, en sé ráðgefandi. Af þeirri ástæðu er ekki heldur gert ráð fyrir oddamanni í n. Tillögumenn stinga ekki upp á, hve margir skuli vera í n. Þeir geta verið tveir, fjórir eða jafnvel sex. Ólíklegt er, að heppilegt sé, að þeir séu fleiri, en sanngjarnt, að talan fari eftir samkomulagi þeirra, er n. skipa.

Já, vel á minnzt, — hv. þm. muna sjálfsagt eftir hinni svonefndu sex manna nefnd, sem skipuð var 1943, og því samkomulagi, sem varð innan hennar um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara. Starf þeirrar n. leiddi af sér frið þann, sem verið hefur alla stund síðan um þau kjaramál, sem hún fjallaði um grundvöll fyrir. Sú reynsla styður sterklega þessa till., sem hér liggur fyrir.

Það er fullkomin ástæða til þess að álykta, að ef n., sem till. ræðir um, hefði verið skipuð, þótt ekki hefði verið fyrr en í fyrrasumar, þá hefði ekki sú deila, sem nú stendur yfir, komizt á það stig, sem hún er nú, hvað þá lengra. Blöð allra flokka hafa í sambandi við þessa deilu viðurkennt, að ófriður á þessum sviðum sé þjóðarböl, sem forðast beri af fremsta megni. Öll hafa þau einnig viðurkennt, að hagfræðilegir útreikningar séu það, sem gilda eigi. Sama hefur komið fram hjá öllum, sem á málið hafa minnzt hér á hinu háa Alþingi. Gerðir hafa verið hagfræðilegir útreikningar. En þeir eru vefengdir með skírskotun til, að ekki hafi verið teknir réttir liðir til útreiknings. Ef nú hefðu verið til niðurstöður útreikninga, sem fulltrúar beggja aðila í n. eins og þeirri, sem till. er um, hefðu áður með rólegri yfirvegun og ýtarlegri komið sér saman um hvernig leitað skyldi, þá hefði verið óþarft að deila, og lausn málanna fengin. Sé þetta ekki rétt ályktað, þá er ekki að marka þær yfirlýsingar um friðarvilja, sem ég hef vitnað í að komið hafa fram í blaðaskrifum og ræðum.

Í nefndina þurfa vitanlega að veljast góðir menn, réttlátir og glöggir. Enginn vafi er á því, að bæði atvinnurekendur og verkalýðs- og launþegasamtök hafa slíkum mönnum á að skipa, ef eftir er kallað og ef vilji er fyrir hendi hjá samtökum þessara stétta til þess að leysa vandann friðsamlega, og um viljann virðist ekki ástæða til þess að efast, eins og komið er í ljós í yfirlýsingum allra, er látið hafa til sín heyra, um nauðsyn vinnufriðar og rétt hvers og eins til þess að fá sinn hlut af tekjum þjóðarinnar svo sanngjarnlega mældan og réttlátlega úti látinn sem unnt er.

Ég legg til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og til hv. allshn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. fyrri flm. þessarar till. hefur nú gert grein fyrir efni hennar og rætt þar um aðferðir til þess að komast hjá háskalegum átökum í þjóðfélaginu í sambandi við kaupgjalds- og kjaramál. Ég skal ekki verða mjög fjölorður um þessa till. Ég mundi ekki hafa neitt á móti því, að hún yrði samþykkt. Hins vegar er langt frá því, að ég sé eins sannfærður og hann um ágæti þeirrar lausnar, sem hún á að leiða til, því að það er alveg áreiðanlegt, að það er ekki fundin nein örugg leið til þess að komast hjá vinnustöðvunum og verkföllum fyrir það, þó að hún yrði samþykkt. Það má vel vera, að tveir menn, vel valdir, frá samtökum atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, sem ynnu stanz-

laust frá ári til árs að því að kanna greiðslugetu atvinnuveganna og kynna sér burðarþol þeirra um öll útgjöld, gætu aflað ýmissa gagnlegra upplýsinga, sem dregið gætu eitthvað úr hættunni á, að til verkfallsátaka kæmi, en áreiðanlegt er, að engin trygging væri fyrir því. Það má því vel vera, að það sé tilraunar vert að setja slíka nefnd, taka slíka starfsmenn á laun hjá ríkinu, en fyrir fram veit enginn um, hvaða árangur kynni að verða af starfi þeirra.

Það er sem betur fer ekki þannig, að farið sé alveg athugunarlaust og án allrar þekkingar út í vinnustöðvanir og verkföll. Þeir menn, sem skóinn bera á fætinum, vita nokkuð um það, hvar hann kreppir að, og það er út frá reynslu hins starfandi fólks, sem ákvarðanir eru teknar um það, hvort sagt skuli upp vinnusamningum eða ekki. Og verkafólkið þykist í fyrsta lagi vita um, hvað líði högum sínum og afkomu, hvaða leiðréttingar það leggi mesta áherzlu á að fá fram, og síðan er setzt að samningaborði við atvinnurekendurna um að fá slíkar leiðréttingar. En það, sem að síðustu getur svo leitt til þess, að til verkfalls komi, er þetta, að verkamaðurinn lítur svo á, að hann eigi siðferðislegan rétt til þess að ákveða sjálfur, við hvaða verði hann selji sína dýrmætustu söluvöru, sitt eigið vinnuafl. Og það þykist hann ekki vera skyldugur til að setja undir úrskurð neins dómstóls. Það er sjálfsákvörðunarréttur helgur, sem hann lætur aldrei úr sinni hendi. Og þess vegna er enginn, sem getur tekið þann rétt af viðkomandi manni.

Ég minnist þess í þessu sambandi, ef það er nokkur hliðstæða, að það gerðist fyrir nokkrum árum, að landbúnaðarráðherra Íslands, ágætur maður, réttsýnn og vitur, Pétur heitinn Magnússon, kom á því skipulagi um verðákvörðun landbúnaðarafurða, að það skyldi settur eins konar dómstóll um það mál. Það voru opinberir menn, valdir af ríkisvaldinu, en ekki af bændastéttinni, til þess að ákveða um verðlag landbúnaðarafurða. Ég hygg, að þetta verðlag hafi hvorki verið ákveðið af vanþekkingu né ósanngirni í garð bænda, en bændur sögðu bara: Hvað sem verðinu líður á þessu, þá unum við því ekki. Það er okkar sjálfsákvörðunarréttur, sem þarna á að gilda um verðlag á okkar framleiðsluvörum, þ. e. a. s. á vinnuafli þeirra, og það eitt unum við við, en ekki að opinberir stjórnarherrar segi okkur, hvaða verði við eigum að selja okkar vinnuafl. — Það er þetta, sem mér finnst að hv. flm. hafi ekki litið á sem skyldi.

Ákvörðun um verðmæti vinnunnar er það, sem verkafólk lætur ekki af sér taka og leggur ekki undir neinn dómstól, hversu vel sem um það væri búið, að hann dæmdi rétt um þetta. Þegar hafa verið þrautreyndir samningar milli vinnukaupanda og vinnuseljanda um verðmæti vinnuaflsins og aðilar verða ekki á eitt sáttir, þá er það, sem verkalýðnum hefur verið í þessu þjóðfélagi og nálega öllum öðrum menningarþjóðfélögum viðurkenndur réttur til að leggja niður vinnu og segja: Ef ég fæ ekki hærra kaup en atvinnurekendurnir vilja bjóða, þá sel ég ekki vinnuaflið mitt. — Það byggist á sjálfsákvörðunarréttinum: Ég sel það ekki, ég legg ekki fram mitt vinnuafl, fyrr en hefur samizt um verðið á því. — Þetta er siðferðislegi grundvöllurinn undir verkfallsréttinum, og ekkert menningarþjóðfélag hefur treyst sér til að neita verkafólkinu um þennan rétt. Það er nákvæmlega það sama og kaupmaðurinn í búðinni með sína vöru. Kaupandi kemur inn og fær að vita, hvað verðið sé, og kaupmaðurinn segir frá hinu ákvarðaða verði. Kaupandinn segir: Ég vil ekki kaupa vöruna fyrir þetta verð. — Hann getur á engan hátt þvingað kaupmanninn til að breyta verðinu á vörunni, hann lætur vera að kaupa hana, og það er það, sem atvinnurekandinn gerir líka. Hann lætur vera að kaupa vinnuaflið, svo lengi sem hann getur án þess verið, og það er það, sem er af hans hendi rétturinn til verkbanns, rétturinn til þess að kaupa ekki vinnuaflið, ákveða um það líka. Það verður líka að virða sjálfsákvörðunarrétt atvinnurekandans, vinnukaupandans. Það er nákvæmlega það sama sem hér er um að ræða og um verzlun yfir búðarborðið um ákveðna vörutegund. Ef verðið er svo hátt, að kaupandinn vilji ekki kaupa, þá verður ekki af kaupum. Verzlun á sér ekki stað. Það má vel vera, að báðir skaðist á því að framkvæma ekki þessi viðskipti, en þau frestast þangað til þeir hafa komið sér saman um verð, að þörf hins gerir það að verkum, að hann kaupir vöruna því verði.

Ég tók eftir því, að hv. flm. talaði um, að hann væri á móti arðráni, og það mundu nú flestir tjá sig vera það, en hann gerir ráð fyrir því, að verkamenn geti arðrænt atvinnurekendur. Ég skil ekki, með hvaða hætti það getur orðið. Hitt er alveg auðsætt mál, að atvinnurekandi getur verið í þeirri aðstöðu, að hann geti stungið í sinn vasa einhverju, meiri eða minni hluta af því verðmæti, sem vinnan skapar. En ég get ekki séð, hvernig verkamaðurinn getur arðrænt atvinnurekanda, sem hefur frjálst val um það, hvort hann kaupir vinnuna eða ekki, og hefur aðeins keypt hana, þegar hann hefur gert það upp við sig, að hann hafi hag af því að kaupa hana.

Það er rétt, sem hv. flm. sagði, að það er oft setzt of seint að samningaborði, en undir venjulegum kringumstæðum er það sök aðilanna, og það er eins og fleira, sem kemur þeim í koll, ef þeir haga sér óskynsamlega. Venjulega er gert ráð fyrir, að uppsagnarfrestur gagnkvæmur sé þrír mánuðir. Ef þeir þrír mánuðir eru vel notaðir til þess að athuga þessi mál og komast að niðurstöðum, þá er það alveg nægilegur tími. Það er nægilegur tími fyrir atvinnurekanda, sem þekkir í gegn sín mál, og verkamenn, sem þekkja öll atriði þeirra krafna, sem þeir bera fram, að komast að niðurstöðu, ef vilji er fyrir hendi, á þremur mánuðum. Það er ekki tími, sem skortir. Í sambandi við þá deilu, sem nú er, hefur verið um óeðlilega stuttan tíma að ræða, eins mánaðar uppsagnarfrest, af því að það lá í loftinu og hafði af opinberum aðilum verið látið mjög í veðri vaka, að komið gæti til breytinga á skráningu gengisins, og þá vildu verkamenn ekki eiga þrjá

mánuði fram undan sér í óvissu, ef til slíkra ráðstafana yrði gripið af ríkisvaldinu. Þá var uppsagnarfresturinn styttur, og þegar hálfur mánuður fer með eðlilegum hætti í að undirbúa kröfurnar og ganga frá þeim, þá er aftur ekki nema hálfur mánuður til samninga, og það er stuttur tími fyrir báða aðila. En undir venjulegum kringumstæðum er tíminn alveg nógur, sem gert er yfirleitt ráð fyrir, þar sem það er almennast þrír mánuðir.

Hins vegar verð ég að segja, að það hefur oftast nær verið þannig, að atvinnurekendurnir hafa farið sér hægt um að nota fyrri hluta uppsagnarfrestsins, og það álít ég að hafi verið óhyggilegt og sé óhyggilegt af þeirra hendi. Og venjulega hafa þeir ekki komið neitt á móti verkalýðnum í samningum fyrr en rétt síðustu sólarhringana, þegar verkfall hefur verið boðað og það er í raun og veru að skella á. Þá er ekki eins góð aðstaða til samninga — það skal ég játa — og undir venjulegum kringumstæðum. Þá er hiti kominn í skapsmunina og miklu verri aðstaða að öllu leyti til að ná skynsamlegu samkomulagi. Að því leyti er ég samþykkur hv. frummælanda.

Ég vil að lokum undirstrika, að hversu vel sem fulltrúar frá atvinnurekendum og verkamönnum ynnu árið um kring að því að afla sér upplýsinga um þessi mál, þá yrði það alltaf að síðustu að leggjast undir úrskurðarvald verkamanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar, hvort þeir vildu sættast á þær forsendur, sem þessar upplýsingar veittu, því að ákvörðunarréttinn hafa báðir aðilar, og hann verður aldrei af þeim tekinn. Sá sem reyndi það, hvaða ríkisvald sem reyndi það, mundi þreifa á því innan stundar, að hvorugur aðilinn, verkamenn eða atvinnurekendur, vildi láta sjálfsákvörðunarréttinn úr sinni hendi, um verðlagningu vinnuafls síns eða hitt af hendi atvinnurekendanna, hvort þeir skyldu kaupa vinnuafl ákveðnu verði, sem einhver dómstóll hefði úrskurðað þeim í hendur. En þegar þessar upplýsingar lægju fyrir frá nefnd, hefðu báðir aðilar ákvörðunarrétt um það, hvort þeir semdu eða legðu út í verkfall samkv. ákvæðum íslenzku vinnulöggjafarinnar.

Menn tala um, að vinnulöggjöfin íslenzka sé frumsmíð og ekki fullkomin og hafi ekki megnað að koma í veg fyrir vinnudeilur og þar með mikið tjón. En ég er alveg sannfærður um það, að þó að beztu menn á Alþingi leggi höfuðin í bleyti og endurskoði lögin, bæði einu sinni og tvisvar og þrisvar, þá göngum við aldrei frá slíkri vinnulöggjöf sem sé þess megnug að tryggja, að aldrei geti komið til verkfalla. Brezka þjóðin er búin margsinnis að endurskoða sína vinnulöggjöf, og hún er engin nýsmíð, og það eru ekki nema nokkrar vikur síðan varð alvarlegt verkfall í hafnarborgum Bretlands og vitanlega um þetta sama, verðlagningu vinnunnar. En þó að mönnum finnist þetta vera einfalt mál, þá er það mjög margbrotið og samsett, og það er alls ekki nema draumórar að tala um, að hægt sé að komast hjá verkföllum, því að þau eru í raun og veru alveg óumflýjanleg, svo framarlega sem á að virða sjálfsákvörðunarrétt hins vinnandi manns um verðlagningu sinnar eigin vinnu. Hins vegar er það orðið alviðurkennt af báðum aðilum og þjóðfélagsheildinni, að verkföllin geta verið dýr. Þau geta sett þjóðfélögin jafnvel úr skorðum og fjárhagskerfi þeirra, og til þeirra er ekki gripið fyrr en allar aðrar leiðir um friðsamlegt samkomulag eru fullreyndar og þrotnar. Þess vegna tel ég, að bæði nú og jafnan sé mjög eðlilega á hlutunum haldið og sé ekki við neinn um að sakast, þó að til verkfalls komi, ef aðilar hafa þreytt með sér samkomulag og samninga undir frjálsri aðstöðu, þangað til þeir komast ekki lengra, og mér finnst það vinsamleg afskipti af ríkisvaldi að setja þá valdamenn til sátta milli aðilanna, og það er það, sem hér hefur verið gert í þessu tilfelli. Þar er engu ofríki eða valdi beitt. Báðir aðilar geta sætt sig við slíka aðstoð frá hendi ríkisvaldsins, og í því felst eingöngu vinsemd, sem báðir aðilar hljóta að virða vel. En þegar ekkert af þessu dugir og löglegir frestir eru útrunnir, þá er ekki neitt við því að segja, þó að verkfall skelli á, þangað til lausn hefur fundizt við það, að annar hvor aðili hefur þá breytt um afstöðu eða þá að aðstaða hefur breytzt á einhvern þann veg, að samningar geti tekizt, þó að ekki hafi verið auðið að leysa þá án stöðvunar á vinnunni. En það að stöðva vinnuna er ekkert annað en það, að verkamaðurinn notar sinn helga rétt til að segja: Ég vil ekki selja vinnuafl mitt við því verði, sem atvinnurekendurnir hafa boðizt til þess að kaupa það. — Það er ekkert ósanngjarnt í því, og það mun enginn geta haldið því fram, að það væri siðmenningarlegt atriði að svipta hinn vinnandi mann réttinum til þessarar sjálfsákvörðunar um verðlag vinnunnar. En sanngjarnari leið á byrjunarstigi er ekki hægt að hugsa sér en það, að vinnuseljandinn, hinn vinnandi maður, gangi að samningaborði við þann, sem á að kaupa vinnuaflið, um það, hvernig þeir skuli verðleggja það. Slík sanngirni milli tveggja aðila er ekki algeng í kaupum og sölum viðskiptalífsins.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að lýsa því yfir, að það er misskilningur hjá hv. 3. landsk., ef hann álítur, að okkur greini á í þessum efnum, eftir því sem ræður okkar hafa fallið hér. Hann var ekki að tala um afstöðu mína, þegar hann var að lýsa því yfir, að það væri fjarstæða að hugsa sér, að upphafinn yrði réttur til verkfalla, og ég hafði síður en svo gefið ástæðu til þess, að hann mætti halda, að ég vildi ekki viðurkenna „hinn helga rétt" verkamannsins til þess að neita að vinna, ef hann telur sig rangindum beittan. Ég hafði þvert á móti í sambandi við þessa tillögu, sem felur sjálf í sér viðurkenningu á hinum „helga rétti", ef hún er rétt lesin, lagt áherzlu á það, að að því væri alls ekki stefnt með tillögunni að koma í veg fyrir það með banni, að verkföll og verkbönn gætu átt sér stað. En hins vegar er að því stefnt með till. að tryggja það, að sá undirbúningur fari fram, sem allir viðurkenna að

þurfi að eiga sér stað og allir hafa látið í ljós, sem um þá deilu hafa talað, sem nú stendur yfir, að ekki hafi verið gætt í undirbúningi þeirra samninga, sem nú er verið að gera. Ég tel, að það hafi komið skýrt fram hér áður frá hv. 3. landsk. þm., að hann lítur svo á, að þær rannsóknir, sem nú er búið að gera, hefði þurft að gera fyrr og þær hefði þurft að gera með samkomulagi aðila, svo að hver um sig viðurkenndi, að rétt væri lagt til grundvallar, þegar reiknað er út. Hv. 2. landsk. (BrB) komst þannig að orði: „Hlutdrægnislaus rannsókn hefði þurft að fara fram fyrir löngu". Og það er einmitt þessi hlutdrægnislausa rannsókn, sem við flm. till. viljum gera ráðstafanir til að gerð verði. Það er ekki hægt að gera hana í tæka tíð fyrir þá deilu, sem nú stendur yfir, en það er hægt að hafa þann viðbúnað, að slík deila rísi ekki aftur, án þess að slík rannsókn liggi fyrir, sem geti verið grundvöllur til samkomulags og þannig komið eðlilega í veg fyrir það, að verkfall skelli á, sem allir viðurkenna að sé til tjóns fyrir alla og aðeins má eiga sér stað að mínu viti sem nauðvörn, þegar sanngjarnir samningar takast ekki.

Hið eina, sem okkur hv. 3. landsk. greindi á um, eftir því sem orð féllu áðan, er það, að ég taldi, að arðrán gæti átt sér stað bæði að því er snerti vinnuveitandann og kaupþegann. Hann sagði, að kaupþeginn gæti aldrei arðrænt vinnuveitandann, en ég hygg, að svo langt sé hægt að ganga í kröfum að ofreyna vinnuveitandann, og þó að megi segja, að hann hafi það úrræði jafnan, þar sem frelsi ríkir eins og hér á að ríkja hjá okkur, að láta ekki vinna, ef honum þykir of mikils krafizt fyrir vinnuna, þá eru það orð ein. Það er staðreynd, að þegar samtök kaupþega eru orðin eins sterk og þau eru nú, þá er það sama að láta ekki þann vinna, sem gerir kröfuna, og að gefast upp við að reka atvinnuna, vegna þess að svo yfirtæk eru samtökin orðin, að það er ekki í annað hús að venda fyrir vinnuveitandann, og iðulega á hann þá líka í hættu vöru sína, t. d. eins og sá, sem rekur hraðfrystihús, þannig að það er svo mikið í húfi, að hann þolir ekki verkfallið og getur þá þurft að ganga svo langt í samningum, að atvinna hans standi ekki undir, og það fari þannig með atvinnurekstur hans, að hann falli fyrir arðráni. Verkalýður, sem ofþjakar atvinnuvegina með kaupkröfum, er eins og sláttumaðurinn, sem eyðileggur sprettu næsta árs með því að slá of nærri, og eyðileggur þá auðvitað aðstöðu sína, um leið og túnið er skemmt.

Ég vona, að hv. þingmenn hafi skilið mig þannig og tillöguna einnig, að það vakir ekkert annað fyrir okkur, sem hana flytjum, en að skapa grundvöll fyrir því, að hlutlaus rannsókn geti jafnan legið fyrir, þegar greinir á um kaup og kjör, og sanngjarnir samningar tekizt, sem leiði af sér réttláta og sanngjarna skiptingu þjóðarteknanna til hagsældar fyrir alla.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Fellt að vísa till. til allshn. með 16:15 atkv.

Till. vísað til fjvn. með 23:4 atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Sþ., 20. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 392, n. 548).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Till. þessi var flutt af hv. þm. S-Þ. (KK) og hv. þm. A-Sk. (PÞ) og er þess efnis, að ríkisstj. skuli falið að hlutast til um, að félagssamtök atvinnurekenda og verkalýðsssamtakanna í landinu skipi fulltrúa í samstarfsnefnd, sem hafi það hlutverk að afla upplýsinga frá ári til árs um afkomu atvinnuveganna og hag almennings, í þeim tilgangi, að síðar megi leita álits þessarar nefndar þegar ágreiningur virðist vera í uppsiglingu um kaup og kjör.

Fyrir tillögumönnunum vakti, að með starfi slíkrar samstarfsnefndar verkalýðssamtakanna og atvinnurekendasamtakanna væri e. t. v. hægt að afla þýðingarmikilla upplýsinga um atvinnulífið og getu þess og aðstöðu til að greiða hinu vinnandi fólki viðunandi kaup, að skynsamlegra væri að afla slíkra upplýsinga, þegar friður væri í atvinnulífinu, og að tíminn til þess að afla slíkrar vitneskju væri ekki heppilegur, þegar út í deilur væri komið. Ég er alveg sammála hv. flm. um þetta atriði og að ég hygg jafnvel hæstv. ríkisstj., sem fór fram á það, að nú væri kosin nefnd með sviputuðu hlutverki og þessu, að afla upplýsinga um gjaldþol atvinnuveganna einmitt eftir að sú hin mikla deila, sem nú stendur yfir, hófst, og hefði það hlutverk að afla upplýsinga um gjaldþol atvinnuveganna. Ég var þeirrar skoðunar, og verkalýðssamtökin eru þeirrar skoðunar, að meðan á deilu stendur sé ekki heppilegur tími til slíks samstarfs, það þurfi að hefjast á friðartímum.

Tillögumennirnir lýstu því yfir í grg., að þeir teldu mikilsvert, að atvinnurekendur og kaupþegar hefðu ekki aðeins um stundarsakir, heldur til frambúðar frá ári til árs samstarf með sér í nefnd, sem ríkisstj. gæfi þessum aðilum kost á að tilnefna menn í, til þess að leita upplýsinga og leggja fram rökstutt álit um atvinnumálin — atvinnuvegina í landinu og greiðsluþol atvinnuveganna. Síðan var þeirra ætlan, að upplýsingar væru á takteinum hjá þessari n., áður en atvinnurekendur og verkafólk segðu upp samningum og legðu út í deilur. Þeir viðurkenna í grg., að þetta væri að vísu ekki nema tilraun, en ég er þeim sammála um það, að þetta sé tilraunar vert. Það gæti þá aldrei af starfi slíkrar nefndar leitt annað en það, að fyrir lægi fyllri vitneskja en ella um þessi viðkvæmu mál, og það er langtum betra og skynsamlegra að afla allrar þeirrar vitneskju, sem hægt er að útvega um þessi efni, þegar friðsamlegt samstarf er ríkjandi milli atvinnurekenda og verkamanna. Hitt er óefað, að eitthvað mundi starf slíkrar nefndar kosta ríkis-

sjóð, en það er þó gefinn hlutur, að ef slíkt starf nefndar gæti komið í veg fyrir stórfelld átök, sem trufla atvinnulífið alltaf meira og minna, þá gæti þarna samt verið um útgjöld að ræða, sem borgaði sig vel að inna af hendi og gætu orðið til að spara a. m. k. þjóðfélaginu — ef ekki ríkissjóði — fé.

Fjvn. athugaði þetta mál og kom sér saman um að breyta till. nokkuð, þó á þann veg, að hlutverki hennar er á engan hátt breytt. Hún er aðeins færð í nokkru fastara og ákveðnara form. Það er í fyrsta lagi tekið fram, að þeir aðilar, sem eiga rétt á því að tilnefna fulltrúa í þessa nefnd, skuli vera Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, og tekið einnig ákveðið fram, að hvor þessara aðila skuli tilnefna tvo fulltrúa í slíka samstarfsnefnd atvinnurekendanna og verkalýðssamtakanna. Orðalaginu í till. eins og hún kemur frá fjvn. um hlutverk nefndarinnar er á engan hátt breytt, að öðru leyti en því, að við er bætt, að þessi nefnd skuli eiga aðgang að Hagstofu Íslands um, að sú stofnun veiti nefndinni alla þá aðstoð, sem óskað er, einkanlega í sambandi við skýrslugerð og útreikninga. Einnig er n. gefin heimild til að leita hvers konar *fræðilegrar aðstoðar annars staðar, ef hún* teldi þess þörf. Þetta eru atriði, sem eru viðbót við till. eins og hún var upphaflega flutt og miða að því að bæta aðstöðu n. til starfa, þannig að betur sé að henni búið og meiri líkur til þess, að árangur geti hlotizt af störfum hennar.

Það var að vísu ekki samkomulag um það, að þessi n. fengi aðstöðu til að rannsaka hag einstakra atvinnufyrirtækja, sem ég hefði þó talið æskilegt, a. m. k. undir vissum kringumstæðum, og þar sem hér er um að ræða n., sem skipuð er að jöfnu aðilum frá atvinnurekendum og verkalýðssamtökum, þá hygg ég, að slíkt vald í höndum n. hefði ekki orðið á neinn hátt misnotað, því að slík rannsókn á einstökum, þýðingarmiklum atvinnufyrirtækjum hefði auðvitað ekki átt sér stað, nema því aðeins að báðir aðilar í n. eða fulltrúar beggja aðila í n. hefðu talið ástæðu til þess og talið æskilegt, að slík athugun færi fram.

En það eru atvinnuvegirnir í heild, sem n. er veitt umboð til að *rannsaka og gera sér* grein fyrir afkomu þeirra allri og hvaða gjaldþol atvinnuvegirnir teljast hafa á hverjum tíma í sambandi einkanlega við launagreiðslur, þau útgjöld, sem snerta framkvæmd framleiðslustarfanna.

Í þessu formi var fjvn. sammála um að mæla með samþykkt till., og er það aðeins von fjvn., að með slíku starfi megi koma í veg fyrir í einhverjum einstökum tilfellum ágreining, sem kynni annars að stöðva atvinnulífið og valda framleiðslu þjóðarinnar tjóni, og gæti þá farið svo, að þau útgjöld, sem óneitanlega verða við starf slíkrar n., kynnu að margborga sig.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa yfir fylgi mínu við þá till., sem hér liggur fyrir. Til þess er alveg sérstök ástæða einnig fyrir mig, því að fyrir þremur árum flutti ég ásamt fjórum öðrum flokksmönnum mínum till. hér á Alþ., sem hlaut samþykki og gekk mjög í sömu átt og sú till., sem nú er lagt til að hér verði afgreidd.

Ég vil aðeins láta í ljós óánægju mína með það, að sú till., sem samþykkt var um þetta efni fyrir þremur árum, skuli ekki hafa verið framkvæmd.

Það er góðra gjalda vert af hálfu hv. Alþ. að gera ályktanir um góð mál og skynsamleg. Hitt er þó töluvert meira virði, að þær séu framkvæmdar, þau góðu mál og skynsamlegu hugmyndir komist í framkvæmd.

Sú till., sem samþ. var 17. des. 1952 frá okkur 5 þm. Sjálfstfl., var um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launþega, og hún var á þessa leið, með leyfi *hæstv. forseta:*

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara rannsókn á greiðslugetu og afkomu aðalatvinnuvega þjóðarinnar með það fyrir augum að fá úr því skorið, hversu hár rekstrarkostnaður *atvinnutækjanna megi* vera, til þess að þeim verði haldið í gangi sem lengstan hluta hvers árs og þeir veiti sem varanlegasta atvinnu. Skal ríkisstj. leita aðstoðar og samvinnu við samtök launþega og atvinnurekenda um framkvæmd þessarar rannsóknar, er skal lokið fyrir 1. nóv. 1953.“

Til þess að skýra örlítið nánar, án þess að lengja umr. um þessa till. um of, vildi ég leyfa mér að lesa hér tvo stutta kafla upp úr þeirri grg., sem fylgdi þessari till. Þar er komizt að orði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Rannsókninni er ætlað að sýna, hvern rekstrarkostnað hinar ýmsu greinar atvinnulífsins geta borið. Ef niðurstöðurnar sýna, að rekstrarkostnaður í sumum atvinnugreinum sé svo hár, að taprekstur sé óhjákvæmilegur, er eðlilegt, að látin sé fara fram framhaldsrannsókn á því, með hverju móti taprekstri verði forðað, hvort unnt sé að lækka einhverja kostnaðarliði eða hverjar ráðstafanir aðrar séu tiltækilegar til þess, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum. Ef rannsóknin á hinn bóginn sýnir, að um verulegan ágóða sé að ræða í atvinnugreininni, mundi eðlilegt, að hlutdeild vinnunnar í arði fyrirtækisins yrði aukin með kauphækkunum eða á annan hátt.“

Síðan er á það bent í grg., að það hafi oft orðið mjög til þess að auka á tortryggni í samskiptum atvinnurekenda og launþega, að allt hefur verið á huldu um afkomu einstakra atvinnugreina. Niðurstöður slíkrar rannsóknar, sem till. gerir ráð fyrir, ættu því, þegar þær lægju fyrir, að geta haft nokkur áhrif í þá átt að eyða óvild og tortryggni milli stétta og leggja grundvöll að varanlegum vinnufriði í landinu.

Loks segir í grg. þessarar þáltill., „að það ætti ekki að vera ágreiningsmál, að megináherzlu beri að leggja á það í efnahagsmálum þjóðarinnar, að atvinna megi vera næg og jöfn sem lengstan tíma af árinu. Slíkt verður þó ekki tryggt til lengdar, nema séð sé fyrir því, að ekki sé taprekstur í hinum mikilvægustu atvinnugreinum. Hafa ýmsar till. komið fram um það hér á landi og erlendis að finna ein-

hvern grundvöll fyrir vísitölu, er sýndi afkomu þjóðarbúsins og atvinnuveganna, og yrði kaupgjald m. a. miðað við slíka vísitölu. Teljum við flm. þessarar till. eðlilegt, að í sambandi við rannsókn þá, er hér er um að ræða, sé einnig athugað, hverjir möguleikar væru á útreikningi slíkrar vísitölu og hvort hugsanlegt væri, að kaupgjald yrði að einhverju eða öllu leyti við hana miðað." „Að sjálfsögðu," segir í lok grg., „yrði um slíkt að hafa fullt samráð við hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda, enda er gert ráð fyrir, að fullt samráð sé við þau haft um fyrirkomulag og framkvæmd þessarar rannsóknar."

Ég held, að það fari ekki á milli mála, að það, sem vakti fyrir flm. þessarar till., sem samþ. var með góðu samkomulagi á hv. Alþ. fyrir þremur árum, sé nokkurn veginn alveg það sama og vakir fyrir flm. þeirrar till., sem hér er til umr., og fyrir þeirri hv. n., sem skilað hefur áliti um hana og hv. 3. landsk. gerði glögga grein fyrir í ræðu sinni hér áðan. Formið er að vísu nokkuð annað á þeirri till., sem hér liggur fyrir, eins og hún nú er orðin. Þar er lagt til, að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skipi hvort um sig fulltrúa í samvinnunefnd, sem hafi það hlutverk, sem báðar till. gera ráð fyrir.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta. Ég vil aðeins ítreka þá skoðun okkar flm. till. frá 1952, að það er mál málanna í þessu landi, að vinnuveitendur og vinnuþiggjendur geti haft einhvern öruggan grundvöll til að standa á í samskiptum sínum, fullkomna vitneskju um það, hvað atvinnuvegirnir bera og hverjir möguleikar eru á hlutdeild vinnunnar í arði framleiðslutækjanna. Þetta er bókstaflega eitt grundvallarskilyrði þess, að þróun og uppbygging geti haldið áfram í okkar þjóðfélagi, og grundvallarskilyrði þess, að vinnufriður haldist.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég vil láta þá ósk og von í ljós, að það takist betur til um framkvæmd þeirrar till., sem nú á að samþ. og ég tel skynsamlega og eðlilega, heldur en um framkvæmd þeirrar till., sem ég gat um og samþ. var fyrir þremur árum, því að eins og ég sagði áðan er lítið gagn í því að hrinda góðum og skynsamlegum málum og hugmyndum úr vör, ef við það eitt er látið sitja að ýta þeim á flot. Það þarf að róa í land aftur. Það þarf að framkvæma hinar skynsamlegu og góðu hugmyndir, þannig að það geti orðið almenningi í landinu, í þessu tilfelli vinnuveitendum og vinnuþegum og þjóðinni í heild að gagni.

Ég vil láta í ljós þá ósk, að samþykkt þessarar till. og framkvæmd þeirrar rannsóknar, sem hún gerir ráð fyrir, megi verða grundvöllur að auknum vinnufriði í landinu, bættri sambúð milli stétta, þannig að við þurfum ekki að horfa upp á það með tiltölulega stuttu millibili, að stórátök hefjist milli aðalstétta þjóðfélagsins til stórkostlegs tjóns fyrir þær og landsmenn alla.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er vissulega um mjög merkilega tilraun að ræða, ef það gæti tekizt með þeirri till., sem hér liggur fyrir frá fjvn. sem brtt. við till. á þskj. 392, að koma á samstarfsnefnd á milli verkalýðssamtakanna annars vegar og Vinnuveitendafélags Íslands hins vegar. Og að flestu leyti er það góðra gjalda vert, að ríkið hlutist til um slíkt og óski eftir að fá að gera slíkt á sinn kostnað, enda er náttúrlega engin spurning um það, að ef með því að styðja myndun svona n. og kosta hana væri stutt að því að koma í veg fyrir langar og dýrar vinnudeilur, þá væri stórkostlega mikið unnið. En það er hins vegar gefið um leið, að Alþ. þarf að sínu leyti að búa vel í hendur þeirra n., sem eru skipaðar til þess að vinna svona verk.

Hér er talað um, að slík n. eigi að rannsaka afkomu atvinnuveganna og hag almennings. Nú er það svo, að þegar hagur almennings er rannsakaður, þá liggur það venjulega fyrir sem opin bók, og það er hlutur, sem raunverulega atvinnurekendur og þeirra fulltrúar alltaf hafa haft aðgang að og það opinbera í gegnum hagstofuna hefur látið rannsaka ár frá ári, hvernig hagur almennings sé, hvernig hans afkoma sé, hvernig dýrtíðin verki á hans lífsafkomu og annað slíkt. Hins vegar er afkoma atvinnuveganna í heild. Þótt undarlegt megi virðast, hefur að mjög miklu leyti verið reynt að halda henni sem lokaðri bók fyrir þjóðinni. Í hverju einasta landi í kringum okkur getum við farið í hagstofu viðkomandi þjóðfélags, við getum flett þar upp í stórum skýrslum, við getum séð þar, hvað hvert einasta stórfyrirtæki í landinu greiðir í vinnulaun, hvað það hefur í ágóða, hvað það borgar sínum forstjórum, og annað slíkt. Við getum í eins hákapítalistísku landi og Bandaríkjum Norður-Ameríku séð, hvað General Motors — eða hvert af þessum stórfyrirtækjum sem er — greiðir í vinnulaun, hvað það hefur í gróða og hvernig afkoma þess er. Við getum í landi eins og Svíþjóð rannsakað þetta. Í hagstofunni liggur fyrir vitneskja um hverja einustu atvinnugrein landsins. Í engu af þessum löndum þykir eðlilegt að vera að reyna að dylja afkomu atvinnuveganna.

Ég vil leyfa mér að vonast til þess, þegar Alþ. nú hefur frumkvæði um, að svona n. sé skipuð til þess m. a. árlega að afla þeirra upplýsinga, sem n. telur sig þurfa um afkomu atvinnuvega landsins, að þá verði virkilega opnuð fyrir slíkri n. öll skjöl og skilríki viðvíkjandi afkomu atvinnuveganna. Og þegar talað er um atvinnuvegina, þá er ekki aðeins átt við sjávarútveginn, iðnaðinn og landbúnaðinn og annað slíkt, sem margt liggur nú yfirleitt fyrir um. Það er átt líka við verzlunina, bankastarfsemina, yfirleitt atvinnulíf þjóðfélagsins. Og þar sem venjulega í sambandi við þær deilur, sem eiga sér stað milli verkamanna og atvinnurekenda, er verið að deila um, hvort atvinnulífið beri ákveðnar kröfur, sem verkamenn gera til launa, — við skulum segja, þegar krafa er gerð um hækkun hjá bátaútveginum, togaraútveginum, skipafélögunum eða slíkum, — þá er raunverulega ekki aðeins verið að ræða um þessar einstöku atvinnugreinar, það er verið að ræða um atvinnulífið í heild. Svo framar-

lega t. d. sem þjóðfélagið skiptir þannig á milli atvinnugreinanna, að einn atvinnuvegur — við skulum segja t. d. útgerð — er látinn tapa, en verzlun og bankastarfsemi látin græða, þá er það náttúrlega hlutur, sem viðkemur þeim, sem eru að rannsaka afkomu atvinnuveganna, og þá verða þeir jafnt að hafa aðgang að því, hvernig verzlunin, útflutnings- og innflutningsverzlun og innanlandsverzlunin, beri sig, þegar þeir ætla að athuga, hvernig sjávarútvegurinn standi. Og ég skil þessa till. þannig, að það sé vilji Alþ. með samþykkt hennar að veita fulltrúum þessara samtaka aðgang að því að rannsaka afkomu þessara atvinnuvega þar með í heild, jafnt bankar og stofnanir, sem hafa með — við skulum segja — fiskútflutninginn að gera, og aðrar slíkar séu skyldugar til að veita þessari n. allar þær upplýsingar, sem hún telur sig þurfa. Og án slíks skilnings á þessu er hætta á, að ekki yrði það gagn af þessari mikilvægu n., sem þarf að vera.

Þess vegna er það nauðsynlegt, að það sé gert alveg ljóst frá upphafi, ef við ætlum að reyna með samþykkt þessarar till. að fara inn á þá heppilegu leið að geta rannsakað þessa hluti vel fyrir fram, að þá þarf að hætta að vera svo, að afkomu atvinnulífsins sé haldið eins og lokaðri bók fyrir almenningi og fulltrúum hans.

Ég vil aðeins minna á það, vegna þess að hér er nú verkalýðssamtökum annars vegar og vinnuveitendasamtökum hins vegar stillt sem tveim jafnréttháum aðilum, af því að það eru þessir aðilar, sem þarna fyrst og fremst eigast við, að þá megum við ekki gleyma hinu, að tilgangur alls atvinnulífsins er að bæta kjör mannanna, sem vinna við það, og tryggja velliðan fólksins, sem skapar framleiðsluna. Við þennan tilgang verður rekstur atvinnulífsins að miðast, og það verða menn að hafa í huga, að það er sjálf velliðan þegnanna í þjóðfélaginu, sem er tilgangurinn með atvinnurekstrinum; ekki neitt annað. Og atvinnurekendur verða að hafa það í huga, þegar þeir taka þátt í því af hálfu þjóðfélagsins að rannsaka hluti eins og þetta, að þeir hafa raunverulega aðeins með að gera þjónustustörf, sem þjóðfélagið hefur falið þeim, og þeim ber að rækja slík störf þannig. Við verðum að muna, að það er hægt að reka okkar þjóðfélag og öll okkar tæki án atvinnurekenda, en það er ekki hægt að reka það án verkalýðs. Það er verkalýðurinn, sem er sá aðili, sem skapar þennan auð, og án hans er ekki hægt að skapa hann. Atvinnurekendurnir og einkaeign þeirra á atvinnutækjunum er raunverulega form, sem þjóðfélagið í svipinn hefur kosið að hafa, með tilliti til þess, að atvinnurekendur standi í stöðu sinni, að þeir sjái um, að þessi atvinnurekstur sé rekinn þannig, að þjóðfélaginu megi vegna vel. Þjóðfélagið hefur stutt atvinnurekendur til slíks með stórkostlegum fríðindum, sem þeim eru veitt, t. d. um togaraflotann, stórvirkustu framleiðslutækin, þegar atvinnurekendur, að svo miklu leyti sem þeim beint eru fengin þau í hendur, fá frá þjóðfélaginu 75% af andvirði togaranna að láni með 2% vöxtum til 20 ára. Og atvinnurekendur verða að muna það, að ef þeir standa ekki í þessari stöðu sinni og veita þessa þjónustu, þá getur þjóðfélagið, á hvaða tíma sem er, svipt þá þeim yfirráðum, sem þeir hafa yfir atvinnutækjunum, og tekið upp annað form, sem þjóðfélaginu kynni að finnast hentugra til rekstrar á atvinnuvegunum.

Þegar n. af hálfu þess opinbera athugar afkomu atvinnulífsins, þá þarf hún þess vegna að hafa það í huga, að atvinnulífið er til vegna þess, að vinnandi stéttirnar vinna við það, og til þess að þeim megi vegna betur.

Ég held, að það sé alveg sérstaklega nauðsynlegt að rifja þetta upp og minna á það með hliðsjón af þeirri vinnudeilu, sem nú stendur yfir, því að ég man ekki eftir, að í neinni vinnudeilu, og hef ég í 30 ár haft nokkuð með þær að gera, hafi atvinnurekendur eða hópur þeirra ríkustu og voldugustu af þeim sýnt annað eins offors, bókstaflega virzt ætla að beita sínu bolmagni og láta kenna síns valds, eins og í þessari deilu. Ég hef aldrei eins orðið var við það, að stóratvinnurekendurnir vilji láta finna til þess, að þeir séu svo að segja valdið í þjóðfélaginu, og slíkt getur þjóðfélagið ekki látið þeim haldast uppi, því að án þeirra getur þjóðfélagið vel staðizt, og sumir álíta máske betur án þeirra, en án verkalýðsins ekki.

Það er þess vegna alveg nauðsynlegt, að sá hugsunarháttur, sem menn bera í brjósti, þegar þeir ganga til samvinnu eins og hér er hugsað um, sé sá, að menn eigi að veita þjóðfélaginu þjónustu.

1. apríl, á hundrað ára afmæli frjálsrar verzlunar á Íslandi, var af hálfu fulltrúa einmitt verzlunarstéttarinnar og þ. á m. ýmissa stóratvinnurekenda undirstrikað, að þeirra störf væru þjónusta við almenning. Og það er sá hugsunarháttur, sem ekki á aðeins að vera á aldarafmælum og sérstökum tyllidögum; það er sá hugsunarháttur, sem þarf að vera í þeirri almennu framkomu atvinnurekendanna í þjóðfélaginu gagnvart verkalýðnum og gagnvart þjóðfélaginu í heild.

Íslenzk þjóð mun aldrei sætta sig við það, að hér rísi upp auðmannavald, sem ætlar að setja þjóðinni stólinn fyrir dyrnar. Íslenzk þjóð hefur áður fengið að kenna á slíku stórhöfðingjavaldi þannig, að hún mun ekki þola það. Alþýða landsins mun þá, ef stóratvinnurekendurnir ekki kunna sér hóf, heldur velja þá leið að breyta um rekstrarfyrirkomulag á atvinnulífi þjóðarinnar.

Verkalýðssamtökin hafa fyllilega sýnt það, þegar þau hafa haft afskipti af ríkisstj. landsins og af því að efla atvinnutækin, að þau hafa viljað gefa atvinnurekendum kost á að starfa fyrir þjóðfélagið og veita því eðlilega þjónustu, og verkalýðssamtökin hafa meira að segja haft forustu um það að veita stærstu atvinnurekendum landsins, eins og togaraeigendunum og eigendum hraðfrystihúsanna, alveg sérstaklega góð kjör af almannafé, 75% lán með 2% vöxtum til 15—20 ára, í trausti þess, að þessir menn skilji, að það er fyrir þjóðfélagsheildina, sem þeir eiga að starfa, að það er trúnaðarstarf, sem þeir hafa með höndum.

Þetta vildi ég aðeins segja, um leið og ég fyrir mitt leyti vil samþ. þessa till. Ég álít nauðsynlegt, að þetta sé rifjað upp, ekki sízt með tilliti til þess ástands, sem við nú búum við, því að ef okkur á að takast að firra þjóðfélagið þeirri ógæfu, að til slíkra átaka, svo langra og dýrra, þurfi að koma eins og nú hefur orðið, þá þarf stóratvinnurekendastéttin í landinu að breyta um hugsunarhátt. Og þegar tekið er upp samstarf eins og hérna er ætlazt til, að forgöngu ríkisins, þá þarf, til þess að það beri þann góða árangur, sem áreiðanlega er tilgangur allra þeirra, sem þetta samþykkja, þarna að verða breyting á. Og við skulum vona, að með samþykkt þessarar till. um að stofna til þessarar samvinnunefndar á vegum ríkisins megi það takast.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil láta hér koma fram þakklæti til hv. fjvn. fyrir afgreiðslu hennar á till. þessari, sem við erum flm. að, ég og hv. þm. A-Sk. (PÞ). Ég vil einnig þakka hv. frsm. n. fyrir meðmæli hans með till. og þá réttu grg., sem hann flutti um tilgang þann, sem kæmi fram í flutningi till. af hálfu flm. og grg. þeirra. Og einnig vil ég þakka öðrum þeim ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls og lýst stuðningi sínum við till.

Hv. þm. N-Ísf. minnti á till. fyrir 3 árum, sem hann var flm. að og saknaði að ekki hefði verið framkvæmd, taldi, að gengið hefði mjög í sömu átt og þessi till., sem hér liggur fyrir. Og vitanlega er það rétt, að sú till. gekk í sömu átt, en þó ekki jafngreinilega og þessi till. Hún var till. um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna í eitt skipti fyrir öll, og fyrirmæli hennar voru til ríkisstj. um að láta þessa rannsókn um greiðslugetu atvinnuveganna fara fram innan 10 mánaða frá samþykkt till. — Till. okkar snýst beint að því erfiða viðfangsefni, sem þjóðin hefur átt við að búa og sérstaklega stynur undir í dag, að vinnufriður megi vera tryggður. Og hún gerir ráð fyrir því, að sú nefnd, sem kosin verður, starfi árlega, því að árlegt er það viðfangsefni að halda við vinnufriðinum.

Ég tel þess vegna, að þó að þessi till., sem samþykkt var hér fyrir 3 árum, væri ekki framkvæmd, þá geti verið miklar vonir til þess, að þessi till. verði framkvæmd, af því að það liggur ljósara fyrir um hennar verkefni og þau beinast alveg að ákveðnu markmiði.

Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) mælti mjög vel með till., en tók fram það, sem líka er alveg rétt, að ef þessi n. á að njóta sín í starfi, þá á hún að geta fengið þær upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til þess að taka sína afstöðu. Þær upplýsingar mega ekki vera í lokuðum bókum, og það verður, eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, að gera ráð fyrir því, að þær verði það ekki. Og ef þær ætla að verða það, þá hygg ég, að n. hljóti að fá aðstöðu til þess að geta opnað bækurnar, hljóti að geta leitað sér heimilda til þess.

Verði till. samþ., þá leyfi ég mér að vænta þess og treysta því, að hæstv. ríkisstj. taki málið til árangursríkrar framkvæmdar. Og ég vil undirstrika það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að til þess að starf n. geti orðið árangursríkt, þarf það að vera þjónusta við þjóðina, þjónusta, til þess að vinnufriður geti ríkt, með það markmið fyrir augum, að tekjum þjóðarinnar verði réttlátlega skipt milli þeirra, sem að öflun þeirra vinna.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd til þess að leiðrétta smávægilegan misskilning, sem fram kom í ræðu hv. þm. S-Þ. (KK). Hann taldi, að enda þótt tilgangur þeirra tveggja till., sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, hefði verið sá sami, þá hefði þó sá meginmunur verið á þeim till., að í till. okkar sjálfstæðismanna, sem samþykkt var fyrir 3 árum, hefði einungis verið gert ráð fyrir rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna í eitt skipti fyrir öll. Þetta er ekki rétt. Í till. stendur að vísu, að ríkisstj. skuli leita aðstoðar og samvinnu við samtök launþega og atvinnurekenda um framkvæmd rannsóknarinnar, sem skuli lokið fyrir 1. nóv. 1953. Það, sem þessi grein tillögunnar á við, er fyrst og fremst það, að á þessum tíma, sem þarna er greindur, var gert ráð fyrir því, að rannsókn hefði verið framkvæmd og grundvöllur fundinn, sem síðan yrði byggt á í framtíðinni. Aðalrannsóknin, sem till. gerði ráð fyrir, átti sem sagt að hafa farið fram á tæpu ári. En síðan vakti það fyrir flm., sem einnig kemur greinilega fram í grg. till. og í framsöguræðum fyrir henni á þingi, að til þess var eindregið ætlazt af flm., að áframhaldandi rannsókn yrði framkvæmd á grundvelli þeirrar niðurstöðu, sem upprunalega rannsóknin hafði leitt til.

Mér er það alveg ljóst, og ég er alveg sammála hv. þm. S-Þ. (KK) um það, að það er tiltölulega lítið gagn að því að framkvæma slíka rannsókn í eitt skipti fyrir öll; tímarnir breytast og mennirnir með, aðstæðurnar í þjóðfélaginu, afrakstur atvinnutækjanna, tæknin o. s. frv. Allt þetta breytist, og það verður að taka nýja afstöðu með breyttum viðhorfum til þessara atriða.

Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram alveg greinilega, vegna þess að þessi ummæli féllu hjá hv. þm. S-Þ.

Ég vil ítreka það, eftir að hafa hlustað á ræðu hv. 2. þm. Reykv., að fyrir okkur, sem tókum þetta mál fyrst upp hér á hv. Alþ., vakti það fyrst og fremst að tryggja samkomulag milli stétta, milli vinnuveitenda og launþega um réttlátа skiptingu arðsins af atvinnutækjunum. Þetta er það grundvallaratriði, sem fyrir okkur vakti, og ég veit, að þó að okkur hv. 2. þm. Reykv. greini á um það, hvernig þjóðfélagið skuli rekið, hvort hér eigi að vera séreignarþjóðfélag eða sósialistiskt þjóðfélag, þá greinir okkur trauðla á um það, að æskilegt sé, að stéttirnar — í þessu tilfelli atvinnurekendur og launþegar — geti komið sér saman um það, hvað sé réttlát skipting arðsins. (*GJóh:* Og þær geta það aldrei.) Þær geta það aldrei, segir hv. 4. landsk. þm. Ég álít, að þessi ummæli byggist á of mikilli bölsýni. Við höfum horft á bæði okkar þjóðfélag og önnur þjóð-

félög þroskast og þróunina skapa sífellt jafnari og betri lífskjör. Það, sem hefur verið að gerast, er þess vegna ekkert annað en það, að arðskiptingin í þjóðfélaginu hefur smám saman orðið réttlátari. Mannkynið í heild og fólkið í okkar þjóðfélagi hefur einnig verið að feta sig áfram að þessu takmarki, réttlátri skiptingu arðsins af starfi sínu, hvort sem það starfar að sköpun hans með hug eða hendi. Ég hef þá trú, alveg gagnstætt þeirri skoðun, sem fram kom í ummælum hv. 4. landsk., sem er sanngjarn og góðgjarn maður, að þetta sé engin skýjaborg. Og við megum umfram allt ekki líta á það sem nauðsyn, að stéttir þjóðfélagsins þurfi sífellt að slást um arðinn af eigin starfi, þær þurfi að berjast um það, kannske árlega, kannske annað hvert ár, kannske þriðja hvert ár, hversu hátt tímakaupið eigi að vera, hversu langt orlofið eigi að vera o. s. frv.

Ég álít, að við verðum að treysta því, að stéttirnar geti komið sér saman um þetta. Ég álít, að reynsla liðins tíma sanni það, að þróunin hafi verið að færa okkur nær og nær þessu takmarki. Og í þeirri trú styð ég þá tilraun, sem gerð er með þessari till., og leyfi mér að vænta af henni nokkurs árangurs til góðs, ekki fyrir neina einstaka stétt í okkar landi, heldur fyrir allar stéttir og til sköpunar vinnufriði og samvinnu milli stétta, sameiginlegra átaka til farsældar fyrir það fólk, sem byggir þetta land.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) sagði, sem kom mér til að gera smáathugasemd við það.

Hann minntist á, að þróun þjóðfélagsins hefði gengið í þá átt, að arðskiptingin hefði orðið réttlátari. En ef svo hefði verið, eins og hann virtist líta á, þá mundum við áreiðanlega ekki standa í þeirri hörðu deilu, sem við stöndum í dag.

Fyrir 7 árum, 1947, höfðu verkalýðssamtökin og báðir verkalýðsflokkarnir haft aðstöðu til þess að móta um nokkurt skeið, hver stefna væri tekin í atvinnulífi landsins, og það hefði tekizt að afla allmikilla nýrra atvinnutækja eða a. m. k. gera ráðstafanir til að kaupa þau inn. Hefði af hálfu verkalýðshreyfingarinnar atvinnurekendum verið gefinn kostur á að eignast þessi tæki með mjög góðum kjörum, og samt höfðu margir þeirra verið tregir til þess, svo tregir, að vegna þess, hve tregir þeir voru, tókst meira að segja verkalýðssamtökunum að fá það fram, að bæjarútgerðir á togurum yrðu miklu meiri en áður höfðu verið. 1947 var ástandið þannig, að verkamenn bjuggu við nokkuð sæmileg lífskjör, og samt sem áður skapaðist á því ári mjög mikill gróði hjá atvinnurekendum, og stóreignir komu fram hjá atvinnurekendum í lok þess árs, þegar eignakönnunin fór fram. Síðan 1947, að svona var ástatt, hafa öll þau tæki, sem ráðstafanir voru gerðar til að kaupa inn í landið á árunum 1945 og 1946, komið í gagnið. Allir togararnir hafa fyrst komið á árunum 1947 og árunum þar á eftir, meginið af hraðfrystihúsunum verið byggt, þjóðarauðurinn stórkostlega aukizt, atvinnutækjunum stórkostlega fjölgað, þjóðarframleiðslan hefur vaxið, þjóðartekjurnar hafa vaxið. En hefur skiptingin á milli stéttanna orðið réttlátari? Nei. Það, sem hefur komið í ljós við þær rannsóknir, sem þegar hafa verið gerðar, er að aðeins hvað sjálfan neyzluvarninginn snertir er afkoma verkamannsins í dag 17% lakari en hún var 1947. Þetta hefur minnkað hans hlutdeild í því að geta keypt neyzluvörurnar, og ef hans aðstaða til þess að borga húsnæði væri þar að auki reiknuð með, þá hefur hans hlutdeild í þjóðfélagsarðinum minnkað miklu meira.

Þess vegna er það svo, að frá 1947 hefur arðskiptingin orðið miklu ranglátari en hún var þá, og þess vegna stöndum við í þessari deilu, sem við stöndum í í dag. Þess vegna er það, sem stundum kemur upp hjá þeim mönnum, eins og skauzt fram í framíkalli hv. 4. landsk. (GJóh) hér áðan, mönnum, sem hafa verið verkamenn alla sína ævi, mönnum, sem þekkja alla þá baráttu og hafa sjálfir staðið í þeirri baráttu, sem verkalýðurinn hefur staðið í síðustu 40 ár hér á Íslandi, — þess vegna kemur það upp hjá slíkum mönnum, einmitt verkamönnunum sjálfum, að það sé líklega aldrei hægt að fá atvinnurekendur til þess að skilja það, að verkamaðurinn sé verður launanna, að verkamaðurinn, sem skapar auðinn í þjóðfélaginu, eigi fyrst og fremst og í sífellu að fá betri og betri kjör og í sífellu réttlátari og réttlátari hlut af því, sem framleitt er. Það er þetta, að hafa orðið að heyja þessa ægilegu, hörðu baráttu, sem verkalýður Íslands hefur orðið að heyja síðustu 60 ár, frá því að verkalýðshreyfingin hér var mynduð, sem skapar þann hugsunarhátt hjá verkamönnum, að það sé aldrei hægt að komast að samkomulagi við atvinnurekendur nema með því að fara í hart. Og það er vert að muna eftir því, að því miður er ástandið þannig, að verkamenn á Íslandi hafa enn sem komið er aldrei fengið kjarabætur án þess að fara í hart, án þess að fara í meira eða minna löng verkföll. Á einstöku tímum í þjóðfélaginu, eins og t. d. 1944, tekst okkur að ná samningum, án þess að komi til mjög langvarandi verkfalla, og semjum vinnufrið í hálft annað ár.

Þetta væri máske öðruvísi, ef Alþ. hefði sýnt betri skilning á þessum málum. En ástandið hefur verið þannig hér á Alþ., að það hefur komið fyrir þrisvar sinnum á þeim stutta tíma, sem ég hef átt sæti á Alþ., í 17 ár, að Alþ. hefur sett lög um að draga úr þeim réttindum, sem verkamenn hafa haft, hefur með lögum rýrt þau kjör, sem verkamenn voru búnir að vinna sér. En það hefur aldrei komið fyrir, að Alþ. hafi með lögum fyrirskipað að hækka laun verkamanna — aldrei. Og meira að segja höfum við, bæði fulltrúar Alþfl. og Sósfl., ár eftir ár lagt fram frumvörp hér um hækkun á orlofsfénu, sem hefði verið hægt að vera búið að samþykkja margsinnis, en aldrei hafa einu sinni komið úr n. í þinginu. Ég vil segja það, að ef Alþ. hefði eins oft sett lög um að skylda atvinnurekendur til að hækka kaup verkamanna og það hefur gripið inn í til þess að

banna kauphækkanir eða rýra launin, þá væri ef til vill hugsunarháttur margra verkamanna öðruvísi, því að þá væri þeirra bitra reynsla ekki sú sama sem hún er nú. Þess vegna var það, að ég var að mæla þessi varnaðarorð til atvinnurekenda, sem ég mælti áðan. Andersen Nexö segir einhvers staðar í sínum fræga róman, Pelle Erobreren, skáldsögu verkalýðshreyfingarinnar, — lætur einn gamlan, reyndan verkamann segja: „Vorherre har altid været i lommen på de store" — þ. e. „Guð almáttugur hefur alltaf verið í vasanum á þeim ríku." Og því miður hefur það verið þannig, að Alþ. hefur sýnt sig í því hvað eftir annað að grípa inn í gang málanna til þess að rýra kjör verkamanna, en aldrei til þess að hjálpa þeim. Og núna stöndum við frammi fyrir því, að atvinnurekendur, sem hafa allt sitt vald frá þjóðfélaginu, hafa allt sitt lánsfé frá þjóðfélaginu, hafa sín atvinnutæki að láni frá þjóðfélaginu, fá jafnvel vöruna, sem þeir verzla með, frá ríkisstj., eins og olíuhringarnir, neita að veita þjóðfélaginu þá þjónustu, neita t. d. að láta togara, sem gerðir eru út til að fiska, fá olíu, neita að semja við verkamenn um kauphækkun, sem þeir eiga kröfu á. Það er þessi bitra reynsla, sem skapar þá afstöðu hjá þeim verkamönnum, sem hafa reynslu heils mannsaldurs að baki, sem segir, að þó að við samþykkjum svona góðar tillögur eins og hérna eru, þá sé það víst ekki til neins, af því að atvinnurekendurnir eru alltaf að verða harðvítugri og harðvítugri. Við þurfum að sjá til þess hér á Alþ., að þessi afstaða stóratvinnurekendanna á Íslandi til atvinnulífsins og til vinnandi stétta breytist. Og við skulum nú, ef þeir fara ekki að átta sig, einu sinni grípa þannig inn í, að vinnandi stéttirnar finni það, að meiri hl. Alþ. standi einu sinni með þeim, en ekki með þeim stóru.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. — Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagðist ekki minnast þess, að það hafi komið fyrir, að Alþ. hefði með lögum fyrirskipað hækkun á launum verkamanna. Þetta mun nú sennilega vera rétt hjá honum. En ég vil minna hv. þm. á það, að hingað til hefur hvorki hann né ég talið það vera hlutverk Alþ. að kveða almennt nákvæmlega á um það, hvað stéttir þjóðfélagsins ættu að hafa í tímakaup. Ég er hræddur um, að minn hv. vinur, 2. þm. Reykv., yrði eitthvað öðruvísi á svipinn en hann er nú frá degi til dags, prúður og glaðlegur maður, ef núverandi stjórnarflokkar ætluðu að fara að setja lög um það, hvað kaupið ætti að vera á Íslandi. Það er þess vegna gersamlega út í bláinn mælt, sem hv. þm. sagði um þetta efni.

Á hitt vil ég benda, sem allir hv. þm. vita, að á hverju einasta Alþ. miðast mikill hluti löggjafarstarfsins við það að bæta aðstöðu þjóðarinnar, verkamanna og annarra, á marga vegu. Fyrir því Alþ., sem nú starfar, liggur fjöldi frumvarpa, sem einmitt miða að þessu. Síðast í gær var hér afgreitt við 2. umr. frv. frá ríkisstj., sem miðar að því að greiða nokkuð fram úr þeim vandræðum, sem mest eru hjá öllum almenningi í landinu og sérstaklega láglaunafólki, þ. e. a. s. húsnæðisvandræðunum.

Ég vil segja það, að þó að í þessu felist ekki kauphækkun, lög um það, að tímakaupið skuli hækka um 1 krónu eða 2 krónur, þá felur þetta frv. engu að síður í sér stórkostlega kjarabót fyrir almenning í landinu. (*HV:* Er það vaxtahækkunin?) Hv. 3. landsk. spyr, hvort það sé vaxtahækkunin. Nei, það er ekki vaxtahækkunin; það er það, að almenningur á að geta átt kost á því að fá allt að 100 þús. kr. lán út á íbúð í staðinn fyrir 25 þús. kr. og 30 þús. kr. á íbúð, eins og nokkrir menn í landinu hafa getað fengið á undanförnum árum.

Ég skal ekki fara að kappræða við hv. þm. um þetta og misnota þar með trúnað hæstv. forseta. En ég vil að lokum segja það, að hv. 2. þm. Reykv. vitnaði hér í danska setningu eftir góðan danskan rithöfund, að „Vorherre" væri oftast í „lommen på de store".

Ég vildi nú leyfa mér að spyrja, hvort það hvarflaði nú ekki að a. m. k. einstaka hv. þm., að hv. 2. þm. Reykv. kynni einhvern tíma að hafa smokrazt niður í vasa á „de store". Það hefur nefnilega heyrzt, að það væru til einhverjir „stórir", sem það henti að hv. 2. þm. Reykv. lenti niðri í vasanum á. Og þetta er ekki mín einkaskoðun; þetta er skoðun mikils meiri hluta okkar þjóðar.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði við fyrri umr. þessarar till., sem hv. þm. S-Þ. (KK) og hv. þm. A-Sk. (PÞ) báru fram og nú hefur borizt nál. um frá hv. fjvn., lýst skoðun minni á till. og þess vegna ekki ætlað mér að taka sérstaklega til máls við þá síðari umr., sem nú fer fram. En hv. þm. N-Ísf. (SB) benti hér á áðan og lýsti fögrum skoðunum sínum um það, að hann hefði traust á því, að stéttir þjóðfélagsins og þá ekki hvað sízt atvinnurekendur og launþegar gætu náð samkomulagi um réttláta skiptingu arðsins af atvinnutækjunum, eins og hann orðaði það.

Án þess að ég ætli nokkru að spá um það, sem þó væri að sjálfsögðu óskandi og allir mundu gjarnan vona, að slíkt samkomulag næðist, þá virðist það þurfa dálítinn kulda og kaldrifjun til að mæla þessi orð undir því ástandi, sem nú ríkir í landinu, ekki hvað sízt með tilliti til þess, að 5 eða 6 frv. frá verkalýðshreyfingunni beint liggja fyrir hv. Alþ. nú án þess að hafa verið hreyfð úr nefndum, og í sumum tilfellum má þakka fyrir, að þau hafi komizt til nefndar.

Ég vildi, hvað sem áliti hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og hv. þm. N-Ísf. líður um hlutverk Alþ., aðeins koma þeirri skoðun minni hér á framfæri, að hefði Alþ. gert skyldur sínar við verkalýðshreyfinguna, þá væru þeir hnútar, sem nú virðast svo hart hnýttir, áreiðanlega mun leysanlegri en þeir eru nú. Hefði Alþingi séð ástæðu til þess að koma eitthvað til móts við verkalýðshreyfinguna og þau mál, sem frá henni liggja og hafa legið á mörgum undanförnum þingum, þá væri áreiðanlega mun hægara um vik að leysa þá deilu, sem nú virðist svo erfitt um vik að leysa og margir standa agndofa yfir.

Ég efast ekki um, að okkur greinir ekki á um það, hv. þm. N-Ísf. og mig, að það er löggjafaratriði og því hlutverk Alþ. að leysa mál eins og t. d. orlofslögin, sem eru einn af aðalþáttum núverandi vinnudeilu, svo að ekki séu fleiri mál nefnd.

Ég get þó minnzt á atriði eins og löggjöfina um félagsheimili verkalýðsfélaga, um atvinnuleysistryggingar og um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, svo að nokkuð sé nefnt. Ef Alþ. hefði séð ástæðu til þess að koma til móts við verkalýðshreyfinguna í þessum málum, þá hefði það ábyggilega gert skyldu sína um að leysa þá deilu, og það sem meira er um vert, það hefði gert skyldu sína í því að reyna að koma í veg fyrir þá miklu deilu, sem nú er háð.

Ég vildi því vænta þess, að þessi skoðun hv. þm. N-Ísf. boðaði nokkra stefnubreytingu hans flokksmanna og stjórnarliðsins í heild til þessara mála í framtíðinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. (SB) lýsti því hér yfir, að það væri ekki hans skoðun, að Alþ. ætti að skipta sér af kaupgjaldsmálum verkamanna. En hans flokkur, Sjálfstfl., hefur þrisvar sinnum, á meðan ég hef átt sæti hér á Alþ., með lögum ákveðið, hvaða kaup verkamönnum skyldi greitt, 1939, 1942 og 1947, þannig að hv. þm. N-Ísf. virðist vera búinn að gleyma gerðum Sjálfstfl. og allra þm. hans, þegar hann mælir þessi orð. Öll þessi afskipti Sjálfstfl. af kaupgjaldi verkamanna hér á Alþ. hafa miðað í þá áttina að rýra kaupgjaldið, að banna hækkun á kaupgjaldi, að svipta verkamenn ekki aðeins kaupgjaldi, heldur meira að segja réttinum til þess að reyna að hækka kaupgjald. Og í einum af þessum lögum var svo hart að kveðið, að það lá við, ef verkföll yrðu gerð, að sjóðir verkalýðsfélaganna yrðu gerðir upptækir og forustumenn verkalýðsfélaganna settir í fangelsi; það voru gerðardómslögin í janúar 1942. Þannig höfum við aldrei, sósíalistar, þurft að taka hér afstöðu til annarra frv. frá hálfu Sjálfstfl. eða þeirra, sem með honum hafa staðið, en þeirra, sem hafa miðað í þá átt að rýra kaupgjald verkamanna. Það eru þau einu afskipti af kaupgjaldinu, sem Sjálfstfl. hefur verið reiðubúinn til þess að hafa hér á Alþingi.

Hitt, að gera ráðstafanir á einn eða annan hátt til þess að hækka kaupgjald verkamanna, höfum við verið reiðubúnir til að gera, þó að það væri ekki í því formi að hafa afskipti af samningum á milli atvinnurekenda og verkamanna. Það hefur verið hægt að gera slíkt með ýmsu öðru formi. Orlofið er ráðstöfun, sem raunverulega þýðir kaupgjaldshækkun fyrir verkamenn, en ákaflega vel er hægt að fyrirskipa með lögum og var gert hér á Alþ., að vísu eftir að verkamenn höfðu knúið fram, að slíkt skyldi framkvæmt, í samningum á milli atvinnurekenda og verkamanna.

Sömuleiðis hefur verið möguleiki nú í 7 ár fyrir Sjálfstfl. til að samþ. okkar frv., sem Alþfl.- og Sósfl.-þingmenn nú flytja saman um atvinnuleysistryggingar, sem líka hefðu raunverulega þýtt, þegar til lengdar lét, batnandi lífskjör og þar með það, sem jafngildir kauphækkun fyrir verkamenn.

Hér á Alþ. hafa líka legið fyrir ár eftir ár till. um vökulög. Og meira að segja, ef Alþ. hefði á sínum tíma samþykkt frumvörpin um vökulögin, sem lágu fyrir bæði frá Alþfl. og Sósfl., þá hefði verið afstýrt einni harðvítugustu og lengstu kaupdeilu á togurunum, sem var eitt sumarið fyrir nokkrum árum. Þannig hefur Alþ. og þar með Sjálfstfl. haft tækifæri til þess að leggja lið sitt að því að bæta þannig kjör verkamanna, þó að ekki væri með því, sem mér virðist nú hv. þm. N-Ísf. vera á móti, að skipta sér af samningum á milli verkamanna og atvinnurekenda, nema þá að það væri til þess að hjálpa atvinnurekendum á móti verkamönnum. Það er það eina, sem Sjálfstfl. hefur gert með slíkum afskiptum.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. N-Ísf. var að minnast á að núna gengi fyrir sig hérna á þinginu, vil ég bara minna hann á, að hér höfum við nú dag eftir dag staðið í deilum vegna þess, að það er verið að svipta verkamenn réttindum, sem þeir eru búnir að hafa í 25 ár. Það er verið að hækka vextina til byggingarsjóðs verkamannabústaðanna, sem hafa þó staðið óbreyttir í 25 ár, og þegar svo samtímis er verið að hækka alla vexti til íbúðarhúsabygginga upp í 7% á þeim almenna markaði, þá er það sannarlega ekki dæmi til þess að nefna um, að Alþ. sé að gera eitthvað fyrir verkamenn.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. N-Ísf. sagði síðast, þá er það nú ekkert nýtt. Ég vil aðeins minna hann á í því sambandi, að ég flutti fyrir eitthvað 10—11 árum nokkrar tillögur viðvíkjandi atvinnulífinu og hvað við gætum gert og ráðstafanir m. a. um að taka allmikla sjóði, sem Ísland ætti, til þess að kaupa atvinnutæki. Hvert var svar þeirra manna, sem hugsa eins og hv. þm. N-Ísf. lýsti? Svar þeirra var, að þessi ráð, nýsköpunin svokallaða, væru Lokaráð við þjóðfélagið, væru banaráð kommúnista við lýðræðið, ætluð til þess að grafa grundvöllinn undan öllu heilbrigðu þjóðlífi, vegna þess að það eina, sem ætti að gera þá í þjóðfélaginu, væri að lækka kaup verkamanna. Svona var tekið í þær tillögur, sem ég bar fram 1944. Svona var rætt um þær þá um sumarið í aðalblaði atvinnurekendanna hér í Reykjavík, sem nú eru æstastir í þessari deilu, Vísi.

Ég held þess vegna, að hv. þm. N-Ísf. og hans félagar ættu að tala gætilega um, að allt það, sem ég eða við sósíalistarnir minnumst á, væri úthugsað einvörðungu frá sjónarmiði Rússa eða annarra slíkra. Nýsköpunin var stimpluð þannig í upphafi, og hluti af Sjálfstfl. vildi ekki vera með henni, ekki einu sinni styðja stjórn síns eigin formanns vegna þess. Svona var óttinn; svona var grýlan. Við þurfum að losna við þessa grýlu úr okkar þjóðlífi. Og hv. þm. N-Ísf. gerði meira að segja ef til vill atvinnurekendunum — og þeim einum virðist nú Morgunblaðið vilja þjóna — greiða með því að fara að reyna að koma þeim sjálfum í skilning um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 548 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 626).

18. Hraðfrystihúsið í Flatey.

Á deildafundum 21. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um aðstoð vegna atvinnumála í Flateyjarhreppi [55. mál] (A. 70).

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er nú hvort tveggja allmikið liðið hér á fundartímann í dag og fáir hér til þess að hlusta, en hins vegar mjög mikil þörf á því, að þetta mál fái sem skjótasta afgreiðslu, og mun ég því stytta nokkuð mál mitt frekar en ég hefði gert annars, enda allmiklar upplýsingar um þetta mál í þeirri grg., sem fylgir með till. En till. sú, sem hér um ræðir, er um að aðstoða Flateyjarhrepp vegna atvinnumála á þann hátt að heimila ríkisstj. að afhenda nú þegar hraðfrystihúsið í Flatey í rekstrarhæfu ásigkomulagi hreppnum kvaðalaust með öllum áhöldum og öðru því, sem húsinu tilheyrir.

Eins og kunnugt er, hafa Flateyingar hafið harða baráttu undanfarin ár til þess að reyna að koma upp hjá sér öruggum atvinnurekstri, lögðu í það af mikilli fátækt svo að skipti hundruðum þúsunda, sem allt er glatað fé, keyptu m. a. tvo mótorbáta til þess að hafa þar atvinnurekstur og komu þar einnig upp frystihúsi, sem kostaði um 2 millj. kr.

Á s.l. ári var svo hafizt handa um að taka þessi atvinnutæki af Flateyingum, vegna þess að þeir höfðu komizt í greiðsluþrot; bátarnir voru seldir í burtu, húsið hefur ekki verið starfrækt og atvinnureksturinn þar af leiðandi í molum. Á s.l. vetri, þegar vitað var, að búið var að selja bátana í burtu og hugsað var að selja einnig húsið, þá ritaði ég f. h. þessara manna hæstv. ríkisstj. bréf, sem birt er með þáltill. sem fylgiskjal. Sé ég ekki ástæðu til að lesa það hér upp. Fór ég þar fram á, að hún veitti Flateyjarhreppi allt að 1 millj. kr. fjárhagslegan styrk af atvinnubótafé til þess að forða því, að húsið yrði selt á opinberu uppboði og vélar kannske teknar úr því og fluttar til annarra staða og þannig lagt algerlega í rúst þeirra atvinnulíf. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að verða við þessum tilmælum.

Þegar ég svo flutti þetta mál í sumar við ríkisstj., eftir að frystihúsið hafði verið selt og ríkisstj. orðin eigandi þess, án þess þó að það væri starfrækt, þá sá hún sér ekki heldur fært að verða við þessari beiðni, en hefur nú talið rétt, að þessu yrði hreyft hér á Alþingi, þegar svo stendur á, að það situr hér, svo að Alþingi geti tekið ákvarðanir um það, hvort Flateyingum skuli hjálpað á þennan hátt eða sveitin skuli látin fara í auðn, eins og virðist verða, ef ekkert verður að gert. Og m. a. er þess vegna þessi till. borin hér fram,

Mér þykir rétt að upplýsa hér, að um síðustu aldamót eða skömmu eftir síðustu aldamót voru um 400 manns í Flatey einni. Þá voru eyjarnar umhverfis, eins og Hergilsey og Bjarnareyjar, byggðar, tví- og þríbýli í hvorri um sig. Nú eru þær komnar báðar í eyði, m. a. vegna atvinnuhnignunar í Flatey, og á síðustu áramótum mun fólksfjöldinn í Flatey vera kominn niður í 110 manns, svo að það sýnir, á hvaða leið þetta er, ef ekkert er að gert. Ég vil því vænta þess, að hv. Alþingi sjái nauðsyn til að bjarga þessum málum og það verði ekki gert á annan eða betri hátt en lagt er til í þessari tillögu.

Það er vitanlegt, að það atvinnufyrirtæki, sem hér um ræðir, hraðfrystihúsið, hefur kostað, eins og ég sagði áðan, um 2 millj. kr. Það stendur undir skemmdum, bæði vélar og hús, ef ekkert er að gert. Og það væri að sjálfsögðu enginn hagur fyrir þjóðfélagið að láta það grotna þannig niður í stað þess að hjálpa til að koma því á starfsgrundvöll, eins og farið er fram á, enda eru fordæmi um það frá öðrum tímum. Ég vil í þessu sambandi m. a. minnast á Drangsnes í Strandasýslu. Var ríkisstj. ekki fyrir alllöngu heimilað að afhenda ákveðnu félagi í hreppnum eignirnar með mjög vægum kjörum eða án verulegrar greiðslu. Þar að auki vitum við, að það hefur verið hvað eftir annað hlaupið undir bagga með síldarútvegsmönnum og öðrum, sem orðið hafa fyrir stórkostlegu tjóni vegna aflabrests, en það tjón, sem hefur komið hér á Flateyinga, stafar einnig af þeirri sömu ástæðu, því að mikið af þeim töpum, sem hér hafa átt sér stað, var einmitt í sambandi við síldveiðar. Auk þess má benda á, að veitt var allmikið fé til bænda á Norðausturlandi, þegar þeir urðu fyrir miklum skakkaföllum af óblíðri veðráttu o. s. frv., svo að hér er ekki farið inn á neina nýja braut, heldur haldið áfram á þeirri leið, sem þegar hefur verið mörkuð víða annars staðar á landinu. Ég vil því mega vænta þess, að þessu verði tekið með fullum skilningi, bæði af hv. Alþingi og hæstv. ríkisstjórn.

Ég hef einnig í 2. lið till. farið fram á það, að gefin sé heimild til þess að greiða fólkinu ógreidd vinnulaun, sem verða ekki greidd frá þessum fyrirtækjum, sem þegar eru komin í greiðsluþrot og sum hver þeirra hafa verið gerð upp, en hér mun vera um rúmar 90 þús. kr. að ræða, sem fólkið hefur tapað í vinnulaunum, auk þess fjár, sem það hefur lagt fram til að starfrækja eða koma upp þessum fyrirtækjum. En að ég hef óskað þess, kemur m. a. til af því, að fólkið hefur orðið að vísa hreppnum á þessar upphæðir til þess að greiða með þeim sveitargjöldin, og án þess að það fáist að þessum leiðum, sem ég hef þegar lagt til, þá er vitanlegt, að hreppurinn tapar þessu fé, vegna þess að hann á ekki möguleika til þess að taka það á annan hátt af fólkinu. Það væri því sama sem að íþyngja hreppnum sjálfum enn, ofan á

allt annað, ef ekki yrði orðið við þessari till., sem ég ber hér fram.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál nánar, vil aðeins leyfa mér að benda á til athugunar fyrir þá hv. n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál, að í hinu mikla áliti og till. atvinnumálanefndar, þar sem einn af hv. fjvn.-mönnum átti sæti, hv. 3. landsk., er gerð ýtarleg grein á bls. 57 fyrir atvinnumálum Flateyinga og þeim möguleikum, sem séu fyrir hendi til þess að bæta þar úr, og einnig bent á ákveðnar till. í sambandi við þau mál, og væri að sjálfsögðu æskilegt, að hv. fjvn. kynnti sér þetta, þegar hún afgr. þessa till., sem hér um ræðir.

Ég vil að endingu leyfa mér að æskja þess, að þessu máli verði vísað til síðari umr. að þessari umr. lokinni og til hv. fjvn., og vænti þess, að hún hraði málinu svo sem unnt er, vegna þess að þetta mál má á engan hátt tefjast, og þótt illt sé að fá neikvætt svar, þá er þó neikvætt svar skjótt betra en ekkert svar eða neikvætt svar, sem dregið yrði um margar vikur eða mánuði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 70, n. 544).

Frsm. (Pétur Ottesen): Þessari till. til þál. um aðstoð vegna atvinnumála í Flateyjarhreppi var vísað til fjvn. á sínum tíma. Aðalefni till. er í tveimur atriðum: Í fyrsta lagi að koma hraðfrystihúsinu í Flatey nú þegar í rekstrarhæft ásigkomulag og afhenda það síðan hreppnum kvaðalaust með öllum áhöldum og öðru því, er húsinu tilheyrir. Í öðru lagi að greiða nú þegar til fólksins í Flateyjarhreppi öll ógreidd vinnulaun þess vegna fyrrverandi rekstrar frystihússins og útgerðar Sigurfara, enda verði þessar upphæðir látnar fyrst og fremst ganga til þess að mæta áföllnum og ógreiddum hreppsgjöldum þessara aðila. Þetta er efni till., eins og hún var, þegar henni var vísað til fjvn.

Það er alkunnugt, að í Flatey ríkir mjög ömurlegt atvinnuástand. Það hafa orðið þar eins og á nokkrum öðrum stöðum hér á landi á undanförnum árum miklar breytingar í atvinnuháttum til hins lakara. Áður fyrr var Flatey miðstöð allrar verzlunar og viðskipta við norðanverðan Breiðafjörð, þannig að byggðirnar við *norðanverðan fjörðinn ráku alla verzlun sína* í Flatey. Auk þessa var í nálægum eyjum á Breiðafirði á þeim tíma rekinn mikill búskapur. Þar voru margvísleg hlunnindi og auk þess rekin þar nokkur sjávarútgerð, og svo var það einnig í Flatey sjálfri. En þetta hefur á síðari árum gerbreytzt. Breytingar, sem orðið hafa á samgöngum í byggðum við norðanverðan Breiðafjörð, hafa valdið því, að verzluninni hefur verið beint í aðrar áttir, og hagnýting á margvíslegum hlunnindum í eyjum á Breiðafirði hefur mjög gengið úr sér hin síðari ár og er nú ekki nema svipur hjá sjón hjá því, sem áður var. Þetta allt saman hefur orðið þess valdandi, að atvinnulífi og afkomu manna í Flatey á Breiðafirði hefur hrakað mjög hin síðari ár og ávallt sigið á ógæfuhlið í þeim efnum. Fólkinu hefur fækkað og erfitt efnahagsástand verið ríkjandi í eyjunni.

Það ráð, sem til hefur verið gripið til að koma breytingu á í þessu efni til batnaðar, hefur verið að koma fiskveiðum aftur á fót og fiskverkun, hvort tveggja með nútímasniði útgerðarinnar, eins og hún er rekin í verstöðvum þessa lands. Það voru keyptir tveir vélbátar, og það var byggt hraðfrystihús í eyjunni. Afköst hússins áttu að vera það mikil, að það ætti að geta verkað afla fimm stórra vélbáta. Hvort tveggja þetta var gert með nokkrum atbeina ríkisvaldsins í sambandi við ábyrgðir, sem ríkið tók á sig í sambandi við þessar framkvæmdir. En því miður fór svo um þær framtíðarúrbætur fyrir Flatey á Breiðafirði eða fyrir fólkið, sem þar býr, til breyttra og bættra atvinnuhátta, að þetta varð hvort tveggja mjög skammvinnt, og það er komið svo nú, að báðir þessir stóru vélbátar hafa verið seldir í burtu til annarra verstöðva. Afleiðing þess varð að sjálfsögðu sú, að öll starfræksla frystihússins lagðist niður. M. ö. o.: Þetta er komið í sama horfið og það var, og þó ef til vill nokkru lakara en það var áður en efnt var til þessarar *nýju útgerðar* í Flatey. Ríkið, sem var í ábyrgðum fyrir skuldum, sem til hafði verið stofnað til þess að reisa frystihúsið, hefur orðið að taka frystihúsið á sínar herðar og standa skil á greiðslum þessara skulda, eftir því sem samningar um þær standa til.

Svona stendur þá þetta mál nú, og það er vegna þessara miklu erfiðleika, sem ríkjandi eru í Flatey, að hv. þm. Barð. hefur flutt þá þáltill., sem ég nú hef lýst.

Fjvn. var vel ljóst, að það væri mikil þörf á því, að takast mætti að bæta úr þessu erfiða atvinnuástandi, sem ríkir á þessum stað, en það er vitanlega skilyrði þess, að fólk geti unað hag sínum í Flatey, að úrbætur fáist, því að fólkinu fækkar jafnt og þétt. Yngra fólkið leitar til annarra staða, þar sem atvinnu er að fá, en eftir sitja þá þeir einir, sem eiga þess ekki kost, og allir sjá, hverjar afleiðingar hljóta að verða af því, þar sem svo er málum komið.

Fjvn. vildi gjarnan geta unnið þessu máli eitthvert gagn og kynnti sér allar aðstæður eftir beztu föngum. Fjvn. ritaði félmrn. um þetta, en það hafði að sjálfsögðu haft afskipti af málinu, eins og komið var, og enda orðið *á ýmsan hátt* að grípa inn í til þess að firra beinum vandræðum, sem leitt hefur af stöðvun atvinnulífsins þarna. Í því svari, sem n. barst við þessu, fólust ekki neinar beinar till. um það, hvað til bragðs skyldi taka, hins vegar aðeins skýrt frá því, að þetta væri til athugunar í ráðuneytinu. Það lá fyrir og liggur fyrir í

gögnum þessa máls, að eiginlega hafði aldrei verið til fullnustu gengið frá byggingu hraðfrystihússins, þó að það væri starfrækt um nokkurt skeið. Það skorti mjög á um frágang þess, og það leiddi til þess, að ýmislegt gekk þar úr sér og fyrningar urðu meiri en annars hefði orðið, ef betur hefði verið frá þessu gengið. Þetta vildi fjvn., áður en hún gerði nokkuð í málinu, kynna sér til hlítar, hversu ástatt væri um húsið, og í samráði við sjútvmrh. fékk nefndin tvo menn, kunnáttumenn á þessu sviði, til þess að fara vestur til Flateyjar og kynna sér ástand hússins, og að þeirri sendiferð lokinni fékk nefndin skýrslu þessara manna, og er þess getið hér í nál., að þeir líta svo á, að það mundi kosta um 270 þús. kr. að koma húsinu í nothæft ástand, svo að hægt væri að verka þar meðalafla tveggja stórra vélbáta. Ætti hins vegar að fullnota húsið, verka þar afla fimm stórra báta, þá mundi viðgerð og endurbætur kosta 791 þús. kr. Kemur skýrt fram í þessari skýrslu, að þetta stafar af því, að það hafði aldrei til fulls verið frá húsinu gengið og auk þess hafði margt gengið þar úr sér, einkum síðan hætt var að nota húsið. Nú var fjvn. — eða form. n. — tjáð það af flm. þessarar till., að væntanlega mundu fást allt að 300 þús. kr. af atvinnuaukningarfé til endurbóta á húsinu, en það er einmitt sú upphæð, samkv. skýrslu þessara tveggja manna, sem mundi nægja til þess að koma húsinu í nothæft ástand, þannig að hægt væri að verka þar afla tveggja stórra vélbáta, en það er vitanlega frumskilyrði þess, eins og nú er háttað útgerð hér, að það verði hægt að endurreisa útgerð í Flatey, að húsinu verði komið aftur í starfhæft ástand.

Fjvn. telur líklegustu leiðirnar til þess, að hægt væri að endurreisa útgerðina í Flatey, þetta, sem felst í yfirlýsingu hv. flm. þessarar till., að fjármagn muni vera fyrir hendi til þess að gera umbætur á húsinu, sem miðað hefur verið við, að gerðir væru þar út tveir vélbátar. Það er vitanlega frumskilyrði þess, að þar verði nokkuð að gert. Í öðru lagi verði ríkisstj. gefin heimild til þess að afhenda Flateyjarhreppi á Breiðafirði hraðfrystihúsið þar, eftir að þessi aðgerð hefði farið fram á því, en þó telur n. rétt að binda þessa afhendingu því skilyrði, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps geti fært rök að því, að hún hefði tryggt sér fyrir næstu vetrarvertíð með útgerð á staðnum eða á annan hátt það fiskmagn til vinnslu í húsinu, er tryggt gæti rekstur þess. Fjvn. leit svo á, að rétt væri að binda afhendingu hússins þessu skilyrði, því að það er vitanlega aðalatriði þessa máls, að útgerð geti hafizt þarna aftur. En takist ekki að endurvekja útgerð á staðnum með þessum hætti eða með því að fela hreppsnefndinni forustuna í því máli, þá leggur n. til, að ríkisstj. verði veitt heimild til að bjóða húsið til sölu eða leigu þeim, er hefja vildu útgerð í Flatey, og jafnframt, að ríkisstj. fái heimild til þess að leggja fram nokkurt fé — ef nauðsyn krefur — eða ríkisstj. fengi heimild til þess að veita væntanlegum kaupendum eða leigjendum nokkurn fjárhagsstuðning með ábyrgð, ef það væri óhjákvæmilegt, á láni, sem þeir tækju til endurbóta á húsinu. Enn fremur er í till. gert ráð fyrir því, að ríkisstj. afli sér nauðsynlegra heimilda til ráðstafana samkv. ályktun þessari. Þetta er tilkomið af því, að það er talið, að eigi sé fært með þáltill. að veita ríkisstj. heimild til þess að afhenda eignir ríkissjóðs, heldur verði að gera það með lögum. Nú er mér að vísu sagt, að sú venja hafi tíðkazt, a. m. k. upp á síðkastið, að þegar um er að ræða eignir, sem ríkið hefur orðið að yfirtaka vegna ábyrgða á skuldum þess, þá sé litið svo á, að ekki þurfi slíkrar heimildar. Fer þá að sjálfsögðu um þetta atriði málsins eftir þeim venjum, sem máske hafa myndazt um þetta, og sé þess vegna ekki nauðsynlegt í þessu tilfelli að afla frekari heimildar fyrir afhendingu hússins en þeirrar, sem í þáltill. felst.

Þetta eru þá þær till. til lausnar á þessu máli, sem fjvn. telur eftir atvikum líklegastar til þess að geta aftur komið á grundvelli undir varanlegt atvinnulíf eða atvinnuástand í Flateyjarhreppi.

Það er vitað, að á þeirri vertíð, sem nú stendur yfir, var geysilega mikil fiskgengd á Breiðafirði, og útgerðin á þeim stöðum, þar sem hún er rekin, í Stykkishólmi, Ólafsvík og lítils háttar á Sandi, hefur þess vegna gengið mjög vel. Og það má fullkomlega álykta, að sömu eða svipuð skilyrði hefðu verið fyrir hendi að þessu sinni í Flatey, ef þar hefðu verið tiltækir vélbátar og hraðfrystihúsið í því ástandi, að það hefði getað verkað afla þeirra. Eftir því sem mér er tjáð, mun aðstaða til fisksóknar í Flatey vera nokkuð svipuð og úr Stykkishólmi, og það er vitað, að útgerð þaðan gengur vel um aflabrögð, og þess vegna hefði fullkomlega mátt vænta þess, að slíkt hið sama hefði verið upp á teningnum í Flatey, ef þar hefðu verið bátar til fiskveiða og hægt hefði verið í frystihúsi að sjá um verkun á afla þeirra.

Það var þetta, sem ég vildi taka fram í sambandi við þessa till. fyrir hönd fjvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að færa hv. fjvn. þakkir fyrir afgreiðslu á þessu máli og þær till., sem hún ber fram í sambandi við till. mína á þskj. 70, en þær till. eru hér á þskj. 544. Og ég vil alveg sérstaklega leyfa mér að þakka hv. formanni n. fyrir þá miklu vinnu, sem hann hefur lagt í að kynna sér þetta vandamál, svo sem glögglega kom fram af hans skýru ræðu hér áðan.

Eins og hv. frsm. tók fram, var till. mín á þskj. 70 í tveimur liðum. Önnur till. var að afhenda frystihúsið til Flateyjarhrepps, en hin að greiða nú þegar til fólksins í Flateyjarhreppi öll þau ógreiddu vinnulaun, sem það vegna fyrrverandi rekstrar frystihússins og útgerðar Sigurfara hafði ekki fengið greidd og eru raunverulega nokkurn veginn sama upphæð og þetta sama fólk á enn ógreitt til hreppsins í útsvörum.

Ég skil vel afstöðu hv. fjvn. til þessa máls, að sé vandasöm og varhugaverð leið að fara inn á að leggja til, að ríkissjóður greiði slíkar upphæðir, enda þótt hreppsnefnd Flateyjar-

hrepps hafi lagt á það mjög mikla áherzlu, að þetta yrði gert, og sjálfur hef ég þann skilning á málinu, að það geti verið Flateyjarhreppi og fólkinu þar meiri hjálp að fara þá leið, sem hér er lagt til af hv. fjvn., ef hæstv. ríkisstj. fellst á að taka við þeirri ályktun, sem hér væntanlega verður samþykkt, og framkvæma hana eins og gert er ráð fyrir. Tel ég persónulega, að það verði meiri hjálp fyrir hreppinn en þó að mætt hefði verið þeirri ósk, sem sett var fram í 2. tölul. í þáltill. á þskj. 70. Um þetta er því enginn efniságreiningur á milli mín og hv. fjvn., og ég vildi, að það kæmi hér fram við þessa umr.

Hv. frsm. gat þess í sinni ræðu, að ég hefði upplýst sem flm. till., að Flateyjarhreppi væru ætlaðar allt að 300 þús. kr. af því fé, sem veitt er til atvinnuaukningar í landinu, ef þessi till. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir á þskj. 544. Strax og mér var kunnugt um till. hv. fjvn., innti ég skrifstofustjórana í atvmrn. og félmrn. eftir þessu atriði, vegna þess að þeir höfðu ávallt tjáð mér, að þeir hefðu jafnan gert ráð fyrir því, að allt að þessari upphæð yrði varið til atvinnubóta í Flatey, þegar vitað yrði, hver yrði hinn raunverulegi eigandi að þessu mannvirki, en eins og kunnugt er, hefur þeim verið falið að gera tillögur um úthlutun á atvinnubótafénu. Tjáðu þeir mér þá, að við það stæði enn, að þeir mundu leggja til, að þessu fé yrði varið til þessara framkvæmda, og geri ég þess vegna ráð fyrir enn, að þetta fé sé fyrir hendi, ef till. verður samþykkt.

Ég get að sjálfsögðu fellt mig við þau skilyrði, sem hv. fjvn. setur fram með sinni tillögu fyrir því, að eignin verði afhent til hreppsins, svo sem þar segir. Ég tel hana mjög sanngjarna og eðlilega í alla staði. Með þessu er hreppsnefnd Flateyjarhrepps gefið tækifæri til þess að koma þessum málum í viðunandi horf fyrir hinn tilsetta tíma, þ. e. fyrir næstu vertíð, ef ekki verður nein tregða á með það fé, sem ætlazt er til að fari til þess að endurbæta húsið og koma því í rekstrarhæft ásigkomulag, svo að hægt sé þegar að byrja á því verki, eftir að till. hefur fengizt samþykkt hér í hv. Alþingi. En þá tel ég, að viðkomandi aðilar, þ. e. hreppsnefndin, muni, eftir því sem ég hef rætt við þá, sjá sér fært að uppfylla þær kröfur, sem hér eru settar fram, enda hef ég haft fullt samkomulag við hreppsnefndina um þessi mál og tilkynnt henni, hvaða vonir stæðu til um aðstoð í þessu skyni. Takist ekki að uppfylla þessi skilyrði, þá þykir mér ekki nema eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi fullan rétt til þess að ráðstafa eigninni á annan hátt, svo að ég get einnig fallizt á þetta skilyrði, sem hér er fram sett, og vil svo ljúka máli mínu með því að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki vinsamlega við þeirri ályktun, sem hér er gerð, ef hún verður samþ. hér á þinginu, svo að þegar megi hefjast handa um að bæta úr því atvinnuástandi, sem ríkir í Flatey nú í þessum málum. Ég vil svo að endingu endurtaka þakklæti mitt til hv. fjárveitinganefndar fyrir afgreiðslu málsins.

Skúli Guðmundsson: Mér finnst ástæða til að óska eftir skýringu á einu atriði viðkomandi þessu máli.

Í brtt. hv. fjvn. á þskj. 544 er lagt til, að Alþ. álykti að heimila ríkisstj. að afhenda Flateyjarhreppi á Breiðafirði hraðfrystihúsið í Flatey. Ekkert er um það í till., með hvaða kjörum n. ætlast til að húsið sé afhent hreppnum. Á að afhenda það með þeim skilmálum, að hreppurinn taki að sér að greiða allar skuldir, sem á fyrirtækinu hvíla? Mér finnnst þetta skipta nokkru máli, að það liggi ljóst fyrir, til hvers n. ætlast að því er þetta atriði varðar. Ég hef ekki séð neitt um þetta í nál., og ég held, að það hafi ekki komið neitt fram um þetta í ræðu hv. frsm., þm. Borgf. Vildi ég leyfa mér að óska eftir því, að hann skýrði þetta atriði.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég mun hafa gleymt áðan í minni framsöguræðu að geta þess, sem raunar er þó rætt um í nál., að n. gat ekki fallizt á að mæla með samþykkt á 2. lið þáltill. um það, að ríkið færi að greiða ógreidd vinnulaun vegna fyrrverandi rekstrar frystihússins og útgerðar Sigurfara. N. gat ekki lagt til, að farið væri inn á þá braut að heimila ríkissjóði að greiða skuldir, sem þannig er ástatt um, enda hafði ríkið orðið að taka á sig skuldagreiðslur í sambandi við frystihúsið, sem það vitanlega var skyldugt að gera samkv. þeim ábyrgðum, sem það hafði veitt vegna þeirrar lántöku. Hv. flm. þessarar till. hefur nú lýst yfir, að hann telji þessa afstöðu fjvn. eftir atvikum eðlilega. Það vitanlega veltur á því um framkvæmdir í þessu efni, að það fé, sem hér um ræðir, verði tiltækt til þessara ráðstafana, og hefur nú hv. flm. þessarar till. áréttað um það með ræðu sinni hér áðan.

Viðvíkjandi þeirri fsp., sem hv. þm. V-Húnv. beindi til n., vil ég taka fram, að það er vitanlega gert ráð fyrir því að afhenda húsið með áhvílandi skuldum þess, enda sér hv. þm., ef hann ber saman till. fjvn. um þetta efni og till. hv. flm., að sá munur er á, að í till. hv. flm. er talað um að afhenda hreppnum húsið kvaðalaust, en í till. fjvn. um þetta efni er aðeins talað um að heimila ríkisstj. að afhenda Flateyjarhreppi á Breiðafirði hraðfrystihúsið í Flatey, án þess þó að binda hendur ríkisstj. í þessu efni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að mér kom þessi yfirlýsing hv. frsm. ákaflega einkennilega fyrir. Ég hef ekki skilið þetta mál þannig áður, því að ef það er meiningin að afhenda frystihúsið Flateyjarhreppi með áhvílandi skuldum, þá eru þær skuldir miklu meiri en nokkrum manni dytti í hug að kaupa húsið fyrir í dag, og mér hefur aldrei skilizt á hv. form. n., að það hafi verið meiningin. Ég verð að segja það, að ef það er skoðun n. og hæstv. ríkisstj., að ekki megi afhenda húsið á annan hátt, þá er þessi þáltill. einskis virði, því að þá þurfti enga till. út af fyrir sig. Þá var ekkert annað en gera samninga við hæstv. ríkisstj. um að kaupa húsið og yfirtaka

allar skuldir. Ég hef einmitt skilið hv. formann n., þegar við höfum rætt um þetta mál, þannig, að hann teldi óviturlegt að afhenda húsið sem gjöf, heldur að það yrði afhent með einhverju sanngjörnu verði. Og í því sambandi hef ég m.a. rætt um það við viðkomandi skrifstofustjóra, að mér þætti ekki ólíklegt, að það yrði samkomulag við hreppsnefndina um að taka að sér húsið með einhverjum áhvílandi skuldum, þó að það séu ekki allar skuldirnar. En sé það skoðun hv. fjvn., að hér beri aðeins að afhenda húsið með öllum áhvílandi skuldum, þá óska ég mjög eftir því, að þessu máli verði frestað og málið tekið út af dagskrá, því að það er vitanlega alveg sama sem að drepa tillöguna. Það er einskis virði að samþ. till. um að heimila ríkisstj. að afhenda þessa eign Flateyjarhreppi, sem hefur ekkert fé til þess að reka eignina, með áhvílandi skuldum, sem munu vera allt að 2 millj. kr. Ég veit, að hv. formaður n. sér, að það er engin lausn á málinu, og kemur mér þessi yfirlýsing mjög einkennilega fyrir sjónir.

Munurinn á orðalaginu í brtt. n. og orðalaginu hjá mér er sá, að ég hef ætlazt til þess, að húsið yrði afhent alveg kvaðalaust, en eftir orðalagi till. nefndarinnar er ljóst, að það er mál á milli hreppsnefndarinnar og hæstv. ríkisstj., með hvaða skilyrðum húsið yrði afhent. En eftir þá yfirlýsingu, sem komið hefur hér frá hv. formanni, óska ég mjög eftir því, að málinu sé frestað. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið hér meira að þessu sinni, en mun ræða um það, þegar það verður tekið næst fyrir. Óska ég, að hæstv. forseti taki það út af dagskrá.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég vil aðeins taka fram, að hv. þm. Barð. þarf ekki að koma neitt á óvart, að ætlun mín eða nefndarinnar hafi ekki verið að afhenda húsið kvaðalaust. Það vakti aldrei fyrir n. annað en það, að húsið yrði afhent með þeim skuldum, sem á því hvíla og ekki eru 2 millj. kr. eftir upplýsingum hv. flm., því að hann segir hér í grg., að það muni nú hvíla á því 1 millj. og 400 þús. kr., og er það náttúrlega ærið nóg upphæð. Hitt er svo vitanlega á valdi ríkisstj., að semja um það, með hvaða hætti hún að þessu leyti afhendir húsið, því að tilgangurinn með þessari till. er vitanlega sá að geta endurreist atvinnulífið í Flateyjarhreppi. Og ef það sýnir sig svo í meðferð þessa máls, að það verði ekki gert með því, að Flateyjarhreppur taki á sig allar skuldir, sem á húsinu hvíla, þá vitanlega verður að koma til mat ríkisstj. á því, hvað hreppurinn geti staðið undir mikilli upphæð, þannig að þeim tilgangi verði náð að endurreisa atvinnulífið í Flateyjarhreppi. Og mér þykir það undarlegt, ef hv. flm. vill halda því fram, að nokkuð hafi komið fram í okkar samræðum um þetta mál, sem sé í andstöðu við það, sem ég nú hef lýst.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 70, n. 544, 643).

Frsm. (Pétur Ottesen): Við fyrri hluta þessarar umr. nú fyrir nokkru kom í ljós, að það gæti, þegar til framkvæmda kæmi samkv. þessari till., orkað nokkuð tvímælis, með hvaða kjörum ríkisstj. afhenti Flateyjarhreppi hraðfrystihúsið, ef hreppurinn gæti að öðru leyti uppfyllt þau skilyrði fyrir afhendingunni, sem þar um ræðir.

Í tilefni af þessu hefur fjvn. flutt við tillgr. brtt. á þskj. 643, sem tekur af öll tvímæli um þetta atriði, en samkv. því er lagt á vald ríkisstj. að meta þetta með hliðsjón af því, að hraðfrystihúsið gæti orðið þáttur í endurreisn atvinnulífsins á staðnum, en að því er stefnt með þessari þáltill.

Þetta vildi ég taka fram fyrir hönd n. í sambandi við brtt.

ATKVGR.

Brtt. 643 samþ. með 29 shlj. atkv.

— 544 (ný tillgr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 736).

19. Geysir.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á Geysi [98. mál] (A. 165).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þessi litla þáltill., sem við flytjum hér tveir á þskj. 165, gengur út á það að fela ríkisstj. að rannsaka og gera athuganir viðvíkjandi Geysi.

Það veit hvert mannsbarn, að Geysir er eitt af okkar stóru náttúruverðmætum og náttúruundrum hér á landi, sem gerir land okkar merkilegt m.a. og gerir það að verkum, að þeir menn, sem hingað koma, vilja gjarnan gista hann. Við vitum líka, að það var svo um skeið, að Geysir var kominn úr íslenzkri eign og var keyptur aftur og gefinn landinu, en um það leyti og reyndar fyrr fór að bera á því, að hann var orðinn þreyttur og farinn að verða tregur til að gjósa, og seinast var hann eiginlega lagztur til hvíldar. Þá var það prófessor Trausti Einarsson, sem gerði á honum ýmsar athuganir og fékk hann með því annars vegar að lækka vatnsyfirborð hans og hins vegar að setja sápu í hann til þess að gjósa, a.m.k. stundum. Á síðari árum virðist þetta aftur verða tregara, enda gat Trausti prófessor aldrei fullendað sínar rannsóknir. Hann gat aldrei gert athuganir á því, hvort það þurfti álíka mikið sápumagn í misjöfnu veðurfari. Það er

almennt talið svo, að þegar stendur á norðan og er með kulda og hvassviðri, þá þurfi a.m.k. meira til að fá Geysi til að gjósa en þegar logn er og stilla. Og þetta er í sjálfu sér ósköp skiljanlegt, því að vatnsinnrennslið í Geysi er takmarkað, það er eitthvað á þriðja lítra, líklega í kringum 2½ l á sek. neðan frá, og ef kuldinn er það mikill, að þetta heita vatn, sem kemur á hverri sekúndu inn í hann, nær ekki að gera hann nógu heitan, af því að yfirborðið kælist svo fljótt, þá þarf sjálfsagt meira til að fá hann til að gjósa en ella. Síðan hefur Þorbjörn Sigurgeirsson forstjóri rannsóknaráðs ríkisins gert á honum nokkrar athuganir. Það hafa fengizt ný tæki, sem hafa ekki verið til hér á landi fyrr en nú seinustu árin, sem hægt er m.a. að finna með, hve stórir vatnsgeymarnir eru niðri í jörðinni, sem vatnið kemur frá inn í skálina neðst, og fleira. Þessar athuganir hans hafa líka verið ákaflega takmarkaðar, bæði hefur hann ekki haft tíma til þess og ekki aðstöðu til þess, svo að út úr þessu öllu er ekki komið neitt enn þá, sem gefi manni til kynna, hvað helzt þarf að gera til þess að reyna að fá Geysi til að gjósa, ekki heldur hvort það, sem gert er nú, gæti verið þess valdandi að skemma hann til frambúðar. Það hefur ekki heldur verið rannsakað. Mér er sagt, að þar sem hefur verið sett sápa í goshveri áður, t.d. í Ameríku, til að fá þá til að gjósa, sé því nú hætt.

Þessi till. fer fram á það, að ríkisstj. hlutist til um, að einhver rannsaki þetta, — ég vil láta það í vald ríkisstj., það gæti bæði hugsazt, að það ætti að vera í höndum rannsóknaráðs ríkisins, og eins að það væri í höndum Geysisnefndarinnar. Á báðum stöðunum er til staðar fagþekking, sem getur komið að góðum notum til að leysa úr og skipuleggja þær athuganir og tilraunir, sem gera þarf. En ég vil láta gera þetta. Ég hef lent í því, seinast í sumar, að þurfa að vera við Geysi með nokkra tugi af erlendum mönnum í vonzkuveðri. Þá langaði í gos, og það var verið að setja í hann sápu, sápu á sápu ofan, og telja okkur trú um, að nú gysi hann bráðum og bráðum, og þarna hímdi fólkið kalt og illa til reika í um 6 tíma til þess að bíða eftir, að hann gysi, og alltaf sett ný og ný sápa á svo sem klukkutíma fresti og sagt, að nú mundi koma gos og nú mundi koma gos, en sýnilega vantaði alla vitneskju um, hvort það yfirleitt þýddi að reyna að setja í hann sápu og því síður hvað mikla sápu undir þeim skilyrðum, sem þá voru. Aðrir halda því fram, að það hafi oftast nær verið hægt að fá Geysi til að gjósa, ef búið er til skjól, þannig að yfirborð hans kælist ekki eins snöggt og eins mikið, þegar vindur er. Þetta er líklegt, en hefur ekki verið rannsakað. Það mun hafa verið reynt einu sinni eða tvisvar svona að gamni sínu með þeim árangri, að þá fékkst gos, en því hefur verið hætt, af því að annað þeirra kom fyrr en menn bjuggust við, svo að það kom heitt vatn á menn og þeir brenndust, af því að þeir stóðu of nærri, einmitt vegna skjólsins. En þetta þarf allt að rannsaka, og það er það, sem við förum fram á, að þetta láti ríkisstj. rannsaka, og við gerum ekki tillögu um það, hver eigi að sjá um rannsóknina í framkvæmd.

Í Geysisnefndinni er Trausti Einarsson prófessor, og ef Geysisnefndinni yrði falið þetta og leyft að verja fé til þess, þá er enginn efi á því, að hann mundi sjá um, að það yrði gert og gert vel. Í rannsóknaráði ríkisins er Þorbjörn Sigurgeirsson framkvæmdastjóri þess, sem líka hefur fengizt við Geysisrannsóknirnar. Líklega eru þessir tveir menn hér á landi þeir, sem bezt þekkja til þess arna og bezt vita, hvað þarf að gera, hvað þarf að rannsaka og hvers árangurs má af því vænta.

Ég vænti þess, að sú nefnd, sem fær þetta til meðferðar, sjái sér fært að leggja til, að tillagan verði samþ., og ég legg til, að till. verði vísað til fjvn. að þessari umræðu lokinni. Ég skal geta þess, að ég hefði gjarnan af ýmsum ástæðum viljað hafa þessa till. fyllri. Ef Geysir næst upp aftur sem reglulega góður goshver og ef hann á að vera eitt af þeim aðalatriðum, sem við getum sýnt erlendum ferðamönnum, þá þarf að skapa aðra aðstöðu við Geysi en nú er. Þá þarf að vera meira húsnæði en nú er og á heppilegri og betri stað en nú er, en ég tel, að það komi í aðra línu, ef það reynist ekki hægt að vekja Geysi til meira lífs en núna er. Ef ekki finnast leiðir til að láta hann gjósa, án þess að hann í framtíðinni biði skaða af því, þá er spurning, hvort þarf nokkuð að hugsa um hitt, og þess vegna hafði ég eingöngu snúið mér að því fyrst, að Geysir væri rannsakaður og að það fengjust skil á því, hvað helzt væri hægt að gera fyrir hann, bæði honum til viðhalds og eins honum til örvunar í gosum sínum.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 165, n. 549).

Pétur Ottesen: Eins og um getur í nál., leitaði fjvn. umsagnar fræðimanna á þessu sviði, og töldu þeir eðlilegt, að þeirri n., sem falin hefur verið nokkurs konar forsjá Geysis, yrði falið að rannsaka það, sem í till. greinir. (Gripið fram í.) Þeir eru fimm eða sex, ég man nú ekki öll nöfnin, en ég skal láta hæstv. ráðh. þetta í té mjög bráðlega. Af því að ég er ekki frsm. málsins, hef ég ekki öll gögnin hér hjá mér, en hæstv. ráðh. skal fá úr þessu leyst. Í n. eru menn, sem ýmist eru fræðimenn á þessu sviði eða þá alveg sérstaklega áhugasamir um allt, sem snertir náttúru þessa lands, vernd hennar og fegurð.

Geysir er vissulega mjög sérstætt fyrirbæri, og þar sem nokkuð hefur nú dregið úr gosum upp á síðkastið og orðið hefur að gera ráðstafanir til þess, að hann þjónaði sinni fornu náttúru við gosin, þá er að sjálfsögðu fullkomlega athugunarvert, að rannsakað sé, eftir því sem þekking manna nær nú til, hvað hægt væri að

gera til þess að vernda þetta merkilega og einstæða náttúrufyrirbæri.

Fjvn. varð þess vegna sammála um að breyta orðalagi till. þannig, að hún yrði orðuð svo, að Alþ. ályktaði að skora á ríkisstj. að fela Geysisnefnd að láta rannsaka, hvað gera megi til þess, að Geysir haldi sérstöðu sinni sem náttúrufyrirbæri, og væntir fjvn. þess, að hv. Alþ. geti verið því samþykkt, að ríkisstj. sé falið að gera þessar ráðstafanir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Sem flytjandi þessarar tillögu hér inn í þingið vil ég fyrir hönd okkar flm. þakka fyrir þessa afgreiðslu. Ég vona, að till. verði samþ., og ég vona þá líka, að hún verði til þess, að ríkisstj. leggi fram það fé, sem þarf til þess að gera þessa rannsókn. En mér hefur skilizt bæði á Trausta Einarssyni, sem er einn í n., — ég man ekki heldur, hverjir eru í henni, — og Þorbirni Sigurgeirssyni, sem mun sömuleiðis vera í henni, að það hafi aðallega staðið á því, að n. hafi aldrei haft einn eyri til að gera neitt af því, sem þyrfti að gera eða athuga við Geysi; hún hafi bara verið til á pappírnum. En þegar Alþ. er búið að láta þann vilja sinn í ljós, að það vilji, að þetta sé gert, þá vænti ég þess, þrátt fyrir það, að fjvn. hafi sleppt aftan af till., að kostnaðurinn, sem af henni leiðir, skuli greiðast af ríkissjóði, að ríkisstj. samt sem áður greiði hann, svo að það verði eitthvað hafizt handa til að rannsaka það, sem hugsað er að þurfi að rannsaka og lagt er til með þessari tillögu að gert sé.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt, að það komi hér fram, hver munur sé á brtt. hv. n. og till. frá flm.

Ég verð að játa, að mér finnst brtt. vera harla óákveðin í orðum, að það á að rannsaka, hvað gera megi til þess, að Geysir haldi sérstöðu sinni sem náttúrufyrirbæri. Mér finnst þetta vera býsna loðið og það sýnu ákveðnara, sem lagt er til í sjálfri frumtill. Þar eru talin upp ákveðin atriði, sem ætlazt er til að framkvæmd séu.

En látum það vera. Meginmunurinn liggur þó í niðurlagi till., að eins og hv. 1. þm. N-M. (PZ) og hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) bera till. fram, þá er tekið fram berum orðum: „Kostnaður við rannsóknirnar greiðist úr ríkissjóði". En þetta er fellt niður í till. hv. n., og ef Alþingi fellir beinlínis úr till. heimild til fjárgreiðslu, þá verð ég að telja, að eftir almennum skýringarreglum sé sú heimild ekki fyrir hendi. Ef fara á eftir óskum hv. fyrra flm., hv. þm. N-M., um að verja nauðsynlegu fé úr ríkissjóði til þessara rannsókna, þá þarf skýrari heimild til þess en er í till. eins og hv. fjvn. leggur til að hún sé, þar sem berum orðum er felld niður heimildin til fjárgreiðslu.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins geta þess, að ástæðan til þess, að ekki þótti þörf á því að hafa í þessari till. heimild til að verja fé í þessu skyni, var sú, að eftir að málið væri komið í hendur Geysisnefndarinnar, sem á sjálfsagt samkvæmt tilgangi sínum að vinna að því að vernda Geysi, væri ekki ástæða til að halda eftir í till. slíkri heimild. Þó leiðir af sjálfu sér, að e. t. v. þyrfti að greiða einhvern kostnað í þessu sambandi. En ég verð að segja það, að nefndin gerði ekki ráð fyrir svo miklum kostnaði, að ríkisstjórn vor mundi verða sett í mikinn vanda, þó að hún léti af hendi rakna einhverja smáupphæð í þessu skyni. Og ég held, að hæstv. ráðherrar þurfi ekki að kvarta yfir sambúðinni við Alþingi í sambandi við það, þegar þeir hafa nokkuð farið fram yfir sínar heimildir, hæstv. ráðh. þurfi ekki að vera ákaflega kvíðandi eða uggandi um framtíð ríkisstj., þó að hún léti af hendi rakna nokkrar krónur til þess að vernda þetta merkilega náttúruundur á Íslandi. Ég held því, að það sé alveg óhætt allra hluta vegna að samþykkja tillöguna.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er út af fyrir sig þakklátur, að ekki skuli í þessu felast gildra, sem eigi að leiða til falls ríkisstjórnarinnar. Sagt er, að þær séu nógar fyrir, þó að þessi bættist ekki við. Ég hygg hins vegar, að aths. þm. Borgf. byggist á því, að hann heyrði ekki ræðu hv. 1. þm. N-M. eða hefur þá ekki veitt henni athygli. Hv. 1. þm. N-M. sagði einmitt, að Geysisnefndin hefði verið alveg óvirk eða gagnslaus, af því að hana hefði vantað peninga, og þess vegna væri það eina, sem þyrfti nú að gera, að fá henni fjárráð, en hv. þm. Borgf. taldi óþarft að veita nokkra fjárveitingaheimild, úr því að þetta ætti að ganga til þessarar góðu nefndar. Þarna eru þeir gersamlega á öndverðum meiði, hv. flm. og hv. þm. Borgf., og kemur enn hið sama fram og í því máli, sem var rætt næst á undan, um frystihús í Flatey, að þar datt botninn úr öllu, þegar að því kom að ræða um fjárveitinguna. Þó að ég vilji ekki lasta hv. n., þá finnst mér, að hún hafi athugað sum mál betur en þau, sem liggja fyrir hv. Alþingi í dag.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er nú ekki alls kostar rétt hjá hæstv. dómsmrh., að við þurfum að vera á öndverðum meiði, við Pétur Ottesen, þm. Borgf., hvað þetta snertir. Ég segi, og það er satt: Geysisnefndin hefur ekki haft nein fjárráð. Trausti Einarsson hefur viljað fá að hafa mann starfandi við Geysi tvo til þrjá mánuði og að ríkisstj. kosti hann til þess að framkvæma þær mælingar og athuganir, sem þarf, til þess að geta vitað, hvernig á að hegða sér við Geysi til þess að fá gos. Hann hefur ekki fengið það. Sama hefur Þorbjörn Sigurgeirsson viljað og af sjálfsdáðum verið þar um tíma, en hafði ekki tíma til að vera þar nógu lengi og varð þess vegna líka að gefa það upp.

Þess vegna er það rétt, að það hefur ekki fengizt nægjanlegt fé. Hitt er svo annað mál, að þegar Alþingi er búið að samþykkja að fela ríkisstj. að láta Geysisnefndina gera þetta og leggja fyrir hana að gera það, þá geri ég ráð fyrir því, að það geti vel verið, að hún geri

það, þó að heimildin sé ekki fyrir því. Ég vona það, og ég samþykki till. ákveðið í því trausti, að ríkisstj. geri það. (Gripið fram í.) Ég var engan dóm að leggja á það. Ég taldi galla, að það væri felld aftan af till. heimildin til greiðslu kostnaðarins. En ég samþykki till. í því ákveðna trausti, að ríkisstj. heimili Geysisnefndinni að hafa fé til umráða, svo að hún geti haft mann þar nokkurn tíma til að fylgjast með þeim athugunum, sem gera þarf. (Gripið fram í.) Ég geri það. Því ráða náttúrlega hv. þingmenn, hvort þeir samþ. brtt. eða ekki, en ég treysti því, að ríkisstj. leggi fé til eins og þarf til þess að gera þetta. Þetta er ekki stórt fé eða mikið, sem þarna er um að ræða, en það er dálítil fjárupphæð, því að það þarf að vera þarna fastur maður nokkurn tíma.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til hv. 1. flm., til þess að ekki komi til ágreinings síðar meir út af þessu, hvort hann vill ekki bera fram viðaukatill. við brtt. nefndarinnar, að kostnaðurinn við rannsóknirnar greiðist úr ríkissjóði. Sé það vilji þingsins, er það útlátalaust að samþ. slíka till. Ég veit ekki, hvort hv. 1. flm. vill bera fram slíka till. (*PO:* Ég óska eftir, að málið sé tekið út af dagskrá.)

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé, að á fjárlögum fyrir árið 1955 eru teknar upp í 13. gr. IV til umbóta við Geysi 80 þús. kr. Þessi liður mun hafa verið um 50 þús. kr. nokkur undanfarin ár á fjárlögum, að ég held. Nú vildi ég gjarnan spyrja þann hæstv. ráðherra, sem hefur með þessi mál að gera, til hvers þessu fé er varið. Er ekki hér fé til þess að uppfylla þær óskir, sem koma fram í sambandi við þessa þáltill., og er ástæða til þess að taka málið út af dagskrá vegna þess, að hér skorti fé? Áður en farið er að bera fram brtt. um að setja nýja fjárveitingu til þessara mála, er rétt, að fyrir liggi upplýsingar frá viðkomandi hæstv. ráðherra, til hvers þetta fé hefur verið notað. Liggur þetta fé í sjóði, eða hefur það verið notað til þess að gera einhverjar sérstakar umbætur, svo að Geysir gæti haldið þeim svip, sem ætlazt er til með þáltill. að hann haldi? Það væri mjög fróðlegt að fá að vita eitthvað um þau atriði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er ekki reiðubúinn að svara þessari fsp., en mér virðist þær upplýsingar, sem hv. þm. Barð. gefur, benda til þess, að það sé á misskilningi byggt, sem hv. 1. flm. sagði hér og hafði eftir Geysisnefndinni, að hún hefði ekki yfir nægu fé að ráða, svo að mér virðist allt hníga að því, að málið þurfi betri athugun, og styð þá till. hv. þm. Borgf., að málið verði tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Þegar þessi till. var hér til síðari umr., var ég ekki viðstaddur, en þá var talað um till. af hv. form. fjvn., svo að ég þarf ekki að fara nánar út í þá hlið málsins, því að ég veit, að hann hefur skýrt till. eins og hún lá þá fyrir.

Mér hefur verið tjáð, að ýmsir hv. alþm. hafi fundið þessari till. það til foráttu, að n. hafi fellt úr það ákvæði, sem var í till. áður um það, að ríkissjóður ætti að bera kostnaðinn af þeim rannsóknum, sem þá var gert ráð fyrir í till., og talið varasamt að samþykkja hana af þeim ástæðum.

Ég skal gera nokkra grein fyrir því seinna, hvernig háttað er með fjárhagshlið þessa máls, og held, að það sé óhætt fyrir hv. alþm. að samþykkja till. af þeim ástæðum.

Geysir hefur um langan aldur verið eitt af merkustu náttúrufyrirbrigðum þessa lands og kannske alheimsins og er heimsfrægt fyrirbæri, sem á fáa líka eða engan. Hann hefur fram undir þetta gosið nokkuð reglulega, þó dálítið misjafnt á ýmsum árabilum, því að maður veit, að það hefur ýmislegt áhrif á hann, t. d. að jarðskjálftar hafa áhrif á hann í þá átt, að eftir jarðskjálftana 1896 gaus hann miklu örar og betur en áður. En nú í seinni tíð hefur borið á eins konar þreytu hjá Geysi, og hann hefur gosið sjaldnar og ekki eins vel og hann gerði áður, þrátt fyrir það að nú í seinni tíð hafi verið farið að láta í hann ýmis örvandi lyf til þess að reyna að pína hann til að gjósa betur, svo sem sápu og annað slíkt. En nú er svo komið, að það hefur orðið mjög oft erfitt að fá hann til þess að sýna tign sína og veldi, hann hefur stundum legið niðri um langan tíma, og gosin eru orðin miklu minni og ekki eins fögur og áður var. Till. miðar í þá átt að reyna að ráða bót á þessu, en hvort slíkt er hægt, skal ég ekki um segja.

Fyrir Geysi hefur lítið verið gert, svo að segja ekki neitt. Hann hefur lengst af verið í einkaeign og allt fram að 1930 fylgt með jörðinni Haukadal í Biskupstungum, hinu forna óðali Haukdæla, en 1930 eða þar um kring var Haukadalur seldur erlendum manni, sem þá keypti jörðina og Geysi með. Aðeins skömmu eftir það kaupir Sigurður Jónasson forstjóri Geysi og gefur hann íslenzka ríkinu, og síðan er Geysir ríkiseign og er búinn að vera það í rúm 20 ár. En sem betur fór, kom jörðin líka aftur til skila, því að sá erlendi maður, sem keypti hana, gaf hana seinna íslenzku skógræktinni, svo að nú er hið forna, fræga býli líka orðið eign Íslendinga aftur. En ekkert var gert þangað til 1950, að þá lét þáverandi forsrh. gera skipulagsuppdrátt af Geysi og næsta nágrenni, og auk þess fól hann Trausta Einarssyni prófessor að lagfæra afrennslisskálina á Geysi, og það hefur hvort tveggja verið gert. 1953 er svo skipuð n., svonefnd Geysisnefnd, 6 mönnum, sem eiga að sjá um og varðveita þennan góða og göfuga hver og stýra þar framkvæmdum, sem gerðar kunna að verða á hverasvæðinu. N. er skipuð 6 mönnum, og hún hefur unnið að þessum umbótum síðan við Geysi. Auk þess sem búið er að gera uppdrátt af land-

inu, er búið að girða það að mestu leyti. Það er búið að setja þar bílastæði, og er núna ráðið að leggja veg um svæðið frá gistihúsinu og upp að hitasvæðinu. Þetta hefur allt kostað peninga, og fé hefur verið veitt á fjárlögum núna undanfarandi 5 ár, síðan 1951, á hverju ári til þessara framkvæmda, sem gerðar hafa verið, og til þess hafa verið veittar s.l. 4 ár 212 þús. kr., og nú eru þar að auki á fjárlögum þessa árs 80 þús. kr. Geysisnefndin hefur eytt í ýmsar framkvæmdir þarna austur frá, bæði í það að girða landið, merkt ýmis hættusvæði, sem þar hafa verið á staðnum og hafa valdið oft áður slysum af brunahættu, og nú á n. í sjóði 69 þús. kr., minnir mig, eða rúmlega það, auk þeirrar upphæðar, sem nú er veitt á fjárlögum, sem er 80 þús. kr. N. hefur því nú til umráða 150 þús. kr. á þessu ári til sinnar starfrækslu.

Fjvn. átti um þetta tal við formann nefndarinnar, hr. Birgi Thorlacius, og taldi hann engin vandkvæði á því að taka við till. og láta athuga það, sem þar er farið fram á, eftir föngum, þó að ekki væri veitt til þess fé núna sérstaklega í till. Ég held því, að það sé óhætt fyrir hv. alþingismenn að samþ. hana eins og hún liggur fyrir og það komi ekki að sök, þótt það hafi verið fellt úr henni, að ríkissjóður ætti að kosta framkvæmdirnar, því að það verður gert annaðhvort af n. eða þá öðrum, ef eitthvað er hægt að gera í þessu efni, sem till. fer fram á.

ATKVGR.
Brtt. 549 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 738).

20. Samvinna í atvinnumálum.

Á 17. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um samvinnu í atvinnumálum milli ríkisstjórnar, atvinnurekenda og kaupþegasamtaka [101. mál] (A. 171).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 4. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þessi till. á þskj. 171, sem við hv. þm. A-Sk. (PÞ) flytjum, er um málefni, sem vanrækt hefur verið um of hérlendis og ekki má draga lengur að gefa gaum.

Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna til samvinnu við atvinnurekendur og kaupþegasamtök um skipulagningu vinnubragða og vinnukjara til þess að auka og bæta framleiðslu og afköst og veita almenningi — einnig á þann hátt — skilyrði til batnandi lífskjara."

Þjóðfélagið styður bóndann til þess að stækka túnið, sjómanninn til þess að kaupa skip, iðnaðarmanninn til þess að fá raforku, verkamanninn til þess að geta selt vinnu sína o. s. frv. Ár frá ári hafa verið gerðar meiri og meiri kröfur til þjóðfélagsins eða stjórnar þess um íhlutun til aðstoðar, svo að velmegun allra sé tryggð, og þjóðarstjórnin, Alþingi og ríkisstj., veitir stuðning sinn meiri og meiri ár frá ári, svo sem vera ber. Ráðstafanir eru gerðar til þess að skipta þjóðartekjunum milli manna og mikið um þá hlið málanna rætt. Því meiri sem þjóðartekjurnar eru, því meira kemur auðvitað til skiptanna. En aðalundirstaða þjóðarteknanna er framleiðslan til lands og sjávar. Stækkun túnanna og fjölgun skipanna á vitanlega að auka framleiðsluna og gerir það líka. Aflgjafi fyrir iðnaðinn styður einnig að því, að tæki til framleiðslunnar skorti ekki. Rétt skipti þjóðarteknanna eru líka mikils verð.

Það, sem þjóðfélagið eða stjórn þjóðfélagsmálanna hefur sérstaklega vanrækt og till. miðast við, er að gera ráðstafanir til þess, að vinnan sjálf, sem lögð er fram við framleiðsluna eða við hagnýtingu framleiðslunnar eða við hvaða nauðsynleg störf sem unnin eru í landinu, verði sem árangursríkust, komi að sem mestum notum til hagsældar og farsældar, í fáum orðum sagt: að hvert handtak verði að fullu gagni, eftir því sem unnt er, að hver maður leggi fulla alúð við verk sitt. Gera má ráð fyrir því, að þeir, sem vinna hjá sjálfum sér, hafi áhuga fyrir afköstum sínum, og þó þarfnast ýmsir þeirra örvunar af umhverfi og aldaranda, ef vel á að takast. En hinir, sem selja vinnu sína og fá sömu laun, hvort sem dagsverkið er mikið eða lítið, eru á annan veg settir. Vinnukappinu vill hraka, þar sem kaupið er fastbundið, enginn fær laun samkvæmt afrekum og einstaklingurinn hverfur með sín verk inn í verk heildarinnar. Sú mun reynslan alls staðar í heiminum. Þessu fylgja svo minni þjóðartekjur en verða mættu annars, minni velmegun og minni starfsgleði og þá um leið minni farsæld í þess orðs miklu merkingu.

Dr. Guðmundur Finnbogason er sá Íslendingur, sem mest hefur rætt og ritað um gildi vinnunnar. Hann sagði í bók sinni, „Vinnan", með leyfi hæstv. forseta:

„Vinnan er dagleg viðskipti vor við tilveruna og um leið hin allra mestu og alvarlegustu. Hún er þær athafnir vorar, sem miða að því að fá vald yfir hlutunum, haga þeim eftir þörfum vorum og umskapa heiminn í þjónustu lífsins. Í vinnunni kemur eðli verkamannsins fram, og hann verður eins og hann vinnur. Þar verkar hvað á annað. Sá, sem ekki nýtur sín í störfum sínum, hefur ekki komizt í heilbrigt samband við heiminn. Þess vegna ætti það að vera alvarlegasta áhugaefni hvers manns að verða

sem hæfastur starfsmaður, og ekkert ættu þeir, sem þjóðinni stjórna, fremur að stunda en að koma því skipulagi á vinnuna, að hver maður fái notið sín, sjálfum sér og þjóðinni til gagns.“

Þetta segir dr. Guðmundur Finnbogason, og till. okkar hv. þm. A-Sk. er einmitt um það, að þeim, sem þjóðinni stjórna, sé falið að beita sér fyrir, að komið verði sliku skipulagi á vinnuna.

Maðurinn, sem nú selur vinnu sína hérlendis, á varla annars úrkosta til þess að bæta kjör sín en krefjast þess, að tímavinna hans eða árslaun séu hækkuð, og til þess að fá því komið í kring, þarf hann að fá stéttarfélag sitt til þess að setja hnefann í borðið. Honum gagnar ekki sú aðferð að skila meira og betra verki. Sjaldan fær hann fram fyllstu kröfur sínar, og hví skyldi hann þá vera að kappkosta að leggja sig allan fram við verkið? Greiðslugrundvöllurinn er þannig, að undan fæti hallar til öfugþróunar, af því að maðurinn verður eins og hann vinnur, eins og Guðmundur Finnbogason sagði, og tekjur þjóðarinnar verða minni en ella vegna þessa skipulags.

Í Bretlandi starfar síðan 1952 félagsskapur, sem nefnist „The British Productivity Counsil“. Tilgangur þessa félagsskapar er að auka afköst í öllum framleiðslugreinum, örva framleiðsluna og bæta vinnubrögð. Þetta eru samtök áhugamanna úr hópi framleiðenda og verkalýðs í sameiningu. Af ársskýrslu félagsins fyrir s.l. ár má sjá, að um hundrað nefndir, skipaðar mönnum úr vinnuveitendahópi og af verkalýðsfélögum, störfuðu árið sem leið víðs vegar í landinu. Í þessum nefndum voru einnig kennarar í verklegum efnum, þar sem því varð við komið. Nefndirnar stofnuðu til viðræðna milli framleiðenda og starfsfólks þeirra um, hvernig auka mætti afköst og afrakstur. Félagsskapurinn gaf út rit, útvegaði fyrirlesara, sýndi kvikmyndir, allt í þeim tilgangi að vekja áhuga fyrir því að framleiða sem mest og bezt og láta hvert handtak koma að sem mikilsverðustum notum.

Ég hygg, að einhverjar fyrirmyndir mætti sækja til þessarar brezku áhugamannahreyfingar. Ég sé, að í frv., sem fyrir þessu þingi liggur, till. um Iðnaðarmálastofnun Íslands, er stefnt í þá átt, sem hér um ræðir. Í 1. gr. frv., sem ræðir um tilgang Iðnaðarmálastofnunarinnar, segir í 3. lið, að tilgangurinn sé m. a. að efla samvinnu milli framleiðenda, stofnana og félagssamtaka innanlands um viðleitni til framfara í íslenzkum iðnaði og hafa náið samstarf við þá aðila um þessi mál. Þetta er ágætt, það sem það nær, en miðast einvörðungu við iðnaðinn. Starfssviðið verður að vera víðtækara. Umbótastarfsemin og samtökin vegna hennar verða að ná til allrar framleiðslu og í raun og veru til allra verksviða. Það er vitanlega ákaflega mikilsvert, að iðnaðurinn sé vel rekinn að öllu leyti og skili miklu í þjóðarbúið, en framleiðsla hráefnanna handa honum er þó undirstaða hans, og undirstöðuna þarf ætíð fyrst og fremst að hafa trausta.

Iðnaðarmálastofnunin getur orðið gildur þáttur í þeim samtökum, er fyrir okkur flutningsmönnum vakir að koma þurfi á, en ekki haldreipið sjálft.

Eins og segir í grg. till., hugsum við flm. till. okkur, að ríkisstj. byrji á því að stofna til viðræðna við fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa frá kaupþegum um, á hvern hátt sé hægt að koma við í þessum efnum umbótum, sem leiði til betri og meiri afkasta og um leið bættra lífskjara. Síðan beiti ríkisstj. sér fyrir því, að samtök hefjist milli atvinnurekenda og vinnandi fólks um framkvæmdir á því fyrirkomulagi, er samkomulag hefur orðið um að bezt eigi við. Vel má vera, að atvinnurekendur og samtök kaupþega fáist til þess að taka málið í sínar hendur sameiginlega eins og í Bretlandi, og væri það að sjálfsögðu ágætt, en frumkvæði þarf að hafa, hreyfingu þarf að vekja, er nái til allra starfandi þegna þjóðfélagsins. Virðist eðlilegt að fela ríkisstj. að stofna til samtakanna og koma skrið á athafnir í þá átt að auka þjóðartekjurnar á þennan hátt og bæta með því hvers manns hag. Ef samtök hefjast, sem allur almenningur tekur þátt í, um meiri og betri vinnubrögð, meiri afrek í verkum og vandaðri framleiðslu til áþreifanlegra og beinna kjarabóta fyrir alla, þá mun einnig jafnhliða og af sjálfu sér koma allsherjar leit að auðlindum til lands og sjávar og fjölgun atvinnugreina.

Ákveðin hefur verið ein umr. um þessa till. Ef rétt þykir að fresta umr., þá legg ég til, að till. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 171, n. 692).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 739).

21. Öryggi í heilbrigðismálum.

Á 43. fundi í Sþ., 7. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um aukið öryggi í heilbrigðismálum [168. mál] (A. 435).

Á 44. fundi í Sþ., 9. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 16. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sú breyting, sem orðið hefur á síðari árum í atvinnumálum Íslendinga, hefur að vonum skapað mörg vandamál, er þjóðin verður að horfast í augu við og hún verður að vera viðbúin að

mæta og bæta úr eftir föngum á hverjum tíma. Eitt af þessum vandamálum og ekki hið smæsta er flótti fólksins frá þeim landshlutum, þar sem lífskjörin eru svo erfið, að arður er seintekinn og kostar mikla vinnu og miklar fórnir að hafa þar ofan í sig og á. Þar ganga menn frá jörð og búi og hlýða kalli hins nýja tíma, sem lofar auðveldum og skjótum arði í hringiðu margs konar athafnalífs við glaum og gleði, í margmenni og þægindum, og umfram allt vaxandi öryggi í heilbrigðismálum, þar sem sérfræðingarnir eru ávallt við höndina tilbúnir til þess að bæta mein mannanna og lengja lífið. Þeir, sem eftir sitja og hlýða ekki kalli hins hvella lúðurs, en kjósa enn um stund samlíf og fangbrögð við móður náttúru, taka á sig tvöfalda byrði. Oftast eru það hjónin ein eða jafnvel aðeins annað þeirra með ófleygan barnahóp og leita árangurslaust aðstoðar, sem enginn hefur tíma eða áhuga fyrir að láta í té, af því að hann vill ekki tapa kapphlaupinu í happdrætti hringekjunnar, sem sífellt hrópar hærra rómi um auð og allsnægtir og minna erfiði.

Af öllum þeim þunga, sem þannig leggst á herðar þessa fólks, sem enn byggir hin afskekktari héruð og ekki vill láta bugast, er öryggisleysið í heilbrigðismálunum allra tilfinnanlegast. Slasist eða veikist þar maður, þó að ekki sé nema annað hjónanna, er heimilið oftast í mikilli neyð. Það er því hvergi jafnmikil þörf á mikilli og öruggri heilsugæzlu og einmitt í þessum héruðum. Reynslan sýnir hins vegar, að hún er hvergi lakari en einmitt þar, því þótt Alþingi og ríkisstj. hafi sýnt talsverðan og lofsverðan áhuga á því að bæta hér mikið úr, m. a. með fjölgun lækna, bættum samgöngum á sjó og landi og í lofti og bættu símakerfi, sem allt hefur verið til mikils öryggis, þá vantar þó enn mikið á, að þetta fólk búi við sama öryggi í heilbrigðismálum og hinir, sem í þéttbýlinu búa, en að því ber að vinna eftir megni, að svo megi verða. Frumkrafa þess fólks, sem skipar sér í raðir hinnar erfiðustu lífsbaráttu, hvort heldur er á sjó eða landi, hlýtur að verða sú, að því sé af hinum opinberu aðilum séð fyrir svo miklu öryggi í heilbrigðismálunum sem frekast má verða; allt annað er ósæmandi og fávíslegt og kostar þjóðina fórnir, sem ekki verða metnar til fjár.

Þegar litið er á gildandi löggjöf um ljósmæður, verður ekki komizt hjá því að viðurkenna, að hér hefur ekki verið bætt úr sem skyldi, enda er vitað, að allmörg hin erfiðustu og afskekktustu umdæmi í hinum fámennustu sveitum eiga í margvíslegum erfiðleikum með að tryggja nauðsynlega aðstoð á þessu sviði.

Með lögum þessum er svo ákveðið, að sýslunefndir skuli ákveða umdæmi ljósmæðra og ráða þær, enda greiði héruðin hluta af launum þeirra. Mun það vera aðalreglan, að hver hreppur sé eitt umdæmi. Þó er nokkuð vikið frá þessari reglu og m. a. leyft, að sama ljósmóðir annist störf í fleiri en einu umdæmi, ef svo ber undir, enda taki hún þá öll hin ákveðnu laun umdæmanna. Mun þetta m. a. hafa þótt nauðsynlegt til þess að tryggja betur þjónustu í fámennustu umdæmunum. Þá er það einnig ljóst af gildandi lögum, að kröfur þær, sem gerðar eru til ljósmæðra, sem þjóna eiga utan kaupstaða, eru miklu minni en þær kröfur, sem gerðar eru til ljósmæðra, sem þjóna eiga í bæjunum, þótt einmitt þar séu margfalt betri skilyrði til þess að njóta aðstoðar alls konar sérfræðinga, ef eitthvað ber út af, ekki einasta á meðan á fæðingu stendur, heldur og allan meðgöngutímann, sem langoftast er engu minna virði fyrir móðurina. Sýnast hér hafa verið á allmikil mistök af hendi löggjafans, sem nauðsynlegt er að bæta úr.

Samkvæmt skýrslu frá landlækni er talið, að á árunum 1941—50 hafi 69 konur dáið af barnsförum og 13 af barnsfararsótt. Hefur þjóð vor raunverulega ráð á slíkum fórnum, sem að flestra dómi er hægt að komast hjá, ef alls öryggis er gætt í tíma? Þó er hér aðeins um að ræða brot af því tjóni, sem þetta öryggisleysi veldur. Hinn hlutinn, sem kemur fram í lömuðu þreki fósturs og móður, þótt bæði lifi af, er hvergi skráður, og hann kann þó að verða miklu ægilegri.

Það mun lengstum hafa verið venja í sveitum landsins að láta sér nægja að sækja ljósmóður, þegar konan hefur fengið fyrstu fæðingarhríðirnar. Þegar konan hefur aftur getað staulazt á fætur, oft með veikum burðum, er aðstoðinni oftast lokið. Nú vita menn, að þetta er allsendis ónóg. Eftirlit með ásigkomulagi og kjörum konunnar allan meðgöngutímann er engu minna virði og engu minna nauðsynlegt en aðstoðin við sjálfa fæðinguna, og einkum og sér í lagi er þetta nauðsynlegt í hinum afskekktu héruðum, þar sem kvíðinn einn getur haft slík áhrif á móðurina og á barn, að hvorugt beri sitt barr. Og konan, sem tekur að sér að viðhalda kynslóðinni, á óskoraða kröfu á því, að henni sé látin í té slík aðstoð og það öryggi, sem því er samfara. Það koma að sjálfsögðu til greina margar leiðir að því marki að skapa slíkt öryggi, og skal ég ekki fara langt út í það mál, en aðeins benda á, að vel gæti komið til greina að sameina meira en verið hefur ljósmæðrastörf og almenn hjúkrunarstörf utan kaupstaða svo og almenna heilsugæzlu og gera konum betur mögulegt að fæða á sjúkrastofum en verið hefur. Og þó að þetta kunni að hafa nokkuð aukinn kostnað í för með sér, þá koma þau útgjöld aftur margfalt í betra heilsufari, hraustari kynslóð, minna tjóni á mannslífum og minni sorgum. Það sýnist einnig full ástæða til þess að athuga, hvort ekki sé tímabært að láta ríkissjóð greiða öll laun ljósmæðra og losa héruðin við þá byrði.

Á seinni árum mun hafa verið tekin upp sú stefna, að ríkissjóður launaði lærðar hjúkrunarkonur á einstökum stöðum, þar sem erfitt er að ná til læknis. Hefur þetta mælzt vel fyrir og gefizt mjög vel. Aukinn hraði í allri framleiðslu og aukin vélanotkun hefur stórlega aukna slysahættu í för með sér. Það er því full ástæða til þess að endurskoða öll lagafyrirmæli hér að lútandi og bæta við þau nýjum fyrirmælum til samræmingar nýjum háttum í atvinnumálum þjóðarinnar, og því er sú till., sem hér um ræðir, fram borin.

Við flm. teljum, að þeir aðilar, sem mál þessi heyra undir, svo sem landlæknir, heilbrmrn. og aðrar stofnanir, sem með þessi mál fara, eigi að geta haft forustu um undirbúning á breytingum til batnaðar. Því er ekki lagt til, að skipuð sé sérstök nefnd til þess að gera þetta verk. Hins vegar er vænzt, að Alþingi samþykki þáltill. og að ríkisstj. láti síðan undirbúa málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ég sé, að hæstv. forseti hefur ákveðið tvær umr. um þetta mál. Þáltill. sjálf á ekki að geta haft nein veruleg útgjöld í för með sér, þótt samþykkt verði. Ég sé því ekki ástæðu til þess, að henni verði vísað til hv. fjvn., og legg því til, að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn., og vænti þess jafnframt, að n. afgreiði till. svo fljótt, að tími gefist til þess að ljúka síðari umr. áður en þessu þingi lýkur. Komi síðar fram sem afleiðing af samþykkt þessarar till. tillögur frá ríkisstj. til úrbóta á þessum málum, fær Alþingi tækifæri til þess að ræða þær till. og þann kostnað, sem þær kynnu að hafa í för með sér, ef fallizt yrði á þær, breyttar eða óbreyttar.

Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. sjái sér fært að samþ. þessa tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 17. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 435, n. 707).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 435 höfum við þrír alþm., hv. þm. Barð. (GíslJ), hv. þm. N-Ísf. (SB) og ég, flutt till. til þál. um aukið öryggi í heilbrigðismálum. Ýtarleg grg. fylgir till., og auk þess flutti hv. þm. Barð. ýtarlega framsögu, er till. var til fyrri umr.

Allshn. hefur rætt till. á þremur fundum sínum og mælir samhljóða með samþykkt hennar á þskj. 707. Tveir nm., hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og hv. 5. landsk. (EmJ), voru fjarverandi, er n. afgreiddi málið á fundi sínum 30. fyrra mánaðar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu málsins og vildi vænta þess, að hæstv. ríkisstj. vildi framkvæma till. á þessu ári, ef hún verður samþykkt svo sem hún liggur fyrir á þskj. 435.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 740).

22. Niðursuða sjávarafurða.

Á deildafundum 5. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um niðursuðu sjávarafurða til útflutnings [197. mál] (A. 743).

Á 58. fundi í Sþ., 10. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Pétur Ottesen): Tilgangur fjvn. með flutningi þessarar þáltill. er sá, að fiskniðursuðuiðnaðurinn í landinu geti tekið þeim stakkaskiptum, að framleiðsluvörur vorar í þessari grein standi um gæði, verð og frágang allan á sporði sams konar vörum keppinauta vorra á erlendum mörkuðum, en mikið skortir á, að svo sé nú. Þróun í þá átt að sigrast á erfiðleikum þeim, sem orðið hafa á leið okkar um sölu niðursuðuvara erlendis, hefur verið ákaflega hægfara, og raunar má segja, að þar sé um kyrrstöðu að ræða eins og nú er. Aftur á móti hefur starfseminni í þess stað verið beint að því að nota sem bezt þann markað, sem til er í landinu sjálfu fyrir þessar vörur. Það er því sýnt, að til þess að hafizt geti straumhvörf hér á landi í þessu efni, þarf að leita nýrra úrræða.

Fjvn. leggur því til, að ríkisstj. verði falið að kveðja til þess sérfróða menn að leggja á ráðin um það, hvernig þessi atvinnugrein, niðursuða sjávarafurða til útflutnings, verði byggð upp á raunhæfan hátt. Reynsla og þekking í þessu efni mun vera nokkur fyrir hendi hér hjá oss, en því til viðbótar ætti oss engan veginn að vera ókleift að kynnast hinni fullkomnustu tækni á þessu sviði í þeim löndum, þar sem lengst er komin tækniþróunin í þessu efni. En leiðin fyrir Íslendinga til þess að losna úr þeirri sjálfheldu, sem niðursuðuiðnaðurinn að þessu leyti er nú í, er sú ein, að þeir geti náð hagnýtum tökum á tæknilegum rekstri þessarar iðngreinar. Það er alkunnugt, að stórfelldar breytingar hafa orðið á síðari árum erlendis í vélakosti þessa iðnaðar, enda er það svo, að það er mjög undir því komið um rekstrarafkomu slíkra fyrirtækja, að notaðar séu afkastamiklar og sjálfvirkar vélar við hvað eina, sem að iðn þessari lýtur.

Það er vafalaust rétt, sem Sigurður Pétursson gerlafræðingur, en hann starfar í fiskiðnaðardeild Fiskifélags Íslands, segir í grg. sinni um þetta mál, að ef Íslendingar eigi að gera sér nokkrar vonir um að selja niðursuðuvörur á erlendum markaði, þá verði afköstin í verksmiðjum hér að vera sambærileg við það, sem gerist í verksmiðjum keppinauta okkar erlendis. Hér er því um annaðhvort að ræða, að verksmiðjur í þessu efni séu búnar nýtízku tækjum, eða að hugsa ekkert um framleiðslu niðursuðuvara fyrir erlendan markað. Þetta er vafalaust rétt, og þetta verður að hafa ríkt í huga, þegar farið verður að vinna á ný að uppbyggingu þessa iðnaðar.

Norðmenn, sem byggja sinn stóra niðursuðuiðnað að heita má einvörðungu á útflutningi og hafa nú fasta markaði í 20 þjóðlöndum, hafa byggt iðnað sinn vel upp að vélakosti, vísinda-

legri starfstilhögun og rannsóknum. Þeir hafa komið á hjá sér í þessum iðnaði landssambandi, sem hefur eigin rannsóknarstöð fyrir iðnaðinn. Þá er og samstarf á milli þessa landssambands og ríkisstj. um mjög strangt gæðaeftirlit með allri niðursuðuframleiðslu í landinu. Þá hefur og verið komið á fót í Noregi skóla, sem veitir fræðslu um allt, sem að iðnaði þessum lýtur. Allt er þetta til athugunar og eftirbreytni fyrir Íslendinga, og vafalaust kemur það í ljós, þegar sérfróðir menn fara að fjalla um þetta mál hér, að margt getum vér lært af Norðmönnum, Þjóðverjum, Bandaríkjamönnum, Kanadabúum og fleiri í þessu efni, en í öllum þessum löndum er rekinn mikill niðursuðuiðnaður.

Annar þáttur þessarar þáltill. lýtur að því, að ríkisstj. rannsaki jafnframt, hvernig ríkið geti greitt götu þeirra aðila, einstaklinga eða félaga, sem stofna vilja til slíks iðnaðar. En það er augljóst mál, að endurskipulagning þessa iðnaðar, sem væri í því fólgin að gera hann þannig úr garði, að við getum rutt okkur braut á erlendum mörkuðum, kostar vafalaust mikið fé. Að sjálfsögðu ber að hafa alla gát á um það, í hve mikið er ráðizt hverju sinni, en það, sem í er ráðizt og upp verður byggt, verður í einu og öllu að vera svo úr garði gert, að það svari til kröfum tímans, bæði um vélakost og eftirlit með gæðum framleiðslunnar. Norska stórþingið hefur í ríkum mæli stutt niðursuðuiðnaðinn í Noregi með fjárframlögum og á annan hátt, og gera má ráð fyrir því, að sú þörf verði fyrir hendi hér, þegar hafizt verður handa um úrbætur í þessu efni, eins og stefnt er að með þessari þáltill.

Það er reynsla allra framleiðsluþjóða, sem selja vörur sínar á erlendum markaði, að það kostar mikla fyrirhöfn og fjárframlög að afla markaðs fyrir framleiðslu, sem hefur ekki áður verið á boðstólum frá því landi, og þá léttir það ekki gönguna, þegar fyrir eru á markaðnum sams konar vörur, sem þekktar eru orðnar og vel hafa reynzt. Þessir erfiðleikar hafa áður orðið á vegi Íslendinga. Með dugnaði og fyrirhyggju hafa þeir á margan hátt gengið með sigur af hólmi í þessari viðureign. Á saltfiskmarkaðinum hefur þeim vegnað svo vel, að auk þess að selja þar árlega mjög mikið magn, hefur þeim jafnvel á stundum tekizt að selja fiskinn á hærra verði en keppinautar þeirra, og stafar þetta af því, að þar fer saman fiskgæði og sérstök ástundun um vöndun á verkun fisksins.

Þá er sókn Íslendinga í sölu hraðfrysts fisks ekki minni. Í því efni hafa Íslendingar tileinkað sér fyllstu tækni í verkun fisks og vaxandi sölu, sem byggist á viðurkenningu kaupendanna viðs vegar um heim á því, að hraðfrystur ísfiskur frá Íslandi sé fyrsta flokks vara þeirrar tegundar.

Það er ekki langt síðan Íslendingar fóru að flytja út skreið. Norðmenn voru þar langt á undan þeim. En hvað hefur skeð? Nú hefur skreiðarframleiðslan aukizt á örfáum árum þannig, að hún nam á s.l. ári um 15% af heildarútflutningi aflans, og útlit er fyrir og raunar vitað um, að framleiðsla skreiðar hefur þó aukizt allverulega á þessu ári frá því, sem var á s.l. ári. Þar hefur þó verið við ramman reip að draga, eins og gefur að skilja, í samkeppninni við Norðmenn, sem búnir voru á undan Íslendingum að fá fótfestu á þessum mörkuðum.

Hvað snertir sölu saltsíldar hafa Íslendingar unnið sér sterka aðstöðu og síðustu árin ekki getað notað sér til fulls þá sölumöguleika, sem þeim hafa staðið til boða.

Sama máli gegnir um sölu fiskimjöls, lýsis og á hrognum, bæði söltuðum og frystum. Hér hafa Íslendingar í fullu tré við keppinauta sína.

Eina undantekningin er niðursuðuvörurnar. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið með sölu á niðursuðuvörum og sjávarafurðum, hafa ekki borið árangur, eins og hér hefur áður verið vikið að og jafnframt gerð grein fyrir því, hverjar orsakir liggi til þess. En þetta stendur vissulega til bóta. Þegar þessi iðnaður hefur með vélakosti, skipulagningu framleiðslunnar, vöruvöndun og öðru tekið sambærilegum framförum og sams konar iðnaður, sem bezt og hagkvæmast er rekinn annars staðar, þarf ekki að efast um heilbrigða þróun hans. Íslendingar eiga heimsins beztu hráefni þessarar tegundar. Fjölbreytni gæti orðið mikil í framleiðslunni. Að sjálfsögðu þarf að vanda vel til um staðsetningu slíkra niðursuðufyrirtækja. Það er mjög mikilsvert atriði, að eigi þurfi að verða hlé á starfseminni, og því nauðsynlegra er þetta sem fyrirtækið er stærra og meira fé bundið í því. En þeir staðir eru vissulega til hér á landi, þar sem aflabrögðum er þannig háttað, að allt árið um kring er nægt verkefni jafnan fyrir hendi. Þá getur og niðurlagning kryddsíldar í dósir verið gott viðbótarverkefni að grípa til, ef hlé yrði á nýmetisniðursuðunni, en kryddsíldin, eins og kunnugt er, hefur mikið geymsluþol. Þannig ætti að reynast kleift að sigla fram hjá því skeri hér, sem stundum veldur erfiðleikum í fiskniðursuðunni í Noregi, að hráefni skorti um lengri eða skemmri tíma.

Það hníga því öll rök að því, að fiskniðursuða til útflutnings í landi voru geti, þegar vel er í haginn búið fyrir hana, orðið þjóðinni giftudrjúg, því að fullvíst má telja, að Íslendingum verði, þegar svo er komið, ekki skotaskuld úr því að finna kaupendur að þessum vörum, svo vel sem þeim hefur orðið ágengt um fisksöluna að öðru leyti. Er þess að vænta, að ríkisstj. bregðist svo vel við um, að ný athugun verði látin fram fara á máli þessu, og að í té verði látinn, ef með þarf, stuðningur og fyrirgreiðsla við framgang þessa máls.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Ég er sammála frsm. og þeim atriðum í grg. með till., sem benda á, að rétt sé að koma á eftirliti og mati á niðursuðuvörum eins og öðrum framleiðsluvörum okkar. Hinu get ég ekki látið ómótmælt, að allar þær tilraunir, sem gerðar hafa verið hér á landi til þess að flytja út niðursuðuvörur, hafi gefizt illa, því að mér er kunnugt um, að svo er ekki. Það hefur verið soðið niður og flutt út verulegt magn af niðursuðuvörum frá fleiri en einni niðursuðuverk-

smiðju á Ísafirði, og þær tilraunir hafa gefizt mjög vel, og meginhlutinn af því, sem soðið hefur verið niður af þessari vöru á Ísafirði, hefur verið soðið niður til útflutnings, flutt út og líkað þar vel. Það er bara þetta atriði, sem ég vildi láta koma fram. Ég hef raunar getið um það áður hér í vetur við umr. um svipað mál og þarf því ekki að teygja tímann lengur með því að ræða frekar um þetta nú.

Frsm. (Pétur Ottesen): Út af ummælum hv. þm. Ísaf. (KJJ) vil ég geta þess, að ég sagði ekki annað en það, að tilraunir þær, sem hefðu verið gerðar, hefðu ekki borið árangur. Þetta styð ég við útflutningsskýrslurnar, sem fyrir liggja og sýna, að á árinu 1951 voru fluttar út niðursuðuvörur fyrir 2 millj. 631 þús. kr., á árinu 1952 fyrir 1 millj. 660 þús kr., á árinu 1953 fyrir 940 þús. og á árinu 1954 fyrir 814 þús. Þetta sýnir, að það er öfugþróun í þessum atvinnuvegi, að því er snertir útflutning á niðursuðuvörum, og hér þarf þess vegna vissulega að gera nýtt átak, ef við eigum að geta kippt þessu í lag, sem mikla nauðsyn ber til.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Sþ., 11. maí, var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 797).

---

23. Fiskimiðaleit fyrir Norðurlandi og Austfjörðum.

Á deildafundum 5. maí var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um skipulega leit að fiskimiðum fyrir Norðurlandi og Austfjörðum [200. mál] (A. 747).

Á 58. fundi í Sþ., 10. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er skoðun flm. þessarar þáltill., að brýn nauðsyn sé að hefjast þegar handa um þau verkefni, sem till. fjallar um. Sjóþorpin á Austur- og Norðurlandi hafa flest dágóða aðstöðu til fiskverkunar, en hráefnaskorturinn háir mjög starfsemi fiskiðjuveranna og veldur því, að atvinna manna í þessum þorpum er ákaflega stopul. Togarar geta nokkuð bætt úr þessu, en það hefur háð mjög þeirri úrlausn, að flest togaramið liggja fjarri þessum landshlutum. Árangur af skyndileitum, sem gerðar hafa verið fyrir skömmu, bendir til þess, að finna megi fleiri togaramið nær Austur- og Norðurlandi en áður hafa þekkzt.

Við flm. teljum sem sagt, að það sé mesta nauðsynjamál að hefjast þegar handa um þessa leit og það á myndarlegan hátt. Nú er liðið fast að þinglokum, og ég vil þess vegna ekki tefja tímann með að setja á langar ræður um þetta atriði, en leyfi mér að vísa til þeirrar grg., sem þáltill. fylgdi.

Ég legg svo til, að till. verði vísað til síðari umr. að þessari lokinni.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins mæla hið bezta með þessari þáltill. Hér er gripið á mjög merkilegu máli, þar sem um er að ræða, að rannsókn fari fram á því að leita nýrra fiskimiða. Það er vitað, að víðs vegar meðfram ströndum landsins munu vera fiskigrunn, sem enn hafa ekki verið fundin og þess vegna liggja ónotuð, a. m. k. fyrir Íslendinga.

Ég vildi aðeins í sambandi við þessa till. benda á, að Alþ. gerði fyrir 2 árum ályktun, sem beint var að því að greiða fyrir, að slík leit að fiskimiðum yrði hafin. Á þinginu 1952 komu fram tvær till., sem lutu að þessu efni. Önnur þessi till. var um hafrannsóknarskip og var flutt af mér og hljóðaði svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvernig íslenzka ríkið geti með sem hagkvæmustum hætti eignazt hæfilega stórt og traust skip, er útbúið sé hinum fullkomnustu tækjum til haf- og fiskirannsókna og fiskileitar." Sömuleiðis flutti hv. 11. landsk. (LJós) á þessu sama þingi þáltill. um fiskileitarskip á djúpmiðum, sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta efna til skipulagðrar fiskileitar með vel útbúnu skipi til veiða á djúpmiðum við Ísland. Fiskileitin fari fram í nánu samráði við starfandi togaraskipstjóra. Árangur af leitinni skal birtur íslenzkum fiskiskipstjórum jafnóðum."

Þessum till. báðum var vísað þá til fjvn. og sömuleiðis þriðju till., sem fól í sér rannsókn á síldveiðum við Norðurland.

Fjvn. sameinaði þessar till. í eina till., sem hún flutti og afgr. var sem ályktun frá þinginu 29. jan. 1953 og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvernig íslenzka ríkið geti með sem hagkvæmustum hætti eignazt hæfilega stórt og traust skip, er útbúið sé hinum fullkomnustu tækjum til haf- og fiskirannsókna. Jafnframt fari fram á því rækileg athugun, á hvern hátt verði bezt hagað fiskileit á djúpmiðum og við strendur landsins. Að því er tekur til síldarleitar skal sérstök áherzla á það lögð að komast að niðurstöðu um það, á hverjum tíma árs hún sé vænlegust til góðs árangurs. Um þau atriði, sem í ályktun þessari greinir, skal ríkisstj. kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn í þessum málum."

Á grundvelli þessarar samþykktar hefur nú verið unnið að því að gera Ægi þannig úr garði, að hann geti með öðrum fiskirannsóknum einnig tekið þátt í fiskileit eða leit að miðum á hafi úti.

Hvað snertir almennar fiskirannsóknir, eru þær nú komnar í fullan gang í Ægi. Hann hefur fengið ratsjá, eins og kunnugt er, og hefur nú svipaða aðstöðu til þess að vinna að fiskirannsóknum og t. d. Norðmenn hafa, og er starfsemi þeirra á því sviði alkunn orðin.

Aftur á móti er ekki enn búið að búa Ægi þeim tækjum, sem þarf til þess að leita að miðum á hafi úti, en það er verið að vinna að þessu. Trollspil í skipið mun koma seinni hluta þessa sumars, þannig að Ægir á að vera tiltækur til þess seinni hluta þessa árs að geta einnig innt af hendi þetta verk, að leita að nýjum fiskimiðum.

En hér er um svo stórt og þýðingarmikið mál að ræða, að meðan Ægir er ekki tiltækur til þessara hluta, liggur opið við, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að ráðinn yrði togari í þessa miðaleit. Ég viðurkenni alveg fullkomlega, að fyrir Austurland og Norðurland, þar sem nú eykst togaraútgerð, er að sjálfsögðu mjög óhagkvæmt að þurfa að sækja alla veiði, sem lögð er á land á Austfjörðum og á Norðurlandi, hingað suður fyrir land eða út á Halamið, en það eru nú aðalveiðistöðvar togaraflotans. Þess vegna vil ég mæla hið bezta með þessari till., og þess mætti þá vænta, að meðan Ægir getur ekki sinnt þessu mikilsverða hlutverki, verði ráðinn togari til þess að leita að nýjum fiskimiðum.

Þetta vildi ég láta koma fram í sambandi við þessa tillögu.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj atkv.

Á 59. fundi í Sþ., 11. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur, þegar þessi till. var til fyrri umr. hér. Mér kemur hún dálítið undarlega fyrir sjónir. Till. er um það, að Alþ. skori á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að fram fari skipulögð leit að nýjum togaramiðum fyrir norðan land og austan og kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Nú er það svo, að ríkisstj. hefur til umráða í þessu skyni nokkurt fé, og það er víst hálfur mánuður eða um það bil síðan hæstv. fjmrh. benti mér á þessa þörf og mæltist sérstaklega til, að ég, sem fer með valdið f. h. ríkisstj. í þessum efnum, hlutaðist til um, að slík leit færi fram. Hann tjáði mér, að skipstjórinn á botnvörpungnum Austfirðingi, sem er aflamaður og mætur skipstjóri, hefði lagt mjög mikla áherzlu á, að þessi leit væri framkvæmd, og talið, að það mundi verða til úrbóta fyrir togaraútgerðina á Austurlandi. Ég tjáði fjmrh., að mér væri ljúft að verða við þessari ósk, og hélt ég þá sannast sagna, að málinu væri til lykta ráðið.

Mér hafði um svipað leyti borizt símskeyti frá Vestmannaeyjum, þar sem Vestmanneyingar fóru fram á, að leitað væri að fiskimiðum á þeirra fiskislóðum, og ég held, að tveimur dögum eftir að sú beiðni kom, hafi Ægir verið kominn þangað í slíka leit. Hún bar einhvern árangur og vonandi meiri í framtíðinni.

Þessi till. er frá mínu sjónarmiði meinlaus og gagnslaus. Það er það góð samvinna innan ríkisstj., að þegar fjmrh. fer fram á slíkt sem hér er mælzt til í þáltill. og færir fyrir þau rök, sem hann gerði, þá er það alveg sjálfsagt, eins og ég tjáði honum, að taka það til greina. Það er þess vegna óþarfi að flytja um það þáltill. nokkrum dögum eftir að þetta er afráðið milli hans og mín.

Ég hef séð einnig í einhverjum af blöðunum, að þetta þykir mikið merkismál, og ég tel, að það sé mikil nauðsyn á, þjóðarnauðsyn, að svona áríðandi samtöl, sem fara á milli fjmrh. og mín um þjóðþrifamálin, birtist í blöðunum sem fregnir af því, hvað margt þarft og ágætt ríkisstj. aðhefst.

Mér fannst rétt að láta þessa getið hér, um leið og þessi till. fær afgreiðslu, að hún er að því leyti meinlaus og gagnslaus, að hún hefði orðið framkvæmd af minni hendi, vegna þess að fjmrh. hæstv. benti mér á nauðsynina og færði fyrir henni rök, og get ég þar af leiðandi ekki haft neitt á móti till., en hún er málinu að því leyti óviðkomandi, að það hefði siglt heilt í höfn, hvað sem henni leið.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil benda á það í þessu sambandi, að fyrirhugað er að láta fara fram leit að fiskimiðum, en fjárveitingin í því efni er aðeins 250 þús. kr., og það er náttúrlega ekki vafi á því, að það þarf að hafa ráð á meira fé, til þess að leit fari fram svo sem nauðsynlegt er. Þess vegna tel ég mjög hyggilegt að samþykkja þessa till., sem heimilar fé í þessu skyni til viðbótar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vildi mega undirstrika það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ég skoða þá, að ég eigi von á meiri peningum frá honum til þess að leita að fiskimiðum, ef till. verður samþ., og þá hefur hún að því leyti þau áhrif, að hann fær þá að borga einn viðbótarreikning frá mér. En ég hugsa nú, svo að maður segi ekki meira en maður meinar, að mér hefði tekizt að öngla út úr honum til minna þarfa án þessarar þáltill.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég gat ekki verið við fyrri umr. þessa máls, en ég get tekið undir það, sem hér kom fram hjá hæstv. forsrh., að ég er einn af þeim, sem urðu heldur hissa, þegar ég sá þessa þáltill. Það liggur sem sagt fyrir, að Alþ. hefur gert samþykkt um málið, þar sem ríkisstj. hefur verið falið að annast þetta verk. Ég hafði hér tvívegis áður flutt till. um það, að efnt yrði til skipulegrar fiskileitar á djúpmiðum í kringum landið, og árangurinn af þessum till. mínum var m. a. sá, að fjvn. tók mína till. í síðara skiptið, sem ég flutti hana, ásamt till. frá hv. þm. Borgf. (PO) og sameinaði þær í eina till., og þetta var samþ. á Alþ. En það hafði gerzt meira í þessu máli en aðeins það að veita hér formlega samþykki til þess að annast þetta verk. Á seinni hluta s.l.

sumars hóf ríkisstj. framkvæmdir í þessum málum. Þá var efnt til fiskimiðaleitar við Austur-Grænland og togari tekinn á leigu, og þar var leitað eftir fiskimiðum, sem bar ágætan árangur. Um þetta leyti ræddi ég um þessi mál við hæstv. forsrh., sem lofaði þá, að það yrði einnig framkvæmd leit fyrir Austurlandi og Suðausturlandi samkv. dómi þeirra manna, sem þarna þekktu bezt til. Í framhaldi af þessu og samkvæmt ráðleggingum hans ræddi ég við fiskimálastjóra, Davíð Ólafsson, um framkvæmdir í málinu, en hann hafði einmitt gefið sig að þessum málum fyrir hönd ríkisstj. Ég ræddi einnig við dr. Hermann Einarsson, þann fiskifræðing, sem hafði farið í fyrri leitir með botnvörpuskipum í þessu skyni, og lýsti hann yfir því, að það mundi ekki standa á honum að fara með skipinu. Enn fremur var það svo vitað, að hafinn var undirbúningur að því að breyta fiskirannsóknarskipi ríkisins og varðskipi, Ægi, þannig, að hann yrði allvel útbúinn að togveiðarfærum til þess að geta framkvæmt leitina, og þetta hefur allt saman legið fyrir.

Ég fyrir mitt leyti hafði eftir þessum undirtektum öllum tilkynnt það alveg hiklaust í blaði, sem ég stend að að gefa út í mínum fjórðungi, að þessi fiskimiðarannsókn fyrir Austurlandi yrði framkvæmd og að fyrir lægju skýlaus loforð um það. Við höfum ekki efazt um, að þetta mundi verða gert. Nú kemur hins vegar fram þáltill. hér um það að skora á ríkisstj. að láta gera þetta. Það er út af fyrir sig gott og blessað mál, og ekki skal ég vera á móti því, að þessi fyrri samþykkt Alþ. sé endurtekin hér og enn á ný skorað á ríkisstj. að gera það, sem hún hefur tvímælalaust lofað að láta gera og mér er kunnugt um að hún hefur hafið undirbúning að.

Ég tel fyrir mitt leyti, að það sé von til þess, að eitthvað kunni út úr þessu að koma, málið er búið að hafa sinn eðlilega undirbúning og sinn eðlilega gang. Nú hefur það jafnvel fengizt hér fram í þessum umr. til viðbótar, að hæstv. fjmrh. er farinn að lofa peningum í þessu skyni til viðbótar við það fé, sem til þessa var beinlínis veitt á fjárl., sem voru 300 þús. kr., og þá skal maður vona, að eitthvað kunni út úr þessu að koma.

Ég skal svo ekki rekja það frekar, sem ég hef gert hér áður, hvernig þessi mál annars liggja við. En það er skoðun flestra togaraskipstjóra, að það sé aðkallandi mál að leita hér á djúpmiðunum í kringum landið, einkum á svæðinu suður fyrir land og norður undir Langanes, þar séu miklar líkur til þess, að finna megi ný karfamið, sem yrðu hagstæð fyrir fiskveiðaflotann.

Ég vil svo vona, að þessi till. verði samþ. aðeins sem ítrekun á málinu, en annað getur hún ekki þýtt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að lengja ekki umr. um þetta mál, enda situr það sízt á mér, þar sem ég er einn af flm. þess og vil gjarnan greiða fyrir því, að það verði samþ.

En þar sem ég er einn af flm. málsins og hef nú hlýtt á þessar umr., sem hér hafa farið fram nú um stund, vildi ég aðeins leyfa mér að benda á það, að þessi till. er flutt hér af þm. 5 kjördæma norðanlands og austan og er um það að skora á ríkisstj., — sem er mjög venjulegt orðalag í þáltill., — að beita sér fyrir því, að fram fari skipuleg leit að nýjum togaramiðum fyrir norðan land og austan.

Það er að vísu rétt, að í fjárl. yfirstandandi árs er veitt nokkurt fé til leitar að fiskimiðum. Sú heimild er almennt orðuð, en till. okkar þessara norðlenzku og austfirzku þm. lýtur að alveg sérstakri leit að fiskimiðum fyrir norðan land og austan. Ég vildi aðeins leyfa mér að benda á þetta. Hins vegar gleður mig mjög sá stuðningur, sem þetta mál hefur fengið og virðist eiga von á, bæði sá ágæti stuðningur, sem það hlaut í gær frá hv. þm. Borgf. (PO), og eins að heyra það, að hæstv. ráðh. muni taka þessu máli með velvilja og hafi jafnvel þegar haft á prjónum ráðstafanir í því sambandi, eins og nú hefur komið fram. Vænti ég þess þá, að till. okkar verði til styrktar í því efni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 798).

24. Atvinnuaukning.

Á deildafundum 9. maí var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ráðstafanir til atvinnuaukningar [204. mál] (A. 787).

Á 58. fundi í Sþ., 10. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég vil fyrst láta í ljós, að mér finnst ekki hafi verið þörf á því að ákveða tvær umr. um þessa till., því að eins og hún er orðuð, þá er a. m. k. ekki beinlínis farið fram á neinar greiðslur úr ríkissjóði hennar vegna. Og í annan stað er það, að eins og grg. till. ber með sér, þá er hún eins konar afgreiðsla á nokkrum till., sem lengi hafa legið fyrir allshn. þingsins, og mætti því að nokkru leyti skoðast sem nál. um þær till.

Þessar till., sem ég á við, eru aðallega um landhelgismál og mál, sem þeim eru mjög skyld.

Fyrsta till. af þessum, sem flutt var og vísað til n., var till. til þál. um ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum. Flm. var Sigurður Bjarnason o. fl.

Næsta till. var einnig frá þm. Vestfirðinga. Hún var um stækkun friðunarsvæða fyrir Vestfjörðum. Flm.: Hannibal Valdimarsson og Eiríkur Þorsteinsson.

Þriðja till. var um stækkun friðunarsvæða

eftir núgildandi meginreglum. Flm. var Karl Guðjónsson.

Sú síðasta, sem ég nefni, var till. um vernd á lífi og eignum Íslendinga gegn ágangi Breta.

Sumir flm. þessara till. eru kannske óánægðir yfir því, að n. hefur ekki sérstaklega afgreitt hverja þeirra, en ég get upplýst, að það er ekki sökum þess, að n. hafi ekki athugað þessi mál. Hefur hún oft tekið þessar till. til umr. og athugað þær gaumgæfilega, m. a. hafði n. á einum fundi sínum hæstv. forsrh. til viðræðu um þessi mál.

N. komst að þeirri niðurstöðu, að eins og sakir stæðu væri það ekki hagsmunum Íslands til framdráttar að samþ. þessar till. eða afgreiða þær.

Það er öllum hv. þm. kunnugt, að hæstv. ríkisstj. hefur þessi mál til athugunar og þá sérstaklega í sambandi við þær aðgerðir, sem íslenzka ríkið hefur þegar gert, og n. er kunnugt um það, að ríkisstj. hefur sér til aðstoðar hina beztu sérfræðinga í þessum málum, útlenda og innlenda, og hún mun gera það, sem yfirleitt er hægt að gera, eins og sakir standa.

N. hefur því fallizt á það og þar með flm. sumra þessara till., sem sæti eiga í n., að það væri málinu bezt eins og sakir standa að fást ekki frekar við þessar till. á þinginu eða gera háværar till. og yfirlýsingar hér á Alþ., heldur hitt, þegar þar að kæmi, að þing og þjóð stæðu sem bezt að baki hæstv. ríkisstj., þegar til aðgerða kemur.

Tvær af þessum till. má segja að fjalli um fleira en landhelgismál, þ. e. fyrsta till., sem ég nefndi, á þskj. 22, og að nokkru leyti líka till. á þskj. 47. Báðar eru út af því ástandi, sem skapazt hefur á Vestfjörðum, meðfram vegna og kannske svo til eingöngu vegna aukinnar ágengni togara á fiskimið Vestfirðinga, sem mun vera að nokkru leyti afleiðing af aukinni friðun eða stækkun landhelginnar, sem gerð var, því að togararnir hafa hörfað t. d. úr Faxaflóa og af Breiðafirði og þangað vestur einmitt vegna þess. N. áleit þó ekki rétt að mæla með þessum till., hvorugri þeirra.

Till. á þskj. 47 snertir mjög mikið landhelgismál. Ég hef áður gert grein fyrir því, að n. telur réttast, að þau mál hvíli sig í Alþ., en séu til meðferðar á öðrum vettvangi, og till. á þskj. 22 er einhliða um ráðstafanir vegna Vestfjarða, og að sumu leyti er till. orðin úrelt, síðasta málsgrein hennar a. m. k. Þess vegna er það, að í staðinn fyrir að afgr. þessar till. ber n. fram sérstaka till. til þál. á þskj. 787 um ráðstafanir til atvinnuaukningar, sem fjallar um það, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta fram fara rannsókn á því fyrir næsta þing, hverjar ráðstafanir séu tiltækilegar til þess að bæta úr atvinnuerfiðleikum þeirra landshluta, sem harðast hafa orðið úti vegna vaxandi rányrkju fiskimiða.

Ég vonast eftir því, að það geti orðið samkomulag um það að samþ. þessa till. hér í hinu háa Alþ. og að flm. þeirra till., sem ég hef nefnt, geti eftir atvikum sætt sig við þá afgreiðslu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er fylgjandi þeirri till. til þál., sem hér liggur fyrir á þskj. 787 frá hv. allshn., en ég hafði hugsað mér að bera fram lítils háttar brtt. við till. og hafði komið henni á framfæri, en hún virðist ekki enn vera komin úr prentun.

Ég vil því leyfa mér að leggja hér fram skriflega brtt. um það, að aftan við tillgr. sé bætt fjórum orðum, og vil ég leyfa mér að lesa till. eins og hún yrði, þegar þessum fjórum orðum yrði bætt við, og þarf brtt. þá ekki frekari skýringar við. Till. mundi þá hljóða með áorðinni breytingu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á því fyrir næsta þing, hverjar ráðstafanir séu tiltækilegar til þess að bæta úr atvinnuerfiðleikum þeirra landshluta, sem harðast hafa orðið úti vegna vaxandi rányrkju fiskimiðanna eða skorts á atvinnutækjum."

Ég tel mig ekki þurfa að fara um efni þessarar brtt. mörgum orðum. Ég tel rétt, að um leið og sinnt er því verkefni, sem till. gerir ráð fyrir, fyrir þá staði, sem þar eru tilgreindir, sé jafnframt athuguð nauðsyn þeirra staða eða landshluta, sem vegna skorts á atvinnutækjum og þá einkum skipum hafa orðið hart úti.

Ég vona, að hv. n. geti fallizt á þessa brtt. mína, og vil biðja hæstv. forseta að leita um hana afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 791) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka það fram í tilefni af þessari till., að ég lít ekki á hana sem neina afgreiðslu á þeirri þáltill., sem ég bar hér fram í upphafi þings um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum. Það er alveg laust við það mál, þó að hæstv. ríkisstj. kunni að vera falið að gera einhverjar athuganir á því, hvaða ráðstafanir séu tiltækilegar til að bæta úr atvinnuerfiðleikum í einum eða öðrum landshluta, að það er orðin brýn þörf á því, að færð sé út landhelgislínan fyrir Vestfjörðum, og er mál alveg út af fyrir sig og verður ekki fært í neinar þær voðir, sem breiði yfir það, hvorki gagnvart Íslendingum né öðrum þjóðum. Og annaðhvort er að taka afstöðu með slíkri till. eða á móti. Ef það á að vera einhver fín „taktik" gagnvart Englendingum, þá er það alveg áreiðanlegt, að það er aldrei hægt að afgreiða það mál án þess, að þeir viti af því, og ég sé ekki, hvað við eigum á hættu gagnvart Bretum í því máli. Þeir eru búnir að setja bann á afgreiðslu á ísuðum fiski í enskum höfnum frá Íslandi, og þeir gera það ekki aftur. Að öðru leyti kemur þeim ekkert við, hvað Íslendingar gera í sínum landhelgismálum. Aðrar þjóðir eru búnar að ákveða hjá sér landhelgi, ýmist 8 mílur, 12 mílur, 16 mílur, 50 sjómílur eða upp í 200 sjómílur, og Bretar hafa ekkert getað gert við því. Þessar þjóð-

ir fara sínu fram um þau mál. Hér er sýnt og sannað, að vegna rýmkunarinnar á landhelgislínunni fyrir öðrum landshlutum hefur rányrkjan aukizt fyrir Vestfjörðum, og ég veit ekki, hvort það er ætlun manna að bíða eftir því, að þessi landshluti leggist í auðn. Það er þörf á að gera þessa breytingu, svo mikil þörf, að það má heita lífsnauðsyn. Á síðustu vetrarvertíð og í fyrra var hver báturinn á fætur öðrum keyrður í kaf af brezkum togurum á Vestfjarðamiðum, af því að vélbátasvæðin eru ekki friðuð. Alþingi daufheyrist þing eftir þing, og ríkisstj. felur sínum þm. að vefja þetta innan í einhvern silkipappír frá ári til árs, og kann ég þeim enga þökk fyrir það.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það segir sig sjálft, að n. hefur ekki beinlínis tekið till. hv. þm. N-Þ. (GíslG) til athugunar, þar sem hún er borin fram hér á þessum fundi skriflega, en ég fyrir mitt leyti verð að segja það, að mér finnst hún réttmæt og ekki skemma efni aðaltillögunnar á nokkurn hátt. Skil ég ekki í öðru en að hv. meðnm. mínir fallist á það. Annars verða vitanlega atkv. úr því að skera, og er ég ekki að gera tilraun til að binda þeirra atkv. á neinn hátt um þetta, en mér finnst, að till. megi vel samþykkjast og að þessu verði bætt við þáltill.

Út af ræðu hv. 3. landsk. (HV) vil ég aðeins segja það, að að þessari till. á þskj. 204 stendur öll allshn. Sþ., en í n. eiga sæti fulltrúar frá fjórum flokkum þingsins, öllum nema Þjóðvfl., þ. á m. frá flokki hv. 3. landsk. þm. Í öðru lagi vil ég segja það, að meðflm. hans að þeirri till., sem hann flutti hér snemma á þinginu, á sæti í n. og féllst á þessa afgreiðslu. Í þriðja lagi vil ég taka það fram, að bæði af viðtali við hæstv. forsrh. og á annan hátt er n. fullkunnugt um það, að það er verið að vinna að landhelgismálum Íslands eins og hægt er, og viljayfirlýsing Alþ. getur engu breytt, að því er n. álítur, í því efni.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Sþ., 11. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 787, 791).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, að það sýnist orðin tízka, að menn láti í ljós undrun sína, ef menn eru hissa, sbr. það, sem hæstv. forsrh. sagði hér um næsta mál á undan. Ég vildi bara segja, að ég er eiginlega alveg hissa á því, að þessi till. skuli koma hér fram. Ég veit ekki betur en að ríkisstj. hafi talað um það af og til í allan vetur að láta fara fram athugun á því, hverjar ráðstafanir væru tiltækilegar til þess að bæta úr atvinnuerfiðleikum þeirra landshluta, sem eiga við atvinnuerfiðleika að búa, ekki sízt þeirra landshluta, sem hafa orðið fyrir erfiðleikum vegna ágangs togara, og ég læt í ljós undrun mína yfir því, að þm. skuli flytja till. um það, sem stjórnin hefur rætt um og jafnvel hugsað sér að láta gera. Samt sem áður vil ég lýsa yfir því, að ég er mjög fylgjandi þessu máli og afar ánægður yfir því, að það hefur komið fram, þó að það standi svo einkennilega á, að stjórn og þingmenn hafa sýnilega áhuga fyrir sama málinu.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er aðeins út af þessari undrun hæstv. fjmrh. — Ég býst við, að það hafi hent hann eins og algengt er um hæstv. ráðh., að þeir eru ekki ævinlega hér í þingsölunum, þó að rædd séu mál, og að hann hafi ekki verið við fyrri umr. þessa máls og ekki veitt því athygli, sem í grg. stendur, að fyrir utan efni till. sjálfrar er hún eins konar afgreiðsla allshn. þingsins á fjórum till., sem til n. hefur verið vísað. N. vildi a. m. k. gera nokkuð hreint fyrir sínum dyrum um þau mál, sem til hennar var vísað, þó að henni þætti hyggilegast, að það væri á þennan hátt í staðinn fyrir að afgr. hverja einstaka till.

ATKVGR.
Brtt. 791 samþ. með 35 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 799).

Þingsályktunartillögur felldar.

1. Strandferðir (fyrri till. GíslJ og SÁ).

Á deildafundum 18. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rekstur strandferða og flóabáta [46. mál] (A. 50).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef hér ásamt hv. þm. Snæf. (SÁ) borið fram á þskj. 50 till. til þál. um rekstur strandferða og flóabáta, þess efnis, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að leita nú þegar samninga við Eimskipafélag Íslands og S. Í. S. um, að þau taki að sér frá næstu áramótum eða svo fljótt sem verða má allar strandferðir og flóabátaferðir umhverfis landið. Þessa till. fluttum við á síðasta Alþ., og till. fékk þá mjög svo óþinglega meðferð, eins og kunnugt er, þar sem ekki var samþ. að vísa henni til síðari umr. og n., og er því sjálfsagt að bera hana hér fram aftur til þess að fá endanlega úr því skorið, hvort ekki sé hægt að fá þinglega meðferð á svo stóru máli og sjá, hvernig meiri hl. Alþingis tekur því.

Ég get að langmestu leyti vísað til þeirrar grg., sem fylgdi þá þáltill., og til þeirra umræðna, sem fóru þá fram hér í hv. sameinuðu þingi, og umræðna, sem fóru fram í blöðum landsins um þetta mál á þeim tíma, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka eða rifja upp mikið af þeim meginatriðum, sem þar komu fram, hv. þingmönnum er það svo vel ljóst.

Mál þetta vakti þá geysiathygli um allt land og það svo, að öðru stjórnarblaðinu, Tímanum, þótti full ástæða til þess að láta forstjóra stofnunarinnar rita langar og margar greinar um málið til þess að hefja sterkan áróður gegn því, ekki einungis innan þings, heldur utan. En þrátt fyrir allan slíkan áróður snerist fólkið með till. og gegn áróðrinum, og þegar svo var komið málum, sá Framsfl. ekki fram á annað en hann yrði að grípa til þess að semja við stjórnarandstöðuna um að fella till. frá n. og frá síðari umr., nota hér óþinglega aðferð í jafnstóru máli og handjárna svo alla sína flokksmenn til þess að greiða atkv. á þann hátt, sem hann vildi. Ég efa, að Framsfl. telji sér það hagsmunamál að beita slíkum aðferðum hvað eftir annað, og vil því freista þess að sjá, hvort hann hefur ekki vitkazt í þessu máli, eftir að hann hefur getað kynnt sér betur hugi landsmanna um till., því að það er vitanlegt, að mikill hluti landsmanna er á þeirri skoðun, að þessi till. ætti fram að ganga.

Ég hefði getað skilið, að þeir menn, sem vildu ekki láta till. ná fram að ganga, hefðu fært fyrir því einhver rök, að erfitt væri að koma á slíku samkomulagi eins og hér er farið fram á. En það hreyfði enginn slíkum mótmælum, hvorki hér í Alþingi né í þeim blöðum, sem hófu upp áróður gegn till., enda hafði Tíminn sagt þjóðinni frá því rétt áður, að nú ætti að gefa Eimskipafélagi Íslands marga tugi milljóna fyrir ekki neitt. Og þegar hann var búinn að fræða þjóðina um slíkt, þá var náttúrlega erfitt fyrir hann að halda því fram, að engan veginn væri hægt að koma á samningum við þessa aðila, sem þá sameiginlega áttu að þiggja allar þessar milljónir. Það benti því allt til þess, að það væri engan veginn útilokað að koma þessum samningum á, sem þáltill. ræðir um. Og það var einmitt þess vegna, sem sjálfsagt var að leyfa að láta till. fá þinglega afgreiðslu og leita svo eftir þessum samningum til þess að fá endanlega úr því skorið, hvort það væri unnt að þoka málinu inn á þessa braut. En afstaða Framsfl. í málinu á síðasta þingi varð á engan hátt skilin öðruvísi en þannig, að hann vildi á engan hátt láta skyggnast ofan í rekstur þessa fyrirtækis, sem Framsfl. hefur stjórnað svo prýðilega frá byrjun. Það eru að vísu til menn í þessu landi, sem líta svo á, að þar hefði á ýmsum tímum mátt koma við margvíslegum umbótum til hagsbóta fyrir ríkissjóð og þegnana, en það hafa bara verið vondir menn að áliti Framsfl., sem hafa ekki skilið þjóðhollustu flokksins almennt. Það átti þó ekki að geta orðið til þess, að ekki væri leyft að skyggnast hér undir faldinn, því að sjálfsagt hefði það verið til þess að styrkja álit Framsfl. í landinu, þegar opinberlega hefði orðið vist, að betur mátti ekki gera en gert hefur verið hér á undanförnum árum í sambandi við þetta fyrirtæki.

Þegar hæstv. fjmrh. hélt sína fjárlagaræðu við 1. umr. fjárlaganna, benti hann á, að menn mættu ekki vera svo bjartsýnir að halda, að

það væri hægt að draga úr þeim kostnaði, sem strandferðirnar hefðu í för með sér; hann mundi aukast ár frá ári. Og það hefur einmitt komið fram allt, sem ég sagði um þetta mál í fyrra. Tapið hefur aukizt, fer sívaxandi, sbr. ræðu hæstv. ráðherra. Flutningarnir fara minnkandi, skipastóll annarra aðila fer vaxandi og flutningar þeirra aukast beint á hafnirnar, sem ríkisskipin sigla á og hafa siglt á. Ferðum ríkisskipanna til syðri landa fer fjölgandi með vaxandi gjaldeyriseyðslu fyrir þjóðina og vaxandi frátöfum frá vinnunni við framleiðslustörfin heima fyrir. Flugferðir og bifreiða innanlands vaxa árlega, svo að það er sýnilegt, eins og ég tók fram í fyrra, að Skipaútgerðin er dæmd til þess að tapa þessum leik, enda hefur hæstv. ráðh. viðurkennt það í sinni fjárlagaræðu.

Það var m. a. eitt ágreiningsefnið í fyrra milli mín og einkum og sér í lagi forstjóra Skipaútgerðarinnar, sem eins og ég sagði var falið að halda uppi löngum og hörðum áróðri dögum og vikum saman í framsóknarblaðinu, að ég færi þar rangt með tölur, þegar ég héldi því fram, að þessi liður á fjárlögunum kostaði nærri 10 millj. kr. Nú leggur hæstv. fjmrh. fram í þingi hér gögn, sem eru rothögg framan í þennan ágæta forstjóra. Það var áætlað eftir þeim upplýsingum, sem þá lágu fyrir frá hæstv. ráðherra og frá Skipaútgerð ríkisins, að í þennan lið þyrfti ekki nema 6 006 079 kr. árið 1953, en það er orðið 9 527 473,39 kr. eftir upplýsingum frá sjálfum fjmrh. Það var áætlað einnig af Alþ. í fyrra, að þessi liður skyldi vera hækkaður upp í 8 167 500 kr., og hækkunin var miðuð við það, að þá ætti að fara fram alveg sérstök viðgerð á einu af strandferðaskipunum og þess vegna þyrfti sérstaklega þessa hækkun á þessu ári. Það liggur ekki fyrir nein skýrsla um það, hvað kostnaðurinn hefur orðið eða tapið hefur orðið á þessu ári. En ég læt mig ekki dreyma um, að hann hafi orðið einni krónu minni en er á fjárlögunum. Annars fær sjálfsagt hv. fjvn. upplýsingar um það, áður en þingi lýkur. — Það er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir því, að til þessara mála verði varið á þessu ári 8 687 500 kr., sem bendir til þess, að þegar fjárlagafrv. var samið, hafi hæstv. ráðh. haft um það glöggar upplýsingar frá Skipaútgerðinni, að þessi 8,1 millj., sem áætluð er á fjárlögunum í ár, dygði ekki, þrátt fyrir það að búið væri að ljúka þessum sérstöku viðgerðum, svo að allt bendir til þess, að þetta sé sívaxandi, eins og ég hef tekið fram, og er þá allt saman vitni gegn þeim rökum, sem færð voru fram á s.l. ári í þessu máli. Ég tel, að þetta séu allathyglisverðar upplýsingar fyrir hv. alþingismenn, þegar þeir eiga að dæma um það, hvort þeir eigi að leyfa þessu máli a. m. k. að fá þinglega meðferð.

Hæstv. ráðh. gat þess einnig í sinni fjárlagaræðu, að menn mættu ekki búast við því, að það væri hægt að skera niður verulega rekstur ríkisins, nema því aðeins að draga á sama tíma úr einhverri af þeirri þjónustu, sem ríkið nú innir af hendi. Ég er honum alveg sammála um þetta. Hann spurði þá jafnframt og hefur nú flutt þá spurningu hér mörg undanfarin ár, síðan hann tók við þessu starfi, hvort menn vildu krefjast niðurskurðar á útgjöldum, láta draga úr framlagi til menntamála, heilbrigðismála, félagsmála, verklegra framkvæmda og annarra þeirra mála, sem ríkið nú styrkir eða starfrækir. En án þess að þetta liggi fyrir, sagði hæstv. ráðh., er ekki unnt að tala um sparnað á ríkisrekstrinum. En nú stendur einmitt svo á, að hér er hægt að gera verulegan sparnað, sem nemur milljónum, án þess að minnka þá þjónustu, sem fólkið hefur af þessari starfsemi í landinu. Það hafa verið færð að því sterk rök, að þjónustan verður betri og öruggari með því að fara þær leiðir, sem ég hef lagt til, og það er a. m. k. sjálfsagt fyrir hv. Alþ. að fá úr því skorið, hvort þetta sé á rökum reist eða hvort það sé ekki unnt að gera það. Það er þess vegna alveg sérstakt tækifæri fyrir hæstv. ráðh. nú að gera hvort tveggja í senn: skera stórkostlega niður, svo að skipti hvorki meira né minna en 8—10 millj. kr. á fjárlögunum, og á sama tíma gefa þjóðinni betri þjónustu í samgöngumálunum en nú er, sbr. þá breytingu, sem gerð var á sérleyfisferðunum, þegar það var tekið af ríkissjóði og létt þar milljónaútgjöldum og á sama tíma bættar miklu meira samgöngurnar á þeim svæðum en nokkurn tíma hafði verið og nokkru sinni hefði orðið, ef ríkissjóður hefði haldið því áfram.

Ég mun láta þetta nægja. Ég vísa að öðru leyti til þess, sem ég hef sagt áður um þetta mál, og þeirra gagna, sem fyrir liggja, og óska, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjvn., sem ég þá veit að mun gefa álit út um málið og leggja fyrir, að það verði afgreitt í þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Fellt að vísa till. til síðari umr. með 27:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JS, JR, KJJ, MJ, PO, SÓÓ, BergS, BBen, KS, EI, GilsG, GíslJ, GTh.

nei: HV, HG, HelgJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, SG, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BrB, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, FRV, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, JörB.

7 þm. (HermJ, JPálm, LJóh, ÓTh, SÁ, SB, EggÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Við þessa atkvgr. um að vísa málinu til nefndar vil ég leyfa mér að taka það fram, að ég er málinu í sjálfu sér — till., sem fyrir liggur og efni hennar — algerlega andvígur og mundi greiða atkvæði gegn henni við endanlega afgreiðslu málsins. Hins vegar tel ég enga ástæðu

til þess að neita þessu máli eða öðrum um þinglega afgreiðslu, og þess vegna segi ég já við að vísa málinu til 2. umr. og nefndar.

2. Vantraust á menntamálaráðherra.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um vantraust á menntamálaráðherra [58. mál] (A. 74).

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (JörB): Samkomulag hefur orðið milli þingflokkanna um skiptingu ræðutíma þannig, að hver flokkur hefur yfir að ráða 50 mín., er skiptist í tvær umferðir, 30—35 mín. í fyrri umferð og 15 mín. í seinni umferð fyrir hvern flokk.
Röð flokkanna í umræðunum er þessi:
Í fyrri umferð: 1. Þjóðvfl. 2. Sjálfstfl. 3. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl. 4. Framsfl. 5. Alþfl.
Í annarri umferð verður röð flokkanna þessi: 1. Þjóðvfl. 2. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl. 3. Alþfl. 4. Sjálfstfl. 5. Framsfl.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Aðrir góðir Íslendingar. Eftir að íslenzka þjóðin tók að rétta við að loknu margra alda skeiði áþjánar og niðurlægingar, hefur hún sýnt ótvíræðan vilja til að lifa menningarlífi í því landi, sem forsjónin gaf henni. Framfarir hafa orðið örar á mörgum sviðum og tækniþróunin næsta stórstíg. Margt hefur að því stuðlað að leysa úr læðingi þá krafta, sem búa með þjóðinni. Kunna að vera um það skiptar skoðanir, hvaða aflgjafa einkum beri þar að nefna. Sá maður mun þó torfundinn, sem heldur því fram í alvöru, að framfarirnar séu að þakka góðu og farsælu stjórnarfari hin síðari ár. Á alla hugsandi menn mundi slík staðhæfing orka sem hlægilegt öfugmæli. Hitt er sönnu nær, að þjóðinni hefur auðnazt að rísa á legg þrátt fyrir óstjórn þá, sem í vaxandi mæli hefur einkennt framferði íslenzkra valdhafa nú um helzt til langa hríð. Það er ekkert launungarmál, að hér á landi þróast meiri stjórnmálaspilling og skefjalausari misbeiting valds og trúnaðar en þekkist í nokkru öðru ríki, þar sem pólitískur þroski er spölkorn á veg kominn. Hliðstæðu er einungis að finna í löndum, sem standa á lægsta þrepi stjórnarfarslegrar menningar.
Meðferð opinbers fjár hefur einkennzt af fullkomnu gáleysi, sukki, jafnvel óráðvendni. Ráðherrar hafa orðið berir að því að veita meðráðh. sínum án allra lagaheimilda fríðindi á kostnað ríkissjóðs. Upp í opinberan skatt, sem æðstu valdamenn þjóðarinnar beittu sér fyrir að lagður var á þegnana, hafa sjálfir þeir leyft sér að afhenda ónýtt skran, sem ekki hefur einungis orðið ríkissjóði verðlaust, heldur jafnvel byrði og kostnaðarauki. Embætti og stöður hafa verið stofnaðar að þarflausu og í algeru heimildarleysi, ef hygla þurfti pólitískum gæðingum. Þess eru ófá dæmi, að troðið hefur verið upp á forstjóra ríkisfyrirtækja skósveinum ráðh., þótt starfslið væri kappnóg fyrir. Þrásinnis hafa vikapiltar stjórnarflokka og venzlamenn ráðh. verið settir í opinber störf og stöður, en gengið fram hjá fólki, sem meiri hafði verðleika. Fyrir aðgerðir stjórnarvalda hafa spákaupmenn rakað til sín milljónagróða á kostnað atvinnuvega þjóðarinnar og allrar alþýðu. Útflutningsverzlunin hefur verið einokuð til hagsbóta fyrir áhrifamikla gæðinga. Yfir því hefur verið dyggilega vakað, að einungis menn með réttan pólitískan lit kæmust að kjötkötlunum. Almenningur í landinu hefur orðið að borga reikning allrar þessarar ráðsmennsku.
Þessi misnotkun valda og trúnaðar hefur síður en svo legið í láginni eða verið höfð í hvíslingum einungis undanfarin missiri. Brigzlyrðin hafa gengið milli flokka og þó einkum milli stjórnarflokkanna sjálfra. I óteljandi blaðagreinum og ræðum hafa stjórnarliðar lýst ávirðingum hver annars og borið samstarfsflokkinn þungum sökum, sem því miður hafa of margar verið sannar. Hverri ásökun hefur tafarlaust verið svarað með gagnásökun. Tónninn hefur allajafna verið þessi: Ekki eruð þið betri, ykkur væri sæmst að þegja. — Síðan hefur komið ræki leg upptalning á syndaregistri hins stjórnarflokksins. Að lokum er svo jafnan klykkt út með ályktun, sem í stuttu máli er hægt að orða eitthvað á þessa leið: Við erum ekki siðlausari en þið. Þið hafið svo margvíslegt misferli á samvizkunni, stjórnarbræður sælir, að okkur ætti að vera leyfilegt að jafna dálitið metin. — Ekki kæmi mér á óvart, góðir hlustendur, þó að þið fengjuð að heyra óminn af þessari röksemdafærslu í ræðum manna síðar hér í kvöld. Mér er jafnvel ekki grunlaust um, að hver um sig hinna gömlu flokka fagni því í leyni, þegar andstæðingurinn fremur afglöp, því að þá finnst þeim, að þeir eigi inni og geti hafið þá innstæðu síðar, þegar tækifæri gefst og bitlingsverður flokksmaður þarf á að halda.
Öll þjóðin þekkir af sárri og helzt til langri reynslu, hvernig þessi svikamylla hefur gengið undanfarin ár. Margir hafa horft á það með ugg, en án verulegrar andspyrnu, hvernig ráðamenn þjóðarinnar hafa verið að brjóta niður meginsúlur pólitísks siðgæðis í landinu. Ég ætla, að nú sé komið fram á elleftu stund og ekki seinna vænna fyrir íslenzku þjóðina að rísa upp og knýja fram breytta stefnu og bætta siði um stjórnarfar, ef þingræði og lýðræði á að verða líft í þessu landi. Þann leik, sem nú stendur sem hæst, verður að stöðva. Þeim mönnum á ekki að verða vært í valdastólum, sem misnota þann trúnað, sem þeim hefur verið sýndur.
Þjóðvfl. Íslands hefur allt frá stofnun gagnrýnt harðlega þá misbeitingu valda, sem átt hefur sér stað í íslenzku þjóðfélagi. Hann hef-

ur sýnt fram á það með órækum dæmum, að allir eru hinir gömlu flokkar sekir í þessum efnum, þó að syndabyrði núverandi stjórnarflokka sé óneitanlega miklu mest. Allir hafa gömlu flokkarnir gengið undir próf í stjórnarfarslegu réttlæti og siðgæði og allir fjórir, hver og einn einasti, hafa fallið á því prófi.

Við þjóðvarnarmenn höfum bent á þá hættu, sem fólgin er í misbeitingu veitingavalds í höndum hlutdrægra, pólitískra ráðh., og gert það, sem í okkar valdi stóð, til að stemma stigu við henni. Á síðasta Alþ., þegar frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var til meðferðar, fluttum við till., sem að því stefndi að setja skynsamlegar reglur um stöðuveitingar, er reist hefðu nokkrar skorður við misbeitingu veitingavalds. Þessi till. okkar var felld. Stjórnarflokkarnir kærðu sig ekki um nein slík ákvæði í lögum. Nú höfum við borið fram frv. um þetta efni, og verða afdrif þess nokkur prófsteinn á það, hvort hv. alþm. hafa eitthvað lært af reynslunni.

Í beinu og rökréttu framhaldi af þeirri gagnrýni, sem Þjóðvfl. hefur haldið uppi á spillingarkerfi gömlu flokkanna, höfum við þm. flokksins nú flutt till. til þál. um það, að Alþ. lýsi vantrausti á núverandi menntmrh., Bjarna Benediktsson. Það skal þegar tekið fram, að þó að sá háttur hafi verið á hafður að flytja vantraust á einn ráðh. aðeins af sex, sem allir eiga margfalt vantraust skilið, felst ekki í því af okkar hálfu vilji til nokkurrar linkindar gagnvart ríkisstj. í heild, heldur allt aðrar ástæður, sem ég mun síðar gera grein fyrir. Einnig vil ég leggja áherzlu á það, að till. þessi er ekki einungis vantraust á Bjarna Benediktsson, heldur er hún jafnframt og ekki síður vantraust á það spillingarkerfi, sem hér hefur verið innleitt og hæstv. menntmrh. er aðeins einn af fleiri fulltrúum fyrir, en óneitanlega atkvæðamikill og athafnasamur fulltrúi. Hæstv. menntmrh. er engan veginn sá eini, sem gert hefur sig sekan um misbeitingu valda, en ýmsir nýlegir atburðir eru þess eðlis, að á stefnu hans í menntamálum hefur verið varpað næsta skæru ljósi.

Þess er skemmst að minnast, að á þessu hausti hafa nokkrar embættaveitingar þessa hæstv. ráðh. sætt mjög harðri og almennri gagnrýni, enda eru sumar þeirra með þeim hætti, að óverjandi hljóta að teljast. Nefni ég þar fyrst veitingu skólastjórastöðu við barnaskólann á Akranesi, enda er það sú ráðstöfunin, sem mér lízt fráleitust. Umsækjendur um þá stöðu voru sex, og hlaut sá maður stöðuna, sem langminnsta kennarareynslu hafði allra þeirra, er sóttu. Meðal umsækjenda var landskunnur og farsæll skólamaður, Eiríkur Sigurðsson yfirkennari á Akureyri, — maður, er lengi hefur gegnt kennara- og yfirkennarastörfum við ágætan orðstír. Hlaut hann meðmæli meiri hluta fræðsluráðs og fræðslumálastjóra. Meðal annarra umsækjenda voru reyndir kennarar við barnaskólann á Akranesi. Þrátt fyrir þetta leyfir hæstv. menntmrh. sér að setja í embættið mann, sem að vísu hefur lokið kennaraprófi fyrir allmörgum árum, en lengst af stundað algerlega óskyld störf. Getur engum blandazt hugur um, að veiting þessi er stórlega ámælisverð og beinlínis hnefahögg í andlit íslenzkrar kennarastéttar.

Nokkru síðar veitti ráðh. skólastjórastöðuna við barnaskólann í Hafnarfirði. Þar voru umsækjendur tveir. Annar þeirra var yfirkennarinn við skólann, Stefán Júlíusson, kunnur skólamaður, er hlotið hafði góða framhaldsmenntun og gegnt með sóma skólastjórastörfum við þennan skóla s.l. ár. Meiri hluti fræðsluráðs og fræðslumálastjóri mæltu fastlega með Stefáni. Ástæðan til þess, hve fáir sóttu um embætti þetta, var sú ein, að flestir töldu sjálfsagt, að Stefán fengi stöðuna. Hinn umsækjandinn um þessa stöðu hafði og lengi verið kennari og gegnt skólastjórastöðu í litlum skóla að sögn við góðan orðstír, en auk þess hafði hann þann kost að vera flokksbróðir ráðh., en það er Stefán Júlíusson hins vegar ekki. Það réð úrslitum. Flokksbróðir ráðherrans fékk stöðuna.

Viðskipti hæstv. menntmrh. og Háskóla Íslands eru ljóst dæmi þess, hvernig þeir menn, sem ánetjazt hafa spillingarkerfi íslenzkra valdaflokka, fleygja fyrir borð fyrri skoðunum, þegar þeim býður svo við að horfa. Hæstv. ráðh. hefur nú staðið í svipuðum sporum og menntmrh. Íslands fyrir 18 árum, er þá var Haraldur Guðmundsson, núverandi formaður Alþfl. Haraldur sætti þá mikilli gagnrýni fyrir veitingu prófessorsembættis í lögfræði. Var honum borið á brýn að hafa lítilsvirt háskólann og gengið freklega á rétt hans. Sá maðurinn, sem þá gekk fram fyrir skjöldu í ádeilum á Harald Guðmundsson, var þáverandi lagaprófessor, núverandi hæstv. menntmrh., Bjarni Benediktsson. Hélt hann þá mjög fast fram þeirri kenningu, að háskólanum bæri algert sjálfdæmi um embættaveitingar innan stofnunarinnar. Taldi hann það ósvífni, er Haraldur Guðmundsson skipaði þann umsækjandann í embættið, sem aðeins fékk meðmæli eins af þremur prófessorum lagadeildar. Nú hefur Bjarni Benediktsson oftar en einu sinni átt þess kost að virða sjálfsákvörðunarrétt háskólans. Hann hefur gert það með þeim hætti að skeyta sýnu minna um vilja háskólans en sá ráðh., er hann gagnrýndi áður harðast. Nú skal ég alveg láta það liggja milli hluta, hvort fylgja beri afdráttarlaust þeirri kenningu, að ríkisháskóli hafi algert sjálfdæmi um embættaveitingar innan vébanda sinna. En hitt er svo ljóst sem verða má, að hæstv. núverandi menntmrh. hefur litið þannig á. Er vert að minnast þess, um leið og litið er á afskipti hans af málum háskólans, en þau hafa m. a. verið þessi:

S.l. vetur hafði háskólinn ráðið til prófdómarastarfa í sögu Skúla Þórðarson magister. Starfaði hann við miðsvetrarpróf, en er menntmrh. frétti það, brá hann við hart og krafðist þess, að háskólinn tilnefndi þrjá menn, er valið skyldi á milli í prófdómarastarfið. Háskólinn tilnefndi þá Skúla Þórðarson, en til vara tvo menn aðra. Var annar þeirra landskunnur sagnfræðingur og fyrrverandi prófessor í sögu, Barði Guðmundsson þjóðskjalavörður. Hinn maðurinn, Stefán Pétursson, hafði að vísu lagt stund

á sögu, en ekki lokið prófi. Hins vegar hafði hann þann höfuðkost frá sjónarmiði Bjarna Benediktssonar, að hann er ákafur vopnabróðir hans og samherji í utanríkismálum. Þessi maður fann náð fyrir augum ráðh. og hlaut starfið.

Við próf í stærðfræði gerðist áþekk saga. Háskólinn lagði til, að prófdómari yrði í þeirri grein kunnur lærdómsmaður og stærðfræðingur. Ráðh. mun hafa alið þann grun í brjósti, að maður þessi kynni að vera öndverður sér í pólitík, og hefur maðurinn þó lítil eða engin opinber afskipti haft af stjórnmálum. En fyrrgetinn grunur nægði þó til þess, að ráðh. taldi ástæðu til að virða að vettugi óskir háskólans. Skipaði hann flokksbróður sinn til starfans, gegnan mann að vísu, en þó ekki þann manninn, sem háskólinn hafði beðið um.

Við veitingu dósentsembættis í guðfræði nú á þessu hausti reyndi enn á fylgi ráðh. við þá kenningu sjálfs hans, að háskólinn einn ætti öllu að ráða um veitingar embætta innan stofnunarinnar. Umsækjendur voru tveir ungir, ágætlega menntaðir og efnilegir guðfræðingar, séra Guðmundur Sveinsson og Þórir Þórðarson. Skal ég fúslega viðurkenna, að engan veginn var vandalaust að gera upp á milli þessara tveggja ungu hæfileikamanna. En frá sjónarmiði Bjarna Benediktssonar virtist ekkert sjálfsagðara en að láta háskólann ráða. Meiri hluti guðfræðideildar, tveir prófessorar af þremur, mælti eindregið með séra Guðmundi Sveinssyni. En nú hafði hæstv. menntmrh. varpað fyrir borð öllum kenningum sínum um sjálfsákvörðunarrétt háskóla og þverbraut þá reglu, sem hann hafði sjálfur krafizt að aðrir fylgdu.

Varðandi kennarastöður ýmsar við barna- og gagnfræðaskóla mætti, ef tími væri til, segja sögur, er lýsa því, hve skefjalaust núverandi hæstv. menntmrh. beitir valdi sínu til að vinza sauði frá höfrum eftir pólitískri mælisnúru. Allmörg kennaraefni útskrifuðust úr Kennaraskóla Íslands á síðasta vori, og var það, svo sem vænta mátti, fólk með ólíkar stjórnmálaskoðanir. Hef ég góðar heimildir fyrir því, að þegar allir hægri menn í hópi hinna ungu kennara höfðu fengið kennarastöður, hafði nálega enginn vinstri sinnaður maður úr þeim hópi hlotið kennslustarf. Síðar mun ráðh. hafa orðið að láta sér það lynda, að ýmsir þeirra fengju atvinnu, vegna þess að flokksbræður hans og aðrir hægri menn voru ekki nógu margir til að setjast í allar lausar kennarastöður.

Það er alkunna, að nú um skeið hafa blöð allra stjórnmálaflokka, annarra en Sjálfstfl., gagnrýnt mjög embættaveitingar hæstv. menntmrh. Engum kemur á óvart, þótt blöð stjórnarandstöðu deili hart á ráðh., sem markvisst vinnur að því að troða í stöður flokksbræðrum sínum, oft á kostnað hæfileikameiri manna. Hitt sætir vissulega nokkrum tíðindum, að höfuðmálgagn samstarfsflokks ráðh. hefur ekki einungis tekið undir þessa gagnrýni, heldur bókstaflega haft þar forustu, birt fleiri og hvassyrtari ádeilugreinar á ráðh. en nokkurt blað annað og farið hinum þyngstu orðum um framferði hans.

Vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, gefa blaðinu Tímanum orðið um stund, svo að ljóst megi verða, hvert traust það blað og væntanlega Framsfl. ber til hæstv. menntmrh.

2. sept. s.l. gat að lesa svo hljóðandi fyrirsagnir í Tímanum: „Embættisafglöp menntmrh. Lélegasti umsækjandinn skipaður skólastjóri á Akranesi. Flokkspólitískt ofstæki látið ráða stöðuveitingunni.“

Í greininni er að makleikum farið mjög lofsamlegum orðum um Eirík Sigurðsson og þess getið, að hann hafi fengið eindregin meðmæli meiri hluta fræðsluráðs og fræðslumálastjóra. Hafi Akurnesingar fagnað því mjög að eiga von á svo ágætum manni til að veita skólanum forstöðu. Síðan segir orðrétt: „Svo skeður það ótrúlega. Menntmrh. virðir einskis vilja meiri hluta fræðsluráðs og fræðslumálastjóra og setur skrifstofumanninn í skólastjóraembættið. ... Ef til vill er hann félagsbundinn í Heimdalli eða Verði, og það eitt virðist nægja. ... Svo langt gengur pólitískt ofstæki menntmrh. Þetta eru embættisafglöp af verstu tegund. Pólitískri leikbrúðu er troðið fram fyrir þjóðkunna uppeldisfrömuði og skólamenn. Það er níðzt á þeirri einlægu viðleitni heimilanna að vilja vanda uppeldi barnanna og njóta hinna færustu manna til að annast það. Þetta er einnig svívirðing við kennarastéttina í heild. Með þessari dæmalausu ráðstöfun segir menntmrh. við kennarastéttina: Góð próf skipta engu máli né heldur mikil reynsla, áhugi og þekking í starfinu, bindindissemi og manndómur. Ef þú fellur fram og tilbiður braskstefnu íhaldsins, skaltu hafinn til hæstu metorða. Þér skal falin forsjá skóla og stjórn á kennurum, sem hafa margfalda hæfileika umfram þig. ... Slíkt mál sem þetta má ekki liggja í þagnargildi. Foreldrar spyrja ekki, hvar í flokki skólastjórinn stendur, heldur hvaða vonir standa til þess, að hann verði þeim að sem beztu liði við uppeldi barnanna. Allir foreldrar vilja vanda það sem bezt og leggja mikið í sölurnar, svo að það takist vel. Þegar menntmrh. gleymir þessari grundvallarskoðun, fremur hann níðingsverk, embættisafglöp, sem ættu að verða honum dýr.“

Þessi stóru orð eru orð Tímans, og er synd að segja, að blaðið lýsi með neinni tæpitungu áliti sínu á hæstv. menntmrh. og vinnubrögðum hans.

Síðan hefur birzt í Tímanunm grein eftir grein um þessa og aðrar embættaveitingar hæstv. ráðh., þar sem honum eru valin mörg hörðustu orð tungunnar fyrir misbeitingu valds og trúnaðar. Er sums staðar svo fast að orði kveðið, að ég hlíðra mér hjá að lesa, þar eð vera kann, að börn og óharðnaðir unglingar hlýði lestri.

Hér er þó kafli, heldur af mildara taginu, sem Tíminn birti í forustugrein 28. sept. Þar segir: „Í haust hefur misbeiting á valdi ráðh. færzt mjög í aukana og orðið fullkomið hneyksli. Hefur hér í blaðinu verið flett rækilega ofan af veitingu skólastjórastöðunnar á

Akranesi, þar sem gengið var fram hjá Eiríki Sigurðssyni yfirkennara á Akureyri, þjóðkunnum skólamanni og æskulýðsleiðtoga, svo að hægt væri að troða í stöðuna reynslulausum skrifstofumanni í Reykjavík, sem aðeins hafði kennt í tvö ár og aldrei komið nærri skólastjórn. Verðleikar hans voru aðeins þeir, að hann fylgdi Sjálfstfl. að málum. Það var þýðingarmeira en allt annað. Verðleikar til starfsins voru algert aukaatriði."

Síðan er í leiðara þessum deilt fast á menntmrh. fyrir veitingu skólastjórastöðunnar í Hafnarfirði, og að lokum klykkir blaðið út með þessum orðum:

„Lengur virðist það engu máli skipta að taka góð próf, sækja sér framhaldsmenntun, sýna reglusemi og dugnað í störfum sínum. Allt slíkt virðir veitingavaldið að vettugi. Um verðleikana er ekki lengur spurt, heldur þetta eina: Þjónar þú Sjálfstfl.? Það á að fylla upp í eyður verðleikanna og veita hverjum þeim brautargengi, sem hefur skap í sér til þess að kyssa á vöndinn og láta troða sér fram fyrir stéttarbræður sína, sem hafa margfalda verðleika til starfsins."

Enn er þess að geta, að Tíminn hefur birt langar greinar um veitingu dósentsembættis í guðfræði og áfellzt menntmrh. harðlega fyrir gerðir hans í því máli. Svo mikil hefur áfergja Tímans verið að hella úr skálum reiði sinnar yfir ráðh., að blaðinu hefur hvergi nærri nægt eigið starfslið og sjálfboðavinna flokksmanna til þeirra verka, heldur hefur það fengið lánaðan aðstoðarritstjóra Alþýðublaðsins og birt eftir hann langar ritsmíðar um dósentsmálið.

Nú er fróðlegt að athuga að nokkru, hvernig Sjálfstfl. og höfuðmálgagn hans, Morgunblaðið, hafa svarað þessum hatrömmu ádeilum samstarfsflokksins, ádeilum á einn atkvæða- og valdamesta mann núverandi hæstv. ríkisstj. Fyrsta svarið við reiðilestri Tímans í tilefni af veitingu skólastjórastöðunnar á Akranesi birtist í Morgunblaðinu 5. sept., og var meginefnið á þá leið, að „gamlar syndir sæki nú á hina öldruðu maddömu Framsókn" og þess vegna sé hún úrill mjög og hafi flest á hornum sér. Síðan er farið nokkrum fleiri orðum um slæmar taugar og bágt skap maddömunnar, og má getum að því leiða, að það veldur nokkrum óþægindum íhaldsbóndanum, sem byggir með henni eina sæng. Að lokum klykkir blaðið út með þeirri spurningu, hvort „Tíminn hafi étið folald". En það er sveitamál að segja við rakka, sem þykja gjamma helzt til mikið. Þetta var nú aðeins fyrsta kveðjan.

Hinn 19. sept. birtist í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins rækilegra svar til Tímans, og skyldi nú gerð tilraun til að ræða embættaveitingar málefnalega. Skapsmuna Framsóknarmaddömunnar er þá að engu getið, og á folaldsát er ekki minnzt, en þar eru sagðir þeir hlutir, sem í örstuttu máli bregða upp þvílíkri mynd af stjórnmálaspillingu, að vert er sérstakrar athygli. Morgunblaðið segir, með leyfi hæstv. forseta, og bið ég hv. alþm. og aðra hlustendur að taka vel eftir:

„Um nær aldarfjórðungsbil fyrir 1950 fóru andstæðingar sjálfstæðismanna með embætti menntmrh. Öll þessi ár var það alger undantekning, að nokkrum sjálfstæðismanni væri veitt sérstök trúnaðarstaða í skólum landsins. Þetta ástand hefur leitt til þess, að sumum andstæðingum sjálfstæðismanna virðist það goðgá, að sjálfstæðismenn skuli nú ekki lengur settir hjá um slíkar stöðuveitingar. Uppnámi andstæðinganna nú veldur það, að þá grunar, að þeir, er settir voru í skólastjórastöður á Akranesi og í Hafnarfirði, muni vera sjálfstæðismenn. Skiljanlegt er, að Hannibal Valdimarsson verði óður og uppvægur yfir því, að einn dyggasti fylgismaður hans innan Alþfl. skuli ekki hafa hlotið stöðuna í Hafnarfirði. En ósanngjarnt er að ætlast til, að menntmrh. greiði launin fyrir fylgispektina við Hannibal."

Svo mörg eru þau orð og nokkru fleiri þó. Það þarf ekki ákaflega mikla skarpskyggni til að sjá og skilja, hver sá hugsunarháttur er, sem liggur að baki þessum orðum. Hér er það sagt, að vísu með dálitlum umbúðum, að vegna þess að einhverjir sjálfstæðismenn hafi einhvern tíma verið rangindum beittir við stöðuveitingar, eigi nú að jafna metin, ekki með réttlæti, heldur með nýju ranglæti, með því að láta sjálfstæðismenn nú njóta þess, hvað sem verðleikum líður, að Sjálfstfl. fer með yfirstjórn menntamála þjóðarinnar. Og í síðustu orðunum, sem ég las úr greininni, felst bókstaflega það, að blaðið, og þá trúlega Sjálfstfl., lítur á veitingar skólastjóraembætta sem umbun eða launagreiðslur fyrir pólitíska fylgispekt.

Hannibal Valdimarsson er í augum þeirra Morgunblaðsmanna vondur maður, sem reynt hefur að spilla fyrir þeim Alþýðuflokknum og verið svo bíræfinn að freista þess að gera hann að öðru en hækju, sem íhaldið gæti gripið til, þegar Framsóknarmaddaman hefur étið folald. Fylgismaður Hannibals Valdimarssonar kemur því ekki til álita, þegar sjálfstæðisráðherra veitir skólastjóraembætti. Opinber störf og stöður skal veita sem umbun fyrir flokksþjónustu.

Ekki hef ég tök á að sanna það, að hæstv. menntmrh. hafi sjálfur ritað þá grein, sem ég nú vitnaði til, en mér þykir hann ekki ólíklegur til þess. Svo mikið er víst, að hún er skrifuð í hans anda og túlkar trúlega þá stefnu, sem hann virðist fylgja við stöðuveitingar.

Nú kann hæstv. ráðh. að segja sem svo: Sjálfstæðismenn hafa á undanförnum árum og áratugum hlotið svo fá skólastjóra- og kennaraembætti í hlutfalli við aðra flokka, að ég hef talið rétt að jafna metin. Slíkt eru engin rök. Í fyrsta lagi er það staðreynd, að meðal þeirra manna, sem hafa búið sig undir uppeldisstörf, hafa jafnan verið fáir fylgismenn íhaldsstefnunnar. Slíkir menn hafa meiri hug á „business". Í öðru lagi væri það fráleitt með öllu, ef nú ætti að taka sjálfstæðismenn fram yfir aðra hæfari umsækjendur, vegna þess að öðrum sjálfstæðismönnum hefði áður verið sýnd rangsleitni. Þá er komin í gang svikamyllan, sem felst í þessum hugsunarhætti: Af því að aðrir flokkar frömdu ranglæti, hefur minn flokkur rétt til að gera það líka.

Ekki dettur mér í hug að neita því, að rang-

læti þeirra, sem fóru með veitingavald, hafi stundum bitnað á sjálfstæðismönnum. Það hefur það vissulega gert. Ferill Framsóknarflokksins í þeim efnum er vissulega ekki mjög fagur, og situr því sízt á þeim flokki að setja sig á mjög háan hest og þykjast útvalinn vörður réttlætis og góðra siða. Og þó að kommúnistar sætu ekki í ríkisstj. nema tvö ár, var það meira en nógu langur tími til að sanna alþjóð, hverjar eru hugmyndir þeirra um réttlæti varðandi embætta- og stöðuveitingar. Ekki er Alþfl. saklaus heldur. En ranglæti annarra veitir engum rétt til að fremja nýtt ranglæti. Slík kenning er stórhættuleg og verðskuldar fordæmingu allra góðra manna.

Ég vík þá aftur þar að, sem fyrr var frá horfið, áliti Framsfl. á samstarfsflokknum og hæstv. dóms- og menntamálaráðherra sérstaklega. Birtist um það eins konar yfirlit í leiðara Tímans 13. okt. s.l. Þar segir:

„Þessi regla Sjálfstæðisflokksins að velja menn eftir flokkslit til trúnaðarstarfa er góð vísbending þess, hvernig stjórnarhættirnir mundu verða, ef hann fengi völdin einsamall. Það mundi eingöngu verða stjórnað með flokkshagsmuni fyrir augum. Sameinuðu fjármálavaldi ríkisins og einkafyrirtækja, sem sjálfstæðismenn ráða yfir, yrði beitt í þágu flokksvélarinnar. Útvaldir gæðingar fengju einir að sitja að kjötkötlunum, en andstæðingarnir yrðu beittir hvers konar misrétti og ólögum. Stjórnarfarið mundi með öðrum orðum nálgast þá misbeitingu og það ofríki, sem nú einkennir stjórnarhætti ýmissa ríkja í Mið- og Suður-Ameríku, þar sem klíkum skefjalausra stórgróðamanna hefur tekizt að ná völdum."

Þetta er nú lýsingin á stefnu og vinnubrögðum flokksins, sem framsóknarmenn hafa setið í stjórn með óslitið að mestu í hálfan annan áratug. Mun helzt eiga að draga þá ályktun af orðum Tímans, að Framsfl. hafi fórnað sér til þess fyrst og fremst að halda hinum vonda samstarfsflokki niðri, svo að hann ynni ekki öll þau skemmdarstörf, sem innrætið girntist. Kannske væri hægt að koma þar við helmingaskiptum, hugsar Framsfl.

En við þetta er aðeins þá athugasemd að gera, að lýsing Tímans á framtíðardraumum Sjálfstfl. er óhugnanlega lík þeirri mynd, sem alþjóð manna er helzt til kunnug orðin af stjórnmálaspillingu þeirri, sem þegar ríkir í landinu og vaxið hefur hröðum skrefum, eftir því sem sameiginlegt valdatímabil núverandi stjórnarflokka hefur staðið lengur.

Enda þótt greinarkaflar þeir úr Tímanum, sem ég hef nú lesið, séu aðeins lítið brot af því, sem höfuðmálgagn Framsfl. hefur sagt um embættaveitingar hæstv. menntmrh., ætla ég, að það sé nægilegt til að sanna, hvert traust Framsfl. ber til þessa hæstv. ráðh.

Nú er alkunna, að Framsfl. hefur á síðasta flokksþingi sínu samþ. afdráttarlaust vantraust á Bjarna Benediktsson í embætti dómsmrh. Það vantraust hafa forustumenn flokksins að vísu ekki tekið alvarlegar en svo, að leiðtogar hans hafa alla stund síðan setið í ríkisstj., þar sem Bjarni Benediktsson hefur farið með dómsmálin. Hvern dóm flokksmenn Framsóknar almennt leggja á þau vinnubrögð, skal ég ósagt láta.

Enn fremur hefur Framsfl. sýnt það ótvírætt, að hann vantreysti Bjarna Benediktssyni sem utanrrh., með því að krefjast þess, að yfirstjórn þeirra mála væri tekin úr höndum hans og öðrum falin.

Nú get ég ekki að óreyndu ætlað neinum flokki slíka hræsni og tvöfeldni, að allar hinar hatrömmu ádeilur Framsfl. á Bjarna Benediktsson séu gerðar til þess eins að sýnast. Þær séu bornar fram í einu saman blekkingarskyni til að friða hina mörgu óánægðu flokksmenn, sem ekki una eins vel og leiðtogar flokksins þjónustunni við íhaldið. Þó að pólitísk spilling sé hér orðin mikil og margs háttar, þá er naumast hægt að gera sér í hugarlund, að heill stjórnmálaflokkur dirfist að leika svo augljósan skollaleik.

Nú er það grundvallarregla þingræðis, að hver ríkisstj. eða hver einstakur ráðh., sem ekki nýtur lengur trausts meiri hl. þings, skuli leggja niður völd.

Vitað er, að ríkisstj. Ólafs Thors hefur enn nægan þingmeirihluta að baki sér, og því teljum við þm. Þjóðvfl. þýðingarlaust að svo komnu máli að flytja vantraust á hæstv. ríkisstj. í heild, svo rækilega sem hún hefur þó til þess unnið.

Það virðist hins vegar liggja svo ljóst fyrir sem verða má, að einn ráðh. núverandi ríkisstj., hæstv. dóms- og menntmrh., nýtur ekki trausts meiri hl. Alþ. Um afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna ætti að vera óþarfi að ræða, og eins og ég hef þegar gert grein fyrir með mörgum dæmum, hefur Framsfl. kveðið svo fast að orði um misbeitingu hæstv. menntmrh. á völdum og trúnaði, að óhugsandi er, að hann telji ráðh. trausts verðan. Með því mundi flokkurinn opinbera fyrir alþjóð slíka tvöfeldni, að dæmalaus væri.

Okkur þjóðvarnarmönnum er ljóst, að misbeiting valda er eitt augljósasta sjúkdómseinkenni stjórnmálalífs í landinu nú. Sú nauðsyn er næsta brýn, að ráðizt verði gegn því spillingarkerfi, sem hér hefur þróazt of lengi. Aðrir flokkar láta svo sem þeir telji nú helzt til langt gengið á braut ranglætisins. Með flutningi vantrausts á hæstv. menntmrh. höfum við gefið þeim tækifæri til að sýna í verki, hvaða alvara fylgir máli. Þykist ég vita, að stjórnarandstaðan mun fúslega hjálpa Framsfl. til að fella þennan hæstv. ráðh. á verkum sínum, — verkum, sem engir hafa lýst með sterkari og þyngri áfellisorðum en framsóknarmenn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. flm. þá sæmd, sem þeir sýna mér með flutningi þessarar till., og er ég þó ekki því óvanur, að andstæðingarnir festi augu á mér öðrum fremur.

Á dögunum, þegar einn fremsti stjórnmálamaður heimsins, sem nú er uppi, Adenauer kanzlari Þýzkalands, kom til Íslands, birti Þjóðviljinn forustugrein, og varð af henni ekki annað ráðið en að erindi Adenauers hingað væri

fyrst og fremst það að tala við mig um okkar sameiginlegu áhugamál.

Auðvitað kom Adenauer ekki hingað til að hitta neinn einstakling, heldur til að heimsækja land og þjóð, og tóku þeir á móti honum, sem til slíks eru settir. En leiðarahöfundur Þjóðviljans hefur auðsjáanlega talið, að kanzlarinn væri einn af lesendum þess blaðs, og það, sem jafnósennilegt er, að hann legði trúnað á það, sem í því stendur, því að þar sagði nokkrum dögum áður, föstudaginn 22. okt. s.l., orðrétt á þessa leið:

„Bjarni heitir maður Benediktsson. Hann er *maður lágur vexti og ekki fagurlimaður*. Bjarni er undirhyggjumaður mikill og krókarefur, líkt og Njáll forðum, misvitur nokkuð, en þó forvitri um margt. Bjarni er könguló íslenzkra stjórnmála, hefur ofið net sitt yfir bil það, er aðskilur flokkana þrjá, situr sjálfur í miðju þess og hefur alla þræði í hendi sér."

Svo mörg eru þau orð.

Eftir þessari kenningu er naumast við því að búast, að aðrir íslenzkir stjórnmálamenn séu virtir viðtals en ég. Að vísu verður að segja eins og er, að Adenauer fylgdi að sjálfsögðu ekki þessu boði Þjóðviljans, en fyrir mig er það þó bót í máli, að flm. þeirrar till., sem hér er til umræðu, gera það því dyggilegar. Samkvæmt henni eiga athafnir mínar sem menntmrh. að skera sig svo úr öðrum stjórnarframkvæmdum, að Alþ. eigi alveg sérstaklega þeirra vegna að taka sig til og lýsa vantrausti á mig. Þegar hugleidd eru hin sterku lýsingarorð, sem andstæðingarnir nota um núverandi stjórn og athafnir hennar í utanríkismálum, atvinnumálum, fjármálum og flestu öðru, þá mætti ætla, að það hlyti að vera býsna geigvænlegt, sem gæfi efni til að verða tekið út úr með þessum hætti og gert að ástæðu til sérstaks vantrausts. Eftir því, sem nú er látið, eiga þessi ósköp að vera fólgin í nokkrum embættaveitingum mínum og þó raunar öllu frekar því, eftir því sem fram kom hjá flm., að ég hafi ekki látið nokkra kennara ráða sjálfa, hverjir ættu að vera prófdómendur hjá þeim og fylgjast með þeirra gerðum og meðferð á nemendum, heldur farið eftir landslögum og látið almannavaldið sjálft skipa þessa eftirlitsmenn á kennarana. Þetta er nú orðin meginuppistaðan í þessum vantraustsflutningi, og þarf ekki frekar um þá fjarstæðu að ræða.

En hvernig er þá embættaveitingum mínum varið?

Á síðastliðnu sumri og hausti hef ég sjálfsagt ráðstafað nálægt 300 stöðum kennara og skólastjóra. Af öllum þessum embættaveitingum hef ég ekki heyrt neina gagnrýni nema í mesta lagi um 5 stöður, og nefndi þó Gils Guðmundsson hér í framsögu sinni áðan ekki nema 3 af 300.

Um enga af þessum stöðum er því haldið fram, að ég hafi ekki haft vald til að ráðstafa henni eins og ég gerði. Hinu hefur verið hreyft, að ég hafi ekki fylgt tillögum þeirra aðila sumra, sem tillögurétt áttu um stöðuveitinguna. Þetta er rétt. En ef það væri skylda að fylgja ætíð tillögum þeirra, sem slíkan tillögurétt eiga, væri veitingarvaldið vitanlega ekki hjá ráðherranum, heldur hinum, sem tillögurétt-inn á. Það, að ráðherra hefur samkvæmt skýlausum ákvæðum laga ákvörðunarvaldið, fær honum bæði rétt og skyldu til að kanna hvert mál sjálfur og veita stöðuna eftir því, sem hans eigin sannfæring segir til um, en ekki einhverra annarra. Ef hann bregzt þessari skyldu sinni, hefur hann sýnt, að hann er ekki hæfur til að gegna því mikilsverða embætti, sem honum hefur verið veitt. Nafn hans er þá ekki annað en stimpill, sem aðrir geta sett á sínar gerðir þeim til staðfestingar. Ég hef aldrei verið slíkt verkfæri í annarra höndum og vona, að ég verði það *seint*.

Það er rétt hjá Þjóðviljanum, að ég er ekki svo fagurlimaður, að mér henti að vera skrautfjöður á annarra fati. Hitt er heldur, að mér beri að beita því viti, sem mér hefur verið gefið, þó að því fari fjarri, að ég eigi skilið þá lýsingu Þjóðviljans, *að ég sé forvitri sem Njáll*, enda má þar eitthvað milli vera.

Því hefur að vísu verið hreyft og kom fram hjá Gils Guðmundssyni áðan, að ég hafi fyrir 18 árum ásamt öðrum háskólakennurum vitt það, að brotið var gegn tillögum háskóladeildar um veitingu embættis, þegar höfð voru að engu ákvæði háskólareglugerðarinnar, sem heimiluðu deild að ákveða samkeppnispróf. Ég skal ekki rekja þá deilu. Hún skiptir ekki máli lengur, því að 1942 voru samkvæmt till. háskólans sjálfs settar reglur um embættaveitingar, þar sem ákveðið var, að þessar stöður mætti ekki veita öðrum en þeim, sem þar til skipuð dómnefnd hefði talið hæfa. Með þessu taldi háskólinn það tryggt, er mestu máli skiptir, að einungis hæfir menn hlytu stöðurnar, og lét sér að öðru leyti *nægja umsagnarrétt um skipun* þeirra og hefur ekki síðan gert tillögur um breytingu á því ákvæði, að veitingarvaldið skuli haldast hjá ráðh. og forseta.

Það verður þess vegna ekki um það deilt, að ég hafi í senn lagalegan og siðferðislegan rétt til að ráðstafa þeim stöðum, sem deilur standa nú um, og skyldu til að gera þetta eftir minni eigin beztu vitund, eftir að hafa athugað öll málsatvik, þar á meðal till. aðila, eftir því sem við á.

En er það þá óvanalegt, að ráðh. ráðstafi stöðum ofan í till. þeirra, sem tillögurétt eiga? Um það þarf ekki að fara í grafgötur. Við skulum aðeins líta á þær stöður, sem um er deilt nú, en þær skilst mér vera þessar: Ein kennarastaða við háskólann, skólastjórastöður við barnaskólana í Hafnarfirði og á Akranesi og skólastjórastaða við gagnfræðaskólann á Ísafirði. Hv. tillögumaður nefndi að vísu einungis þrjár af þessum stöðum, en að þeirri fjórðu hefur einnig verið fundið í blöðum, og er því rétt að telja hana með.

Þegar dósentsstaða í guðfræði var veitt af ráðherra næst á undan því, er ég veitti Þóri Þórðarsyni, var það veiting dr. Björns Þórðarsonar á embætti Sigurbjörns Einarssonar gegn eindregnum tillögum allrar guðfræðideildarinnar. Sú veiting sætti að vísu gagnrýni, m. a. hér á Alþingi, og þ. á m. af *mér*, en sú gagnrýni kom af því, að ekki var notað hið einstaka

tækifæri, sem þá gafst til að bæta úr ranglætinu, sem séra Björn Magnússon varð fyrir á sínum tíma, þegar að engu voru höfð úrslit samkeppnisprófs, sem hann varð hlutskarpastur í. *Engin slík almenn gagnrýni utan háskólans* varð hins vegar síðar, þegar Eysteinn Jónsson veitti Jóhanni Sæmundssyni prófessorsembætti við læknadeild gegn tillögum þeirrar deildar. Hvor tveggja þessi veiting var heimil að lögum, vegna þess að báðir höfðu mennirnir verið taldir hæfir af dómnefnd. Munurinn frá því, er dr. Björn Þórðarson ráðstafaði dósentsembættinu 1944 og nú, er sá, auk þess sem hvorugur umsækjandinn átti nú slíkan rétt til uppreisnar sem séra Björn Magnússon á sínum tíma, að nú var deildin klofin í till. sínum, þar sem tveir af þremur í guðfræðideildinni lögðu til, að annar en Þórir fengi embættið, og einn mælti ákveðið með honum, en báðir umsækjendurnir voru taldir hæfir af dómnefnd. Voru því till. deildarinnar að þessu sinni alls *ekki einhlítar og ráðherra því enn skyldara* en ella að gera upp sinn eigin hug og ákveða það, sem hann taldi rétt.

Þegar Hermann Jónasson veitti Hannibal Valdimarssyni skólastjóraembættið á Ísafirði, var það að vísu samkv. tillögum fræðslumálastjóra, en aðeins tveggja af fimm skólanefndarmönnum. Á sama veg veitti Einar Arnórsson barnaskólastjóraembættið á Akranesi Friðriki Hjartar samkv. tillögu fræðslumálastjóra og gegn till. skólanefndarinnar á Akranesi, og Jónas Jónsson veitti Guðjóni Guðjónssyni skólastjóraembættið í Hafnarfirði gegn tillögum fræðslumálastjóra og fjögurra af fimm skólanefndarmönnum.

Þessi dæmi, sem einmitt eru um sömu embættin og ég hef nú veitt og að er fundið, að ég hafi ekki fylgt tillögum annarra um, sýna, að fyrirrennarar mínir um aldarfjórðungsbil hafa ekki talið sig bundna af tillögum ráðgjafaraðilanna. Væri það einkennileg tilviljun, *ef veiting þessara embætta væri undantekning.* Auðvitað er hér ekki um neina undantekningu að ræða, því að það er altítt, að ráðherra beiti því valdi, sem honum er fengið. Það fær þess vegna engan veginn staðizt, að ég brjóti á móti venju, þegar ég fer eftir sannfæringu minni en ekki annarra um veitingu embættanna. Ég geri þá einmitt hið sama sem allir fyrirrennarar mínir hafa talið sér rétt og skylt að gera.

En af hverju valdi ég þessa umsækjendur, eins og ég gerði, og hafnaði hinum? Þar er því til að svara, að þegar eitt embætti á að veita, verður það aðeins veitt *einum manni.* Þó að hinir umsækjendurnir fái það ekki, felst engin fordæming á þeim í því. Þeir kunna engu að síður að allra áliti að vera mestu ágætismenn. Stöðuveitingin hlýtur eðli málsins samkvæmt ætið að vera meira eða minna komin undir persónulegu mati þess, sem stöðuna veitir, þó að honum að sjálfsögðu beri skylda til að afla sér sem beztra gagna um alla umsækjendur og meta þau og vega, áður en hann tekur ákvörðun sína. Um stöðuveitingar, sérstaklega í skólamálum, hafa engar þær reglur myndazt, er geti orðið til leiðbeiningar, hvað þá til úrslitaákvörðunar fyrir ráðherra.

Um þær stöður, sem á mig er deilt fyrir veitingu þeirra, er það að segja, að ég tók ekki *Þóri Þórðarson fram yfir Guðmund Sveinsson* vegna þess, að ég geri lítið úr vísindamennsku Guðmundar Sveinssonar. Um hana tel ég báða umsækjendur nú ámóta, enda taldi dómnefnd þá báða hæfa, — dómnefnd, þar sem biskup Íslands, fyrrverandi kennari í þessum fræðum, átti sæti ásamt vígslubiskupi séra Bjarna Jónssyni og prófessor við háskólann, Magnúsi Má Lárussyni. Ég valdi Þóri af því, að ég tel feril hans með slíkum ágætum, að nokkurn veginn einsdæmi sé. Hann hefur nú í samfleytt 10 ár verið við nám í 4 löndum, Íslandi, Svíþjóð, Danmörku og Bandaríkjunum, til undirbúnings því kennarastarfi, sem hann hefur nú hlotið. Þegar hann var í guðfræðideildinni hér, gerðist hann hvatamaður þess, að stofnað yrði félag allra guðfræðistúdenta til að brúa það bil, sem orðið *var innan deildarinnar vegna ólíkra guðfræðikenninga.* Þegar hann var við nám í Árósum, kusu félagar hans þar hann fyrir forustumann sinn. Hef ég og séð bréf frá einum prófessora hans þar, sem fer um hann mjög lofsamlegum orðum og telur hann framúrskarandi til að gegna kennarastöðu í fræðum sínum. Hið sama var við hinn stóra guðfræðiháskóla í Chicago. Þar var Þórir kjörinn forustumaður nemenda deildarinnar og var sendur á alþjóðaþing sem fulltrúi stofnunarinnar og gerður aðstoðarkennari, enda hlaut hann tvo vetur hinn hæsta styrk, sem þar er veittur vegna námsafreka. Kennarar Þóris þar vestra hafa sýnt honum sérstakan trúnað og veittu honum eindregin meðmæli til stöðunnar hér. Ég hefði talið það þjóðarskaða, ef slíkur maður hefði ílenzt erlendis og tekið þar kennarastöðu, svo sem honum stóðu opnar dyr til. Ég, sem dvalið hef við stóra erlenda háskóla, veit, að áreiðanlega eru það ekki nema einstakir afbragðsmenn, *sem hvarvetna í framandi löndum geta* sér svo gott orð sem Þórir Þórðarson hefur gert, og ættu allir góðir menn að fagna því, að honum hefur nú gefizt færi að hverfa heim til föðurlands síns.

Ef Þórir Þórðarson reynist í störfum sínum slíkur afbragðsmaður sem hann hefur sýnt sig vera á námsárum sínum, þá mun hér lengi minnzt sem dæmis um sérstaka þröngsýni og ofstæki í íslenzkum stjórnmálum, að mér skuli fundið það til áfellis að hafa skipað slíkan mann í stöðu við háskólann.

Í skólastjórastöðuna á Ísafirði mælti að vísu *meiri hluti fræðsluráðs með öðrum manni en* þeim, er ég veitti, en hann studdu 2 af 5 fræðsluráðsmönnum og bæði fræðslumálastjóri og námsstjóri. Auk þess hafði hann umsögn þeirra, er þekktu til fyrri kennslustarfa hans, þar á meðal Hervalds Björnssonar skólastjóra í Borgarnesi, sem segir um Guðjón Kristinsson, er stöðuna hlaut:

„Hann hefur reynzt hinn ágætasti kennari, röskur í starfi og áhugasamur, stjórnsamur, stundvís með afbrigðum og frábærlega reglusamur í hvívetna."

Bjarni Bjarnason skólastjóri á Laugarvatni segir um Guðjón:

„Guðjón Kristinsson kennari, sem nú sækir um skólastjórastöðu við gagnfræðaskólann á Ísafirði, er að minni skoðun gæddur ágætum hæfileikum til slíkra starfa. Hann hefur talsverða reynslu frá Laugarvatni í daglegri stjórn, hann er óvenjulega fjölhæfur kennari, fjörugur og dugmikill í kennslustundum og vinsæll."

Um Njál Guðmundsson, er settur var skólastjóri á Akranesi, er það að segja, að meiri hluti fræðsluráðs mælti raunar með öðrum og námsstjóri og fræðslumálastjóri tóku undir þau meðmæli. 2 af 5 skólanefndarmönnum á Akranesi mæltu hins vegar með Njáli. Af hálfu sumra þeirra, er ekki mæltu með Njáli, kom fram, að þeir þekktu ekki til kennslu hans. En mér þykir meira um vert skoðun, sem byggð er á þekkingu, en það, sem sagt er í skjóli vanþekkingar. Og hvað segja þeir, sem til Njáls þekkja? Hér eru ummæli Gísla Jónassonar skólastjóra Langholtsskóla, eins fremsta skólamanns á Íslandi. Hann segir um Njál:

„Hann hefur reynzt ágætur kennari, reglusamur, stundvís, samvizkusamur og prúðmenni í framkomu, bæði gagnvart nemendum, samkennurum sínum og öðru starfsfólki skólans. Hann hefur náð mjög góðum árangri í kennslu sinni, enda mjög vinsæll af nemendum sínum." Þetta eru ummæli hins ágæta manns Gísla Jónassonar.

Jón Auðuns formaður Reykjavíkurdeildar Rauðakross Íslands, dómprófastur, segir um Njál:

„Hann hafði á hendi trúnaðarstarf við barnaheimili Rauðakrossins í Laugarási í sumar. Hann leysti það starf sitt þannig af hendi, að stjórn Reykjavíkurdeildar Rauðakross Íslands var sérlega ánægð með það. Samstarf hans við forstöðukonuna og annað starfsfólk fór honum með afbrigðum vel úr hendi, og allt viðmót hans við 120 barna hóp var til fyrirmyndar, bæði um alúð hans við börnin og stjórnsemi. Af þeim kynnum, sem ég hef af starfi hans í sumar, hlýt ég að gefa honum beztu meðmæli mín, og tel ég hann ágætum hæfileikum búinn, bæði um stjórnsemi, háttprýði og alúð í starfi, sem aflaði honum mikilla vinsælda, bæði meðal samstarfsfólksins og barnanna í Laugarási."

Þetta eru ummæli Jóns Auðuns, eftir að hann hafði haft náið samstarf við Njál Guðmundsson.

Um skólastjórann í Hafnarfirði er það að segja, að meiri hluti fræðsluráðs lagði með öðrum manni en stöðuna hlaut, og fræðslumálastjóri og námsstjóri hölluðust frekar á þá sveif, þó að þeir teldu Einar Þorvaldsson, er ég setti í stöðuna, einnig vel hæfan. 2 af 5 fræðsluráðsmönnum mæltu með Einari, og Snorri Sigfússon fyrrum námsstjóri, sem gerþekkir hann, segir svo:

„Einar M. Þorvaldsson er að mínum dómi mjög góður og farsæll kennari, glöggur vel, skapþýður, prúðmannlegur, stjórnsamur og drengur góður. Bar Hríseyjarskólinn undir stjórn Einars glöggt vitni um þessa kosti skólastjórans. Hin síðustu ár hefur Einar verið kennari við barnaskólann á Akureyri og reynzt þar mjög vel. Að öllu samanlögðu tel ég mig geta mælt hið bezta með honum til kennarastarfs og skólastjórnar."

Þessi ummæli Snorra eru studd af umsögn Hannesar J. Magnússonar skólastjóra á Akureyri, en hann segir:

„Hr. Einar M. Þorvaldsson hefur verið kennari við barnaskóla Akureyrar sex undanfarin ár og reynzt í alla staði hinn prýðilegasti starfsmaður. Hann er úrvals kennari, stjórnsamur og duglegur og hið mesta prúðmenni, enda vinsæll bæði af nemendum, kennurum og foreldrum."

Af því, sem ég hef nú sagt, er nógsamlega ljóst, að í embættaveitingum mínum felst engin ástæða til vantrausts. Ef till. um það er ekki einungis flutt sem pólitískur hrekkur í hinni lítt uppbyggilegu innbyrðis baráttu andstæðinga Sjálfstfl., væri þó frekar viðlit að halda því fram, að hún byggðist á ósamþykki við skoðanir mínar um stjórn menntamálanna almennt, enda er till. flutt örfáum dögum eftir að ég setti á fjölmennum fundi fram skoðanir mínar um þessi efni, og má því sennilega líta á till. sem svar við þeim. Er því rétt, að ég rifji þær nú upp í meginatriðum, svo að þingheimi gefist færi á að dæma um, hvort þær séu svo skaðsamlegar, að þær gefi efni til vantrausts.

Ég skal fúslega viðurkenna, að menntamálin eru ekki síður þýðingarmikil en hin hreinu hagsmunamál, sem oftast og mest er rætt um á vettvangi íslenzkra stjórnmála, því að maðurinn lifir ekki á einu saman brauði og hingað til hefur það aldrei verið stolt okkar Íslendinga, að við værum auðug þjóð, sem hefði farnazt vel á veraldarinnar vísu, heldur hitt, að við værum menntaþjóð, — þjóð, sem hefði í innri menningu sinni átt styrk til að lifa af ótrúlega örðugleika. Við höfum talið okkur til gildis, að forfeður okkar áttu þann andlega þrótt, sem ekki aðeins gerði að verkum, að þjóðin lifði af þessar hörmungar, heldur að hún samdi og varðveitti sumt það, sem er með því bezta í heimsbókmenntunum, þó að fjarri fari því, að enn njóti þau afrek slíkrar viðurkenningar sem skyldi og við höfum talið okkur sjálfum trú um. Eftir því sem hagur okkar verður betri, megum við ekki láta þessa prýði okkar falla í gleymskunnar dá, heldur einmitt halda henni hærra á lofti en nokkru sinni áður með því hver um sig að leggja af mörkum svo sem hann bezt má þjóðinni til heilla.

Magnús Jónsson prófessor lét eitt sinn um mælt eitthvað á þá leið, að sökum fámennis væri fátt, sem við gætum keppt við aðrar þjóðir í, og þó væri það eitt: Það að láta hvern einstakan Íslending verða betur menntaðan en hver einstakur annarrar þjóðar maður er. Hygg ég, að flestir Íslendingar séu sammála um, að þetta sé í senn eftirsóknarvert og framkvæmanlegt.

Enginn efi er á, að bókleg þekking hefur lengstum verið útbreiddari á Íslandi en í flestum eða öllum öðrum löndum. Áður fyrr veittu heimilin að langmestu leyti þessa fræðslu. Nú er öldin orðin önnur í því efni sem öðrum.

Fólksflutningarnir úr sveitunum hafa gert það að verkum, að þar er ekki vinnuafl aflögu til að annast slíka fræðslu til fullnustu, og heimilishættir í bæjunum hafa aldrei verið til þess lagaðir. Þess vegna hefur verið komið upp hinu víðtæka skólakerfi, er við eigum nú við að búa.

Ýmsir segja, að við höfum allt of mikið af skólum og skólaskyldan sé of löng, enda eru háværar raddir um, að endurskoða þurfi fræðslulögin. Sannleikurinn er þó sá, að fræðslulögin, sem sett voru 1946, eru naumast enn komin að öllu leyti í framkvæmd. Er því ærið hæpið þegar af þeirri ástæðu, að enn sé tími til kominn að endurskoða þau í heild. Löggjöfin er og sveigjanlegri en ýmsir virðast ætla.

Menn tala um allt of langa skólaskyldu og miða þá við, að hún sé hvarvetna frá 7—15 ára. Sannleikurinn er hins vegar sá, að ef héraðsbúar sjálfir óska eftir, þá þarf skólaskylda hvergi að vera lengri en frá 10—14 ára, enda mun láta nærri, að ¼ hluti unglinga landsins eigi enn við að búa skólaskyldu til 14 ára aldurs. Ef einhverjum héruðum virðist þessi skólaskyldutími reynast illa og vera of langur, þá er hægurinn hjá að breyta til að nýju, en hvergi hef ég vitað til, að slíkt væri nefnt, hvað þá heldur meira.

Ég hygg, að flestir geti fallizt á, að ekki sé óeðlilegt, að skólaskylda sé skemmri í sveitum en í bæjum, þó að ekki sé nema af því einu, að í bæjunum er ærið erfitt að fá annað verkefni handa börnunum en að ganga í skóla. Heimilin geta bókstaflega ekki annazt þau allan daginn, og um börn og fullorðna á það við, að iðjuleysið er undirrót alls ills.

Sumir einstakir þættir fræðslulaganna þurfa hins vegar breytingar við. T. d. eru ákvæðin um fjármál skólanna nú bæði óglögg og ófullnægjandi. Sveitarfélögum hefur verið gefin von um rífleg framlög ríkisins til skólabygginga, sem þau ekki hafa fengið. Mun láta nærri, að sú vangreiðsla ríkisins sé nú hér um bil 14 millj. kr. Þessu þarf að breyta. Ég hef einmitt í undirbúningi víðtæka löggjöf um fjármál þeirra skóla, sem reknir eru í sameiningu af ríki og sveitarfélögum, og vonast til þess að geta lagt frv. um hana fyrir Alþ., áður en langt um líður. Ef sú löggjöf nær fram að ganga í höfuðdráttum, eins og ég mun leggja til, mun hún verulega bæta hag sveitarfélaganna frá því, sem verið hefur, og stuðla að því, að öll þessi mál komist í fastari skorður en þau hafa verið í undanfarandi ár. En áreiðanlegt er, að framkvæmdir í þessum efnum þarf að samhæfa betur en gert hefur verið, og væri hægt að færa um það mörg dæmi, ef tími væri til, sem nú er ekki. Aðeins skal þess getið, að forða verður fjölda sveitarfélaga úr þeim vanda, sem þau eru komin í vegna vangreiðslna ríkisins, og leysa þarf brýna þörf sumra héraðsskólanna á endurbótum, jafnframt því sem taka verður afleiðingunum af því, að ekki er sama nauðsyn og í fyrstu var fyrir alla þá skóla, vegna þess að fræðslulögin hafa opnað leið til skólahalds víðar en þá var. Að lausn þessara mála þarf að ganga af raunsæi og alvöru.

Annað atriði, sem mikla þýðingu hefur, er setning námsskrár fyrir skólana. Fyrirrennari minn, Björn Ólafsson, skipaði nefnd með ágætum mönnum til þess að leysa þetta starf af hendi. Nefndin skilaði áliti í sumar, og síðan hefur það álit verið til endurskoðunar hjá ýmsum aðilum, er ætla má að hafi á því sérstaka þekkingu. Enginn efi er á því, að margt í tillögum nefndarinnar er athyglisvert, og þó er ég fljótt á litið ekki viss um, að með þeim verði leystur nema lítill hluti þess vanda, sem okkur er á höndum.

Ein réttmætasta aðfinningin við núverandi fræðslukerfi er einmitt sú, að nú sé troðið í unglingana margvíslegum fróðleik, en þó skorti þá vitneskju um sumt það, sem sjálfsagt sé að allir viti. Afleiðing allrar ítroðslunnar verði svo annars vegar námsleiði, en hins vegar andúð á að sinna sumum þeim undirstöðustörfum, sem ekki verður hjá komizt að vinna, ef vel á að fara í þjóðfélaginu. Enginn efi er á, að of mikið er til í þessari aðfinningu, og þó er sjálfsagt auðveldara að benda á gallann en að bæta úr honum. Mér dylst þó ekki, að sem stendur er reynt að kenna óþroskuðum börnum og unglingum of margt, sem ekki er líklegt að haldist í minni þeirra eða verði þeim til verulegs þroska.

Áður gat ég um það, sem við öll vitum, hverja þýðingu hin forna menning hefur haft fyrir okkar íslenzku þjóð. En í hverju var þessi forna menning fólgin? Hún var fyrst og fremst snúin úr tveim þáttum, þekkingunni á íslenzkum fræðum og kristinni trú. Þetta tvennt hefur verið okkar haldreipi í aldalöngum erfiðleikum, og þetta tvennt á að vera uppistaðan í fræðslu æskulýðsins, meðan við viljum halda manndómi og íslenzkri þjóðmenningu við á Íslandi. Ef þetta tvennt er fyrir hendi, höfum við gert það, sem í okkar valdi stendur, til þess að æskumaðurinn verði góður Íslendingur og góður og nýtur maður.

Ýmisleg fleiri fræðsla þarf til að koma, en þetta skiptir mestu máli, og fjöldi annars fróðleiks má ekki draga athygli okkar frá þessum meginatriðum. Við verðum hér sem ella að hafa í huga, að meira skiptir, að mikið sé gert heldur en margt.

Um einstaka skóla endist mér ekki tími til að ræða. Þess má aðeins geta, að háskólinn hefur undir forustu Alexanders Jóhannessonar, Ólafs Lárussonar og fleiri ágætra manna tekið undursamlegum þroska. Ég hef lagt til, að hann yrði enn efldur með því að verja nokkru fé til að gefa sérstaklega efnilegum ungum vísindamönnum kost á að starfa að rannsóknum við skólann, m. a. til að koma í veg fyrir, að þeir hverfi fyrir fullt og allt úr landi að loknu námi erlendis, eins og nú eru of mikil brögð að. Á hinn bóginn þarf svo að auka eftirlit með því, að allur sá mikli fjöldi, sem fær styrk til margvíslegs náms erlendis, verji fé sínu og tíma svo sem til var ætlazt.

Svo fljótt sem nægu fé hefur verið safnað, þarf að hefjast handa um byggingu menntaskóla í Reykjavík og kennaraskóla, og hef ég

lagt áherzlu á að fá sem allra mestar fjárveitingar í þessu skyni.

Þá hef ég ákveðið, að lögin um matsveinaskólann skuli koma til framkvæmda, og verður það væntanlega nú eftir áramótin.

Skólamálin eru auðvitað mikill hluti menningar- og menntamála í landi okkar, en þó aðeins hluti þeirra. Margt fleira kemur til greina. Af hálfu ríkisins má þar t. d. nefna styrk til bókasafna, og hef ég látið semja mikinn lagabálk um almenningsbókasöfn, sem verið er að prenta, og vona ég, að sú réttarbót nái fram að ganga í vetur.

Þá kem ég að þeim hluta umræðuefnisins, sem ríkið á að minni skoðun einungis að styrkja og efla, en alls ekki að stjórna, en það eru sjálfar listirnar, svo sem hinar æðri bókmenntir, myndlist, tónlist og að nokkru leiklist. Flestum Íslendingum er það viðhorf til listanna, að ríkið eigi að stjórna þeim og segja listamönnunum fyrir verkum, svo framandi, að óþarft kynni að virðast að eyða orðum að því. En því fer þó fjarri, að allir séu um þetta sammála.

Hún er t. d. með vissu sönn, sagan um það, þegar háttsettur Rússi, sem hlustað hafði með undrun á kafla úr Atómstöð Halldórs Kiljans Laxness, spurði Íslending: „Af hverju leyfið þið manninum að skrifa svona?“

Þarna mættust tveir ólíkir heimar. Rússinn, vanur hinu kommúnistiska þjóðfélagi, taldi sjálfsagt, að rithöfundarnir mættu ekki skrifa nema það, sem þeir hefðu leyfi valdhafanna til. Íslendingurinn kom aftur á móti úr þjóðfélagi, þar sem rithöfundunum er ekki aðeins leyft að skrifa það, sem þá sjálfa lystir, heldur eru þeim greidd há laun úr ríkissjóði, þó að þeir verji verulegum hluta orku sinnar til að níða leynt og ljóst þá, sem þjóðin hefur sýnt mest traust.

Eðlilegt er, að spurt sé, hvort þjóðfélagið sé andlega sterkara, hið risavaxna, kommúnistiska einræðisríki, sem kúgar listamennina innan endimarka sinna til þjónustu við sig og kaupir erlenda menn til að rita um sig skrum og skjall, eða hið litla, frjálsa íslenzka þjóðfélag, sem lætur hvern listamann um að þjóna sinni eigin lund og skeytir engu um skoðanir hans, lof eða last, ef honum er gefin sköpunargáfa listamannsins, sem sannast sagt á þó ærið oft lítið skylt við stjórnmálaþroska.

Þessu get ég ekki svarað á annan veg en þann, að það lof, sem fæst fyrir kúgun eða kaup, er lítils virði, og það þjóðfélag, sem þorir og þolir að verðlauna það, sem vel er gert, þótt því fylgi gagnrýni og illkvittni, er ekki svo veikt sem virðast kann.

Mér er því nær að halda, að við Íslendingar höfum í þessu valið þann kostinn, sem viturlegri er.

Friðrik mikli vissi áreiðanlega, hvað hann fór, er hann sagði: „Ég leyfi þegnum mínum að segja það, sem þeim sýnist, og þeir leyfa mér að gera það, sem mér sýnist.“

Íslenzka þjóðin hugsar á sama veg. Við erum frábitnir öllu einræði í meðferð listamálefna okkar sem í öðrum efnum. Á sama stendur, hvort það er menningarnefnd frá Rússlandi, sem telur engan íslenzkan málara gjaldgengan nema Eyjólf Eyfells, eða íslenzkir abstraktmálarar, sem telja allt annað úrelt en sína einkennilega löguðu fleti. Íslendingum verður aldrei talin trú um, að Jóhannes Kjarval túlki ekki með afbrigðum vel íslenzka náttúru, þó að hann máli ekki beinar línur eða þótt hann skreyti íslenzkt landslag með hugardjásnum sínum. Allur almenningur á Íslandi vill fá að dæma um þessi málefni sjálfur og ekki lúta forsögn annarra um, hvað honum eigi að líka og að líka ekki. Jafnframt vilja menn gjarnan styrkja listamenn sína til að gera hinar ólíkustu tilraunir og telja einmitt, að upp úr allri leitinni og óvissunni kunni að spretta eitthvað, ef til vill ómetanlegt, sem enginn sá fyrir.

Stefna okkar sjálfstæðismanna er í þessum efnum sem öðrum sú að styrkja menn til að fara eigin götur, hvort sem það er í bókmenntum, tónlist eða myndlist, enda hef ég lagt til, að listamannastyrkir yrðu hækkaðir á fjárlögum, m. a. til samræmis við hækkað verðlag, frá því að sú upphæð var ákveðin síðast.

Þegar á allt þetta er litið, er harla einkennilegt að heyra, þegar úr sumum áttum er sungið um það, að ofboðslegri skoðanakúgun sé haldið uppi hér á landi af hálfu okkar sjálfstæðismanna, og væl í þá átt heyrðist frá flm. hér í kvöld, og Þjóðviljinn kveður meira að segja svo sterkt að orði, að „frjálslyndir, róttækir“ æskumenn séu hættir að sækja kennaraskólann vegna ofsókna minna. Nú veit ég að vísu, að allur almenningur telur, að sízt mundi skaða, þótt sumir þeir, sem Þjóðviljinn kallar „frjálslynda og róttæka“, hefðu minni áhrif í menntamálum en þeir undanfarið hafa haft, en það þarf sannarlega meira til en það, að ég fari eftir landslögum um stöðuveitingar til að eyða eitri kommúnismans úr íslenzkum skólum.

Auðvitað er nauðsynlegt hér sem ella, að sá, sem forusta er falin, þori að taka á sig ábyrgð og gera það, sem hann telur rétt, þótt hann viti, að öllum líki ekki og árásir muni fylgja, en þetta er aðeins lítið af því, sem gera þarf.

Við verðum að setja gróður og vöxt í stað eitrunar og eyðileggingar, uppbyggingu í stað niðurrifs. Við verðum að sjá um, að skólarnir geti gert sitt til, að sem flestir unglinganna verði nýtir menn, með því að kenna þeim frá barnæsku það, er íslenzku þjóðinni hefur reynzt bezt, okkar fornu tungu og bókmenntir ásamt kristinni trú. Við verðum að sannfæra alla æskumenn um, að engum nýtum manni er ofaukið í íslenzku þjóðfélagi. Við Íslendingar erum of fámennir og fátækir til þess, að við höfum efni á, að nokkurt mannsefni fari í súginn. Enginn veit, hvaðan sá kemur, sem með hugkvæmni og þreki hvetur þjóðina til áður óþekktra dáða og afreka. Þess vegna skulum við af fremsta megni greiða fyrir því, að allir, sem einhver dugur er í, eigi þess kost að ryðja sér braut til mennta og menningar.

Þessi er sú stefna, sem ég mun í meginatriðum fylgja meðan ég er menntmrh., og mun ég ekki láta orðaskak né aðkast andstæðinga minna hrekja mig af þeirri braut. Hitt er vit-

að, að ég gegni stöðu minni ekki lengur en Alþ. kveður á um, og munu menn nú skjótlega heyra dóm þess. Hver sem hann verður, fagna ég því, að till. þessi hefur orðið til þess, að unnt er að ræða málin í almennings áheyrn, svo að alþjóð, sem úrslitaráðin hefur, getur milliliðalaust gert sér grein fyrir, hvort stefna mín í menntamálum er rétt eða röng.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Góðir hlustendur nær og fjær. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir til umr., er borin fram af þm. Þjóðvfl. Till. er um, að Alþ. lýsi vantrausti á hæstv. menntmrh.

Ég vil í byrjun máls míns taka það fram, að ég mun ekki nema að mjög litlu leyti ræða um framkomna till. sem vantraust á hæstv. menntmrh. sérstaklega, heldur lít ég á till. sem vantraust á allri ríkisstj., störfum hennar og stefnu. Mun ég því haga málflutningi mínum þar eftir.

Að undanförnu hefur hæstv. menntmrh. sætt harðri gagnrýni í nokkrum blöðum höfuðstaðarins fyrir ráðstafanir á stöðum við menntastofnanir landsins. Hæstv. menntmrh. hefur verið borinn þeim þungu sökum að hafa misnotað aðstöðu sína sem menntmrh. á hinn freklegasta hátt, haft að engu till. þeirra manna og nefnda, sem bezta aðstöðu og kunnugleik hafa haft til þess að meta hæfni umsækjendanna, svo sem skólanefnda og fræðslumálastjóra, gengið fram hjá mönnum með ótvíræða yfirburði, en skipað þess í stað flokksbræður sína og skjólstæðinga þrátt fyrir venjur og almenna réttlætiskennd.

Um sannleiksgildi þessara ásakana get ég verið stuttorður. Það virðist liggja ljóst fyrir, að hæstv. menntmrh. hafi sýnt hlutdrægni í stöðuveitingum og látið flokkssjónarmið ráða gerðum sínum.

Augljóst er, að allt stjórnarkerfi núverandi hæstv. ríkisstj. er gegnumsmogið af pólitískri spillingu. Eitt aðalatriði í stefnu hæstv. ríkisstj. einkennist fyrst og fremst af þeirri meginreglu að skipta til helminga á milli sín embættum og öðrum stöðuveitingum svo og allri aðstöðu til fjárplógsstarfsemi. Stjórnarflokkarnir hafa augsýnilega gert um þetta samkomulag, enda kemur þessi stefna hæstv. ríkisstj. svo berlega fram og í ótal myndum, að ekki verður um deilt. Hins vegar er það staðreynd, að hæstv. menntmrh. hefur brotið þessa reglu hæstv. ríkisstj. um helmingastaðaskiptin og látið halla á Framsfl. í embættaveitingum og gert hlut Sjálfstfl. stærri að dómi Framsóknar en leyfilegt var samkvæmt helmingastaðaskiptunum. Við sósíalistar munum ekki blanda okkur inn í slíkar erjur á kærleiksheimili stjórnarflokkanna.

Hæstv. menntmrh. er þekktur að því að vera einn mesti ofstækismaðurinn í flokki sínum. Slíkir menn líta fyrst og fremst á flokkshagsmuni og flokkssjónarmið. Þetta sjónarmið hefur á allharkalegan hátt ráðið gerðum hæstv. ráðh. í vali hans á mönnum í tiltekin kennaraembætti, og hefur hann hlotið fyrir það óvæga, en um leið að mörgu leyti réttmæta gagnrýni.

Það er vitanlega hinn mesti háski, sem búinn er hverju því þjóðfélagi, þar sem flokkssjónarmiðin eru sett öllu ofar, þar sem gáfur, menntun og starfshæfni eru sett skör lægra en pólitískar skoðanir. Slíkt réttarfar auðkennist af algerri lítilsvirðingu fyrir manngildi og göfugum hugsjónum. Pólitískir misindismenn eru settir til hinna æðstu metorða, ef þeir eru nægilega ötulir til starfa í þágu flokksins, en þeir menn, sem hafa máske margfalda þekkingu og starfshæfni fram yfir hinn ötula flokksmann, eru útilokaðir frá því að fá starf við sitt hæfi.

Þess eru mörg dæmi, að ungir og efnilegir menn, sem lokið hafa erfiðu skólanámi með ágætum árangri, hafa orðið að hrökklast af landi burt, vegna þess að ráðamenn þjóðfélagsins hafa ekki talið sig þurfa á starfskrafti þeirra að halda.

Þetta gerist á sama tíma sem þjóðina vantar sérfræðinga á ótal sviðum. Verkefni fyrir slíka menn virðast ótæmandi. Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur alveg sérstaklega verið lagin á að flæma menn burt frá starfi og sýnt einstakan stirðbusahátt í viðskiptum sínum við suma starfsmenn ríkisins. Nægir að benda á afskiptaleysi hennar af verkfalli verkfræðinganna. Enn þá hefur hæstv. ríkisstj. ekki fengizt til þess að semja við þá verkfræðinga, sem eru í þjónustu ríkisins, enda þótt liðnir séu margir mánuðir frá því þessi deila hófst. Þessi fjandskapur hæstv. ríkisstj. gagnvart verkfræðingunum hefur orðið þess valdandi, að margvíslegar framkvæmdir á vegum hins opinbera hafa verið í hinu mesta öngþveiti til stórtjóns fyrir land og lýð.

Það er alkunnugt, að enginn af forustumönnum stjórnarflokkanna átti eins mikinn og virkan þátt í því, að núverandi ríkisstj. Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins var mynduð að afloknum síðustu kosningum og hæstv. menntmrh.

Nokkru fyrir síðustu alþingiskosningar var samþykkt á þingi Framsfl. vantraust á hæstv. núverandi menntmrh., en þáverandi dómsmrh. Vantrauststill. þeirra framsóknarmanna var rökstudd með því, að hann hefði misbeitt valdi sínu sem dómsmrh. á margvíslegan hátt. Þrátt fyrir þennan dóm, sem flokksþing framsóknarmanna kvað upp yfir þáverandi dómsmrh., hikaði Framsfl. ekki við að taka boði Bjarna Benediktssonar um áframhaldandi stjórnarsamvinnu. Eitt skilyrði var þó sett af hálfu þeirra sjálfstæðismanna, og það var, að ekki yrði skipt um mann í dómsmálaráðherraembættinu. Framsfl. gekk að skilyrðinu. Hæstv. fyrrv. dómsmrh. hafði sigrað. Framsfl. taldi útilokað að mynda ríkisstj. með öðrum en Sjálfstfl., og þá að sjálfsögðu undir forustu formanns Sjálfstfl.

Það er vitað, að Bandaríki Norður-Ameríku höfðu krafizt þess og sett það sem skilyrði fyrir áframhaldandi Marshallaðstoð, að samstjórn þessara flokka héldi áfram, enda slík krafa af hendi hins erlenda stórveldis í vestri í fullu samræmi við skoðanir og vilja forustumanna beggja flokkanna og þá alveg sérstaklega hæstv. núverandi menntmrh., sem hafði öðrum fremur lagt sig fram um að koma á

framfæri og berja í gegn kröfu Bandaríkjastjórnar um stórkostlegar herstöðvar með tilheyrandi landaafsali. Þar sem það er staðreynd, að hæstv. menntmrh. var einn aðalforustumaður þeirra manna, sem stóðu að myndun núverandi ríkisstj., er það eðlileg afleiðing, að skoðanir hans í utanríkismálum og atvinnumálum hafa mótað að verulegu leyti stjórnarstefnuna, enda vitað, að skoðanir hans og ráðh. Framsfl. eru furðu líkar í mörgum málum.

Hvað er svo það, sem aðallega hefur verið einkennandi fyrir stefnu núverandi ríkisstj.? Takmarkalaus undirlægjuháttur gagnvart stjórn Bandaríkjanna og kyrrstaða í uppbyggingu atvinnuveganna. Mun ég nú ræða um þessi tvö mál, eftir því sem tími vinnst til.

Árið 1951 fór stjórn Bandaríkjanna fram á að fá að hafa hér setulið og jafnframt að auka herstöðvar, sem fyrir voru, og byggja nýjar. Þáverandi ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar urðu við þessari ósvífnu kröfu Bandaríkjastjórnar. Nýtt setulið var flutt til landsins, og jafnframt var hafinn stórkostlegur undirbúningur að byggingu hernaðarmannvirkja suður á Keflavíkurflugvelli. Hundruð íslenzkra manna voru kvaddir til vinnu við byggingu margvíslegra stöðva fyrir drápstæki suður þar. Auðmenn höfuðborgarinnar voru fljótir að átta sig á því, hvað hér var að gerast. Hófu þeir þá þegar margvísleg viðskipti og þjónustu við forustumenn innrásarhersins og greiddu ásamt þáverandi ríkisstj. götu hans eftir beztu getu. Stofnað var sérstakt byggingarfélag, sem í voru margir háttsettir borgarar höfuðstaðarins og forustumenn stjórnmálaflokkanna og hafa skyldi á hendi byggingarframkvæmdir á vegum hersins.

Alþýða manna lét sér fátt um finnast. Menn gátu ekki komið auga á nauðsyn þess að byggja hér á Íslandi stórkostlegar herstöðvar og það á friðartímum.

Sósíalistaflokkurinn og blað hans, Þjóðviljinn, hóf þá þegar ásamt nokkrum hluta verkalýðshreyfingarinnar harða baráttu á móti hinu nýja hernámi og sýndi fram á með óyggjandi rökum, hvílíka ógnarhættu væri verið að leiða yfir þjóðina með slíkum aðgerðum, jafnframt því sem bent var á hina siðferðislegu og þjóðernislegu hættu, sem þjóðinni væri búin af löngu hernámi.

Stjórnarflokkarnir og blöð þeirra brugðust hið versta við, og í ræðu og riti voru allar aðfinnslur og aðvaranir í sambandi við hið nýja hernám stimplaðar sem glæpsamlegt athæfi gagnvart landi og þjóð og þeir menn taldir úrhrak þjóðfélagsins, landráðamenn og njósnarar, sem á einhvern hátt beittu sér fyrir baráttu almennings á móti hernáminu. Siðspillingin og alls kyns ólifnaður þróaðist hröðum skrefum með komu innrásarhersins, í svo stórum stíl, að þess voru engin dæmi til áður meðal Íslendinga, en stjórnarherrarnir létu sem allt væri í lagi, og enginn ráðherranna var ákveðnari í að verja ósómann en hæstv. núverandi menntmrh.

Í tíð núverandi ríkisstj. hefur hernámsvinnan haldið áfram hröðum skrefum. Suður á Keflavíkurflugvelli er haldið áfram að byggja stórkostlega herstöð fyrir innrásarherinn. Þangað suður er stöðugur straumur af flutningabílum, sem flytja byggingarvörur, hergögn, sprengiefni og annað það, sem talið er nauðsynlegt til slíkrar starfsemi, frá flutningaskipum, sem koma með þessar vörur hingað til Reykjavíkurhafnar og skipa hér á land.

Hernámsliðið stendur í miklum byggingarframkvæmdum. Tugir af tveggja og þriggja hæða húsablokkum eru reistir þar syðra fyrir herraþjóðina til að búa í. Hundruð hermannaskála og verkamannaskýla hafa verið byggð og eru í byggingu. Vöruskemmur og flugvélaskýli, sem þekja tugþúsundir fermetra að gólffleti, eru byggð. Stórkostleg stækkun á flugvellinum hefur verið framkvæmd, og enn meiri stækkun er í undirbúningi. Engum manni dettur í hug að halda því fram í alvöru, að hér sé um að ræða varnarstöð, heldur er um árásarstöð að ræða, sem nota á í hugsanlegu stríði við tiltekin ríki í Evrópu, enda opinberlega viðurkennt í amerískum blöðum og staðfest af háttsettum bandarískum hernaðarsinnum. Allar þessar framkvæmdir eru gerðar með fullu samþykki núverandi ríkisstjórnar.

Ekki er látið staðar numið við byggingu herstöðvanna á Keflavíkurflugvelli. Í heiðinni fyrir ofan Sandgerði er þegar búið að reisa radarstöð til afnota fyrir innrásarherinn. Í Hvalfirði er þegar búið að byggja allmarga hermannaskála með öðrum tilheyrandi mannvirkjum. Dvelja þar nú þegar nokkrir bandarískir hermenn. Í Aðalvík og á Hornströndum er þegar hafin bygging mikils háttar hernaðarmannvirkja, þar með radarstöð. Á Langanesi er hafinn undirbúningur að byggingu herstöðva og radarstöðva. Í nánd við Höfn í Hornafirði er langt komið að byggja herstöð og radarstöð. Ríkissjóður hefur þegar látið verja miklu fé til vegalagningar til hinnar nýju herstöðvar í Hornafirði. Samningar hafa verið teknir upp við herstjórn Bandaríkjanna um, að herinn byggi herskipahöfn í Njarðvíkum fyrir innrásarherinn. Margar fleiri framkvæmdir munu fyrirhugaðar á vegum hersins, sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki talið rétt að birta almenningi neinar fregnir af.

Eins og ég gat um áður, eru það íslenzk byggingarfélög, sem sjá um mikið af þessum byggingarframkvæmdum á vegum hersins. Margir af auðmönnum Reykjavíkur eru hluthafar í þessum byggingarfélögum og öðrum þeim félagsskap, sem starfar á vegum hersins beint eða óbeint. Auðmenn beggja stjórnarflokkanna eru beinir aðilar í þessari þokkaiðju, en kórónan á henni er svo sú, að í sumar var að tilhlutan ríkisstj. stofnað félag með einnar millj. kr. höfuðstól, sem á að hafa með höndum nokkurs konar yfirstjórn allra byggingarframkvæmdanna á vegum herstjórnarinnar. Félagsskapur þessi er þannig samsettur, að hluthafar eru fjórir. Hlutafélaginu er þannig skipt: Sameinaðir verktakar, sem í eru margir helztu auðmenn Reykjavíkur og aðrir máttarstólpar Sjálfstfl., eiga 50%. Byggingarfélagið Reginn 25%. Meðlimir þess félags eru margir helztu forkólfar Framsfl. og Sambands ís-

lenzkra samvinnufélaga. Svo kemur ríkisstj. með 25%. Stjórn þessa nýja félags er skipað 4 mönnum, 2 frá hvorum flokki. Þar með eru helmingaskiptin tryggð. Þetta félag á svo að úthluta til annarra byggingarfélaga þeim framkvæmdum, sem vinna á á vegum hersins. Þessi félög eru þó aðallega tvö: Sameinaðir verktakar og Byggingarfélagið Reginn. Sem sagt helmingaskiptum á milli stjórnarflokkanna við hernámsvinnuna hefur verið komið á í fyllsta mæli. Þannig hefur ríkisstj. tengt auðmannastéttina í báðum stjórnarflokkunum eins örugglega við hernámið og frekast er hægt. Til að sýna landslýð vilja sinn og stefnu í hernáminu á sem allra skýrastan hátt er ríkissjóður látinn gerast hluthafi í félaginu, félagsskap, sem á að hafa yfirumsjón með hernámsframkvæmdunum.

Ekki verður annað séð en að hæstv. fjmrh. hafi algerlega brostið lagalega heimild til þess að láta ríkissjóð gerast hluttakandi í þessum félagsskap. En það er eins og svo margt annað hjá hæstv. ríkisstj., lög og reglur eru sniðgengnar, en meiri hl. á Alþ. er látinn samþykkja ráðstafanir ráðherranna eftir á.

Það má öllum ljóst vera, svo að ekki verður um deilt, að auðmannastétt landsins hefur stórkostlegra hagsmuna að gæta í sambandi við hernámið. Því meiri hernaðarframkvæmdir á vegum hersins, því meiri verður gróði hennar. Dansinn í kringum gullkálfinn suður á Keflavíkurflugvelli verður æ trylltari og trylltari. Árlega streyma milljónir og aftur milljónir í vasa auðmanna og alls konar braskaralýðs. Hundruð og þúsundir verkafólks streyma í hernámsvinnuna, á sama tíma sem hér við Faxaflóa er stórkostleg vöntun á vinnukrafti við nauðsynleg framleiðslustörf í landi og útgerðarmenn eru í vandræðum með að fá sjómenn á skip sín og báta. En ríkisstj. lætur sig það engu skipta. Hennar hugsjón og stefna er meiri og voldugri herstöðvar, enda eins og hæstv. ríkisstj. sé búin að tapa allri trú á framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar og hún láti sér í léttu rúmi liggja, hvort hægt sé að starfrækja þá af fullum krafti eða ekki. Þessi stefna hæstv. ríkisstj. gagnvart núverandi hernámi landsins verður því óskiljanlegri, þegar það er vitað, að alger friður er nú kominn á um heim allan og forustumenn fjölmargra þjóða gera allt sem þeir geta til að leysa deilur þjóða á milli með samningum.

Á sama tíma sem hæstv. ríkisstj. hefur verið önnum kafin við að framkvæma skipanir húsbænda sinna og vina í Washington um byggingar herstöðva í landinu, hefur alltaf sigið meir og meir á ógæfuhlið í hinum ýmsu landshlutum.

Það hefur verið mikið rætt og ritað um nauðsyn þess að skapa jafnvægi í byggð landsins. Engir hafa verið háværari um það mál en einmitt hv. þm. stjórnarflokkanna og málgögn þeirra. Sérstaklega hefur talið um jafnvægi í byggð landsins verið þeim kærkomið umræðuefni við ýmis hátíðleg tækifæri, fyrst og fremst fyrir allar kosningar. Þá hafa loforðin ekki verið spöruð. Í síðustu kosningum var haldið fram af sumum frambjóðendum stjórnarfl., sérstaklega Sjálfstfl., og að sjálfsögðu undirstrikað í blaðaskrifum þeirra, að það væri gersamlega tilgangslaust að kjósa til þings aðra en frambjóðendur þáverandi stjórnarflokka. Næðu þeir kosningu, mundu vandræði viðkomandi héraða og kjördæma verða leyst. Upp mundu rísa blómleg atvinnufyrirtæki, og fólkið mundi fá nægjanlega atvinnu. Brottflutningur fólksins mundi stöðvast, jafnvægi í bæ og byggð mundi skapast. Í þessu máli sem öðru verður reynslan ólygnust.

Hefur tekizt að halda við jafnvæginu í byggð landsins? Hefur fjármagnið streymt til þeirra staða úti á landi, sem fólu fulltrúum stjórnarflokkanna að fara með umboð sitt á hinu háa Alþ.? Hvað segja staðreyndirnar okkur? Þrátt fyrir það að kjósendur illu heilli héldu áfram að senda þm. úr liði stjórnarflokkanna sem fulltrúa sína fyrir dreifbýliskjördæmin og kaupstaðakjördæmin utan Reykjavíkur á þing, hefur ástandið sjaldan verið verra en nú. Aldrei hefur fólksstraumurinn verið meiri utan af landsbyggðinni hingað suður en nú. Í sumum byggðarlögum liggur við auðn, nema til komi skjót og örugg aðstoð við uppbyggingu atvinnuveganna. Fjármagn til slíkra framkvæmda er ekki til í þessum byggðarlögum. Það verður að fást annars staðar frá.

Hér í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar er mestum hluta fjármagnsins saman safnað. Hér eru þeir menn, sem því ráða og ráðstafa. Þeir beina fjármagninu til þeirrar starfsemi og til þeirra staða, sem líklegastir eru að gefa sem mestan og fljótfengnastan arð. Í Reykjavík eru höfuðstöðvar allra þeirra mörgu hringa og auðmanna, sem soga til sín arðinn af sjávarútveginum í gegnum útflutnings- og innflutningsverzlunina. Bankar, olíufélög, tryggingafélög og skipafélögin taka til sín ríflegan skerf af þeim verðmætum, sem sjómenn og verkafólk framleiða. Og síðast en ekki sízt kemur svo ríkissjóður, sem í æ ríkara mæli hrifsar til sín hundruð milljóna króna árlega í síhækkandi tollum og margs konar álögum á alla framleiðslu og allan almenning. Dýrtíðin heldur áfram að vaxa jafnt og þétt, en mismunurinn á milli kaupgjalds og verðlags verður stöðugt óhagstæðari fyrir launastéttirnar. Ríkisvaldið verður svo árlega að grípa til margs konar ráðstafana til að bjarga sjávarútveginum, eins og það er kallað, frá hruni. Við þekkjum þessar ráðstafanir. Þær hafa birzt almenningi í gengislækkun, bátagjaldeyri og nú síðast með nýjum bílaskatti. Allar þessar ráðstafanir verða beinlínis til þess að auka stórkostlega auðsöfnun einstakra auðmanna og auðfélaga, en á kostnað hinna mörgu, sem að framleiðslunni vinna.

Á sama tíma sem auðsöfnunin eykst stórkostlega meðal auðstéttarinnar hér í Reykjavík, verður hlutur hinna mörgu bæja og sjávarþorpa víðs vegar um landið verri og verri. Þar býr stór hluti af fólkinu við landlægt atvinnuleysi. Þar er lánsfjárskorturinn í algleymingi, svo að útilokað er, að þessi byggðarlög geti af sjálfsdáðum bætt úr ástandinu að neinu veru-

legu ráði. Lítið sem ekkert er gert af hendi hins opinbera til að koma þessum byggðarlögum til hjálpar. Það litla, sem kann að vera gert, er hvorki heilt né hálft. Engar skipulagslegar ráðstafanir gerðar til uppbyggingar atvinnuveganna, þó að á þessum stöðum séu víðast hvar miklir, en lítt notaðir möguleikar fyrir hendi. Hæstv. ríkisstj. heldur að sér höndum. Það eina, sem hún gerir, er að veita smávægilega atvinnubótastyrki til sumra þessara staða, sem að sáralitlu gagni koma fyrir allan fjöldann.

Mér gefst ekki tími til þess að lýsa atvinnuástandinu í hinum ýmsu kaupstöðum og sjávarþorpum á Vestur-, Norður- og Austurlandi nema að örlitlu leyti. Ég vil þó benda á eftirfarandi dæmi:

Á nýafstöðnum héraðsmálafundi Vestur-Ísafjarðarsýslu, þar sem rætt var um atvinnuhorfur þessara byggðarlaga og um þá miklu örðugleika, sem útgerðin þar hefur við að stríða, var í fundarályktun látin í ljós sú skoðun, að litlar líkur væru fyrir því, að útgerðarmenn mundu sjá sér fært að gera fiskibáta sína út í vetur á heimamið vegna fyrirsjáanlegs veiðibrests, sem m. a. var talinn stafa af auknum ágangi erlendra togara á grunnmiðum. Samþykkt var áskorun á Alþ. og ríkisstj. að færa út landhelgislínuna á tilteknu svæði fyrir Vestfjörðum upp í 16 sjómílur. Þessi krafa Vestfirðinganna um stækkun landhelginnar er ekki ný. Hún er margra ára gömul, borin fram af brýnni þörf þessara byggðarlaga, svo að ekki leggist niður útgerð á smærri skipum og bátum vegna rányrkju erlendra togara á grunnmiðum.

Ekkert skal um það fullyrt, hver verða viðbrögð hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. í þessu máli Vestfirðinganna og hliðstæðu máli, sem fram er komið á Alþ. fyrir Austfirðinga. Ef dæma skal út frá viðbragðsflýti hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. gagnvart óskum og kröfum ýmissa bæjar- og sveitarfélaga, er ekki að vænta neinna stóraðgerða í þessu mikla hagsmunamáli vestfirzkra og austfirzkra sjávarþorpa.

Ýmsar aðrar ráðstafanir væri og hægt að gera til uppbyggingar atvinnulífsins á Vestfjörðum. Þeir, sem kunnugir eru þar öllum staðháttum, vita, að Vestfirðir liggja mjög vel við fyrir togara til löndunar. Víðast hvar í fjörðum inni eru góðar hafnir og tiltölulega stutt að sækja á þau mið, sem togararnir sækja á mikinn hluta ársins, hin svokölluðu Halamið. Til bjargar við byggðina á Vestfjörðum þarf að auka stórlega frá því, sem nú er, afkastagetu þeirra hraðfrystihúsa, sem fyrir eru, og byggja önnur ný. Gera þarf sjávarplássunum kleift að eignast togara eða tryggja það á annan hátt, að togarar leggi að staðaldri upp afla til hraðfrystingar og til annarrar vinnslu, eftir því sem henta þætti. Rafmagnsþörf Vestfirðinganna þarf að leysa á viðunandi hátt, en eins og nú er, eru slík mál í hinum mesta ólestri. Í þessu sambandi má benda á, að frá Ísafirði eru gerðir út tveir togarar, en hraðfrystihúsaskorturinn er mikill og hin mesta þörf á því, að byggt verði nýtt eða hin eldri stórlega bætt frá því, sem nú er. Ísafjarðarkaupstaður var um langt skeið stærsti og einn elzti útgerðarbær hérlendis. Þaðan var haldið til fiskveiða miklum fjölda fiskiskipa með ágætum árangri, enda vestfirzkir sjómenn orðlagðir sem dugmiklir sjómenn. Nú er ástandið þar þannig, að nokkuð af fiskibátunum hefur verið selt á nauðungaruppboðum burt úr bænum. Atvinnuleysið er áberandi, en fólkið flytur burt til annarra staða og þá fyrst og fremst hingað suður.

Ástandið í austfirzkum sjávarþorpum er á margan hátt svipað því, sem er á Vestfjörðum. Þar er landlægt atvinnuleysi marga mánuði ár hvert og stöðugur fólksflutningur frá kauptúnum og sjávarþorpum suður á land. Rafmagnsmál héraðanna eru í megnasta ólestri þrátt fyrir margra ára baráttu fyrir úrbótum á þessu sviði. Nú kvað það vera í athugun hjá hæstv. ríkisstj. að leysa þetta mikla vandamál Austfirðinganna með áður óþekktum aðferðum, a. m. k. hérlendis, án þess að fyrir liggi fullnægjandi rannsóknir sérfræðinga á því, hvort hin væntanlega leiðsla kemur til með að fullnægja rafmagnsþörf viðkomandi héraða.

Þrátt fyrir alvarlegt atvinnuleysi og margs konar örðugleika á sviði atvinnumála á Vestfjörðum og Austurlandi er þó ástandið á Norðurlandi enn þá verra. Í fjölmörgum sjávarþorpum vantar fiskibáta, fiskmóttökustöðvar, hraðfrystihús og bætt hafnarskilyrði. Í öðrum stærsta kaupstað Norðurlands, Siglufirði, vantar stóraukna útgerð. Þar eru ekki til nema 4—5 fiskiskip og nokkrir opnir vélbátar. Siglufjarðarbær á tvo togara, sem báðir eru undir hamrinum vegna vanskila við stofnlánadeild sjávarútvegsins, eins og reyndar mun vera hjá mörgum öðrum togarafélögum. Þetta eru einu stórvirku framleiðslutækin, sem til eru þar á staðnum og veita mikla atvinnu inn í bæinn, sérstaklega yfir haustið og fyrri hluta vetrar, en það er sá tími, sem togararnir leggja þar upp afla sinn til vinnslu, svo og á vorin. Það er því að vonum, að menn spyrji: Hvað verður gert? Verða togararnir teknir af Siglfirðingum vegna vanskila við stofnlánadeildina? Farið hafa fram viðræður við hæstv. ríkisstj. um málið, en engin endanleg svör hafa fengizt, svo að mér sé kunnugt.

Atvinnuástand sumra annarra staða á Norðurlandi er lítið betra en á Siglufirði. Nokkrir þessara staða gerðu á sínum tíma ítrekaðar tilraunir til þess að fá togara, en án nokkurs árangurs. Sumir þessara staða töldu sig hafa yfir að ráða allmiklu fé til að greiða upp í andvirði skipanna, og vinnslumöguleikar á miklu fiskmagni voru fyrir hendi í landi, í hraðfrystihúsum, og önnur nýting aflans vel framkvæmanleg. Fyrir 2—3 árum var til sölu hér í Reykjavík einn nýsköpunartogari, sem legið hafði yfir lengri tíma ónotaður. Húsvíkingar gerðu ítrekaðar tilraunir til þess að fá þetta skip keypt. Þeir óskuðu eftir aðstoð hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. í málinu. Þáverandi ríkisstj. þvældi málið fram og til baka án sýnilegs árangurs. Að síðustu var svo Húsvíkingum neitað um umbeðna aðstoð. Þar með voru togarakaup þeirra úr sögunni.

Frá Akureyri eru gerðir út fimm togarar með góðum árangri, en í sjálfum höfuðstað Norðurlands er ekki til eitt einasta hraðfrystihús, til ómetanlegs tjóns fyrir útgerðina og allt verkafólk staðarins. Fyrir ötula forgöngu sósialista í bæjarstjórn Akureyrar hafa nú verið mynduð samtök með þátttöku bæjarfélagsins til að hrinda þessu stórmáli í framkvæmd. Að sjálfsögðu þarf mikið fjármagn til að byggja stórt hraðfrystihús. Þá hlið málsins hefur ekki tekizt að leysa enn sem komið er þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir forustumanna Akureyrarkaupstaðar. Vonir standa þó til, að málið verði leyst með almennri þátttöku bæjarbúa. Hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa séð neina þörf á því að útvega Akureyringum nauðsynlegt fjármagn til byggingar hraðfrystihúss.

Ég veit, að menn gera sér það ekki almennt ljóst, hvílík gerbreyting hefur orðið á atvinnulífi norðlenzkra bæja og sjávarþorpa og þó alveg sérstaklega Siglfirðinga vegna síldarleysisins undanfarin 10 ár. Eitt er staðreynd. Hæstv. ríkisstj. virðist sízt af öllum skilja það hræðilega ástand, sem síldarleysið hefur kallað yfir íbúa þessara byggðarlaga. Áður fyrr, meðan síldin veiddist allt frá Ströndum til Austfjarða, var fjörugt atvinnulíf á þessum stöðum. Allir, sem vildu og gátu unnið, höfðu næga vinnu frá því snemma á vorin og langt fram á haust og vetur. Síldarverksmiðjurnar voru í fullum gangi yfir veiðitímabilið og höfðu oft og tíðum ekki við að vinna úr þeim afla, sem barst á land. Síldarþrærnar voru í lokin oft fullar af hráefni, og vinnu var haldið áfram við bræðslu síldarinnar langt fram eftir hausti. Á hverju einasta síldarplássi var söltuð síld til útflutnings, hundruð, jafnvel þúsundir karla og kvenna víðs vegar að af landinu unnu dag sem nótt, þegar mest veiddist, við að salta síld og gera úr henni markaðshæfa vöru. Vinna við útskipun á afurðunum var geysimikil. Seinni hluta vetrar og snemma vors var svo hafinn undirbúningur undir næstu vertíð. Þannig tók hvert starfið við af öðru. Á þessum tíma hafði ríkissjóður gífurlegar tekjur af útflutningi síldarafurða. Um skeið var Siglufjarðarhöfn mesta útflutningshöfn landsins utan Reykjavíkur. Nú hefur þessi aðalatvinnuvegur Norðlendinga lagzt í rúst. Eftir standa hálfónýt pláss, bryggjur og síldarverksmiðjur, þar sem vélar hafa ekki verið hreyfðar árum saman, svo að teljandi sé.

Hvað hefur svo verið gert af hendi hins opinbera til hjálpar því fólki, sem orðið hefur fyrir slíku voðaáfalli? Hafa ekki hæstv. ríkisstjórnir brugðið skjótt við og sent sérfræðinga sína til þeirra staða, sem harðast hafa orðið úti, og látið gera till. um stofnun nýrra atvinnuvega og aðstoðað byggðarlögin með ráðum og dáð með útvegun nýrra atvinnufyrirtækja? Í langflestum tilfellum hefur ekkert verið gert, sem til frambúðar geti talizt til úrbóta á hinu óþolandi ástandi.

Rétt er þó að geta þess, að hæstv. Alþingi og ríkisstj. leyfðu síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði að byggja þar hraðfrystihús. Að því hefur verið mikil atvinnubót fyrir plássið, en gæti þó verið miklu meiri, ef það fengi nægjanlegt hráefni til vinnslu, en á það hefur allmikið skort, hverju sem um er að kenna. Það eina, sem orðið getur norðlenzkum bæjum og sjávarþorpum til bjargar frá yfirvofandi hruni og gereyðingu, er aukin þorskútgerð, þó alveg sérstaklega togaraútgerð, en kaupstaðirnir og sjávarþorpin á Norðurlandi geta ekki án beinnar opinberrar aðstoðar eignazt slík framleiðslutæki. Þessir staðir ráða ekki, svo að teljandi sé, yfir neinu fjármagni, sem þarf til slíkra framkvæmda. Slík aðstoð verður að fást annars staðar frá. Það er alveg tvímælalaust skylda ríkisvaldsins á hvaða tíma sem er að aðstoða hvert það byggðarlag, sem verður fyrir áföllum, hvort sem þau stafa af veiðibresti eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Sökum hins ömurlega ástands, sem skapazt hefur í síldarbæjunum á Norðurlandi vegna margra ára veiðibrests og vegna sinnuleysis og úrræðaleysis stjórnarvaldanna til að finna leiðir til úrbóta, hefur fjöldi fólks verið neyddur til að yfirgefa heimili sín og eignir og flytja burt og þá aðallega hingað suður. Eftir standa auð hús og önnur mannvirki, ofurseld tortímingu og eyðileggingu. Er það slíkt ástand, sem hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar kalla að tryggja jafnvægi í byggð landsins?

Hér á hv. Alþingi hafa farið fram mjög athyglisverðar umræður um hið ömurlega atvinnuástand ýmissa byggðarlaga á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Þingmenn úr öllum flokkum hafa tekið þátt í þessum umræðum og krafizt skjótra aðgerða til úrbóta á ástandi viðkomandi staða. Til að undirstrika þörfina fyrir slíkar aðgerðir hafa þeir svo flutt frumvörp, sem miða að því að bæta úr atvinnuleysi viðkomandi staða. Jafnvel hv. þingmenn Framsfl., sem kölluðu togarakaup nýsköpunarstjórnarinnar ævintýramennsku og gums, hafa nú flutt frv. um, að keyptir verði fjórir togarar til landsins og afhentir eftir þar til settum reglum til þeirra staða, sem þeirra hafa mesta þörf, eða jafnvel að ríkið sé látið reka skipin og þau notuð til atvinnujöfnunar á þeim stöðum, þar sem ástand er verst. Það mun koma í ljós síðar á þessu þingi, hvort hv. þm. stjórnarflokkanna hafa flutt þessi frv. í alvöru eða hvort þau eiga að verða eitthvert auglýsingaplagg til að veifa framan í hæstv. kjósendur. Við þingmenn Sósfl. munum vinna að því eftir mætti, að þessi frv. nái fram að ganga. Þá hafa þingmenn Sósfl. flutt frv., sem öll miða að stóraukinni atvinnu- og framleiðsluaukningu, m. a. um togarakaup og nýsmíði togara innanlands og frv. um aðstoð við bæjar- og sveitarfélög. Hæstv. ríkisstj. hefur látið allar umr. um atvinnumálin hér á Alþingi sig engu skipta, enda sagði hæstv. fjmrh. við 1. umr. um fjárlögin í sameinuðu þingi, að allir hefðu nægа atvinnu. Enginn hæstv. ráðherra hefur tekið til máls undir umr. um þessi mál. Þessi afstaða hæstv. ráðherra til eins mesta vandamáls yfirstandandi tíma, uppbyggingar atvinnuveganna, sýnir svo takmarkalaust ábyrgðar-

leysi og um leið skilningsleysi á þörfum fólksins, sem býr við stöðugt atvinnuleysi, að undrum sætir.

Það er engu líkara en hæstv. ráðh. telji slíkt mál sem uppbyggingu atvinnuveganna sér algerlega óviðkomandi. Hæstv. ríkisstj. virðist vera önnum kafin við allt önnur og að hennar dómi sjálfsagt þýðingarmeiri mál fyrir þjóðarheildina. Máske er hæstv. ríkisstj. önnum kafin við að skipta á milli gæðinga sinna hernámsgróðanum? Að sjálfsögðu er hún í fullu starfi með samherjum sínum í hernámsliðinu við að finna út leiðir til aukinna hernaðarframkvæmda suður á Reykjanesi og víðar. Það er hvort sem er hennar eina úrlausn á vandamálum þess fólks, sem býr við atvinnuleysi úti á landsbyggðinni. Hæstv. ríkisstj. telur það ekki alvarlegt ástand, þó að atvinnulaust verkafólk sé neytt til að flytja í stórhópum frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi suður á land. A. m. k. aðhefst hæstv. ríkisstj. ekki neitt í þá átt, sem orðið gæti til að bæta úr atvinnuástandi viðkomandi staða og stöðva þar með flótta frá þessum byggðarlögum. Alþýða landsins og alveg sérstaklega fólk úti á landi er orðið langþreytt á sinnuleysi og úrræðaleysi hæstv. ríkisstj. í þessum málum. Það krefst breyttrar stjórnarstefnu. Alþýðan mótmælir því að búa við áframhaldandi skort og atvinnuleysi.

Allur almenningur, mikill meiri hluti þjóðarinnar, krefst þess, að það Alþingi, sem nú situr að störfum, geri þær ráðstafanir, sem að gagni megi koma til sköpunar blómlegs atvinnulífs við nytsamleg framleiðslustörf. Sú krafa fólksins verður ekki þögguð niður. Hún er rödd þess fólks, sem trúir á framtíð þessa lands og veit og skilur, að möguleikarnir til aukinnar hagsældar fyrir alla íbúa þess eru lítt tæmandi. Alþýðan á Íslandi hefir mikið lært af reynslu undanfarinna ára. Hún hefur m. a. lært að standa betur sameinuð en áður. Sú sameining og samfylking, sem nú er að skapast meðal allra vinnandi stétta, alls vinnandi fólks á Íslandi, mun verða það reginafl, sem ekkert afturhald og engin kyrrstöðuöfl fá staðizt.

Alþýðustéttin á Íslandi er búin að fá sig fullkeypta á núverandi stjórnarstefnu. Hún krefst athafna í stað athafnaleysis. Hún krefst uppbyggingar íslenzkra atvinnuvega í stað hernaðarframkvæmda. Hún krefst útrýmingar atvinnuleysis í öllum bæjum og sjávarþorpum, hvar sem er á landinu. En alþýðan treystir ekki hæstv. núverandi ríkisstj. til slíkra athafna. Til þess eru dæmin um manndómsleysi hennar of nærtæk. Spor hæstv. ríkisstj. hræða. Fyrir því lítur allur almenningur á fram komið vantraust á einn ráðherra sem verðskuldað vantraust á alla ríkisstjórnina. Á þeim grundvelli og með þeirri skýringu munum við þingmenn Sósfl. greiða fram kominni vantrauststillögu atkvæði.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ég mun segja fá orð um vantraustið sjálft. Flestum mun skiljast, að Framsfl. hlýtur að ákveða það sjálfur, hvenær hann álítur, að núverandi stjórnarsamstarfi eigi að slíta, og mun ekki láta aðra flokka segja sér þar fyrir verkum, hvorki með vantrausti né á annan hátt.

Samþykkt vantrausts á einn ráðherra, úr hvaða flokki sem hann væri, er sama og vantraust á alla ríkisstjórnina og mundi leiða til falls hennar allrar. Þetta kom greinilega fram í þeirri síðustu ræðu, sem var flutt hér, og var réttilega fram tekið.

Um embættaveitingar núverandi hæstv. menntmrh. vil ég segja þetta: Ráðh. hafa fylgt nokkuð mismunandi reglum um embættaveitingar fyrr og síðar. Þeir hafa stundum og oft af réttlætanlegum ástæðum veitt embætti gegn umsögn og till. þeirra, sem að lögum hafa átt að segja til um það, hver væri hæfastur. En ef það er gert að reglu að veita embætti einatt þeim umsækjanda, sem er öruggastur flokksmaður ráðherrans, hvað sem hæfni hans líður, samanborið við aðra umsækjendur, þá mun þess skammt að bíða, að aðrir, sem ráða yfir störfum, telji sig neydda til þess að beita sömu vinnuaðferðum. Ég tel rétt, að þjóðin geri sér það ljóst, að þessi er afleiðingin, ef þessum vinnuaðferðum er beitt.

Að öðru leyti vil ég nota þetta tækifæri til að gera nokkra grein fyrir aðstöðunni í íslenzkum stjórnmálum, sérstaklega vegna þess, í hvaða tilgangi þetta vantraust er borið fram.

Árið 1938 gerðist sá afdrifaríki atburður í stjórnmálum hér á landi, að nokkrir menn klufu Alþfl. og gengu til samfylkingar, sem svo var nefnd, með kommúnistum. Við það dró svo mjög úr styrk Alþfl., að hann og Framsfl. hafa aldrei síðan átt meiri hluta saman á Alþ. og því aldrei síðan getað myndað meirihlutastjórn. Samfylkingin endaði með því, að fjölmennur hópur Alþýðuflokksmanna innlimaðist í kommúnistaflokkinn. Með þessum hætti varð kommúnistaflokkurinn óvenjulega stór og hefur verið það síðan, þótt hann fari ört minnkandi, eins og síðustu kosningar til Alþ. og bæjarstjórna sýndu.

Hin sanna og um leið óhugnanlega mynd af stjórnmálaástandinu á Íslandi er þessi: Í landinu er stór kommúnistaflokkur, sem hér eins og með öðrum lýðræðisþjóðum gerir sig óhæfan til stjórnarsamstarfs vegna annarlegra sjónarmiða í utanríkismálum. Í annan stað er hér jafnaðarmannaflokkur, sem síðan 1938 hefur verið miklu fámennari og veikari en í nokkru öðru nálægu og sambærilegu landi. Í þriðja lagi er hér flokkur, sem hefur ekki aðeins klofið sig frá öllu samstarfi við vinstri flokkana, heldur haldið uppi æðisgegnum árásum á þá fyrir það, að þeir vilja ekki láta hið ameríska varnarlið fara úr landi nú þegar. Þetta hefur skapað hinum íslenzka íhaldsflokki, sem gengur undir dulnefninu Sjálfstfl., stöðvunarvald í íslenzkum stjórnmálum, þannig að það hefur ekki verið unnt að mynda ríkisstjórn, er hefði meiri hluta þm. sér að baki, nema Sjálfstfl. taki þátt í henni og styðji hana.

Framsfl. er frjálslyndur flokkur umbóta- og samvinnumanna í landinu. Fylgi hans er traust

með þjóðinni, sem gleggst má sjá af því, að þrátt fyrir ýmis áföll hafði hann við seinustu kosningar, sem voru honum óhagstæðar, sama hundraðshluta kjósenda og hann hafði 1934. Hann hefur því einatt bætt við sig hlutfallslega þeirri fjölgun kjósenda, sem orðið hefur í landinu.

Ef til væri í landinu jafnaðarmannaflokkur eitthvað í áttina við það, sem er með öllum nálægum lýðræðisþjóðum, hefði sá flokkur ásamt Framsfl. yfirgnæfandi meiri hl. á Alþ. og gætu þeir haft samstarf um ríkisstjórn svipað því, sem lengi hefur verið í Svíþjóð og víðar.

Eins og vitað er, hefur Sjálfstfl. mun meiri völd í landinu á seinustu árum en hann hafði fyrir hálfum öðrum áratug. Ýmsa hef ég heyrt álasa kjósendum fyrir það að styðja þennan flokk í vaxandi mæli. Þetta er ómakleg ásökun að verulegu leyti. Hagskýrslurnar sanna það, að í kosningunum árið 1933 hafði Sjálfstfl. 48% allra kjósenda, 1934 42.3%, 1937 39.5%, 1942 38.5%, 1946 39.5% og 1953 37.1%. Á þessum árum hefur fylgi Sjálfstfl. með þjóðinni hrakað jafnt og þétt, eða á framantöldu tímabili um 10.9%.

Hvað veldur þá þeirri öfugþróun, að flokkur, sem tapar fylgi með þjóðinni, eykur völd sín hjá sömu þjóð? Deildu og drottnaðu er alþekkt stjórnarregla. Með því að kljúfa andstæðinga sína sundur í innbyrðis fjandsamlega flokka og hópa stjórnuðu Rómverjar um langt skeið og eftir að þeim var tekið að hnigna mörgum þjóðum, sem voru þeim margfalt sterkari, ef þær hefðu haft þroska til að standa saman gegn óvini, sem var þeim öllum sameiginlegur.

Sjálfstfl. hefur ekki þurft að hafa mikið fyrir því að sundra andstæðingum sínum. Nóg hefur verið sjálfboðaliða, sem starfað hafa í einfeldni við hliðina á útsendum þjónustumönnum Sjálfstfl. að því að kljúfa í sundur fylkingar vinstri manna, fylkingar íhaldsandstæðinga, niður í litla hópa, sem sóa kröftum í innbyrðis deilur, oft um dægur- eða smámál, í stað þess að gera sameiginlegt átak gegn sameiginlegum andstæðingi.

Á þennan hátt hefur skeð það furðulega í íslenzkum stjórnmálum, að flokkur, sem alltaf er að tapa trausti kjósenda, eykur völd sín í hlutfalli við fylgistapið.

Af þessu koma í ljós hin óvefengjanlegu sannindi, að ýmsir vinstri menn, sem þykjast vera og halda margir, að þeir séu andstæðingar íhaldsins í landinu, eru beztu stuðningsmenn þess. Þess vegna er það alveg rétt hugsað hjá einum gleggsta manni í hópi sjálfstæðismanna, er hann sagði nýlega: „Ef ég ætti næga peninga, skyldi ég leggja þá í að styrkja Þjóðvfl." Þessum reynda og greinda manni var það ljóst af reynslu undanfarinna ára, að Sjálfstfl. hafði ekki von um fylgisaukningu meðal kjósenda. Eina vonin til þess að halda völdum var meiri sundrung í hópi andstæðinganna.

Vantraust eins og það, sem hér liggur fyrir, leysir auðvitað ekki neitt. Það er þýðingarlaust með öllu. En ég kem síðar að með örfáum orðum, í hvaða tilgangi það er raunverulega borið fram.

Árið 1949 var ríkissjóður og allt atvinnulíf í landinu á barmi gjaldþrots. Enginn stjórnmálamaður hefur getað bent á nokkra frambærilega leið til þess að taka þá upp nauðsynlega stefnubreytingu í fjármálum og mynda stjórn til að framkvæma hana, nema það samstarf, sem þá var til stofnað undir forustu Framsfl. Þegar svo er ástatt fyrir íslenzku þjóðinni sem var 1949, verða flokkshagsmunir að víkja fyrir þjóðarhagsmunum. Eftir seinustu kosningar var ekki hægt að mynda aðra meirihlutastjórn en þá, sem nú er, og ríkisstj. verðum við þó að hafa.

Vantraustið er táknrænt fyrir vinnubrögð hinna sundruðu, andstæðu og fálmandi íhaldsandstæðinga. Till. á að sýna, hvað þjóðvarnarmenn séu djarfir og einlægir andstæðingar Sjálfstfl. og hve framsóknarmenn séu óeinlægir, því að þrátt fyrir skammirnar um hæstv. menntmrh. styðji þeir hann, er til kastanna kemur. Eins og þið heyrðuð á málfærslunni, er þetta tilgangurinn — eini tilgangur vantraustsins.

En hugsum okkur, að við framsóknarmenn samþ. vantraustið. Til hvers mundi það leiða? Ekki til stjórnar íhaldsandstæðinga. Það er svo vel séð fyrir klofningi þeirra. Afleiðingin af því að samþykkja vantraustið er auðsæ. Forseti Íslands mundi snúa sér til flokkanna og biðja þá að mynda meirihlutastjórn. Og þar sem Framsfl. og Sjálfstfl. vildu ekki vinna saman lengur og möguleikar til að mynda meirihlutastjórn þar með útilokaðir, mundi forsetinn biðja stærsta flokkinn, Sjálfstfl., að mynda hreina flokksstjórn. Eftir kosningar, þótt fram færu, mundi þessi flokksstjórn fara með völd, því að án kosningasamstarfs umbótaflokkanna mundu þeir ekki vinna verulega á í kosningunum. Sjálfstfl. yrði því einráður í ríkisstj., og maðurinn, sem átti að svipta völdum, yrði valdameiri en nokkurn tíma áður. Á þessum vinnubrögðum ætla þjóðvarnarmenn að auka fylgi sitt, en sverta Framsfl. fyrir það að standa gegn þeirri þróun, sem hér er lýst.

En ég skal segja ykkur, umbótamenn og íhaldsandstæðingar, hvernig á að standa að vantrausti á Sjálfstfl. Það er hægt aðeins með einu móti. Það er með því að mynda samstarfsfylkingu allra lýðræðissinnaðra umbótaafla í landinu, vinna sigur í kosningum og taka við af þeirri stjórn, sem á að fella. Þetta er ekki aðeins eina leiðin hér, heldur alls staðar þar, sem þingræði gildir. Þetta er hægt, ef íhaldsandstæðingar standa við orð sín í verki.

Jafnaðarmenn eru klofnir. Með því hafa þeir átt og eiga stóran þátt í því að styrkja völd Sjálfstfl. Sérhver góður jafnaðarmaður hlýtur að láta sér skiljast, að flokkur hans fær ekki aukið traust með þjóðinni fyrr en flokksmenn sýna í verki, að andstaðan við Sjálfstfl. og áhuginn fyrir því að hnekkja völdum hans sé einlægari og sterkari en innbyrðis óvild og andstaða milli jafnaðarmanna sjálfra.

Þjóðvarnarmenn ættu að hugleiða það, að eins og þeir nú starfa efla þeir og tryggja völd Sjálfstfl. og gera sérstefnu sinni í varnarmálum ekkert gagn með því að stofna áhrifalausan

smáflokk. Hið eina, sem þjóðvarnarmenn geta gert, ef þeir vilja sigur umbótaaflanna, en ósigur íhaldsaflanna, er að sameinast Framsóknarflokknum og jafnaðarmönnum. Á þennan hátt geta þeir eflt fylkingu umbótamanna með því að vinna með henni að málum.

Að lokum nefni ég þær þúsundir manna, sem ekki eru kommúnistar, en gera sig óvirka ár eftir ár í íslenzkum stjórnmálum með því að kjósa kommúnistaflokkinn. Fjöldi ágætra manna, sem hafa gefizt upp á kommúnistum síðustu árin, hafa gerzt óvirkir með öllu, skipta sér ekkert af stjórnmálum.

Þau eru verst hin þöglu svik, stendur einhvers staðar. Ef þessir menn vilja ósigur íhaldsaflanna í landinu, hvers vegna sameinast þá ekki þessar þúsundir, sem eru óánægðar, eins og þeir, sem nú kjósa með kommúnistum án þess að vera kommúnistar? Hvers vegna starfar þessi hópur ekki með Framsóknarflokknum og jafnaðarmönnum? Samstarf lýðræðissinnaðra umbótaafla með þessum hætti eða öðrum er eina leiðin, sem til er til þess að hnekkja völdum Sjálfstfl., eina vantraustið, sem að gagni kemur. Hitt er ekkert annað en fálm og til þess að sýnast. Þeir, sem ekki vilja í verki styðja þessa einu færu leið, eru því, hvað sem þeir segja og hve oft sem þeir lýsa vantrausti, óheilir, vísvitandi eða óvitandi, í andstöðu sinni við Sjálfstfl. Þegar umbótaöflin í landinu sýna lit á því að vilja fara þessa einu færu leið og þegar Framsfl. neitar samstarfi við þessi samstarfsöfl, þá er kominn réttur tími til að ásaka Framsfl. fyrir íhaldssemi, en fyrr ekki.

En meðan þetta samstarf er ókomið, er eini vegurinn fyrir andstæðinga íhaldsstefnunnar að efla Framsfl., sem hefur verið og er eina trausta brjóstvörnin gegn algerum yfirráðum og yfirdrottnun íhaldsaflanna í landinu.

Meðan umbótaöflin eru sundruð og ekki þess umkomin að taka völdin, skapar samþykkt vantrausts eitt af tvennu: stjórnleysi eða meiri völd Sjálfstfl., sem færi þá einn með ríkisstj. Á þessu stigi telur Framsfl. sig ekki neyddan til að stofna til þess ástands í landinu.

Góðir hlustendur. Þegar önnur umbótaöfl sýna samstarfsvilja, einu leiðina til þess að hnekkja íhaldsöflunum, þá mun ekki standa á Framsfl. Það er að vísu nauðsynlegt að rífa niður fúin hús, en það er ekki hygginna manna háttur að rífa hús, sem notast má við í bráð, áður en líkur eru fyrir því eða vilji til þess að byggja skárra hús í staðinn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eitt af grundvallaratriðum í stjórnarskipun hins íslenzka lýðveldis er það, að ríkisstj. beri ábyrgð gagnvart Alþingi. Meiri hl. á Alþ. getur hvenær sem er vikið ríkisstj. frá völdum með því að samþykkja vantraust á stjórnina. Þeim meiri hl. þings, sem slíkt vantraust samþykkir, ber þá að mynda nýja stj. í stað hinnar, sem vikið er frá. Slíkt vantraust er borið fram með þeim rökum, að stjórnarstefnan í heild sé óheillavænleg fyrir þjóðina, stjórnin öll þurfi að víkja og önnur að taka við stjórnartaumum, til þess að stefnubreyting fáist fram. Með till. þeirri, sem hér er til umr., er farin önnur leið. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi mentamálaráðherra."

Svo hugumstórir eru ekki þm. Þjóðvfl., að þeir flytji vantraust á ríkisstj. í heild. Svo mikil reisn er ekki á stjórnarandstöðu þess flokks. Till. þessi á að vera vottur þess, að einum ráðh. sé vantreyst af Þjóðvfl. Fimm ráðherrar eru þar undanskildir. Þeim er þá ekki vantreyst af þjóðvarnarmönnum. Meðal þeirra, er trausts njóta, eru allir ráðherrar Framsfl. Framsóknarflokkurinn má vel við una og ráðherrar hans að fá þann dóm frá andstæðingum.

Þessi till. sýnir, að flm. hennar beina vantraustinu ekki að stjórnarstefnunni í heild. Hún ber þess vott, að flm. till. telja sér óhægt um vik að ráðast gegn ríkisstj. með rökstuddri gagnrýni á stjórnarstefnuna. Vantrauststill. þessari er ekki heldur beint gegn Sjálfstfl. Áhrif Sjálfstfl. í stj. landsins eiga að haldast, þótt þessi till. yrði samþykkt. Því er ekki svo farið, að þingmenn Þjóðvfl. láti það í ljós með till. þessari, að þeir vantreysti Ólafi Thors til að skipa forsæti í ríkisstj. Hann á að verða áfram forsrh., þótt hv. þingmenn féllust á þessa till. Og Ingólfur Jónsson viðskmrh. má óáreittur sitja í ráðherrastól, að dómi Þjóðvfl. Og þótt svo færi, að hæstv. menntmrh. segði af sér, þá eru engar líkur til þess, að hæstv. forsrh. tæki Gils eða Berg í sæti hans. Stjórnarstefnan í heild mundi haldast óbreytt, áhrif Sjálfstfl. í ríkisstj. vera söm og áður. Má þá öllum ljóst vera, að hér er harla léttvæg málefnabarátta á ferðum.

En till. sem þessi er í samræmi við annan málflutning þjóðvarnarmanna. Hún er spegilmynd af þjóðmálastarfi Þjóðvfl. Þegar hinir stærri flokkar, sem fara með stjórn landsins, eru með löggjafarstarfi að finna lausn á og hrinda í framkvæmd hinum stærstu umbótamálum til hagsbóta fyrir almenning, þá sýna þjóðvarnarmenn viðhorf sitt til þeirra mála á eftirminnilegan hátt. Þegar Framsfl. beitti sér fyrir því á Alþ. sumarið 1942, að hafizt yrði handa um undirbúning heildarlöggjafar um raforkumál, sem leiddi til þess, að raforkulögin voru sett og framkvæmdir í raforkumálum stórauknar, þá gerði núverandi form. Þjóðvfl. grein fyrir hugsjónum sínum og afstöðu til þess mikilvæga máls í blaði, sem hann var þá ritstjóri að og reyndi að útbreiða með þjóðinni. Hann birti þá hugsjónir sínar með þessum orðum:

„Raflýsing fátæktarinnar. Forustumenn landbúnaðarins á Íslandi ætla ekki að láta sér nægja að steypa köld og rök steinhús utan um fátæktina á óbyggilegustu stöðum landsins, því að nú á að raflýsa fátæktina. Forustumenn dreifbýlisins lýsa því yfir, að nú eigi að raflýsa allt dreifbýlið. Tugum milljóna skuli nú varið af sameiginlegu fé landsmanna til að lýsa upp fátæktina og skapa hinum úrelta landbúnaði sams konar birtu og Reykvíkingar eiga við að búa."

Og form. Þjóðvfl. hefur stigið feti framar en þetta. Alkunnugt er orðið geip þjóðvarnar-

manna um föðurlandsást og hina sönnu sonu ættjarðarinnar, eins og þeir telja sjálfa sig. Þjóðvfl. lætur sig ekki muna um minna, svo sem sjá má á blaði hans, en að vitna til Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar, rétt eins og þjóðvarnarmenn séu sérstakir arftakar þeirra sökum mikilla verðleika og hollustu við föðurlandið. Hve mikil skinhelgi þetta er, sést m. a. á því, að áratugum saman á 19. öldinni var það meginþáttur í frelsisbaráttu þjóðarinnar að endurreisa Alþingi og auka veg þess og völd. En form. Þjóðvfl. hefur leyft sér að fella dóm um löggjafarsamkomu þjóðarinnar og birta hann opinberlega í blaði. Sá dómur er þannig:

„Loddaraleikur ábyrgðarleysisins er fullkominn, þegar ábyrgðinni hefur verið velt yfir á marklausa samkundu, er kafnað hefur undir hinu virðulega heiti Alþingi."

Flutningur þessarar till. og fleira úr sömu átt bendir til þess, að virðing Alþ. muni ekki vaxa við stofnun Þjóðvfl. Flokkurinn hefur raunar getið sér lítinn orðstír. Atkvæði þingmanna Þjóðvfl. ráða ekki úrslitum mála hér á þingi. Eftir Þjóðvfl. liggur ekkert löggjafarstarf, engar framkvæmdir í landinu, ekkert nema nöldur um það, sem gert er af öðrum flokkum til framfara.

Fáar meginreglur eru þó alveg án undantekninga, og svo er um þessa. Einu sinni hefur þingmönnum Þjóðvfl. gefizt kostur á að ráða úrslitum máls á Alþingi. Á síðasta þingi beittu sjálfstæðismenn sér fyrir því, að sett voru ný lög um brunatryggingar húsa í Reykjavík. Vildu sjálfstæðismenn lögfesta sérstöðu Reykjavík til handa í þeim efnum og veita bæjarstjórn Reykjavíkur heimild til þess að taka að sér tryggingarnar að meira eða minna leyti. Flutt var brtt. við málið um það, að önnur sveitar- og bæjarfélög skyldu fá sama rétt og Reykjavík í þessu efni. Brtt. þessi kom til atkvæða í Nd. Alþingis 26. marz s.l. og var þá samþykkt. Þingmenn Þjóðvfl. greiddu þá atkv. gagnstætt Sjálfstfl. Svo leið hálfur mánuður. Þjóðvfl. gafst tækifæri til að sýna staðfestu sína og þrek í málafylgju gegn sjálfstæðismönnum. Málið fór til Ed. Sjálfstæðisflokknum tókst þar að breyta því í það form, sem flokkurinn kaus helzt. Hinn 12. apríl s.l. vor kom málið til lokaafgreiðslu í Nd. Þá var flutt að nýju sama till. með nákvæmlega sama orðalagi, er áður var samþykkt í deildinni. Allir þm. höfðu þá sömu skoðun á málinu og áður og greiddu atkv. sem fyrr, nema þingmenn Þjóðvfl. Það réð úrslitum. Brtt. var þá felld. Málið var lögfest eins og Sjálfstfl. beitti sér fyrir. Þegar sýnt var, að þingmenn Þjóðvfl. gætu ráðið úrslitum máls, þá varð þeim ekki skotaskuld úr því að skipta um skoðun í skyndi til þess að geta veitt Sjálfstfl. þjónustu með auðmýkt og komið fram vilja þess hæstv. ráðh., sem vantrauststillögu þessari er nú beint að.

Till. þessi ber það með sér, að flutningur hennar er af sama toga spunninn og önnur málefnabarátta Þjóðvfl. Eplið fellur sjaldan langt frá eikinni. Og till. sýnir fleira en enn er talið. Hún sýnir það, að eigin orð þjóðvarnarmanna eiga við um þá sjálfa. „Loddaraleikur ábyrgðarleysisins er fullkominn" hjá flokki, er kafnað hefur undir hinu virðulega heiti: Þjóðvarnarflokkur Íslands.

Þó að þessi vantrauststill. sýni býsna skoplega mynd af Þjóðvfl., þá ætti hún að verða þjóðinni íhugunarefni. Allt starf Þjóðvfl. innan þings og utan virðist stefna að því að skapa klofning og glundroða. Fylgi Sjálfstfl. fer minnkandi í hlutfalli við kjósendafjölda í landinu. En þó að fylgi Sjálfstfl. minnki í hlutfalli við kjósendafjölda, þá minnka ekki áhrif flokksins. Það er vegna þess, hve þeir flokkar, sem eru í andstöðu við hann, eru margir og sundraðir. Allt starf Þjóðvfl. stefnir að því og miðast við það að sundra andstæðingum Sjálfstfl. enn meira en orðið er og efla með því áhrif og völd sjálfstæðismanna. Það er því ekki aðeins í sambandi við brunatryggingar í Reykjavík, að Þjóðvfl. er auðsveipt hjú, heldur reynist hann Sjálfstfl. í hvívetna hin bezta hjálparhella, þó að vantrauststill. þessi sé nú höfð að yfirvarpi. Málefnabarátta af þessu tagi ætti að færa almenningi heim sanninn um það, að sjálfsagt er að gefa Þjóðvfl. algert frí frá störfum við fyrsta tækifæri. Það yrði sannarlega áhrifaríkara fyrir fólkið, sem hefur kastað atkvæðum á Þjóðvfl., að vinna að áhugamálum sínum innan annarra flokka. Flutningur þessarar till. ætti því að verða kjósendum í landinu viðvörun, bending um það, hvaða hlutverki Þjóðvfl. gegnir á sviði íslenzkra stjórnmála, áminning um það, að af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá.

Skoðanafrelsi, málfrelsi og prentfrelsi eru hornsteinar lýðræðis, hin helgustu mannréttindi, sem sérhverjum Íslendingi eru tryggð með stjórnarskrá hins íslenzka lýðveldis. Framsfl. hefur aldrei mælzt undan opinberum umræðum í blöðum og á fundum um þau mál, sem á baugi eru með þjóðinni hverju sinni, hvort sem um er að ræða stefnumál flokka eða stjórnarathafnir einstakra ráðherra. Og Framsfl. mun ekki framvegis mælast undan slíkum umræðum. Blöð flokksins skýra stefnu flokkanna og ágreiningsmálin hispurslaust, og benda á margt, sem betur mætti fara, þar á meðal um einstakar stjórnarathafnir ráðherra, þó að flokkurinn sé í samstarfi í ríkisstjórn. Og svo mikið frjálsræði og frjálslyndi ríkir við blöð Framsfl., að sjálfsagt þykir að ljá þar rúm aðsendum greinum, þó að þar séu settar fram skoðanir um almenn mál, sem falla ekki öllum vel í geð.

Samkvæmt skólalöggjöfinni eiga skólanefndir að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður, taka á móti umsóknum og láta fræðslumálastjórninni í té rökstutt álit á umsækjendum, ásamt tillögum um, hver skuli valinn. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, er velja á kennara, en álits námsstjóra, ef velja á skólastjóra. Mat svo margra manna á að vera til tryggingar því, að valið fari eftir hæfni umsækjenda og reynslu í starfi. Þó að veitingarvaldið sé í höndum ráðherra, er það andi skólalaganna, að farið sé eftir tillögum skólanefnda, þegar embætti eru veitt við skóla landsins. Sé út af því brugðið, brýtur það

í bága við anda fræðslulaganna og skapar varhugavert fordæmi. Er ekki óeðlilegt, að á slíkt sé bent í blöðunum. Mistökum í þessum efnum hlýtur ávallt að verða gaumur gefinn, m. a. af kennarastétt landsins.

Störf Alþingis eru mikilvæg og áhrifarík fyrir þjóðarheildina. Á Alþingi er fjallað um fjárhagsmál þjóðarinnar, kveðið á um fjölþættar framkvæmdir í landinu á vegum ríkisins, og afskipti þings og stjórnar af hvers konar atvinnumálum fara stöðugt vaxandi. Því meiri vonir standa til þess, að gifta fylgi störfum Alþingis og farsæld fyrir alþjóð, ef meiri hluti þingmanna gengur til samstarfs um ákveðna stjórnarstefnu. Framsfl. hefur ekki látið köpuryrði þjóðvarnarmanna hafa áhrif á störf sín eða stefnu um það, að steypt sé hús utan um fátæktina, um það, að nú eigi að raflýsa fátæktina, og önnur af sama toga. Framsfl. vinnur að framförum og farsæld þjóðarinnar með löggjafarstarfi og í ríkisstjórn, og hann vill leggja því fólki lið í lífsbaráttunni, sem vinnur nauðsynleg störf hörðum höndum hvar sem er í landinu. Eftir síðustu kosningar gerði Framsfl. málefnasamning við Sjálfstfl., og er nú unnið að því að festa í lög og framkvæma það, sem um var samið. Í þessu samstarfi vinnur Framsfl. að því m. a., að fjárhagskerfi þjóðfélagsins sé traust og að miklum framkvæmdum í raforkumálum og á fleiri sviðum, blátt áfram með það fyrir augum að veita því fólki, sem vinnur þjóðnýt störf úti í byggðum landsins, sams konar birtu og Reykvíkingar eiga við að búa. Þingmenn flokksins og miðstjórn munu meta það á hverjum tíma, hvernig horfir með stjórnarstefnuna í heild og framkvæmd hennar, og ákveða eftir því, hvenær þessu stjórnarsamstarfi skuli slitið. Flokkurinn mun enn sem fyrr fylgja þeirri reglu að láta málefnin ráða.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Vegna blíðmæla hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundssonar, í garð Alþfl. þykir mér rétt að minna hv. þm. á, að allar vonir íhaldsmanna til þess að halda völdum og áhrifum í íslenzkum stjórnmálum þrátt fyrir minnkandi atkvæðafylgi, þrátt fyrir að þeir hafa ekki einu sinni tvo fimmtu atkvæða í landinu, byggjast nú fyrst og fremst á því, að Þjóðvfl. takist að tvístra lýðræðissinnuðum andstæðingum íhaldsins.

Ég geri ráð fyrir því, að áður en langt um líður gefist Gils Guðmundssyni og flokki hans tækifæri til þess að segja til um, hvort hann vill halda áfram þessari björgunarstarfsemi við íhaldið eða hvort hann vill í alvöru vinna að því að brjóta niður völd þess og áhrif og byggja upp samstarf lýðræðissinnaðra andstæðinga þess.

Við Hermann Jónasson vil ég segja það eitt, að það er vissulega ekki líklegasta leiðin til þess að sameina íhaldsandstæðinga í þeim skilningi, sem hann leggur í það orð, að sitja kjörtímabil eftir kjörtímabil í stjórn með íhaldsflokknum og styðja stefnumál hans. Hv. þm. Str. þarf að sýna, að það sé einhver raunverulegur ágreiningur, einhver munur á stefnum milli Sjálfstfl. og Framsfl., einhver annar ágreiningur heldur en um það, hvort það eigi að vera framsóknarmaður eða sjálfstæðismaður, sem veitt er kennara- eða skólastjóraembætti. Meðan hann og flokkur hans unir sér í húsi íhaldsins, þó að honum þyki það lekt og fúlt, þá er ekki líklegt, að hægt sé að koma á samstarfi við Alþfl. Ég vildi ráðleggja honum að segja þessu húsnæði upp, úr því að hann er svona óánægður með það, hverfa frá þeirri stefnu, sem íhaldið hefur markað og núverandi ríkisstj. fylgir. Þá mun ekki standa á Alþfl. að ræða við hann.

Þegar hæstv. núverandi ríkisstj. tók við völdum fyrir rúmlega ári, lýsti Alþfl. því yfir, að hann væri andvígur stefnu hennar og treysti henni ekki til að stýra málefnum þjóðarinnar landsmönnum til gagns og farsældar. Afstaða Alþfl. til ríkisstj. er enn hin sama. Hann telur hana hafa sýnt og sannað með verkum sínum, með athöfnum sínum og athafnaleysi, að hún metur meira hag stuðningsflokka sinna, einstakra stétta og hagsmunahópa á líðandi stund en framtíðarheill almennings í landinu. Þess vegna vantreystir Alþfl. hæstv. ríkisstj. í heild og hverjum einstökum ráðherra hennar.

Alþfl. er því efnislega samþykkur till. þeirri um vantraust á hæstv. menntmrh., Bjarna Benediktsson, sem hér liggur fyrir, svo langt sem hún nær.

Hins vegar er því ekki að leyna, að það hlýtur að vekja nokkra undrun, að vantrausti þessu skuli aðeins beint að menntamálaráðherranum, Bjarna Benediktssyni, og að honum eingöngu sem menntmrh. Eins og kunnugt er, þá fer Bjarni Benediktsson einnig með embætti dómsmrh., en samkvæmt till. er ekki tilætlunin, að vantraustið eigi að taka til hans sem slíks. Er það álit og skoðun hv. flm., að Bjarni Benediktsson hafi rækt starf sitt sem dómsmrh. með þeim hætti, að ekki sé aðfinnsluvert? Óneitanlega virðist liggja nærri að álykta, að svo sé. Vantraustinu er aðeins beint að hæstv. menntmrh. Störf dómsmrh. eru því undanskilin. Honum virðast flm. geta treyst sem slíkum. Veldur það mér nokkurri undrun.

Þessi einkennilega afstaða flm. til ráðherrans Bjarna Benediktssonar, að treysta honum og vantreysta í senn, minnir nokkuð á afstöðu Framsfl. fyrr og nú til þessa sama hæstv. ráðherra. Embættisferill hans sem ráðherra hefur á ýmsan hátt verið eftirtektarverður og sambúð hans við meðráðherra sína með nokkuð einkennilegum hætti stundum. Bjarni Benediktsson átti sæti í ríkisstj. þeirri, sem Steingrímur Steinþórsson myndaði með stuðningi Sjálfstfl. og Framsfl. árið 1950 til þess að lækka gengi krónunnar, bjarga atvinnuvegunum, koma þeim á heilbrigðan grundvöll, eins og það þá var orðað. Gegndi Bjarni Benediktsson þar starfi utanrrh. og dómsmrh. Þegar líða tók að kosningum árið 1953, tók Framsfl. að finna til óværðar í stjórnarsænginni. Á þingi flokksins að áliðnum vetri komu fram nokkrar ádeilur á Bjarna Benediktsson sem utanrrh., en af vissum hagkvæmnisástæðum og vegna stjórnarsamstarfsins þótti ekki heppilegt að lýsa þar vantrausti á Bjarna Benediktsson sem utanrrh.,

þar sem hann sem slíkur var nánasti samstarfsmaður forsrh. Fyrir fortölur og að leiðbeiningum hygginna foringja var því sú leið farin, að flokksþingið lýsti yfir vantrausti á Bjarna Benediktssyni sem dómsmrh. og veitti honum á þann hátt eins konar syndakvittun sem utanrrh.

Leið svo fram yfir kosningar og þar til hæstv. núverandi ríkisstj. var mynduð haustið 1953 undir forustu Ólafs Thors og aftur með stuðningi Framsfl. og Sjálfstfl. Var þá Bjarni Benediktsson enn gerður að dómsmrh. með ljúfu samþykki Framsfl., að því er bezt er vitað, sem þó 8 mánuðum áður hafði talið hann alveg óhæfan til slíkra starfa. Utanríkisráðherraembættinu varð hann aftur á móti að sleppa, þótt flokksþingið hefði, eins og áður var sagt, gefið honum eins konar aflátsbréf varðandi meðferð utanríkismálanna. Þessi stutta saga um embættisferil Bjarna Benediktssonar sem ráðherra er ekki aðeins skemmtileg; hún er einnig lærdómsrík, mjög lærdómsrík, sýnir vinnubrögðin og sambúðarhættina á stjórnarheimilinu og hjá stuðningsflokkum ríkisstj.

Þegar þessi saga er rifjuð upp, kemur sú spurning í hug margra: Er þarna að finna ástæðuna til þess, að flm. till. bera ekki fram vantraust á dómsmrh.? Álíta þeir, að Framsfl. eigi erfitt með að greiða atkvæði gegn slíku vantrausti vegna fyrri samþykkta flokksþingsins? Vilja þeir létta þeim þunga krossi af Framsfl. að greiða atkv. um slíka till.? Eða kannske halda þeir, að Framsfl. sé líklegur til þess að greiða atkv. með vantrausti á dómsmrh., og vilja ekki leiða flokkinn í þá freistni, sem slíkri atkvgr. mundi fylgja? Spyr sá, sem ekki veit. Þá munu og margir spyrja: Hafa ekki hv. flm. vantraust á öðrum ráðherrum en hæstv. menntmrh. einum? Hvers vegna er ekki vantraustið einnig látið ná til þeirra? Eru þeir fremur trausts verðir en menntmrh.? Má skoða till. þeirra um vantraust á menntmrh. sem óbeina yfirlýsingu um, að við hina megi teljast unandi? Hv. þjóðvarnarmenn hafa grundvallað flokk sinn á einu einasta máli: andstöðunni gegn dvöl varnarsveitanna hér á landi. Þeir hafa deilt hart á hæstv. utanrrh. fyrir meðferð þessara mála, engu síður en ég og aðrir alþm. Telja þessir hv. þjóðvarnarmenn, flm. till., ekki ástæðu til þess að bera fram vantraust á hæstv. utanrrh. fyrir meðferð hans á þessum málum?

Eins og ég fyrr sagði, þá er ég efnislega samþykkur till. þjóðvarnarmanna, svo langt sem hún nær. Það er tvímælalaust skylda hverrar ríkisstj., hvers ráðherra, sem ræður eða skipar mann til starfs eða í embætti, að velja jafnan þann mann úr hópi umsækjenda, sem hæfastur er til starfsins. Þessari skyldu hefur hæstv. menntmrh. brugðizt. Veiting skólastjórastöðunnar í Hafnarfirði og á Akranesi er ótvíræð sönnun þess.

Hv. flm. sýndi með skýrum rökum fram á, að á báðum þessum stöðum hefur hæstv. ráðherra gengið fram hjá þeim umsækjendanna, sem hæfastur var. Mér er persónulega nokkuð kunnugt um störf Stefáns Júlíussonar í Hafnarfirði, bæði sem kennara og sem skólastjóra, meðan hann gegndi því starfi í forföllum skólastjórans. Menntun hans og hæfileikar sem kennara eru eins og bezt má verða. Áhugi hans á skólamálum er alkunnur, og meðan hann var settur í skólastjóraembættið, þótti hann rækja það starf með mestu prýði, enda óskaði fyrrverandi skólastjóri eindregið eftir því, að hann yrði sinn eftirmaður í starfinu. Stefán er maður á bezta aldri, 39 ára. Hann lauk kennaraprófi 1936 og varð kennari við barnaskólann í Hafnarfirði sama ár. Hann tók sér frí frá störfum í tvö ár, 1941—43, til framhaldsnáms í Bandaríkjunum, fyrst við kennaraháskólann í New York. Þar voru aðalnámsgreinar hans námsefni og kennsluhættir í barnaskólum, uppeldisfræði, barnabókmenntir og auk þess heimsóknir í starfandi skóla. Síðari veturinn dvaldist hann í litlum heimavistarskóla í Minnesota og lagði þar stund á bókmenntir, ensku og þjóðfélagsfræði. Árið 1944 innritaðist hann í heimspekisdeild háskólans hér og lagði stund á bókmenntir, sögu og sálarfræði næstu tvo vetur. Veturinn 1951—52 var Stefán enn við nám í Bandaríkjunum, við Cornellháskólann, og kynnti sér þar kennsluhætti og skólafyrirkomulag í boði Bandaríkjastjórnar. Að öðru leyti hefur Stefán starfað óslitið við barnaskólann í Hafnarfirði, frá því að hann lauk prófi, alls í 18 ár. Yfirkennari skólans var hann ráðinn 1943, og veturinn 1953—54 var hann settur skólastjóri af menntmrh. Af þessu sést, að Stefán á að baki óvenjulega glæsilegan náms- og starfsferil, enda lagði meiri hluti fræðuráðs til, að honum skyldi veitt skólastjórastarfið á s.l. hausti. Fræðslumálastjóri veitti honum að vonum hin beztu meðmæli og gerði tillögu fræðsluráðs að sinni. Allt kom þetta þó að engu haldi. Annað varð þyngra á metunum, þegar málið kom til afgreiðslu hjá hæstv. menntmrh. Öðrum manni, Einari Þorvaldssyni, var veitt starfið, en Stefáni var hafnað. Um hinn nýja skólastjóra hef ég ekkert nema gott að segja. Hæstv. ráðh. rakti hér nokkuð starfsferil hans, og ber ég ekki brigður á, að hann sé hinn mætasti maður, en ég hika ekki við að fullyrða það, eftir þær upplýsingar, sem ráðherra hefur veitt, að sá, sem staðan var veitt, hefur ekki fengið jafnvíðtækan og alhliða undirbúning eins og Stefán til þess að taka við stjórn barnaskóla af þeirri stærð, sem barnaskólinn í Hafnarfirði er. Hitt er og á hvers manns vitorði í Hafnarfirði, að flestir bæjarbúar töldu sjálfsagt, að Stefáni yrði veitt starfið, og þeir kennarar, sem bezt þekktu til starfa hans og hæfni, vildu ekki sækja um skólastjórastarfið gegn honum.

Þegar alls þessa er gætt, verður augljóst, að hæstv. menntmrh. hefur misbeitt valdi sínu, hann hefur ekki valið hæfasta umsækjandann. Hann hefur látið önnur sjónarmið ráða vali sínu: flokkssjónarmiðin.

Gústaf Lárusson hefur verið kennari við gagnfræðaskólann á Ísafirði í 16 ár og er viðurkenndur ágætur kennari. Hann hefur gegnt skólastjórastörfum þar margsinnis í forföllum skólastjórans, og á s.l. skólaári setti menntmrh. hann í starfið. Að umsóknarfresti loknum reyndist hann eini umsækjandinn. Svo sjálf-

sagt töldu starfsbræður hans flestir, sem til þekktu, að hann fengi skólastjórastöðuna. Sökum fjarveru eins manns úr fræðsluráði var ákveðið að framlengja frestinn og leita nýrra umsókna. Þá gaf einn sig fram, sem var ráðherra að skapi. Meiri hluti fræðsluráðs lagði til, að Gústaf yrði veitt starfið. Það kom fyrir ekki. Gústaf fann ekki náð fyrir augum ráðherrans, hann hafði ekki hinn rétta flokkslit. Guðjón Kristinsson er talinn mætur maður og góður kennari, en reynsla hans og starfstími þola engan samanburð við reynslu og störf Gústafs Lárussonar. Einnig við skipun skólastjórastöðu gagnfræðaskólans á Ísafirði hefur því hæstv. menntmrh. látið flokkssjónarmið ráða.

Ég hef gerzt svo fjölorður um skipun ráðherra í þessar tvær stöður, vegna þess að þar kemur greinilega í ljós, hversu hæstv. ráðherra virðir gersamlega að vettugi hæfileika, námsferil, starfsaldur og reynslu svo og tillögur fræðsluráðs og fræðslumálastjóra, þegar honum býður svo við að horfa, þegar umsækjendurnir eru ekki úr því rétta sauðahúsi eða réttara sagt ekki úr því rétta flokkshúsi.

Ýmsir flokksmenn hæstv. ráðherra, sem gert hafa tilraun til að mæla bót eða afsaka þessar gerðir hans, hafa látið í það skína, — og hið sama kom að nokkru leyti fram í ræðu hans, — að *fyrrverandi menntamálaráðherrar hafi* unnið svo rækilega að því að koma flokksmönnum í kennarastöðurnar, að nú væri full nauðsyn að jafna metin með því að láta sjálfstæðismenn ganga fyrir og útiloka aðra.

Stjórnarblaðið Tíminn, sem að sjálfsögðu er þaulkunnugt öllu, sem gerist á stjórnarheimilinu, staðfestir þetta fullkomlega, eins og upplestur hv. frsm. sýnir og sannar. Ég skal að þessu sinni aðeins minna á ummæli þessa ágæta blaðs 13. okt., þar sem það slær því föstu, að það sé regla Sjálfstfl. — eins og það er orðað — að velja menn eftir flokkslit til trúnaðarstarfa. Hér mælir sá, sem þekkinguna hefur eftir margra ára samstarf og reynslu. Þetta er regla Sjálfstfl. — segir stjórnarblaðið, og ég efa ekki, að það segi rétt frá. En er það þá Sjálfstfl. *einn, sem beitir þessari reglu?* Er þetta ekki reglan á stjórnarheimilinu? Hafa framsóknarmenn ekkert lært af sessunautum sínum og samstarfsmönnum undanfarin ár? Er það eintóm tilviljun, hversu margir nýir skattstjórar og hversu margir þeirra manna, sem valdir hafa verið til trúnaðarstarfa fyrir fjmrn., þegar ráðherra Framsfl. hefur verið þar við stýri, hafa borið á sér framsóknarlit? Eða eru framsóknarmenn öllum öðrum *hæfari til slíkra* starfa einmitt á þeim tímum? Svo munu margir spyrja.

Því er ekki að leyna, því miður, að hæstv. ríkisstj. í heild og flestir eða allir meðlimir hennar hafa við veitingu embætta og val manna til trúnaðarstarfa litið meira á hag stuðningsflokka sinna en vera ætti og ekki metið reynslu, þekkingu og hæfileika að maklegleikum, þegar flokksliturinn hefur ekki verið hinn rétti.

Hæstv. menntmrh., Bjarni Benediktsson, hefur sýnt meiri ófyrirleitni upp á síðkastið, — fyrirgefið, meiri framtakssemi, skulum við segja, heldur en hinir í þessu efni, en reglan virðist vera nokkuð svipuð hjá hinum öðrum.

Alþfl. hefur lengi verið það ljóst, hvílík meinsemd hér er að grafa um sig. Þess vegna flutti einn af þm. hans, Gylfi Þ. Gíslason, fyrir nokkrum árum frv. þess efnis, að við embættaveitingar skyldu gilda fastar, ákveðnar reglur. Embætti skyldu jafnan auglýst, en á því hafði verið misbrestur. Ákveðnir aðilar skyldu meta hæfni umsækjenda og gera till. til veitingarvaldsins. Ef ráðh. ekki færi að till. hlutaðeigandi aðila, þá skyldi hann jafnan birta opinberlega grg. með veitingunni og rökstyðja, af hverjum ástæðum hann hefði ekki farið að tillögunni. Ef þetta frv. hefði orðið að lögum, hefði það án efa skapað ráðh. nokkurt aðhald við embættaveitingar, þar sem almenningur þá fékk gögn í hendur til þess að dæma um gerðir hlutaðeigandi ráðh., hvort um misbeitingu veitingarvaldsins væri að ræða.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar, að Alþfl. gæti ekki borið traust til hæstv. ríkisstj. Hún hefur sýnt það og sannað, að hún metur meira hag stuðningsflokka sinna en heill þjóðarinnar. Embættaveitingar þær, sem hér hefur verið rætt um, sanna þetta. En þær eru aðeins örfá dæmi af mörgum, fjölmörgum, og misgerðir hæstv. ríkisstj. á öðrum sviðum, sem framkvæmdavald *hennar og einstakra* ráðh. tekur til, eru sízt minni en á sviði embættaveitinganna, heldur oftlega meiri, miklu stærri og áhrifaríkari. Öll saga hæstv. ríkisstj. og fyrirrennara hennar, gengislækkunarstjórnarinnar frá 1950, er samfelld saga um misbeitingu flokksvaldsins. Löggjafarvaldið, sem stuðningsflokkar hennar hafa í höndum sér, og framkvæmdavald ríkisstj. hefur hlífðarlaust verið notað til þess að bæta hag og hlutskipti einstakra stétta, einstakra hagsmunahópa og einstakra manna, sem næstir standa stjórnarflokkunum, og allt þetta gert á almennings kostnað.

Fyrsta og stærsta skrefið í þessa átt var stigið með gengislækkuninni árið 1950. Þá var íslenzk króna lækkuð í verði um 42%, en af því leiddi, að útlendar vörur hækkuðu í innkaupi um rösklega 70%. Gert var ráð fyrir, að útfluttar vörur hækkuðu um tilsvarandi hundraðshluta, og fullyrti ríkisstj., að á þennan hátt, með gengislækkuninni, væri leyst úr öllum erfiðleikum útgerðarinnar, sérstaklega erfiðleikum bátaútvegsins, sem nauðsyn hafði reynzt til að aðstoða með útflutningsuppbótum tvö undanfarin ár. Gengislækkunin var þá kölluð bjargráð atvinnuveganna, blessun fyrir þjóðina. *Fjármálasérfræðingar stjórnarinnar* sönnuðu með löngum skýrslum og vísindalegum útreikningum, að dýrtíðaraukningin innanlands vegna gengislækkunarinnar mundi ekki verða meiri en 11—13% og að atvinnuvegunum mundi reynast auðvelt að taka á sig kauphækkun til þess að mæta þessu. Um hitt var færra talað, að með gengislækkuninni var eignaskiptingu þjóðarinnar raskað gífurlega. Verðmæti sparifjár var skert um nær helming, krónan gerð að 50 aurum svo til í einni svipan. Þeir, sem greiðastan höfðu haft aðgang að bönkum og

öðrum lánsstofnunum og fengið ríflegt lánsfé og mestar eignir höfðu handa á milli, fengu tilsvarandi skuldalækkun, eins þótt þeir ættu margfaldar eignir á móti skuldum. Hver króna, sem þeir skulduðu, var einnig gerð að 50 aurum. Skatturinn, sem með gengislækkuninni var heimtaður af sparifjáreigendum, sem höfðu lagt bankanum til starfsfé og sparað langa ævi til elliáranna, rann nú í vasa þeirra, sem útlánanna höfðu notið, jafnframt því sem fasteignir þeirra og framleiðslutæki hækkuðu stórkostlega í verði. Tekjuskiptingin innanlands raskaðist jafnframt stórkostlega, þar sem engar ráðstafanir voru gerðar til þess að hefta þetta gróðabrall og tryggja hið nýja gengi. Dýrtíðin jókst hröðum skrefum, ekki um 11—13%, eins og sérfræðingarnir höfðu sannað, heldur margfalt meira. Eftir 2½ ár, haustið 1952, var vísitalan komin yfir 160 stig. Þá var loks fyrir aðgerðir verkalýðssamtakanna knúið fram með þriggja mánaða verkfalli, að nokkur viðleitni var hafin til þess að draga úr dýrtíðinni, með þeim árangri, að vísitalan telst nú vera 159 stig. Hækkanir kaupgjalds hafa jafnan komið á eftir hækkun vísitölunnar. Launastéttirnar hafa því ekki aðeins fengið sparifé sitt fellt í verði með gengislækkuninni, heldur hefur hún einnig orðið til þess að rýra kaupmátt launanna, enda var sú tilætlunin.

Það er ekki hægt að græða nema með því að græða á einhverju. Í innanlandsviðskiptum er eins gróði annars tap. Gengislækkunin hefur flutt fé úr vösum launastéttanna og sparifjáreigenda í vasa fasteignaeigenda og milliliða. Hún hefur verið þeim gróðalind, en öðrum eignatjón. Í framhaldi gengislækkunarinnar var húsaleigueftirlitið afnumið, til þess að gróðamöguleikar þeirra, sem selja húsnæði á leigu, gætu aukizt ótakmarkað. Afleiðingarnar þekkja allir, a. m. k. allir Reykvíkingar. Hér er ægilegur skortur á húsnæði. Hver býður yfir annan til þess að fá þak yfir höfuðið. Fjöldi fólks greiðir þriðjung tekna sinna og margir þar yfir til þess að fá húsaskjól. Og enn sem fyrr verður barnafólkið, stóru fjölskyldurnar, harðast úti. Bankarnir eru lokaðir þeim, sem sækja um lán til íbúðabygginga. Alls konar óþarfi er fluttur til landsins fyrir milljónatugi. Á honum má græða ótakmarkað. En byggingarefnið er takmarkað. Svarti markaðurinn er helzta björg þeirra, sem ráðast í það stórræði að reyna að koma sér upp íbúð af litlum efnum. En sú björg er dýr, 6½% skuldabréf, jafnvel þótt tryggð séu með öruggu veði og ábyrgð ríkissjóðs, ganga kaupum og sölum með þriðjungsafföllum. Milliliðirnir, sem verzla með peningana, hirða gróðann. Auknar íbúðabyggingar yrðu til þess að lækka húsaleiguna. En slík lækkun húsaleigunnar mundi draga úr gróða þeirra, sem hafa aðaltekjur sínar af því að leigja öðrum íbúðir. Verðlagseftirlitið hefur einnig verið afnumið, innflytjendum, heildsölum og öðrum milliliðum þar með í sjálfsvald sett að ákveða álagninguna, skammta sér sjálfir tekjurnar. Afleiðingin varð auðvitað meiri, hærri álagning, hærra vöruverð, meiri gróði, vaxandi dýrtíð. Afleiðing dýrtíðaraukningarinnar var aftur sú, að allur framleiðslukostnaður bátaútvegsins, sem gengislækkunin átti að bjarga, hækkaði hröðum skrefum, svo að útvegurinn var engu betur settur eftir en áður, nema síður sé. Allur gróðinn af þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar rann til annarra. Aftur blasti við stöðvun vélbátaútvegsins. Aftur þurfti að bjarga.

Þá var gripið til bátagjaldeyrisálagsins, ný gengislækkun framkvæmd og að þessu sinni án þess að leita til löggjafarvaldsins. Nýr skattur var lagður á þjóðina, nýir gróðamöguleikar skapaðir fyrir auðmannastéttina og milliliði, nýjum og auknum vexti hleypt í dýrtíðina, framleiðslukostnaðurinn enn aukinn og hækkaður. Ávextirnir komu brátt í ljós. Nýju togararnir, sem fram til þessa höfðu komizt af og nokkrir skilað afgangi, urðu nú líka að gefast upp og leita aðstoðar hins opinbera. Allur tilkostnaður við útgerð þeirra hækkaði stórkostlega vegna dýrtíðaraukningarinnar, sem af bátagjaldeyrisálaginu og öðrum ráðstöfunum ríkisstj. leiddi, en fiskverðið stóð í stað. Hraðfrystihús og fiskvinnslustöðvar greiða 80—85 aura fyrir togarafiskinn, á sama tíma sem bátaútvegsmenn fá fyrir fiskinn að minnsta kosti eitthvað á milli kr. 1.22 og kr. 1.30 fyrir kg. Liggur í augum uppi, að slík aðstaða er vonlaus þrátt fyrir þá miklu yfirburði, sem togararnir hafa til aflafanga umfram önnur veiðiskip, enda er nú svo komið, að hæstv. ríkisstj. telur óhjákvæmilegt að leggja hverjum togara um 3000 kr. á dag eða 1 millj. kr. á ári sem styrk, ef ekki reynist unnt að fá eigendur hraðfrystihúsanna til þess að hækka fiskverðið til þeirra og olíufélögin til að lækka verðið á olíunni, sem af þeim er keypt, og að nokkrar fleiri ráðstafanir séu gerðar. Og það hefur tekið hæstv. ríkisstj. hvorki meira né minna en fulla 10 mánuði og kostað mikið orðaskak að komast að þeirri augljósu niðurstöðu, að þess sé ekki að vænta, að rekstur togaranna geti borið sig með þriðjungi lægra verð fyrir fiskinn en bátaútvegurinn fær.

Mikill hluti togaranna er nú í opinberri eign, eign bæjar- og sveitarfélaga, t. d. á Reykjavíkurbær 8 af þeim. Sumir ætla, að ef togararnir, allir eða flestir, væru einkaeign eins og áður var, þá hefði hæstv. forsrh. og sjútvmrh., Ólafur Thors, ekki verið jafnsvifaseinn til aðgerða eins og hann hefur reynzt að þessu sinni.

Ríkisstj. hefur gert heildarsamninga við Rússa um kaup á allri olíu og benzíni, sem til landsins flyzt. Þennan samning hefur hæstv. ríkisstj. afhent olíufélögunum. Þau annast því flutningana til landsins og alla sölu innanlands. Það er vitað og viðurkennt, að þessi félög, þessir milliliðir, eru stórfelldustu gróðafyrirtækin í landinu og eru í nánum tengslum við erlend olíufélög. Ágóði þessara félaga er tekinn af íslenzkum útgerðarmönnum og sjómönnum. Gróði félaganna er þeirra tap. Mikill hluti af halla útgerðarinnar rennur sem hagnaður til olíufélaganna, og sama má og að verulegu leyti segja um hraðfrystihúsin, sum að minnsta kosti, og aðrar fiskvinnslustöðvar. Það er vitað og viðurkennt, að þessum fyrirtækjum hefur yfirleitt farnazt vel. Sum hafa skilað stórfelldum

gróða, samtímis því sem útgerðin, sem afhendir þeim afurðir sínar, sífellt er rekin með stórtapi.

Við Alþfl.-menn lítum svo á, að ríkið, þjóðin öll, eigi að taka að sér innflutning og sölu á allri olíu og benzíni og afla sér hentugra skipa til þeirra flutninga. Á þann hátt á að tryggja útgerðinni þessa nauðsyn með réttu sannvirði. Við teljum, að hraðfrystihús, fiskvinnslustöðvar og önnur fyrirtæki, sem nátengd eru útgerðinni, eigi að vera félagseign þeirra, sem við útgerðina fást, útgerðarmanna og sjómanna, svo að í þeirra hendur komi það raunverulega verð, sem fyrir afurðirnar fæst. Um þessi efni höfum við borið fram og berum fram till. og frv. hér á Alþ., en hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar neita öllu slíku. Allar slíkar aðgerðir fara nefnilega þvert í bága við stefnu hæstv. ríkisstj. Hennar stefna er að hlynna að gróðamönnunum á kostnað þeirra, sem vinna framleiðslustörfin og að nauðsynlegri þjónustu. Þessi stefna hefur leitt til þess ástands, sem þjóðin nú býr við í atvinnu- og efnahagsmálum.

Og hvernig er þá ástandið að dómi hæstv. ríkisstj. sjálfrar? Vélbátaútveginum er haldið uppi með bátagjaldeyrisálaginu. Er áætlað, að það nemi á þessu ári um 100 millj. kr. Togararnir þurfa samkvæmt áætlun ríkisstj. um 3000 kr. dagpeninga hver, til þess að útgerðin geti borið sig. Það eru um 40 millj. kr. á ári. Í fjárlögunum eru ætlaðar 50 millj. kr. til svonefndra dýrtíðarráðstafana. Það er til niðurgreiðslu á verði landbúnaðarafurða aðallega. Sú upphæð hækkar án efa nokkuð í meðferð þingsins. Til atvinnuaukningar, til að afstýra atvinnuleysi og til hliðstæðra ráðstafana í kaupstöðum og kauptúnum er gert ráð fyrir að þurfi nálægt 20 millj. kr. Samtals nema þessar upphæðir, sem hæstv. ríkisstj. telur óhjákvæmilegt að taka með álögum á landsfólkið til að forða atvinnuvegunum frá algeru hruni, nokkuð yfir 200 millj. kr. Þetta er mat hæstv. ríkisstj. sjálfrar á þörfum atvinnuveganna og aðstöðu þeirra.

Þannig er þá háttað afkomuöryggi landsmanna, eftir að hæstv. ríkisstj. í 4½ ár hefur unnið að því að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll og tryggja þeim hallalausan rekstur, eins og yfirlýst var og lofað, þegar ríkisstj. tók við.

Skattana átti að lækka. Þeir hafa farið sívaxandi ár frá ári. Tekjur ríkissjóðs á þessu ári eru áætlaðar 550 millj. kr. Það eru 3500 kr. á hvert einasta nef í landinu. Á þessu eina ári er gert ráð fyrir eftirtöldum hækkunum og álögum á landsfólkið, einnig að áætlun hæstv. ríkisstj.: Aukning eldri skatta og tolla um 70 millj. kr. Aukning bátagjaldeyrisálags nálægt 25 millj. kr. Nýr skattur, bílaskattur, sem þó er alls ófullnægjandi til þess að bjarga togurunum, 16 millj. kr. Þessar hækkanir samtals nema 111 millj. kr. Ofan á tollabyrðina og bátagjaldeyrisálagið bætist svo óskömmtuð álagning innflytjenda og annarra millilíða, sem skiptir hundruðum millj. kr.

Hversu lengi verður haldið áfram á þessari braut? Hversu lengi er það hægt? Ekki er hægt að halda áfram í það óendanlega að auka álögur á landsfólkið og auka skattana til ríkissjóðs og gróðastéttanna. Ekki er heldur hægt að halda aðalatvinnuvegum þjóðarinnar uppi til lengdar með styrkjum úr ríkissjóði og sívaxandi álögum á almenning. Og ekki er hægt í það óendanlega að þynna krónuna, minnka verðgildi sparifjár, minnka verðgildi peninganna. Það er ekki hægt að koma krónunni lengra niður en niður í núll. Lengra fellur hún ekki.

Hæstv. ríkisstj. segir, að þetta ár og hið síðasta hafi verið góðæri. Það er sennilega alveg rétt frá hennar sjónarmiði. Það hefur verið mikið gróðaár, og það kallar hæstv. ríkisstj. góðæri. Við höfum eignazt, ja, ég veit ekki hvað marga, áreiðanlega nokkur hundruð milljónamæringa á síðustu árum. Hversu marga er ekki hægt að segja um, því að nú er hætt að birta skattskrárnar, sem fram að þessu hafa verið birtar opinberlega. En öryggisleysið í efnahags- og atvinnumálum okkar Íslendinga hefur aldrei verið jafnátakanlegt og einmitt nú. Afkoma landsmanna og atvinnuöryggi hefur aldrei verið í meiri hættu en nú.

Tvö síðustu árin hefur íslenzka þjóðin að mjög verulegu leyti lifað af tekjum af dvöl varnarliðsins hér og afurðasölunni til Rússlands. Þetta tvennt er ástæðan til þess, að hér er ekki nú þegar komið ægilegt atvinnuleysi. Allir vonum við, að dvöl varnarliðsins hér verði á enda fyrr en síðar. Og samningurinn við Rússa getur fallið niður hvenær sem er, þegar þeim býður svo við að horfa.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, virðist nú líka vera kominn á þá skoðun, að gengislækkunarstefna hans hafi ekki reynzt slíkt bjargráð og þjóðarblessun sem hann fullyrti. Í upphafi þessa þings lét hann Morgunblaðið flytja þjóðinni þau skilaboð, að hann og ríkisstj. mundu verða í fylkingarbrjósti í baráttunni gegn nýrri gengislækkun, — ný gengislækkun væri þjóðarógæfa, sem skylt væri að afstýra. Óðruvísi mér áður brá. Hefur hann lært af reynslunni? Hitt má hann ekki misvirða við mig, þó að ég, er ég lít til aðgerða hans á undanförnum árum, vantreysti honum til þess að vera öruggur í fylkingarbrjósti í slíkri baráttu.

Því var lýst yfir, þegar hæstv. núverandi ríkisstj. var mynduð, að hún hefði stuðning 37 þm. Mér þykir nú rétt, ekki sízt eftir þessi ummæli hæstv. forsrh., að kanna, hvort þingfylgi hæstv. ríkisstj. er enn hið sama. Mér þykir ástæða til þess að kanna, hvort einhverjir fleiri en hæstv. forsrh. eru farnir að missa trúna á gengislækkunar- og gróðastefnuna, sem ríkisstj. hefur framkvæmt og fylgt til þessa. Mér þykir því rétt að bera fram brtt. við till. þá, sem hér liggur fyrir. Hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Brtt. við till. til þál. um vantraust á menntmrh. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.“

Áður en greidd verða atkv. um till. hv. þjóðvarnarmanna um vantraust á menntmrh., þykir mér rétt, að það komi alveg skýrt fram, að Alþfl. vantreystir einnig öðrum hæstv. ráðherrum með tölu og ríkisstj. í heild. Verði þessi brtt.

felld, mun Alþfl. að sjálfsögðu greiða atkv. með till. þjóðvarnarmanna um vantraust á menntmrh.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 123) leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að taka það þegar fram, að ég hefði aldrei talið hv. þm. A-Sk., Pál Þorsteinsson, svo lítinn, að hann réðist gegn þeim, sem ekki hefðu sömu aðstöðu og hann til að flytja mál sitt í almennings áheyrn, en nú hefur hann sýnt, að svo er, og þykir mér leitt. En þar að auki fór hann rangt með þau ummæli, sem hann las og áttu að vera eftir Valdimar Jóhannsson, formann Þjóðvfl. Mun ég ekki að þessu sinni vera mjög harðorður við þennan hv. þm., þar sem sýnilegt var, að hann var mjög miður sín, og var ef til vill vorkunn.

Góðir Íslendingar. Þið hafið nú heyrt vörn hæstv. menntmrh., Bjarna Benediktssonar. Um hana mætti ef til vill segja, að hún hafi verið mannleg, en stórmannleg var hún ekki. Gegn hinni rökföstu ádeilu hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundssonar, hafði hann fátt eitt fram að færa annað en gamla ræðu, sem birtist í Morgunblaðinu fyrir hálfum mánuði um fræðslulöggjöfina. Vörn sína gegn því vantrausti, sem hér hefur verið fram borið, byggði hæstv. menntmrh., Bjarni Benediktsson, á tveim meginröksemdum, ef röksemdir skyldi kalla, auk þess sem hann las upp nokkur meðmæli, sem hann hafði aflað sér sjálfur um þá, sem hann veitti stöður, en hirti hins vegar ekki um að lesa meðmæli þeirra, sem hann ranglega vék til hliðar.

Hin fyrri röksemd ráðh. var sú, að ýmsir aðrir væru sekir um að hafa misnotað vald sitt á sama hátt og hann. Nefndi hann þar til að minnsta kosti sex fyrrverandi ráðherra.

Síðari röksemdin var sú, að hann hefði aðeins verið gagnrýndur fyrir nokkrar embættaveitingar af 300, sem um var að ræða.

Mönnum er það sjálfsagt í fersku minni, að Bjarni Benediktsson var fyrir nokkrum árum prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Þar kenndi hann nemendum sínum m. a. tvær meginreglur í lögfræði. Fyrst þá reglu, að brot, misnotkun valds og trúnaðar eða vítavert athæfi einhvers manns réttlætti ekki sams konar athæfi hjá öðrum manni eða mildaði sök hans á neinn hátt. Og síðan kenndi hann nemendum sínum í lögfræði þá reglu, að fjöldi tilfella um sams konar brot eða misnotkun valds og trúnaðar réði ekki sekt eða sýknun, heldur eðli máls, en endurtekningar þyngdu aðeins sökina. Ef einhver nemenda hans hefði haldið hinu gagnstæða fram, t. d. á prófi, hefði lagaprófessorinn Bjarni Benediktsson vafalaust talið sér skylt að fella þann hinn sama frá prófi. En þegar hæstv. menntmrh. Bjarni Benediktsson þarf á því að halda að reyna að verja embættisfærslu sína, misnotkun valds og ráðherradóms við prófborð þjóðarinnar, þá telur hann sér sæma að snúa alveg við þeim meginreglum, sem hann kenndi nemendum sínum sem prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Og þá telur hann sér sæmandi að bera það á borð fyrir þing og þjóð, sem hann hefði réttilega talið fallframmistöðu við prófborðið í Háskóla Íslands.

Það er svo annað mál, að það er í sjálfu sér rétt hjá hæstv. menntmrh., Bjarna Benediktssyni, þó að það hvorki réttlæti hann né dragi úr hans sök, að það hafa ýmsir fleiri en hann misnotað völd sín og trúnað á svipaðan hátt og hann hefur gert.

Um ræður hv. ræðumanna Framsfl. má það fyrst segja, að þar fóru fulltrúar flokks, sem helzt vildu geta komizt hjá þeirri raun að vera til, í þessari umr. að minnsta kosti, og er það skiljanlegt með tilliti til þeirrar afstöðu, sem þeir tóku til vantrauststill., og fyrri ummæla Framsfl.

Eins og hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, rökstuddi ýtarlega í framsöguræðu sinni, er það staðreynd, sem ekki verður komizt fram hjá, að hæstv. menntmrh., Bjarni Benediktsson, nýtur ekki trausts meiri hluta Alþ. í reynd, þó að ráðuneyti Ólafs Thors sem slíkt njóti trausts meiri hluta Alþ., og er það ástæðan fyrir því, að vantraustið er borið fram á hann einan, en ekki allt ráðuneytið, þó að hv. 4. þm. Reykv., Haraldi Guðmundssyni, gengi illa að skilja. En um það atriði, að hæstv. menntmrh., Bjarni Benediktsson, nýtur ekki trausts meiri hluta Alþ. í reynd, eru ummæli Tímans um hann sem menntmrh., samþykkt vantraust Framsfl. á hann sem dómsmrh. og vantraust Framsfl. á hann í verki sem utanrrh. óvefengjanlegur vitnisburður. Sú afstaða Framsfl., sem fram kom í ræðum hv. ræðumanna þess flokks, að ætla að kingja sínu þríþætta vantrausti á Bjarna Benediktsson og öllum árásum Tímans á hann fyrir misbeitingu valds og ofsóknir, sem hvergi þekktust nema hjá íhaldsflokkum Mið- og Suður-Ameríku, getur engu breytt í því efni, þó að það afrek sé að sjálfsögðu heimsmet í óheilindum og vesaldómi, og það jafnvel þó að íhaldsflokkar Mið- og Suður-Ameríku séu taldir með í reikninginn. Sömuleiðis er þetta einhver bezti stuðningur við Sjálfstfl., sem ég hef enn þá heyrt um getið, og hefur þó Framsfl. reynzt liðtækastur allra í þeim stuðningi. Og Framsfl. getur ekki tekið þá afstöðu að vera á móti vantrauststill. á þeirri forsendu, að hún sé vantraust á alla ríkisstj., eins og hv. ræðumenn Framsfl. sögðu báðir, vegna þess að sú afstaða er ekki rétt, og furðar mig raunar á því, að þessir hv. þm. skyldu ekki strika þessa kafla út úr ræðum sínum, eftir að hafa hlýtt á framsöguræðu hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundssonar. Sama gildir um þetta atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv., Haralds Guðmundssonar.

Um þetta atriði er nefnilega óyggjandi heimild að finna í handriti að ágripi af íslenzkri stjórnlagafræði eftir framsóknarmanninn Ólaf Jóhannesson prófessor, en þetta handrit hefur verið gefið út fjölritað af Háskóla Íslands til afnota fyrir stúdenta í lagadeild og verður

því ekki vefengt sem heimild. Þar segir svo um vantraust á bls. 183 í I. hefti, með leyfi hæstv. forseta:

„Vantrauststill. getur verið á hendur öllu ráðuneytinu eða einstökum ráðh. — — Og ef þingið hefði vottað einstökum ráðh. vantraust, þá er forsrh. skylt að hlutast til um, að sá ráðh. verði leystur frá embætti.“

Gildir þetta náttúrlega einu, hvort um er að ræða vantraust á hæstv. menntmrh., Bjarna Benediktsson, sem menntmrh. eða sem dómsmrh. og menntmrh.

Hér fer ekkert á milli mála, nema ef hv. þm. A-Sk., Páll Þorsteinsson, ætlar að fara að endurbæta stjórnlagafræði Ólafs Jóhannessonar prófessors og ef til vill að fá prófessorsembættið út á þá endurbót.

Sú afstaða Framsfl. að ætla að ganga gegn vantrauststill. getur ekki heldur mótazt af þeirri röksemdafærslu hv. þm. A-Sk., Páls Þorsteinssonar, að ráðh. beri ábyrgð á sínum stjórnarathöfnum og því sé það t. d. hv. þm. Framsfl. óviðkomandi, á hvern hátt hæstv. menntmrh., Bjarni Benediktsson, hafi misnotað vald sitt sem ráðh. Það er rétt, að hver ráðh. ber ábyrgð á gerðum sínum gagnvart Alþ., og þess vegna ber Alþ. skylda til að víkja þeim ráðh. frá völdum, sem þau misnota. Og það skyldu hv. þm. Framsfl. því vandlega athuga, að þeir þm., sem greiða atkv. gegn rökstuddu vantrausti, í þessu tilfelli rökstuddu af Framsfl. á ráðh., sem sannanlega hefur gerzt sekur um að misnota vald sitt, bera, eftir að hafa afstýrt vantrausti, sjálfir ábyrgð á gerðum þess ráðh. og hafa gert hans sekt að sinni sekt og hans verk að sínum verkum.

En þar sem engin af þeim ástæðum, sem hv. ræðumenn Framsfl. tilnefndu sem rök fyrir afstöðu Framsfl. til vantrauststill., getur verið rétt, hver er þá hin raunverulega ástæða, sú sem ekki mátti koma fram? Á því getur tæpast leikið nokkur vafi. Hún hlýtur að vera sú, að hæstv. forsrh., Ólafur Thors, hafi hótað því að biðjast lausnar fyrir allt ráðuneytið, ef þm. Framsfl. greiddu ekki atkv. gegn vantraustinu á hæstv. menntmrh., og heldur en að þola þá raun hafi Framsfl. tekið þann kost að láta neyða sig til að „éta sín eigin egg“, eins og það athæfi hefur verið kallað, og er raunar vitað, að svo var. En þá geta líka kjósendur Framsfl. séð, hver það er, sem hefur húsbóndavaldið á stjórnarheimilinu. En þessi ástæða firrir ekki einu sinni hæstv. menntmrh., Bjarna Benediktsson, raunverulega því að þurfa að hrökklast úr ráðherrastóli. Þó að Framsfl. hafi beygt sig fyrir hótunum um lausnarbeiðni fyrir ráðuneytið allt, ef vantraustið yrði samþ. eða ef þm. Framsfl. greiddu ekki atkv. gegn því, breytir það engu í því efni, að hæstv. menntmrh., Bjarni Benediktsson, nýtur ekki trausts meiri hluta þingsins í reynd og ber því að víkja úr ráðherrastóli, ef hann á þá sómatilfinningu eða þingræðislegu og lýðræðislegu hugsun, sem tíðkast með vestrænum þjóðum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram, að við þjóðvarnarmenn munum að sjálfsögðu með mikilli ánægju greiða atkv. með brtt. þeirri, sem formaður Alþfl. lagði fram hér áðan.

Hermann Jónasson, hv. þm. Str., flutti ræðu hér í kvöld. Hann reyndi að kyrja þann söng þeirra framsóknarmanna, að þjóðvarnarmenn sundri andstæðingum íhaldsins og þjóni því í einu og öllu. Þetta órökstudda fleipur á að vera helzta haldreipi Framsóknar, ekki aðeins í þessum umræðum, heldur að því er virðist í framtíðarbaráttu þess flokks við að halda einhverjum völdum og áhrifum í landinu. En hver er ástæðan til þess, herra formaður Framsfl., að æ fleiri ágætir menn úr vinstri armi Framsóknar yfirgefa nú þann flokk og gerast þjóðvarnarmenn? Er það af því, að þeir séu svo ólmir að hjálpa íhaldinu? Nei, það er vegna þess, herra Hermann Jónasson, að þessir menn eru orðnir dauðuppgefnir á íhaldsþjónustu Framsóknar. Þeir hafa gert sér ljóst, að þessi flokkur, sem eitt sinn var ákveðinn vinstri flokkur, hefur tengzt íhaldsöflunum órofaböndum. Þessir menn eru orðnir vonlausir um Framsfl. Ég er hræddur um, að þeir hafi brosað, þegar þeir heyrðu það áðan af munni formanns Framsfl., að sá flokkur væri brjóstvörn gegn íhaldsöflunum í landinu. Já, sér er nú hver brjóstvörnin. Þeir hafa stutt Sjálfstfl. til valda í mörg ár og sýna engan lit á því að hætta þeim stuðningi. Og vel getur farið svo, fyrr en varir, að komist í framkvæmd hugmynd Jóns Pálmasonar, þm. A-Húnv., um algeran samruna þessara flokka.

Ein var sú samlíking hjá þessum hv. þm., sem mér þótti verulega smellin. Hann líkti núverandi ríkisstj. við fúið hús, en þó vildi hann með engu móti rífa hjallinn. Hann um það. En að því kemur, að fúin hús hrynja, og svo mun fara um þetta, kannske fyrr en varir.

Þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm. A-Sk., datt mér í hug, að nú brynni jörðin undir fótum ræðumanns. Er ástandið, að því er varðar framsóknarfylgið í Austur-Skaftafellssýslu, orðið svona hörmulegt? Ég vissi, að það var ekki gott.

Þessi hv. þm. talaði um staðfestu og þrek. Ég held, að sumum hafi orðið á að brosa. Annars var öll ræða hans heldur vanburða tilraun til að níða Þjóðvfl. og hamra á þeirri kenningu, að Þjóðvfl. sé til þess stofnaður að hjálpa Sjálfstfl.

Hv. þm. bar í munn sér orðin „auðsveipt hjú“. Sjálfur er þessi hv. þm. eitt auðsveipasta hjúið á heimili Ólafs Thors.

Framsfl. var einu sinni stór flokkur, og þá stóð oft gustur af málsvörum hans. Nú er hann minnkandi flokkur, og ef hann heldur áfram að þjóna íhaldsöflunum eins dyggilega og hingað til, þá verður hann brátt svo umkomulaus, að hv. þm. A-Sk., Páll Þorsteinsson, mun að allra dómi tilvalinn málsvari hans.

Hæstv. menntmrh. valdi þann kost, eftir að skammt var komið ræðu hans, að hopa af hólmi. Hann tók þá að lesa ræðu, sem hann hafði flutt fyrir hálfum mánuði á Varðarfundi og síðan birt í Morgunblaðinu. Voru það frómar vangaveltur um skóla- og menntamál al-

mennt. Bergur Sigurbjörnsson, hv. 8. landsk., hefur þegar svarað helztu atriðunum, sem ástæða var til að gera athugasemdir við. Ég vil aðeins segja þetta til viðbótar: Ráðh. las upp mörg meðmæli. Þau meðmæli, sem hann lagði sérstaka áherzlu á, voru meðmæli vestan frá Ameríku, en þó meðmæli með umsækjanda um starf við íslenzkan skóla. Þessi ráðh. tekur auðsjáanlega ólíkt meira mark á meðmælum vestan frá Chicago heldur en venjulegum umsagnaraðilum hér uppi á Íslandi.

Í framsöguræðu minni hér í kvöld rakti ég nokkur dæmi um þá stjórnmálaspillingu, sem hér hefur þróazt á umliðnum tímum og ekki sízt lýst sér í pólitískri hlutdrægni við embættaveitingar. Við þjóðvarnarmenn fordæmum slíkan verknað jafnskilyrðislaust, hver sem hann fremur, hvort sem ráðh. heitir Bjarni Benediktsson eða eitthvað annað. Við teljum það eitt af frumskilyrðum sæmilegs stjórnarfars í landi, að valdamenn kosti kapps um réttlæti í meðferð veitingavalds, ekki síður en í öðrum efnum. Hér þarf að brjóta niður heilt spillingarkerfi og fordæma þann hugsunarhátt, að ranglæti eins flokks eða eins ráðh. veiti öðrum flokkum og ráðh. siðferðislegan rétt til að jafna metin með nýju ranglæti. Þeim ósið verður að hætta, sem nú tíðkast, að láta við það eitt sitja, þegar ranglæti er framið, að skammast og brjótast um á hæl og hnakka í blöðum. Þjóðin er orðin þreytt á slíkum leik. Aðalmálgagn Framsfl. hefur að undanförnu birt margar heilsíðu svívirðingargreinar um Bjarna Benediktsson, en á sama tíma styður Framsfl. þennan ráðh. í ríkisstj. og segist nú vera staðráðinn í því að verja hann falli. Er nokkur heil brú í slíku framferði? Það er sama hvaða ráðherrastörfum þessi maður gegnir. Í blöðum sínum og á mannfundum keppast framsóknarmenn við að lýsa á hann vantrausti, en á þingi styðja þeir hann og tryggja honum valdaaðstöðu af jafnmiklu kappi. Sé þetta ekki skrípaleikur, veit ég ekki, hvað skrípaleikur er.

Vantrauststillaga okkar þjóðvarnarmanna er ekki sízt fram borin vegna hinnar ungu kynslóðar í landinu. Það æskufólk, sem nú er að búa sig undir lífið og ekki hefur orðið að bráð þeirri spillingu, sem gagnsýrir stjórnarfar okkar, gerir kröfu til þess og á kröfu á því, að hér ríki réttlæti. Hundruð og þúsundir efnismanna eru nú að afla sér þekkingar og búa sig undir það að geta orðið nytjamenn með þjóð sinni. Sú kynslóð, sem landið á að erfa, á mikið undir því, að gagnger stefnubreyting verði í íslenzku stjórnarfari, þeir ráðamenn vægðarlaust sviptir völdum, sem eru berir að því að meta sýnu minna þekkingu og hæfileika en pólitíska fylgispekt.

Það er mál, að linni þeirri óhæfu, að engir eiginleikar séu meira metnir en hneigðin til að selja sig þeim, sem hæst býður.

Þið ungu menn, sem eruð að búa ykkur undir lífið og takið senn þátt í störfum á vettvangi íslenzkra stjórnmála, framtíð íslenzkrar þjóðar er í ykkar höndum. Það eruð þið, sem verðið að skipa ykkur í þá brjóstfylkingu, sem berst fyrir nýjum og bættum siðum í opinberu lífi, ef siðfræði afturhaldsflokka Suður-Ameríku á ekki að verða hér allsráðandi og kollvarpa öllu lýðræði. Það eruð þið, sem Þjóðvarnarflokkur Íslands heitir á til fulltingis. Þið getið gert flokkinn að þeirri öflugu brjóstvörn gegn spillingunni, sem hann á að verða og getur orðið. Flokkurinn treystir fyrst og fremst á ykkur, ungu karlar og konur. Ég er þess fullviss, að þið munuð ekki bregðast því trausti.

Ég vil að lokum ítreka það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, og leggja á það áherzlu, að till. þessi er ekki einungis vantraust á Bjarna Benediktsson, heldur er hún jafnframt vantraust á það spillingarkerfi, sem flokkur minn hefur lagt til atlögu við. Hún er mótmæli gegn þeim fordæmanlega hugsunarhætti, að ranglæti, sem einn fremur, veiti öðrum rétt til að fremja ranglæti líka. Hún er mótmæli gegn allri misnotkun veitingavalds, sem hér hefur átt sér stað um langt skeið og allir gömlu flokkarnir eru meira og minna sekir um.

Ég lít einnig svo á, að hver sá flokkur, sem greiðir atkvæði með þessu vantrausti, skuldbindi sig um leið til þess að fara réttlátlega með völd, þegar hann kann að öðlast þau.

Og við ykkur, kjósendur góðir, sem á mig hlýðið, vil ég að síðustu segja þetta: Hver sem verða úrslit atkvæðagreiðslu á Alþingi um vantraust það, sem hér liggur fyrir, þá rennur sú stund upp, fyrr eða síðar, að allir núverandi valdamenn verða að koma fram fyrir ykkar dóm og standa ykkur reikningsskap ráðsmennsku sinnar. Þá eigið þið leikinn, þá er ykkar tækifæri til að bera fram og fylgja eftir því vantrausti á rangláta ráðsmenn, sem eitt mun til hlítar duga, ef hér eiga á komandi tímum að ríkja stjórnarhættir, sem sæma menningarþjóð.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þessi vantrauststill. á menntmrh., sem hér er til umr., er borin fram vegna misferlis hans og hlutdrægni í embættaveitingum. Fátt varðar meira almenningsheill en réttlæti og ábyrgðartilfinning í embættaveitingum. Það fylgir því mikil ábyrgð að fara með veitingarvaldið, og Alþ. tekur á sig þunga ábyrgð með því að fá veitingarvaldið í hendur óhlutvöndum mönnum,

En hvað er réttlæti í embættaveitingum? Hvaða meginreglu ber samvizkusömum ráðh. að fylgja í þessu efni? Ber honum kannske að skipta embættunum milli stjórnmálaflokkanna í sem réttustu hlutfalli við atkvæðamagn þeirra? Eftir umr. um þessi mál að dæma virðist sú regla eiga mjög almennu fylgi að fagna meðal stjórnmálaflokkanna, með þeim fyrirvara þó, að „kommúnistum" á aldrei að veita nein embætti eða trúnaðarstöður, hversu hæfir sem þeir eru til að gegna þeim. En „kommúnistar" eru allir þeir kallaðir, sem eru á móti amerísku auðvaldi og hernámi Íslands, svo og allir þeir, sem neita að taka þátt í haturs- og stríðsáróðrinum gegn sósíalismanum.

Þetta er sú regla, sem er opinberlega viðurkennd í Bandaríkjunum, og það er, eins og kunnugt er, helgasta hugsjón þeirra, sem nú

fara með stjórn á Íslandi, að taka upp amerísk lífshætti í þessum efnum sem öðrum. Þið heyrðuð t. d., að hæstv. menntmrh. harmaði það í ræðu sinni hér áðan, að hann hefði ekki aðstöðu til þess að fækka róttækum mönnum í kennarastétt eins og hann teldi þörf á.

Ég lít hins vegar svo á, að þessi regla beri vott um dýpstu siðferðislega niðurlægingu og að hvert það stjórnarfar, sem fylgir henni, beri dauðann í brjóstinu.

Ef embættaveitingar eru miðaðar við almannaheill, þá er reglan, sem ber að fylgja, ofur einföld. Það á að velja menn í stöður eingöngu eftir hæfileikum þeirra til að gegna starfinu. Meðan ég hafði menntamálin með höndum, reyndi ég eftir bezta viti að fylgja þessari reglu út í æsar og undantekningarlaust. Þegar um kennarastöður er að ræða, álít ég, að yfirleitt sé happadrýgst að fara eftir till. þess fólks, sem á að njóta starfskrafta þeirra. Ráðh. verður að hafa mjög góð og gild rök, ef hann skipar í kennaraembætti gegn vilja meiri hl. skólanefndar. Ég var svo lánsamur, að samstarf mitt við fræðslumálastjóra var með þeim ágætum, að það kom aðeins tvisvar sinnum fyrir á mínum starfsferli, að ég gat ekki fallizt á till. hans, í annað skiptið við veitingu skólastjóraembættisins við Austurbæjarbarnaskólann í Reykjavík. Í það skipti var það þó álit bæði fræðslumálastjóra og meiri hl. skólanefndar, að sá, sem skipaður var í embættið, væri hæfastur umsækjenda í þeim efnum, sem ég taldi mestu máli skipta, en hitt reið þó baggamuninn, að meiri hl. kennaranna við skólann taldi, að enginn annar umsækjandi gæti komið til greina. Hitt dæmið var veiting skólastjóraembættisins við barnaskólann í Neskaupstað. Þar fór ég eftir mjög eindregnum till. skólanefndar.

Við skipun formanna skólanefnda var einnig hið bezta og ákjósanlegasta samstarf milli mín og fræðslumálastjóra.

Það er föst regla hjá þjóðvarnarmönnum að taka upp róg afturhaldsins um Sósfl. Hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, brá ekki heldur þeim vana í þetta sinn, þegar hann tuggði upp róg afturhaldsblaðanna um embættaveitingar mínar, sem er svo marghrakinn og rækilega hrakinn, að enginn annar heimskaði sig á því að taka hann upp í þessum umr. Slíkur málflutningur, slíkt manndómsleysi, slíkt algert virðingarleysi fyrir sannleikanum ber ekki vott um mikla alvöru eða heilindi, hvorki í þessu máli né öðrum.

Vantrauststill., sem nú er til umr., er fram borin vegna flokkspólitískra embættaveitinga núverandi menntmrh., Bjarna Benediktssonar. Hann hefur þó ekki gert annað en fylgja fordæmi fyrirrennara sinna í Framsfl. og Sjálfstfl. Flokkspólitískar embættaveitingar hafa verið regla þessara flokka. Þeirri stefnu held ég að Bjarni Benediktsson hafi trúlega fylgt, svo sem aðstæður frekast leyfðu, með því offorsi og purkunarleysi, sem honum er lagið. En þessum vinnubrögðum hefur hann ekki aðeins beitt sem menntmrh., heldur engu síður og kannske miklu fremur sem dómsmrh. Gamlir nazistar hafa verið sérstakt eftirlæti hans við veitingu embætta, sem heyra undir dómsmrn. Ferill hans sem dómsmrh. hefur verið enn hneykslanlegri en í menntamálunum, svo að maður minnist nú ekki á utanríkismálin, en á því sviði mun skömm hans uppi, meðan íslenzk saga er skráð.

Bjarni Benediktsson er einingartákn núverandi ríkisstj. Hann hefur átt manna ríkastan þátt í því að koma þessari ríkisstj. á fót, og í persónu hans og starfi krystallast stefna þeirra amerísku leikbrúðustjórna, sem nú hafa farið með völd í landinu um 8 ára skeið. Mynd Bjarna Benediktssonar er mynd núverandi ríkisstjórnar.

En nú bregður svo kynlega við, að einmitt Framsfl. hefur farið hörðustum orðum um hlutdrægni hæstv. menntmrh. í embættaveitingum. Á flokksþingi Framsóknar, sem haldið var fyrir síðustu kosningar, var samþ. harðort vantraust á Bjarna Benediktsson fyrir freklega misbeitingu á valdi sínu sem dómsmrh. Ekki voru þeir síður óánægðir með ýmsar aðgerðir hans í embætti utanrrh., sem varð tilefni mannaskiptanna þar eftir kosningar.

Hvernig stendur á því, að Framsfl. skuli þá taka ábyrgð á þessum ráðh.? Hvers konar heilindi eru fólgin í því að bera menn hinum þyngstu sökum og taka síðan fulla ábyrgð á óhappaverkum þeirra?

Ástæðan er sú, að það eru engin pólitísk ágreiningsmál milli Bjarna Benediktssonar og forsprakkanna í Framsókn. Öll sú misbeiting á valdi, sem einkennir starfsferil Bjarna Benediktssonar, endurspeglar spillingareðli ríkisstj. En gremja framsóknarforkólfanna er sprottin af því, að í áfergju sinni að hlaða undir flokksmenn sína hefur Bjarni Benediktsson stundum gleymt heilögu boðorði, sem allt samstarf núverandi stjórnarflokka byggist á, og þetta heilaga boðorð er: Helmingaskipti. Helmingaskipti milli Sjálfstfl. og Framsfl. um öll völd og auð á Íslandi, hvers konar gróða, hvers konar fríðindi, hvers konar bitlinga.

Í utanríkisverzluninni er þessari reglu fylgt af mikilli nákvæmni. Miklu starfsmannabákni er haldið uppi af ríkinu með ærnum kostnaði til þess að gæta hennar. Meðan þessum leikreglum er fylgt í skiptingu leyfanna milli heildsalanna og Sambandsins, ríkir friður og sátt, og það er ekki minnzt á falsaðar faktúrur og slíka hluti. En ef út af ber, fer allt í bál og brand, og kemur þá ýmislegt upp, þegar hjúin deila.

Gróðanum af útflutningsverzluninni er skipt bróðurlega milli Sambandsins og gæðinga íhaldsins. Hvorir um sig hafa ákveðna markaði að léni, og eftir að sættir tókust í þeim efnum, er aldrei minnzt á saltfiskshneykslí í Suðurlöndum eða gruggug viðskipti í Esbjerg. Olíuverzlunin er seld á leigu olíufélögum íhalds og Framsóknar. Ríkið kaupir olíuna og afhendir olíufélögunum gróðann. Þessar vinargjafir, sem íslenzkur almenningur er látinn borga, nema nú um 40 millj. íslenzkra króna á ári. Þegar íslenzkir atvinnuvegir rísa ekki lengur undir þessum álögum, kemur samt ekki

til mála að skerða þennan gróða, heldur er togaraflotinn látinn liggja í höfn mánuðum saman og tugmilljóna verðmætum kastað á glæ.

Þegar þarf að veita 50 millj. kr. ríkisábyrgð til kaupa á olíuflutningaskipi fyrir olíufélög Sjálfstfl., þá er ekki að sökum að spyrja, að olíufélag Framsfl. kemur á eftir og heimtar sömu fríðindi, aðrar 50 millj. sér til handa.

En ef minnzt er á gjaldeyrisbrask og ólöglegar auðgunaraðferðir, þá er segin saga, að einhver snurða hefur fallið á þráðinn í helmingaskiptafélaginu, og óðar eru gefnar upplýsingar um ólöglegar auðgunaraðferðir hins aðilans, svo að ekki sé hallað á neinn í samræmi við helmingaskiptaregluna.

Þær eru nú orðnar ærið margar milljónirnar, sem uppvíst hefur orðið um, að aflað hefur verið með slíkum ólöglegum aðferðum. Hvað skyldu þær milljónir þá vera margar, sem aldrei hefur orðið uppvíst um?

Þegar lánum til smáíbúða er úthlutað, verða báðir aðilar, íhald og Framsókn, að skipta þeim, svo að ekki hallist á. Sama gildir um úthlutun bifreiðaleyfa. Þar verður að gæta helmingaskiptareglunnar af ýtrustu varkárni og samvizkusemi. Við úthlutun atvinnubótafjár til bæjar- og sveitarfélaga verður að fylgja helmingaskiptareglunni út í yztu æsar til þess að fullnægja öllu réttlæti. Ef íhaldið raðar einhverjum gæðinga sinna á ríkisjötuna, verður Framsókn að fá annan og svo á hinn veginn.

Kórónan á öllu þessu er þó skipting stríðsgróðans í sambandi við hernám landsins. Það er nú orðið ljóst, að erindi Kristins Guðmundssonar í embætti utanríkisráðherra var fyrst og fremst að tryggja helmingaskipti milli íhalds og Framsóknar einnig á þessu sviði. Í þessu skyni var stofnað sérstakt félag til þess að taka að sér framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, og til þess að treysta þetta fyrirkomulag sem bezt og gefa því opinbert innsigli, var ríkið látið vera þátttakandi. Aldrei hafa nokkur stjórnarvöld lagzt svo lágt í allri sögu Íslands í þúsund ár. Með framkvæmdunum á Keflavíkurflugvelli er verið að grafa grunninn undan íslenzkum atvinnuvegum og efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði landsins. Nú þegar hefur lífshamingja ótalinna íslenzkra heimila verið lögð í rústir af völdum hernámsins.

Þó eru þetta allt smámunir í samanburði við þá hættu, sem vofir yfir landi og þjóð. Það getur nú ekki lengur verið neitt ágreiningsmál, að ef til styrjaldar kemur, geta herstöðvar á Íslandi, sem notaðar verða til þess að sá dauða og tortímingu yfir aðrar þjóðir, orðið þess valdandi, að öllu lífi á þessu landi verði gereytt og landið gert óbyggilegt um langan aldur. Með framkvæmdunum á Keflavíkurflugvelli er verið að grafa íslenzku þjóðinni gröfina. Þessar framkvæmdir gerir ríkisstj. að féþúfu fyrir gæðinga sína og virðist ekki hafa áhyggjur af neinu nema því einu, að reglu helmingaskiptanna sé vel gætt við úthlutun blóðpeninganna. Þetta er slægvitrasta bragðið, sem Bandaríkin hafa enn beitt gegn íslenzku þjóðinni: að tengja gróða íslenzkra manna við hernámið, að gera óhamingju Íslands að féþúfu fyrir íslenzka menn, að gera íslenzka menn með sjálfa ríkisstj. í broddi fylkingar að þátttakendum í hinum alþjóðlega heimshring kaupmanna dauðans.

Nú gera framsóknarmenn kröfu til þess, að helmingaskiptareglunni verði einnig trúlega fylgt við úthlutun þeirra embætta, sem menntmrh. veitir. Þeir eru hjartanlega sammála hæstv. menntmrh. um það, að það eigi að fylgja, svo sem kostur er, þeirri reglu að útiloka andstæðinga ríkisstj. og bandaríska hernámsins. Um það er enginn ágreiningur, að þá beri að beita pólitískri hlutdrægni. En pörupiltar hafa líka sínar siðareglur og gera oft allra manna strangastar kröfur um, að ekki sé út af **brugðið.**

Hæstv. menntmrh. Bjarni Benediktsson lítur bersýnilega svo á hlutaskiptin, að þegar honum voru afhent menntamálin, þá hafi honum um leið verið afhentur eignar- og umráðaréttur yfir allri kennarastéttinni, allar embættaveitingar, sem heyra undir hans ráðuneyti, skuli falla í hans hlut.

Þessi skoðun er skýrt og greinilega túlkuð í málgagni hans, Morgunblaðinu, þar sem á það er bent, að Framsókn hafi að sjálfsögðu fengið sinn skerf, meðan hún hafði menntamálin, en nú sé komin röðin að Sjálfstfl., nú verði að jafna metin. Framsókn vill aftur á móti fá sín 50% og engar refjar á þessu sviði sem öðrum.

En þetta eru heimiliserjur, en ekki ágreiningur um stefnumál, og slíkt er ekki látið valda samvinnuslitum. Þess vegna mun Framsókn nú lýsa trausti sínu á hæstv. menntmrh. þrátt fyrir allt og taka þar með á sig fulla ábyrgð á gerðum hans og kingja öllum sínum fyrri stóryrðum.

Þegar við sósialistar greiðum atkv. með þessari till. um vantraust á menntmrh., þá lítum við á það sem vantraust á ríkisstj. alla og stefnu hennar, jafnt í menntamálum sem öðrum. Okkur finnst það í meira lagi andkannalegt, að vantraustið skuli vera borið fram á menntmrh. einan. Við hefðum heldur kosið, að þessi till. hefði verið vantraustsstill. gegn allri ríkisstj. og hefði þá verið borin fram af stjórnarandstöðunni í sameiningu. Það hefði í alla staði verið rökréttara. Að sjálfsögðu greiðum við því atkvæði með brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HG). En enda þótt till. kæmi til atkv. í því formi, sem hún er fram borin, þá mundi samþykkt hennar jafngilda vantrausti á stefnu ríkisstj., og þar með væri stjórnin fallin. En slíkan manndóm á meiri hl. Alþ. því miður ekki. Dómurinn yfir ríkisstj. verður ekki felldur á þessu þingi. Þann dóm verður að fella á öðrum vettvangi, af æðra dómstóli.

Atkvæðagreiðslan um vantraustið verður að fara fram utan þingsalanna. Ein slík atkvgr. fer nú fram í verkalýðsfélögunum í kosningunum til Alþýðusambandsþings og önnur í undirskriftasöfnuninni gegn hernáminu. Ég veit, að þessar atkvgr. munu báðar verða á einn veg. Á þingi Alþýðusambandsins, sem háð verður í þessum mánuði, mun verða ljóst, að yfirgnæfandi meiri hl. verkalýðsins hefur þegar tekið afstöðu gegn stefnu ríkisstj. og mun nú taka höndum saman í baráttunni fyrir hags-

munum sínum, fyrir sjálfstæði landsins, fyrir velferð þjóðarinnar. Verkalýðsstéttin býður öllum öðrum vinnandi stéttum og öllum föðurlandsvinum, hvar í flokki sem þeir standa, þátttöku í því samstarfi, einnig Hermanni Jónassyni, ef hann vill í fullri alvöru hætta að styðja íhaldið og yfirgang ameríska auðvaldsins á Íslandi og taka upp þjóðholla stefnu. Takist slíkt samstarf, eru nú mikil umskipti fram undan. Þá munu skapast skilyrði til þess að létta martröð óttans af þjóðinni og hefja nýja sókn á braut íslenzks sjálfstæðis, stórhuga framkvæmda og framfara.

Lokadóminn yfir ríkisstj. verður að fella í almennum alþingiskosningum. Það getur blátt áfram og í bókstaflegri merkingu orðið lífsspursmál fyrir þjóðina, að það dragist ekki að fella þann dóm.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Síðasti hv. ræðumaður talaði um helmingaskipti milli stjórnarflokkanna. Þeir deildu gróðanum jafnt, stöðunum jafnt, völdunum, virðingunni og fé jafnt. Ég er ekki alveg viss um, að þessi hv. þm. hafi farið alveg rétt með. Ég hygg, að í þessari stjórnarsamvinnu hafi reynslan orðið sú, að íhaldsmennirnir hafi sýnt sig vera betri „forretningsmenn" en framsóknarmennirnir. Íhaldsmenn hafa sinn fugl í hendi, þeir hirða gróðann jafnóðum. Framsóknarmennirnir eiga sína fugla að nokkru leyti í skógi, og það er alltaf óvíst nokkuð, hvernig gengur að handsama þá. Enn þá eru „rafmagnsplönin" ekki annað en áætlanir. Þau ganga því aðeins fram og verða að veruleika, að horfið verði frá núverandi stjórnarstefnu í efnahagsmálunum. Og enn þá er óséð, því miður, hversu mikill verður tekjuauki landbúnaðarins vegna þeirra fjárveitinga, sem honum hafa verið veittar á undanförnum árum, og hinnar nýju tækni, sem þar er tekin upp.

Mér er ekki kunnugt um, að hæstv. ríkisstj., sem nú hefur setið við völd í fjögur og hálft ár, tel ég, hafi nokkrar ráðstafanir gert enn þá til þess að tryggja, að sú framleiðsluaukning, sem hlýtur að leiða af aukinni tækni, auknu fjármagni og bættum vinnubrögðum í landbúnaðinum, komist í verð. Ef svo er, að hæstv. ríkisstj. hafi einhverjar ráðstafanir gert í þessu efni, væri gott, nauðsynlegt, skylt að gefa upplýsingar um það. Mér er ekki kunnugt um það. Ég hygg, að allt sé enn þá í fyllstu óvissu um tekjuauka landbúnaðarins vegna hinna stórfelldu framkvæmda og hins mikla fjár, sem í hann er lagt.

„Góðæri" tveggja undanfarinna ára, gróðaárin, sem ég kalla, stafar af því, að hundruð milljóna króna hafa bætzt við venjulegar tekjur landsmanna vegna dvalar setuliðsins hér. Allt þetta fé hefur orðið beinn eyðslueyrir undir stjórn hæstv. núverandi ráðh. Slíkur óvæntur, óvenjulegur og óeðlilegur tekjuauki átti að sjálfsögðu að bindast að miklu leyti, að bindast til ákveðinna framkvæmda, framkvæmda í þá átt að efla þær atvinnugreinar og treysta, sem fyrir eru í landinu, og skapa aðrar nýjar, til þess að hægt verði að vísa því fólki, sem nú nýtur vinnu í sambandi við dvöl varnarliðsins, til arðvænlegri og arðbærari starfa, þegar þeirri vinnu er lokið.

Ekkert, bókstaflega ekkert, hefur hæstv. ríkisstj. aðhafzt í þessu máli. Hún hefur látið reka á reiðanum, unað við góðæri gróðaáranna og talið sér trú um, að allt sé í himnalagi. Ríkisstj. hefur lofað mörgu fögru. Hún hefur lofað því, að stórfellt átak skuli verða gert — látið skrifa um það í blöð sín — til þess að bæta úr húsnæðisleysi kaupstaðanna. Það er senn liðinn mánuður af starfstíma þessa þings. Ég minnist þess ekki, að ég hafi séð eina einustu till. eða frv. frá stjórninni eða flokkum hennar um fjárframlög í þessu skyni eða aðrar aðgerðir. Hitt veit ég, að það er rígneglt fyrir dyrnar í bönkum og öðrum lánsstofnunum, þegar þangað er leitað um lán til íbúðabygginga. Það veit hæstv. viðskmrh. án efa líka.

Fyrir fjórum og hálfu ári var því lofað með lagasetningu, í gengislögunum sjálfum, að sparifjáreigendur, sem ekki var hægt að neita að voru hart leiknir með gengislækkuninni, skyldu fá nokkra uppbót á innstæður sínar, alls 10 millj. kr. Enn er engan eyri farið að borga af þeim uppbótum. Hverjar þær verða, hvenær þær koma, veit enginn maður. En á meðan ganga menn biðjandi til peningamangara til þess að fá nokkur þúsund krónur. Bankarnir, sem geyma þetta fé, eru lokaðir.

Ég sagði, að hundruð milljóna rynnu til milliliða og gróðamanna í þjóðfélaginu. Að sjálfsögðu er skylt að renna nokkrum stoðum undir þessar fullyrðingar. Ég skal fyrst minna á skrif sjálfra stjórnarblaðanna og ummæli þeirra um flokkana, hvorn um sig, um hinn stórfellda gróða, sem hafi verið á olíuflutningum og olíuverzlun hér í landinu. Á einum einasta farmi átti ólöglegi gróðinn að vera, að sögn íhaldsins, um 1 millj. og 700 þús. kr., og hagnaður á leigu eins flutningaskips átti að nema 700 þús. kr. Því var svarað af framsóknarmönnum, að þetta væri dropi í hafið, samanborið við gróðann hjá hinum olíufélögunum.

Ég hef fengið ýtarlega skýrslu hjá verðgæzlustjóra um álagningu á ýmsar vörur, eftir því sem verðreikningar sýna, sem teknir voru á innflutningi í maí í vor. Mér er sagt, að sykur, sem er algeng nauðsynjavara, — og fjmrh. segir að sé tollfrjáls, — sé í lægsta álagningarflokki. Samkv. þessari skýrslu kostaði hvorki meira né minna en kr. 84.90 að koma innihaldi eins 100 kg poka af sykri frá pakkhúsi á hafnarbakkanum og til neytendanna. Það kostaði ekki minna en 6 stunda vinnu fyrir Dagsbrúnarmann að skipta þessum 100 kg poka. Þetta er lægsta álagningarvara, þetta er ekki nema 31%. Á haframjöl, sem er flutt inn í pökkum, svo að ekki þarf annað en að taka pakkann og rétta hann fram á borðið, er álagning hvorki meira né minna en 56%. Við þessa athugun mína á skýrslu verðlagsstjóra hefur eitt sérstaklega vakið athygli mína. Með samkomulaginu frá 1952 var ákveðið að lækka álagningu á nokkrar einstakar vörutegundir, þ. á m. léreft, sirs og nokkrar fleiri vefnaðarvöruteg-

undir. Samkvæmt skýrslu verðgæzlustjóra er í maí í vor álagningin á þessar vörutegundir að meðaltali, í þeim flokkum, sem hann tók, frá 8% og upp í 15%, og þori ég ekki að fullyrða, *hvort það er í samræmi við samkomulagið*, en þetta er niðurstaðan, sem verðgæzlustjóri fær. Á öðrum vefnaðarvörum, sem eru ekki bundnar slíku samkomulagi, er niðurstaðan hins vegar sú, að heildsöluálagning að meðaltali hefur reynzt 17.7%, eða fullkomlega tvöfalt hærri en á þeim vörum, sem samkomulag var um álagninguna á. Smásöluálagningin er einnig hærri á þessum vörum. Þetta gefur nokkra hugmynd um, hvað hæstv. ríkisstj. gæti gert, ef hún vildi gera eitthvað til þess að halda verðlaginu niðri. Til þessara aðgerða, sem ég nú nefndi, að samningsbinda álagninguna á þessar vörutegundir, þurfti þriggja vikna verkfall hjá félögunum hér í Reykjavík. Það er hart, að ríkisstjórn eins lands skuli vera svo rígbundin við hagsmuni *milliliða, heildsala og gróðamanna*, að það þurfi að knýja hana til þess að nota vald sitt til að lækka nauðsynjar almennings.

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Minn tími er þrotinn. Ég hef reynt að sýna fram á það, að stefna ríkisstj., að minni hyggju, getur ekki til annars leitt en vaxandi ófarnaðar hjá okkur. Fyrirhyggjuleysi fullkomið, nánast líkt hugsað og hjá Loðvík sáluga Frakkakonungi: „Það lafir, meðan ég lifi“. Mér virðist einkunnarorð stjórnarinnar vera að njóta gróðans, góðærisins og láta að öðru leyti reka á reiðanum. Eigi að skipta hér um, er það alveg bersýnilegt, að fyrsta ráðstöfunin, eina ráðstöfunin, sem líkleg er til árangurs, er að veita hæstv. ríkisstj. lausn í náð.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ætla mætti að mikilvæg, alvarleg og sérstæð rök væru færð fyrir því, að borin er fram vantrauststillaga á Alþingi á einstakan ráðherra.

Nú hefur hv. þm. gefizt þess kostur að hlýða á mál flm. þeirrar vantrauststillögu, sem hér hefur verið til umr., og landsmönnum hefur jafnframt gefizt þess kostur að hlýða á málflutning allan hér á Alþ., og þá jafnframt röksemdir og greinargerð þess, sem vantraustinu var stefnt gegn, hæstv. menntmrh.

Þingmenn vissu frá öndverðu, að bak við flutning þessarar vantrauststillögu var engin alvara, hvað þá röksemdir, og hefur það greinilega komið fram í þessum umr. Umr. hafa vissulega staðfest þetta glögglega, en þessar umr. hafa á hinn bóginn leitt ótvírætt í ljós, hversu traustum fótum hæstv. menntmrh. stendur gagnvart þeim einstökum ásökunum, sem að honum hefur verið beint, og að ráðh. hefur boðað þingheimi og alþjóð trausta og farsæla heildarstefnu í menningar- og menntamálum þjóðarinnar, sem hann þegar hefur mótað og stefnir að í starfi sínu sem menntmrh.

Ég tel fullvíst, að landsmenn hafi hlýtt með athygli á þann boðskap, sem hæstv. menntmrh. hafði að flytja um viðhorf sitt til menningar- og menntamálanna og skólamálanna sérstaklega, og því verði almennt fagnað, að á þeim málum er tekið jafntraustum tökum og fram kom í ræðu ráðh. Ég held, að almenningur telji sízt vanþörf skeleggrar forustu þessara mála. Víða er mikilla umbóta þörf, og hefur menntmrh. þegar beitt sér fyrir mikilvægum lagfæringum varðandi skólakerfið, eins og hann vék að, og mun m. a. leggja till. um þær fyrir þetta þing í lagafrv.

Ég tel raunar, að vantrauststillagan hafi verið útrætt mál þegar eftir ræðu menntmrh., og það vakti sérstaka athygli, að þegar fyrsti flm. talaði á eftir menntmrh., þá hafði hann í raun og veru ekkert, varla nokkurt orð, að segja um þær röksemdir og þær varnir, sem hæstv. menntmrh. hafði fram flutt Mun Þjóðvfl. af öllum þessum málatilbúningi uppskera lítinn sóma, og fer þá eins og til var stofnað.

Einstökum ásökunum um tiltekin embættisverk menntmrh. hefur hann öllum svarað lið fyrir lið. Enginn fótur er fyrir því, að ráðh. hafi í minnsta máta misbeitt ráðherravaldi sínu. Ákvarðanir sínar um örfáar umdeildar embættisveitingar, einar fjórar af á fjórða hundrað, hefur ráðh. rökstutt til hlítar og þar á meðal með ótvíræðum og sterkum dómum annarra og hlutlausra aðila um hæfni þeirra, sem embættin voru veitt.

Að öðru leyti hafa umr. andstæðinganna hér í kvöld einkennzt af karpi um almenn stjórnmál eða önnur mál, lítt eða ekkert skyld stjórn Bjarna Benediktssonar á menntamálum þjóðarinnar. Aðalefni fyrri ræðu fyrsta flm. vantrauststillögunnar var lestur úr dagblöðum bæjarins í september- og októbermánuði. Gils Guðmundsson er kunnur að því að vera nokkuð glöggur grúskari, og honum tókst ekkert illa að taka upp þessar blaðagreinar, en það var út af fyrir sig ekki merkileg ræða. Síðari ræðan var, eins og ég sagði, ekkert, engar athugasemdir um málsvörn ráðherrans, og má veita því sérstaka athygli. Aðrir ræðumenn hafa lítið vikið að efni þessarar till. Aðalræðumaður kommúnistaflokksins sagðist ekki líta á till. sem vantraust á menntmrh., heldur á stjórnina, ræddi svo í sínu máli fyrst og fremst um varnarmálin, kyrrstöðuna í atvinnulífi þjóðarinnar, sem hann sagði alls staðar vera yfirvofandi. Átakanlegastur var þó kafli ræðumannsins um hið geigvænlega síldarleysi fyrir norðan. Sennilega hefur þetta verið óvart, að vekja einmitt athygli á erfiðleikum síldarleysisins, því að væntanlega ætlast ekki þessi hv. þm. eða aðrir þm. kommúnistafl. til þess, að hlustendur álíti, að síldarleysið sé skipulagt af ríkisstjórninni.

Það var mikið blygðunarleysi af hv. 4. landsk., Brynjólfi Bjarnasyni, að nefna alveg sérstaklega tvær stöðuveitingar, sem báðar vöktu reginhneyksli í ráðherratíð hans, þ. e. þegar veitt var skólastjórastaðan við Austurbæjarskólann og í Neskaupstað. En ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að hann segist hafa stutt sig í embættisveitingu sinni á skólastjórastöðunni við Austurbæjarbarnaskólann við umsagnir kennaranna og sagði orðrétt: „sem töldu engan annan koma til greina“ en kommúnistann, sem veitt var staðan.

Ég bið hv. þm. og hlustendur að taka eftir

þessu. Hversu mikið mark er nú takandi á umsögnum manna, sem eru slíkar? Þessir menn töldu engan annan koma til greina. Þó er vitað, að meðal umsækjenda var Gísli Jónasson, hinn ágætasti skólamaður, sem verið hafði yfirkennari um langan tíma og gegnir nú með mestu prýði skólastjórastarfi hér við Langholtsskólann. Þetta sannar vissulega, hversu ráðherra þarf að dæma sjálfstætt um umsagnir þeirra, sem í það og það skiptið mæla með hinum einstöku mönnum, sem um stöðurnar sækja.

Varðandi það, að hv. 4. landsk. kvartaði undan því, að kommúnistar væru settir hjá við stöðuveitingar, þá langar mig til að nota tækifærið til að segja mína persónulegu skoðun á því, að þeir, sem setja þjónustu sína við pólitíska stefnu ofar skyldunni við opinbera trúnaðarstöðu, og það gera allir flokksbundnir kommúnistar, eiga ekkert erindi í trúnaðarstarfið, og það á að varast að veita þeim það.

Þm. talaði af mikilli skinhelgi og þóttist hafa verið ákaflega réttlátur í öllum embættaveitingum sínum, þó að vitað sé t. d., að þessi þm. reyndi, meðan hann var ráðherra, að troða kommúnistum alls staðar í skólanefndarformennsku, hversu lélegir sem þeir voru, og vakti það hneyksli í sýslum og hreppum landsins.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, talaði mikið um ýmsar almennar greinar stjórnmálanna, og get ég ekki eytt tímanum í kvöld til að víkja að því, en um íbúðabyggingarnar, sem hann vék að í báðum ræðum sínum, vil ég segja þetta. Hann kvartaði undan lánsfjárskortinum og ásakaði ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki bætt úr honum. Það er vitað, að það er á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar að ráða fram úr þeim vandamálum til frambúðar. Að því hefur verið unnið af hálfu hæstv. ríkisstj., og það standa vonir til, að á þessu þingi verði einmitt í fyrsta skipti lagðar fram till., sem vænta má að einhverjar varanlegar úrbætur felist í í þessu máli.

Þegar hv. þm. sagði, að menn þyrftu nú að búa við byggingarefnisskort í landinu, þá er furða, að menn skuli segja annað eins í þingsölunum, þegar vitað er, að innflutningur byggingarefnis til landsins hefur aldrei verið meiri en á þessu ári og byggingar aldrei meiri. Ég hygg, að það muni vera um 1000 íbúðir í byggingu í Reykjavík og um 1400 í Reykjavík og nágrenni, og er það kannske nærri helmingi meira en mest hefur verið á undanförnum árum.

Hitt er svo annað mál, að þegar fyrsta stjórn Alþfl., undir forsæti formanns Alþfl., tók við völdum hér á árunum, þá var í raun og veru gerð tilraun til að banna að byggja með þeim ströngu fjárfestingartakmörkunum, sem þá voru settar á í þjóðfélaginu. Þessum manni ferst því allra sízt að tala um þessi mál, en vegna þess, hvað þau eru viðurhlutamikil og snerta marga, þótti mér rétt að víkja nánar að þeim.

Ég vil segja um ræðu formanns Framsfl., hv. þm. Str., að hún var mikil traustsyfirlýsing fyrir Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn. Hann líkti þeim við hina gömlu Rómverja, en hjá þeim er að finna eitt merkasta stjórnartímabil í fornöldinni, og mega sjálfstæðismenn vel við una þá samlíkingu.

Það var mikil blekking í samanburðinum á kosningatölum fyrr og nú hjá hv. þm. Hann vitnaði í hundraðstölu sjálfstæðismanna við síðustu kosningar og taldi hana minni en áður. Það er vitað, að það var gerð tilraun í síðustu kosningum til þess að sundra röðum sjálfstæðismanna, og það kemur fram í hundraðstölunni, en þessi tilraun til sundrunar er nú, eins og allir vita, úr sögunni.

Annars gaf hv. form. Framsfl. ýmsar afar merkilegar yfirlýsingar, sem ekki er tími til að ræða hér nú, en verður munað eftir. Og fyrir bændur landsins hlýtur ræða formanns Framsfl. að vekja mikla furðu. Framsfl. telur sig fyrst og fremst bændaflokk. Formaðurinn telur það svo bezta úrræðið að biðla til allra annarra flokka um samstarf en Sjálfstfl., sem hefur þó engu minna bændafylgi en Framsfl. og er og hefur ævinlega verið hinn ótrauðasti málsvari bænda. Ég hygg, að bændum landsins muni áreiðanlega verða slíkar yfirlýsingar nokkurt umhugsunarefni í nótt og kannske næstu nætur og e. t. v. lengur, ef formaður Framsfl. óskar eftir.

Það var svo broslegt að öðru leyti að heyra það, að form. Framsfl., sem er nú af flestum með réttu talinn mesti íhaldsflokkur þessa lands, skyldi eyða miklu af ræðutíma sínum í að flytja bölbænir um íhaldið.

En ánægjulegust var þó spá formanns Framsfl. um úrslit næstu kosninga. En þar sagði hann orðrétt, að andstæðingar Sjálfstfl. gætu ekki unnið á, þeir gætu ekki unnið á, nema þeir stæðu allir saman. Og ég veit, að hv. hlustendur fara nokkuð nærri um það, eftir umræðurnar hér í kvöld, hversu vel þeim gengur að standa saman.

Því er ekki hægt að neita, að umr., þó að þær beinlínis hafi ekki snúizt um feril núverandi hæstv. menntmrh., hafa samt snúizt allverulega um Bjarna Benediktsson. Hann hefur nú í nær 8 ár átt sæti í ríkisstjórn Íslands. Í stjórnartíð sinni hefur hann veitt forstöðu hinum veigamestu ráðuneytum, utanrrn., dómsmrn. og nú menntmrn. Löngu áður en Bjarni Benediktsson varð utanrrh. og tók þannig við forustu þeirra mála, mun enginn annar Íslendingur hafa haft meiri áhrif á framkvæmd og mótun þeirra mála, enda jafnan kvaddur til ráðuneytis, þegar mestan vanda ber að höndum. Vita þeir það bezt, sem áður höfðu forustu málanna í ráðherrastóli, og þori ég ótrauður að skírskota í þessu efni til tveggja form. andstæðra stjórnmálaflokka, Hermanns Jónassonar, form. Framsfl., og Stefáns Jóh. Stefánssonar, fyrrverandi form. Alþfl., sem báðir eiga hlut að máli.

Í síðasta áfanga sjálfstæðisbaráttu íslenzku þjóðarinnar var Bjarni Benediktsson í fremstu víglínu, og tel ég á engan hallað, þótt sagt sé, að enginn einn hafi lagt drýgri skerf að málum við endurreisn lýðveldis á Íslandi. Á fyrstu árum lýðveldisins féll það í skaut form. Sjálfstfl., Ólafs Thors forsrh., og Bjarna Benediktssonar

að veita utanríkismálunum forstöðu sem utanrrh. Þá voru tímar gerbyltinga og umróts í lok geigvænlegrar heimsstyrjaldar og margvíslegur vandi búinn hinni minnstu þjóð, ekki sízt eftir að hið kalda stríð kommúnismans og stríðsógnir hans einkenndu samskipti þjóðanna.

Það var alltaf flokkur manna, sem vantreysti Bjarna Benediktssyni sem utanrrh., en hverjir voru það? Það voru fulltrúar þeirra afla, sem grafa undan íslenzkri þjóðmenningu og sjálfstæði, kommúnistarnir, fulltrúar upplausnaraflanna í þjóðlífinu, — þeir, sem ekki treystu Bjarna Benediktssyni til að bregðast hinum íslenzka málstað og láta stjórnast í viðkvæmustu málum þjóðarinnar að fyrirlagi erlendrar stefnu.

Segja má, að af ekki ólíkum toga sé vantraust það spunnið, sem nú er hér til umr. Ég hygg, að hvorugur þm. Þjóðvfl., Gils Guðmundsson eða Bergur Sigurbjörnsson, sem vantrauststillöguna flytja, vantreysti því, að Bjarni Benediktsson sé einmitt fyrir flestra hluta sakir sérlega hæfur maður til þess að veita menntamálum þjóðarinnar forustu. En þeir treysta hins vegar því, að enda þótt svo sé, megi samt takast að koma illu til leiðar, vegna þess að allmikið hafa verið skiptar skoðanir manna um einar fjórar embættaveitingar ráðherrans af á fjórða hundrað kennarastöðum, sem hann hefur veitt á þessu hausti. Þetta er meira en hæpinn grundvöllur til vantrausts af hálfu þeirra, sem sjálfir telja sig vera að boða nýtt siðgæði í opinberu lífi. Og hún verður nokkuð væmin, skinhelgi Gils Guðmundssonar, um siðgæði þeirra þjóðvarnarmanna, þegar slíkt er haft í huga.

Eðli málsins samkvæmt ráða hin ólíkustu persónulegu sjónarmið, kunningsskapur og tilfinningar manna almennt afstöðu þeirra til þess, hver hreppa eigi stöðu eða embætti, sem margir sækja um.

Varðandi aðstöðu ráðherrans vil ég árétta það, sem fram hefur komið í þessum umr. og ekki verður um deilt. Hann hefur vald til þess að veita embætti. Tillögurétt hafa aðrir aðilar, eða umsagnarrétt um þá, sem sækja. Ráðherranum er ekki aðeins heimilt að fylgja ekki umsögn annarra, honum er líka skylt að gera sér sjálfstæða grein fyrir, að hve miklu leyti sé réttmætt að láta umsagnir annarra ráða ákvörðun ráðherrans um embættisveitinguna.

Ég bið hv. þm. og virðulega hlustendur að veita athygli, að mönnum skilst betur þessi síðasti þáttur málsins, þegar tekið er ákveðið dæmi. Við veitingu skólastjórastöðunnar í Hafnarfirði er umsögn námsstjóra á þá leið, að hann mælir með öðrum af tveim umsækjendum sem fyrsta manni, af því að hann hefur starfað á námsstjórnarsvæði hans og hann þekkir þess vegna til starfa hans af eigin reynslu. Hinn setur hann í annað sæti vegna lofsamlegra afspurna af störfum hans sem kennara á Akureyri og skólastjóra í Hrísey. Hér orkar ekki tvímælis, að ráðh. ber embættisskylda til að afla sér frekari vitneskju um annan umsækjandann, þar sem eigin reynslu og þekkingu námsstjórans á manninum þraut. Þetta gerir ráðherrann og fær þá hin beztu meðmæli hins ágætasta skólamanns, sem einmitt hafði verið námsstjóri fyrir norðan, Snorra Sigfússonar, og þekkti þannig af eigin raun þann umsækjanda, sem hinn námsstjórinn þekkti ekki. Fyrir þessu gerði hæstv. menntmrh. grein í sinni ræðu.

Eins og ég sagði áður, geta menn úr öllum flokkum af ýmsum ástæðum haft mismunandi skoðanir á því, hver hér skyldi hreppa stöðuna. En enginn maður úr neinum flokki getur með minnsta rétti haldið því fram, að menntmrh. hafi misbeitt veitingarvaldinu.

Hæstv. menntmrh. hefur ekki afsakað sig með gerðum annarra. Ásakanir þm. Þjóðvfl., Gils Guðmundssonar og Bergs Sigurbjörnssonar, um þetta eru algerlega út í hött, og var auðséð, að þessa kafla úr ræðum þeirra hafa þeir samið, áður en þeir heyrðu ræðu hæstv. ráðh. Ráðherrann hefur afdráttarlaust rökstutt sínar gerðir, en hann hefur jafnhliða bent á, að allar hinar fjórar umdeildu stöður hafa fyrirrennarar hans í ráðherrastóli áður veitt með minni stuðningi af umsögnum þeirra, sem tillögurétt höfðu, en hann sjálfur. En á engan hátt gerði hann tilraun til þess að afsaka sjálfan sig með því, heldur færði glögg rök fyrir því, vegna hvers hann hefði tekið þá afstöðu, sem hann tók.

Mér þykir mjög sennilegt, að meðráðherrar Bjarna Benediktssonar vildu gjarnan kjósa sér hlutskipti hans í þessum umr. Alls staðar sjá andstæðingarnir Bjarna Benediktsson, eins og fram hefur komið í umr. Bjarni hefur alla tauma íslenzkra stjórnmála í sinni hendi, segja þeir. Bjarni réð mestu um myndun núverandi ríkisstjórnar. Bjarni er áhrifamestur um stefnuna í utanríkismálunum. Bjarni lét framsóknarmenn beygja sig undir dómsmálastjórn sína, og myndin af Bjarna er mynd ríkisstjórnarinnar, og svona mætti lengi telja. Hæstv. menntmrh. hefur ekki aðeins borið af sér sakir, heldur hafa umræðurnar í kvöld óhjákvæmilega beint sjónum almennings að stjórnsemi þessa ráðherra á sviði skólamálanna og þeirri mótuðu stefnu, sem hann hefur markað í menningarmálunum.

Ráðherrann ræddi ýtarlega um skólakerfið og annmarka þess, sem þyrfti að lagfæra.

Hann gerði grein fyrir því, að hann hefði undirbúið víðtæka löggjöf um fjármál skólanna, sem mikill glundroði hefur ríkt um. Hann ræddi um nauðsyn þess að umbæta námsskrá skólanna með það fyrir augum að draga úr ítroðslunni, er skapar námsleiða, en fer á snið við raunhæfan, nauðsynlegan lærdóm og þroska. Ráðherrann lagði áherzlu á, að frjálslyndi og frelsi fengi að njóta sín í listum og æðri menningu þjóðarinnar.

Ég leyfi mér að lokum að árétta þann almenna boðskap, sem hæstv. menntmrh. flutti, að byggja skólafræðsluna á hinni fornu menningu okkar Íslendinga, þekkingunni á íslenzkum fræðum og kristinni trú. Ég þykist þess fullviss, að allur þorri manna, sem á börn og unglinga í skólum landsins, muni taka undir þessi orð menntmrh.:

„Við verðum að setja gróður og vöxt í stað eitrunar og eyðileggingar, uppbyggingu í stað niðurrifs. Við verðum að sjá um, að skólarnir geri sitt til, að sem flestir unglinganna verði nýtir menn, með því að kenna þeim frá barnæsku það, er íslenzku þjóðinni hefur reynzt bezt, okkar fornu tungu og bókmenntir ásamt kristinni trú. Við verðum að sannfæra alla æskumenn um, að engum nýtum manni er ofaukið í íslenzku þjóðfélagi.“

Þetta voru orð hæstv. menntmrh., og mér þykir jafnlíklegt, að hv. þm. muni sama sinnis, eins og ég geri ráð fyrir, að almenningur sé, og taki undir þessa almennu stefnu, og því verði örugglega felld sú vantrauststillaga, sem nú hefur verið hér rædd.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Góðir hlustendur nær og fjær. Ég ætla ekki að fara að spilla í neinu þeirri glansmynd, sem hv. síðasti ræðumaður brá upp af hæstv. menntmrh. og dómsmrh. Hún var að vísu geysi-glæsileg, en það er ekki neinn tími til þess að fara að rökræða það nú að öðru leyti. Því mun ég láta það eiga sig.

Þessum útvarpsumræðum um tillögu þeirra þm. Þjóðvfl., sem lýsa vantrausti á hæstv. menntmrh., er nú að verða lokið. Ég hef skamman tíma og mun aðeins segja fá orð. En ég hygg, að með framlagningu þessarar vantrauststillögu hafi verið slegið met hér á hinu háa Alþ. bæði fyrr og síðar í því, hve lágkúruleg og vesöl till. er og hve allur málflutningur flm. er aumur. Þessu hefur að vísu verið lýst áður í þessum umr., og hefur flm. að vonum orðið þungt um svör. Ég verð að segja það, að brtt. hv. 4. þm. Reykv., Haralds Guðmundssonar, um vantraust á alla ríkisstjórnina er þó að mínum dómi ólíkt karlmannlegri og um leið eðlilegri eftir öllum venjulegum þingræðisreglum, þótt mér virtist nú, að málflutningur hv. þm. væri óvenjulega aumur, eftir því sem þessum hv. þm. vanalega segist, þegar hann flytur ræðu. Einkum er það einkennilegt fyrir okkur, sem vorum á Alþ. 1950 og tókum þá þátt í meðferð mála, þegar gengi hinnar íslenzku krónu var lækkað, að heyra hv. 4. þm. Reykv. lýsa því nú yfir, hve ógurleg bölvun sú ráðstöfun hafi orðið íslenzkum atvinnuvegum og íslenzka þjóðfélaginu yfirleitt. En hvað var það, sem þá gerðist? Það var það, að þá brast Alþfl. þor til þess að standa með öðrum lýðræðisflokkum að þeirri ráðstöfun, sem ein gat bjargað þjóðinni frá ógurlegum hörmungum, stöðvun útflutningsatvinnuveganna og stórkostlegra atvinnuleysi en nokkru sinni hafði þekkzt áður. Það var þetta sem gert var á Alþ. 1950. En ég skil hitt vel, að form. Alþfl. sviði það, að þá skyldi honum og flokknum skjöplast jafnhrapallega og þá varð um það að taka ekki þátt í þeim viðreisnartillögum, sem þá voru hafnar. Það, sem gerðist, var, að Alþfl. missti þá af strætisvagninum, eins og því miður hefur allt of oft hent þann flokk bæði fyrr og síðar. Ég gleðst ekki yfir því, síður en svo, en þetta eru því miður staðreyndir.

Þá sný ég mér aftur að till. þeirra hv. þjóðvarnarmanna. Það er hér borið fram vantraust á hæstv. menntmrh. einan, þ.e. meðferð hæstv. ráðh. á menntamálunum. Nú fer, eins og allir vita, sami ráðh. með mörg önnur mál, þ. á m. dómsmál. Það er því aðeins hálft starf eins ráðh., sem vantrausti er beint gegn. Þar sem 6 menn eru í ríkisstjórninni, má því telja, að vantrauststill. sú, er hér er til meðferðar, taki til 1/12 hluta af störfum ráðherranna. Einhvers staðar segir: „Fjallið tók jóðsótt, og fæddist mús“, og má með sönnu segja um þessa vantrauststill. þeirra þjóðvarnarmanna, að svo hafi farið. Þeir hafa í blaði sínu, á fundum víðs vegar um land og hér á Alþingi borið ríkisstjórnina sökum og leitazt við að ata hana auri fyrir allt, sem hún hefur gert. En svo þegar þeir þykjast vera að prófa það, hvort stjórnin hafi traust meiri hluta Alþingis, þá treysta þeir sér ekki til þess að bera fram rökstuddar ásakanir nema á helming af störfum eins ráðh. Ég efast um, að stjórnarandstöðuflokkur hafi nokkru sinni veitt nokkurri ríkisstjórn óbeint jafnmikið traust og hér hefur verið gert með þessari sýndartill., og það breytir engu í þessu efni, þótt þeir þjóðvarnarmenn og aðrir stjórnarandstæðingar hafi nú í þessum umr. leitazt við af veikum mætti að færa umr. yfir á víðara svið stjórnmálanna og á þann hátt leitazt við að hylja hvatvísi sína og klaufsku um meðferð málsins. Það gerðu flutningsmenn vantraustsins, þegar þeim varð ljóst, hve algerlega þeir hefðu króað sjálfa sig inni með þessari sýndarvantrauststill. og að í till. fælist raunverulegt traust á alla meginstjórnarstefnu núverandi ríkisstj., hvort sem um ræðir fjármál, atvinnumál, utanríkismál eða annað. Ríkisstj. sem heild má því sannarlega vel við una þann dóm, sem hv. stjórnarandstæðingar veita henni með þessu. Framsfl. lítur á tilvist þessarar vantrauststill. sem hlægilegan skrípaleik, enda hefur málsmeðferðin af hálfu flm. staðfest, svo að ekki verður um deilt, að svo er.

Hér hefur verið gert nokkuð að því að vitna í greinar í Tímanum, þar sem fundið er með rökum að nokkrum stöðuveitingum hæstv. menntmrh. Telja flm. vantraustsins þetta sönnun þess, að stjórnarrof hljóti að verða milli núverandi stjórnarflokka af þessum ástæðum. Ég veit ekki, hvort meira skal undrast fljótfærni þá, er lýsir sér í þessu, eða hvort það ber með sér, að þeir, sem þannig hugsa, eru algerlega horfnir frá réttum lýðræðisreglum. Ég vil leyfa mér að spyrja: Til hvers er skoðanafrelsi og prentfrelsi? Það mun ekki veita af að hlýða þeim hv. þm. Þjóðvfl. lítillega yfir um þetta efni. Að vísu mun það nú vonlítið og jafnvel vonlaust að reyna það, svo hafa þeir skipað sér þétt upp að kommúnistum og orðið gegnsýrðir af einræðis- og ofbeldiskenningum þeirra, og þeir, sem í því andrúmslofti hrærast, geta að sjálfsögðu ekki skilið það, að blöð séu frjáls og fái að túlka skoðanir sínar frjálst og óvægt, óháð því, sem ríkisstj. eða einstakir meðlimir hennar kunna að óska eftir. Það er þessi ofbeldishneigð í skoðunum, sem hraðbyri er að flytja foringja Þjóðvarnar beint í flat-

sæng kommúnismans. Málsmeðferð þeirra hér í kvöld hefur sýnt þetta áþreifanlega. Þetta er þjóðinni einnig að verða æ ljósara, og þess vegna hrynur fylgið nú af Þjóðvörn og kommúnistum. En hitt er svo aftur á móti allt annað mál og er óskylt þessu, að þegar fleiri flokkar mynda stjórn saman og hver ráðh. fer með sitt ráðuneyti og þau mál, er undir það heyra, þá hlýtur alltaf svo að fara, að ýmsar ráðstafanir og ákvarðanir einstakra ráðherra falli samráðherrum hans, a. m. k. sumum þeirra, ekki í geð. Mörg slík atvik hljóta að koma fyrir í hverri ríkisstj., sérstaklega auðvitað þar sem er um samstjórn fleiri flokka að ræða. Ef slíkt ætti í hvert sinn að valda stjórnarslitum, mundi aldrei fást vinnufriður til þess að vinna að meginverkefnum þeim, sem hver ríkisstjórn verður að fást við.

Margur slíkur ágreiningur hefur að sjálfsögðu komið fyrir hjá núverandi ríkisstj. og það á báða bóga, og ég get vel lýst því hér yfir, að ég er ekki ánægður eða samþykkur öllum ákvörðunum hæstv. menntmrh., enda væri það mjög ótrúlegt, að svo gæti verið um öll atriði. Hver ráðh. verður að sjálfsögðu að þola réttmæta gagnrýni gerða sinna, og í því er einmitt styrkur lýðræðis fólginn, styrkur þess lýðræðis, er byggir á félagafrelsi, prentfrelsi og almennu skoðanafrelsi. En einræðisflokkar, hverrar tegundar sem eru, geta að sjálfsögðu ekki skilið þetta eða vilja a. m. k. ekki skilja það, og það mega þjóðvarnarmenn vita, að það er ofmat á því, hverju þeir geti komið til leiðar, ef þeim dettur í hug, að þeir geti sagt Framsfl. fyrir verkum, ef þeir álíta, að þeir geti haft nokkur áhrif á það, hve lengi Framsfl. skipar stjórn með Sjálfstfl. Þá ákvörðun munum við framsóknarmenn sjálfir taka og það út frá allt öðrum hvötum en vakir fyrir þjóðvarnarmönnum, en þeirra meginhugamál er, eins og allir vita, að sundra og skapa sem mestan glundroða og hindra á þann hátt, að starfhæf ríkisstj. sé við stýrið.

Framsfl. gekk til samstarfs við Sjálfstfl. fyrir rúmu ári. Hann gerði það til þess að koma fram ýmsum mjög mikilsverðum áhuga- og hagsmunamálum fyrir þjóðarheildina. Vil ég þar nefna mál eins og raforkumálin, um rafvæðingu allra byggðarlaga landsins, að svo miklu leyti sem unnt er að framkvæma það, íbúðamál þéttbýlisins, að koma þeim málum í viðunandi horf, endurskoðun og umbætur á skattalöggjöfinni, greiða fyrir rekstrarlánum, koma á stofn áburðarverksmiðju og margt fleira. Það eru þessi verkefni, sem ríkisstj. fæst nú við og ætlar að leysa, en er vitanlega komin misjafnlega langt áleiðis til að ná því marki. En meðan áfram miðar með þessi og mörg önnur þjóðþrifamál, sem að er unnið, þá mun Framsfl. starfa áfram í núverandi ríkisstj. og telur sig á þann hátt þjóna þjóðinni bezt. Hvort það verður lengri eða skemmri tími, sem það stjórnarsamstarf varir, um það er ekki unnt að segja nú, en Framsfl. hefur ávallt látið málefnin ráða í þessum efnum, og svo mun hann enn gera.

Eitt er eftirtektarvert og þess eðlis, að hlustendur veiti því athygli. Hverjir eru það, sem mest torvelda eðlilegt stjórnarsamstarf á þann hátt að dreifa og sundra þeim öflum, sem ættu og þyrftu að vinna saman? Þessu er fljótsvarað. Það eru þeir, er starfa að myndun sem flestra smáflokka, sem hver um sig er algerlega máttlaus og áhrifalaus til nokkurra góðra hluta og getur ekkert annað en sundrað og dreift kröftunum.

Þjóðvfl. er eitt gleggsta dæmið um þetta. Hann er málefnalaus með öllu, eins og reynslan hefur glögglega leitt í ljós. Þau tvö ár, sem hann hefur starfað, er hið eina mál, sem hann hefur þótzt hafa á stefnuskrá sinni, varnarmálin og sambandið við varnarliðið hér á landi. Þetta mál hefur nú verið frá honum tekið — og hvers vegna? Vegna þess, hve skelegglega hefur verið á þeim málum haldið af hæstv. utanrrh. og núverandi ríkisstj. Þjóðvfl. stendur því nú uppi málefnalaus með öllu, enda yfirgefa fyrri fylgjendur hans hið sökkvandi fley sem hraðast, en afgangurinn mun leita heim til föðurhúsanna, þ. e. í faðm kommúnistanna. En hitt munu fáir telja eftir þeim þjóðvarnarmönnum, þótt þeir nú í raunum sínum gamni sér við að bera fram vantraust á hálfan ráðh. í núverandi ríkisstjórn.

Nú mun komið að leikslokum, ræðutími minn á þrotum, og þar með verður þessum útvarpsumr. lokið. Ég vil þó aðeins leyfa mér að taka þetta fram: Ég vil beina því til hlustenda, og ég vona, að þeir séu sem flestir um allt land, að kynna sér sem allra bezt stefnu og málflutning stjórnmálaflokkanna, ekki einungis í þessum umr. hér í kvöld, þótt það út af fyrir sig geti verið mjög lærdómsríkt, heldur eins og þetta kemur yfirleitt fram í blöðum, á stjórnmálafundum og á Alþingi.

Ég hef áður nefnt það, að Framsfl. hafi allt frá upphafi haft að leiðarmerki að láta málefnin ráða. Honum einum stjórnmálaflokkanna íslenzku má treysta að fullu til þess að vera sverð og skjöldur hins sanna lýðræðis. Framsfl. byggir á úrræðum hins frjálsa félagsskapar almennings. Grundvallarstefna flokksins er samvinnan, hin frjálsu félagasamtök, eins og þau hafa þróazt hérlendis nú meira en í heila öld. Nefni ég þar fyrst og fremst samvinnnufélög, búnaðarfélög og margvíslegan annan frjálsan félagsskap. Það er sá grundvöllur, er Framsfl. reisir starf sitt á, enda er það þessi frjálsi félagsskapur, sem þróazt hefur og starfað undir samvinnumerki, sem mest og bezt hefur lyft þjóð vorri úr örbirgð og kyrrstöðu og til þeirra framfara og almennu velmegunar, sem nú er hér yfirleitt.

Ég vil svo segja þetta: Hugleiðið það, að saga Framsfl. og barátta hans hefur verið og er í anda þessara félagssamtaka. Um sambandið þar í milli er svipað að ræða og þegar hönd styður fót og fótur hönd. Þess vegna er saga Framsfl. einnig saga mesta framfaratímabils íslenzku þjóðarinnar, og þess vegna á flokkurinn að njóta trausts þjóðarinnar umfram aðra flokka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 5. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 123 felld með 37:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG, BergS.

nei: EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, KS, JörB.

1 þm. (FRV) fjarstaddur.

Till. felld með 37:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG.

nei: StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, KS, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, JörB.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Eitt af okkar góðskáldum segir, að „ást sé fædd og alin blind". Þegar yfirsjónir eru gerðar vegna ofurástar á einhverju — málefnum, mönnum, flokkum — þá vil ég fyrirgefa þær. Þess vegna er ég ekki með tillögunni og segi nei.

Þingsályktunartillaga afgreidd með rökstuddri dagskrá

Minning Jóns Þorkelssonar skólameistara.

Á deildafundum 18. febr. var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um minningu Jóns Þorkelssonar skólameistara* [154. mál] (A. 370).

Á 38. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar M. Magnúss): Herra forseti. Ég hef flutt till. til þál. um minningu Jóns Þorkelssonar skólameistara. Er þar gert ráð fyrir, að Alþ. kjósi fimm manna nefnd, einn mann frá hverjum þingflokki, til þess að gera till. um, á hvern hátt Jóns Þorkelssonar, „föður íslenzkrar alþýðufræðslu", verði maklegast og virðulegast minnzt á 200. ártíð hans að 4 árum liðnum, 5. maí 1959.

Ég hygg, að segja megi með réttu, að það sé ekki vonum fyrr, að fram komi hér á Alþ. till. um, að eitthvað markvisst sé gert til þess að heiðra minningu þessa mæta manns. „Faðir íslenzkrar alþýðufræðslu", það eru orðin, sem þjóðin hefur tengt við nafn hans. „Faðir Reykjavíkur" er heiti, sem annar ágætur maður hefur hlotið. „Listaskáldið góða" er einkunn, sem allir þekkja, hverjum hlotnazt hefur. Bak við slíkar nafngiftir er mikil saga, þótt hún sé orðfá. Hún segir þó, að slíkir menn hafi gefið þjóðinni meira en orð fá lýst.

Jón Þorkelsson, faðir íslenzkrar alþýðufræðslu, hefur í tvennum skilningi rennt stoðum undir alþýðumenninguna og alla menningu þjóðarinnar.

Skömmu fyrir dauða sinn arfleiddi hann fátæk og munaðarlaus börn í Kjalarnesþingi að öllum eigum sínum, löndum og lausum aurum. Er það hin stærsta gjöf, sem enn hefur verið gefin börnum á Íslandi. Af því fé er Thorkilliissjóðurinn stofnaður. Að hinu leytinu varði hann öllu lífi sínu til þess að lyfta þjóðinni úr hnipri fáfræði og skuggum umkomuleysis upp í birtu þekkingar og menningar.

Jón Þorkelsson var Suðurnesjamaður, fæddur 1697 í Innri-Njarðvík. Úr Skálholtsskóla brautskráðist hann 18 ára, efstur í skólanum. Vakti hinn gáfaði piltur mikla athygli, hvar sem hann fór, og virtist honum opin leið til lærdóms og frama. Tvítugur að aldri settist hann í Kaupmannahafnarháskóla og las síðan eitt ár við háskólann í Kiel. Eftir 10 ára dvöl erlendis var hann orðinn einn mesti lærdómsmaður þjóðarinnar og talinn hið mesta latínuskáld hennar. Hann hafði lagt stund á margs konar fræði, málfræði, guðfræði, mælskufræði, stærðfræði, grasafræði, læknisfræði og þjóðréttarvísindi. Hann ritaði um landafræði Íslands í erlend landfræðirit og leiðrétti þar með rangherni ýmissa erlendra höfunda um land og þjóð. Segir Þorvaldur Thoroddsen, að Jón hafi hrakið margar skröksögur eldri höfunda og eigi fyrir það þakkir skilið. Þá var skoðun Jóns á þjóðréttarstöðu landsins hin markverðasta, því að hann hélt því fram, að „landið lúti konungi alleina". Jóni Sigurðssyni þótti lífsstarf Jóns Þorkelssonar hið markverðasta og skoðanir hans og tillögur hinar athyglisverðustu.

Jón Þorkelsson varð skólameistari í Skálholti 1728 og þjónaði því embætti í 9 ár af dugnaði og alúð og „röggsemi í lærdómi og lifnaði". Hann ferðaðist ásamt Lúðvík Harboe, síðar Sjálandsbiskupi, um landið árin 1741—45 til þess að rannsaka menntunarástand landsmanna. Var þá prófuð lestrarkunnátta í öllum sveitum landsins. Eftir rannsókn þeirra voru að undirlagi Jóns gefnar út margar og merkar tilskipanir til þess að bæta úr hinu bágborna menningarástandi, sem var í flestum héruðum.

Þrjú dæmi skulu nefnd frá þessari rannsókn. Í fjölmennasta söfnuði á Íslandi, Gaulverjabæ og Stokkseyri, voru 970 manns, þar af var 721 ólæs, en aðeins 249 læsir. Í þeirri sókn, sem Reykjavík er í og hefur verið í, þ. e. Vík á Seltjarnarnesi, Nes og Laugarnes, voru 484 manns, þar af voru 333 ólæsir, en 151 læs. Í Hrunasókn var ástandið einna verst, þar voru 205 manns og 180 ólæsir af þeim.

Svo bar til, að biskupslaust var bæði á Hólum og í Skálholti um þær mundir, er Jón Þorkelsson og Harboe ferðuðust hér um. Þeir réðu því, hverjir voru settir á biskupsstólana. Og það sýnir mjög áhuga þeirra fyrir uppfræðslunni, að í Skálholti varð biskup Ólafur Gíslason, maður ekki háskólagenginn, en naut þess, að hann hafði sýnt áhuga fyrir uppfræðslu barna í söfnuðum sínum. Þá voru gefnar út tilskipanir um fermingu og kristindómsfræðslu 1744, Ponti-lærdómskverið prentað í fyrsta sinn, ný tilskipan um húsvitjanir presta 1746, og 1745, síðasta rannsóknarár þeirra, er stofnaður fyrsti barnaskóli á Íslandi, í Vestmannaeyjum.

Jón Þorkelsson gerði skrá yfir umbótatillögur sínar. Hann taldi nauðsynlegt, að stofnaðir yrðu opinberir barnaskólar. Hann bar fram till. um afnám brennivíns og „hegning fyrir vanbrúkun þess og fyrir ofdrykkju". Hann setti fram hugmyndina um háskóla hér á landi, þar eð hann lagði til, að stofnaður yrði framhaldsskóli fyrir embættismannaefni landsins. Hafði hann Hítardal í huga sem stað fyrir prestaskóla og framhaldsskóla fyrir stúdenta. Hann átti upptökin að hugmyndinni um landlæknisembættið, um drykkjumannahæli, um styrk til stúdenta til háskólanáms, um tvo vígslubiskupa í landinu, til þess að biskupsefni þyrfti ekki að fara utan til vígslu.

Þá skal ég með nokkrum orðum minnast á gjöf Jóns til alþýðumenningarinnar, Thorkilliisjóðinn. Jón átti miklar eignir og gaf þær allar til uppeldismálanna. Hann átti 8 jarðir hálfar eða meira. Sjóðsstofnunin á Íslandi var afgjaldið af jörðunum. Hann átti allmikið bókasafn, og eftir hann lágu nokkur þúsund dalir á vöxtum í Kaupmannahöfn. Gjöf Jóns Þorkelssonar hleypti lífi í hugmyndina að skóla fyrir æskulýðinn. Lögðu ýmsir mætir menn skerf til málanna og tillögur í því sambandi. Má þar til nefna Magnús amtmann Gíslason, Einar Jónsson, fyrrum skólameistara, og Finn biskup Jónsson. Þá var árið 1791 stofnaður hinn markverðasti skóli, kostaður að öllu af gjöf Jóns Þorkelssonar; það var Hausastaðaskólinn á Álftanesi, heimavistarskóli fyrir börn. Sá skóli starfaði á hinum erfiðustu tímum, en var þó skært ljós í því myrkri, sem grúfði yfir fyrir og eftir aldamótin 1800. Þannig var komið málum veturinn 1804—05, að skólalaust var á Íslandi að undanteknum Hausastaðaskóla með 12 börnum í heimavist. Hólaskóli og Skálholtsskóli voru báðir lagðir niður og sameinaðir Reykjavíkurskóla, þ. e. Hólavallaskóla, en hann varð að hætta sökum margs konar niðurníðslu, og þá er það skóli Jóns Þorkelssonar, sem brúar bilið, svo að ekki er aldeyða í skólahaldi, en Bessastaðaskóli var svo stofnaður haustið eftir, 1805.

Mikill bókaskortur og pappírsskortur var í landinu á árunum 1810—16, og 1812 lagðist Hausastaðaskólinn niður eftir 21 árs starf, og var nú aftur barnaskólalaust í landinu. En 1830 kemur gjöf Jóns Þorkelssonar að notum, þegar stofnaður er fyrsti barnaskóli í Reykjavík með styrk úr Thorkilliisjóði. Það var einkaskóli. Þegar styrkurinn úr Thorkilliisjóði var tekinn af skólanum 1848, lagðist hann niður sökum fjárskorts.

Árangurinn af starfi Jóns Þorkelssonar á þessum sviðum hafði undraverð áhrif til þess að lyfta undir menningu þjóðarinnar. Tilskipanir þeirra Harboes náðu tilgangi sínum. Prestar lögðu meiri rækt við uppfræðsluna en fyrr. Biskuparnir, þeir feðgar Finnur Jónsson og Hannes, sonur hans, fylgdu tilskipununum fram af dugnaði miklum, og svo hafði lestrarkunnáttu fólks fleygt fram, að 30 árum eftir dauða Jóns Þorkelssonar mátti svo kalla, að þjóðin væri orðin allæs. Skal aðeins nefnt eitt dæmi um þetta til samanburðar við það, sem ég nefndi hér fyrr. Árið 1787 var Reykjavík, Nes og Seltjarnarnes annar fjölmennasti söfnuður landsins með um 700 manns. Þar af voru þá aðeins 40 ólæsir, en þar höfðu verið 333 ólæsir af 484 manns, sem voru í sókninni 30 árum áður.

Thorkilliisjóðurinn hefur orðið fyrir ýmsum áföllum og ekki ávaxtazt eðlilega. Árið 1770 var hann 4170 ríkisdalir og 1783 5700. Árið 1812, sama ár og Hausastaðaskólinn var lagður niður, átti sjóðurinn ytra 8878 ríkisdali, og árið 1839 var sjóðurinn alls 12360 ríkisdalir. Magnús Stephensen getur þess í „Eftirmælum 18. aldar", að sjóðurinn hafi ekki ávaxtazt eðlilega og stafi þetta af óhappi, sem „gjafarans skenkur á fyrstu árum eftir dauða hans ratáði í utanlands, hvar hann var á rentu settur". Sjóðurinn varð þó fyrir enn meira áfalli, þegar Danmerkurríki varð gjaldþrota í lok Napoleonsstyrjaldanna, enda komst hann þá niður í 68 ríkisdali. En á næstu áratugum safnaðist í hann allmikið fé, og 1839 var hann orðinn rúmlega 12300 dalir, eins og fyrr getur. Sjóðnum hefur frá 1855 verið stjórnað hér á landi.

Það er ekki ætlunin að rekja hér sögu sjóðsins, en minna má þó á, að nauðsynlegt er að athuga, hvort sjóðurinn hefur þjónað markmiði gefandans og á hvern hátt hann getur bezt gegnt sínu veglega hlutverki. Það, sem gert hefur verið til þess að minnast Jóns Þorkelssonar til þessa dags, má segja, að hann hafi kostað sjálfur. Ævisaga hans, er kom út 1909, var kostuð af Thorkilliisjóðnum. Hvað hefur svo annað verið gert til þess að minnast maklega og virðulega þessa ágæta Íslendings? Mér er ekki kunnugt um það. En hins vegar hefur nú á síðustu missirum verið nokkuð rætt og ritað um störf Jóns Þorkelssonar og talið tilhlýðilegt að minnast hans á 200. ártíð hans að 4 árum liðnum, svo sem ég hef bent á í grg. En hver hefur eða á að hafa framtak til þess að minnast föður alþýðufræðslunnar á Íslandi? Er það ekki einmitt hið virðulega Alþingi, sem engum meðal þjóðarinnar má gleyma, en öllum á að þjóna?

Í trausti þess, að hv. alþm. hafi þennan skilning, hef ég borið fram þáltill. um minningu Jóns Þorkelssonar og vænti þess, að hún fái brautargengi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 370, n. 501).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Till., sem hér liggur fyrir, fjallar um það, að Alþ. beiti sér fyrir því, að heiðruð verði minning Jón Þorkelssonar skólameistara á 200. ártíð hans, sem verður 1959. Nefndin, sem um málið fjallaði, var sammála um það, að ekki hefði verið allt of mikið gert til þess að halda á loft minningu þessa mæta manns. Að frumkvæði stjórnarnefndar landsbókasafnsins kom þó út ritverk helgað honum árið 1910. Er það ævi-

saga hans, upphaflega rituð af honum sjálfum á latínu, ýmsar ritgerðir hans og ljóðmæli, svo og skýrslur um Thorkilliisjóðinn, en svo nefnist sjóður sá, er hann gaf eigur sínar og verja á til styrktar og uppfræðslu fátækum börnum í Kjalarnesþingi. Rit þetta gáfu þeir út Jón Þorkelsson skjalavörður og Klemenz Jónsson, en Thorkilliisjóðurinn bar kostnaðinn.

Ekki mun nú rit þetta mjög vera í almennings vörzlu, og sumt er þar ekki við alþýðuhæfi, enda orti Jón skólameistari og ritaði mest á latínu.

Að riti þessu frátöldu mun fátt eitt hafa verið gert til þess að minnast þessa lærdómsmanns og brautryðjanda um alþýðufræðslu. Lítur n. svo á, að það sé fullkomlega tímabært að vekja máls á því, að einmitt við það tækifæri, sem myndast árið 1959, sé vert að heiðra minningu hans með sérstökum hætti.

Hins vegar telur n., að það geti orkað tvímælis, hvort Alþ. eigi á þessu stigi málsins að taka frumkvæði um þetta efni, og telur, að allt eins gæti vel við átt, að undirbúningur þess yrði í höndum fræðslumálastjórnarinnar og svo þeirra héraða, sem frekast hafa notið þeirrar gjafar, sem Jón Þorkelsson skólameistari lét eftir sig. Þess vegna hefur n. lagt til, að málið verði að svo stöddu afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá, með leyfi forseta:

„Í trausti þess, að fræðslumálastjórnin og byggðarlög þau, sem einkum njóta gjafar Jóns Þorkelssonar skólameistara, hafi forgöngu um að heiðra minningu hans með sérstökum hætti á 200. ártíð hans 1959, telur Alþingi, að á þessu stigi sé ekki tímabært að fá málið þingkjörinni nefnd, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Gunnar M. Magnúss: Herra forseti. Þegar ég lagði fram till. til þál. um minningu Jóns Þorkelssonar skólameistara, lagði ég til, að hv. Alþingi kysi fimm manna nefnd, einn mann frá hverjum þingflokki, til þess að gera tillögur um, á hvern hátt þessa mæta manns, „föður íslenzkrar alþýðufræðslu“, yrði maklegast og virðulegast minnzt á 200. ártíð hans.

Hv. allshn. Sþ. hefur haft málið til umræðu og sent frá sér nál., sem hér liggur fyrir, og svo sem hv. frsm. n., 9. landsk., hefur skýrt hér frá, hefur n. orðið sammála um, að heiðra beri minningu Jóns Þorkelssonar, en leggur hins vegar til, að fræðslumálastjórnin og byggðarlög þau, sem einkum nutu gjafar Jóns Þorkelssonar, hafi forgöngu um að heiðra minningu hans með sérstökum hætti á 200. ártíð hans. Með þeim skilningi, að hv. Alþingi hafi með þessu veitt málinu þann stuðning, sem tilætlun mín var með þáltill., er ég lagði fram, mun ég fallast á fram komið nál. og tel það væntanlega lausn á því, að eitthvað verði, eins og orðað er, „með sérstökum hætti“ gert til þess, að þessa mæta manns verði minnzt árið 1959.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 501 samþ. með 30 shlj. atkv.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Aðbúð fanga í Reykjavík.

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um aðbúð fanga í Reykjavík [158. mál] (A. 400).

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 56. fundi í Nd., 8. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gunnar M. Magnúss): Herra forseti. Það mun almennt viðurkennt af þeim, sem nokkuð til þekkja, að margs konar vandkvæði séu nú á meðferð fanga eða manna, sem handteknir eru af lögreglunni í Reykjavík og hafðir þar í haldi um lengri eða skemmri tíma. Alloft ber það við, að fluttar eru í blöðum frásagnir af vistarverum lögreglunnar, sem handteknum mönnum er varpað í. Og tíðum kemur fram hörð gagnrýni á framferði lögreglunnar og löggæzlumanna í sambandi við handtökur og meðferð fanga.

Till. sú til þál., sem ég hef lagt hér fram til fyrirgreiðslu hv. Nd. Alþingis, fer fram á, að skipuð verði n. til þess að rannsaka aðbúð fanga í Reykjavík. Þetta orðalag er ekki að öllu fullnægjandi samkv. þeim tveim meginrökum, sem till. er byggð á og ég skal nefna. Í fyrra lagi, svo sem hér er orðað, „að rannsaka aðbúð fanga", en að hinu leytinu að rannsaka aðbúð lögreglunnar og aðstöðu hennar til fyrrgreindra starfa og athafna.

Ég hef borið þetta mál inn í hv. Alþ. sökum þess, að ég lít svo á, að það sé ekki eingöngu mál einstaklinga og lögreglunnar í hinum ömurlegu samskiptum. Ég lít á það sem mál höfuðborgarinnar í heild og á mál höfuðborgarinnar sem þjóðmál. Tilgangurinn er sá að reyna að létta bæði lögreglunni og hinum handteknu mönnum að einhverju leyti það hlutskipti, sem þeir hafa ratað í saman.

Lögreglan býr við ýmis vandkvæði og erfiðleika og gerir sennilega margt verr en skyldi sökum óhagstæðra skilyrða. Lögreglustöð Reykjavíkur er í hjarta borgarinnar og við aðalsamgönguæðina til hafnarinnar og á milli tveggja fjölförnustu gatna borgarinnar, Austurstrætis og Hafnarstrætis. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að óheppilegri staður fyrir slíka miðstöð er ekki til í borginni. Þar er í rauninni daga og nætur opinber sýning á þeim mönnum, sem fyrir einhver óhöpp lenda í höndum lögreglunnar. Geta má nærri, hvílík óheillaáhrif það hefur á ungling, sem í fyrsta sinn verður fyrir því að vera handtekinn af lögreglunni og ekið til lögreglustöðvarinnar, tekinn þar, oft illa til reika, út úr lögreglubílnum og dreginn milli tveggja lögregluþjóna inn í stöðina í viðurvist vegfarenda, sem oft eru fjölmargir á þessum mestu umferðargötum borgarinnar. Það er ekki ósennilegt, að slík meðferð kveiki neista óvildar, þrjózku, virðingarleysis og e. t. v. haturs gegn lögreglunni. Þau eru orðin mörg smábörnin í Reykjavík, sem hafa orðið áhorfendur að slíkum sýningum og þá ef til vill í fyrsta sinn vaknað til meðvitundar um ímynd lögreglustarfsins. Og hver mun sú gróðursetning verða í huga barnsins? Með hverjum mun samúð barnsins verða við slíka sýningu? Hvort mun hún verða með þeim, sem sveigir mjóar beinapípur unglingsins á bak aftur í handjárnin, eða hinum, sem grátandi er fleygt í Steininn fyrir sína fyrstu yfirsjón, ef þá hefur verið um yfirsjón að ræða? Ég er ekki neinum vafa um svarið. Og ég hygg, að áhrif frá slíkum sýningum séu viðtækari en nokkurn grunar. Þessar sýningar á almannafæri eru einhver mestu spillingarfyrirbæri borgarinnar.

Það er staðreynd, að lögregla Reykjavíkur hefur átt í vök að verjast í almenningsálitinu, og það er illa farið. Ég hygg, að auglýsingar- og sýningarstarf það á opnum vettvangi, er ég minntist á, sé einhver veigamesta ástæðan fyrir því, að hér í borg eru svo margir andstæðir lögreglunni og bera virðingarleysi fyrir störfum hennar. En virðingarleysi, sem lögreglan finnur utan að sér, skapar aftur vissa uppherzlu og andúð í fari þeirra einstaklinga, sem fyrir því verða, og leiðir oft til mannúðarleysis og illra afleiðinga. Harka í framkomu, þjösnaskapur, yfirdrottnun og tillitslaus valdbeiting orkar jafnan mjög til hins verra, á gagnstæðan hátt við það, að allur skilningur, hógværð og mildi í samskiptum orkar með undraverðum áhrifum til heilla.

Ég fullyrði, að lögregla Reykjavíkur býr við undravert skeytingarleysi frá hálfu hins opinbera og frá hálfu borgaranna yfirleitt. Það eitt, að lögregluþjónar skuli þurfa að inna af hönd-

um hin ömurlegustu störf á opnum vettvangi, sem kalla mætti aðalsýningarsvæði borgarinnar í þessu tilliti, lamar manndóm, sljóvgar mannvirðingarkenndina gegn hverjum einstaklingi, hefur skemmandi áhrif á uppeldismálin og siðmenningu borgarbúa yfirleitt, einkum æskulýðsins. Sögur, sem í rauninni þyrftu aldrei að myndast, ganga frá manni til manns og magna andúð gegn þessu starfsliði, sem hver og einn borgari vill þó eiga að, þegar á bjátar. Það er eitthvað ömurlega öfugt í slíkum samskiptum. Þessi andúð hefur orðið svo smitandi, að undir hver áramót hefur hún geisað um bæinn eins og pest. Og á gamlárskvöld beindust árásir lýðsins með dulmögnuðum heiftarhug að lögreglustöðinni til þess að brjóta, sprengja og slasa, og sáust menn ekki fyrir, einkum unglingar. Einhver innibyrgður hefndarhugur fékk nú útrás, og lögreglan skyldi fá að súpa seyðið af verkum sínum alla hina daga ársins Og svar lögreglunnar var að verja kastalann, bæta við fleiri lögreglumönnum, vígbúast og vopnast betur gegn samborgurunum. Nauðvörn. Það mætti spyrja: Hvers vegna ekki árás á bæjarskrifstofurnar eða tollskrifstofurnar, sem seiða aurana og krónurnar úr léttum pyngjum borgaranna? Hvers vegna ekki á skólana, þar sem leiðinlegir kennarar halda unglingunum meiri hluta árs í fangelsi bókstafsþrældómsins? Hvers vegna ekki árás á skrifstofu Slysavarnarfélagsins? Hvers vegna á lögreglustöðina? Eru ekki lögregluþjónarnir oftast kallaðir fyrstir til hjálpar, þegar slys ber að höndum? Leggja þeir ekki oft líf sitt að veði við skyldustörfin?

Þegar svo hafði gengið lengi sem ég hef lýst hér fyrr, jafnvel í áratugi, að lögreglan hervæddist á gamlárskvöld gegn ósköpum fjöldans, rann upp ljós hjá forráðamönnunum og þeim hugkvæmdist einfalt ráð. Lögreglan gekk til móts við mannfjöldann, tók þátt í gleði fólksins, gekkst fyrir áramótabrennum á mörgum stöðum, veitti útvarpsmúsik gegnum hátalara í bílum sínum, mildaði hugsunarháttinn og hlaut verðskuldaðar vinsældir á svipstundu. Með þessu einfalda ráði létti hún af sér þungu fargi og breytti yfirvofandi fári í þjóðlega, hóflega skemmtun. Yfirlögregluþjónn Reykjavíkur hefur tjáð mér, að nú þurfi ekki að horfa með ugg til gamlárskvöldsins, þó að aldrei verði fyrirbyggt, að einhver misferli verði.

En hefur þá hið einfalda ráð, hinn óhaggandi vísdómur um samskipti manna á milli verið notaður hina 364 sólarhringa ársins? Ég dreg það í efa. Ég hygg, að gagnrýni um slæma aðbúð handtekinna manna í Reykjavík eigi við rök að styðjast. Ég hygg, að sögusagnir um þessi efni, sem ganga manna á milli, séu yfirleitt ekki gripnar úr lausu lofti. En það, sem nefna má aðbúð í þessum tilfellum, byggist á tvennu: umhverfi því eða vistarveru, sem fanginn er settur í, og að hinu leytinu samskiptum fangans og þess manns eða þeirra manna, sem hann verður að lúta að því sinni. Harður bekkur getur orðið bærilegur dvalarstaður þjáðs manns í nærveru sálar, sem skilur hann. En dvölin á honum um stundarsakir getur einnig orðið ævarandi meináta í lífi fangans, sökum þess að hann var beittur tyftun, sem í engu beinu orsakasambandi var afleiðing þess verknaðar, er fanginn var handtekinn fyrir.

Í allflestum tilfellum mun handteknum mönnum vera steypt í lögreglukjallarann eða Steininn við Skólavörðustíg sökum afleiðinga áfengisdrykkju. Ríkið selur veitingarnar; ríkið sér einnig um tyftun viðskiptavinanna. Fulltrúum ríkisins í þessum efnum er því allþungur vandi á höndum. Það má vefengja margt að óreyndu máli og einnig um þessi efni, en þeir, sem vefengja, ættu að ganga út á strætin og spyrja borgarana: Hvernig heldur þú, að aðbúð fanga sé í Reykjavík? Eflaust mundu margir svara: Ég veit ekkert um það. — En þeir mundu verða margir, sem segðu: Hún er óverjandi, ósæmileg menningarþjóð. — Ég hygg, að enginn svaraði: Þetta er gott; svona á það að vera. — Og ef svo reyndist, að enginn segði: Það er allt í lagi, — jafnvel ekki starfsmennirnir sjálfir, er þá ekki kominn tími til að athuga umbætur á þessum sviðum?

Í sambandi við þessi örlagaríku mál mætti varpa fram nokkrum spurningum til athugunar: Hefur lögreglan húsnæðislega aðstöðu, sem nauðsynleg er til þess að hafa menn í haldi um lengri eða skemmri tíma? Hefur lögreglan aðstöðu til þess að veita hinum handteknu mönnum ró og næði til þess að átta sig á orðnum hlut, áður en þeim er varpað í dýflissuna? Hafa lögreglumenn fengið kennslu eða lærdóm í því að umgangast menningarlega handtekna menn, sjúka menn, særða að metnaði, særða á líkama og sál? Kennarar verða að læra að umgangast börn. Hjúkrunarkonur verða að læra, hvernig á að umgangast sjúklinga, og það verður að veita börnum og sjúklingum rétt í fyrstu lotu, ef svo mætti að orði komast. Ég hygg, að það þyrfti að veita hinum handteknu mönnum rétt í hinni fyrstu lotu, áður en farið er með þá lengra niður í jörðina.

Ég hef bent á margt málum þessum lútandi, sem utan dyra er hverjum vegfaranda til sýnis. Það, sem innan dyra gerist og ég hef að sumu leyti látið skína í, er þó flestum borgurum ókunnugt um. Það er því tilgangur þáltill. minnar, að væntanleg n. athugi þetta mál og geri till. til úrbóta hið bráðasta. Ég býst við, að það sé ómótmælanlegt, að það sé til vansæmdar og skaða að láta þessi mál afskiptalaus.

Ég ætlast til þess, að reynt verði hvort tveggja í senn: að létta og bæta störf og aðstöðu lögreglunnar, koma til móts við hana, svo að hún komist til þeirrar virðingar, sem henni er nauðsyn og ber, við góð skilyrði, og að hinu leyti að bæta aðbúð fanganna, ef það mætti verða til þess að lyfta þessum málum til samræmis við önnur þau mál, sem við köllum menningarmál og nauðsynlegt er að sinna sem bezt í hverju þjóðfélagi.

Ég vænti þess vegna, að hv. þdm. taki vel við þessum frambornu óskum um nefndarskipun í þessu máli, til þess að úrbætur mættu verða sem fyrst, og legg til, að málinu verði þá vísað til allshn. til fyrirgreiðslu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tel virðingarverðan þann vilja til umbóta, sem kemur fram í þeirri till., sem hér er flutt, og vil þakka hv. flm. fyrir þann góða hug, sem mér virtist lýsa sér í hans ummælum. Hins vegar kom það fram, sem ekki er að furða, að hann er ekki til hlítar kunnugur þessum efnum og hefur ekki gert sér grein fyrir, að þetta vandamál hefur verið til umræðu og ákvörðunar hér á Alþ. áður. En hv. þm. hefur nýlega tekið sæti hér, og er þess vegna ekki við því að búast, að hann sé sérstaklega kunnugur því, sem hér hefur gerzt. En eins og hann sagði, þá er það viðurkennt af öllum, að aðbúnaður fanga hér í Reykjavík er með öllu óviðunandi, og raunar einnig það sem hann og viðurkenndi, að aðbúnaður sjálfrar lögreglunnar í hennar starfi er með öllu óviðunandi.

Af þessum sökum beitti ég mér fyrir því fyrir nokkrum árum, að teknar voru upp fjárveitingar til byggingar lögreglustöðvar hér í bænum. Við vitum, að í mörg horn er að líta um fjárveitingar, og ýmsir þm. hafa talið, að þörf væri á öðru meira en lögreglustöð hér í Reykjavík. En þrátt fyrir það fékkst 1952 í þessu skyni 250 þús., 1953 250 þús., 1954 450 þús. og 1955 850 þús. á fjárl. fyrir hvert þessara ára, þannig að með því, sem greiða á á þessu ári, eru nú fyrir hendi 1800 þús. kr. til að leggja í nýja lögreglustöð, og er það út af fyrir sig töluverð fjárhæð, þó að ekki megi vænta þess, að hún hrökkvi til þess að koma upp þeirri byggingu, sem hér er þörf á, og hvergi nærri.

Samtímis þessu hefur verið unnið að útvegun lóðar, og eftir verulega athugun hafa menn — það má segja hvað eftir annað — fest augun á lóðinni fyrir sunnan Sænska frystihúsið, milli þess og Arnarhvols, og hygg ég, að samkomulag sé komið á milli lögreglustjóra og hafnarstjórnar um, að sú lóð verði látin í té undir lögreglustöð á sínum tíma. Fyrir nokkru er farið að gera frumdrætti að lögreglustöð á þessum stað, og er þá hugsað, að sú bygging verði eins konar ferhyrningur umhverfis lóðina, þannig að autt rúm verði í miðju, og í álmunni á móti norðri eða norðaustri, þeirri, sem veit að sænska frystihúsinu, sem ef til vill verður höfð sundurlaus við aðalbygginguna, er hugsað að verði fangaklefar, þannig að þar verði komið upp viðunandi vistarverum fyrir þá fanga, sem verður að koma fyrir í sambandi við sjálfa lögreglustöðina eða til geymslu innan bæjarins. Það er ætlun okkar að byrja fyrst á þessum hluta byggingarinnar, og er að því stefnt, og til viðbótar því fé, sem búið er að safna í sjálfa lögreglustöðina, má geta þess, að til á að vera í sjóði með því fé, sem kemur í ár, milli 700 og 800 þús. kr. til fangahúsa, sem mætti þá einnig verja í þessu skyni, auk þess sem Reykjavíkurbær er skyldugur til þess samkvæmt landslögum að borga helming af byggingarkostnaði við fangahús. Og ég hygg, að það hljóti svo að vera, að nægilegt fé ætti að vera fyrir hendi nú í ár til þess að hefja byggingu á þeim hluta lögreglustöðvar, sem yrði fyrst og fremst fangageymsla. Hins vegar er það ekki alveg öruggt, að fjárfestingarleyfi fáist til slíkrar byggingar; sennilega mundi það þó verða komið undir ákvörðun sjálfrar ríkisstj., áður en yfir lyki, og er það nokkuð háð spurningunni um vinnuafl og möguleika til heildarframkvæmda í landinu og þá sérstaklega hér í Reykjavík. En þess er ekki að dyljast, að uppi er sú skoðun innan ríkisstj., að skynsamlegt sé að geyma byggingu þeirra opinberra bygginga, sem hægt er að geyma, meðan jafnmikil eftirspurn er eftir vinnuafli og nú, til þess tíma, að frekar séu líkur til atvinnuleysis, þannig að hægt sé að jafna með opinberum fjárframlögum þann öldugang í atvinnulífinu, sem við allir þekkjum að á sér stað.

En það er óhætt að segja, að ef ekki verða önnur sjónarmið eða önnur atriði, sem hindra vilja og ætlun dómsmálastjórnarinnar í þessum efnum, þá er fyrirhugað að hefja bygginguna á þessum hluta lögreglustöðvarinnar nú í sumar. Ég hef þennan fyrirvara á, vegna þess að ekki er víst, að öll atvik leyfi, að svo verði fram haldið sem okkar vilji stendur til. En bæði vilji og ákvörðun eru um þetta og búið að undirbúa málið allrækilega, þannig að mögulegt ætti að vera að hefjast handa.

Mér þykir einnig rétt að láta hv. þd. heyra hér skýrslu um þessi efni, sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefur gefið mér og er dagsett 1. marz s.l., og leyfi ég mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana hér upp:

„Fangageymslan í kjallara lögreglustöðvarinnar var byggð árið 1941. Aðstæður hafa verið þar slæmar frá upphafi, bæði hvað snertir stærð og aðbúnað. Á undanförnum árum hefur húsnæðið þó verið endurbætt mikið, og verður naumast betur gert í þeim efnum, miðað við aðstæður. Nýtt loftræstingarkerfi hefur verið sett í fangageymsluna, klefar og gangar málaðir, loftræstingargrindur endursmíðaðar og gluggar með óbrjótanlegu gleri settir í klefahurðir til þess að forða slysum o. s. frv. Hins vegar verður aldrei unnt að bæta úr ýmsum ágöllum fangageymslunnar, meðan hún er í núverandi húsakynnum. Á það sérstaklega við um stærð klefanna. Í fangageymslunni eru 10 klefar, en samkvæmt reynslu undanfarinna ára er það allt of lítið. Oft þarf að sleppa föngum úr haldi fyrr en efni standa til vegna annarra, sem enn nauðsynlegra er að setja í öryggisvörzlu. Auk þess verður lögreglan einatt að sleppa mörgum, sem eðlilegt væri að hafa í haldi um stundarsakir. Torveldar þetta mjög löggæzlu í bænum, einkum að kvöld- og næturlagi. Af framangreindum ástæðum hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá leiguhúsnæði fyrir fangageymslu til skjótra úrbóta. Hefur verið leitað til ýmissa aðila um fyrirgreiðslu í þessum efnum, en umráðamenn húsnæðis hafa ávallt synjað um leigu, er upplýst hefur verið, til hvers ætti að nota það.

Nýbygging fangageymslu mun því verða eina leiðin til úrbóta. Húsameistari ríkisins vinnur nú að tillöguuppdráttum að nýrri lögreglustöð hér í bænum. Er henni ætlaður staður á rúmgóðri lóð við Kalkofnsveg og Sölvhólsgötu. Sótt hefur verið um fjárfestingarleyfi til þess að

hefja byggingarframkvæmdir á þessu ári. Í sambandi við hina nýju lögreglustöð er fyrirhuguð fangageymsla með því sniði, að fullnægt er til hins ýtrasta nútímakröfum um aðbúnað þeirra, sem þar þurfa að dvelja. Tillöguuppdrættirnir eru miðaðir við, að hægt sé að byggja lögreglustöðina í áföngum. Tel ég rétt að leggja áherzlu á, að sá hluti byggingarinnar, sem fangageymslan er í, gangi fyrir, þannig að unnt sé að hætta notkun núverandi fangageymslu hið fyrsta.

Vænti ég þess, að unnt verði að byrja á byggingu lögreglustöðvarinnar á þessu ári, en áframhaldandi framkvæmdir munu að sjálfsögðu markast af vilja og getu fjárveitingavaldsins til fjárframlaga.

Í sambandi við fangelsismál lögreglunnar er rétt að vekja athygli á vistheimili því fyrir ofdrykkjumenn, sem stofnað var að Gunnarsholti á miðju s.l. ári. Vistheimili þetta hefur gefið góða raun og hýsir nú nokkra menn, er áður voru tíðir gestir í fangageymslu lögreglustöðvarinnar. Vinna þeir þar nytsöm störf. Því miður er enn eigi rúm fyrir alla þá, sem slíkrar hælisvistar þarfnast, en væntanlega verður vistheimilið stækkað, áður en langt um líður.

Heilbrmrh. mun einnig hafa í undirbúningi byggingu sjúkradeildar nú þegar á þessu ári fyrir ölvað fólk til framkvæmda á 1. gr. l. nr. 55 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Með byggingu slíkrar deildar svo og byggingu fangageymslu lögreglunnar verður innan tíðar vel séð fyrir hæfilegum húsakynnum fyrir þá, sem handtaka verður og setja í vörzlu um stundarsakir."

Þetta er úr skýrslu lögreglustjórans, og tel ég, að með þessu sé sýnt fram á, að málefni þetta er nú komið svo vel á veg til framkvæmda sem efni standa til, miðað við þær fjárveitingar, sem hv. Alþ. hefur látið í té í þessu skyni. Ég tel sjálfsagt, að mál þetta verði athugað í n., og mun þá gefa þar allar frekari upplýsingar, eftir því sem farið verður fram á. Hins vegar tel ég það sýnt af því, sem ég hef sagt, að mun meira er búið að sinna þessu máli en hv. flm. virtist gera ráð fyrir, og eins tel ég ástæðulaust, að meðan ekki eru færð frekari rök fyrir því, að eitthvað, sem rannsóknarþörf sé á, gerist innan veggja lögreglustöðvarinnar, sé skipuð sérstök rannsóknarnefnd af hv. Alþ. í því skyni. Ef hv. þm. bendir annaðhvort hér í umr. eða fyrir n. á sérstakar ástæður, sem geri slíka rannsókn eðlilega, þá finnst mér sjálfsagt, að hún sé tekin upp, en til þess þarf meira en slík almenn ummæli sem hann viðhafði áðan.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hæstv. dómsmrh., að full ástæða hafi verið til þess, að þessu máli sé hreyft hér á hinu háa Alþ. Fangageymslan í kjallara lögreglustöðvarinnar í Reykjavík hefur lengi verið, eins og yfirvöld munu raunar hafa gert sér fullljóst, smánarblettur á löggæzlustarfseminni í Reykjavík, þótt ekki hafi enn verið gerðar réttar ráðstafanir til úrbóta. En af því að mér virtist koma fram hjá hv. frsm. og einnig hjá hæstv. ráðh., að aðalleiðin til úrbóta væri sú að gera fangagæzluna sjálfa sómasamlega, eins og hún væntanlega yrði, ef byggð yrði ný lögreglustöð, þá vil ég benda á, að í l. eru ákvæði, sem gera ráð fyrir annarri skipun á þessum málum, að því er snertir þá menn fyrst og fremst, sem þurft hefur aðallega að setja í þessa fangageymslu á undanförnum árum, en það eru drykkjusjúklingar af götunum hér í Reykjavík. En fangageymslan í kjallara lögreglustöðvarinnar hefur aðallega verið notuð sem geymsla fyrir þá, þegar þeir hafa verið „teknir úr umferð", sem svo hefur verið kallað.

Árið 1949 voru sett lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Í I. kafla þeirra l. er gert ráð fyrir því, að tekin verði upp alveg breytt meðferð á þessum sjúklingum, sem kallaðir hafa verið fangar þá stundina, sem þeir hafa gist fangagæzluna í kjallara lögreglustöðvarinnar í Reykjavík. En í 1. gr. þessara l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar og eigi er unnt að sleppa úr haldi, skal lögreglan að fengnu læknisvottorði flytja í þar til gert sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, ef fyrir hendi er, en annars í venjulegt sjúkrahús, sem hefur tök á að veita viðtöku slíkum sjúklingum. Nú er ekki völ á sjúkrahúsi eða rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá láta hlutaðeigandi sjúklinga sæta læknismeðferð, eftir því sem við verður komið."

Nánari ákvæði eru síðan í gr. um aðra meðferð þessara sjúklinga. Þess vegna er verkefnið, sem fram undan er í þessum efnum, í raun og veru alls ekki fyrst og fremst að endurbæta fangageymsluna, allra síst á þeim stað, þar sem hún er núna, né heldur að koma upp sómasamlegri fangagæzlu í nýbyggðri lögreglustöð, sem raunar er líka sjálfsagt, heldur er það verkefni, sem brýnast er í þessum efnum nú, að framfylgja þessum I. kafla laganna, nr. 55 frá 1949. En liðin eru nú 6 ár frá því að l. voru sett, án þess að þau hafi komið til framkvæmda að þessu leyti.

Þessu máli hefur oftar en einu sinni verið hreyft hér á hinu háa Alþ. Við hv. 2. þm. Rang. (HelgJ) fluttum á næstsíðasta Alþingi till. til þál. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að ákvæði I. kafla laga nr. 55 1949, um læknismeðferð ölvaðra manna, sem og ákvæði 8. gr. um gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, komi sem fyrst til framkvæmda."

Þessi till. náði því miður ekki afgreiðslu á því þingi, sem hún var flutt á, þó að henni hafi verið vel tekið af nefnd þeirri, sem henni var vísað til. Hins vegar heyrði ég það á niðurlagi bréfs þess, sem hæstv. dómsmrh. las frá lögreglustjóranum í Reykjavík, að í undirbúningi væri af hálfu hæstv. heilbrmrh. að koma upp sjúkrahúsdeild og þá væntanlega við einhverja heilbrigðisstofnun bæjarins til þess að gegna þessu hlutverki, og er það vissulega vel, ef úr þeim framkvæmdum verður. Ég vil enn undirstrika, að það er sporið, sem þarf að stíga

í þessu máli. Lagagrundvöllurinn er fyrir hendi, lagafyrirmælin eru þegar fyrir hendi, en það hefur dregizt of lengi að framfylgja þeim. Það, sem þarf að gera til þess að þvo þann smánarblett af reykvísku bæjarlífi, sem fangagæzlan í kjallara lögreglustöðvarinnar hefur verið og er, er að koma upp myndarlegri sjúkrahúsdeild, þangað sem hægt væri að vísa þeim sjúku mönnum, sem undanfarin ár hefur því miður þurft að vísa í kjallara lögreglustöðvarinnar.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 400, n. 475 og 493).

Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson): Eins og sjá má af fram komnum þskj., hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu till., og tala ég fyrir meiri hl. nefndarinnar.

Till. sú, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir skipun nefndar til rannsóknar á aðbúð fanga í Reykjavík. Það, sem tillögumaður mun aðallega eiga við, er, að rannsakaður sé húsakostur fangageymslunnar, þar sem því hefur ekki verið haldið fram mér vitanlega, hvorki af honum né öðrum, að ástæða sé til að rannsaka aðbúð fanga að öðru leyti eða meðferð þeirra af hendi þeirra embættismanna, sem um þessi mál fjalla.

Við 1. umr. málsins gaf hæstv. dómsmrh. ýmsar upplýsingar um aðstöðu fangagæzlunnar og einnig það, að fyrirhuguð væri ný bygging fangageymslu fyrir lögregluna í Reykjavík þegar á þessu ári, í stað þeirrar geymslu, sem nú er í lögreglustöðinni, og mundi það þá að sjálfsögðu bæta mjög úr því öngþveiti, sem nú er ríkjandi í þessum málum. En svo virðist sem hv. flm. hafi ekki að öllu leyti verið kunnugt um þessar framkvæmdir, sem nú eru í undirbúningi til þess að koma fangagæzlunni í viðunandi horf, a. m. k. að því er snertir fangagæzlu lögreglustöðvarinnar.

Hins vegar er það ljóst, að ekki verður bætt úr því ófremdarástandi, sem nú er um fangageymsluna, nema með nýjum og bættum húsakosti, sem fullnægir kröfum tímans. Eins og málið stendur nú, verður því ekki flýtt fyrir breytingu til batnaðar í þessu efni með því einu, að skipuð sé rannsóknarnefnd til þess að athuga aðbúð fanganna. Málið liggur mjög ljóst fyrir, og er sízt reynt á nokkurn hátt af þeim embættismönnum, sem hér eiga hlut að máli, að draga fjöður yfir það ástand, sem nú er ríkjandi í þessum málum og segja má að sé í senn hörmulegt og niðurlægjandi. Ekki hefur heldur hæstv. núverandi dómsmrh. reynt að dylja ástandið í þessu máli. Hann hefur hvað eftir annað á undanförnum þingum reynt að fá fjárveitingar til byggingar nýrrar lögreglustöðvar í því skyni að bæta úr því öngþveiti, sem hér er til umræðu. Hann hefur því sízt dregið fjöður yfir þá nauðsyn, sem á því er, að aðbúð fangagæzlunnar sé bætt. En Alþ. sjálft hefur farið sér hægt í þessu máli, og lítur út fyrir, að þm. hafi gert sér lítið far um að kynnast þeirri nauðsyn, sem hér kallar að.

Allshn. taldi því rétt að kynna sér þær vistarverur, sem hér eru notaðar til fangagæzlu í bænum, enda er sjón sögu ríkari, og átti hún því tal við lögreglustjóra og sakadómara um þessi mál og skoðaði þær vistarverur, sem notaðar eru hér í bænum við gæzlu fanga.

Fangageymsla lögreglunnar er, eins og kunnugt er, í kjallara lögreglustöðvarinnar, og er þar þröngt mjög og lágt til lofts og geymslan öll hin óvistlegasta. Þarna eru klefar fyrir tíu menn, sem að vísu hefur verið reynt að bæta, sérstaklega með umbótum á loftræstingu og öryggisútbúnaði. En aðstaðan er svo erfið í þessum lága og þrönga kjallara, að þar verður aldrei hægt að útbúa fangagæzlur, sem segja má að séu siðuðu þjóðfélagi sæmandi. En ekki er það þó vegna þess, að lögreglustjóri hafi ekki haft áhuga á því að bæta úr þessum málum, því að ég hygg, að hægt sé að fullyrða, að engir finni betur til þess en þeir menn, sem að þessu starfa, hversu mikil nauðsyn er á því, að hér verði einhver breyting á.

Lögreglustjóri gaf þær upplýsingar, að fangageymslan í hinni væntanlegu nýbyggingu, sem gert er ráð fyrir að verði reist í sumar, mundi verða útbúin samkv. hinum beztu erlendu fyrirmyndum. Verður því fastlega að vænta, að þessi bygging verði nú reist á þessu ári, því að við þetta ástand er ekki hægt lengur að búa. Auk þess hlýtur hverjum manni að vera ljóst, að það getur verið erfitt fyrir lögregluna að halda uppi lögum og reglu í 60 þús. manna bæ með aðeins tíu fangaklefum. Hin fangageymslan, sem hér er í bænum, er að Skólavörðustíg 9, í hinu forna fangahúsi, sem er undir umsjón sakadómara. Þar er hægt að hýsa 27 fanga í 12 herbergjum, en auk þess er þar eitt sjúkraherbergi. Þessar vistarverur taka mjög fram vistarverum lögreglunnar, þó að fangageymsla þarna sé alls óviðunandi og ófullnægjandi. Fangahúsið var byggt fyrir 80 árum og er enn þá notað í sinni upphaflegu mynd, og veit ég ekki til, að nokkrar breytingar hafi verið á því gerðar nema þær að hækka til helmings þá múra, sem í kringum þessa byggingu eru, og er það að líkindum eina viðbótin, sem gerð hefur verið síðan húsið var byggt fyrir um 80 árum. Húsinu hefur verið haldið furðanlega vel við, og þrifnaður virðist þar vera óaðfinnanlegur.

Þetta er eina fangahús bæjarins, og eru þarna geymdir fangar um stundarsakir, sem afplána minni háttar afbrot eða taka út dóm fyrir ölvunarsekt eða brot gegn bifreiðalögunum. Í sumum af þessum herbergjum verða að dvelja 3—5 menn, og er ljóst, að slík samvist er ekki ætið holl fyrir óharðnaða unglinga, sem þarna þurfa að vera nokkra daga eða um stundarsakir fyrir minni háttar yfirsjónir, enda hygg ég, að menn séu þeirrar skoðunar, að komið hafi í ljós, að unglingar hafi orðið fyrir mjög óhollum áhrifum einmitt við þessa samvist, sem húsakosturinn gerir nauðsynlega. Engar vistarverur eru þarna sérstakar fyrir kven-

fanga, og enginn kvenfangavörður er þarna til þess að sinna þeim, en að sjálfsögðu kemur það mjög oft fyrir, að konur verða að dvelja í þessu fangahúsi. Gat sakadómari þess, að þetta sérstaklega væri með öllu óviðunandi.

Menn eru þarna og settir í varðhald, og þeir verða að dvelja með mönnum, sem hafa fengið dóm. Í sambandi við þá menn, sem eru í varðhaldi og bíða yfirheyrslu, má geta þess, að í húsinu er mjög hljóðbært, svo að það kemur iðulega fyrir, að fangar kallast á og talast við á milli klefa. Slíkt er að sjálfsögðu undir þeim kringumstæðum alveg óviðunandi og ótækt.

Sakadómari taldi húsið mjög ófullnægjandi fyrir það hlutverk, sem því væri ætlað að inna af hendi, enda engin furða, þar sem þetta fangahús hefur litlum eða engum breytingum tekið í þau 80 ár, sem liðin eru síðan það var reist. Sagði hann því, að það væri mjög aðkallandi að byggja fangahús í útjaðri bæjarins, sem fullnægði þeirri þörf, sem nú væri, og yrði að sníða stærð þess að sjálfsögðu eftir þeim fólksfjölda, sem nú væri í bænum. Fangahúsið var á sínum tíma byggt af meiri stórhug en menn hafa nú í þessum málum, því að þegar þetta hús var byggt, að vísu fyrir allt landið, þá hafa hér í bænum verið 2—3 þús. manns, að líkindum.

En niðurstaðan af þessum athugunum er sú, að fangageymslan í bænum er mannsaldri á eftir tímanum. Húsakosturinn er gersamlega óviðunandi, og verður varla annað sagt en að fangageymslan af þeim sökum sé bæði landinu og höfuðstaðnum til vansa. Alþ. kemst varla hjá því að sinna þessum málum meira en gert hefur verið, og sú þörf er mjög aðkallandi, að byggðar séu fangageymslur hér í bænum í samræmi við kröfur nútímans.

N. hefur, eins og ég gat um í byrjun, samt sem áður ekki talið ástæðu til að samþykkja till. um, að skipuð sé sérstök rannsóknarnefnd í þessu efni. Málið liggur alveg ljóst fyrir, og leggur meiri hl. n. til, að till. sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, er ég ekki sammála meiri hl. n. Ég legg til með sérstöku nál. á þskj. 475, að till. verði samþykkt, en meiri hl. leggur til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Allshn. neðri deildar, sem hafði þetta mál til meðferðar, tók sig til og skoðaði aðbúð fanga hér í Reykjavík. Hv. 3. þm. Reykv., frsm. n., hefur nú gefið allglögga skýrslu um það ástand, sem ríkir í þessum málum, og er þar litlu við að bæta.

Fangageymslan í kjallara lögreglustöðvarinnar er, eins og hann tók fram, algerlega óviðunandi. Hún er óvistleg, þetta er í lágum kjallara, og það er margt, sem þar kemur til. T. d. þó að það hafi verið gerðar allmiklar aðgerðir, til þess að þar gæti verið sæmileg loftræsting, er langt frá því, að hún sé viðunandi. Allur aðbúnaður í sambandi við hreinlæti í klefum er á slíku stigi, að það er varla hægt að lýsa því. Og þegar maður athugar þessa fangageymslu, má segja, að það sé kannske ekkert undrunarefni, þó að þeir, sem um þessi mál hafa fjallað og hafa með að gera, vilji ekki leggja mikið fjármagn til þess að breyta þarna miklu, enda er það sjálfsagt ekki hægt, svo að neinu verulegu gagni komi.

Eitt af því, sem þarna er mjög athyglisvert og allir kunnugir vita, er það, hvílík óhæfa það er að þurfa að hafa fangageymslu í sjálfum miðbænum. Það má svo að orði komast, að þegar maður er tekinn úr umferð í miðbænum, er höfð nokkurs konar sýning á því, sem þar fer fram. Ég geri ráð fyrir því, að þeir menn, sem um þessi mál hafa fjallað, lögreglan og lögreglustjóri, geri það, sem í þeirra valdi stendur til þess að aðbúð þessara manna sé ekki verri en efni standa til. Í þessum klefum eru þó bara harðir bekkir til þess að liggja á. Þar er eitt teppi til þess að fleygja yfir sig, enda er hitinn víst sæmilegur, a. m. k. fannst mér það þessa stund, sem ég var þarna inni, að það þyrfti ekki að kvarta um hitann, heldur frekar hitt. Loftið fannst mér þarna alveg óþolandi, þannig að það væri varla hægt að hugsa sér það, að menn gætu verið þarna inni nema mjög takmarkaðan tíma.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um aðbúnaðinn þarna. Hann er sem sagt í alla staði langt fyrir neðan það, sem hægt er að hugsa sér að sé leyfilegt. Ég tel jafnvel, þó að það sé hér á dagskrá hjá þeim, sem um þessi mál fjalla, að byggja nýja fangageymslu, að þá sé þetta mál mjög aðkallandi. Við vitum, að það að byggja slíkt stórhýsi mun taka langan tíma, og það væri vel þess vert, að það væri athugað, hvort ekki ætti að leita eftir öðru húsnæði til bráðabirgða.

Við fórum upp í fangahúsið á Skólavörðustíg 9. Það er orðið mjög gamalt hús, byggt eða tekið í notkun 1875. Fangaklefarnir þar eru fljótt á litið sæmilegir. Þeim hefur nú verið lýst af frsm. n., og þarf ég ekki að bæta þar miklu við. Þó er rétt að geta þess, eins og hann tók hér líka fram, að þetta fangahús er að sjálfsögðu orðið úrelt sem slíkt. Þarna er t. d. ekki nokkur staður eða nokkuð, sem heitir vinnusalur fyrir fangana, þó að þeir hefðu löngun til þess að hafa með einhver störf að gera, sem ég teldi að ætti að vera við hverja slíka stofnun, allt slíkt sem heitir vinna verður að fara fram í herbergjunum, sem eru mjög takmörkuð að rými.

Ég veit ekki, hvort það þykir henta að hafa útvarp á slíkum stöðum. Ég talaði við fangavörðinn í morgun og spurðist fyrir um það, hvort það væri. Hann sagði það ekki vera, það er ekkert útvarp. Manni gæti dottið í hug, að það væri ekki úr vegi, að það væri t. d. eitt útvarp í húsinu, og væru þá leiddir hátalarar inn í fangaklefana, og að það væri á valdi fangavarðarins, hvenær og hvaða efni fangarnir mættu hlusta á. Ég hef sem sagt ekki þekkingu á því, hvað er vanalegt undir slíkum tilfellum, en mér finnst fljótt á litið, að það mundi þó ekki geta spillt að neinu leyti fyrir, þó að föngunum væru veitt þau réttindi að fá að hlusta á útvarp. Blöð fá fangarnir daglega,

eftir því sem upplýst var. Það má segja, að það sé þarna vísir að bókasafni, sem var í ákaflega mikilli óhirðu, lá sumt jafnvel á gólfinu, og sumt var þar í hillum.

Fangelsisgarðurinn er lítill, og það eru ýmsir vankantar þar á, m. a. það, að bærinn hefur byggt þar skúrræfla við eina hliðina á fangagarðinum, þannig að menn geta prýðilega farið upp á skúrana og farið niður í fangagarðinn og haft beint samband við fangana. Þetta hef ég beint frá fangaverðinum núna í morgun, enda sagði hann okkur það líka í þessu stutta viðtali, sem við áttum við hann. Það hljóta allir að sjá, að slík aðstaða er í alla staði óverjandi. Og ég skil ekki í því, að bæjaryfirvöld Reykjavíkur gætu ekki með góðu móti a. m. k. fjarlægt þessa skúra, þannig að það væri ekki hægt að hafa samband utan af götunni við fangana, eins og komið hefur fyrir.

Þá er það líka eitt, sem er þarna mjög athyglisvert, og það er það, að þegar farið er með fanga inn í húsið og frá húsinu, þá er þarna höfð opinber sýning á þessu. Við götuna á móti er stórt verzlunarhús, og fólk, sem er þar í gluggum, sér allt, sem fram fer á götunni fyrir framan fangahúsið. Þetta er stórt hús, margra hæða; þaðan sést vitanlega allt, sem fer fram, þegar verið er að flytja fangana frá og til. Það er náttúrlega aðbúnaður, sem er í alla staði óverjandi. Það á ekki að vera að halda neinar sýningar á þeim mönnum, sem verða brotlegir og þurfa að taka út sína hegningu. Það er alveg nóg, sem þeir hafa orðið að líða fyrir það og koma til með að líða, þó að ekki sé verið að hafa slíkar sýningar eins og þarna eru hafðar. Þetta kemur til af því, hvernig húsið er staðsett í bænum, og ekki hefur verið hægt úr því að bæta.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri um þetta, en ég gat ekki orðið sammála meiri hl. um að vísa þessu máli til ríkisstj. Ég legg til í mínu áliti, að till., sem hv. 6. þm. Reykv. (GMM) flutti, verði samþykkt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til að láta það í ljós með fáeinum orðum, að ég er óánægður með afgreiðslu hv. allshn. á þessari till. Í till. er sannarlega vakið máls á atriði, sem of lengi hefur dregizt að vekja rækilega athygli á. Þar er vakin athygli á smánarbletti, sem er á íslenzku þjóðfélagi og þá sérstaklega á Reykjavík. Í till. er fjallað um aðbúð þeirra fanga, sem teknir eru úr umferð, sem svo er kallað, og settir í fangelsi, í kjallara lögreglustöðvarinnar í Reykjavík eða á Skólavörðustíg 9. Hv. allshn. hefur að því leyti brugðizt myndarlega við, að hún hefur kynnt sér aðbúð fanga í Reykjavík almennt, bæði kjallara lögreglustöðvarinnar og fangageymsluna á Skólavörðustíg 9, og komizt að raun um, eins og líka var við að búast, að aðbúð fanganna þar er óviðunandi, svo slæm, að um smánarblett verður því miður að tala í þessu sambandi, sérstaklega að því er snertir kjallara lögreglustöðvarinnar hér í Pósthússtræti. En hv. allshn. virðist helzt sjá það ráð til úrbóta að bæta húsnæði fangageymslunnar, þ. e. a. s. að byggja nýja fangageymslu eða gera húsnæðið á þeim stöðum, þar sem það er nú, að einhverju leyti betur viðunandi fyrir fangana.

Við fyrri umr. málsins vakti ég athygli hv. þdm. og þar með nefndarinnar á því, að í gildi eru lög, sem gera ráð fyrir, að allt öðruvísi sé farið með þá, sem teknir eru úr umferð sökum ölvunar, en þannig, að þeim sé varpað í fangaklefa og það í slíka vistarveru eins og kjallari lögreglustöðvarinnar í Reykjavík kvað vera. Í gildandi lögum frá 1949 er sem sagt gert ráð fyrir því, að ríkið skuli koma upp sjúkrahúsdeild og þangað séu þessir óhamingjusömu menn færðir, í samræmi við þá skoðun lækna og annarra sérfróðra manna, að langmestur hluti þeirra, sem teknir eru úr umferð sökum ölvunar, sé í raun og veru sjúklingar, en alls ekki afbrotamenn; það séu menn, sem eigi heima í sjúkrahúsi, en ekki fangelsi. Um þetta var hið háa Alþ. nær sammála 1949, þegar lögin voru samþykkt. Svo myndarlega var þá einnig brugðizt við, að jafnframt var séð fyrir verulegum fjárframlögum, til þess að unnt yrði að koma upp slíkri sjúkrahúsdeild og tveim öðrum tegundum stofnana, sem einnig var fjallað um í þessum lögum, gæzluvistarhæli og drykkjumannahæli. Mjög verulegum hluta af tekjuafgangi áfengisverzlunarinnar ár hvert, 750 þús. kr., skyldi varið til stofnunar sjóðs, gæzluvistarsjóðs, og úr honum skyldi greiða kostnað af byggingu fyrrnefndra stofnana.

Ég tel, að það hefði átt að vera eitt höfuðverkefni hv. allshn. í framhaldi af þessari nauðsynlegu till. að kynna sér það hjá ríkisstj., hvað liði framkvæmd fyrrgreindra laga. Í þennan sjóð, gæzluvistarsjóð, eru þegar komnar nokkrar milljónir króna, ég veit ekki hvað margar, en áreiðanlega svo mikið, að unnt hefði átt að vera fyrir nokkru að framfylgja lögunum. Þetta hlutverk virðist hv. allshn. hafa vanrækt. Hún sýndi það þó með athafnasemi sinni, að hún getur tekið myndarlega á málum. Hvað því hefur valdið, að hún hefur ekki viljað fara á fund hæstv. ríkisstj. og spyrja hana, hvað líði framkvæmd þessara laga, um það skal ég ósagt láta. Það, sem gera verður nú þegar og ekki má dragast lengur, er, að komið verði upp við eitthvert sjúkrahúsið hér í Reykjavík sjúkrahúsdeild, sem hafi það hlutverk eitt að leysa kjallarann af hólmi sem geymslu fyrir það óhamingjusama fólk, sem fyrir því verður að vera tekið úr umferð, sem svo er kallað, vegna ölvunar.

Þess má og geta, að það kemur oft fyrir, að því er manni hefur verið tjáð, að menn séu færðir í kjallarann í misgripum, þegar það hefur komið fyrir, að lögreglan hefur verið kvödd á vettvang sökum ölæðis á heimilum. Hún hefur komið þangað og tekið ýmsa þá höndum, sem nálægir hafa verið þeim stað, sem ölæðið hefur gerzt á. Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni, að menn hafa verið teknir saklausir og færðir í þessa þokkalegu vistarveru og hafðir þar í haldi, stundum með alvarlegum afleiðingum. Ég segi þetta ekki í ádeiluskyni á neinn. Mér dettur ekki í hug, að

lögreglan hér geri slíkt af beinu gáleysi, hvað þá heldur af ásetningi, en reynslan sýnir, að þetta getur komið fyrir, og getur það auðvitað haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Fyrir slíkt ætti auðvitað að vera girt, ef móttökustaðurinn er sjúkrahúsdeild, þar sem læknar veita fólkinu viðtöku, en ekki fangaverðir.

Allt ber því að þeim brunni, að sporið, sem stíga beri, sé ekki bygging nýrrar fangageymslu, þó að ég hafi ekki á móti því í sjálfu sér. Sporið, sem verður að stíga fyrst til þess að leysa úr því vandamáli, sem vakin er athygli á í till., er að koma upp sjúkrahúsdeild fyrir þá menn, sem um stundarsakir verður að taka úr umferð sökum ölæðis, í samræmi við lögin frá 1949.

Gunnar M. Magnúss: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. og frsm. meiri hl. fyrir þá greinargóðu ræðu, sem hann flutti hér í tilefni þess, að allshn. fór í fangaklefana í Pósthússtræti og athugaði aðbúðina einnig á Skólavörðustíg 9. Ég vil einnig þakka minni hl. allshn., sem tekið hefur upp mína till. og mælir með því, að henni sé fylgt fram og hún samþykkt.

Í framsöguræðu hv. 3. þm. Reykv. kom mjög margt fram, sem studdi eindregið, að mín till. yrði samþykkt. Allt, sem ég hafði sagt í framsöguræðu minni, var þar undirstrikað og mælt mjög sterklega, vegna þess að þar voru kynnin fyrir hendi, en aftur á móti var gengið fram hjá öðrum aðalrökunum, sem ég lagði fram og ég skal koma að síðar.

Þegar ég lagði fyrst fram till. til þál. um rannsókn á aðbúð fanga hér í Reykjavík, flutti hæstv. dómsmrh. hér í d. ræðu um málið. Hann þakkaði þann góða hug, sem lægi að baki till., og viðurkenndi, að aðbúnaður fanga væri óviðunandi í lögreglustöðinni. En jafnframt gat ráðherrann þess, að nokkurs ókunnugleika um málið mundi gæta hjá flm. till., þar eð málið hefði verið rætt áður hér á þingi og margt þessu lútandi komið á góðan rekspöl. Las hann því næst upp tölur og tillögur, sem komið hefðu fram til úrbóta. Tölurnar um fjárveitingar til byggingar nýrrar lögreglustöðvar, sem hann las upp, voru að vísu ekki ókunnar, því að þær voru úr opinberum skjölum. Hann las einnig skýrslu frá lögreglustjóra Reykjavíkur um fangageymslurnar í Pósthússtræti, og þar kom berlega í ljós, að fangageymslan hefur verið óhæf frá upphafi, en hún var gerð 1941. Sagt var, að húsnæðið, ef húsnæði skyldi kalla, hefði þó verið endurbætt á undanförnum árum, en úr ýmsum ágöllum væri ókleift að bæta.

Ég þarf ekki að eyða um það mörgum orðum, að till. mín um rannsókn á aðbúð fanga í Reykjavík sé borin fram af ókunnugleika, að ég hafi ekki heyrt getið um þær fyrirætlanir, að byggð skyldi lögreglustöð í Reykjavík. Málið hefur verið svo oft kynnt á opinberum vettvangi, að ég veit, hvað stendur til í þeim efnum. Ég veit einnig um lögin um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og um brtt. á þeim lögum, er legið hafa fyrir þessu þingi og verið ræddar.

Ég bar fram till. mína með þeim tveim meginrökum, að rannsaka þyrfti húsakynnin eða vistarverur fanganna, að hinu leytinu að rannsaka aðbúnað lögreglunnar og aðstöðu hennar við handtökur og geymslu fanganna. Með auknum húsakynnum, nýrri lögreglustöð, verður vitanlega bætt úr ýmsum og mörgum vandkvæðum þessara mála. En það mun hafa vakið athygli, að hæstv. dómsmrh. ræddi í svari sínu eingöngu um hús, um veggi, um nýja fangaklefa, fleiri fangaklefa. Út frá þeirri ræðu hans verður að álykta, að hann hafi aðeins haft í huga fleiri fangaklefa til lausnar þessum málum, og fengjust þeir nógu margir, þá væri málunum að flestu leyti borgið. Hitt atriðið, aðbúð fanganna sjálfra, minntist hann ekki á, en það er þó annað aðalatriði. Það hefur einnig verið lítið rætt um þetta hér í d. síðar við umr. um þetta mál. En nú skal ég ekki væna hæstv. dómsmrh. um ókunnugleika í þessum efnum. Hann hefur fyrir margra hluta sakir haft manna bezta aðstöðu til þess að vita, hvernig málum er háttað á þessum ömurlegasta stað höfuðborgarinnar. Af einhverjum öðrum ástæðum sniðgengur hann umræður um aðstöðu lögreglunnar, hæfni hennar og undirbúning til þess að hafa sjúka eða brotlega menn undir höndum.

Ég legg enn, svo sem ég gerði í frumræðu minni um þessi mál, megináherzluna á, að reynt verði að létta bæði lögreglunni og hinum handteknu mönnum það hlutskipti, sem þeir hafa ratað í saman. Ég vil fá þeirri spurningu svarað, hvort þeir menn, sem hafa fangana undir höndum, hafi það skapferli, menningu og menntun, sem krefjast verður í menningarþjóðfélagi til þess að hafa samskipti við fangana, til þess að ekki verði af óbætanlegt tjón og hörmuleg atvik í lífi einstaklinganna. Ég vil fá úr því skorið, hvort frásagnir fanga um misferli í þeirra garð í sjálfri lögreglustöðinni séu á rökum reistar. Úr þessu verður ekki leyst með því að segja, að það verði byggð lögreglustöð. Úr þessu verður ekki leyst, nema með því að rannsaka hina hlið málsins.

Hv. allshn. hefur haft till. mína með höndum, eins og ég gat fyrr, og sent frá sér nál. Hún hefur einnig farið í lögreglustöðina til þess að skoða fangageymslurnar, og þakka ég n. fyrir þá röggsemi og vilja til þess að kynna sér málið af eigin raun. En í nál. meiri hl., því sem hér liggur fyrir, ber að sama brunni og fyrr, að það er aðeins litið á hina fúlu veggi, hina þröngu klefa, en ekki á hitt atriðið, hvað fer fram innan þessara klefa.

Nefndin gengur sem sé fram hjá því aðalatriði, sem ég hef nefnt hér fyrr. En séu nm. sammála um það, að eitthvað nauðsynlegt beri að gera í þessum efnum, sem skýrlega hefur komið fram, hvers vegna þá ekki að ræða hitt meginatriðið og taka það alvarlegum tökum í þetta skipti, þegar það er til umræðu nú í hv. Alþingi? Sáu nm. fanga í lögreglustöðinni, eða sáu þeir klefana tóma? Komu þeir í lögreglustöðina í fangaklefana að morgni dags, kl. 6—8, áður en föngunum er sleppt? Voru þeir á þeim tíma, sem líklegt var að allt væri komið í sem bezt lag, og voru þeir búnir að gera boð á

undan sér? Þetta hefur nokkra þýðingu til þess að bæta ef til vill á þá mynd, sem hv. frsm. meiri hl. dró hér upp og frsm. minni hlutans endurtók að sumu leyti. Sé ekki talað við fanga og rannsakað, hvort framburður þeirra er á rökum reistur, sé ekki athugað, hvernig aðbúð þeirra er, meðan þeir eru þarna um nætursakir eða jafnvel sólarhring, þá er gengið fram hjá öðru meginatriðinu og því, sem mestu máli skiptir. Eins og ég hef tekið fram áður, er hægt að liggja eina nótt á bekk, hörðum bekk, án þess að líða ef til vill mjög mikið. En þar er ef til vill hægt að verða fyrir því hnjaski, að maðurinn bíði þess ekki bætur, ef hann hefur frá mannlegri veru á þeirri stundu, sem hann var særður að metnaði og sjúkur að öðru leyti, orðið fyrir því að snúast frá því áformi að ganga til betrunar og reyna að láta það ekki koma fyrir oftar, að hann lendi í þessum höndum, — ellegar snúast gegn þeim, sem tóku hann og hafa meðhöndlað hann á ýmsa vegu.

Ég vil að vísu ekkert fullyrða í þessum efnum hér á þessu stigi, en margar sögusagnir hafa gengið um málið. Mikið hefur verið um þetta rætt í blöðum og tiltölulega fátt af því hrakið. Og ég tel, að hv. Alþingi geti ekki gengið frá þessu máli þannig, án þess að þessi hlið málsins, sem ég hef rakið, fangarnir sjálfir, aðbúð þeirra og aðbúð lögreglunnar til að annast þá, sé tekin til rækilegrar athugunar.

Ég hef líka bent á það, að aðrar stéttir, sem fara með ýmsa einstaklinga í þjóðfélaginu og eru með þeim samvistum, stjórna þeim, segja þeim fyrir í ýmsu og hjálpa þeim, verða að hafa sína sérmenntun og sérmenningu til þess að geta umgengizt þá einstaklinga mennilega, sem þeir hafa undir höndum. Ég hef áður minnzt á kennarana og hjúkrunarkonurnar. Hafa lögregluþjónar verið búnir undir að taka mann í hinu versta ástandi, sem hugsazt getur, mjög fjarri því að vera sjálfráður gerða sinna, — eða mann, sem framið hefur verk óviljandi, en vildi gjarnan bæta fyrir það, þegar hann er kominn til ráðs, — hefur lögreglan fengið það uppeldi, að hún geti umgengizt þá, sem hún tekur höndum, á þann hátt, að það sé sæmandi menningarþjóðfélagi og sambærilegt öðrum greinum, sem okkar þjóðfélag er að reyna að færa til vegs og virðingar í uppeldismálum og siðgæðismálum? Ég legg þessar spurningar fram, og þó ekki alveg að tilefnislausu. En meðan þessu atriði er ekki sinnt og verði því ekki sinnt, heldur afgr. samkv. till. meiri hl. allshn., þá tel ég, að Alþ. gangi fram hjá því meginatriði, sem ég hef sérstaklega lagt áherzlu á, og það er frásögn þeirra, sem sjálfir verða fyrir því að lenda þarna í þessum klefum, sem áður hefur verið lýst.

Frsm. meiri hl. minntist á, að þessi fangagæzla, eins og hann orðaði, væri mannsaldri á eftir tímanum. Erum við þá ekkert á eftir tímanum í því, sem lýtur að aðbúðinni á annan hátt? Ég vil fá því svarað og einmitt með rannsókn, eins og ég hef lagt til.

Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hef fátt frekar að segja um þetta mál og litlu við að bæta út af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram. Ég verð þó að segja, að ég held, að hv. flm. hafi með ræðu sinni nú farið inn á nýja leið með túlkun sína á tilgangi sjálfrar tillögunnar. Hann segir nú, að aðaltilgangur hennar sé að fá úr því skorið, hvort með fanga hér í Reykjavík sé farið á mannúðlegan hátt. Það mætti að vísu æra óstöðugan, ef þingið ætlaði sér að fylgjast með því á hverjum tíma, að enginn óhæfur maður fyndist í hópi lögreglumanna, sem um fangamál fjalla. Slíkt getur alltaf komið fyrir, hvar sem er. En ég hygg, að flestum beri saman um, að þrátt fyrir blaðaskrif og kviksögur um, að menn sættu ómildri meðferð af hendi lögreglunnar, sé óhætt að fullyrða, að þetta er ekki yfirleitt álit almennings á lögreglunni í Reykjavík.

Ég held, að einnig sé óhætt að fullyrða, að lögreglan á ekki almennt þetta orð skilið, eins og hv. flm. vildi láta skína í og ástæða væri til að rannsaka.

Ég gat ekki betur skilið framsöguræðu hans en svo, að hann teldi mesta þörf á því, að rannsakaðar væru þær vistarverur, sem fangar hefðu hér við að búa. Og það er alveg rétt. Það var full þörf á því og er full þörf á því að gefa þessu gaum, eins og þegar er fram komið hér í umræðunum. Og þetta hefur verið gert, enda er hér ekki um neitt launmál að ræða. Um þetta er mönnum kunnugt. Þess vegna telur meiri hl. n. ekki ástæðu til að skipa rannsóknarnefnd til þess að gefa Alþingi álit um mál, sem liggur ljóst fyrir. Það, sem Alþingi á að gera í þessu máli, er að bæta úr því. Það er að sjálfsögðu til úrbóta, að lögreglan þurfi ekki að láta þá menn, sem hún þarf að taka í fangageymslu, sæta ómannúðlegri meðferð vegna þess, hversu húsakynnin eru ófullkomin. Húsakynnin eru léleg og aðbúðin í samræmi við þau. En það er ekki lögreglunni að kenna. Það er þeim tækjum að kenna, sem henni eru fengin í hendur.

Hv. 1. landsk. hélt því fram, að það hefðu ekki fyrst og fremst verið vistarverur fangageymslunnar í Reykjavík, sem n. hefði átt að athuga, og mér skilst, að það hafi alls ekki verið í hennar verkahring að athuga aðbúnað fanga. Ég hygg þó, að hann að athuguðu máli muni sjá, að það er einmitt þetta, sem till. fjallar um. Það var ekki í verkahring n. út af þessari till. að rannsaka, hvort sjúkradeildinni fyrir drykkjusjúkt fólk væri komið nokkuð áleiðis. Hann var því að tala um atriði, sem er þessu máli óskylt. Ég fæ ekki skilið, þó að þessi sjúkradeild komist á laggirnar, að þá væri ekki lengur þörf fyrir fangageymslur hjá lögreglunni í Reykjavík. Það hlýtur hverjum manni að vera ljóst, að þó að þessi sjúkradeild komist upp, sem mikil nauðsyn er, verður lögreglan samt sem áður að geta haft sínar fangageymslur.

Ég skal að síðustu taka það fram, að ég er fyllilega sammála hv. þm. um það, að gersam-

lega er óviðunandi, að ölvuðum mönnum, hvernig sem á stendur, sé kastað í þær fangageymslur, sem nú eru í kjallara lögreglustöðvarinnar, og það er skylda, beinlínis skylda ríkisvaldsins vegna þeirrar nauðsynjar, sem hér kallar að, að framkvæma þau lög, sem nú eru í gildi um það, að þessi sjúkradeild komist á stofn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 28. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

Gunnar M. Magnúss: Herra forseti. Ég vil aðeins gera hér stutta athugasemd út af ræðu frsm. meiri hl. hv. allshn. hérna seinast, þegar málið var á dagskrá, 3. þm. Reykv. (*Gripið fram í:* Umr. um málið er lokið.) Það stendur nú á dagskrá frh. umr. og atkvgr. (*Forseti:* Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að umr. er lokið, það er aðeins atkvgr. eftir.) Stendur ekki í dagskránni framhald umr.? (*Forseti:* Nei, það er aðeins atkvgr., sem eftir er, og hv. þm. á því aðeins kost á því að ræða um atkvæðagreiðsluna.) Ja — það er viðvíkjandi atkvgr., sem fram fer hér á eftir um þetta mál. Hv. 3. þm. Reykv. lét liggja að því, að ég væri kominn út á aðra braut í seinni ræðu minni og þar af leiðandi þyrfti ekki að taka tillit til þess, sem ég hefði lagt til, að aðbúð fanga yrði rannsökuð á tvennan hátt, fyrst og fremst viðvíkjandi húsakynnunum og því næst viðvíkjandi þeirri meðferð, sem þeir fá þar innan dyra. En til þess að leiðrétta þetta, vil ég aðeins benda hv. 3. þm. Reykv. á það, að ég minntist á þessi atriði á þremur stöðum í frumræðu minni. Hann hefur annaðhvort ekki verið inni í deildinni, ellegar ekki heyrt það, eða þá gleymt því í þriðja lagi. Í fyrsta lagi orðaði ég það svo, að ég legði til, „að aðbúð fanga yrði rannsökuð og að hinu leytinu aðbúð lögreglunnar og aðstaða hennar til fyrrgreindra starfa og athafna". Og seinni sagði ég, eða gerði fyrirspurn: „Hafa lögreglumenn fengið kennslu eða lærdóm í því að umgangast menningarlega handtekna menn, sjúka menn, særða að metnaði, særða á líkama og sál?" Og á þessum grundvelli taldi ég að till. væri í tvennu lagi, um það, að aðbúð fanga yrði rannsökuð bæði viðvíkjandi húsakynnunum og svo meðferðinni þar innan dyra.

ATKVGR.

Till. á þskj. 493 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 20:7 atkv.

2. Raflýsing Hafnarfjarðarvegar.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um raflýsingu vegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur [116. mál] (A. 219).

Á 21. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 7. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Þessi till. til þál. á þskj. 219 er um raflýsingu vegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Ég býst við, að allir hv. alþm., sem komið hafa til Hafnarfjarðar, hafi veitt eftirtekt þeirri feiknaumferð, sem er um veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Rafveita Hafnarfjarðar hefur látið lýsa upp veginn frá Hafnarfirði að Álftanesvegi, en þar tekur við Garðahreppur, og eru hreppamörk hans norðan við Kópavog. Strjálbýlt er í Garðahreppi, nema nokkur byggð er nú komin í kringum Hraunsholt og svo innan Vífilsstaðavegar, í svonefndu Silfurtúni, en þaðan að Kópavogi er aðeins einn bær, Arnarnes, sem er spölkorn frá veginum. Við Kópavogslæk eru syðri takmörk Kópavogshrepps, en norðurmörk hreppsins eru við Fossvogslæk. Þar tekur við bæjarland Reykjavíkur.

Í þáltill. er farið fram á, að hæstv. ríkisstj. sjái um að raflýsa þjóðveginn, þar sem hann liggur í gegnum lönd áðurtalinna tveggja hreppa, en þeir eru þarna meðfram veginum á orkuveitusvæði Reykjavíkur. Hæstv. ríkisstj. mundi því fara þá leið að leita samninga við rafmagnsveitu Rvíkur um að lýsa þjóðveginn á á að gizka 6 km vegarlengd.

Vér flm. þessarar till. til þál. erum að sjálfsögðu nákunnugir umferðinni á þessum vegi og hvílík feiknahætta stafar af því, hversu vegurinn er illa eða óupplýstur, en við lýsingu hans mundi stórlega draga úr slysahættu, sem að sjálfsögðu er mest og verst, þegar rigning er og myrkur.

Nokkur reynsla er fyrir því, hvers konar ljósker eru heppilegust til slíkrar lýsingar, en það hefur mjög mikla þýðingu, að þau séu rétt valin, og mun rafmagnsstjóri Rvíkur vera allra manna færastur til þess að gefa ráð þar að lútandi.

Til sönnunar því, hve umferðin er geysimikil, hef ég fengið nokkuð upplýst um það frá lögreglunni í Hafnarfirði, sem lét s.l. sumar telja bíla þá, er um veginn fóru frá Hafnarfirði, og þá flestir til Reykjavíkur, en það reyndust vera 150—200 bílar á klukkustund í þær 14 stundir, sem talið var daglega. En umferðin var miklu lengur en þessar 14 stundir, ævinlega einhver umferð á öllum tímum sólarhringsins, og hún er jafnvel meiri stundum enn síðar, því að frá kl. 9—12 á kvöldin er oft mjög mikil umferð. Um tölu farþega er ekki svo auðvelt að segja nákvæmlega, en á einu ári eru líkur til að tala þeirra, sem fara um veginn, sé um 1 millj. og 500 þús., og þar er átt við ferðina aðra leiðina, en meginhlutinn er farþegar úr Hafnarfirði og héðan og þaðan af Reykjanesskaga, og þá ekki síður af Keflavíkurflugvelli, frá og til, að ógleymdum þeim miklu vöruflutningum, sem fara um þennan veg, þar sem mjög mikið af vörum til Hafnarfjarðar er flutt frá Reykjavík og einnig nokkuð frá Hafnarfirði, að ógleymdum öllum þeim

geysivöruflutningum, sem eru frá og til Suðurnesja.

Vér flm. treystum hæstv. ríkisstj. til þess að koma þessu máli heilu í höfn hið allra fyrsta, því að það getur varðað miklu, að það dragist ekki.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, að till. sé vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 219, n. 671).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. þessa allýtarlega, og hefur rafmagnsstjórinn í Reykjavík samkv. ósk n. gert mjög nákvæma áætlun um það, hvað framkvæmd sú, sem hér er gert ráð fyrir, muni kosta, og eins og í nál. á þskj. 671 segir, er gert ráð fyrir, að kostnaður við að setja upp þá raflýsingu með Hafnarfjarðarvegi, sem till. ætlast til, muni vera tæpar 850 þús. kr.

Hér er því um allkostnaðarsama framkvæmd að ræða, og jafnframt kemur það fram af áætlun rafmagnsstjóra, að það muni verða allmikill rekstrarkostnaður á raflýsingu þessari, eða um 120 þús. kr. á ári. Að vísu má nokkuð efast um, að það sé raunverulegt. Það er vegna þess, að þar er gert ráð fyrir allstórri upphæð, eða um 50 þús., sem er vaxtakostnaður af stofnkostnaði veitunnar, og fer það vitanlega nokkuð eftir atvikum eða hvernig fjár er aflað til hennar, hvort hér verður um bein útgjöld að ræða að þessu leyti.

Fjvn. er þeirrar skoðunar, að hér sé um framkvæmd að ræða, sem sé mjög mikils virði að koma upp, því að reynslan hefur sýnt það, að mikil slysahætta er á Hafnarfjarðarvegi, og þar er um að ræða vegarkafla, sem er langfjölfarnasti vegur landsins.

Það hefur sýnt sig, að raflýsingin hér við Suðurlandsbraut hefur gefið mjög góða raun og skapað aukið öryggi á þeirri leið. Það er vitanlega skylt að gera allar þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að koma í veg fyrir slys, og það má telja tvímælalaust, að raflýsing Hafnarfjarðarvegar gæti orkað mjög í þá átt að draga úr slysahættu á þeirri leið.

N. hefur þó ekki treyst sér til að leggja til, að till. yrði samþ. svo sem hún liggur fyrir á þskj. 219, heldur leggur hún til, að málinu verði á þessu stigi vísað til ríkisstj., en þá beinlínis í trausti þess, að ríkisstj. undirbúi framkvæmd málsins. Afstaða n. byggist á því, að það geta komið til greina mjög margar leiðir raunar um greiðslu stofnkostnaðar þessarar raflýsingar. Það væri hugsanlegt, að rafmagnsveitur ríkisins beinlínis legðu þessa línu. Það getur þó vakið nokkrar efasemdir, þar sem hér er um alveg sérstæða línulögn að ræða, sem er nánast götulýsing, og má því ætla, að það væri ekki óeðlilegt, að þeir aðilar, sem þetta mál sérstaklega varðar, kaupstaðirnir, bæði Hafnarfjarðarbær og Reykjavíkurkaupstaður, og einnig þeir hreppar, sem hér eru á milli, ættu einhverja aðild að þessu og greiddu einhvern hluta kostnaðar. En þetta atriði liggur alls ekki ljóst fyrir, og n. treystir sér ekki til án nánari viðræðna við þessa aðila, sem hér koma til greina, að gera ákveðna till. um, hver ætti að greiða kostnaðinn við að koma þessari framkvæmd á. Telur hún því á þessu stigi málsins, að eðlilegast sé að fara þá leið að vísa till. til ríkisstj. í trausti þess, að hún rannsaki það, hvernig málinu verði bezt fyrir komið, og ræði við þá aðila, sem eðlilegast væri að ættu aðild að þessu um greiðslu kostnaðar, bæði stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar.

Vonast ég til, að hv. þm. geti fallizt á þá afgreiðslu málsins, miðað við þau málsatvik, sem ég hef nú skýrt frá.

Ingólfur Flygenring: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir þessa afgreiðslu, svo langt sem hún nær.

Ég skil afstöðu n., að það er máske erfitt að gera út um málið á þennan hátt. En málinu er vísað til ríkisstj., og það mætti kannske taka það öðrum tökum en er gert þarna, þ. e. a. s., að það mætti taka fyrir skemmri kafla vegarins í einu, sem alls ekki yrði mjög tilfinnanlegt.

Um það, hver á að borga þetta, getur n. ekkert sagt. Hún hefur ekki getað komizt að niðurstöðu um það, þrátt fyrir till., sem fylgdu með umsögn rafmagnsstjórans, eða ábendingar réttar sagt, því að sá kafli vegarins, sem reynzt hefur hættulegastur, er í landi Garðahrepps. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að Garðahreppur kosti þessa götulýsingu, því að Garðhreppingar nota þennan veg allra minnst. Það mætti þá alveg eins segja, að allir íbúar á Reykjanesi, allir fyrir sunnan Reykjavík, ættu að gjalda þetta sameiginlega, og þá er nú komið nærri ríkissjóðnum, hvort hann á ekki að taka þátt í því að einhverju eða öllu leyti, því að það má ekki við svo búið standa, að þessi vegur sé ólýstur eins og hingað til, því að þar eru slys, eitt eða fleiri, á hverju ári.

ATKVGR.

Till. á þskj. 671 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 30 shlj. atkv.

---

3. Brotajárn.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um hagnýtingu brotajárns [31. mál] (A. 31).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Um allmörg undanfarin ár hefur verið safnað hér

af miklu kappi brotajárni og það selt úr landi. Skipsfarmur eftir skipsfarm hefur horfið út fyrir landsteinana. S.l. fjögur ár hefur þessi útflutningur numið samtals 13700 smálestum. Á sama tíma, árin 1950—53, hafa verið fluttar inn um 9 þús. smálestir af steypustyrktarjárni fyrir um það bil 20 millj. kr. Hér er að sjálfsögðu um mjög ójöfn skipti að ræða, þar eð ekki hafa fengizt fyrir brotajárnið nema tiltölulega lágar upphæðir. Það er því nokkurs virði, að athugað sé, hvort ekki muni fjárhagslegur grundvöllur fyrir því að vinna brotajárnið, sem til fellur í landinu sjálfu, t. d. með því að móta úr því steypustyrktarjárn. En sérfróðir menn telja, að það sé kostnaðarminnst og auðveldast, a. m. k. í bili. Til þess að framleiða steypustyrktarjárn úr brotajárni þarf rafmagnsjárnbræðsluofn og mótunarvélar. Tæki þessi munu vera nokkuð dýr, en miðað við reynslu annarra þjóða benda líkur til þess, að slík framleiðsla geti svarað kostnaði hér á landi. Líkurnar eru a. m. k. svo miklar, að ástæða er til, að mál þetta verði athugað. Hagnýting brotajárns þykir svo sjálfsögð víða erlendis, að járnbræðsluofnar og tilheyrandi mótunarvélar munu vera í flestum borgum og stærri bæjum á Norðurlöndum. Rekstur slíkra fyrirtækja virðist öruggur og sæmilega ábatavænlegur, svo framarlega sem skortur á hráefni hamlar ekki starfseminni. Ég ætla ekki að hætta mér langt út á þá braut að lýsa slíkum fyrirtækjum, þar eð mig skortir þekkingu til þess. Mér er þó kunnugt um, að öll hin nýrri fyrirtæki af þessari gerð nota rafmagnsbræðsluofna. Þar er brotajárnið brætt og mótað í stórar súlur eða svera búta, en járnsúlur þessar eru síðan, þegar fullvinna skal járnið, hitaðar í sérstökum ofnum, unz þær eru orðnar rauðglóandi. Úr glóhitunarofnum þessum renna járnbútarnir á færibandi að mótunarvélum, þar sem járnið fær síðan hið endanlega form. Mér er tjáð, að einfaldast og kostnaðarminnst sé að framleiða steypustyrktarjárn. Virðist þar af leiðandi eðlilegt að hefja framleiðslu á því hér, enda mun varla ofreiknað, að notkun steypustyrktarjárns verði á næstu árum ekki minni en 4000 smálestir á ári, en það magn kostar yfir 8 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, miðað við núverandi verð, eða um 12 millj., miðað við útsöluverð. Allar líkur benda til þess, að notkun steypustyrktarjárns fari vaxandi hér á landi í náinni framtíð. Þegar hafin verður framleiðsla á sementi innanlands, aukast væntanlega ýmsar byggingar og alls konar mannvirkjagerð úr steinsteypu. Má þá telja víst, að farið verði að steypa helztu þjóðvegi, svo að eitthvað sé nefnt. Mun þá þurfa mikið magn af steypustyrktarjárni.

Þó að ég hafi fyrst og fremst rætt um framleiðslu steypustyrktarjárns, er það engan veginn af því, að ekki komi önnur járn- og stálframleiðsla til greina. Hins vegar er rétt að byrja á hinni ódýrustu og einföldustu framleiðslu. Síðar, þegar járnbræðslan væri komin á fót og á góðan rekspöl, mætti færa út kvíarnar og hefja fjölbreyttari framleiðslu. Má í því sambandi benda á framleiðslu á gjarðajárni, saumi, girðingavír og ýmsu fleira.

Ýmsir erlendir menn, sem til járnbræðslu þekkja og komið hafa til Íslands, hafa furðað sig á því, að ekki skuli vera til ein einasta meiri háttar járn- eða stálverksmiðja í landinu. Þeir eiga erfitt með að skilja, hvernig á því stendur, að allt brotajárn skuli flutt óunnið út og selt erlendum stálverksmiðjum fyrir tiltölulega litlar fjárupphæðir. Einn maður af íslenzku bergi brotinn hefur getið sér mikinn orðstír vestan hafs fyrir merkar uppgötvanir á sviði járnframleiðslu og stálherzlu. Hann hefur lengi unnið að efnarannsóknum í rannsóknarstofu stálverksmiðju einnar í Kanada. Maður þessi heitir Jón Ólafsson og á heima í Calgary í British Columbia. Hann hefur vakið máls á því, að Íslendingar eigi nú þegar að koma sér upp járnbræðslu og stefna að því að eignast fljótlega fullkomna stálverksmiðju. Ritaði hann um þetta merka grein í íslenzkt blað, Morgunblaðið, í fyrravetur og benti þar glögglega á, hversu sjálfsagt væri að hagnýta hér allt það brotajárn, sem til fellur. Þar sem hér er um kunnan sérfræðing að ræða á þessu sviði, þykist ég vita, að hv. alþingismenn muni meta álit hans og till. meira en álit algerra leikmanna í þessu efni. Vil ég því, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér nokkur ummæli, sem þessi sérfróði maður lét falla í grein, er hann nefndi: „Hættið að senda brotajárn úr landi.“ Jóni Ólafssyni farast þannig orð:

„Þegar ég fékk seinasta blaðið (þ. e. Morgunblaðið) heiman frá Íslandi, varð mér starsýnt á mynd, sem þar var. Það var myndin af flakinu af 10 þús. smálesta „liberty“-skipinu, er var hlaðið brotajárni og átti að sendast til Englands ásamt fleiri skipum. Og þegar ég hafði lesið greinina, sem fylgdi, varð mér ósjálfrátt á munni: Mikil hörmung er að heyra þetta. — Ég get ekki orða bundizt, og þess vegna skrifa ég þessar línur. ... Þarna fer mikið hráefni frá Íslandi til Englands, hráefni, sem Íslendingar hafa sjálfir mikla þörf fyrir. Þeir selja þetta hráefni fyrir fáeinar krónur, en verða svo að kaupa stál frá öðrum löndum fyrir milljónir króna.“

Síðan skýrir greinarhöfundur frá því, hve hagnýting brotajárns sé talin sjálfsögð í nálega öllum löndum, og lýsir allýtarlega fullkominni stálverksmiðju í Kanada. Kemst hann svo að orði, að afkoma slíkra fyrirtækja sé yfirleitt góð og greiði þau þó há vinnulaun. Telst honum svo til, að í meðalári sé hreinn ágóði þeirra stálverksmiðja, er hann þekki til í Kanada, ekki minni en 120 dollarar á smálest, miðað við fullunna vöru. Að greinarlokum ávarpar Jón Ólafsson Íslendinga og segir:

„Hér verðið þið að horfa fram í tímann. Í öllum hamingjubænum hættið að henda brotajárni út úr landinu, þessu dýrmæta og ómissandi hráefni. Arðrænið ekki sjálfa ykkur. Fleygið ekki hráefninu í hendur erlendra manna, til þess að þeir fái allan hagnaðinn af að vinna úr því á kostnað ykkar. Það, sem aðrar þjóðir geta framkvæmt, það geta Íslend-

ingar líka. Það hafið þið sýnt margsinnis og sannað. Íslendingar eiga ekki að kaupa fyrir dýrmætan gjaldeyri þá vinnu af öðrum þjóðum, sem þeir geta sjálfir leyst af hendi.“

Þetta voru orð hins sérfróða manns, Jóns Ólafssonar stálfræðings. Ég vildi gjarnan láta þau koma hér fram, þar eð þau sýna, hverjum augum sérfróður maður lítur á þetta mál. Ég vænti þess, að hv. alþm. séu mér og meðflm. mínum sammála um það, að tímabært sé orðið að láta fara fram rannsókn á því, hvort hér séu ekki fyrir hendi skilyrði til að hagnýta það brotajárn, sem til fellur. Þó að sú rannsókn kunni að kosta einhverja fjármuni, þá virðist hér vera um svo athyglisvert mál að ræða, að ekki sé horfandi í þann kostnað. Leiði rannsókn í ljós, að hér geti verið um arðvænlegt fyrirtæki að ræða, yrðu án efa tök á því að afla fjár til að koma því á laggirnar, enda mun þar engan veginn um sérlega háar fjárupphæðir að ræða. Mætti á síðara stigi málsins, þegar undirbúningsrannsókn væri lokið, taka fullnaðarákvörðun um rekstrarform slíks fyrirtækis. Mér þætti ekki óeðlilegt, að athugað væri, hvort ekki mætti reka það í tengslum við Landssmiðjuna, en tel þó ekki tímabært að gera um það ákveðnar tillögur.

Við, sem þessa till. flytjum, teljum eðlilegt, að á meðan fram fer rannsókn sú, sem þar er ráð fyrir gert, verði bannaður allur útflutningur á brotajárni. Þá mundu safnast fyrir í landinu allmiklar birgðir af þessu hráefni, sem síðan yrðu tiltækilegar, þegar járnvinnslan hæfist. Fari svo gegn von okkar flm., að ekki þyki borga sig að setja hér á fót járnbræðslu, mundi banninu að sjálfsögðu aflétt, og rýrnun á þessari vöru er svo lítil, að þar væri ekki um verulegt verðmætatjón að ræða, þótt slíkt bann gilti í eitt, tvö eða kannske í mesta lagi þrjú ár. Við flm. höfum því í beinu framhaldi af þáltill. þessari lagt fram í hv. Nd. Alþingis frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að banna útflutning á brotajárni. Það mál er komið til 2. umr. og nefndar. Undir umræðum um það mál upplýsti hæstv. forsrh., að fyrir lægju nú beiðnir um að selja a. m. k. sjö gamla togara úr landi til niðurrifs fyrir lágt verð. Þó að hugmyndin um íslenzka járnbræðslu í allstórum stíl standi hvorki né falli með því, hvað um þessa sjö togara verður, tel ég þó ástæðu til, einmitt vegna þessara tilmæla, að þáltill. sú, sem hér um ræðir, fái skjóta afgreiðslu, svo og að athugun á arðsemi járnvinnslu hér á landi verði hraðað eftir föngum.

Ég vil síðan óska þess, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 51., 53. og 55. fundi í Sþ., 13., 20. og 27. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 31, n. 547).

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Ak. (JR), sem kosinn var í fjvn. frsm. n., getur ekki mætt hér á fundi sökum veikinda, og vil ég því leyfa mér með örfáum orðum að fylgja till. n. úr hlaði.

Í þáltill. þeirri, sem nál. fjallar um, er lagt til að fela ríkisstj. að láta framkvæma rannsókn á því, hvort ekki muni arðvænlegt að hefja hér á landi hagnýtingu brotajárns, t. d. með því að framleiða úr því steypustyrktarjárn. Fjvn. hefur leitað upplýsinga um þetta efni og m. a. leitað umsagnar þeirra aðila hér á landi, sem kunnugastir eru þessum málum, þ. e. a. s. Landssmiðjunnar og Stálsmiðjunnar h/f. Þær upplýsingar, sem n. hafa borizt frá þessum aðilum, bæði í bréfum og viðtölum, benda ótvírætt í þá átt, að ekki muni vera hér fyrir hendi grundvöllur til þeirrar hagnýtingar á brotajárni, sem gert er ráð fyrir í till. Það hefur komið í ljós, að fyrirtæki, sem þyrfti að setja á stofn til slíkrar hagnýtingar, er mjög dýrt, þannig að engar horfur virðast vera á því, að hráefni væri hér fyrir hendi, til þess að auðið yrði að starfrækja slíka stálsteypu.

Eins og sakir standa er ekki leyfilegt að flytja úr landi brotajárn nema með sérstöku leyfi. Enn fremur er upplýst, að það járn, sem dýrmætast er, þ. e. a. s. hið raunverulega brotajárn, sem kallað er, pottur, eir og gulmálmar, muni vera nýtt í landinu að fullu, þannig að það er ekkert af því flutt út.

Með hliðsjón af þessum aðstæðum öllum telur n. ekki vera fært að afgr. till. í því formi, sem hún liggur hér fyrir. Hins vegar er n. sammála um, að það sé sjálfsagt að hafa á því vakandi auga, ef aðstæður skapast til þess að nýta á einhvern hátt þetta hráefni svo sem önnur verðmæt hráefni, sem til falla hérlendis, og ætla verði, að ríkisstj. muni fylgjast með því á hverjum tíma, og leggur því n. til, að till. sé vísað til ríkisstj. á þessu stigi málsins.

Með hliðsjón af þeim málsatvikum, sem ég hef hér skýrt frá, vænti ég, að hv. þm. og flm. till. geti eftir atvikum fallizt á þessa málsmeðferð.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir vissulega nokkuð miður, að hv. fjvn. skuli ekki hafa séð sér fært að leggja með samþykkt þeirrar till., sem hér er til umræðu.

Till. fer ekki fram á annað en það, að látin sé fara fram rannsókn á því, hvort hagkvæmt muni vera að hagnýta járn það, sem til fellur innanlands, og það er alls ekkert um það sagt í till., að ætlunin sé sú eða hugmyndin að koma hér á fót mjög dýru og stóru fyrirtæki, stálsteypufyrirtæki, sem eigi að framleiða allar mögulegar tegundir af járni eða stáli. Það er meira að segja á það bent í grg., að að líkindum sé ekki grundvöllur fyrir slíkri fullkominni stálsteypu hér, en hins vegar sé full ástæða til þess að athuga, hvort ekki megi koma hér upp járnbræðslu, eins og tíðkast allvíða erlendis, þar sem framleiddar eru eingöngu hinar einföldustu tegundir af járni, og er sérstaklega bent á steypustyrktarjárn í því sambandi.

Mér þykir það dálítið einkennilegt hjá hv. n.,

að þegar hún leitar álits eða umsagnar aðila um þessa þáltill., þá skuli hún eingöngu binda sig við járnsmíðafyrirtæki, en ekki leita til að mynda til Iðnaðarmálastofnunarinnar, þess fyrirtækis, sem þó er sett á stofn fyrst og fremst til þess að rannsaka möguleika slíka sem hér er um að ræða.

Hv. frsm. n. skýrði frá því, að þau fyrirtæki, sem hefðu fengið þessa till. til umsagnar, hefðu svarað á þá leið, að ekki mundi vera hér rekstrargrundvöllur fyrir járn- eða stálsteypu. Ég hef fengið að líta á þessar umsagnir, og ég get ekki séð, að umsögn forstjóra Landssmiðjunnar sé á þann veg, heldur telur hann, að full ástæða sé til þess, eins og við till.-menn leggjum til, að þetta mál sé athugað. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér úr svari hans til hv. n. Hann segir svo:

„Vér teljum ekkert því til fyrirstöðu, að athugaðir séu möguleikar á hagnýtingu brotastáls innanlands. Slíkt er hægt án mikils tilkostnaðar með öflun tilboða í vélar og upplýsinga um rekstrarkostnað og verðlag framleiðsluvöru. Þar sem ekki er um mikið magn brotastáls að ræða, er hæpið, að framleiðsla steypustyrktarjárns, sem er í lægsta verðflokki stáls, sé arðvænleg. Mætti því jafnframt athuga, hvort grundvöllur væri fyrir rekstri stálsteypu í sambandi við bræðsluofninn, en stálsteypa er ekki til hér á landi nú."

Landssmiðjan bendir sem sagt á það, að það kunni að vera hæpinn grundvöllur fyrir brotajárnsframleiðslunni einni saman, en telur ástæðu til þess að athuga fleiri möguleika. Mér virðist því, að umsögn Landssmiðjunnar styðji fremur en veiki ástæðurnar fyrir því, að till. verði samþykkt.

Það mun vera óhætt að fullyrða, að hér á landi séu engir menn til, sem hafi rannsakað þetta mál til verulegrar hlítar eða hafi aflað sér þeirrar þekkingar á rekstri fyrirtækis eins og hér er um að ræða, sem til þess þarf að gefa frá sér án sérstakrar rannsóknar rökstutt álit á því, hvort hægt sé eða skynsamlegt að koma slíku fyrirtæki upp. Ég held, að enginn Íslendingur hafi kynnt sér þetta mál til þeirrar hlítar, — enginn maður hér á landi, — að hann sé án sérstakrar rannsóknar fullfær um að gefa út einar eða neinar yfirlýsingar um þetta, sem byggjast á útreikningum, sem ætla má að geti staðizt. Þess vegna held ég, að það sé full þörf á því, að úr þessu fáist skorið, þar sem líka er auðsætt, að hér er ekki um svo víðtækt rannsóknarefni að ræða, að það þurfi að valda ríkissjóði mjög miklum kostnaði. Mér er tjáð af mönnum, sem þessu eru þó einna kunnugastir hér, að það að gera áætlun um rekstur slíks fyrirtækis hér mundi ekki vera nema tveggja, þriggja, kannske fjögurra mánaða verk fyrir verkfræðing, sem hefur sérþekkingu á þessum efnum, t. d. norskan eða sænskan verkfræðing, sem við járnvinnslu eða stálvinnslu hefur starfað, og það er því sýnt, að hér er um tiltölulega lítinn kostnað að ræða, sennilega fáeina tugi þúsunda króna.

Aðalröksemd hv. n. og þeirra aðila, sem hún hefur spurt álits og leggja heldur gegn því, að till. sé samþykkt, er sú, að hér sé of lítið hráefni fyrir hendi til þess að standa undir rekstri slíks fyrirtækis sem hér um ræðir, og enn fremur nefna sumir mikinn stofnkostnað. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér um þessi mál, held ég, að þetta sé byggt á nokkrum misskilningi, — þeim misskilningi, að hér sé hugsað fyrir mjög stóru og fullkomnu fyrirtæki, kannske hliðstæðu því, sem Norðmenn hafa verið að koma upp hjá sér og kostar mörg hundruð milljónir króna. Það er ekki hugmyndin, að endilega sé bundið við það að rannsaka möguleika á slíkri stálsmiðju, heldur miklu minna fyrirtæki, sem fyrst og fremst væri við það miðað að hagnýta það brotajárn eða brotastál, sem hér fellur til. Það er og augljóst, að það hráefni, sem hér fellur til í þessu efni, mun fara vaxandi með auknum skipakosti landsmanna, — hann hefur aukizt mjög mikið á seinni árum og fer væntanlega enn verulega vaxandi. Það má líka benda á það, að síðustu 5 ár hefur verið flutt út járn eða stál, — brotajárn, sem kallað er nú í almennu tali, — sem nemur um 3 þús. smálestum að meðaltali á ári. Nú er vel hugsanlegt og full ástæða til þess að athuga það, hvort ekki er auðvelt að kaupa nokkuð af slíku brotajárni eða brotastáli til viðbótar og flytja hingað til lands. Enn fremur hefur mér verið bent á, að það sé alls ekki nein fjarstæða, að einnig fari fram athugun á því, hvort ekki borgaði sig að flytja til viðbótar við okkar brotastál eitthvað af málmgrýti frá Svíþjóð. Þetta er eitt af því, sem kæmi til athugunar í sambandi við þetta mál.

Enn fremur má benda á það, að ef grundvöllur væri fyrir því að framleiða hér steypustyrktarjárn, þá er verð á því járni nú um 4 krónur kg. Framleiðsla til að mynda 3 þúsund smálesta á ári, eða þess magns, sem flutt hefur verið úr landi af brotajárni árlega, næmi því 12 millj. kr. að verðmæti.

Ég hef það fyrir satt, að stálsteypuverksmiðjur víðs vegar erlendis þykja yfirleitt góð fyrirtæki og hafa skilað verulegum arði. Ég sé því ekki, að neitt ætti að vera í hættu hjá hv. Alþ., þó að það samþykkti einfalda till. um það, að þetta mál verði athugað og fengist úr því skorið með nokkurri rannsókn, hvort ekki er möguleiki á því að hagnýta þetta hráefni hér.

Ég sagði áðan, að enginn maður á Íslandi mundi hafa aðstöðu til þess nú í dag að skera úr um það, hvort skynsamlegt sé og hagkvæmt að koma upp slíku fyrirtæki sem hér um ræðir. Hins vegar veit ég til þess, að vestur í Kanada er maður af íslenzku bergi brotinn, Jón Ólafsson, sem hefur starfað mjög mikið að efnarannsóknum í stálverksmiðju þar, og hann hefur vakið athygli á því, að það sé hvarvetna talinn liður í iðnaðarþróun hvers lands, sem vill heita sæmilegt iðnaðarland, að hagnýta allt það brotajárn, sem til fellur í landinu sjálfu, en flytja það ekki út, þar sem það er mjög verðlítið sem brotajárn. Þessi maður, Jón Ólafsson stálfræðingur, ritaði fyrir um það bil tveim árum mjög athyglisverða grein í íslenzkt

blað, — grein, sem hann nefndi: „Hættið að senda brotajárn úr landi". Mig langar til þess að lesa hér örstutta tilvitnun í grein þessa manns, sem vafalaust er miklu kunnugri þessum málum en aðrir menn af íslenzku bergi brotnir. Hann snýr sér til íslenzku þjóðarinnar og segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hér verðið þið að horfa fram í tímann. Í öllum hamingjubænum hættið að henda brotajárni út úr landinu, þessu dýrmæta og ómissandi hráefni. Arðrænið ekki sjálfa ykkur. Fleygið ekki hráefninu í hendur erlendra manna, til þess að þeir fái allan hagnaðinn af að vinna úr því á ykkar kostnað. Það, sem aðrar þjóðir geta framkvæmt, það geta Íslendingar líka. Það hafið þið sýnt margsinnis og sannað. Íslendingar eiga ekki að kaupa fyrir dýrmætan gjaldeyri þá vinnu af öðrum þjóðum, sem þeir geta sjálfir leyst af hendi. Þið þurfið að koma ykkur upp stálsteypu og steinasmiðju. Byrjið í smáum stíl, ef með þarf, en byrjið þið, og fyrsta sporið í þessa átt er að hætta að henda brotajárni í útlendinga. Dragið allt ykkar brotajárn saman á einn stað, þar sem þið ætlið að reisa stálsteypuverksmiðju. Safnið þar saman öllum brotamálmi, sem þið getið, úr skipum, bílum, ónýtum vélum o. s. frv., því að innan skamms munuð þið skilja, að þið þurfið nauðsynlega að koma stálsteypunni á fót, og nóg hafið þið aflið í landinu sjálfu, þar sem rafmagnið er."

Þetta voru orð hins sérfróða manns. Og þó að nokkrar járnsmiðjur hér, sem jafnvel hafa sérstakan hag af því, a. m. k. sumar hverjar, að flytja brotajárn úr landi, telji ekki sérstaka ástæðu til þess að rannsaka möguleika á því að koma hér upp slíkri steypusmiðju sem um ræðir í þáltill., þá hygg ég, að það sé hættulítið fyrir hv. Alþ. að samþykkja þessa till., sem aðeins fer fram á rannsókn málsins.

Hv. fjvn. leggur til, að þessari till. verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar. Ef um það fengjust nú svör frá hæstv. ríkisstj., að hún hefði hug á því að láta athugun fara fram eins og þá, sem í till. greinir, þá mundum við flm. geta fallizt á þá afgreiðslu málsins, en að öðrum kosti leggjum við verulega áherzlu á það, að till. verði samþ. óbreytt.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Till. á þskj. 31 um rannsókn á hagnýtingu brotajárns hefur nú verið til umr. og til athugunar í hv. fjvn. Hv. fjvn. hefur leitað sér nokkurra upplýsinga um þetta mál og fengið nokkur svör. Til viðbótar því vil ég geta þess, að ég hef rætt um þetta mál við nokkra verkfræðinga, og þeir hafa ekki svarað þessu máli alveg til hlítar, hafa sagt, að í fljótu bili gætu þeir ekki ímyndað sér, að rekstur sá, sem hér er ætlazt til að verði hafinn, geti borgað sig. Er þá helzt borið við, að hráefnið muni vera of lítið.

Það hefur verið bent á það í greinargerð með till., að síðustu 5 árin hafi verið fluttar út 13700 lestir af brotajárni og að það sé nokkur mælikvarði á, hversu hráefnið sé mikið. En það hefur einnig verið bent á það, þótt ekki hafi verið kannske hér í þinginu, að þessi mikli útflutningur undanfarin ár stafi af því, að hér hafi safnazt fyrir í haugum mikið af brotajárni á stríðsárunum, og það sé vegna þess, að útflutningurinn gat orðið svona mikill síðustu árin. Það hefur einnig verið bent á, að það séu ekki líkur til, að hægt sé að skrapa saman svo mikið magn nú, eftir að búið er að hreinsa til þær fyrningar, sem söfnuðust á stríðsárunum. Eigi að síður finnst mér, að þetta mál eigi að fara í nánari rannsókn.

Ég er ekki sammála hv. flm., sem talaði hér áðan, að enginn Íslendingur hér heima sé því vaxinn að fella dóm í þessu máli. Ég þekki nokkra verkfræðinga, sem ég hef rætt þetta mál við, og þeir hafa ekki borið við neinum þekkingarskorti í málinu eða því, að þeir gætu ekki haft aðstöðu til að komast til botns í því, ef þeir gefa sér til þess tíma. Og það liggur í hlutarins eðli, að fjöldi af okkar verkfræðingum hefur komizt meira og minna í kunningsskap við járnbræðslu og járnsteypu og rekstur slíkra fyrirtækja. Það er þess vegna engum vafa bundið, að íslenzkir verkfræðingar eru vel færir um það á fyrra stigi málsins að gera sér grein fyrir því, hvort hér sé möguleiki að koma slíkri starfsemi af stað eða reka hana með sæmilegum árangri. Og ég vil segja það, að þetta mál er nú í nokkurri athugun. Það hefur engum aðila verið falið formlega að athuga þetta mál, en ég hef beðið tvo verkfræðinga að hafa þetta í huga og gefa mér skýrslu um málið. Og ég vænti, að þeir geri það áður en mjög langur tími líður. Hvort það þarf að borga þeim fyrir þessa skýrslu, geri ég ráð fyrir að fari eftir því, hvað vel og ýtarlega hún verður úr garði gerð.

Leiði þessi athugun í ljós líkur fyrir því, að Íslendingar geti nú gert nýtingu brotajárnsins að atvinnugrein, þá leiðir af sjálfu sér, að það á að leita út fyrir landssteinana til þeirra verkfróðu manna, sem hafa reynslu í þessu efni. En íslenzku verkfræðingarnir eru áreiðanlega færir um að draga línurnar og álykta um það, hvort hér sé um möguleika að ræða, enda þótt þeir geti ekki fullyrt, hvort ráðast beri í þetta fyrirtæki. En ég segi það, að ef þeirra niðurstöður leiða til þess, að allar líkur bendi til, að þetta borgi sig, þá á að leita lengra, til þeirra, sem reynsluna hafa.

Ég er alveg sammála fyrra flm., að við Íslendingar eigum að gera okkur að atvinnugrein allt, sem hugsanlegt er, nýta þau fáu hráefni, sem við eigum í landinu, ef það svarar kostnaði, og láta slíkt alls ekki undir höfuð leggjast, ef líklegt má telja, að þetta borgi sig. Hráefnið hefur verið flutt úr landi á undanförnum árum á nokkuð misjöfnu verði. Ég hygg, að það hafi oft verið um 1 kr. kílóið f.o.b. íslenzka höfn. Og það er nú kannske ekki hátt verð, en þess ber að geta, sem áður hefur reyndar verið sagt frá, að allir dýrmætari málmarnir hafa verið nýttir hér í landinu, en ekki fluttir út. Þess ber líka að geta, að steypujárnið, sem við flytjum inn, er ekki í mjög dýru verði. Ég man ekki, hvað það kostar núna komið hingað til lands. Ég man eftir tölum, að það var eitthvað um kr. 2.50 f.o.b. kílóið í erlendri

höfn. Ég vil ekki fullyrða, að það sé verðið í dag, en ef það er ekki um að ræða nema kr. 1.50 verðmun á kg, þá sjáum við það nú í fljótu bili, að það ber ekki að flana hér að neinu, heldur að rannsaka þetta mál vel. Og magnið, sem unnið verður úr, verður áreiðanlega að vera nokkuð mikið, til þess að það geti svarað kostnaði, með þeim vinnulaunum, sem við verðum að greiða, og öðrum kostnaði, sem á þetta hleðst. — Hvort það gæti borgað sig fyrir okkur að flytja inn málmgrýti frá Svíþjóð eða Noregi og jafnvel brotajárn annars staðar frá, eins og hv. flm. talaði hér um áðan, það skal ég alveg láta ósagt um. En þótt það virðist vera fjarstæðukennt, þá er vitanlega ekkert á móti því að athuga möguleikann fyrir því einnig.

En ég vil aðeins endurtaka það, sem ég áðan sagði, að enda þótt mér sýnist eins og hv. fjvn., að fengnum þeim upplýsingum, sem hún fékk, að litlar líkur séu til þess, að það svari kostnaði að setja hér upp málmsteypu og málmbræðslu til þess að hagnýta það brotajárn, sem hér fellur til, þá finnst mér sjálfsagt að láta fara fram athugun á þessu máli og þá fyrst hér heima af íslenzkum verkfræðingum. Leiði þeirra niðurstöður það í ljós, að þetta sé fjarstæða, þá álít ég, að það eigi ekki að kosta meiru til. Leiði þeirra niðurstöður í ljós, að líklegt megi telja, að þetta svari kostnaði og að í þetta eigi að ráðast, þá mundi ég leggja til, að leitað væri til þeirra manna, sem hafa reynslu í þessu efni, t. d. norskra eða sænskra sérfræðinga. Ég segi þetta hér að gefnu tilefni, af því að það hefur verið lagt til að vísa þessu máli til ríkisstj., og ég segi það vegna fyrirspurnar hv. fyrra flm. hér áðan, að um leið og þessi till. er samþ. og reyndar áður en hún var samþ., hafa þegar verið gerðar nokkrar ráðstafanir til bráðabirgðaathugunar á málinu.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, og get ég verið stuttorðari fyrir þá sök, að hæstv. viðskmrh. hefur rætt þetta mál það ýtarlega, að það þarf ekki miklu við það að bæta.

Það má auðvitað til sanns vegar færa, að það væri engin hætta í því að samþ. þáltill. um að fela ríkisstj. að athuga þetta mál. Hins vegar er það nú svo um samþykkt till. í því afdráttarlausa formi, eftir að upplýst hefur verið, hvernig málið liggur fyrir, og þær niðurstöður benda ótvírætt í þá átt, að hér sé að sinni a. m. k. ekki um hagkvæmt fyrirtæki að ræða, að það yrði ekki talið óeðlilegt að álykta sem svo, að sú afgreiðsla málsins væri óeðlilegri en sú, sem nefndin leggur nú til, að málinu verði vísað til ríkisstj. og þá með þeim jákvæðu ummælum, að ríkisstj. verði á varðbergi um að hagnýta sér þá möguleika, sem síðar kunna að koma í ljós varðandi nýtingu þess hluta brotajárns, sem ekki er nú þegar nýttur í landinu.

Ég skýrði frá því áðan, að allt hið verðmætasta brotajárn er nýtt hér á landi í járnsteypunum tveimur, Landssmiðjunni og Stálsmiðjunni. Það er því aðeins hið venjulega brotajárn, sem til fellur hér og þar um landið, sem kæmi til með að koma til nýtingar í málmsteypu þeirri, sem flm. gera ráð fyrir að sett yrði á stofn.

Hv. 8. þm. Reykv. skýrði hér frá því áðan, að flutt hefði verið úr landi mikið magn af brotajárni. Það er alveg rétt. En fyrir þetta brotajárn hefur líka fengizt mikið fé, því að það mun vera á annan tug milljóna, sem hefur fengizt fyrir þetta járn í útflutningsverðmætum. Það er því alls ekki svo, að það hafi farið forgörðum. Hefur verið mikið kapp lagt á það af ýmsum að safna saman því járni, sem safnazt hefur í landinu um langt árabil, og þar af leiðandi er ekki hægt að gera sér neinar vonir um, að neitt hliðstætt magn verði til ráðstöfunar í framtíðinni til árlegrar vinnslu.

Ég hygg nú, að það geti naumast verið ákaflega flókið mál, enda hefur það komið í ljós í viðtölum fjvn. við forstjóra Landssmiðjunnar, að gera sér í stórum dráttum grein fyrir líkunum fyrir því, hvort hér væri hagkvæmt að setja upp stálsteypu eða ekki. Þær upplýsingar, sem hann gaf fjvn. og voru mun ýtarlegri á fundi nefndarinnar en er í því bréfi, sem hv. 8. þm. Reykv. las upp, staðfestu það mjög rækilega, að eins og sakir stæðu væru mjög litlar líkur til, að unnt yrði að setja hér upp stálsteypu. Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að það hefði ekki verið hugmyndin að setja hér upp dýra verksmiðju, en ef um stálsteypu er að ræða, þá er það alltaf dýrt fyrirtæki, og það er nauðsynlegt við slík fyrirtæki, að það sé hægt að starfrækja málmbræðsluofninn að staðaldri, þannig að það verður að vera mikið hráefni fyrir hendi. Vitanlega má hugsa sér að flytja inn hráefni, og kæmi það vel til athugunar. En eftir þeirri reynslu, sem bæði Norðmenn og Danir hafa af þessum málum, og vinna þeir þó mjög mikið úr járni og stáli, benda þær upplýsingar allar í þá átt, að hér sé við mikla erfiðleika að stríða í þessu efni.

Mér er ekki kunnugt um, að þær smiðjur, sem fjvn. leitaði til um upplýsingar, hafi atvinnu af því að flytja brotajárn úr landi, hvorki Stálsmiðjan né Landssmiðjan, þannig að af þeim sökum sé hægt að vera með fullyrðingar um það, að þeirra umsögn um málið kunni að vera neikvæð af þeirri ástæðu. Hitt er annað mál, að vitanlega er sjálfsagt að hafa augun opin, eins og ég sagði áðan, um nýtingu á þessu hráefni eins og öðru því hráefni, sem til kann að falla í landinu. Og ég efa ekki, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnmrh. muni hafa augun opin fyrir þessu og fylgjast með og láta athuga það, eftir því sem efni standa til, hvort hér kunni að vera um hagkvæmt fyrirtæki að ræða, þannig að af þeim sökum sé það fullkomin trygging fyrir þeirri afgreiðslu málsins og athugun, sem hv. flm. hafa borið fyrir brjósti, að hafa þá afgreiðslu á málinu, sem fjvn. hefur lagt til.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. viðskmrh. fyrir það, að hann tók yfirleitt, að mér fannst, jákvætt í það mál, sem hér er til umr., og kvaðst hafa

hug á því, að þeir möguleikar væru rannsakaðir, sem kynnu að vera fyrir hendi í sambandi við járnbræðslu hér á landi. Það er að sjálfsögðu megintilgangur okkar, að fram fari á þessu hlutlaus athugun, þar sem ekki er byrjað fyrir fram af athugendum með neina fordóma á því, að þetta sé ekki hægt, það sé enginn grundvöllur, heldur rannsakað frá rótum og ekki verið með neinar bollaleggingar fyrir fram um það, hverjar niðurstöður yrðu af slíkri rannsókn. Þetta er að sjálfsögðu meginatriði málsins.

Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að hann hefði minnzt á það við tvo verkfræðinga að athuga þetta mál, og hafði raunar um það ekki sterkari orð en svo, að hann hefði beðið þá að hafa málið á bak við eyrað. Ég vil vona, að þeir taki þetta hlutverk sitt samt nokkuð alvarlega, og efast ekki um, að það séu hæfir menn, sem muni gera það. Ég vildi þó vænta þess, að hæstv. ráðh. sæi svo um í frekari viðtölum við þá, að þeir rannsökuðu þetta mál til þeirrar hlítar, sem nauðsynleg er.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði talað um það, að enginn íslenzkur verkfræðingur eða íslenzkur maður mundi vera fær um að gera athugun og rannsókn á þessu máli. Ég hygg, að ég hafi komizt að orði eitthvað á þá leið, að nú á stundinni sé enginn maður í landinu sérfróður um þessi efni, og ég held, að það sé rétt. Hins vegar efast ég ekki um það, að góðir verkfræðingar mundu geta sett sig inn í málið og komizt til sæmilegs botns í því, ef þeir gæfu sér tíma til þess að rannsaka það til hlítar. Þó verð ég að benda á það, að rannsóknir og athuganir bæði á framleiðslu stáls svo og á rekstri slíkra fyrirtækja munu vera sérstök fræðigrein, a. m. k. rannsóknir á gerð stáls. Þær munu vera sérfræðigrein innan verkfræðinnar, og ýmsir útlendir verkfræðingar, t. d. norskir og þó kannske einkum sænskir, hafa þessa sérfræðiþekkingu til að bera, en enginn íslenzkur verkfræðingur, svo að mér sé kunnugt, hefur hana sérstaklega.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. og hv. frsm. nefndarinnar, að þó að ég hafi bent á það magn, sem við hefðum flutt út undanfarin ár af brotajárni, er ekki þar með sagt, að það sé algerlega réttur mælikvarði á það, hvað til fellur árlega. Athugasemdir þeirra um það eru að nokkru leyti réttar. En eins og ég benti á, hefur nú skipastóll okkar vaxið mjög, og þegar þau skip fara að ganga úr sér, mun falla til töluvert af brotajárni frá skipum. Enn fremur er vélakostur landsmanna, bæði á sjó og landi, í mjög miklum vexti, og þar mun falla til afar mikið magn á næstu árum og áratugum af því, sem almennt er kallað brotajárn.

Einn misskilning vil ég leiðrétta hjá hæstv. ráðh. Hann var að tala um verðið á brotajárni og sagðist halda, að það hafi verið flutt út fyrir 2 kr. kílóið. Þetta er alger misskilningur. Það eru að minnsta kosti ekki nema allra dýrustu tegundir af eir og svokölluðum potti, sem nálgast það að komast í slíkan verðflokk. Ég held, að ég megi fullyrða, að venjulegt brotajárn, t. d. ónýt skip og annað þess háttar, hafi verið flutt út, ekki fyrir 2 kr. kílóið, heldur fyrir 20—30 aura, eða mjög lága upphæð. Þetta held ég að ég megi fullyrða. Og þar sem við flytjum inn járn fyrir 3—4 kr. kílóið í ýmsum myndum, gefur auga leið, að verðmunurinn á þessu tvennu er gífurlegur.

Hv. frsm. nefndarinnar sagði, að slíkt fyrirtæki sem hér um ræðir hljóti alltaf að verða mjög dýrt fyrirtæki. Það má til sanns vegar færa, en fer þó eftir því, við hvað við miðum í þessu efni. Ef hann miðar við það, að komið yrði upp fullkominni stálverksmiðju, líkt og þeirri miklu verksmiðju, sem Norðmenn hafa verið að koma upp hjá sér og kostar líklega 1000 millj. kr. eða eitthvað þar yfir, þá er þetta auðvitað stórkostlegt fyrirtæki og okkur langsamlega ofvaxið, að öllum líkindum. En ég veit til þess, að járnbræðsluofnar, sem framleiða ýmsar einfaldar tegundir af steypujárni, eru starfræktar mjög víða hjá nágrannaþjóðunum, t. d. í flestum stærri borgum Noregs og Svíþjóðar, og má segja, að það séu nokkuð dýr fyrirtæki. Stofnkostnaðurinn er nokkrar milljónir, kannske allt upp í 10—20—30 millj., þar sem þeir eru stærstir. En það er þó allt annað fyrirtæki en hitt, sem mér virðist að hv. frsm. hafi helzt átt við.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en vil að lokum ítreka það, sem ég áðan sagði, að ég er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir þær góðu undirtektir, sem hann veitti þessu máli, og vil mega vænta þess, að sú athugun fari fram, sem hér er lagt til að gerð verði, og þá liggi fyrir um það nokkuð ákveðnar niðurstöður, áður en mjög langt líður, hvort ástæða sé til að ráðast í slíkt fyrirtæki sem þetta eða hvort það bíður seinni tíma. En sannfærður er ég um, að það líða ekki margir áratugir þangað til við Íslendingar höfum komið hér upp járnbræðslu.

ATKVGR.

Till. á þskj. 547 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 22:5 atkv.

4. Dýrtíðarlækkun.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ráðstafanir til lækkaðrar dýrtíðar [93. mál] (A. 155).

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 20., 21., 22., 26. og 27. fundi í Sþ., 23. nóv., 2., 7., 13. og 14. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Atvinnumál og dýrtíðarmál eru einhver

allra þýðingarmestu málin, sem íslenzk ríkisstj. hlýtur á hverjum tíma að fást við og helga krafta sína. Það er varla til réttlátari mælikvarði, að minni hyggju, á stjórnarfarið en það, hvernig atvinnulífinu vegnar og hvernig verðlagsmálunum er stjórnað. Hér er nú atvinnuleysi í þremur landshlutum, og það vil ég fullyrða að sé nokkuð þungur áfellisdómur á stefnu hæstv. ríkisstj., því að þetta ástand verður ekki afsakað með því, að árferði hafi verið erfitt, og þrátt fyrir lækkandi verðlag á heimsmarkaðnum er það staðreynd, að dýrtíð heldur hér áfram að hækka ár frá ári. Slík þróun getur ekki endað nema með skelfingu. Verði hún ekki stöðvuð, verður endirinn sá, að framleiðsluatvinnuvegir okkar verða ekki samkeppnisfærir á erlendum mörkuðum, og þegar svo er komið, hefur stjórnarstefnan í rauninni leitt hrun yfir þjóðina.

Síðan verðlagsákvæði voru afnumin, hefur álagning á ýmsar vörur og þjónustu — og ekki sízt það síðarnefnda — hækkað miklu meira en góðu hófi gegnir. Mörg hundruð prósent álagning er ekki óþekkt fyrirbrigði, og nú er svo komið, að flestar greinar milliliðastarfsemi eru öruggur gróðavegur hér á landi, en hins vegar er nálega öll framleiðslustarfsemi rekin með töpum, stórfelldum töpum, en síðan er svo látið heita, að framleiðslustarfseminni sé bjargað með ölmusum og styrkjum frá ríkinu. Flestir munu vera sammála um, að út í ófæru sé stefnt og að aðeins sé um tvær leiðir að velja: í fyrsta lagi að setja aftur á lögskipuð verðlagsákvæði með ströngu verðlagseftirliti, eða þá í annan stað að reyna að þrýsta verðlaginu niður með frjálsum samningnum ríkisvaldsins við alla þá aðila, sem mest áhrif geta haft á verðlagið í landinu. Það er skoðun okkar flm. að þessari till., að það sé að öllu leyti ánægjulegra, ef unnt reyndist með frjálsum samningum að halda verðlagi á vörum og þjónustu innanlands innan hóflegra takmarka og draga úr dýrtíðinni. Þess vegna leggjum við til, að sú leið verði reynd þegar í stað í dýrtíðarmálunum og Alþ. feli þegar ríkisstj., eins og í till. segir, að leita þegar samninga um lækkað verðlag við Samband íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Samband smásöluverzlana, Eimskipafélag Íslands, Félag íslenzkra iðnrekenda, Sláturfélag Suðurlands, Stéttarsamband bænda og alla aðra hlíðstæða aðila, sem áhrif geti haft á verðlag í landinu, og freista þess að fá þá til að lækka alla álagningu í heildsölu og smásölu og gera ráðstafanir til að draga úr hvers konar milliliðakostnaði öðrum, sem nú á þátt í hærra verðlagi en brýn nauðsyn krefst. Í till. segir enn fremur, að í samningum þessum skuli lögð höfuðáherzla á, að verðlaginu sé haldið eins lágu og mögulegt sé á öllum helztu nauðsynjavörum landsmanna.

Að lokum er það tekið fram í till., að kosta beri kapps um, að samningum þessum geti verið lokið fyrir næstu áramót, en það lokaákvæði ber að skilja þannig, að samningunum yrði lokið fyrir þau áramót, sem nú eru liðin, því að till. var borin fram hér á Alþ. um miðjan nóvember s. l. Það er þannig átt við áramótin 1954—55, en ekki 1955—56.

Það er nú fyrst, sem þessi till. hefur komið til umr., þótt hún hafi verið nokkrum sinnum á dagskrá, og var að minni hyggju ekki hægt að leggja það út öðruvísi en að það hefði ekki ríkt sá æskilegi áhugi fyrir því að taka hana til meðferðar, því að ólíkt betur hefði nú hæstv. ríkisstj. staðið að vígi, ef hún hefði stutt að því á s. l. hausti, að þessi till. yrði þegar rædd og afgreidd, og ríkisstj. þannig fengið í hendur það hlutverk að leita fast eftir samningum við þau fyrirtæki, sem nefnd eru í till., um það, að þau beittu sér af alefli fyrir lækkuðu verðlagi, því að það vakti sannarlega fyrir okkur flm., að árangur af slíkum samningaviðræðum ríkisstj. við atvinnu- og viðskiptafyrirtæki lægi fyrir, áður en til þess kæmi, að verkalýðsfélögin í landinu segðu upp kaupgjaldssamningum. Það var það, sem þurfti að liggja fyrir, því að vitanlega byggja verkalýðssamtökin í landinu nokkuð mikið kröfur sínar á því, hvernig verðlagsmálunum er háttað og hverjar breytingar verða á verðlagi, þ. e. a. s. byggja mikið á því, hvort verðlagið lækkar eða hækkar, hvort nýting kaupmáttarins í launum rýrnar eða vex.

Því miður fór það svo, að hæstv. ríkisstj. notaði ekki haustmánuðina til þess að vinna að þeim verkefnum, sem mörkuð eru í þessari till. Nú er tíminn liðinn hjá án aðgerða, og ekkert hefur í þessum málum gerzt fram að þessu, sem teljandi sé.

Verkalýðsfélögin eru búin að segja upp samningum, og þau eru, hygg ég, nú að leggja síðustu hönd á að ákveða, hvaða kröfur þau geri í kaupgjaldsmálunum, og þetta hlaut svona að fara. Grg. till., þegar hún var lögð fram í haust, endaði á þessum orðum:

„Það má því segja, að enn þá eigi ríkisstj. kost á því að velja um leiðir í verðlags- og kaupgjaldsmálunum, en óvíst er, að tækifærið bíði lengi við dyr stjórnarráðsins, ef till. verður engu sinnt.“

Tækifærið hefur beðið við stjórnarráðsdyrnar síðan um miðjan nóvember a. m. k., og það er alveg óvíst, að það sé þar enn á tröppunum. (*Gripið fram í:* Til hvers er þá að samþ. till.?) Það hefði a. m. k. ekki verið ástæðulaust að samþykkja hana, þegar hún kom fram. Ég tel það miklu þýðingarminna nú, og er það ekki mín sök.

Ríkisstj. hefur þó nú fyrir nokkru, eftir áramót, tilkynnt stjórn Alþýðusambands Íslands það, að hún hafi nú í huga að reyna þá leið, sem í till. felst, og í framhaldi af því hefur ríkisstj. enn fremur — og því hefur hæstv. forsrh. skýrt frá hér á Alþ. nú fyrir nokkrum dögum — skrifað átta eða níu fyrirtækjum, flestum þeim sömu sem upp eru talin í þessari till. og olíufélögunum þar að auki, á þá leið, að þau séu beðin að tilnefna tvo menn til þess að taka þátt í samningum við ríkisstj. um vissar aðgerðir í verðlagsmálum. Enn fremur er tilkynnt, að félögin hafi öll tekið jákvætt undir þessi tilmæli ríkisstj. og tilnefnt menn, og samkvæmt seinustu upplýsingum hæstv. forsrh.

áttu þessir samningar ríkisstj. og atvinnu- og viðskiptafyrirtækjanna að hefjast upp úr síðustu helgi, þ. e. a. s. rétt þessa dagana. Þetta bendir til þess, að það sé þó viðurkennt af ríkisstj., að þessi leið sé reynandi, og að nú eigi að fara að þreifa fyrir sér um framkvæmd hennar.

Um það leyti, sem till. var flutt á s. l. hausti, var kunnugt um það, að ríkisstj. Finnlands, sem þá var að setjast að völdum, hafði það einna efst á stefnuskrá sinni, að hún ætlaði að reyna að gera ráðstafanir til þess með frjálsum samningum að þoka verðlagi þar í landi niður, og um sama leyti eða nokkru fyrr hafði norska ríkisstj. undir forustu þáverandi forsætisráðherra, Oscars Torp, hafið samninga við 15 áhrifamikil fyrirtæki í verzlun og iðnaði í Noregi um, að þau gerðu ráðstafanir til verðlagslækkunar. Norska ríkisstj. fylgdi þessu máli svo fast eftir, að forsætisráðherrann gekk sjálfur í þessa samninga og tilkynnti hverju þeirra, að ef með frjálsu móti og að samningaleiðum fengjust ekki lækkanir á verðlagi, þá mundi ríkisstj. beita ákvæðum í Prisloven — í verðlagslöggjöfinni norsku — og hika ekkert við að nota allar lagalegar heimildir til þess að þrýsta verðlaginu niður, — boðaði sem sé strangt verðlagseftirlit og verðlagsákvæði, ef atvinnulífið og viðskiptalífið legðu ekki góðvilja fram í frjálsum samningum um verðlagsmálin. Norska stjórnin náði strax nokkrum árangri í þessa átt, en önnur fyrirtæki tóku þannig málaleitun stjórnarinnar, að þau stóðu föst við sinn keip og fengust ekki til þess að lækka verðlagið, og beitti þá ríkisstj. norska hörðu og lét ákvæði verðlagslaganna koma til framkvæmda gagnvart þeim. Þannig urðu sérstaklega mikil átök milli ríkisstj. norsku og skógeigendanna í Noregi, þar sem þeir vildu ekki lækka verðlag á timbri eins og ríkisstj. og hennar sérfræðingar töldu vera hægt.

Stjórn Einars Gerhardsens, sem nú hefur tekið við völdum í Noregi, hefur tekið þetta mál upp af krafti á ný, eða réttara sagt haldið þessum samningaaðgerðum áfram, og það standa sakir mjög svipað í Noregi og hér, að kaupgjald kemur til með að hækka í marzmánuði stórkostlega, ef verðlækkunarráðstafanir ríkisstj. hafa ekki borið árangur, því að þar var kaupgjaldið bundið samningum við atvinnurekendasamböndin með því skilyrði, að dýrtíðin yxi ekki á samningstímabilinu.

Ég flutti þessa till. líka að nokkru leyti sökum þess, að við höfðum aðeins fengið innlenda reynslu af því, að nokkru mætti um þoka í verðlækkunarátt með samkomulagsaðgerðum, því að í verkfallinu mikla haustið 1952 var að síðustu farið inn á þá leið að reyna að ná samkomulagi við ríkisstj. um lækkað verðlag á nokkrum nauðsynjavörum. Ríkisstj. fékk það fram, þó að hún hefði nauman tíma, því að hún snerist seint við þessari málaleitun, að fá samkomulag við nokkur fyrirtæki um verðlækkanir, og þar á meðal voru Samband ísl. samvinnufélaga og Verzlunarráð Íslands, og það varð til þess að auðvelda lausn deilunnar. Verðlækkun á mjólk var ein af þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar, og sú ráðstöfun hefur staðið fram á þennan dag. Aðrar ráðstafanir, sem þá voru gerðar, hafa reynzt miður haldgóðar sumar hverjar og einstöku vanefndir verið á þessu, en nokkurn árangur bar þetta þó í bili og að vissu leyti enn í dag, og þessi leið var gleðilegur atburður og olli að nokkru tímamótum í þessum málum. Það var einn liður þessa samkomulags, að Samband íslenzkra samvinnufélaga, Samband smásöluverzlana og Verzlunarráð Íslands skuldbundu sig til vissrar hámarksálagningar á nokkrum tegundum álnavöru og á búsáhöldum og leir- og glervöru, og var verðgæzlustjóra fyrirskipað að athuga, hvernig þessum skuldbindingum væri framfylgt. Þær athuganir, sem verðgæzlustjóri hefur gert á þessu, benda til þess, að þær vörur, sem síðan hafa verið undir þessum samningsbundnu ákvæðum, séu heldur ódýrari en þær, sem samningsákvæðin náðu ekki til. Seinasta skýrsla hans greindi frá því, að 9.8—10.4% álagning væri meðalálagning á ýmsa vöruflokka, sem hin samningsbundna álagning tók til, en aftur á móti aðrar vörur, sem voru ekki undir þeim ákvæðum, væru nú með 17.7—44.5% álagningu. Það virtist vera auðsætt, að þetta hafði að nokkru leyti haldizt og verkað sem hömlur á verðhækkanir á þessum vöruflokkum.

Ég tel, að hæstv. ríkisstj. hafi mjög góða aðstöðu til þess að orka því, að flestir þeir aðilar, sem nefndir eru í till., gerðu ráðstafanir til nokkuð lækkaðs verðlags, því að sannleikurinn er sá, að síðan verðlagsákvæði voru numin úr gildi og verzlunar- og viðskiptafyrirtækjum þannig gefið sjálfdæmi í verðlagsmálunum, hefur verðlagið hækkað, álagning aukizt, og hin frjálsa samkeppni, sem sagt var að mundi láta til sín taka, þegar vöruþurrð væri ekki lengur í landinu, hefur ekki reynzt sá hemill á verðlagsmyndunina, sem menn gerðu sér vonir um. Algert frjálsræði í þessu hefur leitt til hækkaðs verðlags að ófyrirsynju, og það er nú viðurkennt með byrjandi aðgerðum hæstv. ríkisstj., að hún er þeirrar skoðunar, að sé hægt að fá stjórnendur þessara fyrirtækja til þess að draga úr ágóðahlut sínum, þá sé hægt að lækka verðlagið í landinu að frjálsum samningaleiðum, og það er vissulega sannfæring okkar flm.

Ég tel hins vegar, að ef ekki verður sýndur þarna fyllsti góðvilji og skilningur í því að lækka verðlagið með samningum við ríkisstj., þá verði að setja hámarksákvæði aftur á ákveðnar vörutegundir, sem mesta þýðingu hafa að því er snertir verðlagið í landinu.

Það var auðséð á s. l. ári, að það var ekki hið almenna verkafólk í verkalýðsfélögunum eitt, sem undi illa sínum hlut. Það var svo komið, að allir launamenn, jafnt í þjónustu bæjarfélaga og ríkisins, töldu sig ekki geta komizt af með þau laun, sem þeir höfðu haft, þó að þeir ættu að stöðugri atvinnu að ganga, og svo var komið, að einstaka launastéttir í þjónustu ríkisins lögðu niður vinnu, ef þær fengu ekki launakjör sín lagfærð. Það fór svo, að viss stétt manna, ekki meðal þeirra lægstlaunuðu hjá Reykjavíkurbæ, lagði niður vinnu og knúði fram stórfellda hækkun á launum

sínum. Hin sama stétt í þjónustu ríkisins greip nokkru síðar til sömu aðgerða, lagði niður vinnu, réð sig annars staðar, og með því móti tókst þeim starfsmönnum einnig að knýja fram hækkanir á kaupi sínu og ýmsar ráðstafanir, sem verka sem bein kauphækkun. Þegar þetta hafði gerzt, gekk fyrir ríkisstj. einn af prófessorum háskólans, sem er forseti sambands opinberra starfsmanna og hefur þó sem fræðimaður haldið því fram, að kauphækkanir væru ekki til raunverulegra kjarabóta fyrir verkalýðinn undir vissum kringumstæðum í þjóðfélaginu, og þær kringumstæður hefur hann allt fram til þessa talið vera fyrir hendi, en nú brá svo við, að hann — einnig hann — var orðinn sannfærður um það, að ekki væri hægt að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna í samtökum opinberra starfsmanna með öðru móti en því að krefjast hækkaðra launa, og það knúði hann fram og meðstjórnendur hans í þeim samtökum með samkomulagi við hæstv. ríkisstjórn. Samkvæmt því var gengið frá því máli hér á Alþingi fyrir hátíðarnar og laun opinberra starfsmanna hækkuð nokkuð með uppbót á laun síðasta árs og þess, sem nú er byrjað.

Þegar svona er komið, er vitanlega algerlega eðlilegt, að fólkið, sem býr við lægri launakjör og sumt af því við óstöðuga atvinnu í ofanálag, telji sér ekki heldur fært að búa við óbreytt launakjör og segi upp sínum kjarasamningum og krefjist hækkunar á kaupi. Það á ekki annars kost.

Menn hafa verið mjög að ræða um það að undanförnu, að það sé um tvær leiðir fyrir verkalýðssamtökin að ræða í kaupgjalds- og kjaramálunum, það sé að biðja um hækkað kaup eða krefjast lækkaðs verðlags. Þetta byggist á nokkrum misskilningi. Verkalýðssamtökin eiga um ekkert að ræða annað en að óska eftir hækkuðu kaupgjaldi. Hvert verkalýðsfélag um sig hefur samning um launamál sinna félagsmanna við atvinnurekendur á því félagssvæði. Í þessum samningi er ekki um annað að ræða en kaupgjaldsliði, samningsákvæði um kaupgjald og samningsákvæði um vinnutíma og vinnuöryggi og ýmiss konar réttarbætur og öryggi við vinnuna. Þegar svona samningi er sagt upp, er eingöngu um það að ræða að ganga að samningaborði við atvinnurekendurna um lagfæringar til bættra kjara að því er snertir kaupgjaldsákvæðin og réttindaákvæðin. En ef stjórn verkalýðsfélags færi fram á það við sína atvinnurekendur, að þeir sæju hinu vinnandi fólki fyrir álnavöru á lækkuðu verði, fyrir lækkuðu húsnæði, fyrir ódýrari kartöflum, fiski og kjöti o. s. frv., þá segðu atvinnurekendurnir auðvitað undireins: Þetta er utan við ramma þess samnings, sem á milli okkar er, og hefur ekkert með hann að gera og liggur á því sviði, sem mér er gersamlega ómögulegt að gera neitt við eða semja neitt við þig um. — Sú leið er því ekki fær af hendi hinna einstöku verkalýðsfélaga. Þau eiga eingöngu kost á því að segja upp sínum samningi til þess að fá þá liði, sem samningurinn fjallar um, hækkaða og komið þeim í hagfelldara horf.

Þá vitna menn til þess, sem gerðist 1952, en þá hagaði málum þannig, að flest verkalýðsfélög landsins sögðu upp samningum á sama tíma og samræmdu sínar kröfur, sem voru kauphækkunarkröfur og ekkert annað og réttindakröfur, og fólu einni sameiginlegri stjórn að fara með þessar kröfur og ganga til samninga, ekki við hina einstöku atvinnurekendur, heldur við Vinnuveitendasamband Íslands. Og þegar þeir samningar höfðu verið þreyttir um hríð og atvinnurekendurnir sögðu, að þeir gætu ekki orðið við neinum kröfum verkalýðssamtakanna, þá var það sem Vinnuveitendasambandið og atvinnurekendurnir voru spurðir að, hvort þeir gætu leitað til nokkurs aðila, sem gæti þá leyst vandann með þeim á þann hátt, að kaupmáttur launanna ykist eða lífskjör fólksins, sem var verið að semja fyrir, yrðu á einhvern hátt bætt. Þá var af hvorum tveggja aðilanum, Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands, leitað á fund ríkisstj. um þessi mál, sem í fyrstu hélt því fram, að þetta mál væri henni óviðkomandi, hún væri þarna ekki samningsaðili að, en síðan tók þó til meðferðar ýmsar þær uppástungur, sem frá verkalýðssamtökunum komu um ráðstafanir til lækkaðs verðlags á ýmsum nauðsynjavörum, á sköttum og ýmiss konar þjónustu, þar á meðal á farmgjöldum. Og sú varð niðurstaðan eftir nokkurt samningaþóf, að árangur náðist á þessu sviði og deilan var að nokkru leyti leyst að þeirri leið.

Nú blasir þetta mál ekki þannig við. Einstök verkalýðsfélög hafa að vísu sagt upp samningum, en það er engan veginn yfir alla línuna, eins og heita mátti 1952, og verkafólkið í þessum félögum hefur ekki kosið sameiginlega stjórn yfir þær samningaaðgerðir, sem fyrir dyrum standa, og hvert verkalýðsfélag um sig heyir nú sína baráttu og ber fram sínar kröfur við eigin atvinnurekanda, sem auðvitað getur ekki sinnt neinum kröfum öðrum en þeim, sem eru innan ramma stéttarfélagasamningsins og fjalla um kaupgjaldsmálin og öryggismálin í sambandi við atvinnurekstrinn. Það, sem hins vegar fyrir mér vakti og hv. 1. landsk. (GÞG), sem með mér flytur þessa till., var að reyna að knýja ríkisstj. til að vera búna að gera ráðstafanir í verðlagsmálunum áður en verkalýðsfélögin segðu upp sínum samningum, svo að grundvöllurinn væri annar, þegar að samningaborðinu væri gengið, og hægt væri að miða við hagkvæmara verðlag á lífsnauðsynjunum, meðan setið væri að samningunum og einmitt þegar kröfurnar væru mótaðar, heldur en nú verður hægt að horfast í augu við, þegar gengið er nú til samninga og kröfurnar eru mótaðar.

Ég hefði fagnað því mjög, ef hæstv. ríkisstj. hefði brugðizt fljótt við á s. l. hausti og reynt þetta, og það hefði verið allt öðruvísi um að litast nú og horft með allt öðru hugarfari fram til 1. marz, ef ríkisstj. hefði verið búin fyrir s. l. áramót að ljúka slíkum samningum, þrautreyna þá við öll þau fyrirtæki, sem nú á að reyna samninga við, og árangurinn hefði legið á borðinu. Það er kannske aldrei of seint að

reyna að gera það rétta, en það er þó miklu skynsamlegra að fresta ekki því til morguns, sem gera ber í dag. Og það, sem átti að gera í þessum málum, átti að gerast á síðustu haustmánuðum, en ekki eftir að út í deilur væri komið. En það er áreiðanlegt, að það liggur enginn árangur fyrir í þessum málum. Hvort sem þessi till. verður nú samþykkt eða ekki, þá liggur enginn árangur fyrir í þessum málum fyrr en í óefni er komið og ágreiningurinn er risinn og erfiðara er að fást við hlutina á allan hátt. Ég álít, að það sé þó, þrátt fyrir allan þann drátt, sem orðið hefur á því, að Alþ. afgreiddi þessa till., rétt, að Alþ. geri það, því að eins og tekið var fram hér í umræðum fyrir nokkrum dögum, eru þetta þó heimildir fyrir ríkisstj., og það er bakhjarl, það er yfirlýsing um það, ef þessi till. verður samþ., að ríkisstj. hafi Alþ. á bak við sig í viðleitni hennar í samningunum við atvinnu- og viðskiptafyrirtækin, og að það sé lagt mikið upp úr því, að árangur náist af þeim samningatilraunum ríkisstj. Ég skal því ekki orðlengja frekar um þetta að mínu áliti þýðingarmikla mál, en ég vil óska þess, að hv. Alþ. hraði sem mest afgreiðslu till., þannig að ríkisstj. hafi, frá því að samningaumræðurnar byrja við atvinnu- og viðskiptafyrirtækin, fullt umboð Alþ. á bak við sig, njóti stuðnings í þessu máli.

Ég legg svo til, að þessi till. fari til allshn., sennilega, ef nauðsynlegt er, að hún fari til n., og ekki þætti rétt að afgreiða hana við eina umr. nú í stað, svo að ekki yrði frekari dráttur á afgreiðslunni.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætlaði nú að sjálfsögðu að leiða hjá mér þessar umræður eins og ég er vanur að gera um þau mál, sem ekki snerta mig sérstaklega, en það er eins og hv. þm. Borgf. (PO) hafi alveg sérstakan áhuga fyrir því að koma málum til allshn. þingsins, sem ég fæ a. m. k. ekki séð að eigi þar heima. M. a. er það mér minnisstætt, að í fyrra vildi hann ekkert annað — og fékk það fram — en að hreinu utanríkismáli væri vísað til allshn. þingsins, sem beinlínis samkvæmt þingsköpum á að vera í utanrmn., og nú leggur hann til, að þessu máli, sem ég sé ekki betur — — (*Gripið fram í:* Það var flm., sem lagði það til.) Flutningsmaður? Ja, hv. þm. Borgf. benti honum á það. Flm. var auðsjáanlega og auðheyranlega í vafa, en þá gaf hv. þm. Borgf. honum hugmyndina.

Mér sýnist þetta mál, hvernig sem á er litið, vera algert fjárhagsatriði og fjárhagsmál, og þess vegna vildi ég nú leggja til, að till. yrði vísað til hv. fjvn. Eins og till. liggur fyrir, mætti ef til vill segja, að hún snerti ekki hag ríkissjóðs beinlínis, þar sem hér er lagt til að fela ríkisstj. að leita samninga við ýmsa aðila um að lækka verðlag. En eftir þeirri reynslu, sem fengin er m. a. frá verkfallinu í desembermánuði 1952, er ákaflega hætt við, að lítið vinnist á í þessu efni öðruvísi en að ríkissjóður annaðhvort leggi beinlínis fram fé til þess að fullnægja till. ellegar þá hitt, að hann afsali sér tekjum, sem hann hefur nú, sem er nokkurn veginn það sama. Það kann að vera, — ég skal ekki fullyrða neitt um það, — að ýmsir þeir, sem vörur selja og aðra þjónustu, gætu staðizt það að lækka verðlag, og væri ekki nema gott við því að segja, ef ríkisstj. gæti komið því til leiðar, að svo yrði gert. En ég hygg þó, að það yrði aldrei svo stórkostlega, að það mundi fullnægja þeim kröfum, sem nú eru gerðar svo mjög, að þau verkföll, sem boðuð eru frá næstu mánaðamótum, féllu niður fyrir það, því að það virðist allt stefna að því nú á dögum, að ríkissjóður eigi að taka á sig allar kröfur, sem gerðar eru. Það er sjálfsagt að fullnægja öllum kröfum. Allir vilja fá meira en þeir hafa, enginn vill borga til almennra þarfa eins mikið og honum ber samkv. gildandi lögum, og ríkissjóður á að taka á sig greiðslurnar, sem krafizt er, og hann á líka að sleppa tekjum til þess að lækka gjöld á almenningi. Ég skal játa, að ég skil ekki þessa pólitík, sem flestir eru farnir að reka nú.

Ég ætlaði, þegar ég kvaddi mér hljóðs, ekkert að segja hér annað en að gera grein fyrir því, að ég fellst ekki á þessa till. um nefndarskipun; mér finnst það vera fráleitt að vísa slíkri till. sem þessari til allshn. þingsins, heldur vitanlega fjvn. En úr því að ég stóð nú upp á annað borð, þá eru það aðeins eitt eða tvö atriði, sem ég ætla að minnast á úr ræðu hv. flm. þessarar till.

Hann nefndi verkfall verkfræðinganna sem dæmi um það, hvað kauphækkanir væru knýjandi. Dettur honum eða öðrum í hug, að verkfræðingarnir hafi ekki haft nægilegt til að lifa á, áður en þeir fengu kauphækkunina? Ég held, að engum detti það í hug. Krafa verkfræðinganna var ekki byggð á því, að þeir hefðu ekki nægilegt kaup, til þess að þeir gætu lifað góðu lífi efnahagslega, heldur var hún byggð á öðru. Hún var byggð á því, að það væru orðnar svo miklar kauphækkanir hjá öðrum launastéttum, t. d. verkalýðnum. Og hann nefndi það, þegar formaður stéttarsambands opinberra starfsmanna gekk á fund ríkisstj. og krafðist launabóta fyrir opinbera starfsmenn. Ég hygg, að það hafi alls ekki verið sökum þess, að opinberir starfsmenn gætu ekki lifað eða teldu sig ekki geta lifað á launum sínum, a. m. k. í öllum hærri launaflokkunum, heldur var krafan byggð á því, að laun hefðu hækkað hjá öðrum launþegum og aðallega þá hjá verkalýðsfélögunum.

Þannig er það, að ef einn fær launauppbót, þá vilja aðrir fá hana, og svo er þetta í smáhópum, sem menn gera kröfurnar. Það er t. d. kunnugt um verkfallið, sem varð hjá matsveinum og þjónum á kaupskipaflotanum. Þeir munu nú hafa sæmilegt kaup og ekki lakara en hásetarnir. Ég geri ráð fyrir, að ef að þeirra kröfum væri gengið nú, þá kæmu kyndararnir næst og heimtuðu kauphækkun og gerðu svo verkfall. Svo þegar kyndararnir fengju einhverju framgengt af sínum kröfum, þá kæmu stýrimennirnir, svo hásetarnir o. s. frv. Ég held það þurfi að taka fleiri hliðar á þessu máli til athugunar en þessi till. fjallar um, og sumar þær hliðar gætu heyrt undir allshn. að fjalla

um, þó að till. eins og hún liggur fyrir heyri ekki undir þá nefnd.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langaði að skjóta fram örfáum orðum í tilefni af nokkrum ummælum í þessari ræðu hv. 1. þm. Eyf. (BSt). Höfuðrök hans gegn þessari till. voru, að því er manni bezt (*BSt:* Ég talaði ekkert á móti henni.) gat skilizt, þau, að hún bæri vott um þá stefnu, sem hann átaldi mjög, en nú væði uppi hvarvetna í þjóðfélaginu, að ætla að leysa allan vanda, sem að steðjaði, á kostnað ríkisvaldsins, þ. e. a. s., ríkið ætti að borga, hvenær sem einhverjum dytti í hug að gera einhverja kröfu.

Mér finnst þessi ummæli hin furðulegustu í sambandi við þá till., sem hér er á dagskrá, till. til þál. um ráðstöfun til lækkaðrar dýrtíðar. Það mega allir hv. þm. muna, hvenær og hvers vegna þessi till. var borin fram. Hún var borin fram allsnemma á þessu þingi, þegar sjá mátti fyrir, að til tíðinda mundi draga á kaupgjaldsmarkaðinum, þegar ýmis þau teikn voru á *lofti, að því er snertir* verðlagshækkanir hér á landi, sem mundu gera það óhjákvæmilegt, að launþegasamtökin gerðu kröfu um auknar kjarabætur í formi hækkaðra launa, ef ríkisvaldið yrði ekki fyrri til og kippti grundvellinum undan réttmæti þessara krafna með því að færa verðlagið niður, snúa þróuninni við, breyta hinu síhækkandi verðlagi í lækkandi verðlag. Þess vegna var það, að till. var borin fram. Það er í henni gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi forustu um að lækka verðlagið með samningum við þá helztu aðila og stofnanir í landinu, sem ráðið geta miklu um þróun þess. Til þess var m. ö. o. ætlazt, að sá mikli vandi, sem allir máttu vita að var í uppsiglingu, yrði leystur á þann hátt að fá volduga aðila í landinu til þess að gefa nokkuð eftir af sínum hlut og freista þess þannig að knýja verðlagið niður. En það er ekki á það minnzt einu orði, að ríkissjóður eigi að leggja einn eyri fram í þessu sambandi. Hér er m. ö. o. enga kröfu verið að gera á hendur ríkissjóði, heldur þvert á móti. Það er stefna þessarar till. að ætlast til þess, að ýmsir voldugir aðilar í landinu, sem nú þegar sitja að gildum sjóðum og ávallt hafa verið að eflast á undanförnum árum, gefi nokkuð af sjóðum sínum og af vaxtamöguleikum sínum til þess að firra þeim vanda, sem auðvitað hlýtur af því að hljótast, ef allt kaupgjald tekur enn á ný stökk upp á við. Hér var um það að ræða að halda áfram þeirri stefnu, sem vann sigur — mjög giftusamlegan sigur — í verkfallinu mikla í des. 1952. Þess vegna voru þessar bollaleggingar hv. 1. þm. Eyf. alveg út í hött í þessu sambandi og geta engan veginn skoðazt sem andmæli gegn meginefni og tilgangi þessarar till.

Hann minntist einnig á verkfræðingadeiluna svonefndu og sagði, að verkfræðingarnir mundu hafa sótt rök fyrir kröfum sínum m. a. í grunnkaupshækkanir verkamanna, þær sem orðið hefðu á undanförnum árum. Þetta er líka alveg fráleitt. Höfuðrök verkfræðinganna voru ofur einfaldlega þau, að þeim var ætlað samkvæmt gildandi launalögum að þiggja í byrjunarlaun kr. 3800.00 á mánuði, sem síðan skyldu hækka hægt og lítið. Gat í raun og veru nokkrum dottið í hug, að þetta ástand gæti haldizt, að verkfræðingar, eftir 6—8 ára nám, margir hverjir með 200—300 þús. kr. skuldabagga á bakinu, gætu sætt sig við það að vinna fullan vinnudag fyrir 3800.00 á mánuði? Við því var ekki að búast, og sem betur fer játaði ríkisstj. það, þótt allt of seint væri, að við þetta væri ekki unandi, og lagfærði kjör þeirra nokkuð.

En annað dæmi mætti einnig nefna algerlega hliðstætt, þar sem ríkisstj. hefur játað, að ástandið í launamálum opinberra starfsmanna er algerlega óviðunandi, þar sem eru dómarafulltrúarnir, sem höfðu áður sams konar kjör og verkfræðingarnir, kr. 3800.00 byrjunarlaun, þó að þeir hefðu einnig 6—7 ára nám að baki og e. t. v. miklar skuldir og gegndu embættum, sem eru mjög mikilvæg og mikla reynslu þarf til þess að geta gegnt með sóma. Þá deilu leysti ríkisstj. líka — og sem betur fór fyrr og með minni hávaða en hina fyrri, því að laun dómarafulltrúanna voru þegjandi og hljóðalaust færð upp um einn launaflokk. Það hefði auðvitað verið skynsamlegra og viðkunnanlegra, að þetta hefði verið gert með lagabreytingu, en ekki með einfaldri samþykkt eða ráðstöfun ríkisstj., því að í raun og veru er sú ráðstöfun heimildarlaus, því að launalögin eru þó í gildi. Við dómarafulltrúana var enginn sérstakur ráðningarsamningur gerður, heldur aðeins ákveðið, að þeir skyldu taka laun eftir launaflokki, sem væri einum hærri en lög ákveða að þeir skuli taka laun eftir.

Ríkisstj. hefur því þegar í þessum tilfellum tveimur og raunar nokkrum fleiri viðurkennt, að það ástand, sem launastéttir eiga að búa við í landinu, er algerlega ófullnægjandi. Þetta hefur hún viðurkennt að því er snertir tvo stóra og mikilvæga starfsmannahópa, þ. e. a. s. verkfræðingana og dómarafulltrúana. Og henni þarf því ekki að koma á óvart, þó að ástandið sé þannig að því er snertir ýmsa aðra launamannahópa í landinu, að það verði talið algerlega óviðunandi, nema því aðeins að ríkisstj. sýni alvarlegan vilja til þess að gera þau laun, sem nú eru greidd, lífvænleg með því að færa verðlagið niður til verulegrar lækkunar frá því, sem nú á sér stað.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það stendur svo á fyrir mér, að ég þarf því miður að fá leyfi hæstv. forseta til þess að ganga af fundi mjög bráðlega og verð því mjög að stytta mál mitt. Ég get þó ekki látið hjá líða að láta í ljós, að mér finnst þessi ræða hv. 1. landsk. þm. næsta óþörf og undarleg. Hann sagði, að ég hefði talað á móti þessari þáltill., sem hér liggur fyrir. Ég talaði alls ekkert á móti till. Ég talaði á móti því, að henni yrði vísað til allshn. þingsins, og benti á, að það væri alveg sjálfsagt að vísa henni til fjvn., vegna þess að hvað sem um till. að öðru leyti má segja, þá er það alveg víst, að hún fjallar um fjárhagsmál í hæsta máta. Ég gat þess að vísu, — ég ég skal játa það, — að ég byggist við, að ef

nokkuð verulegt yrði gert í því að lækka verðlag í landinu, mundi það á einhvern hátt verða á kostnað ríkissjóðs, og m. a. þess vegna ætti að vísa till. til fjvn. Þessu vildi hv. þm. mótmæla, till. væri ekkert um það að krefja ríkissjóð neins. Og það er satt, að það stendur ekki beinlínis skýrum orðum í till., að fé skuli veita úr ríkissjóði til að lækka verðlag. En við skulum athuga þetta ofur lítið nánar.

Þeir aðilar, sem samkv. till. eiga að lækka verðlag, eru t. d. Félag íslenzkra iðnrekenda. Ég veit ekki betur en það sé alltaf talað um, að það þurfi að efla íslenzkan iðnað og ríkið þurfi að veita honum stuðning. Og ef hann á að lækka mjög mikið framleiðsluvörur sínar í verði, býst ég við, að af því hljóti að leiða það, að ríkið yrði þá að veita honum enn meiri stuðning. Svo eru það Sláturfélag Suðurlands og Stéttarsamband bænda, sem eiga að lækka verðlag samkv. till., sennilega á afurðum bænda. Nú er það svo, að afurðaverðið er ákveðið samkv. því, sem kaupgjald er í landinu hjá verkamönnum, og að ríkið greiðir þessar afurðir töluvert mikið niður til þess að halda verðlaginu í skefjum. Ég sé því ekki, ef á að lækka t. d. landbúnaðarafurðir og ef það á að halda þeim ákvæðum, að verð þeirra miðist við kaupgjald verkamanna, að það sé neitt annað ráð en að ríkið auki þessar niðurgreiðslur. Vitanlega er hægt að lækka landbúnaðarafurðir með því, að ríkið borgi miklu meira en það hefur gert til niðurgreiðslna. Þannig hygg ég, þó að ég hafi ekki fleiri orð um þetta, að ég hafi fært alveg full rök fyrir því, að þessi till. getur ekki orðið framkvæmd að neinu ráði eða svo að nokkru verulegu nemi með öðru móti en því, að það kosti ríkið fé. Og það var aðeins vegna þess, sem ég taldi, að till. ætti alveg tvímælalaust að vísa til hv. fjvn.

Hv. þm. sagði, að í till. væri engin krafa á hendur ríkissjóði. Ja, hún er dulbúin. En það er eingöngu eða a. m. k. að langsamlega mestu leyti krafa á hendur ríkissjóði, það fullyrði ég, þegar málið er skoðað eins og það liggur fyrir.

Út af því, hvaða orsakir hafi legið til hækkunar á kaupi verkfræðinga og ríkisstarfsmanna og krafna um það, þá þarf ekkert annað en að vísa til blaðanna og umræðna um það mál. Það, sem aðallega hefur verið haft á oddinum í þeim umræðum, er það, hvað laun annarra stétta hafi hækkað. Það er sem sé einlægur samanburður alltaf á því, og þegar einn fær kauphækkun, þá heimta aðrir hið sama til samræmis.

Ég geri ekki ráð fyrir, þótt þessi till. hefði verið samþ. daginn eftir að hún kom fram í haust eða sama daginn, að það hefði breytt miklu um það, að með því hefði verið komizt hjá þeim verkföllum, sem nú eru í uppsiglingu, nema þá með því eina móti, að ríkissjóður hefði lagt nokkra tugi milljóna í það.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, vilja fela ríkisstj. að taka upp samninga við nokkra viðskiptaaðila um lækkun álagningar á vörur. Segir í till., að áherzlu skuli leggja á, að verðlagi á helztu nauðsynjavörum landsmanna skuli haldið eins lágu og mögulegt er.

Ekki hef ég kvatt mér hljóðs til þess að andmæla þessari tillögu. Vel má vera, að einhver árangur yrði af því, ef hæstv. ríkisstj. tæki upp samningaumleitanir á þann hátt, sem tillögumenn ætlast til. En ég vil þó segja, að þetta er ekki heppilegasta aðferðin til þess að koma viðskiptamálum almennings í gott horf.

Fyrri flm. till. er hv. 3. landsk. þm. Hann er fyrir skömmu orðinn forseti Alþýðusambands Íslands. Honum er það að sjálfsögðu áhugamál, að sá fjöldi vinnandi manna, sem er þátttakandi í þeim félagsskap, er hann nú veitir forstöðu, njóti sem hagstæðastra viðskiptakjara, og víst er mikils um það vert fyrir þá menn sem aðra. En hvaða leið er bezt til þess að ná hagkvæmum kaupum á nauðsynjavarningi? Ekki sú að verzla við óviðkomandi aðila, jafnvel þó að ríkisstj. reyni að semja við þá um álagningu. Hitt er farsællegra fyrir menn, að taka málin í sínar hendur og kaupa vörurnar inn í félagi til þess að komast fram hjá þeim viðskiptaaðilum, sem reka verzlun í því skyni að safna gróða í eigin sjóði.

Forseti Alþýðusambandsins ætti því að segja við sína félaga: Nú hættum við að láta kaupsýslumenn græða á okkur. Við tökum okkar viðskiptamál í eigin hendur. Með því móti getum við sjálfir ákveðið álagningu á vörurnar og takmarkað hana við það, að með henni sé greiddur óhjákvæmilegur kostnaður við verzlunarrekstrinn. — Þetta geta þeir gert annaðhvort með þátttöku í þeim kaupfélögum, sem nú eru til víðs vegar um landið, — og vitanlega eru þeir margir þar þátttakendur nú þegar, — eða þá með stofnun nýrra verzlunarfélaga, ef þeim þykir það vænlegra til góðs árangurs.

Það eru ekki liðnir margir áratugir síðan yfirstjórn íslenzkra mála var í öðru landi, en nú ráða Íslendingar sjálfir sínum málum. Þeir höfðu áræði til þess að taka stjórn þeirra í eigin hendur. Íslendingar létu sér ekki nægja að taka upp samninga við þá erlendu menn, sem áður stjórnuðu málum landsins, um einhverjar umbætur á því stjórnarfari. Í stað þess kröfðust Íslendingar þess að fá stjórnina að öllu leyti í sínar hendur, og það tókst. Þess vegna er hér lýðveldi.

Forseti Alþýðusambands Íslands ætti að hafa svipaða aðferð í baráttu sinni fyrir bættri verzlun umbjóðendum sínum til hagsbóta og landsmenn höfðu í sjálfstæðisbaráttunni, ekki að láta sér nægja neitt minna en það, að umbjóðendur hans, vinnandi menn í hinum mörgu stéttarfélögum innan Alþýðusambandsins, taki eigin viðskipti í sínar hendur. Þetta geta þeir gert hvenær sem þeir vilja, og þetta ættu þeir að gera. Með því öðru fremur gætu þeir bætt hag sinn. Innan stéttasamtakanna er áreiðanlega nóg af mönnum, sem hafa hæfileika til þess að gerast forgöngumenn slíkra almenningssamtaka á viðskiptasviðinu.

Þó að einhver árangur kynni að nást af samningatilraunum, sem flm. till. vilja láta ríkisstj. gera, þá verð ég að segja, að mér sýnist

stefnan, sem mörkuð er í till., ekki nógu góð. Forseti Alþýðusambandsins, hv. 3. landsk. þm., stýrir stóru fleyi, og hann ætti að stefna hærra í verzlunarmálinu. Hann ætti að hvetja alla sína mörgu umbjóðendur innan stéttarfélaganna til þess að taka viðskiptin í sínar hendur, eins og ég áður hef tekið fram. Tækist honum að koma því fram, hefði hann unnið gott verk og gagnlegt. Þá mundi almenningur hætta að leggja fé í vasa óviðkomandi manna í gegnum verzlunina. Að þessu ætti hv. 3. landsk. þm. að vinna og það nú þegar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég var því miður staddur í síma, þegar hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sté hér í stólinn til þess að ræða um þá till., sem hér er til umræðu. En ég heyrði þó síðari hluta ræðu hans og heyrði þá, að hann vék að ýmsum kaupgjaldsbreytingum, sem orðið hafa nú upp á síðkastið, og heyrði, að hann taldi það ekki af því góða, þetta væri eiginlega eitt af hinum illu einkennum yfirstandandi tíma, að allir krefðust alls af öllum öðrum en sjálfum sér. Ef það er einkenni okkar tíma, þá er það vitanlega anzi mikill ljóður á ráði þeirra, sem nú eru uppi. En ég vil byrja mál mitt nú með því að taka það fram, sem mér mun hafa láðst í framsöguræðu minni, að hvort sem þessi till, fer til allshn. eða fjvn., þá þarf að breyta henni vegna þess, hversu lengi hún hefur legið hér í meðförum þingsins, og þarf a. m. k. að fella niður síðustu málsgreinina: „Kostað sé kapps um, að samningum þessum geti verið lokið fyrir næstu áramót," — því að það var ekki meiningin, að þetta ætti að vera á döfinni til ársbyrjunar 1956, og skýt ég því hér með til þeirrar n., sem fær till. til meðferðar. Að öðru leyti vil ég aðeins segja það, að ég heiti á viðkomandi n. að afgreiða till. nú fljótt, svo að hæstv. ríkisstj. hafi þau fyrirmæli, sem í till. felast, á bak við sig í þeim samningum, sem hún hefur nú tilkynnt að hún hafi þegar hafið, hvort sem hv. þm. V-Húnv. líkar sú stefna ríkisstj. vel eða illa. Ef þessi till. er um það, að lagt skuli út á villigötur, þá er hæstv. ríkisstj., sem hv. þm. styður, komin út á þessar villigötur að því er hún sjálf hefur tilkynnt, — líka þeir, sem hafa einhvern tíma opnað augun fyrir því, að það sé gott að stofna kaupfélag.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði í seinni ræðu sinni, að hann væri engan veginn andvígur þessari till. og hefði ekki andmælt henni efnislega, en hann var hræddur um, að af henni mundi leiða útgjöld fyrir ríkissjóð, og þess vegna taldi hann, að hún ætti að fara í fjvn. til meðferðar. Það er ekkert í till. sjálfri, sem leggur ríkissjóði skyldur á herðar um fjárútlát, þó að hún yrði samþykkt. Það er efni till. að fela ríkisstj. að leita samninga við ákveðin, upp talin fyrirtæki og félagasamtök um, að þau geri ráðstafanir til lækkaðrar álagningar í heildsölu og smásölu og aðrar þær ráðstafanir, sem geti leitt til lækkaðs verðlags í landinu. Ég mundi hins vegar ekkert hafa á móti því, að till. um að vísa till. til fjvn. væri samþykkt. — En síðan vék hann að því, hverjar ástæður mundu hafa legið til þess, að verkfræðingar, í fyrsta lagi í þjónustu Reykjavíkurbæjar og svo síðar verkfræðingar í þjónustu ríkisins, gripu til þess að leggja niður vinnu og ganga úr þjónustu bæjarins og ríkisins, ekki með því að lýsa yfir löglegu verkfalli, því að það gerðu þeir ekki, heldur bara með því að ganga úr vistinni, gefa ekki kost á að selja vinnuafl sitt þessum aðilum við því verði, sem það hafði verið greitt. Hv. þm. taldi, að það hefði ekki verið af því, að þeir hefðu ekki haft nægilegt til þess að lifa af, heldur hefðu þeir rökstutt kröfur sínar með því, að verkalýðurinn í landinu hefði of hátt kaup. Ég hefði aldrei dregið fram þessi rök í deilu verkfræðinganna við Reykjavíkurbæ og síðan við ríkið. Ég hef alltaf heyrt því haldið fram af þeirra hendi, að þeir hefðu ósæmilega lág laun, þeir gætu ekki lifað, þegar þeir ættu að standa undir námsskuldum í viðbót við það að kaupa sínar lífsnauðsynjar, þeim væri því nauðugur einn kostur að ganga úr þjónustu bæjarins og ríkisins og yrðu að leita sér þar atvinnu, sem launakjör verkfræðinga væru meira metin, og þeir fengu flestir störf hjá einkaatvinnurekstrinum með hærra kaupi. Þá var það sem Reykjavíkurbær gekk til samninga við verkfræðinga sína og hækkaði launakjör þeirra og ríkið skömmu síðar að því er snertir ríkisverkfræðingana, og nú í þriðja lagi að því er snertir laun fulltrúa dómaranna, og viðurkenndi þar með, að þessir menn, sem hafa miklu hærra kaup en almennt verkafólk, yrðu að fá kjarabætur í kauphækkun. Sama sagði hv. 1. þm. Eyf. að hefði verið ástæðan, þegar próf. Ólafur Björnsson gekk á fund ríkisstj. sem forustumaður fyrir Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og krafðist hækkunar á launum þeirra stétta. Það hefði verið af því, að þeir hefðu talið kaup verkafólks of hátt, sagði hann, en alls ekki af því, að þeir teldu sig ekki geta lifað á launum sínum. Þetta er alrangt hjá hv. 1. þm. Eyf. Í fjvn. Alþingis komu mörg erindi á s. l. hausti frá prófessorum við Háskóla Íslands um það, að launakjör þeirra væru svo bágborin, að þeir gætu ekki dregið fram lífið og söfnuðu skuldum. Þessum erindum prófessoranna fylgdu skjöl frá háskólarektor, og var staðfest, að ákveðnir menn í hópi prófessoranna söfnuðu árlega skuldum og gætu ekki lifað á þeim launum, sem þeir hefðu, og þetta voru rök fyrir því, að það yrði að fela þeim sérstök störf og sjá þeim fyrir greiðslu fyrir þau úr ríkissjóði. Þó mun það vera svo, að prófessorar við Háskóla Íslands eru sá flokkur innan samtaka Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem er einna hæst launaður, það er toppurinn innan þeirra samtaka, en fyrir fjvn. lágu sem sé mörg bréf, sem lýstu því átakanlega, hversu illa fjárhag þessara manna væri komið. Þá má nærri geta, hvernig ástandið hefur verið hjá hinum embættismönnum ríkisins í lægri launaflokkunum, úr því að þetta var lýsingin, sem fylgdi að því er snerti prófessorana, sem voru í einum hæsta launaflokki innan þeirra samtaka. Og ég held, að hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. V-Húnv. hafi báðir rétt upp hendurnar með öllum þeim till., sem voru lagðar fram af fjvn. til þess að

bæta launakjör þessara manna einmitt í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Þarna hafa þeir líka viðurkennt, að prófessorar við háskólann séu svo lágt launaðir, að þeir geti ekki dregið fram lífið. Og þau rök, sem fylgdu með frá háskólarektor, hafa verið tekin gild af meiri hluta Alþingis. Þess vegna fæ ég ekki skilið samhengið í þeim lestri, þegar hv. 1. þm. Eyf. kemst svo að þeirri niðurstöðu, að laun verkalýðsins í landinu séu allt of há. Og þar vitnar hann til yfirstandandi deilu um launakjör matreiðslu- og framreiðslumanna. Hver eru þau launakjör? Það er leiðinlegt, að hv. 1. þm. Eyf. skuli vera farinn, því að hér gefst kostur á að heyra, hvaða launakjör það eru. Hann sagði, að þau væru nægilega há. Hér er um að ræða launakjör yfirmatreiðslumanna á verzlunarflotanum, yfirbúrmanna, búrmanna og matsveina og svo þjónanna. Hæsti launaflokkurinn þarna, yfirmatreiðslumennirnir, hafði 2325 kr. í grunnlaun samkv. þeim samningum, sem nú eru að ganga úr gildi, og þetta eru viðurkenndir iðnaðarmenn, meistarar í iðn, og hafa fjögurra ára nám að baki sér og langan starfstíma að auki í sérfræðistörfum. Næsti launaflokkurinn, yfirbúrmennirnir, er með sams konar laun, 2300 kr. í grunn. Þriðji launaflokkurinn, búrmennirnir, er með 1950 kr. í grunn og fjórði með 1875 kr. í grunnlaun fyrir níu stunda vinnudag, ekki átta stunda. Þetta eru tölurnar, sem þeir undu ekki við og sögðu upp samningum fyrir. Og þó að hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. V-Húnv. séu báðir sparsemdarmenn og ráðdeildarmenn, þá veit ég það, að þeim mundi ganga erfiðlega að lifa á þessum launum, og ég er ekkert viss um, nema þeir segðu upp samningum um slík launakjör og legðu út í verkfall til þess að knýja fram endurbætur á þeim, ef þeir væru í félagsskap, sem yrði að leita réttar síns á þann hátt. Hér er ekki um neina ofstopa- og byltingarseggi að ræða, sem séu bara með ósanngjarna heimtufrekju á hendur atvinnurekstrinum og ríkinu. Það eru bara hófsemdar- og sparsemdarmenn á borð við þessa hv. þm., sem ekki vilja una við þessi launakjör af þeirri einföldu ástæðu, að þeir treysta sér ekki til að framfleyta lífi sínu og sinna á þessum launakjörum, frá 2300 kr. og niður í 1875 kr. Þeir fóru svo fram á það að fá viðurkennda sams konar samninga við skipafélögin og þeir höfðu fengið viðurkennda af eigendum gistihúsa og veitingahúsa í bænum á s. l. sumri. En þær kröfur fengu ekki áheyrn, og þá lækkuðu matreiðslumennirnir og framreiðslumennirnir sínar kröfur. Hæsta krafan, sem þeir báru fram og þeir höfðu fengið um samið fyrir sams konar störf í landi, var 3000 kr. í grunn, og það vildu þeir halda sig við til að byrja með. Nú hafa þeir lækkað þá kröfu niður í 2557 kr. og lægstu töluna niður í 2000 kr. Er útlit fyrir, að saman gangi um þá kaupgjaldsbreytingu og hún viðurkennist þannig sem ekki ósanngjörn af skipafélögunum, og það er hún vissulega ekki. Það vilja þeir nú viðurkenna að sé hóflegt kaup fyrir átta stunda vinnudag, en áður hafði, eins og ég fyrr sagði, vinnudagurinn verið níu stundir. Ég held því, að það sé alger misskilningur hjá hv. 1. þm. Eyf., að þar hafi verið hægt að taka dæmi, sem sýni mikla ósanngirni í kaupgjaldsmálum. Því er ekki til að dreifa. Þarna var um lágt kaup að ræða og lengri vinnudag en hinar starfsstéttir skipanna höfðu fengið viðurkenndan, og það var því í hvoru tveggja tilfellinu um samræmingaraðgerðir að ræða.

En svo vék hv. þm. að því, að það, sem sér þætti einna óálitlegast í till., væri það, að það ætti m. a. að leita samninga við Stéttarsamband bænda um lækkað verðlag, þ. e. a. s., að það ætti raunverulega að leita samninga um lækkun á launakjörum bændastéttarinnar. Og þá var komið að því, sem honum fannst óaðgengilegt í till. En svo upplýsti hann alveg réttilega um launakjör bænda, hvernig þau eru ákveðin. Þau eru ákveðin á grundvelli þess kaupgjalds, sem mótast fyrir starf og baráttu stéttarsamtakanna í landinu, ákveðin í réttu hlutfalli við kaupgjald á hverjum tíma. Og hann hefur talið, að það kaupgjald sé allt of hátt, sé knúið fram af ósanngirni. Með öðrum orðum: Ef það er rétt hjá honum, má ætla, að kaupgjald bænda, sem miðast við þetta, sé ákveðið of hátt, ósanngjarnlega hátt, af því að grundvöllurinn, sem hann miðar við, er af honum sjálfum dæmdur ósanngjarnlega hár. Það er því hugsanlegt, að hið sanngjarna fólk, sem sveitirnar byggir, sé honum sammála og vilji þess vegna verða við óskum sinnar góðu ríkisstj. og lækka verðlag á afurðum bænda. Og það hlýtur það að gera, ef það vill halda sér fast við það, að grundvöllurinn, sem afurðaverðið er reiknað út eftir, sé byggður á ósanngjarnlega háum grundvelli kaupgjaldsins. Þannig er það upp byggt. Menn mega ekki vera sjálfum sér svo ósamþykkir, að þeir dæmi verðlagið á afurðum bænda sanngjarnt eða jafnvel of lágt, ef þeir svo í sömu andránni halda því fram, að kaupgjald verkalýðsins, sem er grundvöllurinn fyrir ákvörðun afurðaverðsins, sé ósanngjarnlega hátt. Þá komast menn í sjálfheldu og leiða sig sjálfir í þann gapastokk, sem þeir komast ekki úr.

Þá er það hv. þm. V-Húnv. Hann sagði, að ég væri alveg á rangri leið með þessa till., þ. e. a. s. ég gerði mig ánægðan með allt of lítið. Hann var eiginlega að espa mig upp til þess að krefjast meira, miklu meira, og vitnaði til sjálfstæðisbaráttunnar og Jóns Sigurðssonar. Hann hefði nú ekki aldeilis látið sér nægja að vera að semja við Dani um, að það ætti að laga til smávegis stjórnarfarið á Íslandi. Nei, bara höggva á strenginn, taka stjórnarfarið í eigin hendur, Íslendingar skyldu ráða sér sjálfir, þyrftu enga danska til að fjalla þar um. Og þetta er alveg rétt.

Ég hafði farið fram á það, að ríkisstj. væri falið að leita samninga við ýmiss konar félög, þ. á m. Samband íslenzkra samvinnufélaga, það var nú fyrst talið, og síðan Verzlunarráð Íslands og fjöldamörg önnur félög og vita, hvort það gæti ekki leitt til lækkaðs verðlags. Þetta er kák, segir hv. þm. V-Húnv. Það fólk, sem á að laga kjörin fyrir, á að taka þessi mál í eigin hendur. Líklegast ætti bara Alþýðusam-

bandið að auglýsa verðlag í landinu. Það væri ágætt. Eg mundi fella mig vel við það. Það er bara, hvort við höfum kraft til þess að framfylgja því. Og það skyldi sannarlega verða hóflegt verðlag í landinu. En það þyrfti sennilega eitthvað fleira að gera ásamt því, ef ekki ættu að verða neinar truflanir eða stöðvanir hjá kaupfélögum og verzlunarfyrirtækjum og atvinnurekstri o. s. frv.

En það var nú samt ekki þetta, sem hv. þm. átti við, heldur það, að það ætti ekki að vera að biðja um þessa samninga um verðlagið, heldur ætti verkafólkið að ganga í kaupfélög og forseti Alþýðusambandsins ætti að hvetja alla til þess að ganga í kaupfélög. En þetta hefur forseti Alþýðusambandsins iðulega gert, bæði áður en hann varð forseti sambandsins og eftir það, því að hann er kaupfélagsmaður alveg eins og hv. þm. V-Húnv. En þó að ég treysti kaupfélögunum til alls góðs í verðlagsmálum, þá veit ég það, að þau eru nú ekki alvöld og einráð í verðlagsmálum, og þau eru byggð upp á þeim grundvelli, að þau skulu haga verðlagi eins og hið almenna verð er á hverjum tíma. Svo er það önnur meginreglan, að sá ágóði, sem myndast við starfsemi þeirra, þegar gengið er út frá þessari meginreglu, leggst í sjóði til framkvæmda og til rekstrar og afgangurinn, sem þá er eftir, úthlutast aftur til baka til þeirra, sem viðskipti eiga við félögin, hvort sem það er fólk í sveit, sem selur í gegnum það sínar afurðir, eða heimilisfaðir í kaupstað, sem kaupir þar sínar neyzluvörur. Og þetta er gott skipulag, þetta er gott fyrirkomulag. En það er ekki verið að ganga fram hjá því góða, sem getur leitt af þessari starfsemi, með þessari till., heldur þvert á móti. Það er verið að leita til heildsölu samvinnusamtakanna um að taka þátt í að knýja verðlagið niður. Og það er fyllilega ástæða til þess, að þau samtök séu með í slíkri viðleitni. Eg er hins vegar ekki svo oftrúaður á kaupfélög og samvinnustefnu, að ég telji, að það sé allsherjar Kínalífselexír og allra meina bót að stofna kaupfélag og það séu því ótímabærar allar till. á Alþ. aðrar en þær, sem fjalla um það að stofna kaupfélag og að ganga í kaupfélag. Svo mikið er ég ekki búinn að fá kaupfélagsskap á heilann, að ég hafi slíka oftrú á þeim. Eg held því, að það sé ekkert úrhættis fyrir ríkisstj. að leggja sig alla fram í samningum um að reyna að knýja verðlagið niður, þó að við eigum yfir 50 kaupfélög í landinu, og að það detti engin fjöður úr hatti þeirra fyrir það, þó að hæstv. ríkisstj. reyni þessa leið. Og fólkið í landinu á allar leiðir frjálsar og opnar, og það geta allir, bæði hv. þm. V-Húnv. og ég, hvatt fólkið til þess að ganga í kaupfélög og verzla við kaupfélög og gæta hagsmuna sinna með því. En vissulega er ekki verkafólkið í landinu búið að taka þessi mál í eigin hendur fyrir það, þó að það verzli við kaupfélög. Eg veit ekki annað en að kaupfélögin verði að kaupa, mörg hver, talsvert mikið af sínum vörum í gegnum heildsala í landinu, og það er þess vegna alls ekkert aukaatriði fyrir kaupfélögin, að ríkisstj. snúi sér af sínu afli til heildsalanna og knýi þá til að hafa álagninguna í heildsölu eins lága og unnt er. Og það, hvernig þeir haga þeim störfum, hefur þýðingu bæði fyrir kaupmenn og kaupfélög og það fólk, sem verzlar við kaupmenn og kaupfélög.

Eg skal svo aðeins taka það fram, að ég er þeirrar skoðunar, að hæstv. ríkisstj. sé á engum villigötum með því að hafa skrifað hinum nýju stórfyrirtækjum í landinu og óskað þess, að þau leggi sig fram í samningum við ríkisstj. um ráðstafanir til lækkaðs verðlags og um hófsamlega álagningu í heildsölu og smásölu og að opinber þjónusta verði seld í landinu hóflegra verði en nú á sér stað. Eg held, að það sé full þörf á þessu og að það sé ekki bara skylda ríkisstj. að reyna þetta í kringum samningsuppsagnir hjá verkalýðsfélögunum og þegar verkföll vofa yfir. Þetta ætti að vera hennar helga skylda og hennar daglega iðja við að stjórna landinu á öllum tímum, alltaf.

Hæstv. forsrh. hefur sagt, að það vofi gengisfall yfir. Og hann hefur sagt mér nú, að hann hafi einmitt snúið sér til þessara fyrirtækja á þeim grundvelli, að hann ætlaði að segja við þau: Viljið þið taka þátt í að reyna að verja íslenzku krónuna falli? — Og það er vel þess vert, að ríkisstj. leiti til þeirra aðila, sem hafa notað sér frjálsræðið í viðskipta- og verðlagsmálum með of lítilli hófsemd, að það sé, þegar komið er að því, að íslenzka krónan falli enn á ný í verði, snúið sér til þeirra til þess að biðja þá um samstarf við ríkisvaldið um að verja íslenzku krónuna enn þá meira falli en hún hefur orðið fyrir til þessa.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 20:7 atkv.

Á 55. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 155, n. 551 og 660).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Tveir nm. hafa í séráliti lagt til, að till. yrði samþ. óbreytt, en aðrir nm. leggja til, að till. verði vísað til ríkisstj.

Till. þessi var lögð fram nokkuð snemma á yfirstandandi þingi, og var í henni gert ráð fyrir, að ríkisstj. yrði falið að leita samninga við þar tiltekna aðila um verðlækkanir í því skyni að draga úr milliliðakostnaði. Var þá í till. gert ráð fyrir, að athugun þessari yrði lokið fyrir síðustu áramót, en af því gat ekki orðið, þar sem till. var ekki afgreidd fyrir þann tíma. Hins vegar hafa flm. málsins lagt áherzlu á afgreiðslu þess engu að síður, og hefur af þeirra hálfu hér í þinginu einkum verið rætt um þessa till. í sambandi við vinnudeilu þá, sem nú nýlega er um garð gengin.

Það var fyrir alllöngu upplýst hér í Alþ. af hálfu ríkisstj., að hún hefði einmitt með hliðsjón af vinnudeilunni, sem þá var yfirvofandi, gert þær ráðstafanir, sem till. þessi fjallar um.

Hún hefði ritað þeim aðilum, sem þar um greinir, og jafnvel fleirum þeim, sem áhrif hafa sérstaklega á verðmyndun í landinu, og óskað eftir því, að þessir aðilar gerðu ráðstafanir til verðlækkana og gerðu ríkisstj. grein fyrir því, hvaða leiðir væru tiltækilegastar í þeim efnum.

Þetta er það atriði, sem till. fjallar um. Það lá fyrir fjvn., þegar hún afgreiddi þetta mál, að ríkisstj. hefði þegar gert þessar ráðstafanir, og af þeim sökum sýndist meiri hl. n. óeðlilegt í alla staði að samþ. till. í þessu formi, að fela ríkisstj. að gera það, sem hún þegar hafði hafizt handa um. Hins vegar var öll n. sammála um það, að sjálfsagt væri og nauðsynlegt að fylgja þessu máli eftir og raunar á hverjum tíma væri rétt, að ríkisstj. fylgdist með því, að verðlag á nauðsynjum almennings væri ekki óeðlilega hátt. Það er því beinlínis tekið fram í nál. meiri hl. á þskj. 551, að enda þótt meiri hluti n. telji ekki ástæðu til að samþ. till. með hliðsjón af því, að athugun sú sé þegar hafin af hálfu ríkisstj., sem þar er gert ráð fyrir, þá telji meiri hluti n. sjálfsagt, að þeirri athugun verði haldið áfram og allar hugsanlegar leiðir til verðlækkunar verði kannaðar. Og með þeirri forsendu og afdráttarlausri viljayfirlýsingu leggur meiri hl. til, að till. verði vísað til ríkisstj. og þá með það í huga vitanlega, að áfram verði haldið þeim athugunum, sem hún hefur gert, og raunar að þeirri meginstefnu verði jafnan fylgt að leitast við eftir fremsta megni að tryggja almenningi í landinu sem lægst verðlag þeirra nauðsynja, sem hann þarf að kaupa á hverjum tíma.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, nema tilefni gefist til, en vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á þessa afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., var borin fram snemma á þessu þingi og sætti þeirri óvenjulegu meðferð, að hún kom ekki til fyrri umr. fyrr en ég hygg í febrúarmánuði, eftir að þing hóf störf á ný. Það hafði þó gengið svo með flest mál stjórnarandstöðunnar, að þau höfðu komizt tiltölulega greiðlega til 1. umr. og nefndar, þó að sá háttur sé nú yfirleitt á hafður að láta flest eða nálega öll mál frá stjórnarandstæðingum liggja í nefnd allan þingtímann og í fæstum tilfellum komast þaðan nokkurn tíma aftur. En það var enn þá meiri óvilji sýndur þessu máli en nokkru öðru með því að hleypa málinu ekki til fyrri umr. fyrr en á síðari hluta þingsins.

Af þessu mátti strax sjá, að ríkisstj. og fylgdarlið hennar hafði ekki mikinn áhuga á málinu; það duldist ekki. Það var ekki hægt að leggja þetta út á annan veg en þann, að þetta væri það málið, — ásamt frumvörpum og tillögum um varnarmálin, — sem stjórnarliðið skyldi standa fastast gegn og helzt ekki láta fá þinglega meðferð.

Svo þegar þing kom saman á ný, var fast eftir því gengið, að þetta mál fengist tekið til fyrri umr., og þá var það nú skömmu síðar gert af hæstv. forseta og málinu vísað til fjvn. Þar lá málið nokkuð lengi fyrir, og var þá sagt, að ríkisstj. væri að vinna að málinu, og varð að taka mark á því, að svo væri. Það, sem vitað er um það starf ríkisstj., er þó ekki annað en það, að hún tilkynnti í febrúarmánuði, þegar sýnilegt var, að verkföll mundu skella yfir, að hún ætlaði að fara inn á þær leiðir, sem þessi þáltill. markaði, og fyrsta skrefið í því efni væri að skrifa þeim 8 eða 9 stórfyrirtækjum, sem nefnd voru í till., og fara fram á það, að þau tilnefndu tvo menn hvert til samninga við ríkisstj. um það að þrýsta verðlagi niður eins og unnt væri. Í bréfi til Alþýðusambands Íslands var því síðan lýst yfir af hæstv. forsrh., að Alþýðusambandi Íslands yrði gefinn kostur á að fylgjast með því, sem síðar kynni að gerast í þessum málum. En Alþýðusambandið hefur ekki fengið neina vitneskju um það, að neitt hafi gerzt í þessum málum síðan hæstv. ríkisstj. skrifaði þessum fyrirtækjum, annað en það, að ég hef frétt það utan að mér, að í byrjun verkfallsins, á fyrstu samninganefndarfundunum, munu tvö eða þrjú af þessum fyrirtækjum hafa skýrt hæstv. ríkisstj. frá því bréflega eða munnlega, að þau treystu sér ekki til að gera neinar ráðstafanir til verðlækkana. Þau afsökuðu sig meðal annars með því, að verðlækkunarráðstafanir þær, sem gerðar voru 1952, væru í gildi enn þá og frekari spor treystu þau sér ekki til að stíga í því efni. Þar með mun málið hafa algerlega niður fallið af hendi hæstv. ríkisstj., og get ég ekki sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi með þessum aðgerðum sínum orðið við efni till., því að það var sannarlega ekki bara um það talað, að hún ætti að skrifa einhverjum ákveðnum fyrirtækjum og bíða síðan eftir svari. Nei, till. var um það, að hún skyldi þrautreyna samninga við þessi fyrirtæki, og ætlunin var sú, að ef fyrirtækin vildu ekki fallast á það við ríkisstj. í hörðum samningum, þá hótaði hún að setja hámarksverð á þær vörur og þá þjónustu, sem þessi fyrirtæki hefðu með að gera. Þannig hefur að verki verið af ríkisstj. í Noregi, og þegar ekki þótti nógu fastlega að verki verið þar, urðu þar stjórnarskipti á s. l. hausti, til þess að við tækju menn, sem gengju fastar fram í þessum málum til þess að halda verðlaginu niðri, einmitt af því að það stóð eins á, að í miðjum marzmánuði átti að koma þar til kauphækkana, ef ríkisstj. tækist ekki að hafa knúið fram lækkað verðlag. En það var öðruvísi unnið að þessu hér. Ég undirstrika það, að það hefði þurft að valda stjórnarskiptum hér á landi, einmitt hversu linlega var á þessu máli haldið, og það ber að harma, að svo varð ekki.

Það var aldrei við því að búast, að þau fyrirtæki, sem hæstv. ríkisstj. átti að hefja samninga við um lækkað verðlag, skrifuðu ríkisstj. aftur og segðu: Það er guðvelkomið og sjálfsagt að gera það fyrir ríkisstj. sína að lækka verð á vörum og þjónustu. — Ég bjóst aldrei við því. Ég hygg, að enginn hafi búizt við því. Það var aldrei hægt að búast við því, að þeir segðu: Það er sjálfsagt, að við rýrum okkar gróðahlut. — Menn eru nú fastari á því, sem þeir eiga kost á að fá, heldur en svo.

Með öðrum orðum: Í þessu máli hefur ekkert

gerzt, ekkert verið gert annað en kák, eintómt kák. Þess vegna undrast ég það, að hv. meiri hl. fjvn., allir fylgjendur stjórnarflokkanna, skuli enn hafa traust og tiltrú til ríkisstj. í þessu máli. Þeir segjast allir vera á þeirri skoðun, að þetta sé rétt stefna og þeir séu henni fylgjandi og telji nauðsynlegt að gera allt, sem hægt sé, til þess að lækka dýrtíð í landinu. En eftir að ríkisstj. er búin að taka svo linlega á þessu máli og sýna því það mikið kæruleysi, sinnuleysi, eins og hún hefur gert, hefði ég talið, að það væri alveg gersamlega ómögulegt að bera traust til ríkisstj. í málinu og leggja til, að því verði til hennar vísað, til þess að hún sæi um framkvæmd þess. Eg gat ekki fallizt á það eða við tveir, sem minni hl. myndum, og lögðum því til, að till. yrði samþ. Einhver kann að halda því fram, að það sé nú ekki til neins héðan af, verkfallið sé búið og það sé búið að fara inn á aðra leið í þeim málum, hækka kaupgjaldið í staðinn fyrir að lækka verðlagið. En ég tel, að það sé fyllsta þörf á því, að ríkisstj. hefði ströng fyrirmæli frá Alþ. um að vinna á hvern þann hátt sem hún gæti að því að knýja verðlagið niður. Við heyrum t. d. núna, að afloknu þessu verkfalli, að viss fyrirtæki hafi hækkað smurning á bílum um 36—40%. Það er auðvitað algerlega ómögulegt að rökstyðja slíka hækkun á grundvelli kauphækkunarinnar, en það sýnir bara, hversu óskammfeilnin getur gengið langt hjá vissum fyrirtækjum, sem hafa sjálfdæmi um það að fara ofan í vasa almennings, þegar þau vita, að þau hafa ríkisstj. yfir sér, sem hefur velþóknun á slíkri starfsemi. Og það er á þennan hátt, sem við fáum verðbólgu og vaxandi dýrtíð, sem leiðir til þess, að það verður aftur farið af stað um kauphækkanir og reynt að kippa þeim málum aftur í það horf, að fólkið, sem vinnur erfiðu störfin í landinu, geti með einhverju móti dregið fram lífið.

Það er því síður en svo, að það sé úrhættis enn þá að samþykkja þessa till. Það er knýjandi nauðsyn, að Alþ. veiti ríkisstj., sem hefur brugðizt í þessu máli, aðhald og geri strangari kröfur til hennar. Hún hefur brugðizt af því, að þingheimur hefur ekki látið í ljós áhuga sinn fyrir þessu máli og ekki gefið henni þær forskriftir, sem hún gat ekki snuðað sig frá. Hér ætti því ekki aðeins að binda hæstv. ríkisstj. með samþykkt þessarar till., heldur einnig væri full ástæða til þess að koma fram löggjöf, sem tæki verðlagsmálin fastari tökum, og á ég þar við, að það væri full ástæða til ekki aðeins að samþykkja þessa till., heldur einnig að samþykkja það frv., sem hér liggur líka fyrir þinginu um ráðstafanir í verðlækkunarmálum.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta mál; það er alveg tilgangslaust héðan af. En þörfin fyrir framkvæmd málsins er sú sama nú og áður, og jafnvel er hún brýnni. Það ríður á því, að sú kjarabót, sem verkalýður landsins hefur nú knúið fram, verði ekki eyðilögð af ríkisstj., sem lætur dýrtíðarflóðið færa allt úr skorðum í þjóðfélaginu.

Ef ríkisstj. færi ekki eftir ströngum og ákveðnum samþykktum Alþ., þá væri auðvelda ara að draga hana til ábyrgðar fyrir, að hún hefði brugðizt. En þeir hv. þm., sem slá skjaldborg um ríkisstj. og hennar frammistöðu í þessu máli, taka á sig ábyrgðina á því, að ríkisstj. getur nú framvegis leikið lausum hala í verðlagsmálunum og borið því við, að það hafi enginn þingvilji verið fyrir því, að hún hagaði sér öðruvísi en hún hefur hagað sér í þessum málum.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Þegar hv. 2. þm. Eyf., frsm. fjvn., var að tala hér áðan og láta í ljós allgóðan vilja og mikinn hjá hæstv. ríkisstj. að halda verðlagi í skefjum í landinu og tala um, hve sjálfsagt og nauðsynlegt það væri í alla staði, þá datt mér í hug hið fornkveðna: fagurt skal mæla, en flátt hyggja — því að þannig hafa hv. stjórnarflokkar komið fram í þessum málum, bæði í kjaradeilu þeirri, sem stóð hér um langan tíma, og eins gagnvart þeim málum, sem hafa verið borin fram hér á Alþ. um lækkanir verðlags, að þeir hafa lifað eftir þessum gömlu ummælum, sem ég vitnaði til.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að það væri óeðlilegt að samþykkja þessa till., eftir að hæstv. ríkisstj. hefði leitað til þeirra aðila, sem till. greinir, og fengið neikvæð svör frá þeim. Og hv. 3. landsk. þm. (HV) sagðist aldrei hafa gert ráð fyrir því, þegar hann flutti þessa till., að það mundu fást greið svör frá þessum aðilum um að lækka verðlag, lækka sinn gróða, heldur hefði hann gert ráð fyrir, að það þyrfti allsherjargangsharða samninga í því efni. Nú fer þetta tvennt nokkuð saman hjá þessum tveim hv. þm. Það er rétt hjá hv. 3. landsk., að það þurfti aldrei að búast við því, að gróðafélögin gæfu neitt eftir af frjálsum og fúsum vilja, og það er líka nokkuð til í því, sem hv. 2. þm. Eyf. segir, að eftir að ríkisstj. hefur sýnt einhverja málamyndatilburði í því að tala við þessa aðila, til þess að geta afsakað sig á eftir með því, að hún hefði gert það og ekki fengið jákvæð svör, þá þarf miklu strangari fyrirmæli frá Alþingi í þessum efnum en þessi till. gerir ráð fyrir. En ef hv. stjórnarflokkar og hæstv. ríkisstj. hefði haft einhvern vilja, þann góða vilja, sem hv. 2. þm. Eyf. var að lýsa hér áðan, í því að færa niður verðlag í þessu landi og skapa með því íslenzkum almenningi þá einu raunhæfu kjarabót, sem hægt er að skapa honum í dag, þá hefði hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokkar sannarlega tækifæri til þess að gera það, því að mánuði áður en til verkfalls kom, var borið fram hér á Alþingi af okkur þm. Þjóðvfl. frv., sem algerlega batt hendur allra aðila í þessu efni. Það fól í sér meiri kjarabætur til handa öllum almenningi í landinu, hvort sem það voru verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn, bændur eða launþegar og opinberir starfsmenn, heldur en nokkur annar aðili hefur borið fram kröfur um eða gert till. til að ná. Um þetta frv. hefur verið þagað, og það hefur ekki fengizt rætt hér á Alþingi, vegna þess að hæstv. ríkisstj. talaði fagurt, en hugði flátt í málinu. Í því frv. var lagt til, að söluskattur væri felldur niður að þeim hluta, þar sem hann er rang-

látastur og ósanngjarnastur, og þeim hluta, sem rennur ekki allur í ríkissjóð, heldur verður að gróðalind fyrir þá, sem eiga að innheimta skattinn fyrir ríkissjóð. Það var einnig lagt til, að tekið yrði upp verðlagseftirlit og Alþýðusambandi Íslands fengið meirihlutavald og þar með verkalýðsstéttunum í því verðlagseftirliti, þannig að þær stéttir hefðu getað tryggt hvort tveggja, lágt verðlag og líka hlut þeirra, sem eiga að flytja inn og þurfa að sjá um það nauðsynjastarf að flytja inn og dreifa vörum til landsmanna. Hagur verkalýðsins var tvíþættur og er tvíþættur í því máli, og það var á allan hátt eðlilegast að fela Alþýðusambandinu eftirlit og yfirráð í þessu máli.

Ég verð að segja það eins og er, að það eru fleiri hér á Alþingi Íslendinga, sem eiga þarna nokkra sök, heldur en hæstv. ríkisstj. Í þeirri n., sem fékk frv. okkar þm. Þjóðvfl. til afgreiðslu, á sæti einn kommúnisti, og maður skyldi ætla, að hann hefði ekki haft á móti því, að Alþýðusambandið fengi yfirráð yfir verðlagseftirliti í landinu. En hann hefur ekki einu sinni haft fyrir því að skila nál. um frv., ekki einu sinni hann. Það er rétt, að þetta komi fram hér á þinginu.

Loks vil ég taka það fram, að það er tilgangslaust fyrir hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkana að afsaka sig með því, að verkfallið sé nú leyst og þess vegna sé óþarft og ástæðulaust að ræða þessi mál. Það er aldrei brýnni þörf en einmitt nú að ræða þessi mál. Við höfum séð nýjasta dæmið, það nærtækasta, sem hv. 3. landsk. gat um hér áðan, þegar olíufélögin, sem sýndu verkamönnum í verkfallinu mestan fjandskap allra aðila, hafa riðið strax á vaðið og hækkað vinnu við smurning á bílum um 40%, og við vitum, að þannig munu hækkanirnar dynja yfir núna næstu vikur og mánuði margfalt meiri en kauphækkun verkamanna gefur tilefni til. Og því segi ég það, að það er aldrei meiri nauðsyn en nú að samþykkja að taka upp verðlagseftirlit og lækkun verðlags í landinu. Íslenzk alþýða hefur nú fyrst mjög brýna lífsnauðsyn á því, að þetta verðlagseftirlit og lækkun á vöruverði verði tekið upp, því að annar eins grundvöllur og sá, sem bröskurunum hefur nú verið skapaður til alls konar hækkunar, bröskurunum, sem eru skjólstæðingar hæstv. ríkisstj. og fá að hækka sína hluti án þess að ráðherra stígi hér í stól og komi með margvíslega útreikninga um það, hvaða áhrif sú hækkun hafi á þjóðarbúskapinn, hefur það í för með sér, að það er aldrei brýnni nauðsyn en nú að hafa eftirlit með þeim. Og þess vegna geta stjórnarflokkarnir og hæstv. ríkisstj. ekki afsakað sig á neinn hátt með því að salta þessi mál, neita að ræða þau eða vísa þeim til ríkisstj., þar sem á að svæfa þau, því að allur almenningur sér, hvernig er í pottinn búið.

ATKVGR.

Till. á þskj. 551 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 17:13 atkv.

5. Sementsverksmiðja o. fl.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lánsútvegun vegna sementsverksmiðju o. fl. [53. mál] (A. 64).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fyrir síðustu kosningar virtist vera þó nokkur áhugi hjá hæstv. ríkisstj. fyrir því að koma upp sementsverksmiðju, framkvæma þau lög, sem Alþ. hefur sett um þau mál. Og það var einmitt rétt fyrir kosningarnar farið svo að segja að vígja sementsverksmiðjuna eða grunninn og hafizt aðgerða, miklum sandi dælt og annað slíkt gert, sem menn gátu ætlað að mundi verða skjótt framhald á, að á grunninum risi upp verksmiðjubygging. Svo rétt eftir kosningarnar kom í ljós, að það var eitthvert babb komið í bátinn eða hafði jafnvel verið komið áður hvað lánveitingar snerti hjá þeirri stofnun, sem ríkisstjórnin fyrst og fremst virðist snúa sér til um að fá lán hjá. Það var ekki annað að sjá eða annað að heyra á þeim upplýsingum, sem fram komu hér á Alþ. í fyrra, en að ríkisstj. hefði verið sett þau skilyrði frá hálfu Alþjóðabankans, að sementsverksmiðja ríkisins, sem ákveðið hafði verið að byggja með lögum, skyldi ekki verða sementsverksmiðja ríkisins, heldur sementsverksmiðja einkaaðila, og að Alþjóðabankinn mundi ekki veita lán til þessarar verksmiðju, nema því aðeins að hún væri í eign einstakra aðila. Þegar við heyrðum, að þessi skilyrði hefðu verið sett, bar ég strax fram hér á Alþingi fsp. um það, hvort þetta væri rétt, og aldrei var því mótmælt af hálfu hæstv. ráðherra. Og okkur, sem könnumst við, hvernig farið var að viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni eða átti að fara með hana, er það alveg ljóst, að hér er um „prinsip"-mál að ræða frá hálfu ameríska auðvaldsins, sem beitir áhrifum sínum í Alþjóðabankanum í þá átt að tryggja, að hér á Íslandi skapist, hvað sem það kostar, voldugir auðdrottnar, sem eigi stærstu fyrirtækin í landinu og fái fé að láni frá ríkinu til þess að eignast þau. Hvað sem er um lög og vilja Alþingis og þjóðarinnar, þá á að sveigja íslenzkt þjóðskipulag undir einkaauðmagnið á þann hátt að gera fyrirtæki, sem Íslendinga hefur aldrei dreymt um að ætti að verða einstakra manna eign, að eign örfárra manna. Nú hins vegar, öfugt við það, sem var með áburðarverksmiðjuna, vill svo til, að ríkisstj. hefur ekki gefizt upp í þessu máli, hún hefur enn sem komið er ekki beygt sig fyrir þessum skilyrðum Bandaríkjanna, hún hefur ekki einu sinni almennilega þorað að viðurkenna, að slík skilyrði hafi verið sett, og hún virðist enn þá vera að reyna að fara samningaleiðina við Alþjóðabankann um að falla frá þessum skilyrðum.

Hins vegar virðist málið tefjast af þessum sökum, og það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. vilji láta það í veðri vaka gagnvart þjóðinni, að það sé ekki hægt að byggja þessa sementsverksmiðju öðruvísi en að Alþjóðabankinn leyfi það, þ. e. a. s., rétt eins og okkar forfeður fyrir aldamótin urðu enn þá að biðja Danakonung um að undirskrifa leyfi um það, hvort við mættum byggja brú á Ölfusá fyrir okkar eigin peninga, eins virðist nú þurfa að biðja auðdrottnana í New York um leyfi, hvort við megum gera ráðstafanir til þess að koma upp sementsverksmiðju hér á Íslandi, ekki sé hægt að gera það, svo framarlega sem þeir leggjast á móti því.

Nú álít ég, að það sé ekki nóg, að hæstv. ríkisstj. þæfi þetta mál á þennan hátt. Ég álít réttara, að hún hætti að líta þannig á eins og hvergi séu möguleikar til að fá lán eða koma upp verksmiðju, nema því aðeins að Alþjóðabankinn leyfi slíkt og láni til slíks. Það er engum efa bundið, að það er hægt að fá lán víðar en í Ameríku, og það er hægt að fá lán annars staðar, svo framarlega sem það ekki fæst þar. Ég býst við, að í auðvaldslöndum Vestur-Evrópu sé meira að segja hægur vandi að fá lán til sementsverksmiðju, ef að því er unnið, og álít ég sjálfsagt meðal annarra möguleika að athuga þann kost. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, og við flm. þessarar till., að bezt sé fyrir þjóðarbúið, þegar það leggur í fyrirtæki eins og t. d. sementsverksmiðjuna, ef það hafi kost á því að vinna sér sjálft fyrir þeim útlenda gjaldeyri, sem þarf til þess að byggja slíka verksmiðju. Ég veit, að hvað viðskiptamöguleika snertir er hægt fyrir okkur Íslendinga að selja miklu meira af fiski en við höfum gert undanfarið til Austur-Þýzkalands. Það gekk að vísu mjög treglega að fá þá samninga í gang, og sú tregða stafaði af óvilja þeirrar ríkisstj., sem hér sat að völdum eftir 1950, á því að taka upp viðskipti við það land. Það hefur hins vegar sýnt sig, að þau viðskipti, sem að lokum hafa verið knúin í gegn, hafa verið mjög hagstæð fyrir Íslendinga, að við fáum ekki aðeins með því hæsta fiskverðið, sem við yfirleitt fáum í heiminum, heldur fáum við yfirleitt mjög góðar vörur á móti með mjög sæmilegu verði. Nú er það eitt einkenni á Austur-Þýzkalandi, að þess sérstaða sem framleiðendalands véla er alveg einstök í heiminum, þ. e. a. s. þetta land leggur alveg sérstaklega vinnuafl sitt í það að vinna úr járni og stáli hvers konar vélar, og það er vitanlegt, að það er hægt að fá vélar, svo sem í sementsverksmiðju, í Austur-Þýzkalandi í skiptum fyrir fisk. Okkur, sem störfuðum að því eftir styrjöldina að reyna að byggja okkar atvinnulíf upp þá, hefði þótt það stórkostlegur fengur á þeim tímum, þegar óhugsandi var að fá stál og vélar fyrir fisk, að geta sætt slíkum kostum, og ég álít, að það sé enn. Ég álít, að það væri hagkvæmara fyrir okkar þjóðarbúskap að kaupa inn fyrir okkar fisk vélar, svo sem í sementsverksmiðju, heldur en allt það glingur, sem núna er flutt í landið, þó að ég skuli hins vegar viðurkenna, að máttarstólpar Sjálfstfl. muni græða meira á þeim innflutningi, sem þannig fer fram, heldur en á því að kaupa vélar í sementsverksmiðju. Ég hef enn fremur orðið var við það í umr., sem ég hef átt í fyrir aðila hér heima — hraðfrystihús, að það er möguleiki á því að gera slíka viðskiptasamninga við Austur-Þýzkaland, að semja um kaup á vélum gegn 3—5 ára lánsfresti og gera um leið samning um að greiða í fiski á jafnlöngum tíma. Ég skal ekkert fullyrða viðvíkjandi lántöku í sementsverksmiðju, af því að slíkt hefur ekki verið athugað, en ég veit, að þessir möguleikar eru til með aðrar vélar, sem athugað hefur verið um.

Vélar í sementsverksmiðju mundu varla kosta meira en það, sem svarar andvirði 1000 tn. af hraðfrystum fiski á ári í 5 ár. Og þegar það er vitað, að við Íslendingar getum framleitt og selt ekki aðeins 10 þús. tn. meira en við höfum gert, heldur 20—30 þús. tn. meira en við höfum gert undanfarið af freðfiski á ári, þá er auðséð, að fyrir okkar þjóðarbúskap er það ekkert verulegt átak að kaupa inn og greiða á 4—5 árum í fiski t. d. vélar í sementsverksmiðju. Ég álít, að við eigum að setja okkur það, þegar við erum að byggja upp atvinnulífið í okkar landi, að gera það að eins miklu leyti og okkur er frekast fært með íslenzku fjármagni og greiða með íslenzkum afurðum, íslenzkum fiski þær vélar og þau útlend efni, sem við þurfum að kaupa. Við vitum ósköp vel, að það getur verið þægilegra, ef á því eru tök, að taka gífurleg lán, lán máske líka til þess að borga vinnuaflið hér innanlands, en við vitum líka, að slík lán kosta okkur 5, 6 upp í 7%, og þegar þau eru tekin á hinum svokallaða frjálsa markaði, þýða þau venjulega um leið, að við verðum á einn eða annan hátt að afla okkur dollara til þess að geta greitt í slíkri frjálsri mynt, og það er þess vegna undir hælinn lagt, eins og markaðshorfur eru í þeim löndum, hvort við getum aflað okkur slíks, og við munum enn þá, hvað útlendar skuldir voru okkur þungbærar á tímanum 1930—40. Við álítum a. m. k. fulla ástæðu til þess að ýta undir það, að þjóðin vinni sér sem mest fyrir þeim vélum, sem hún kaupir erlendis frá, ef það er hægt með sæmilegu móti. Hitt mundi hins vegar þýða, að spurningin um fjármagnsöflun hér innanlands yrði að takast miklu alvarlegar en gert hefur verið fram að þessu. Á þeim málum hefur nú á síðustu 7—8 árum yfirleitt varla verið tekið alvarlega. Það hefur alltaf verið hopað þar undan þeirri tregðu, sem verið hefur um verulega stórfelld lán hér innanlands í því sambandi.

Þessi þáltill. fer þess vegna fram á, að ríkisstj. sé falið að leita fyrir sér eða láta leita fyrir sér við stjórn Austur-Þýzkalands, Deutsche demokratische Republik, um slíka möguleika eins og ég nú hef getið um. Enn fremur er bætt þar við, að rétt sé að athuga um slíka möguleika á vélum til fyrirhugaðra raforkuvera. Ég veit, að það gildir að ýmsu leyti það sama um þetta. Og ég veit, að það er sagt við alla þá, sem áhuga hafa, hvort heldur fyrir sementsverksmiðjunni eða raforkuverunum, að framkvæmdastjóri Framkvæmdabankans sé í

sífelldum ferðalögum. Hann er alltaf að fljúga út í hvert einasta skipti sem nefndirnar héðan úr Reykjavík eða utan af landi koma til þess að spyrja um, hvernig gangi um lán. Ýmist er hann nýkominn úr för og tilkynnir, að því miður hafi ekkert gengið enn þá, eða hann er rétt að fara út til þess að koma aftur með einhver svipuð svör. Ég held, að þegar þannig gengur, sé rétt fyrir okkur að athuga alla möguleika. Í þessari þáltill. er ekkert fullyrt um, hvað taka skuli, en ef þeir möguleikar væru fyrir hendi að fá lán til nokkurs tíma, að geta samið um greiðslu á slíkum vélum í fiski og að geta jafnvel fengið eins góða eða lægri vexti en við annars hefðum getað fengið, þá held ég, að það sé rétt að athuga slíkt. Ég vil þess vegna leyfa mér að óska þess, að þessari umr. verði nú frestað og þessu máli vísað til hv. fjvn. til skjótrar fyrirgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. og 55. fundi í Sþ., 13. og 27. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 64, n. 541 og 552).

Frsm. meiri hl. (Pétur Ottesen): Eins og nál. á þskj. 552 og 541 bera með sér, varð ekki samkomulag um afgreiðslu þessarar þáltill. í fjvn. Meiri hl. leggur til, að till. verði vísað til ríkisstj., en minni hl., hv. 11. landsk., leggur hins vegar til, að till. verði samþykkt.

Í grg. fyrir þessari till. á þskj. 64 um lánsútvegun vegna sementsverksmiðju er að því vikið, að nokkrir erfiðleikar hafi verið á því að útvega lán til byggingar sementsverksmiðju, og er í sambandi við það bent á, að ef til vill væri hægt að greiða úr þessum erfiðleikum með því að semja við stjórn Austur-Þýzkalands um sölu á vélum í verksmiðjuna og greiða þær svo aftur með fiskafurðum, og í till. er látið liggja orð að því, að ef til vill mætti takast að semja um 3—5 ára greiðslufrest á andvirði vélanna.

Eftir að þessari till. hafði verið vísað til fjvn., sendi hún hana til umsagnar stjórnar sementsverksmiðjunnar og enn fremur til Framkvæmdabankans, sem gert er ráð fyrir að hafi milligöngu um útvegun á láni til byggingar verksmiðjunnar. Nefndinni bárust svör frá báðum þessum aðilum, og þeir voru alveg sammála í sínu áliti um það, að sá gjaldfrestur, sem hér væri um að ræða, væri allt of skammur, 3—5 ár, því að það er gert ráð fyrir, að taka muni þrjú ár að byggja sementsverksmiðjuna, þannig að hún verði tiltæk til vinnslu, og mundi þá samkvæmt því þurfa að hefja greiðslur af lánunum strax og verksmiðjan væri komin upp eða sem næst því.

Í svari frá bankastjóra Framkvæmdabankans er frá því skýrt, að ríkisstj. hafi staðið til boða lán til kaupa á vélum í verksmiðjuna og jafnvel fyrir öllum kostnaði hennar, en þau voru háð því skilyrði, að vélar í verksmiðjuna yrðu keyptar frá því landi, sem léti slík lán í té. En ríkisstj. hefði ekki viljað ganga að slíkum kjörum, heldur talið miklu heppilegra og hagkvæmara að geta fengið lán til kaupa á vélunum og valið svo um það, hvar vélarnar væru keyptar; með þessu móti fengjust miklu hagkvæmari kaup og lægra verð. Nú er undirbúningur undir byggingu sementsverksmiðjunnar eins og kunnugt er hafinn. Stjórn sementsverksmiðjunnar hefur sent út tilboð í efni til byggingar á húsum verksmiðjunnar. Hefur verið unnið að því í vetur að undirbúa grunn undir þessi hús, og segja má, að vinna sé nú að hefjast með fullum krafti við byggingu verksmiðjunnar. Enn fremur hefur verksmiðjustjórnin sent út tilboð í vélarnar, bæði hér í álfu og einnig til Vesturheims, og mér skilst, að þessi tilboð séu nú að berast og eitthvað af þeim komið, og er þetta byggt á því, að fyrir hendi verði fé til þess að greiða með vélarnar, svo að það sé hægt að sæta beztu kjörum um kaup á þeim.

Þannig standa nú þessi mál um byggingarframkvæmdir sementsverksmiðjunnar, eftir því sem fjvn. hefur fengið upplýsingar um.

Um það atriði þessarar till. að greiða vélar til verksmiðjunnar með fiskafurðum, er það að segja, að vitanlega væri sjálfsagt að nota þær aðstæður, ef ekki væru aðrar ríkari, sem mæltu því í gegn, þannig að þá yrði að sæta miklu óhagkvæmari kjörum um kaup á vélum. En ríkisstj. hefur það sem öll slík útflutningsmál afurða í sinni hendi, það á sínu valdi, hvort hún telur, að þær aðstæður séu fyrir hendi, að það sé hægt að greiða fyrir sölu afurða vorra í sambandi við þessi kaup, og það verður að ganga út frá því sem sjálfsögðum hlut, að ríkisstj. athugi líka þann möguleika.

Með tilliti til alls þessa varð niðurstaðan hjá meiri hl. fjvn. að leggja til, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir, er um það, að Alþingi feli ríkisstj. að leita fyrir sér um möguleika á því við stjórn Austur-Þýzkalands, að þaðan verði keyptar vélar til sementsverksmiðjunnar á þeim grundvelli, að vélarnar verði greiddar í fiskafurðum, sem héðan yrðu seldar til Austur-Þýzkalands, og að á þennan hátt yrði hægt að fá fram nokkurn greiðslufrest á vélunum.

Það hefur komið í ljós, að viðskipti Íslendinga við Austur-Þýzkaland eru á margan hátt hagstæð. Þar er greinilega fyrir hendi allmikill markaður fyrir íslenzkar sjávarafurðir, og verð það, sem fengizt hefur fyrir sjávarafurðir þar í landi, hefur verið mjög hagkvæmt. Hins vegar hafa viðskiptin við þetta land verið þannig, að til greiðslu á þeim fiskafurðum, sem þangað hafa verið seldar, hefur að miklu leyti þurft að taka ýmsar vörur frá þessu landi. Það hef-

ur hins vegar verið nokkrum örðugleikum bundið að fá þaðan það mikið af vörum, sem samsvarar að öllu leyti þeim möguleikum, sem annars eru fyrir hendi til þess að selja fiskafurðir okkar inn á þetta landssvæði.

Nú er ekki um það að villast, að málin standa þannig hjá okkur, að það væri til verulegra bóta fyrir okkur að auka fisksöluna til Austur-Þýzkalands. Það mundi bæta afkomu sjávarútvegsins allmikið, og framleiðendur eru þessu mjög meðmæltir. Af þeim ástæðum hefur mönnum eðlilega komið til hugar, hvort ekki væri hægt að beina til þessa lands einhverjum þeim viðskiptum, sem ákveðið er að ráðast í af hálfu Íslendinga, og þá hefur m. a. komið til athugunar að kaupa þaðan vélar í sementsverksmiðju. Það er sem sagt kunnugt, að Austur-Þýzkaland framleiðir þekktar og viðurkenndar vélar til slíkrar starfsemi, og fulltrúar þessa lands hafa lýst því yfir, að þeir væru reiðubúnir til samninga um að útvega vélar til sementsverksmiðju hér á landi.

Við, sem stöndum að flutningi þessarar till., töldum því alveg sjálfsagt, eins og þessum málum var varið hér, að nú yrði reynt af hálfu stjórnarvaldanna til hins ýtrasta að greiða fyrir sölu á sjávarafurðum til þessa lands, m. a. með því að kaupa þessar vélar þaðan og fá einnig fram um leið nokkurn greiðslufrest á vélunum, sem við töldum að miklar líkur væru á. Þó að hæstv. ríkisstj. hafi verið kunnugt um þessa möguleika, þá hefur hún ekki sinnt því á neinn hátt enn að athuga, hvernig þessum málum væri varið, og af þeim ástæðum fluttum við þessa till., ef Alþingi vildi fela ríkisstj. að bregðast þannig við sem lagt er til hér í till.

Meiri hl. hv. fjvn. telur eftir atvikum ekki rétt að samþykkja till. eins og hún liggur fyrir, en mér skilst þó, að meiri hl. n. vilji gjarnan afgreiða till. á fremur jákvæðan hátt með því að vísa henni til ríkisstj., í von um það, að hún athugi þetta mál til hlítar, og tel ég það að vísu bót. En ég, sem er í minni hl., vildi hins vegar leggja til, að till. yrði samþykkt eins og hún er, þar sem ríkisstj. væri beinlínis falið að leita eftir þessum samningsmöguleikum. Mér er það að vísu ljóst, að þó að þessi leið væri farin, þá leysir hún ekki til hlítar það vandamál, sem er bundið við það að útvega sementsverksmiðjunni frambúðarlán, sem sementsverksmiðjan síðan gæti miðað sinn rekstur við. Hér yrði fyrst og fremst um bráðabirgðalán að ræða, sem aftur yrði að snúa yfir í lengra lán í sambandi við rekstur verksmiðjunnar. En þar sem slík lánveiting sem þessi gæti væntanlega greitt fyrir byggingunni nú í byrjun, en auk þess greitt verulega fyrir sölu á sjávarafurðum, þá álít ég, að það eigi að samþykkja till. eins og hún liggur fyrir, og hef lagt það til.

ATKVGR.

Till. á þskj. 552 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 19:8 atkv.

6. Innflutningur bifreiða.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um frjálsan innflutning bifreiða [76. mál] (A. 101).

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til einnar umr. (A. 101, 139).

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Með þáltill. þessari er að því stefnt að fela ríkisstj. að veita frjálsan innflutning bifreiða. Höfuðröksemdirnar má segja að fyrir því séu tvær: Í fyrsta lagi, að bifreiðar eru í langflestum tilfellum óhjákvæmileg nauðsynjatæki í atvinnurekstri landsmanna og samgöngum og veigamikill þáttur í almennri velmegun borgaranna. Í öðru lagi, að með frelsi í bifreiðaverzluninni er hægt að leiðrétta misrétti og óheilbrigða verzlunarhætti, sem verið hafa þjóðinni miklir smánarblettir á liðnum árum.

Spyrja mætti þá, vegna hvers bifreiðainnflutningurinn hafi ekki þegar verið gefinn frjáls, og einnig, hver hefur verið þróun þessara mála á undanförnum árum. Mér þykir rétt að víkja að því lítillega, þó að hitt sé að vísu rétt, að það eru ýmsir aðrir, sem kunna betur til hlítar alla sögu þessara mála.

Ég vil fyrst vekja athygli á því, að þegar Sjálfstfl. tók þátt í ríkisstj. með myndun þjóðstjórnarinnar á sínum tíma, 1939, eftir langvarandi valdaferil Framsfl. og Alþfl., var ríkiseinkasala á bifreiðum í landinu. Þátttaka sjálfstæðismanna í ríkisstj. leiddi til afnáms þessarar einkasölu sem og raftækjaeinkasölu og fleiri ónauðsynlegra ríkisafskipta.

Þess er að minnast, að í byrjun stríðsins var hér nokkur innflutningur nýrra bíla af sérstökum ástæðum, og búum við að nokkru leyti að því í dag. Á ég þar m. a. við innflutning Dodge-bifreiðanna, sem höfnuðu hér í stríðsflutningum 1941. Annars er þess að minnast, að í stríðinu voru aðallega fluttir hingað inn notaðir bílar, og voru þessir bílar að verulegu leyti keyptir á erlendum markaði, með hagstæðum kjörum þá, þar sem aðrar þjóðir voru að draga úr bifreiðanotkun sinni vegna eldsneytisskorts af styrjaldarástæðum. Einnig var á þessum árum árum allmikið flutt inn af bílum á vegum námsmanna, sem dvalizt höfðu sérstaklega vestan hafs, og annarra, sem erlendis dvöldust, einnig sjómanna og farmanna. Hins vegar varð mjög lítið um bílainnflutning síðustu stríðsárin, og fengu landsmenn þá nokkuð af þessum tækjum frá hernum eða setuliðinu, sem hér var.

Á þessum árum, sem ég hef vikið að, voru skráðar bifreiðar, sem bættust við bílaeign landsmanna, samkv. bifreiðaskýrslu vegamálaskrifstofunnar eftirfarandi (ég miða hér við, að á viðkomandi ári hafi þessi tala bifreiða fyrst komið inn á bifreiðaskrár):

Fólksbílar: 1940 226, 1941 326, 1942 892, en aðeins 15 1943 og 3 1944.

Vörubifreiðar: 85 1940, 307 1941, 1081 1942, en aðeins 31 1943 og 51 1944.

Eftir að nýsköpunarstjórnin tók við völdum, lagði Pétur Magnússon, viðskmrh. þáverandi, fyrir viðskiptaráð að veita mjög rífleg leyfi fyrir innflutningi á fólksbílum, en nýbyggingarráð hlutaðist þá til um mjög mikinn innflutning vörubíla og jeppa. Þannig bættust á bifreiðaskrána á þessum árum:

Fólksbílar: 1945 158, 1946 2134 (og þar í munu vera taldir jepparnir), 1947 785.

Vörubílar: 1945 217, 1946 1023 og 1947 654, eða samtals á þessum þremur árum 5275 bílar þegar með er talið nokkuð af almenningsbifreiðum og örfáar tvíhjólabifreiðar, og er þetta gífurlega há tala, miðað við heildartölu bifreiða í landinu á þeim tíma, sem sennilega hefur verið töluvert innan við 10 þúsund.

Eftir stríðið og eftir hina miklu fjárfestingu nýsköpunaráranna varð gjaldeyrisskortur m. a. orsök þess, að nokkuð dró úr bílainnflutningnum, en einnig eðlilegt eftir þá miklu aukningu, sem átt hafði sér stað á bílakosti landsmanna á þessum árum. En upp úr árinu 1947 hefur mjög lítið verið um bílainnflutning og hann óreglulegur eða stopull. Þetta sést glöggt af því, að 1. jan. 1954 eru alls skráðar í landinu 11507 bifreiðar, en þar af eru 10069 eldri en frá 1948, m. ö. o., að endurnýjun bílaeignar landsmanna hefur að verulegu leyti verið vanrækt undanfarin sex ár, eða fluttir inn tæplega 240 bílar allra tegunda að meðaltali á ári.

Meðalaldur bílakosts landsmanna er mjög hár hjá okkur eins og nú er komið. Sex ára og eldri eru yfir 90%, sennilega nálægt 91% af öllum bílunum. Og 11 ára og eldri eru líklega nálægt 43%. Þetta er athyglisvert, þegar það er haft í huga, að t. d. í Bandaríkjunum er meðalaldur bifreiða talinn frá 4 og upp í 7 ár, eftir því nokkuð, hvernig á stendur, en það er í landi, þar sem mjög góðir vegir eru og alls ólíku saman að jafna eða hér á landi, eins og vegakerfinu er háttað.

Þetta lauslega yfirlit staðfestir það, sem vitað var, að það hafa alltaf gilt allt aðrar reglur um innflutning bifreiða en annan innflutning og aldrei neinar samræmdar reglur frá ári til árs. Sum árin er sama sem enginn innflutningur. Önnur árin kemur kannske gífurlega mikill innflutningur af einni eða annarri ástæðu. En á þessum árum, enda þótt innflutningurinn hafi verið bundinn leyfum og ákvörðunum nefnda, mun á hverjum tíma hafa verið reynt að samræma þær reglur, bæði frá ári til árs og innan vöruflokkanna á hverju ári, en um bílainnflutninginn hefur alla tíð ríkt í þessu efni hinn mesti glundroði.

Á tveimur tímabilum, sem ég hef hér vikið að, eru nokkrar breytingar, sem stefna að auknu frjálsræði í sambandi við bílaverzlunina. Það er þegar bifreiðaeinkasalan var afnumin, eins og ég minntist á, og einnig á árum nýsköpunarstjórnarinnar eða í viðskiptamálaráðherratíð Péturs Magnússonar, sem heita mátti að nokkurn veginn væri frjáls bifreiðainnflutningur til landsins. Það hefði þess vegna sannarlega mátt vænta þess, að breytingar í þessum málum hefðu átt sér stað síðustu árin, og vissulega komið fram á elleftu stund, að nú sé alvarlega stungið við fótum. Ég skal færa þessum orðum nokkuð frekari stað.

Fyrir alþingiskosningarnar 1949 lagði Sjálfstfl. megináherzlu á þá stefnu að skapa jafnvægi í peningamálum þjóðarinnar, taka upp frjálsa verzlun og afnema haftakerfið. Eftir kosningarnar myndaði formaður flokksins flokksstjórn, sem lagði fyrir þingið tillögur sjálfstæðismanna í fjármálum og viðskiptamálum með frv. um gengisskráningu o. fl., og í byrjun árs 1950 tókst stjórnarsamstarf milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í meginatriðum á grundvelli þeirra tillagna í efnahagsmálunum, sem fólust í frv. Sjálfstfl. Síðan hefur hröðum skrefum verið að því stefnt að gera innflutningsverzlunina frjálsa og afnema hafta- og skömmtunarkerfið, sem lýsti sér í margvíslegum ófögrum myndum.

Viðskiptanefndin var lögð niður 31. jan. 1950 og skömmtun afnumin. Vöruskortur, biðraðir og svarti markaðurinn hurfu smám saman. Og ég leyfi mér að vitna til ummæla fyrrverandi viðskmrh., Björns Ólafssonar, um mánaðamótin apríl–maí 1953 um þróun hins aukna frelsis í viðskiptamálunum í ræðu, sem hann hélt á landsfundi Sjálfstfl., þar sem hann segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir að gengisbreytingin hafði verið framkvæmd og á þann hátt lagfært að verulegu leyti hið mikla misvægi, sem árum saman hafði truflað efnahagskerfið, var hafinn undirbúningur að því að losa nokkuð af verzluninni úr viðjum haftanna. Hinn 4. ágúst 1950 var fyrsti frílistinn gefinn út. Með honum var um 17% af innflutningi gefinn frjáls. Þetta var fyrsta skrefið, og spáðu margir illa fyrir þessari fyrstu tilraun. Þeir, sem lengi hafa verið ófrjálsir, eru stundum hræddir við þá óvissu, sem frelsið færir þeim, og hrýs hugur við að eiga að standa á eigin fótum. Rúmum fjórum mánuðum síðar, eða hinn 18. des. 1950, var frílistinn mikið aukinn, og 7. marz 1951 var bátalistinn gefinn út, sem einnig er frílisti. Var þá áætlað, að komið væri á frílista um 65% af öllum innflutningi til landsins. Samkv. athugun, sem gerð hefur verið á innflutningi síðasta árs, þ. e. 1952, kemur í ljós, að 70% af honum er á frílistum, en aðeins 30% er háð innflutnings- og gjaldeyrisleyfum."

Framhald þessara mála var það, að samið var um milli Sjálfstfl. og Framsfl. við myndun núverandi ríkisstj., að afloknum alþingiskosningunum í fyrra, að leggja fjárhagsráð niður, og voru afgreidd um það lög á síðasta þingi, sem rýmkuðu mjög verulega athafnafrelsi manna, og móta að öðru leyti þá stefnu í viðskiptamálum að auka viðskiptafrelsið, eftir því sem föng væru á á hverjum tíma, eins og fram kemur í ákvæðum laganna.

Þegar alls þessa er gætt, er von, að menn spyrji: Hvers á þá bílainnflutningurinn að gjalda? Hvað veldur því, að martröð haftakerfisins hvílir enn yfir þessari grein innflutningsins og viðskiptamálanna?

Þegar hér er komið, er rétt að staldra nokkuð við og athuga allra síðasta þátt þessara

mála. Í fyrra mun hafa verið í fyrsta sinn um mörg ár ákveðin veruleg úthlutun innflutningsleyfa fyrir vörubílum, eða töluvert á annað hundrað. Á s. l. ári var líka í fyrsta skipti í mörg ár um verulega úthlutun að ræða til atvinnubílstjóra, að vísu aðeins frá clearinglöndum, hinar svonefndu Kaiser-bifreiðar frá Ísrael. Var þetta nokkur úrlausn og sá háttur hafður á, að félag, sjálft félag bifreiðarstjóra, framkvæmdi úthlutun þessara leyfa. Áður og jafnframt hafði verið úthlutað nokkru af leyfum með sérstöku álagi í sambandi við Landssamband íslenzkra útvegsmanna, og voru það aðallega bílar, sem fluttir voru frá Tékkóslóvakíu, nokkuð frá Ítalíu og eitthvað frá Þýzkalandi. En alltaf ríkti þó og hefur ríkt megn óánægja með allar þessar úthlutanir. E. t. v. hafa gjaldeyrislausir bílar, sem svo er kallað, ráðið hér nokkru um, en það hefur jafnframt verið framkvæmt, að menn hafa getað fengið með vissum skilyrðum innflutningsleyfi fyrir bíl, án þess að fá gjaldeyrisleyfi, ef þeir hafa haft einhver skilríki fyrir öflun gjaldeyrisins á annan hátt. En ég vil vekja athygli á því, að ég hef ekki hér gert þá hlið þessara mála að umtalsefni, alla þá óánægju, sem á hverjum tíma hefur ríkt með úthlutun innflutningsleyfa fyrir bílum, en þar má rekja langa og leiða sögu, ef út í það er farið. En ég legg áherzlu á það, að litlu skiptir að sakast við þá menn, sem ráðstafað hafa innflutningnum á hverjum tíma. Kerfið sjálft er með þeim hætti, að það er óframkvæmanlegt hverjum, sem reynir að taka að sér að framkvæma það. Það hefur skapað og skapar misrétti milli einstaklinganna, misrétti milli bílainnflytjenda og siðlausa viðskiptahætti, sem ég hygg að öllum hv. alþm. séu gerla kunnir.

Þegar kom fram á árið 1954, má segja, að legið hafi í loftinu, að innan ríkisstj. væri alvarlega farið að ræða um verulega rýmkun á innflutningi bifreiða og að gefa innflutninginn jafnvel frjálsan. Og þá kemur lokastig þessa máls, sem öllum er í fersku minni og ég þarf ekki að eyða miklum tíma í að rekja. Ríkisstj. ákveður á s. l. sumri, að inn skuli fluttir nú á þessu ári alls um 1300 bílar allt í einu. Af öllum bílunum nema stærstu vörubílunum og jeppum skal greiða sérstakt leyfisgjald, 100% af fob-verðinu, sem verði eins konar endurgreiðsla til togaraútgerðarinnar til eflingar rekstri togaranna. Og í þriðja lagi, að öllu bílamagninu skal úthlutað af innflutningsskrifstofunni og jeppanefndinni samkv. gamla haftakerfinu, þar sem Framsfl. eða framsóknarmenn í ríkisstjórn fengust ekki til að fallast á þá till. sjálfstæðismanna að gera bifreiðainnflutninginn frjálsan.

Þannig standa þessi mál í dag, og spurningin er þá um það nú, hvað fram undan sé, og það mun ákvarðast af afstöðu hv. þingmanna til þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir.

Varðandi afstöðu hv. þingmanna til þessarar þáltill. legg ég megináherzlu á eftirfarandi:

1) Með samþykkt hennar mun hverfa úr sögunni það misrétti og sá svarti markaður, sem ríkt hefur í þessu máli í skjóli haftanna.

2) Ríkisstj. hefur í hendi sér í samvinnu við bankana að setja þær almennu reglur um hinn frjálsa innflutning, sem nauðsynlegar teljast af gjaldeyrisástæðum á hverjum tíma, eins og um allar aðrar frílistavörur, enda hafa slíkar reglur verið settar nú við innflutning á bifreiðum þessa árs, þó að sá innflutningur sé leyfisbundinn.

3) Það er ekki líklegt, að fleiri bílar hefðu verið fluttir inn á þessu ári með núverandi verðlagi og greiðsluskilmálum, þótt innflutningurinn hefði verið gefinn frjáls. Þetta er að vísu enn staðhæfing, en mun koma nokkru betur í ljós við framhald þessa máls, og eitthvað hefur þegar borið á því, að þeir, sem leyfi hafa fengið, hafa skilað þeim og ekki talið ástæðu til eða haft aðstöðu til að hagnýta þau. Og áður en þessum bílainnflutningi nú er að fullu lokið, mun vafalaust vera hægt að átta sig betur á þessu, og kemur kannske í ljós meðan málið er til meðferðar hér í þinginu.

4) Það eru engar líkur til þess, að frjáls innflutningur á næsta ári leiði til eins mikils innflutnings og ákvarðaður hefur verið á þessu ári. Það koma á bifreiðaskrána vafalaust yfir 1400 bílar í ár, ef fluttir eru inn um 1300 og eitthvað töluvert af bílum er keypt frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Og eftir áætlun kunnugustu manna er ekki talið líklegt með því verðlagi, sem nú er á bílum, og ef menn ættu það frjálst að kaupa bíla, að meira en um það bil helmingur af þessu bílamagni mundi verða flutt inn á næsta ári.

5) Hafi gjaldeyrisþol þjóðarinnar þolað þennan mikla innflutning í ár, þá er ekki líklegt, að frjáls innflutningur á næsta ári mundi ofbjóða gjaldeyrisgetunni, og leiðir það af því, sem ég sagði undir 4. lið. Það er sennilegt, að til þess bílainnflutnings, sem nú hefur verið ákveðinn, þurfi að verja í gjaldeyri nálægt 33 millj. kr. Að sjálfsögðu ef stæðist sú ágizkun, að bílainnflutningur næsta árs, þótt frjáls væri, yrði ekki nema helmingur að tölunni til, þá mundi það samsvara nálægt því um helming þessarar upphæðar.

Ég sé í þessu sambandi, að hv. þm. V-Húnv. hefur flutt brtt. við þáltill. okkar, sem er viðaukatill., þannig að aftan við till. bætist: „enda sé jafnframt tryggt, að bankarnir selji á hverjum tíma öllum, er þess óska, erlendan gjaldeyri til kaupa á bifreiðum."

Með hliðsjón af því, sem ég hef sagt um horfur á bílainnflutningi á næstunni, þá tel ég, að það beri á engan hátt að kvíða því, að erfiðara verði um gjaldeyrisöflun til bifreiðakaupa, þótt á frílista væri, heldur en til annarrar frílistavöru. Ég tel þess vegna, að af þeim ástæðum ætti að vera hættulaust að samþykkja þá till., sem hér er flutt, þó að e. t. v. kynni að vera ástæða til að orða hana þannig, að um þetta skyldu gilda sömu reglur og um aðrar frílistavörur, þ. e. a. s., að það verði tryggt með bifreiðarnar á sama hátt og um aðrar frílistavörur, að bankarnir selji á hverjum tíma öllum, er þess óska, erlendan gjaldeyri til kaupa á bifreiðum. Ég er ekki á þessu stigi reiðubúinn til að leggja fram ákveðna

brtt. í þessu sambandi, en gæti hugsað mér hana eitthvað á þessa leið. En eins og kunnugt er, hefur um allar frílistavörurnar verið viðhöfð sú regla í sambandi við ráðstöfun gjaldeyris til kaupa á þeim að setja mönnum mismunandi skilyrði til kaupa á gjaldeyrinum. Um sumar frílistavörurnar þurfa menn að greiða inn í bankana innkaupsverð þeirra erlendis, um leið og beðið er um opnun ábyrgðar í banka fyrir kaupum á vörunni eða um leið og greiðsluheimild er fengin. Um sumar frílistavörur eru þessar innborganir miklu lægri, allt niður í 10%, og liggur allt þarna á milli og hefur verið ákvarðað mismunandi á mismunandi tímum af bönkunum, eftir því sem aðstaðan hefur verið, en hefur ekki valdið neinum verulegum árekstrum, eftir að innflutningurinn hefur þó verið gefinn í jafnríkum mæli frjáls og ég hef vikið að. Þrátt fyrir það er ekki hægt að staðhæfa, að á hverju augnabliki, sem menn komi og óski eftir gjaldeyri fyrir frílistavöru, sé hann af hendi látinn. Stundum hafa menn þurft að hafa í þessu nokkra bið. En ég fullyrði, að það hafi í engum tilfellum orðið þannig, að til nokkurs baga hafi orðið, og engum deilum eða umkvörtunum hefur það valdið á opinberum vettvangi. Ég held þess vegna, að það ætti að verða auðvelt að verða sammála í aðalatriðum um þá hugsun, sem mér skilst að liggi að baki þeirri till., sem hv. þm. V-Húnv. hefur flutt.

6) Ég vil leggja áherzlu á, að haftakerfið leiðir til gjaldeyrissóunar, bæði vegna þess, að bílainnkaupunum er ekki stefnt á hagkvæmustu staði og vanræksla eðlilegrar endurnýjunar leiðir til óhóflegs kostnaðar í varahlutainnflutningi og viðhaldi. Þannig er nú ástatt, að mikið af bílaeign landsmanna er með óhæfilegum viðhaldskostnaði miðað við það, sem ætti að vera og hagkvæmt er. Og það er einnig víst, að haftakerfið, eins og hefur verið og eins og það er í dag, hefur beint bílakaupunum miklu meira inn á dýrari bílamarkað, inn á Ameríkumarkaðinn. Ef menn hafa átt þess kost að fá leyfi og mega kaupa bílinn í Ameríku, þá gera menn það heldur nú — segja sem svo: Ja, ég fæ þetta leyfi einu sinni á ævinni. Stjórnarvöldin hafa verið svona afskaplega frjálslynd í ár að leyfa þennan mikla innflutning, en svo næsta ár sjá allir svart og ekkert verður leyft. Það er bezt að taka þann bílinn, sem dýrastur er og ég get gert mér mestan mat úr, en verður hins vegar, ef ég á að eiga hann, mér dýrari í rekstri og þjóðfélaginu dýrari í rekstri og viðhaldi en ýmsir aðrir bílar, sem völ er á, og sérstaklega minni bílar frá Evrópu, sem henta almenningi yfirleitt miklu betur en ameríkskir bílar. — Ég fullyrði, að haftakerfið sjálft leiðir menn til þess að óska fremur eftir þessum bílum, sem hafa verið í hæstu verði á markaðinum og ekki sízt á svarta markaðinum, enda þótt menn mundu velja öðruvísi, ef þeir vissu það á hverjum tíma, að mönnum væri frjálst að fá bifreið. Af þessum og öðrum sökum, sem ég hef nefnt, er það óneitanlegt, að haftakerfið, eins og það hefur verið, leiðir beinlínis til gjaldeyrissóunar.

7) Ég vildi leggja áherzlu á, að leyfisbeiðnirnar, sem nú er oft talað um og vitnað er til að séu svo og svo margar þúsundir, eru enginn mælikvarði á getu eða þörf manna til bílakaupa, en ákvarðast af hinni óheillavænlegu þróun undanfarinna ára. Menn keppast um að ná í leyfi, þegar þess er gefinn kostur, hvort sem þeir þurfa að nota það eða ekki, vegna þess að það hefur alltaf verið hægt að hafa góðan hagnað af því að kræka sér í slík leyfi um mörg undanfarin ár.

8) Svarti markaðurinn hefur haldið áfram með leyfin nú. Það er líklegast, að um það bil 15% af leyfum, sem gefin hafa verið út á þessu ári, gangi nú þegar kaupum og sölum. Þetta gæti verið rannsóknarefni fyrir þá þingnefnd, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, en ég fyrir mitt leyti held, að það sé ekki óvarlegt að fullyrða, að það sé ekki innan við 15% af leyfunum, sem þegar eru komin á svarta markaðinn og braskmarkaðinn.

Loksins: Það er ekki á valdi nokkurra einstakra manna eða nefnda að skammta bílaleyfi, þegar það samsvarar úthlutun peninga til þeirra, sem leyfin fá, eins og reynslan hefur skorið úr um á undanförnum árum.

Við flm. þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, leyfum okkar að treysta því, að eftir þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið á þessu ári um hinn mikla bifreiðainnflutning, og eftir þá reynslu, sem hlýzt af þeirri úthlutun, og með hliðsjón af þeirri reynslu, sem við höfum hlotið á liðnum árum, þá verði nú samkomulag um það hér á þingi að marka ný spor í þessu máli með samþykkt till. um frjálsan innflutning bifreiða.

Ég tel svo eðlilegt, að þessari till. verði vísað til n., væntanlega allshn., og umr., eins og venja er til, frestað, þegar þar að kemur.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv., sem er fyrsti flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, lét þess getið í sinni framsöguræðu, að þegar flokkur hans, Sjálfstfl., hefði tekið sæti í ríkisstj. 1939, hefði hann átt þátt í því, að bifreiðaeinkasalan var afnumin, og hv. þm. vildi einnig láta á sér skilja, að alla tíð síðan hefði Sjálfstfl. stefnt að því að gera innflutning á bifreiðum og öðrum innfluttum varningi sem frjálsastan.

Það verður erfitt að skilja, eftir þessa yfirlýsingu hv. 5. þm. Reykv., hvernig á því stóð, að Sjálfstfl. gaf ekki frjálsan innflutning á bifreiðum á árunum 1944—45, þegar hann hafði forsæti í ríkisstj. og viðskmrh. var einnig úr þeim flokki. Framan af því tímabili mun þó gjaldeyriseign landsmanna hafa verið meiri en á nokkrum tíma öðrum. Hv. 5. þm. Reykv. segir að vísu, að þá hafi mátt heita, að innflutningurinn væri frjáls, en hann var það ekki. Það þurfti ætíð innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðum á þeim árum til þess að geta keypt þær.

Hv. 5. þm. Reykv. segir, að það hafi verið mjög aukið viðskiptafrelsi, þegar fjárhagsráð var lagt niður fyrir tæpu ári. Ég held, að það rétta í málinu sé, að sá frílisti, sem gilti síð-

ast, áður en fjárhagsráð hætti störfum, var endurprentaður, þegar innflutningsskrifstofan tók til starfa, svo að segja óbreyttur.

Þá segir 5. þm. Reykv., að framsóknarmenn hafi ekki viljað fallast á till. sjálfstæðismanna á þessu ári um að gefa bifreiðainnflutning frjálsan. Hér þarf að koma að leiðréttingu. Sjálfstæðismenn lögðu aldrei fram neina till. um ráðstafanir til þess að gera innflutning bifreiða frjálsan, því að það eitt út af fyrir sig er ekki nóg að setja bifreiðar á frílista, ef engin trygging er fyrir því, að menn geti fengið gjaldeyri til þess að kaupa þær fyrir.

Nú segir hv. 5. þm. Reykv., að það sé ekki líklegt, að fleiri bifreiðar hefðu verið fluttar inn í ár, þó að innflutningurinn hefði verið gefinn frjáls, sem hann nefnir svo. En ef hann trúir þessu og ef bankastjórarnir yfirleitt trúa þessu, að óskum manna um yfirfærslur til kaupa á bifreiðum muni ekki fjölga, þó að allir, sem vilja, geti fengið bifreiðar, þá ætti ekki að standa á þeim að gefa yfirlýsingu um það, að þeir muni hindrunarlaust selja öllum erlendan gjaldeyri, sem óska að fá bifreiðar, og þá ætti að vera hægt að leysa málið á einfaldan hátt.

Hv. 5. þm. Reykv. segir að vísu, að sama regla ætti að gilda um bifreiðar og aðrar frílistavörur. Um þetta er nú það að segja, að ýmsir, sem við kaupsýslu fást, kvarta oft um það, að örðuglega gangi að fá gjaldeyri til greiðslu á vörum, sem eru á frílista.

Ég flyt brtt. á þskj. 139 við þá till., sem hér er til umr. Brtt. mín er um það, að um leið og bifreiðainnflutningur til landsins verður auglýstur frjáls, skuli tryggja, að bankarnir selji öllum, er þess óska, erlendan gjaldeyri til kaupa á bifreiðum.

Til þess að geta keypt varning frá öðrum löndum þurfa menn að eiga þess kost að fá erlendan gjaldeyri í skiptum fyrir íslenzka peninga, en hér á landi er ekki frjáls gjaldeyrisverzlun. Landsbankinn og Útvegsbankinn hafa einir rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Hann fæst ekki keyptur með löglegu móti annars staðar en hjá þessum tveimur bönkum. Af því leiðir, að ekki er hægt að telja að innflutningur á vörum sé frjáls, nema menn geti fengið þann gjaldeyri, sem til kaupanna þarf, hindrunarlaust hjá bönkunum. Annars er innflutningurinn ekki frjáls. Það eitt er því ekki nóg til þess að gera bifreiðainnflutninginn frjálsan, að ríkisstj. gefi út tilskipun um, að bifreiðar skuli settar á svonefndan frílista. Slíkt kemur almenningi ekki að gagni, nema málunum sé um leið þannig skipað, að allir, sem vilja og hafa til þess íslenzka peninga, geti fengið keyptan þann erlenda gjaldeyri, sem til bifreiðakaupanna þarf. Þetta þarf að tryggja, til þess að innflutningurinn verði raunverulega frjáls, og að því lýtur brtt. mín.

Ég vænti þess, að sú hv. þingnefnd, sem væntanlega fær málið til meðferðar, taki brtt. mína til athugunar samhliða aðaltill.

Eins og ég sagði áður, er líklegt, að það takist að leysa málið, ef bankastjórarnir í þeim bönkum, sem einir hafa rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri, trúa því, eins og sá þeirra, sem hér talaði áðan, virðist gera, að innflutningur á bifreiðum muni ekki verða meiri, þó að hann verði raunverulega frjáls, heldur en hann er nú, þegar þarf að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til innflutnings á bifreiðum. Ef þeir trúa þessu, þá ætti ekki að standa á þeim að gefa fullnægjandi yfirlýsingar í því efni, að þeir mundu viðstöðulaust selja öllum gjaldeyri til kaupa á bifreiðum, sem þess óskuðu, og þar með væri vandinn leystur.

En um leið og um það er rætt að gera innflutning á bifreiðum frjálsan, er ekki óeðlilegt, að tekið sé til umhugsunar, hvort ekki sé mögulegt að leysa innflutningshöft á fleiri vörum. Ég vil t. d. nefna skip. Íslendingar þurfa árlega að eignast ný skip af mismunandi stærðum, bæði fiskiskip og flutningaskip, í stað þeirra, sem ganga úr sér, og einnig til aukningar á skipastólnum. En innflutningur á skipum er ekki frjáls, og margir hafa orðið fyrir því, að þeim hefur verið neitað um innflutningsleyfi fyrir skip. Fleira má nefna, sem allir eru sammála um að telja til nauðsynja. T. d. er ekki heimilt að flytja inn ýmsar tegundir byggingarefna, svo sem timbur og sement o. fl., nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Mætti vel taka þetta til athugunar í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, og vil ég beina því til þeirrar hv. n., sem till. fær.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru örfá orð í tilefni af ræðu hv. þm. V-Húnv. (SkG). Hann var að tala hér fyrir brtt., sem hann hefur flutt við till. þá, sem talað var hér fyrir áðan um frjálsan innflutning bifreiða. Ég kannast við þessa till., því að hún er alveg eins eða samhljóða þeirri till., sem hann flutti munnlega á s. l. sumri, þegar rætt var um frjálsan innflutning bifreiða í ríkisstj. Ég man ekki, hvort ég sagði þessum hv. þm., sem þá var fjmrh., að þessi till. eða skoðun hans kæmi fram vegna þess, að hann vildi ekki frjálsan innflutning bifreiða. Ég hef alveg sannfærzt um það síðan, hafi ég ekki verið alveg viss um það í sumar, að þessi hv. þm. vill ekki frjálsan innflutning bifreiða, og það er eina skýringin á þessari till., sem hann nú flytur, og á þeim rökum, sem hann nú ber hér fram.

Hvers vegna hefur ekki þessi hv. þm. komið með svipaðar eða sams konar till. áður, þegar rætt hefur verið um að taka ýmsar vörur á frílista? Ég minnist þess ekki, að þessi hv. þm. kæmi með svipuð rök um það leyti, sem frílistinn var fyrst myndaður eða þegar við hann hefur verið bætt. Þá þótti þessum hv. þm. ekki ástæða til að bera fram till. í þessu formi eða fá yfirlýsingu frá bankastjórunum um það, að þeir mundu hverju sinni tafarlaust yfirfæra fyrir þeim vörum, sem eru á frílista. En eins og getið hefur verið um hér, hefur yfirfærsla fyrir frílistavörum gengið mjög vel. Það hefur komið fyrir, að menn hafi þurft að bíða eina viku, tvær vikur, ef til vill þrjár vikur. Þannig gæti það einnig orðið með bílana, eftir að þeir eru komnir á frílista, en vitanlega gengi þetta eðlilega, eftir því sem yfirfærslubeiðnirnar kæmu.

Það er þess vegna ekki nokkur munur á því að setja bifreiðar á frílista og ýmsar aðrar vörur, sem á frílista eru komnar, hvað það snertir, að vitanlega mundi verða yfirfært fyrir þeim, eftir því sem yfirfærslubeiðnirnar berast og eftir því sem ástæður eru fyrir hendi hverju sinni. En að láta sér detta í hug, að bifreiðar hafi forgang um yfirfærslu, þótt þær séu komnar á frílista, er meira en ég hafði látið mér detta í hug að hv. þm. V-Húnv. léti sér til hugar koma. Ég hef látið mér detta það í hug og tel reyndar sjálfsagt, að um leið og bifreiðar eru komnar á frílista, séu þær jafnréttháar og aðrar vörur, en ekki rétthærri.

Að ég mæli með því, að bifreiðar séu teknar á frílista, stafar af því, að ég hef sannfæringu fyrir því, að það mundi ekki valda meiri gjaldeyriseyðslu en með því fyrirkomulagi, sem við nú höfum. Það er alveg rétt, sem fram var tekið hér áðan, að haftafyrirkomulagið á bifreiðainnflutningi getur valdið gjaldeyrissóun, og sú tregða, sem hefur verið á því að endurnýja bifreiðarnar á undanförnum árum, hefur gert þjóðinni beinan skaða gjaldeyrislega séð. Þarf ekki annað en að fletta upp í innflutningsskýrslum til þess að sjá, hversu innflutningur á varahlutum hefur aukizt ár frá ári í samræmi við það, sem bifreiðarnar hafa elzt. Og hvernig stendur á því, að yfirleitt þeir menn, sem gera sér einhverja grein fyrir því, hvað fjármál eru, telja sig alls ekki hafa efni á því að eiga eða reka gamla bíla? Þeir hafa alltaf einhver ráð á að endurnýja þá eða kjósa þá heldur þann kostinn að vera bifreiðalausir en að gera út gamla bíla. Og það er alveg eins óhagstætt fyrir þjóðarbúið að gera út gamla bíla og halda þeim við eins og það er óhagstætt og óhollt fyrir hvern einstakling.

Það má reikna með, að 13—14 hundruð bifreiðar verði fluttar til landsins á þessu ári, og til þess þarf rúmar 30 millj. kr. Má gera ráð fyrir, að það séu rúmlega 3% af innflutningnum til landsins á þessu ári. Það, sem hér er því farið fram á, er það að auka frílistann um 3%. Ef til vill finnst sumum það gáleysi, og ef til vill finnst öðrum, að gjaldeyrisástandið sé ekki þannig, að þetta sé unnt, en eins og áður er fram tekið, er ekki hér um það að ræða, að gjaldeyrisástandið verði verra eða betra, þótt við hættum að úthluta bifreiðaleyfum eins og við höfum gert núna, því að um leið og bifreiðarnar eru frjálsar, mun það reynast hér eins og reynzt hefur annars staðar, að eftirspurnin minnkar og þeir einir, sem virkilega hafa þörf fyrir bíla, munu láta sér detta í hug að kaupa þá.

Í Noregi eru innflutningshöft á bifreiðum. Í Danmörku eru innflutningshöft á bifreiðum. Í Svíþjóð voru einnig innflutningshöft á bifreiðum, en nú er innflutningur á bifreiðum frjáls þar. Og reynslan sýndi í Svíþjóð, þegar höftin voru afnumin af bifreiðunum, að innflutningurinn minnkaði næsta ár á eftir, að eftirspurnin þverraði. Mannlegt eðli er það sama í Svíþjóð og á Íslandi, enda erum við skyldir. Og niðurstaðan mundi verða eitthvað svipuð hér og þar, að um leið og menn hafa það á tilfinningunni, að þeir geta eignazt bifreið, þegar þeir þurfa þess með og hafa efni á að kaupa hana, þá mun eftirspurnin minnka.

Það er nauðsynlegt að breyta um skipulag í þessum málum, og það er sjálfsagt að gera það. Við höfum haft ágæta menn til þess að skipta þessum gæðum á milli mannanna, en þessir ágætu menn geta það ekki, svo að vel sé, frekar en einhverjir aðrir, sem við mundum vilja velja og sumir segðu að væru ef til vill betri. Og ef það væri rétt, sem sagt var hér áðan, að allt að 15% af leyfunum færu á svartan markað, þá sjáum við, að slíkt ástand í viðskiptunum er óheilbrigt og nauðsynlegt að uppræta.

Þegar um er að ræða að skipta 1300 bílum á milli kannske 5000 manna, þá verður ákaflega erfitt að finna út, hverjir hafa þörfina, hverjir hafa sótt um virkilega með það fyrir augum að eiga bílinn og nota hann sjálfir og hverjir hafa sótt um leyfi til þess að fá leyfið í hendurnar til að hagnast á því beinlínis og til þess að selja það. Á meðan útgefið leyfi fyrir bifreið gildir sama sem ávísun á tugi þúsunda króna, sækja menn um leyfi, þótt þeir ætli ekki sjálfir að kaupa bíl. Þeir sækja um leyfi til þess að geta selt leyfið öðrum. Þess vegna eru þessar umsóknir allar enginn mælikvarði á hina eiginlegu þörf, og þess vegna er þessum ágætu mönnum okkar uppi á Skólavörðustíg gert svona erfitt fyrir með að vinna, að þeir þekkja ekki alla umsækjendurna. Þeir geta ekki gert sér fulla grein fyrir því, hverjir ætla að selja leyfin og hverjir ætla raunverulega að nota bifreiðina sjálfir.

Ég býst nú við, að þessi till. verði samþ., að meiri hluti þm. og ef til vill flestir séu því samþykkir að gera bifreiðainnflutninginn frjálsan, þannig að bifreiðarnar verði settar á frílista jafnréttháar öðrum frílistavörum, og ég vænti þess, að engum öðrum en hv. þm. V-Húnv. detti í hug, að bifreiðarnar eigi að hafa forgang með yfirfærslu, ganga á undan matvöru og öðru því nauðsynlegasta.

Ég býst við, að það geti flestir verið sammála um það, að rétt sé í leiðinni að athuga, hvort það séu ekki ýmsar fleiri vörur, sem ættu að vera á frílista, en eru það ekki. Timbur og sement er ekki á frílista, en er í reyndinni frjálst að því leyti til, að það væri ekki flutt inn meira magn af timbri og sementi, þó að það væri á frílista. En það er ekki hægt að kaupa sement og timbur frá öllum löndum. Það er ákveðið í viðskiptasamningum, að sementið skuli keypt frá Rússlandi og að timbrið skuli keypt frá Finnlandi. Þannig er viðskiptunum beint til ákveðinna landa í gegnum viðskiptasamninga, en magnið er ekki takmarkað. Þannig er það með fleiri vörur, og þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu að athuga það í leiðinni, enda þótt bílarnir hafi alveg sérstöðu, því að með því að setja þá á frílista tekst að uppræta óheilbrigða verzlunarhætti og útiloka þá óánægju, sem er meðal almennings með það ástand, sem hefur gilt og að vísu er ekki verra núna en það hefur verið. Má segja, að það sé mun betra, en ekki í lagi.

Hv. þm. V-Húnv. talaði um, að það væri einkennilegt, að stjórn sjálfstæðismanna á árunum 1944—46 skyldi ekki gera bifreiðainnflutninginn frjálsan þá, enda þótt gjaldeyrisástæður væru góðar í landinu á þeim tíma. En þess ber þó að geta, að á árunum 1945 og 1946 var flutt inn mikið af bifreiðum, og hafa landsmenn fram að þessu búið að þeim bifreiðainnflutningi. En ég hygg, að sá vitri maður, Pétur heitinn Magnússon, sem þá var viðskmrh., hafi ekki á því stigi talið rétt að gefa bifreiðainnflutninginn alveg frjálsan vegna þess, hversu bifreiðarnar voru ódýrar þá miðað við kaupgetuna í landinu. Nú er allt öðru máli að gegna. Nú eru bifreiðarnar ekki eins ódýrar, og nú er meginhlutinn af þeim bifreiðum, sem fluttar eru inn, skattlagður um 135%, og hlýtur það að draga mikið úr eftirspurninni. Hinu verður svo ekki neitað, að Pétur heitinn Magnússon og stjórn sjálfstæðismanna á þessum árum jók bifreiðainnflutninginn um mörg hundruð prósent, sbr. það, að eitt árið var flutt inn á þriðja þúsund bifreiða, og þótti sumum nóg um á þeim tímum.

Ég þarf ekki að mótmæla því, sem hv. þm. sagði hér áðan, að við sjálfstæðismenn hefðum aldrei í sumar gert neina raunhæfa till. um það að gera bifreiðainnflutninginn frjálsan, þar sem við höfum ekki viljað gera ráðstafanir til þess að tryggja yfirfærsluna. Ég hef raunar tekið það fram áður, að þessi hv. þm. hafi viljað, að ég færi niður í banka og fengi yfirlýsingu frá bankastjórunum um, að alltaf skyldi verða yfirfært fyrir bílum, sem sagt, að þeir hefðu forgang. Þá ferð vildi ég ekki fara og datt reyndar ekki í hug að fara, vegna þess að ég vil, að bílarnir hafi sama rétt til yfirfærslu og aðrar vörur, en ekki forgang.

En ég endurtek það, sem ég sagði hér í byrjun, að hv. þm. V-Húnv. vill hafa haftakerfið áfram, og það er vegna þess, að hann hefur búið lengi við það. Hann var forstöðumaður fyrstu haftanefndarinnar hér, og þá kynntist ég þessum hv. þm. fyrst og man hann nú reyndar alltaf síðan. — Ég hafði vonað það, að löngunin til haftanna væri nú upprætt hjá honum, en mér finnst, að till. í sumar og sú till., sem hann nú hefur borið fram, beri vitni um það, að haftalöngunin sé enn þá honum í brjóst borin.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það var sú tíð, að ég var eins og flutningsmenn þessarar till., hélt, að það væri ákaflega mikill greiði fyrir þá, sem þyrftu að ná sér í bíla eða ýmsar aðrar vörutegundir, að þær væru gerðar frjálsar og menn losnuðu við að þurfa að sækja um leyfi til fjárhagsráðs eða innflutningsskrifstofu eða hvað það nú kallast í hverju einstöku skipti. En reynslan síðari ár hefur kennt mér það, að hér sé einungis um orðaleik að ræða og ekkert annað en orðaleik.

Í febrúarmánuði 1949 var eftir harða bardaga hér á Alþ. samþykkt að láta frjálsan innflutning á eldavélum. Áður hafði það gengið þannig til, að bændur og konur hér og þar á landinu höfðu beðið mig eða aðra að útvega sér leyfi t. d. fyrir AGA-eldavélum. Ég ætla, að ég hafi árið þar á undan verið búinn að útvega leyfi fyrir töluvert á annað hundrað AGA-eldavélum, og stóð aldrei á því, þegar ég fór til fjárhagsráðs. Mér leiddist þetta eins og öðrum, sem voru við það riðnir, og þess vegna var það, að Alþ., 15. febr. 1949, gaf þetta frjálst. Nú hélt ég, að björninn væri unninn og að allt væri í fínu lagi. Og þegar einhverjir báðu mig að útvega sér leyfi, þá sagði ég: Nú, farið bara í skrifstofuna hjá Helga Magnússyni, sem hefur þennan innflutning með höndum. Það er verzlun, heildverzlun hér í bænum. — Þeir gerðu það. Ég hugsaði ekkert frekar um málið. Svo í maí í vor kom til mín ungur piltur, er var að koma frá sjó, og bað mig nú að reyna að hjálpa sér að ná í eina AGA-eldavél, sem hann ætlaði að gefa mömmu sinni, þegar hún yrði sjötug. Ég sagði: Farðu bara niður til Helga Magnússonar; hann hefur innflutning á þeim, og með þær er frjáls verzlun. — En innflytjandinn segir: Síðan það var gefinn frjáls innflutningur á AGA-eldavélum, hefur ekki fengizt leyfi fyrir einni einustu. Það er 71 umsókn hjá mér, sem hefur safnazt fyrir á þessum árum. Ég hef stöðugt talað við millinefnd bankanna og aldrei fengið leyfi fyrir einni einustu. — Þetta var nú frelsið: Ekki einni einustu. — En ef þú getur farið í einhver æðri máttarvöld og séð um það, að ég fái leyfi fyrir gjaldeyri fyrir nokkrum AGA-eldavélum, þá skal ég vera þeim þakklátur, og þá skal ég sjá um, að þessi piltur fái eina. — Svo fór ég og setti ýmsa menn á stað og fór sjálfur á stað, og endirinn varð sá, að það fékkst leyfi fyrir sjö. Svo kom nokkru síðar hans herradómur biskupinn yfir Íslandi, Sigurgeir Sigurðsson, sem nú er dáinn, og þurfti að fá AGA-eldavél handa presti. Helgi Magnússon fékk ekki neitt leyfi. Frelsið var ekki meira en það, að hann fékk ekki neitt leyfi. Nei, biskupinn varð aftur að setja á stað heilmikið „apparat" til að láta tala við þá menn, sem þarna áttu hlut að máli, og bankana, og þá loksins fékkst leyfi til að fá handa honum vél. Þetta var frelsið.

Nokkru seinna barðist Rannveig Þorsteinsdóttir fyrir því hér á Alþ. að fá innflutningsfrelsi fyrir prjónavélum. Nákvæmlega sama sagan var með þær eins og AGA-eldavélarnar. Ég kann bara ekki tölu yfir þær eins og AGA-eldavélarnar, af því að ég hef fengið þær upp í hendurnar. Þetta er frjálsræðið.

Og nú á að gefa bílana frjálsa. Hvað verður þá með það? Verður það eins og með AGA-eldavélarnar? Er þetta nokkuð annað en orðaleikur? Er nokkuð meint með þessu? Alþingi var allt með því að gefa prjónavélarnar frjálsar á sínum tíma, þegar Rannveig Þorsteinsdóttir flutti það hér í þingi. Hvernig hefur það gengið síðan? Það hefur orðið að fá leyfi, og það hefur oft ekki fengizt. Hefur þá orðið að setja ótal menn í „funktion" til að vinna að því, að bankarnir gefi leyfi. Áður þurfti maður þó

ekki annað en skrifa eitt bréf upp í fjárhagsráð, og svo kom svar eftir nokkurn tíma, annaðhvort já eða nei. Ég held þess vegna, að það sé ákaflega lítið unnið við þetta frelsi og það sé nánast sagt aðeins til að sýnast, reyna að slá ryki í augun á fólki, og það er mér alltaf illa við og álít, að það muni hefna sín að ætla sér að afla sér vinsælda með því að slá ryki í augun á fólki. En það hefur verið gert, bæði með frelsinu í prjónavélainnflutningnum og frelsinu í AGA-eldavélainnflutningnum. Það hefur verið slegið ryki í augun á fólki. Það hefur ekkert frelsi verið nema á pappírnum til þess að fá þessar tvær vörutegundir innfluttar. Þess vegna held ég, að ég geti ekki verið að leika þann skollaleik að vera með þessu enn þá einu sinni. Ég er búinn að vera með áður, að þetta sé gert, og afleiðingin er þessi: Það hefur ekki orðið frjáls innflutningur á því, þó að það hafi verið gert á pappírnum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar gildandi löggjöf um innflutningsskrifstofu var til umræðu hér á hinu háa Alþ. í fyrra, þá flutti ég sem minni hl. fjhn. brtt. við frv. um það, að allur innflutningur til landsins skyldi gefinn frjáls, og jafnframt, að bankarnir skyldu afhenda öllum þeim, sem um gjaldeyri bæðu til innflutnings, þennan gjaldeyri. Með þessu vildi ég sannprófa, hvort hæstv. ríkisstj. í raun og veru trúði á þá stefnu sína, að unnt væri að gefa allan innflutning frjálsan. Það reyndist ekki. Hv. stjórnarflokkar trúðu ekki sínum eigin orðum um, að það væri hægt eða rétt að gefa allan innflutning til landsins frjálsan, því að þessar till. mínar voru felldar.

Nú er hér komin fram till. um að gefa einn ákveðinn vöruflokk, sem enn er háður leyfisveitingum, bifreiðar, frjálsan, — og viðaukatillaga um það, að bankarnir skuli afhenda þeim, sem óska eftir gjaldeyri til innflutnings á þessum vörum, þann gjaldeyri, sem um er beðið. Við þm. Alþfl. munum greiða atkv. með báðum þessum till.

Ef hæstv. ríkisstj. telur gjaldeyrisástandið vera þannig, að unnt sé að rýmka enn verulega um innflutning, þá viljum við ekki standa í vegi fyrir því, að hún framkvæmi stefnu sína að þessu leyti. Hins vegar fannst mér lýsing hv. frsm., hv. 5. þm. Reykv., á framkvæmd þessa málaflokks, sem hér er um að ræða, þ. e. úthlutun bifreiða, vera næsta ófögur. Hann lýsti því, að í þessum málum hefði undanfarin mörg ár þróazt gífurleg spilling. Ég hygg mig muna það rétt, að hann hafi sagt, að um það bil 15% eða allt að því sjötta hvert leyfi fyrir bifreið hafi lent á svörtum markaði og þar með orðið þeim, sem þau fengu, að féþúfu. Þetta er ljót lýsing, ef sönn er, á þessum þætti framkvæmdavalds íslenzka ríkisins. En hverjir eru það, sem hér hafa haldið á málum? Það eru einmitt fyrst og fremst flokksbræður hv. frsm., hv. 5. þm. Reykv., og að svo miklu leyti sem þeir hafa ekki getað ráðið úrslitum, hafa það verið flokksmenn þess flokks, sem Sjálfstfl. hefur nú samvinnu við um stjórn landsins. Það hafa verið fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl., sem átt hafa a. m. k. fjóra af fimm og upp á síðkastið alla þá embættismenn, sem hér hafa um fjallað. Og þessir menn fá nú þann dóm af hálfu frsm. Sjálfstfl., að þeir hafi innt þetta starf sitt af hendi þannig, að það hafi orðið undirrót svika og brasks í þjóðfélaginu, þar sem ekki hundruð þúsunda, heldur líklega milljóna braskgróði hefur lent í höndum einstakra „spekúlanta", manna, sem misnotað hafa aðstöðu sína á hinn herfilegasta hátt.

Það hefur verið höfuðatriði í stefnu núverandi ríkisstj. eða réttara sagt í stefnu þeirra flokka, sem undanfarin 4—5 ár hafa farið með stjórn landsins, að verzlunin skyldi verða frjáls og koma ætti á jafnvægi í fjármálum þjóðarinnar. Hvað er frjáls verzlun? Rétt er að vísa í því sambandi í skilgreiningu helztu ráðunauta núverandi stjórnarflokka, þá skilgreiningu, sem þeir gáfu á því, hvað frjáls verzlun væri, í álitsgerð þeirri, sem þeir létu fylgja frv. því til breytingar á gengi krónunnar, sem lagt var fyrir þing 1950, en þar segir svo, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Höfuðskilyrði frjálsrar verzlunar er, að greiðslurnar séu frjálsar, þ. e. a. s., að hægt sé að greiða erlendis, ef íslenzkir peningar eru fyrir hendi. Þegar greiðslurnar eru ekki lengur frjálsar, torveldast viðskiptin."

M. ö. o.: Það er ekki um að ræða frjáls viðskipti, ekki um að ræða frjálsa verzlun, ef gjaldeyrisgreiðslurnar eru ekki frjálsar. Eru gjaldeyrisgreiðslurnar frjálsar hér á Íslandi núna? Er hverjum þeim kleift að fá gjaldeyri, sem óskar eftir honum, til þess að flytja inn vörur, sem eru á frílista? Það vita allir, sem til þekkja, að þessari spurningu verður að svara neitandi. Gjaldeyrisgreiðslurnar eru ekki frjálsar. Það liggja fyrir í bönkunum beiðnir, að upphæð tugir milljóna, fyrir vörum, sem eru á frílista, en bankarnir neita að afhenda gjaldeyri fyrir, a. m. k. slá á frest, um ekki aðeins margar vikur, heldur marga mánuði, og fjölda beiðna er jafnvel aldrei sinnt, hefur ekki verið sinnt, frá því að þær voru lagðar inn fyrir mörgum árum.

Hæstv. ríkisstj. hefur því ekki tekizt að framkvæma þessa stefnu sína, að koma á frjálsri verzlun, ef með frjálsri verzlun er átt við það, sem hagfræðingarnir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson sögðu að eiga ætti við, þegar talað væri um frjálsa verzlun.

Hinn meginþátturinn í stefnu ríkisstj. átti að vera að koma á jafnvægi í fjármálum þjóðarinnar. Hefur það tekizt að koma á jafnvægi í fjármálum þjóðarinnar? Hvað mundi vera átt við, þegar talið er jafnvægi í fjármálum þjóðarinnar? Fyrst og fremst það, að verðlag haldist stöðugt og að hvorki sé um að ræða verðbólgu né heldur verðhjöðnun. Er slíkt jafnvægi nú í fjármálum Íslendinga? Um það er rétt að leiða til vitnis Fjármálatíðindi Landsbankans, sem enginn ætti að þurfa að væna um hlutdrægan dóm um þessi efni, en þar segir svo í grein eftir hagfræðing Landsbankans, með leyfi hæstv. forseta: „Undanfarið ár hefur verið vaxandi þensla í efnahagskerfinu, og henni hafa fylgt vinnuaflsskortur, gífurleg gjaldeyr-

iseyðsla og erfiðleikar fyrir útflutningsframleiðsluna.“ Slíkt ástand er einmitt það, sem allir eru sammála um að kalla jafnvægisleysi í fjármálum þjóðarinnar. Fleiri vitni má leiða um þetta. T. d. hefur nýafstaðið þing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þar sem annar helzti ráðunautur hæstv. ríkisstj. um efnahagsmál er forseti, og hefur hann væntanlega haft mikil áhrif á að móta till. þingsins, gert ályktun um dýrtíðarmál, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„16. þing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja varar við afleiðingum þeirrar verðbólguþróunar, sem nú á sér stað í efnahagsmálum landsins, en þær hljóta að verða nýtt kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags, ef ekki er spyrnt við fæti. Heitir Bandalagið stuðningi sínum við hverjar þær ráðstafanir, sem til þess eru fallnar að stöðva þessa óheillavænlegu þróun.“

Þau samtök, sem annar helzti sérfræðingur ríkisstj. eða ráðunautur stjórnarflokkanna um efnahagsmál hefur forsæti í og hefur væntanlega mótað till. fyrir, lýsa því yfir, að hér hafi átt sér stað og eigi sér nú stað verðbólguþróun, og undirstrika, að hún sé mjög varhugaverð og hana þurfi að stöðva. Þetta er vissulega rétt, hvert orð í þessu er rétt, en það sýnir, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki náð þeim tilgangi sínum, sem hún hefur lýst og margundirstrikað, að koma á jafnvægi í fjármálum landsins. Hvorugt markmiðið hefur náðst, hvorki frjálsa verzlunin né jafnvægi í fjármálum þjóðarinnar.

Í þessu sambandi er líka rétt að víkja svolítið að ástandinu út á við eða ástandinu í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Að því hafa einstakir málsvarar ríkisstj. nokkrum sinnum vikið hér í umr. á Alþingi og ekki alltaf á þann hátt, að ég telji, að algerlega hlutlaust hafi verið með farið, en það er sérstök ástæða til þess að gera sér grein fyrir gjaldeyrisástandi þjóðarinnar nú, þegar verið er að ræða um það að auka frelsið í gjaldeyrisverzlun landsmanna og sérstaklega þegar þær till. koma frá fulltrúum hv. stjórnarflokka sjálfra.

Við lok síðasta mánaðar var inneign Íslendinga í erlendum gjaldeyri 88.8 millj. kr. brúttó. Þar frá verður að draga ábyrgðarskuldbindingar bankanna, að upphæð 68 millj., svo að nettóinneign Íslendinga í erlendum gjaldeyri nam um síðustu mánaðamót 20.8 millj. kr. Þetta er ekki mikil upphæð, þegar það er haft í huga, hvernig árað hefur fyrir Íslendingum undanfarið ár, og mun ég síðar víkja að því. En sagan er þó langt frá því öll sögð með þessu. Gjaldeyrisaðstaðan er að sjálfsögðu fólgin í margs konar inneign eða skuld, og eru þar helztu þættirnir dollaraaðstaðan, aðstaðan í gjaldeyri greiðslubandalags Evrópu og í vöruskiptagjaldeyri. Um síðustu mánaðamót var aðstaðan þannig, að Íslendingar áttu allmikið fé inni í dollurum, 186.5 millj. kr., en þeir skulduðu í gjaldeyri greiðslubandalags Evrópu 75.6 millj. kr., og þeir skulduðu í vöruskiptagjaldeyri 22.2 millj. kr. Á s. l. ári hefur meira að segja skuldin við sjálft greiðslubandalag Evrópu vaxið um hvorki meira né minna en 55 millj. kr.

Sagan er þó enn langt frá því að vera öll sögð með þessu. Það er fyrst og fremst inneignin í dollurum, sem gerir það að verkum, að heildaraðstaða landsins gagnvart útlöndum í erlendum gjaldeyri er hagstæð, þótt um mjög lága upphæð sé, 20.8 millj. kr. Á öllum öðrum sviðum, gagnvart öllum öðrum löndum, skuldar Ísland verulegar fjárhæðir, samtals tæpar 100 millj. kr. En með því að segja, að nettóinnstæðan gagnvart útlöndum sé 20.8 millj. kr., er ekki allt sagt, því að hér verður að taka tillit til þess, að bankarnir gefa út ýmis greiðsluloforð, algerlega skuldbindandi greiðsluloforð í erlendum gjaldeyri, sem standa í sambandi við kerfið, sem upp hefur verið tekið við afgreiðslu á frílistavörum. Bankarnir þurfa að gefa yfirlýsingar um það til innflytjenda, að þeir muni innleysa innheimtureikninga, þegar þeir koma, fyrir vörur, sem fluttar eru inn samkv. frílista, því að með öðrum hætti hefur innflytjandinn ekki heimild til þess að gera á þeim endanlega pöntun. Bankarnir skrá þessi greiðsluloforð, sem eru algerlega skuldbindandi og jafngilda því í raun og veru gjaldeyrisgreiðslum. Við síðustu mánaðamót námu þessar gjaldeyrisskuldbindingar, þessi greiðsluloforð, 31.8 millj. kr., þ. e. meira en 10 millj. meira en nettógjaldeyrisinnstæðan nam. Í raun og veru má segja, að landið sé í meira en 10 millj. kr. skuld út á við.

Sagan er enn ekki öll sögð, vegna þess að bankarnir hafa í raun og veru tekið á sig enn meiri gjaldeyrisskuldbindingar en kemur fram í þessu, og standa þær í sambandi við bátagjaldeyriskerfið svonefnda. Það hefur verið gefið út allmiklu meira af svonefndum A-skírteinum en nemur upphæð þeirra B-skírteina, sem afgreidd hafa verið. Þau greiðsluloforð, sem bankinn veit að hann verður að inna af hendi, eru 42.8 millj. kr., þ. e. öruggt er samkv. þeim A- og B-leyfum, sem eru í umferð, að bankarnir verða að svara út 42.8 millj. kr. í erlendum gjaldeyri vegna bátagjaldeyriskerfisins.

Heildarniðurstaðan er því sú, að nettóinneign bankanna í erlendum gjaldeyri er 20.8 milljónir. Greiðsluloforð bankanna eru 31.8 milljónir, svo að þau eru 11 millj. kr. umfram nettógjaldeyrisinneignina, og ef maður bætir við öruggum og kunnum gjaldeyrisskuldbindingum bankanna vegna bátagjaldeyriskerfisins, þá verður útkoman í raun og veru gjaldeyrisskuldbinding eða neikvæð gjaldeyrisaðstaða gagnvart útlöndum um 53.9 millj. kr.

Þetta verður ekki talið glæsilegt gjaldeyrisástand, og það er sérstaklega athyglisvert, að þetta skuli vera svona þrátt fyrir hið óvenjulega góðæri, sem verið hefur hér undanfarin ár. Í þessu sambandi verður að minnast þess, að í fyrra, árið 1953, höfðu Íslendingar 213 millj. kr. gjaldeyristekjur vegna varnarliðsframkvæmdanna í Keflavík. Til ágústloka í ár höfðu þessar gjaldeyristekjur frá Keflavík numið 123 millj. kr., og má gera ráð fyrir því, að þær verði um 200 millj., heldur minna en

í fyrra. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir það að útflutningurinn hefur á þessu ári verið hagstæðari en líklega nokkurn tíma áður vegna hinna miklu sölusamninga við Sovétríkin, þá er ástandið í gjaldeyrismálunum ekki burðugra en þetta. Hinar miklu gjaldeyristekjur af Keflavíkurframkvæmdunum og hið mikla góðæri í utanríkisverzluninni hefði að eðlilegum hætti átt að verða til þess, að Íslendingar söfnuðu gífurlegum gjaldeyrisvarasjóðum erlendis, að þeir söfnuðu hundruðum milljóna í gjaldeyrisvarasjóðum erlendis, ef vel og skynsamlega hefði verið á haldið og ef jafnvægi hefði verið í fjármálum þjóðarinnar inn á við, en þrátt fyrir allt er niðurstaðan sú, að í raun og veru er gjaldeyrisaðstaðan, ef tillit er tekið til allra skuldbindinga, neikvæð um tæpar 54 millj. kr.

Og enn er sagan ekki öll sögð með þessu, vegna þess að hér þarf líka að taka tillit til þeirra birgða, sem Íslendingar eiga nú af gjaldeyrisvörum, og bera þær saman við þær birgðir, sem þeir áttu á sama tíma í fyrra. Ef það kæmi í ljós, að birgðirnar hefðu minnkað, þá hefði það auðvitað að öðru jöfnu átt að valda því, að Íslendingar hefðu safnað erlendum gjaldeyri, sem því svaraði. En hver skyldi vera niðurstaðan af þessu? Hún er sú, og eru þessar tölur miðaðar við 15. okt. nú í ár og 15. okt. í fyrra, að birgðir af saltfiski eru nú minni en þær voru í fyrra um 41.3 millj.; birgðir af skreið eru minni en í fyrra um 26.1 millj.; birgðir af freðfiski hafa hins vegar vaxið um 18.2 millj.; birgðir af saltsíld eru minni en í fyrra um 0.7 millj.; birgðir af lýsi eru hins vegar nokkru meiri, um 1.1 millj.; birgðir af síldar- og fiskimjöli eru einnig heldur meiri, um 1.4 millj., og af ull og gærum um 2.4 millj. Ef heildarniðurstaðan er athuguð, þá kemur í ljós, að birgðir af útflutningsvörum eru nú í haust minni en þær voru á sama tíma í fyrra um 48.8 millj. kr., svo að hin lélega gjaldeyrisafkoma á sannarlega ekki, eins og þó stundum áður, rót sína að rekja til þess, að það hafi safnazt fyrir birgðir af óseldum eða kannske illseljanlegum útflutningsafurðum. Þvert á móti; salan hefur gengið greiðar en nokkru sinni fyrr, og birgðirnar eru nú næstum 50 millj. kr. minni en áður. Samt sem áður er gjaldeyrisaðstaðan ekki burðugri en þetta.

Ef athugaðar eru þær breytingar, sem hafa orðið á gjaldeyrisaðstöðunni síðan í fyrra, þá kemur í ljós, — og það er sú tala, sem nokkrum sinnum hefur heyrzt í umræðum hér á hinu háa Alþingi, — að bráttóinneignin hefur vaxið um um það bil 20 millj. En sökum þess, að ábyrgðir hafa minnkað verulega, hefur nettóinneignin vaxið um 43 millj. kr. En í sambandi við þessar staðreyndir verður að leggja sérstaka áherzlu á, að öll aukning gjaldeyrisaðstöðunnar á rót sína að rekja til aukningar á dollarainnstæðunni. Dollarainnstæðan hefur vaxið um 70.7 millj. kr. á s. l. ári, þó að gjaldeyristekjurnar frá Keflavík hafi numið á þriðja hundrað millj. kr. á árinu. Hins vegar hefur aðstaðan í gjaldeyri greiðslubandalags Evrópu versnað og aðstaðan í vöruskiptagjaldeyri stórversnað. Það hefur verið um nettóskuldasöfnun að ræða í Evrópugreiðslubandalagsgjaldeyri um 4.1 millj., og það hefur verið um skuldasöfnun að ræða á s. l. ári í vöruskiptagjaldeyri um hvorki meira né minna en 46.1 millj., þ. e. a. s., það hefur sigið stórkostlega á ógæfuhlið, bæði hvað snertir viðskiptin við vöruskiptalöndin og löndin í Evrópu. Það, sem hefur bjargað þessu að nokkru leyti, eru hinar miklu dollaratekjur af framkvæmdunum á Keflavíkurvelli. Það eru þær, sem valda því, að þrátt fyrir um það bil 50 millj. kr. skuldasöfnun í öðrum gjaldeyri en dollaragjaldeyri hefur orðið 43 millj. kr. aukning á heildargjaldeyriseigninni.

Þessar tölur tala skýru máli um það, að hæstv. ríkisstj. hefur haldið illa á málum, að í raun og veru er hér um að ræða glæfraspil hið mesta. Stefna ríkisstj. er glæfrastefna. Það verður ekki kallað annað en glæfrastefna, þegar það gerist í mestu góðærum, sem yfir Ísland hafa gengið, samtímis því sem Íslendingar hafa um það bil 200 millj. kr. sérstakar gjaldeyristekjur á ári tvö ár í röð, að gjaldeyrisaðstaðan gagnvart útlöndum skuli vera neikvæð í raun og veru og ekki takast að bæta gjaldeyrisaðstöðuna út á við nema um einar 40 millj. kr., því að hún var enn þá verri í fyrra um þetta leyti en hún er núna.

Ég hygg því, að það væri vel, ef þessar umr. um þá till. fulltrúa tveggja þingmanna Sjálfstfl. að gefa bifreiðainnflutninginn frjálsan gætu orðið til þess að vekja menn til umhugsunar um það, að eins og nú horfir er stefnt út í bráða ófæru. Ef ekki verður snúið við á þeirri óheillabraut, sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að ganga, þá fer illa fyrir fjárhagskerfi Íslendinga og það áður en langt um líður.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 1. landsk. þm. sagði, að það væri hverju orði sannara, að hér ætti sér stað verðbólguþróun. Þetta atriði ætla ég ekki að ræða. En ég vildi af tilefni þessarar ræðu hv. þm. og þessarar setningar sérstaklega spyrja hann, af því að hann er hagfræðiprófessor: Hvaða ráðstafanir telur hann heppilegt að gera nú til þess að mæta þeim voða, sem hann sér?

Ég hef ekki orðið var við nema eina afstöðu hér á þinginu, sem snertir þetta mál, af hálfu hv. þm., og hún er sú að afnema söluskattinn, sem ríkið hefur nú 110 millj. kr. tekjur af. Það mundi þýða stórfelldan halla á ríkisbúskapnum. Ég trúi því ekki, að það sé þetta eitt, sem hv. þm. lumar á í sambandi við þann vanda, sem hann sér, og þess vegna spyr ég, og ég mun hlusta með athygli, hverju hv. þm. svarar: Hvaða ráðstafanir telur hann nauðsynlegt að gera nú?

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar þetta mál kom fyrst til umr. hér í þinginu, flutti hæstv. viðskmrh. ræðu og andmælti þeirri brtt., sem ég hef borið fram. Hæstv. ráðh. varð fyrir því óhappi að fara með rangt mál í þeirri ræðu. Hann fullyrti, að ég væri mótfallinn frjálsum innflutningi á bifreiðum og — að því

er mér skildist — frjálsum viðskiptum yfirleitt. Þetta er ekki rétt. En það verða menn að gera sér ljóst, að innflutningur á bifreiðum verður ekki gefinn frjáls með því einu að flytja úthlutun gjaldeyrisleyfa til kaupa á þeim frá innflutningsskrifstofunni til bankanna. Sú breyting mundi sennilega ekki verða til bóta, og bifreiðaverzlunin er ófrjáls sem áður, þó að það verði gert. Hér þarf meira til.

Það var allmikið rætt um bifreiðainnflutning í ríkisstjórninni í sumar. Meðal annars var þar talað um að gefa innflutninginn frjálsan. En skoðanir eru skiptar um það, hvað sé frjáls innflutningur. Hæstv. viðskmrh. hefur einkennilegar hugmyndir um það. Hann virðist líta svo á, að ef gefin sé út stjórnarauglýsing um, að þeir, sem vilja flytja inn bifreiðar, þurfi ekki að fá leyfi til þess hjá innflutningsskrifstofunni, þá sé innflutningurinn þar með orðinn frjáls. Þó að bankarnir tveir, sem einir hafa rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri, neiti mönnum um gjaldeyrisyfirfærslu til bifreiðakaupa, þá telur hæstv. ráðh., að það, að því er mér skilst, komi málinu ekki við eða sé a. m. k. ríkisstj. óviðkomandi. Hann virðist líta svo á, að það sé alls ekki í verkahring ríkisstj. að sjá fyrir því, að auglýsingar hennar um frjálsan innflutning reynist annað og meira en skrum eitt. En til eru þeir, sem líta öðruvísi á það mál. Ef ríkisstj. gefur út tilkynningu um frjálsan innflutning á einhverri vöru, en bankarnir, sem fara með gjaldeyrisverzlunina samkvæmt ákvörðun stjórnarvaldanna, neita að selja mönnum gjaldeyri til kaupa á þessari sömu vöru, þá eru það prettir af hálfu þess opinbera.

Því miður hafa menn orðið fyrir því að undanförnu, að þeir hafa ekki ávallt fengið keyptan þann erlenda gjaldeyri hjá bönkunum, sem þeir þurftu að fá til kaupa á svonefndum frílistavörum. Oft hefur orðið dráttur á afgreiðslu gjaldeyrisins og menn hafa líka orðið fyrir því að fá keyptan aðeins einhvern hluta þess gjaldeyris, sem þeir óskuðu að kaupa vegna innflutnings á frílistavörum. Á þessu þarf að verða breyting. Landsmenn eiga að geta treyst yfirlýsingum og tilskipunum stjórnarvaldanna. Annað er ekki sæmilegt. Þegar ríkisstj. auglýsir, að innflutningur einhverrar vöru sé frjáls, eiga menn að geta fengið hindrunarlaust keyptan þann gjaldeyri, sem þeir óska að fá til kaupa á þeirri vöru. Þetta er svo sjálfsagt, að um það ætti ekki að þurfa að ræða. En þó þarf einmitt að ræða um þetta vegna fenginnar reynslu og vegna þess, að hæstv. viðskmrh. virðist hafa of takmarkaðan skilning á því, að stjórnin eigi að standa við orð sín og yfirlýsingar í þessum efnum sem öðrum.

Brtt. mín á þskj. 139 er því vissulega þörf. Með henni er lagt fyrir ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að bifreiðainnflutningurinn verði raunverulega frjáls, en ekki aðeins í orði kveðnu. Till. mín er í raun og veru um það, að hæstv. viðskmrh. verði tilkynnt, að menn sætti sig ekki við nein undanbrögð í þessum málum. Þegar gefin er út tilkynning um, að innflutningurinn sé frjáls, þá á það að verða svo í framkvæmdinni. Það sýnist vera þörf á því að leggja áherzlu á þetta.

Það er auðvitað misskilningur hjá hæstv. viðskmrh., sem kom fram í ræðu hans, að ég ætlist til þess, að innflutningur bifreiða sitji fyrir innflutningi á öðrum frílistavörum. Eins og ég hef þegar tekið fram, tel ég hæstv. ríkisstj. skylt að sjá um, að bankarnir selji viðstöðulaust gjaldeyri til kaupa á öllum frílistavörum, eftir því sem um er beðið. Þar á engin sérstök vörutegund að sitja á hakanum.

Þó að till., sem hér liggur fyrir, og brtt. mín verði samþykktar, þá er mjög langt frá því, að hér á landi sé frjáls verzlun. Enn er það svo um margar innflutningsvörutegundir, þar á meðal ýmsar nauðsynjar, að ekki er heimilt að flytja þær til landsins nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. En þó tekur út yfir, þegar kemur að útflutningsvörunum. Engar íslenzkar framleiðsluvörur má bjóða til sölu eða selja úr landi nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins. Og salan á einni af helztu útflutningsvörum landsmanna er í höndum einokunarfyrirtækis. En þetta virðist hæstv. viðskmrh. og flokkur hans telja harla gott. Margir aðrir eru á öðru máli og vissulega þarf mikið að vinna og mörgu að breyta, til þess að hægt sé að telja, að menn búi við frjálsa verzlun hér á voru landi.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mig furðar að mörgu leyti á því, sem fram kemur í þessum umræðum og sérstaklega hjá hv. þm. V-Húnv. Það er alkunnugt, að hann er einn meðal þeirra, sem fremstir standa í því að vilja viðhalda höftum og bönnum í þessu þjóðfélagi. Það kom greinilega í ljós hér í fyrra, þegar samþykkt voru lögin um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. Ríkisstj. hafði þá á sinni stefnuskrá að leggja niður fjárhagsráð, auka athafnafrelsið í landinu, og samráð urðu um það innan ríkisstj., milli ráðherra Framsfl. og Sjálfstfl., að stíga það skref, sem stigið var með þessum lögum, þegar ríkisstj. lagði fram þetta frv. Ég hygg, að við höfum allir þm. Sjálfstfl. verið óánægðir yfir því, að ekki var hægt að ganga lengra og ákveðnar í þá átt til aukins frjálsræðis. Samt sem áður fögnuðum við þeim árangri, sem náðist, þegar þetta frv. var lagt fram, og vissulega hefur orðið mikill árangur af þessari löggjöf. En þá var einn hv. þm. hér, sem hélt mjög eftirminnilega ræðu, sem einkenndist aðallega af harmagráti yfir andláti fjárhagsráðs. Og það var þessi sami hv. þm. V-Húnv. sem nú talar hér, að vísu með svo mikilli skinhelgi, að hann hefur ekki einurð til þess að segja, að hann sé á móti því að setja bifreiðarnar á frílista, en siglir hér undir fölsku flaggi og segir: Ég vil ekki setja þær á frílista eins og aðrar frílistavörur, heldur vil ég, að það sé tryggt, að þær hafi forréttindi og séu algerlega frjálsar og frjáls gjaldeyrisverzlun með bíla. — Ja, það er til afskaplega kunnugt og almennt orð yfir þetta á íslenzku máli. Þetta er kallað hræsni. Og það er kallað að vera hræsnari, þegar maður kem-

ur fram á þennan hátt, að flytja brtt. við till. um frjálsan innflutning, sem gengur miklu lengra en sú till. til frjáls innflutnings, sem flutt er, en hv. þm., eftir því sem fram er komið, inn á sér er algerlega á móti. En gagnvart sínum kjósendum og einhverjum öðrum ætlar þessi hv. þm. að draga upp þá helgimynd af sér með gloríu á, að þegar lagt hafi verið til að setja bifreiðar á frílista eins og aðrar frílistavörur, þá varð ég ekki með því, nema tryggt væri, að þær hefðu aðra aðstöðu en allar aðrar frílistavörur. Ég, þm. V-Húnv., er þess vegna, eins og gefur að skilja, langmesta frelsiskempan, sem nú situr á þingi.

Annars sést bezt, ef þessi mál eru athuguð niður í kjölinn, hversu haldlaus eru þau rök, sem tilraun er gerð til að flytja í þessu máli hjá þessum hv. þm. og raunar fleirum. Hv. þm. V-Húnv. kemur að efninu, þegar hann segir: Það er ekki gerður frjáls innflutningur á bílum með því að flytja úthlutunina frá innflutningsskrifstofu og niður í bankana. — Ja, þarna kom að því, sem hv. þm. sagði nú ekki í sinni fyrri ræðu, en vitað var að hann hafði haldið mjög á lofti í sumar innan ríkisstjórnarinnar, meðan hann sat í ráðherrastóli, að af tveimur haftakerfum, sem hann vildi halda fram að um væri að ræða, vildi hann þó heldur hafa það, sem er, en annað og það, sem falið væri bönkunum. Þess vegna er þetta ekki frjálst, segir hann, fyrr en það er öruggt og yfirlýsingar liggja fyrir um það, að menn geti viðstöðulaust fengið gjaldeyri fyrir innflutningi bifreiða. Ja, hvernig er þessum málum háttað? Hvernig er háttað með þær vörur, sem nú þarf að sækja um gjaldeyrisleyfi fyrir? Menn koma með gjaldeyrisleyfin. Er það örugglega víst, að menn fái viðstöðulaust gjaldeyrinn fyrir þau? Það er ekki örugglega víst, með þeirri skipan mála, sem er í dag. Það fer eftir gjaldeyrisaðstöðunni á hverjum tíma. Samt sem áður hefur það gengið misfellulítið, að menn hafi fengið gjaldeyrisyfirfærslur fyrir frílistavörum. En eins og bankarnir geta samkv. lögunum í dag dregið að yfirfæra gjaldeyri fyrir frílistavörum, þá geta þeir eins dregið að yfirfæra gjaldeyri fyrir vörum, sem gjaldeyrisleyfi hafa verið veitt fyrir.

En við skulum svo líta á aðstöðuna í dag. Það er búið að gefa út leyfi eða er verið að gefa út leyfi fyrir um 1300 bílum. Nú er það ekki þar með sagt, að menn fengju neinn gjaldeyri fyrir þessum leyfum. En í sannleika sagt hafa bankarnir viðstöðulaust yfirfært gjaldeyri fyrir bílunum og tekið á sig þá skuldbindingu að yfirfæra gjaldeyri fyrir öllum þessum bílum, og það er meira bílamagn en með nokkrum skynsamlegum rökum er hægt að búast við að flutt verði inn, þó að frjáls innflutningur væri á næsta ári. Það, sem ég meina í þessu sambandi, er það, að bankarnir hafa tekið innborganir hjá hverjum manni, sem hefur komið með bílaleyfi sitt, innborganir fyrir fob-verðinu. Og það, að bankarnir hafa tekið á móti innborgunum fyrir gjaldeyrisverðmæti bílanna, samsvarar tryggingu fyrir gjaldeyri af hálfu bankanna.

Samkv. þessu og þeim viðhorfum, sem eru í gjaldeyrismálunum og ég skal koma nánar að síðar, og þeim líkum, sem eru um bifreiðainnflutning á næsta ári eftir þetta mikla innflutningsmagn, þá er ekki skynsamlegt og ekki ástæða til þess að ætla, að það muni stranda á yfirfærslum til bifreiðainnflutnings, þó að bifreiðar væru á frílista á næsta ári. Og má ég svo loksins spyrja: Hví má ekki reyna þetta? Við skulum reyna þetta, og ef þetta er með svo miklum ókjörum sem sumir hv. þm. vilja vera láta, ja, þá kemur hv. Alþ. saman að nýju, og það mætti þá gera tilraun til þess að flytja bifreiðarnar aftur af frílista og í það sama horf sem nú er, ef einhver hefur löngun til þess þá. Hvað skyldi vera mikil áhætta fyrir hv. þingmenn að gera tilraun með að setja bifreiðar á frílista?

Samkv. lögunum, sem gilda í dag um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála, er þetta meginstefnan samkv. 1. gr.: „Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan.“ Að þessu hefur hæstv. ríkisstj. unnið, og þessi lög hafa verið samþ. með atkv. beggja stjórnarflokkanna. Og stefnan er þá í þessum málum sú að bæta við vöruflokkum á frílista, eftir því sem gjaldeyrisaðstaðan leyfir á hverjum tíma. Það er sú stefna, sem núverandi stjórnarflokkar hafa markað með setningu þessara laga á s. l. Alþingi.

Nú er því haldið fram af mér og öðrum flm. þessarar till., að haftakerfið við bílainnflutninginn, sem í dag er, leiði í mörgum tilfellum til gjaldeyrissóunar, sem hægt sé að komast hjá, og við það að setja þessar vörur á frílista séu ekki líkur fyrir því, að við getum ekki yfirstigið það frá gjaldeyrissjónarmiði séð, og ef svo er með jafnumfangsmikinn vöruflokk eins og bifreiðar eru, þá á samkv. núgildandi lögum, sem núverandi stjórnarflokkar hafa sett, að setja þennan vöruflokk á frílista.

Ég tók fram í minni framsöguræðu, að ég gerði ráð fyrir því, að ef gjaldeyrisþoli þjóðarinnar í dag væri ekki ofboðið með þeim skammtaða innflutningi bifreiða, sem ákvarðaður hefur verið, þá væru engar líkur til þess, að því væri ofboðið á næsta ári, þó að innflutningurinn væri frjáls.

Hv. 1. landsk. talaði hér nokkuð langt mál um gjaldeyrisaðstöðuna í dag. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég fann ekki betur en að í öllum veigamestu atriðum væru þær tölur og upplýsingar rangar, sem hv. þm. fór með um gjaldeyrisaðstöðu þjóðarinnar. Ég hef að vísu ekki hjá mér hér þær skýrslur, sem fyrir liggja um þetta, og get þess vegna ekki á þessu stigi málsins tekið af skarið í þessu sambandi. En ég sé ekki betur en að þær séu rangar og það að verulegu leyti, eftir því sem mig rekur minni til, samkv. síðustu skýrslum. Ég hygg, eftir því sem ég bezt veit, að inneign okkar í gjaldeyri frá öðrum löndum en clearing-löndum og vöruskiptalöndunum hafi verið hagstæð um síðustu mánaðamót um 80 millj. kr., og þegar allar skuldbindingar okkar og greiðsluloforð væru með tekin, hvort sem væri í clearing-löndum eða öðrum, væri a. m. k. hagstæð í heild um 25 millj. kr. En mér skildist, að hv. 1. landsk. vildi

halda því fram, að gjaldeyrisaðstaðan væri óhagstæð, að viðbættum B-leyfum, sem hann taldi vera eitthvað um 40 millj., um rúmar 50 millj. kr. Ef við tökum þá B-leyfin frá, væri hér sambærileg tala eitthvað 10—12 millj. óhagstæð gjaldeyrisaðstaða, sem ég vil meina að sé, þegar öll greiðsluloforð og greiðsluskuldbindingar eru með teknar, um 25 millj. kr. hagstæð aðstaða. Þetta vil ég láta nægja um þetta á þessu stigi málsins, því að eins og ég segi, þá þarf ekki um þessa hluti að deila, heldur leiða fram í dagsljósið þær tölur, sem fyrir liggja, og hafði ég þær ekki við höndina, en mér komu mjög ókunnuglega fyrir sjónir þær upplýsingar, sem hv. þm. gaf í þessu sambandi. Hins vegar leiddi hann athygli að því, að gjaldeyrisaðstaðan væri þó sízt verri og kannske betri nú en í fyrra, og styður það þá það, að ekki sé þess að vænta, ef menn búast við minni bílainnflutningi, eftir að þessari miklu lotu núna er lokið, að ekki sé ástæða til þess að örvænta um það, að við höfum nógan gjaldeyri til að sinna þessum innflutningi.

Hv. 1. landsk. sagði, að verið hefði ljót lýsing mín á framkvæmd þessara mála á undanförnum árum og ég hefði verið að tala um, að 15% af leyfunum hefðu á undanförnum árum verið á svarta markaðinum. Við þetta er nú að athuga það, að ég var einmitt ekki að tala um framkvæmd þessara mála og tók sérstaklega fram í minni ræðu, að það væri alveg tilgangslaust að sakast við þá menn, sem til þess hefðu verið settir að úthluta bifreiðum með því fyrirkomulagi, sem við höfum haft. Það væri ekki á valdi neinna einstakra manna að úthluta bílaleyfum, þegar þau samsvöruðu því að úthluta háum peningaupphæðum til einstakra manna; kerfið væri þannig í sjálfu sér, að það væri óframkvæmanlegt, og þó að þeir settu tvo engla til þess að úthluta þessum bílum, þá mundi það áreiðanlega standa í þeim góðu verum líka. En í öðru lagi sagði ég alls ekki, að 15% af leyfunum hefðu verið á svarta markaðinum að undanförnu, heldur fullyrti ég, að það væri sennilegt, að um 15% af þeim leyfum, sem út hafa verið gefin í ár, fyrir þessum nýja bifreiðainnflutningi, væru þegar komin á svartan markað. En það er miklu hærri tala af þeim leyfum, sem út hafa verið gefin á undanförnum árum. Og þetta var alveg eins, meðan fulltrúi Alþfl. hafði oddaaðstöðu í fjárhagsráði. Ég skal ekkert segja um, hvort það hefur verið betra eða verra, af því að það skiptir ekki máli, hvort það situr þarna Pétur eða Páll; en það var alveg sama sagan þá. En það er fullvíst, að á undanförnum árum hefur miklu meira en 15% af leyfunum á hverjum tíma verið á svörtum markaði, annaðhvort leyfunum beinlínis sjálfum eða bílunum, þegar þeir hafa komið inn til landsins. En eftir viðtölum mínum við bílainnflytjendur núna — og ég taldi, að það væri rannsóknarefni þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar — hef ég áætlað, að það væri þegar komið á svarta markaðinn nálægt 15% af þeim leyfum, sem út hafa verið gefin. Og það liggur þannig í því, að það er hægt að fá nokkra vitneskju um þetta, vegna þess að menn hafa beinlínis komið til bílainnflytjenda og annarra og boðið þeim sín leyfi til ráðstöfunar handa öðrum fyrir 18—20 þús. kr., sem er að vísu heldur lækkun á svartamarkaðsverðinu, vegna þess að önnur gjöld hafa komið ofan á. Svona er þetta. Ég veit ekki, hvernig hv. 1. landsk. hefur fengið sinn bíl. Mér er sagt, að hann keyri hér í nýjum bíl, Austin-bíl frá Englandi. Það hefur nú verið alveg sérstaklega erfitt að fá þá. Ég vona, að hann hafi ekki þurft að borga 15—20 þús. kr. fyrir leyfi fyrir honum.

Um ræðu hv. 1. þm. N-M. vil ég segja það, að honum fór, fannst mér, nokkuð líkt og hv. þm. V-Húnv. Hann saknaði haftakerfisins; hafði, sagði hann, sjálfur útvegað 200 leyfi fyrir AGA-eldavélum, en eftir að forustu hans í því máli þraut, hefðu sem sagt naumast nokkrar AGA-eldavélar verið fluttar inn til landsins. Þess vegna taldi hann, að það væri aðeins orðaleikur, hvort vara væri á frílista eða ekki, og hann vildi ekki vera með í því að slá ryki í augu fólksins. Nú veit ég, að kjósendur þessa hv. þm. hafa í mörgum tilfellum fundið, að það er mikill munur á því, hvort vara er á frílista eða hvort hún hefur verið leyfum bundin eins og á undanförnum árum, og á ég þar t. d. við hinar nauðsynlegu dráttarvélar og önnur verkfæri, sem bændur hafa þurft til afnota og hafa aukið svo mjög notkun á á undanförnum árum. Það var gífurleg eftirspurn eftir dráttarvélum og erfitt að fullnægja á tímabili eða gefa út leyfi nokkuð í samræmi við það, sem menn báðu um. Þessi vara var svo sett á frílista. Ég tók það fram í minni fyrstu ræðu og tek það enn fram, að það hefur stundum staðið á því, að viðstöðulaust væri yfirfærður gjaldeyrir, t. d. fyrir dráttarvélum, sem eru á frílista. Samt sem áður hefur þetta gengið án þess, að verulegir annmarkar hafi verið á, og til stórra hagsbóta og hagræðis fyrir þá menn, sem hafa notið innflutningsins. Og svo mikið er víst, að þegar menn halda því fram, að það sé ekki nema orðaleikur, hvort varan er á frílista eða ekki, það sé bara verið að flytja innflutninginn eða úthlutun innflutningsins úr innflutningsskrifstofunni og niður í bankana, þá vildi ég meina, að það er einkennileg tilviljun, að í þessi rúm tvö ár, sem ég hef gegnt bankastjórastarfi í öðrum bankanum, minnist ég ekki nema í eitthvað þremur eða fjórum tilfellum, að til mín sem bankastjóra hafi komið umkvartanir yfir því, að staðið hafi á yfirfærslu á gjaldeyri fyrir greiðsluheimildum, sem menn hafa haft, eða frílistavörum. Og það má mikið vera, ef þetta er svo slæmt, að það sé enginn munur á því eða hvort það á að sækja um leyfi til innflutningsskrifstofunnar, — það má mikið vera, að maður skyldi þá ekki hafa heyrt í fleirum. Á sama tíma hefur maður a. m. k. heyrt æði margar umkvartanir í sambandi við innflutning bifreiða og ýmissa annarra vöruflokka, sem leyfisveitingum hafa verið háðir. Þó að sem sagt lögin geri ráð fyrir því í dag, að það sé í höndum bankanna að verzla með gjaldeyrinn, og þeir hafa einkarétt til þess samkv. gildandi lögum, þá held ég, að það verði ekki hrakið, að engar verulegar misfellur hafi átt sér stað í því, að frílistavarn-

ingurinn væri raunverulega frjáls, sem þó hefur verið vefengt. Nú vefengi ég ekki og hef ekki aðstöðu til þess að segja, að það sé rangt, sem hv. 1. þm. N-M. segir, að það hafi ekki tekizt að fá innfluttar AGA-eldavélar, sem séu á frílista. Ég hef enga aðstöðu til þess að segja það. Um þetta hef ég ekkert heyrt fyrr en núna. Þetta er sjálfsagt að sé athugað nánar. Og það kemur þá í ljós, í hverju þetta liggur og hvernig þessi vöruflokkur hefur skorið sig svo sérstaklega úr, — ég segi: skorið sig svo sérstaklega úr, — og skal ég engum getum að því leiða.

En aðalefni málsins er þó það, að ef menn vilja ekki flytja bifreiðainnflutninginn á frílista frá því haftakerfi, sem hann er nú bundinn í, vegna þess að það þýði bara að flytja úthlutun leyfanna frá höndum tveggja manna í innflutningsskrifstofu til tveggja manna í bönkunum, þá er að gera sér grein fyrir því og leita upplýsinga um það, og það ætti sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að fá upplýsingar um, hvernig í framkvæmd hefur til tekizt um hinn frjálsa innflutning eða frílistavöruinnflutninginn, sem við höfum nú notið góðs af á undanförnum árum, og leyfi ég mér enn einu sinni að staðhæfa, að á því hafa ekki verið miklar misfellur. Og undarlegt er það, að aldrei hefur maður heyrt neinar opinberar kvartanir, — ja, ég segi fyrir mitt leyti, neinar opinberar kvartanir, og í tveggja ára bankastjóratíð minni hef ég naumast heyrt nokkrar umkvartanir í þessu efni, og mætti þó ætla, ef mönnum fyndist, að þeir væru miklum órétti beittir í þessu af hinni svokölluðu millibankanefnd, þ. e. a. s. einum fulltrúa frá hvorum banka, að þeir leituðu til bankastjóranna til að fá réttan hlut sinna mála.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að ég vék að því í minni fyrri ræðu, að ég teldi eðlilegast, að brtt. frá hv. þm. V-Húnv. væri orðuð eitthvað á þá leið, að það væri tryggður gjaldeyrir fyrir bílum eins og fyrir öðrum frílistavörum, að hann væri til með sömu skilyrðum og fyrir aðrar frílistavörur. Það getur vel verið, að það þurfi ekki að taka neitt fram um þetta. Það stendur í brtt., að það sé tryggt, að menn fái gjaldeyri. Enginn hefur þó dregið í efa, að bankarnir hér gætu sett ýmis almenn skilyrði fyrir úthlutun gjaldeyrisins, og er það í fullu samræmi við það, sem tíðkast í okkar nágrannaviðskiptalöndum. Það er það, sem gert er í dag með bílana, og það mundi ekki verða öðruvísi, þó að bifreiðainnflutningurinn væri frjáls. Ég staðhæfi hiklaust, að það mundi ekki verða gengið lengra en gengið er í dag, að bankarnir létu borga gjaldeyrinn um leið og beðið er um hann. Það er í raun og veru verið að biðja um gjaldeyri, þegar komið er í bankann og sýnt leyfi fyrir innflutningnum og borgað inn andvirði fob-verðsins, og með því að taka á móti þessu hafa bankarnir fallizt á að veita öllum, sem eru með leyfi fyrir bílum í dag, gjaldeyri, ef þeir borga gjaldeyrinn út um leið og þeir biðja um hann, og á þessu hygg ég að verði engin breyting, svo að ef til vill má samþ. þessa brtt. og ná þeim tilgangi, sem hv. þm. stefnir að, án þess að gera á henni nokkra breytingu, og væri það náttúrlega langsamlega skemmtilegast. Þá gætu allir orðið sammála í þessu mikilsverða máli.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að þessari till. verði vísað til n., en vil nú segja nokkur orð, áður en umr. verður frestað, til ábendingar fyrir þá n., sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Eins og kunnugt er, hafa innflytjendur vara þrjá löglega möguleika til að afla sér erlends gjaldeyris til vörukaupa: Í fyrsta lagi þann að flytja inn vörur, sem eru á svonefndum óskilorðsbundnum frílista, í öðru lagi að flytja inn vörur, sem eru á svonefndum skilorðsbundnum frílista, sem venjulega er nefndur bátagjaldeyrislisti, og í þriðja lagi fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir vörum, sem innflutningsskrifstofan hefur með höndum að úthluta. Það er allmargt af vörum, sem er ekki hægt að fá gjaldeyri fyrir nema með því aðeins að afla sér slíkra leyfa hjá innflutningsskrifstofunni. Ætla ég, að útgáfa slíkra leyfa hafi um síðustu mánaðamót verið rúmlega 300 millj. kr., líklega um 330 millj. kr., það sem af er þessu ári.

Nú liggur fyrir till. um að skora á ríkisstj. að auka frílistann og bæta á hann bifreiðum eða gefa innflutning bifreiða frjálsan, sem kallað er. Menn greinir nú að vísu á um það, — og hefur það komið fram í þessum umræðum, — hversu mikla breytingu hér sé um að ræða, hversu miklu það muni til að greiða fyrir innflutningnum, að varan sé sett á frílista í stað þess að vera háð innflutningsleyfum. En ég ætla ekki að ræða það atriði málsins. Það, sem ég vildi minnast á til sérstakrar ábendingar fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, er það, að þegar till. eru uppi um að setja bifreiðar á frílista, þá vaknar sú spurning óhjákvæmilega, hvort ástæða kunni að vera til þess að setja fleiri vörur á frílista, sem nú eru háðar leyfum, og hvort bifreiðar eigi þá að ganga fyrir öllum öðrum vörum, sem nú eru háðar leyfum. Þetta vildi ég sérstaklega biðja hv. n. að athuga.

Ég hef verið að kynna mér það nokkuð, hvaða vörur það séu, sem enn þá eru háðar innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Í því efni mun að vísu lítil breyting hafa orðið síðasta árið. Þær vörur eru nú allmargar, sem er ekki hægt að flytja inn, nema innflutningsskrifstofan veiti leyfi til þess, og skal ég ekki lesa upp þann lista, heldur nefna aðeins nokkrar, sem mér sérstaklega komu í hug í sambandi við þetta mál.

T. d. er innflutningur á ýmsum helztu byggingarefnum, svo sem timbri og sementi og steypustyrktarjárni, háður leyfum; þakjárn er aftur á móti á frílista. Innflutningur á skipum og bátum er háður leyfum og sömuleiðis innflutningur hvers konar mótorvéla, bæði mótorvéla í skip og annarra mótorvéla. Ég vil nefna beltisdráttarvélar og krana. Innflutningur þeirra vara er háður leyfum. Ég vil líka nefna vörutegund, sem maður heyrir nú ákaflega oft talað um og víða er mikill áhugi fyrir að flytja inn, saumavélar; innflutningur þeirra er háður

leyfum. Þá skal ég nefna vöruflokka eins og vélar til vatnsvirkjana, lækningatæki ýmiss konar og þess háttar; þessar vörur eru allar háðar leyfum eða innflutningur þeirra.

Í sambandi við það, að þessari till. verður nú væntanlega vísað til nefndar, vildi ég mælast til þess við nefndina, að hún kynnti sér þetta mál á nokkuð víðari grundvelli, kynnti sér það, hvaða vörur eru nú undir leyfum, sem kallað er, aðrar en bifreiðar, og gerði það þá upp við sig, ef hún vill leggja til að setja bifreiðar á frílista, hvort ekki sé þá ástæða til þess að setja fleiri vörur á frílista, t. d. einhverjar af þeim, sem ég nú hef nefnt. Vildi ég mælast til, að hún afgreiddi ekki málið fyrr en hún hefði kynnt sér þessa hluti. Ég tel þess vera fulla þörf.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég varð satt að segja alveg hissa, að hv. 5. þm. Reykv. skyldi grípa til þess að segja tölur þær, sem ég fór með um gjaldeyrisástandið, rangar, sérstaklega þegar hann nefndi, er hann var að vefengja mig, einmitt um það bil sömu tölurnar og ég hafði nefnt. Hann fór með sínar tölur eftir minni, og þær voru því ekki alveg réttar hjá honum, skakkaði svolitlu, en mínar tölur eru nákvæmlega skrifaðar upp úr skýrslum, sem hann á að hafa fyrir framan sig á skrifstofuborði sínu í bankanum, sem hann stjórnar. Ég hafði sagt, að brúttó-inneignin í lok síðasta mánaðar væri 88.8 millj. kr. Hann minnti, að hún væri um 80 milljónir. Mín tala var 8.8 millj. hærri og nákvæmlega rétt, eins og hann getur gengið úr skugga um, þegar hann kemur í skrifstofu sína að loknum þingfundi. Hins vegar ber frá þessari tölu að draga ábyrgðarskuldbindingar. Þannig er gjaldeyrisaðstaðan ávallt gerð upp. Þær nema 68 millj. kr., þannig að nettó-inneignin er 20.8 millj., eins og ég sagði áðan. Hann sagði, að sig minnti, að hún væri 25 millj. Þar skakkaði 4.2 millj. hjá honum, og lái ég honum það ekkert. Það er ekki von, að hann hafi þessar tölur allar saman í huganum. En með tilliti til þessa, að hann nefndi einmitt sömu tölurnar og ég hafði farið með, var það vissulega furðulegt, að hann skyldi viðhafa svo stór orð sem það er að segja, að annar maður fari með rangar tölur.

Hitt er svo annað mál, að ég taldi söguna ekki alla sagða með því að segja, að Íslendingar ættu 20.8 millj. kr. nettó-inneign erlendis. Ég sagði, að hér þyrfti að taka tillit til þess, að greiðsluloforð bankanna vegna innflutnings til landsins samkv. frílista, algerlega skuldbindandi greiðsluloforð, hefðu um síðustu mánaðamót verið 31.8 millj. kr., og ef tekið væri tillit til þess, þá vantaði 11 millj. á, að aðstaðan væri jákvæð, þ. e. þá væri hún neikvæð um 11 millj. kr. Enn fremur bætti ég við, að ef jafnframt væri tekið tillit til greiðsluskuldbindinganna í sambandi við bátagjaldeyriskerfið, sem næmu hvorki meira né minna en 42.6 millj., þá væri aðstaðan neikvæð um 53.9 millj. kr.

Þetta eru þær staðreyndir, sem ég fór með í ræðu minni, og enga af þeim, enga þessara talna, er hægt að vefengja. Það getur hv. þm. gengið úr skugga um í skrifstofu sinni eftir klukkustund eða svo, þegar hann kemur þangað.

Það er svo auðvitað aukaatriði í þessu máli, að hv. þm. lét þess getið, þó að ég sjái nú ekki, hvaða erindi það átti inn í þessar umr., að hann vonaði, að ég hefði ekki þurft að greiða svartamarkaðsverð fyrir nýjan bíl, sem ég ek í, og það er alveg rétt hjá honum. Ég þurfti ekki að gera það, því að ég flutti bílinn inn á algerlega löglegu leyfi, eftir að ég hafði greitt öll lögboðin gjöld af því leyfi, og getur hv. þm. auðvitað gengið úr skugga um það hjá hlutaðeigandi yfirvöldum, hvenær sem honum þóknast. Þetta er þó aukaatriði, sem ekki snertir þetta mál.

Hæstv. fjmrh. mælti nokkur orð áðan, og voru þau að vísu miklu færri en við hefði mátt búast af manni, sem þó gegnir fjmrh.-stöðu í íslenzka ríkinu. Erindi hans í ræðustólinn var ekki að skýra það, hvað hafi valdið hinu óburðuga ástandi, eða afsaka það á einhvern hátt, sem þó hefði verið full ástæða til, hvernig á því stendur, að gjaldeyrisástandið er jafnhörmulegt og það er, með tilliti til hinna miklu góðæra, sem Ísland hefur notið nú undanfarið. Nei, hann átti ekki það erindi í stólinn að skýra þetta eða færa fram einhverjar afsakanir fyrir því, ekki heldur það að skýra frá því, hvað stjórnin hygðist gera á næstu árum til þess að snúa málum til betri vegar. Nei, erindi hans í stólinn var að spyrja, hvaða ráðstafanir ég vildi gera til þess að bæta úr þessu og minn flokkur.

Ég hygg nú, að hæstv. fjmrh. sé svo áhugasamur maður um stjórnmál, að hann viti svona um það bil, hvað stendur í stefnuskrá flokks míns, stefnuskrá Alþýðuflokksins. Ég hygg líka, að hann sé það áhugasamur maður um stjórnmál, að hann hafi fylgzt svolítið með því, hvaða ályktanir voru gerðar um landsmál á nýafstöðnu þingi Alþýðuflokksins. Það er þó ekki nema rúmur mánuður síðan það var haldið. Ályktanir þess voru mjög ýtarlegar og birtar í blaði flokksins, og maður skyldi halda, að hann hafi lesið þær, og þá hefði hann ekki þurft að spyrja slíkra spurninga sem þessarar. Hitt er annað mál, að ef hæstv. ráðh. vill endilega eitthvað frá mér heyra um þessi efni, þá skal ég gjarnan gera honum það til eftirlætis — þó ekki nema á örfáum mínútum — að nefna fáein atriði, sem ég teldi nauðsynleg og teldi æskilegt, að ekki stæði á honum og hans flokki að hrinda í framkvæmd.

Ég vil t. d. nefna nauðsynina á því að afnema einokunaraðstöðuna og svindlið í útflutningsverzluninni. Ég man ekki betur en hv. Framsfl. hafi fyrir nokkrum þingum einmitt flutt frv. um að afnema einokunaraðstöðuna í útflutningsverzluninni og haft þá stór orð um það, að í skjóli þessarar einokunaraðstöðu væri rekið mikið svindl, það væri haft stórfé af íslenzkum útvegsmönnum og sjómönnum einmitt með því skipulagi, sem væri á útflutningsverzluninni. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það muni standa á stjórnarandstöðunni að ljá því máli fylgi. Ef Framsfl. flytti það aftur núna, þá yrði

það samþ. þegar í stað, það er ég handviss um, og þá mundi sú ráðstöfun verða gerð, sem að dómi flokksins þá átti að hafa mikla þýðingu til þess að bæta fjárhagsástandið í landinu. En hví er þetta ekki lagað? Hví er ekki afnumin einokunaraðstaðan í útflutningsverzluninni? Það strandar á Framsfl., það strandar á því, að hann er í herleiðingu hjá Sjálfstfl.

Ég skal nefna annað. Það bæri brýna nauðsyn til þess að endurskipuleggja vinnslu sjávarafurða með samvinnusniði til þess að tryggja sjómönnum og útvegsmönnum sannvirði aflans og tryggja þeim jafnframt verzlunarhagnaðinn af ýmsum nauðsynjum útvegsins. Hví er þessu skipulagi ekki komið á? Hví hefur því ekki þegar verið komið á? Ég fullyrði: Það mundi ekki standa á stjórnarandstöðunni að ljá því lið, að þessi breyting yrði gerð. Á hverjum strandar það þá? Enginn býst við, að Sjálfstfl. muni ljá því lið, en hví ljær Framsfl. því ekki lið? Hví stuðlar hann ekki að því að endurskipuleggja vinnslu sjávarafla með samvinnusniði? Það væri hægt, ef Framsfl. mannaði sig upp í það að ljá því fylgi eða leggja það til. En hví hefur hann ekki gert það? Af því að hann er í herleiðingu hjá íhaldinu.

Ég skal nefna hið þriðja. Það væri hægt og bæri brýna nauðsyn til að afnema óhófskostnaðinn og okrið í innflutningsverzluninni. Til þess mætti gera margar ráðstafanir og margvíslegar. Áður fyrr hafði Framsfl. mörg orð um nauðsynina á slíkum ráðstöfunum og hafði uppi tillögur um það. Hví hefur þessari breytingu ekki verið komið á? Ég fullyrði enn: Það mundi ekki standa á stjórnarandstöðunni í þeim efnum. Á hverjum strandar þá? Á Framsfl. Og af hverju? Af því að hann er í herleiðingu hjá Sjálfstfl.

Ég skal nefna hið fjórða. Það þyrfti að gerbreyta skattakerfinu, þannig að skattarnir hættu að vera eins og þeir eru nú, skattar á launamenn einvörðungu og neyzlu almennings, þannig að þeir yrðu raunverulegir skattar á hina tekjuháu og ríku. Margir minnast þess, að einu sinni hafði hæstv. fjmrh. og flokksbræður hans um það mörg orð, að slíkar ráðstafanir þyrfti að gera. Ég fullyrði enn: Það mundi ekki standa á núverandi stjórnarandstöðu að ljá slíkri breytingu á skattakerfinu lið. En hví er henni ekki komið á? Það strandar enn á Framsfl. Og enn spyr ég: Af hverju? Ástæðan er alltaf sú sama: Af því að hann er í herleiðingu hjá Sjálfstfl.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þeirrar ræðu, sem hv. 1. landsk. flutti hér áðan, og nokkuð af því endurtók hann í sinni seinni ræðu. Það var í sambandi við gjaldeyrisaðstöðuna og ástandið í gjaldeyrismálunum í dag.

Það er ekki langt síðan Alþýðublaðið kom út, og þar var feitletruð fyrirsögn, alveg heilsíðufyrirsögn: „Verzlunarjöfnuðurinn á þessu ári verður óhagstæður um 500 millj. kr. — Hvernig ætlar viðskiptamálaráðherra að brúa þetta bil, þar sem Marshallaðstoðin er ekki fyrir hendi á þessu ári, en með henni var öllu bjargað á árinu 1953?“

Ja, ekki veit ég, hvort hv. 1. landsk., hagfræðingurinn, hefur ráðið fyrirsögninni í blaðinu, en eitt veit ég, að ef hann hefur ráðið því, hvaða upphæð þarna var nefnd, þá er hann ekki forvitri. Ég vil nú spyrja: Hvað á svona að þýða, og hverjum getur þetta gert gagn? Getur það bætt fyrir okkur á nokkurn hátt að láta svona fyrirsagnir og spádóma koma fram og verða til umtals á erlendum vettvangi? Er það til þess að auka álit þjóðarinnar út á við eða bæta aðstöðu okkar í atvinnu- og fjármálum?

Vitanlega er það rétt, að á árinu 1954 höfum við ekki Marshallframlag, eins og við höfum haft undanfarin ár, og ýmsir óttuðust, að um leið og það væri afnumið, mundi verða erfitt að brúa það bil, sem er milli útflutnings og innflutnings. Sem betur fer hefur gjaldeyrisaðstaðan batnað það mikið, að líkur eru til, að aðstaða bankanna út á við um næstu áramót verði allmiklu betri en um áramót 1953—54, þrátt fyrir það þótt við hefðum ekki Marshallaðstoðina.

Hv. 1. landsk. talaði hér áðan um, að árið 1953 hefðu duldar tekjur af Keflavíkurflugvelli numið 213 millj. kr., en 1. okt. í ár 128 millj. Þannig lítur út fyrir, að tekjurnar af Keflavíkurflugvelli á þessu ári verði allmiklu lægri en á árinu 1953, og þegar það bætist svo við, að þær eru allmiklu lægri, um leið og Marshallaðstoðin hverfur, þá mætti reikna með því, að aðstaða bankanna út á við yrði allmiklu verri á árinu 1954 en 1953. Og það er sú ályktun, sem rithöfundur Alþýðublaðsins tók og taldi raunar alveg sjálfsagt, að þegar Marshallaðstoðin hyrfi og tekjurnar af Keflavíkurflugvelli lækkuðu, þá yrði ástandið ömurlegt. Hv. 1. landsk. er eigi að síður í dag að skamma stjórnina fyrir það, hvernig ástandið er í dag, þótt hann verði að viðurkenna með sjálfum sér, að það hefur stórum batnað á því ári, sem nú er að líða, og að við höfum getað tekið þeim áföllum, sem af því leiðir að missa Marshallaðstoðina og lækka tekjurnar af Keflavíkurflugvelli. Hv. þm. varð svo í lok ræðu sinnar að viðurkenna, að gjaldeyrisástandið væri betra nú en á sama tíma í fyrra, og viðurkenndi, að við ættum nú 42 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri, sem lýsti hinni batnandi aðstöðu, fram yfir það, sem var í fyrra. Hins vegar vildi hann taka allar ábyrgðarskuldbindingar, ábyrgðir fyrir B-skírteinum og allt, sem hann til tíndi, og taldi þá, að þegar þetta væri allt lagt saman, þá væri raunverueg skuld 53 millj. kr.

Mér þykir það nú dálítið skrýtið að reikna það raunverulega skuld, þótt búið sé að ákveða kaup á vörum eftir þrjá mánuði eða eftir missiri. Veit ekki þessi hv. hagfræðingur, að meðan þessar vörur eru að koma til landsins, sem þegar er búið að ákveða að kaupa, koma inn gjaldeyristekjur? — En sé þetta dæmi reiknað á sama hátt 1953 og 1954, þá eru það ekki aðeins 42 millj., sem við eigum í frjálsum gjaldeyri; þegar allt er tekið til, með því að reikna á

sama hátt bæði árin, þá verður okkar hagur út á við nú um 100 millj. kr. betri en í fyrra, og þetta gerist þrátt fyrir það, að við höfum misst Marshallaðstoðina, og þrátt fyrir það, þótt tekjurnar af Keflavíkurflugvelli verði allmiklu lægri en á árinu 1953, eftir því sem hv. 1. landsk. minntist hér á.

Ég hélt nú, að þetta væru frekar gleðileg tíðindi og lýsti því frekar, að það væri batnandi ástand í þjóðlífinu, heldur en að það gæfi tilefni til að flytja hér reiðilestur yfir ríkisstj. fyrir slæma stjórn á þessum málum.

Við getum hins vegar verið sammála um, að hagurinn má vera betri, en við verðum að vera sammála um það, að árangurinn er allgóður á ekki lengri tíma. Við getum verið ánægðir með það, hversu vel gengur með sölu íslenzkra afurða. Við getum verið ánægðir með það, að þrátt fyrir mesta síldarleysi, sem komið hefur, á s. l. sumri verða útflutningstekjurnar í ár sennilega um 150 millj. kr. hærri en á árinu áður. Og við getum verið ánægðir með það, að allar líkur eru til, að verzlunarjöfnuðurinn verði óhagstæður í ár um 150—250 millj. kr., en var um hin áramótin 405 millj. Þessar tölur liggja vitanlega ekki fyrir, en þetta eru líkur, sem hægt er að hafa nokkuð góða trú á.

Ég ætla svo að láta þetta nægja og ætlast til, að það sýni, að hv. 1. landsk. hafði ekki rétt fyrir sér áðan og það, sem hann sagði hér áðan, mótaðist aðallega af þeirri löngun að sýna þingheimi fram á, að illa hefði verið ráðið, og til þess að hafa efni í Alþýðublaðið á morgun með feitri fyrirsögn í sambandi við viðskiptamálin.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég skal nú ekki blanda mér mikið í hinnar almennu umr., sem hér hafa farið fram út af till. á þskj. 101, vísa þar til þeirra raka, sem hv. 1. flm. hefur fært fyrir henni. En ég vil í tilefni af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, aðeins benda á, að þó að megi færa fram dæmi um ýmislegt það, sem að öðru jöfnu eða við fljóta yfirsýn virðist eiga jafnmikinn rétt á því að vera sett á frílista og bílarnir, þá er það vitaskuld annað, sem í aðalefnum ræður því, að þessi till. er borin fram, og það er, hversu mikil vandkvæði hafa komið í ljós á því að úthluta bílum, svo að þjóðin vilji við una, þannig að menn telji sig ekki misrétti beitta. Ég veit ekki, hvort innflutningur yrði ýkjamiklu meiri, þó að bílar yrðu gefnir frjálsir. Ég veit hins vegar, hvernig fólkið finnur til. Ég veit það, að á móttökudögum í stjórnarráðinu eru það kannske ¾ af þeim, sem á minn fund koma, sem eru að kvarta undan, að þeir hafi verið misrétti beittir í bílaúthlutun, samanborið við ýmsa aðra, færa að því rök, sem ég kann ekki að meta. En ég kann þó vel að skilja, að þetta er tilfinning þeirra manna, sem þarna eiga hlut að máli. Og það er auðvitað ákaflega æskilegt fyrir ríkisstjórnina, ef hægt væri að létta þessum grunsemdum um misbeitingu valdsins af herðum valdhafanna. Ég teldi það mikinn kost. Ég veit hins vegar, að á þessu eru annmarkar. Og ég veit, að það gat ekki orðið samkomulag á síðasta sumri innan ríkisstj. um, hvaða leiðir bæri að fara í þessum efnum. Það er ekki fullreynt nema það megi takast, þó að ég vilji ekki um það segja, en till. er auðvitað það sjónarmið, sem flm. hennar og margir aðrir hafa.

Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að einn af þm. leyfði sér hér að hafa óvenjuleg fúkyrði í frammi, maður, sem hversdagslega vill nú vera svo dæmalaust „pen". Það er hv. Gylfi Þ. Gíslason, 1. landsk. þm. Ég skal sleppa þeirri hlið, sem vék að hagfræði. Hann hefur nú verið að verja miklum hluta ævi sinnar til að læra hagfræði og raunar að kenna hana líka. Ég vil ekki kveða upp neinn almennan dóm yfir því starfi, en mér heyrðist þeir vera hér nokkrir, sem minna hafa kostað til sinna mennta í hagfræði, sem gátu þó kennt honum talsvert um, hvernig á að fara með tölur og hvað má draga út úr þeim, eftir því hvort þær eru skynsamlega skoðaðar eða ekki. Ég vil færa honum til afsökunar það, sem einhver mikill vitmaður einhvern tíma sagði: Fyrst er lygi, svo haugalygi og svo hagfræði. — Og ef menn líta á tölurnar, án þess að full dómgreind fylgi, þá er maður lentur í haugalyginni, og það var nú það slys, sem varð á hans vegi, og það er ekki mitt að gæta sáluhjálpar hans í þeim efnum. En ég vil hins vegar aðeins segja það, að þegar þessi hv. þm. kemur hér og lýsir yfir, ekki eins og Gróa á Leiti: Ólyginn sagði mér — heldur eins og fullkominn manndómsmaður og „pen" maður, að það sé um stórkostlegt „svindl", eins og hann orðaði það, að ræða í útflutningsverzlun landsmanna, þá vil ég mælast til þess, að hann færi að þessu rök opinberlega og sjái hvað kostar að vera með svona kjafthátt. Ríkisstj. hefur í þessum efnum ekki gert annað fyrir sitt leyti en að lofa útgerðarmönnum að ráða sínum samtökum. Þegar stór meiri hluti bændanna óskar eftir mjólkursamlagi, þá fá þeir það, þó að mikils metnir bændur, eins og t. d. sá ágæti maður, sem einu sinni bjó á Korpúlfsstöðum og hét Thor Jensen, hefði af því mikinn óhag, að sölusamlag var gert og hans mjólkurbú skaðabótalaust lagt niður. Hagsmunir heildarinnar voru a. m. k. taldir ráða. Það er sama um fiskinn. Það er sama um síldina. Það er fisksölusamlagið, sem fer með saltfisksöluna. Þeir hafa sinn árlega fund. Þar hefur svo að kalla einróma verið talið nauðsynlegt að hafa samtök og ágreiningur aðeins verið um það, hvort fisksölusamlagið eigi að vera fyrir sig og S. Í. S. fyrir sig, og þó náðst um það sæmilegar sættir að halda þessu í einni heild. Varðandi síldina er sama að segja. Síldarsaltendur koma saman árlega og gera sínar samþykktir um þá skipan, sem þeir telja heppilegasta. Ég held, að það sé um hraðfrysta fiskinn alveg það sama. Þar eru langflest húsanna í Sölumiðstöð íslenzkra hraðfrystihúsa, en þau, sem þar eru ekki, eru hjá Sambandinu. Þar eru sem sagt tvenns konar samtök, sem vinna vel saman, en engum blandast hugur um, að þetta hefur verið til farsældar fyrir almenning í landinu. Svo kemur hér einn þm., sem vill sérstaklega vera metinn fyrir prúðmennsku, og talar digurbarkalega um svindl.

Ég skora á hann að koma með rök fyrir því, hvað hann meinar með þessu, hvort þarna eru þjófar að verki, hverju þeir stela, frá hverjum þeir stela og hvað miklu þeir stela.

Hitt getum við svo — sem trúum á þessi samtök, að þau hafi orðið þjóðinni til mikillar blessunar, sjómannastéttinni, útgerðarmönnum og öllum, sem hlut eiga að máli, til afar mikilla hagsbóta — náttúrlega huggað okkur við, að við vitum, að fyrri hluti ræðu hv. 1. landsk. þm., sem um þetta fjallaði, var sízt áreiðanlegri en seinni hlutinn, þegar hann var að ögra Framsfl. og gefa hér yfirlýsingar fyrir hönd allrar stjórnarandstöðunnar. Ég fullyrði, sagði þessi þm., að stjórnarandstaðan mun gera svona og svona, svona og svona og svona og svona. Ég held hann ætti að láta sér nægja að fullyrða, hvað Alþfl. mundi gera. Honum hefur ekki gengið of vel enn þá að gefa haldgóðar yfirlýsingar fyrir hönd síns flokks. Hér eru þó þrír stjórnarandstöðuflokkar, og ég held, að hinir séu þó a. m. k. ekki undir neinni yfirstjórn þessa þm. Hitt veit ég einnig, að þeir menn úr flokki þessa þm., sem eru kannske ekki síður haldreipi flokksins en hann sjálfur og eiga beina hagsmuni undir því, hvort þessi samtök haldast eða hvort þau rofna, hafa ekki haft undan samtökunum að kvarta, heldur þvert á móti stutt þau, stutt þau á réttum vettvangi og eindregið.

Ég kunni ekki við, úr því að ég varð þess heiðurs aðnjótandi að hlusta á þessa djarfmannlegu ræðu þessa prúða þm., annað en að gefa honum tækifæri til að heyra mína skoðun um þetta og bera fram þá ósk, að hann færi rök á opinberum vettvangi fyrir sínum staðhæfingum, því að ég trúi því ekki að óreyndu, að hann telji sér sæma í skjóli þinghelginnar að bera á menn svik og þjófnað, en hafi svo ekki manndóm til þess að koma með það á öðrum vettvangi, þar sem hægt er að draga hann til ábyrgðar fyrir þetta. Ég veit ekki, hvað hann meinar með orðinu svindl. Ég hef talið það vera svik eða óráðvendni, og ef hann vill gefa á því aðrar skýringar, þá væri honum það opið, og má vera, að ræninginn geti þá iðrazt fyrir dauðastundina og sloppið við þær sektir, sem hann annars verður að búa sig undir að aura saman af þingmannskaupinu til þess að borga það, sem hann verður vafalaust dæmdur til að borga, ef hann ætlar að standa við þessi ummæli sín á opinberum vettvangi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þegar ég heyrði hér í dag ræðu hv. 1. landsk. þm., þar sem hann sagði það sem sína skoðun, að hér væri ríkjandi verðbólguástand, og hann lýsti því, hvernig ástatt væri í ýmsu tilliti um gjaldeyrisbirgðir og annað þess konar, þá gat ég ekki stillt mig um að spyrja hann að því, af því að hann nefndi það ekki í þeirri ræðu, hvað hann áliti að gera ætti til þess að bæta ástandið. Mér lék hugur á að heyra um þetta frá honum, þar sem hann er hagfræðiprófessor.

Hagfræðingarnir kenna okkur, að verðbólga stafi af því, að peningar í umferð séu meiri en hægt sé að mæta með vöruframboði. Ég hygg, að ekki sé um þetta deilt. Þetta er það, sem hagfræðingarnir kenna okkur að sé undirstaða verðbólgu. Ég hefði þess vegna, finnst mér, mátt gera ráð fyrir því, að hv. þm. hefði farið að ræða um ráðstafanir til þess að minnka peningamagnið í umferð, þar sem hann sér nú verðbólgu. Eftir því, sem hagfræðingar skilja verðbólguástand, þá er það alveg eins og b kemur á eftir a í stafrófinu, að sé verðbólga, þá þarf fyrst og fremst að íhuga aðferðir til þess að draga úr peningaveltunni í hlutfalli við vöruframboðið. Flokksbræður þessa hv. þm. í Danmörku voru ekki í neinum vafa um það, hvað þyrfti að gera, þegar þeim fannst nú fyrir skemmstu sem þar kæmu fram verðbólgueinkenni. Þeir sögðu blátt áfram og berum orðum, að það þyrfti að minnka kaupgetuna, og gerðu ráðstafanir til þess. Ég hefði mátt standa í þeirri meiningu, finnst mér, að hv. þm. reyndi að benda okkur á úrræði frá hagfræðinnar sjónarmiði til þess að ráða bót á ástandinu. Og ég hélt satt að segja, að hann hlyti að verða feginn því að fá þetta tækifæri til þess að láta ljós sitt skína. En í þess stað brást þm. reiður við fyrirspurn minni, fannst hún algerlega ófyrirsynju og svaraði henni út í hött. Nú skal ég játa, að ég vissi fyrir fram, að þetta mundi hann gera, þó að ég spyrði hann. Ég vissi, að hv. þm. mundi svara þessari fyrirspurn út í hött. Í stað þess að ræða hér í alvöru, hvaða ráðstafanir ætti að gera frá hans sjónarmiði til þess að vinna á móti verðbólgu, þá svaraði hann alveg út í hött, fór að ræða hér um það, hvernig skyldi koma fyrir útflutningi á saltfiski, hvernig skyldi haga eignaryfirráðum og rekstraryfirráðum frystihúsa, hvort þau skyldu rekin af útvegsmönnum eða öðrum. Hvort tveggja er stórmerkilegt mál, en þau eiga ekkert skylt við það, sem ég spurði um. Enn fremur fór hann að ræða um, hvort hér skyldi vera verðlagseftirlit eða treysta á samkeppni í vöruinnflutningi. Loks sagði hann, að það ætti að taka til athugunar að breyta skattakerfinu, til þess að bæta framtöl manna. Að vísu mundi það atriði, ef í framkvæmd kæmist, geta hjálpað til að vinna á móti verðbólgu, ef bætt væru skattaframtöl manna. En við höfum rætt áður, ég og hv. þm., um þetta atfriði, og þá spurði ég hann sérstaklega, hvaða ráðstafanir hann gæti bent á til þess að bæta skattaframtölin. Þá gat hann ekki bent mér á nein úrræði í þessa átt og gerði það ekki heldur núna, svo að þetta atriði verður líka einskis virði af hendi hv. þm., þegar ræða á um ráðstafanir gegn verðbólgu.

Við erum þess vegna algerlega jafnnær, eins og við mátti búast. En ofur lítið er nú þetta annað en við eigum að venjast, t. d. af þingmönnum úr hliðstæðum flokkum í nágrannalöndunum og þessi hv. þm. fyllir hér, þegar þessi mál ber á góma. Ég hef ekki orðið var við, að þeir skoruðust undan því að ræða þetta efni hreinskilnislega. Mér finnst það satt að segja sitja heldur illa á hagfræðiprófessor að svara út í hött á þann hátt, sem hv. þm. hefur gert, þykjast nánast ekki skilja, hvað átt sé við með orðunum verðbólga og verðbólguástand,

því síður að hann telji sig geta bent á, um hvaða úrræði væri að velja til þess að vinna á móti verðbólgu. Loks vil ég skjóta fram: Við skulum hugsa okkur, að hv. þm. hefði lagt þessa spurningu fyrir nemanda í háskólanum: Nú er verðbólguástand í einhverju landi. Hvaða úrræði koma þá til greina til þess að vinna á móti verðbólgunni? — Nemandinn hefði svo svarað eins og þessi hv. þm. svaraði mér hér áðan. Hvaða einkunn halda menn að nemandinn hefði fengið í Háskóla Íslands hjá prófessornum?

Skúli Guðmundsson: Hv. 5. þm. Reykv. flutti hér ræðu áðan. Hann var, eins og flokksbróðir hans, hæstv. viðskmrh., að strita við það að reyna að telja mönnum trú um, að ég væri mjög á móti frjálsræði í viðskiptum. Og hann virtist vera ákaflega óánægður með það, að ég skyldi nokkuð segja um það sjálfur, hverjar skoðanir mínar væru í þeim efnum. En ég hef nú ekki gefið þessum þm. eða öðrum neitt umboð til þess að túlka hér mínar skoðanir. Mun ég reyna að gera það sjálfur, þegar mér þykir ástæða til, og geri ráð fyrir því, að menn marki meira það, sem ég segi sjálfur um þetta, heldur en aðrir.

Hv. þm. var að rifja upp það, sem gerðist hér í viðskiptamálum á síðasta þingi fyrir tæplega ári. Hann segir, að þá hafi ríkisstj. og flokkar hennar ákveðið að leggja niður fjárhagsráð. Er þá ekki allt í góðu lagi, fyrst þessi stóri þrándur í götu frjálsra viðskipta var burt tekinn? Eða er það réttara í málinu, að stofnunin hafi ekki verið lögð niður, heldur gefið annað nafn?

Hann segir, að sjálfstæðismenn hafi fagnað þeim árangri, sem þar náðist, í því að gera verzlunina frjálsari en hún áður var, og vill gefa í skyn, að ríkisstj. hafi unnið í þessum anda síðan, að gera verzlunina frjálsari en hún var.

Það er ástæða til að athuga lítils háttar — ég skal ekki eyða í það löngum tíma — hvað er rétt í þessu efni. Þegar fjárhagsráð svokallað lét af störfum, var hér í gildi frílisti, sem gefinn var út 25. júní 1953, og á þeim lista voru taldar þær vörur, sem heimilt var að flytja til landsins án þess að fá til þess innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Þegar nýju lögin höfðu verið staðfest um þetta efni seint í des. í fyrra, var gefinn út nýr vörulisti, en hann var víst ekki kallaður frílisti, því að á sama hátt og þurfti að skipta um nafn á þeirri stofnun, sem úthlutar innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, þurfti auðvitað að skipta um nafn á þessum vörulista, og ég verð nú að biðja afsökunar á því, að ég mundi ekki eftir þessu, og mér hefur orðið það á í ræðum mínum hér áður um þetta mál að nefna frílista, en það er víst ekki lögum samkvæmt. Nú hét vörulistinn: reglugerð um frjálsan innflutning og gjaldeyrissölu, og sú reglugerð er mér sagt að sé óbreytt í gildi enn. Ég hef gert nokkurn samanburð á þessum tveim vörulistum, þeim sem gilti meðan fjárhagsráð starfaði og þeim sem gildir nú, eftir að innflutningsskrifstofan tók við þessum málum. Breytingarnar eru ákaflega litlar. Ég get nefnt hér — það tekur ekki langan tíma — það sem ég hef fundið.

Í 15. kafla tollskrár eru á nýja listanum feiti og feitarolíur; þetta er nýtt. Og á nýja listanum er eitthvert efni til sultugerðar, sem ekki var frjálst áður. Þá er hér eitthvert efni, sem ég kann trauðlega að nefna, það er í flokki með ostahleypi. En aftur hefur verið fellt niður, sem var frjálst samkv. gamla listanum, gúmmílím, gólfdúkalím, veggfóðurslím og klístur. Hér er á einum stað: Vatnshanar úr járni og stáli, þó ekki blöndunarhanar til baðkera, vaska og þess háttar. En þessir blöndunarhanar held ég að hafi verið frjálsir fyrr á tímum. Hér er eitt nýtt, sem heitir rafmagnsduflaljósker og umbúðablöð, ólituð, einnig áletruð, ef áletrunin ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings. Þá er hér duft og deig úr tilbúnum mótanlegum efnum. Og loks er það kartöflumjöl, sem er á nýja listanum, en ég get ekki fundið að hafi verið á þeim eldri.

Ég verð að segja það, að mér finnst hv. 5. þm. Reykv. gera ákaflega litlar kröfur í þessum efnum, ef hann telur ástæðu til að lýsa yfir mikilli ánægju með þennan árangur, sem náðst hafi. En ég get ekki sagt það sama. Ég tel það æskilegt og vona að það takist að gera viðskiptin frjálsari en þau eru nú, en það hefur satt að segja því miður mjög lítið miðað í þá áttina þetta síðasta ár.

Hv. 5. þm. Reykv. segir, að brtt. mín, sem hér liggur fyrir, gangi miklu lengra en frumtillagan. Mín brtt. er aðeins um það, að bifreiðainnflutningurinn verði raunverulega gefinn frjáls, og með þessari athugasemd hv. 1. flm. aðaltill. liggur það fyrir, að það er ekki það, sem fyrir honum og öðrum flm. vakir, úr því að mín till. gengur miklu lengra. Það vakir sem sagt ekki fyrir þeim að gera bifreiðainnflutninginn raunverulega frjálsan, heldur aðeins í orði kveðnu.

Við skulum vona, að það takist að koma á meira frjálsræði í viðskiptunum. En ég vil að síðustu aðeins segja hv. 5. þm. Reykv. það, að ég held, að það borgi sig ekki að vera með neinar blekkingar í þessu eða segja hlutina öðruvísi en þeir eru.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forseti leyfði hér hv. þm. V-Húnv. að gera stutta athugasemd samkv. þingsköpum, en hann notaði allan tíma sinn til þess að gera eftir mætti tilraun til þess að gagnrýna og ráðast á framkvæmd viðskiptamálanna í þeirri stjórn, sem hann ekki einungis hefur átt sæti í, heldur og styður. Annar hv. þm. Framsfl. hefur einnig notað þetta tækifæri til þess að ræða um þá till., sem hér liggur fyrir, til þess að koma sams konar gagnrýni að. Ég hef út af fyrir mig ekkert á móti því, að menn gagnrýni framkvæmdir stjórnarinnar yfirleitt, en ég vildi gjarnan spyrja: Hvað mundi hæstv. fjmrh. segja, ef Sjálfstfl. tæki nú upp á því að gagnrýna hér hans gerðir, eftir því sem hann þættist hafa ástæðu til, og fara þar rangt með allt,

eins og hv. þm. V-Húnv. gerði nú? Mundi honum þykja það bera vott um mikið fylgi frá samstjórnarflokknum, ef sá háttur væri tekinn upp? Ég held, að hæstv. fjmrh. ætti að reyna að þjálfa svo sína menn, á meðan þeir sitja í stjórn með öðrum flokki, að þeir séu ekki að stinga augun hvor úr öðrum og fara hér með alls konar ósannindi í sambandi við framkvæmdir málanna. Ég held, að það væri ákaflega hollt fyrir hann að venja þá á slíka siði. Skal ég svo snúa mér að málinu sjálfu.

Ég geri ráð fyrir því, að þessi till. fari til n. og umr. verði frestað. Benti hv. þm. N-Þ. á hér áðan, að það væri ýmislegt, sem æskilegt væri að hv. n. athugaði í sambandi við þetta mál, og vil ég gjarnan taka undir það. Hann minntist hér á, hvort ekki ætti að leyfa frjálsan innflutning á byggingarvörum, bátum, skipum og vélum, beltisdráttarvélum og krönum, saumavélum og læknistækjum og ýmsu öðru. Í sambandi við þetta vildi ég þá gjarnan spyrja hv. þm., hvort ekki væri rétt, að n. athugaði þá einnig, hvort hún vildi skipa þessum vörum undir sömu tollflokka á eftir og hugsað er að skipa þeim vörutegundum, sem hér um ræðir. Sannleikurinn er sá, að hæstv. ríkisstj. hefur farið inn á þá leið að reyna að gefa sem mest frjálsan innflutning á vörum, sem eru ekki taldar jafnnauðsynlegar og þær vörur, sem hér voru taldar upp af hv. þm., en því hefur fylgt sá böggull, að af þessum vörum, sem settar eru á frílista, hefur orðið að greiða gífurlega hátt innflutningsgjald, sem síðan er notað til þess að framleiða nýjan gjaldeyri, sem hefði ekki annars verið framleiddur í landinu. Það á m. ö. o. að fá með þessari ráðstöfun nýtt framlag af gjaldeyri, sem a. m. k. er jafnmikið og sá gjaldeyrir er, sem eytt er fyrir þessa vöru, og kannske miklu meiri.

Ef þannig ætti að fara með alla vöruflokka í landinu, svo sem byggingarvörur og þær vörur aðrar, sem hv. þm. N-Þ. talaði um, er bezt að spyrja um það um leið: Vill hann, að þessi böggull sé líka látinn fylgja rýmkun á innflutningi á þessum vörum? Ég vildi gjarnan heyra álit hv. n. um það atriði, þegar frá henni kemur nál.

En það er ýmislegt fleira, sem þarf að athuga í þessu máli. Það hafa verið færð fram rök fyrir því hér, að það séu mjög mikil líkindi til þess, að bílainnflutningurinn verði ekki meiri en hann hefur orðið á þessu ári, þó að hann verði gefinn frjáls. En hver er þá ástæðan fyrir því, að hér hafa risið upp þrír hv. þm. úr Framsfl. og mótmælt því, að þannig yrði farið að? Í því sambandi vil ég benda á, að síðan fjárhagsráð var lagt niður, hefur úthlutun bílanna verið í höndum tveggja manna, þeirra Odds Guðjónssonar frá Sjálfstfl. og Jóns Ívarssonar frá Framsfl. Það hefur líklega ekkert mál skapað jafnmikla óánægju meðal landsmanna og þetta mál. Hér kennir hvor öðrum um. Hér er sagt af Framsfl., að það sé að kenna Oddi Guðjónssyni, og Framsfl. lætur sitt blað mjög taka undir það, samtímis því sem það gerir árásir á hæstv. viðskmrh. fyrir það, að það sé hann, sem eigi sökina á þessu ástandi öllu og allri þeirri óánægju, sem því fylgir. Hins vegar eru ýmsir aðrir menn, sem þykjast hafa eins mikla ástæðu til þess að segja, að þetta sé eins mikið eða meira að kenna Jóni Ívarssyni og að hann með Framsfl. á bak við sig eigi alla sök á þessu. Á þetta ætla ég ekki að leggja neinn dóm, en það væri ákaflega gott, að einmitt hv. form. allshn., sem ég hygg að sé hv. 1. þm. Eyf., leiti um þetta upplýsinga hjá ráðuneytinu, hvað sé satt í þessum ummælum. Það getur vel verið, að það gæti eitthvað skýrt málið, þegar það kemur aftur hér til umr.

En það er fleira en þetta, sem þarf að athuga. Það ganga mjög miklar sögur um það, kannske sannar að einhverju leyti, kannske að öllu leyti, — ég skal ekkert um það segja, — en þær eru a. m. k. mjög háværar, og ég veit, að það er þó nokkur fótur fyrir því, að mörg undanfarin ár hafi úthlutunarlistinn legið hjá stærsta bílainnflytjanda landsins, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, löngu áður en hann var gerður opinber, svo að með þessu fyrirkomulagi hafi þessi innflytjandi getað verið búinn að flytja svo og svo mikið af þessari vöru til landsins á undan öðrum, sem ekki vissu jafnsnemma, hvort þeir fengju nokkur leyfi eða ekki. Og það væri ákaflega gott, ef n. vildi rannsaka, hvað satt er í þessu. Og það er enn fremur haft í hámælum, að þessi sami innflytjandi hafi látið liggja orð að því, að hann væri fær um að geta komið í gegn leyfum fyrir þessa sömu aðila, sem leyfin voru búnir að fá. Ef þetta er svo, þá er ákaflega skiljanlegt, að þeir vilji ekki láta breyta fyrirkomulaginu. Væri ákaflega gott og fróðlegt fyrir landsfólkið að fá að heyra eitthvað um þessi atriði.

Og það er enn fleira, sem þarf að athuga. Það þarf að athuga, hvað mikið sé rétt í þeim orðrómi, að Samband íslenzkra samvinnufélaga, sem eins og ég tók fram áðan er einn stærsti bílainnflytjandinn í ár, liggi sí og æ með svo og svo miklar birgðir af bílum hér í Reykjavík án þess að hafa getað selt þær fyrr en leyfin eru afhent. Hvernig eru þær fluttar inn, og með hvaða gjaldeyri eru þær greiddar? En það er vitanlegt, að þeir hafa aukið stórkostlega sölu á bifreiðum vegna þeirrar aðstöðu, sem þeir hafa haft þannig, að geta haft hér óátalið svo og svo mikið af bifreiðum liggjandi og geta selt þær fyrirvaralaust.

Og það þarf enn fleira að athuga en þetta hér. Þegar hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj. ákvað, að það skyldi lagður sérstakur skattur á innflutning bíla til þess að bjarga útveginum á þessu ári og að enginn bíll skyldi afhentur fyrr en búið væri að borga inn allt fob-verð bílanna, eins og þegar hefur verið upplýst, — hvað skeður þá? Þá skeður það, að Sambandið, — og nú mæli ég ekki af því að ég hafi heyrt þessa sögu, heldur af því að ég veit það, — sem hefur haft á þessu ári um 47% af öllum innflutningi bílanna, býður viðkomandi kaupanda að leggja fram sem lán í 18 mánuði fob-verð bílanna og upphefur þar með þá ráðstöfun, sem hæstv. ríkisstj. gerði til þess, að þetta yrði ekki til verðþenslu í landinu, því að þetta var vitanlega gert til þess, að þeir

einir gætu nú pantað bíla, sem hefðu féð handbært til þess að kaupa þá. Og ef svo þessi sami aðili fer niður í Landsbanka til þess að auka þar yfirdrátt sinn til þess að geta lánað þetta fé eða tekur þetta fé einhvers staðar annars staðar frá að láni, þá held ég, að það sé ekki verið að gera þjóðinni neinn greiða með slíkri ráðstöfun. En þetta veit ég að er satt, vegna þess að aðrir innflytjendur bíla hópuðu sig saman á eftir, þegar þannig átti að taka frá þeim allan bílainnflutninginn, og neyddu Sambandið til þess að skrifa undir samning um að falla frá þessu aftur. En það var ekki Sambandinu að þakka. Og ef það liggur á bak við andstöðu framsóknarmanna hér í þinginu að halda þessu kerfi, þá get ég vel skilið ræður þeirra.

Allar þessar upplýsingar, sem ég er að ræða um hér, ættu að liggja fyrir, áður en málið kemur til framhaldsumræðu, og þó einkum ef svo skyldi fara, að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi.

Þá vildi ég enn beina einni fyrirspurn til hv. n., hvort ekki sé rétt, ef málið verður afgreitt frá henni á einn eða annan hátt, að setja það í þál., að þessum viðskiptum bæri frekar að beina til vöruskiptalandanna, þ. e. til þeirra landa, sem við höfum vöruskiptasamning við, heldur en til þeirra annarra landa eins og Ameríku, sem hafa engan vöruskiptasamning. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram hér við umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hv. þm. Barð. sagði. Hann gat ekki stillt sig um að koma hér inn í þingsalina með róg um Sambandið, sem maður er nú orðinn svo vanur að heyra úr herbúðum sjálfstæðismanna. Það er enginn hissa á því lengur, þó að eitthvað heyrist úr þeirri átt svipað því, sem hv. þm. sagði hér áðan. En hann ætti að hafa þessar gróusögur sínar yfir utan þingsins. Hann ætti ekki að nota Alþingi til þess að fara þar með þessar gróusögur. Það er auðvitað alveg út í hött, að Sambandið hafi nokkra sérstöðu í sambandi við bílainnflutning á einn eða annan hátt. Sambandið hefur ekki fengið nein sérstök leyfi til þess að flytja inn bíla fyrir bílaumboð sitt. Það flytur auðvitað aðeins inn þá bíla, sem þeir hafa leyfi fyrir, sem við umboðið verzla, og ekkert umfram það. Ef þetta væri ekki gróusaga hv. þm. um það, að Sambandið hefði bíla á „lager", þá hlyti tollstjórinn í Reykjavík eða aðrir embættismenn, sem falinn er sá trúnaður að sjá um, að ekki séu fluttir inn bílar, án þess að leyfi séu fyrir, að hafa brugðizt sínum trúnaði. En auðvitað hafa þeir ekki gert það. Allur þessi söguburður hv. þm. Barð. er gersamlega út í bláinn og vísast heim til föðurhúsanna. Maður hefði getað haldið, að Gróa gamla á Leiti væri komin í buxur og komin hér í þingsalinn, þegar hv. þm. Barð. var að tala. (Gripið fram í.) Ja, hún var a. m. k. ekki í pilsi, þessi Gróa. Svo mikið er víst. Á sömu bókina lært er það, sem þessi hv. þm. var að fleipra hér um úthlutunarlista.

Annars er ekkert örðugt að skilja aðstöðuna í þessu bílamáli. Hún er blátt áfram þannig, eins og þeir hafa útlistað, sem hér hafa talað úr Framsfl. Við viljum vera með í því að gefa bílainnflutning frjálsan. En við viljum ekki vera með í því að færa úthlutunina úr innflutningsskrifstofunni og niður í bankana. Það er engin bót að því. Menn eru að tala um það hér fjálglega, að það sé mikil óánægja með úthlutunina á bifreiðunum hjá innflutningsskrifstofunni. Ætli það gæti ekki líka heyrzt hljóð úr horni, þegar bankarnir færu að velja úr, hverjir mættu flytja inn bíla og hverjir ekki? En svo gæti orðið, fyrst menn þora ekki að taka skrefið heilt og ákveða, að það skuli láta gjaldeyri fyrir þeim bílum, sem menn óska að flytja inn. Ég skora á alla þá menn, sem hér tala fyrir frjálsum bílainnflutningi, að gera þetta heilt og samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir um, að það sé þá skylt að láta gjaldeyri fyrir þeim bílum, sem menn vilja kaupa. Annars eru þetta ekkert annað en látalæti. Ef menn meina, að allir þeir, sem geta og vilja fá keypta bíla, eigi að geta fengið þá keypta, þá verður að vera öruggt, að menn geti fengið gjaldeyri. Það þýðir ekkert að setja bílana á frílista og neita mönnum svo um gjaldeyri. Það gæti vel svo farið, að í viðtalstímunum og utan þeirra kæmu til ráðh. menn, sem hafa ekki fengið afgreiðslu í bönkunum og kvörtuðu, þó að bílarnir standi á frílista, ef ekki er hægt að yfirfæra. Þetta vænti ég að menn hljóti að sjá, ef menn vilja líta raunsætt á málið, og það er auðvitað aðalatriðið. Ég trúi því varla, að þetta mál sé flutt til þess að sýnast.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 2. des., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 101, 139, 172).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði upphaflega ekki ætlað mér að taka mikið til máls um þessa þáltill. á þessu stigi málsins, en mér heyrðist umr. á þeim degi, þegar það var rætt síðast, vera komnar inn í þann farveg, að það væri rétt að leggja orð í belg.

Ég held það hafi verið hv. 1. landsk. (GÞG), sem var kominn eitthvað inn á útflutningsmálin í sambandi við þessi innflutningsmál, sem hér liggja fyrir, og hæstv. forsrh. svaraði þar með allmiklum þjósti og skoraði á hv. þm. að endurtaka orðið „svindl", sem hann hafði minnzt á. Rétt á eftir gerðist svo það, að hv. þm. Barð., sem oft er allhreinskilinn hér í umræðum, kom með nokkur dæmi, sem hann taldi um svindl, sem ætti sér stað, eða tilraun til svindls, sem jafnvel hefði mistekizt, og kom með eina setningu í þessu sambandi, sem mér finnst eiginlega nokkuð lærdómsrík. Það var þegar hann var að tala um innflutninginn nú og sagði, að til þess að stjórna innflutningsskrifstofunni væri einn maður frá Sjálfstfl. og einn maður frá Framsfl. Ég held, að það sé

ástæða fyrir okkur til þess að hugleiða ofur lítið, hvert við erum komin í þessum efnum, sem þarna er verið að ræða um.

Hæstv. forsrh. og raunar fleiri orðuðu það, að ein ástæðan til þess, að þessi þáltill. væri flutt, væri sú, að það yrði að koma í veg fyrir allar grunsemdir um misbeitingu valdsins hjá valdhöfunum, — a. m. k. minnir mig, að það hafi verið orðað nokkurn veginn á þá leið, — ég held hann hafi sagt: að létta grunsemdum um misbeitingu valdsins af herðum valdhafanna.

Ég held, að það sé ekki úr leið fyrir okkur, einmitt með tilliti til þeirrar þróunar, sem orðið hefur hérna, að athuga þetta nokkru nánar. Hver er ástæðan til þess, að þessi þáltill. er komin fram? Hvernig stendur á því, að þetta mál um innflutning bílanna skuli yfirleitt vera rætt hér á Alþingi? Hvernig er það, þegar við reynum að fá einhver önnur mál rædd hér á Alþ., sem ekki snerta innflutning á bílum, ef við reynum að fá rætt hér á Alþ. um við skulum segja innflutning á olíu, innflutning á sementi, útflutning á saltfiski eða eitthvað annað þess háttar, hvernig gengur það þá? Þá gengur það mjög illa. Við fáum venjulega engar umræður um það. Og af hverju fáum við engar umræður um það? Vegna þess, að þá er venjulega búið að gera samkomulag milli stjórnarflokkanna um þessa hluti, þannig að það kemur ekki til kasta Alþingis. M. ö. o.: Ef það tekst samkomulag á milli núverandi stjórnarflokka um, hvernig þeir eigi að skipta á milli sín ákveðnum gróða af ákveðnum útflutningi eða innflutningi, þá kemur málið ekki til kasta þingsins. En svo framarlega aftur á móti sem þessir stjórnarflokkar tveir verða ósammála um einhvern hlut, þá kemur málið til kasta þingsins, og þá fáum við alls konar upplýsingar, eins og m. a. þær, sem fram komu í ræðu hv. þm. Barð., þá fáum við alls konar ásakanir á víxl um alls konar svindl og annað slíkt, sem við annars alls ekki fáum að heyra úr þessum stjórnarherbúðum nema í sambandi við kosningar. Ég held þess vegna, að það sé alveg nauðsynlegt, að Alþ. geri sér ljóst, hvernig ástandið er orðið í þessum efnum. Þeir tveir núverandi stjórnarflokkar haga sér í sinni afstöðu til þjóðarbúskaparins eins og tveir ræningjar. Ef þeir koma sér ekki saman um að skipta bráðinni, skipta þeim einkaréttindum, sem hagnýting ríkisvaldsins gefur þeim, þá koma þeir til þingsins og þá biðja þeir þingið um að skera úr. Hins vegar meðan þeir eru að úthluta á milli sín sem einkaréttindum því valdi, sem það að hafa ríkisvaldið með höndum gefur þeim, og meðan þessi einkaréttindi eru nothæf sem féþúfa, sem arðránstæki gagnvart alþýðu eða gagnvart þjóðfélaginu, meðan þeir koma sér saman um, hvernig þeir eigi að nota þetta tæki, þá þegja þeir gagnvart Alþ. Þá er það alveg sama, hvað er komið hérna fram með, þá steinþegja þeir.

Mér finnst satt að segja, að þróunin núna síðustu árin hjá Sjálfstfl. og Framsfl. sé sú, að þessir tveir flokkar séu að hætta að vera stjórnmálaflokkar, þeir séu að verða eins konar hlutafélög, þeir séu að verða flokkar, sem skoða það fyrst og fremst sitt verkefni að hluta á milli sín ríkisvaldinu og hluta ríkisvaldinu á milli sín með tilliti til þess, hvort hægt sé að nota ríkisvaldið sem féþúfu og hægt að nota það til þess að arðræna þjóðina eða þjóðfélagið í heild. Og meðan þeir koma sér saman um, hvernig eigi að hluta, hvernig eigi að skipta, þá fellur allt í ljúfa löð.

Þetta, að ríkisvaldið skuli yfirleitt geta gefið þetta, skuli geta veitt slík einkaréttindi, skuli geta orðið slík féþúfa, stafar einvörðungu af því, hvað ríkisvaldið hefur mikið að gera með allan okkar þjóðarbúskap. Þess vegna er það ekkert undarlegt, þó að það komist hér upp öðru hverju, og þá er það auðsjáanlega vegna þess, að innan stjórnarherbúðanna hafa ásakanirnar gerzt nokkuð háværar. Ég veit alveg fyrir víst, að hæstv. forsrh. hefur ekki farið að tala um, að hann vilji létta grunsemdunum um misbeitingu valdsins af herðum valdhafanna, bara vegna þess, að við værum eitthvað að skammast. Hann er svo vanur því, að hann kippir sér ekki upp við það. En þegar þeir eru farnir að skammast innan stjórnarinnar, þegar ráðherrafundirnir eru þannig, að þeir ásaka hver annan á víxl um, hvernig þeir hafi misnotað þessa aðstöðu og misnotað hina, þá stendur forsrh. ekki lengur á sama. Þá verður hann að sjá um, að Sjálfstfl. leggi það fyrir þingið. Þess vegna er þetta núna komið til okkar kasta, og þess vegna er rétt, að við tökum málið almennt til athugunar. Hv. þm. Barð. sagði í sambandi við þetta, — ég efast um, að nokkrir hafi hneykslazt á því, en þó gæti það nú verið, ef þeir fara að íhuga það, — hann sagði, að það sætu tveir menn í stjórn innflutningsskrifstofunnar, annar frá Framsfl. og hinn frá Sjálfstfl. Ja, fyrir svo sem 25 árum hefði þótt hneyksli að segja þetta. Það hefði þótt hneyksli að segja um tvo opinbera embættismenn, sem hafa með að gera eins veigamikil fjárhagsatriði og úthlutun á öllum þeim innflutningsleyfum, sem veitt eru til landsins, að annar þeirra væri settur frá öðrum stjórnarflokknum og hinn væri settur frá hinum stjórnarflokknum, í staðinn fyrir að segja, að þeir væru settir af ríkisstjórninni. Eftir lögunum eru þessir menn skipaðir af ríkisstj. Það er alveg nákvæmlega sama hneykslið að segja það, að annar þeirra sé settur af Framsfl. og hinn af Sjálfstfl., eins og ef við segðum: Ja, þessi dómari hérna er nú settur af Framsfl. eða hann er settur af Sjálfstfl. — og í orðunum lægi: þar með er ætlazt til þess, að hann passi upp á hlut framsóknarmanna fyrir dómstólunum, eða ef hann er settur af Sjálfstfl., að hann passi upp á hlut sjálfstæðismanna fyrir dómstólunum. — M. ö. o. liggur í þessum orðum: Þessir tveir menn eru ekki settir af ríkisstj., ekki af ríkisstj. Íslands, nei, annar af Sjálfstfl., hinn af Framsfl., og auðsjáanlega er hugmyndin, sem á bak við liggur hjá þessum flokkum: Þeir eru að sjá um hagsmuni þessara flokka. Það er hugmyndin. Og þetta er komið inn í meðvitund jafnágætra manna og hv. þm. Barð., og það mikið inn í meðvitund ekki að-

eins meginsins af þingheimi, heldur meginsins af þjóðinni, að það er farið að líta á þetta sem sjálfsagt. Og við skulum athuga, hvað það er, sem liggur á bak við í þessari þróun. Ástandið í dag er þannig, að ríkisstj. álítur sjálfsagt að setja tvo menn til þess að sjá um úthlutun innflutningsleyfa fyrir allri vöru, sem kemur til landsins. Það er álitið sjálfsagt á Alþ., að þeir séu settir sinn af hvorum stjórnarflokknum, auðsjáanlega til að passa upp á hagsmuni hvors stjórnarflokksins um sig, þannig að ekki hallist á.

Þegar upphaflega var byrjað á því, að ríkisvaldið tæki eitthvað slíkt í sínar hendur eins og innflutning til landsins, datt mönnum slíkt alls ekki í hug. Ég býst við, að t. d. hæstv. fjármálaráðherra, þegar hann átti hlut að máli um slíkt fyrir 20 árum, hefði fundizt það næstum því ósvífni, ef hann hefði verið ásakaður um það, að það væri verið að draga taum sérstakra flokka með skipun þáverandi gjaldeyrisnefndar. Hugmyndin, sem þá var, og hugmyndin, sem var haldið fram og jafnvel stundum er haldið fram enn þá, var sú, að ríkisvaldið væri eitthvert vald, sem væri ofar flokkum og jafnvel hlutlaust gagnvart þjóðinni, og mundi það gæta réttlætis og annarra slíkra dyggða. Meira að segja fyrir 10—15 árum hefði það fundizt rétt og sjálfsagt í flestum nefndum, að annaðhvort flestallir flokkar þingsins eða einhverjar þær stofnanir í þjóðfélaginu, sem þarna ættu hagsmuna að gæta, ættu allar þarna fulltrúa, allt með það fyrir augum, að þarna væri gætt réttlætis, það væri ekki hægt að misnota, það væri ekki hægt að misbeita þessu valdi. Og nefndirnar voru skipaðar með það fyrir augum að létta öllum grunsemdum um misbeitingu valdsins af herðum valdhafanna, svo að ég noti orð hæstv. forsrh. Og þá var enn þá hugmyndin þetta: Ríkisvaldið er yfir öllum, það á ekki að vera tæki neins sérstaks. — En hvað er það, sem nú er orðið með þetta? Ríkisvaldið hefur að vísu verið tæki á undanförnum árum. En það er ekki fyrr en nú, að þessir tveir stjórnarflokkar í þessari stjórn treysta sér til þess að kasta svo allri blygðun í þessum efnum, að þeir gera opinbert, að ríkisvaldið sé hagnýtt á þennan hátt, setja það inn í lög og ræða það á Alþ., að ríkisvaldið sé vald þessara tveggja flokka og að þessir tveir flokkar skipi mennina í þýðingarmestu störfin út frá sjónarmiðum flokkanna til þess að varðveita hagsmuni flokkanna, og allir aðrir, allir þeir, sem eru utan við stjórnarflokkana, allir aðrir almennir þegnar þjóðfélagsins hafi raunverulega ekkert að segja annað en að þola það, sem þessir skammta þeim. Það er þetta, sem er eftirtektarvert í þessu sambandi. Það er búið að kasta blygðuninni í þessum efnum. Það er búið að gera ríkisvaldið blygðunarlaust að tæki fyrir þá, sem hafa hrifsað það til sín, fyrir þá, sem hafa hremmt það. Og þeir nota það eins og ræningjar. Og þeir skipta ránsfengnum á milli sín, og á meðan þeir koma sér saman um það, þá fæst ekki einu sinni upplýst hér á Alþ., hvernig farið er að við skiptinguna. En svo framarlega sem þeir koma sér ekki saman, þá er farið að rífast hér, og þá kemur margt fram, og þegar þeir þurfa að skilja sambúðina fyrir kosningar, þá rífast þeir og þá afhjúpa þeir hvor annan. En með meginið af öllum þeim hlutum, sem gerast í sambandi við innflutning og útflutning, er það svo, að það hafa ekki aðrir aðgang að þeim hlutum en þeir, sem með innflutninginn og útflutninginn hafa að gera, þannig að það, hvað raunverulega gerist og hvernig þarna stendur, hafa menn ekki sérstaklega mikla aðstöðu til þess að vita.

Það er þetta í fyrsta lagi, sem ég vildi vekja eftirtekt á í sambandi við þá þróun, sem orðið hefur á þessum málum. Og ég vakti eftirtekt á þessu hér á Alþ., þegar það í fyrsta skipti gerðist, að slíkt var tekið upp. Það var raunverulega tekið upp utan þingsins. Það var í sambandi við úthlutun smáibúðalánanna, þegar það gerðist, að af ríkisstj. voru skipaðir tveir menn, annar formaður framsóknarfélagsins í Reykjavík, hinn formaður sjálfstæðisfélagsins í Reykjavík, til þess að úthluta lánum úr ríkissjóði. Það þótti ekki fært að setja það í neinn banka, í neina stofnun, sem átti að hafa eitthvert yfirvarp hlutleysis, vegna þess að flokkarnir þurftu að nota það. Og það var kastað allri blygðun. Síðan er haldið áfram á þessari sömu braut.

Hæstv. forsrh. mun líklega hafa tekið upp eftir hv. 1. landsk. orðið „svindl“. Hann hefur líklega notað það, og hæstv. forsrh. kippti sér mjög upp við það og vildi helzt fá hann til að endurtaka það utan þingsins. Það getur alltaf verið spursmál um, hvaða orð eigi að nota í þessu sambandi. Verknaðurinn, sem mér sýnist vera að verða hinn almenni í sambandi við beitingu ríkisvaldsins í sambandi við útflutning og innflutning, er skipulögð féfletting á almenningi og þjóðfélaginu með aðstoð og fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar, sem notar ríkisvaldið í þessum tilgangi.

Það, sem auðmagn er í mörgum öðrum löndum, auðmagn, sem sett er í fyrirtæki til þess að geta grætt á þeim, það er ríkisvaldið meira og meira að verða hér. Ríkisvaldið er að verða uppspretta gróðans, uppspretta fjár og auðs. Það að hafa ríkisvaldið með höndum er að hafa aðganginn að þessari uppsprettu og geta ráðið henni og geta beint henni í þann farveg, sem hún eigi að fara, geta virkjað hana. Og ég veit, að stjórnarflokkarnir gera sér svo ljóst, hvað þetta er satt, að hvorugur þeirra og líklega sízt af öllu Framsfl. muni geta hugsað sér að eiga að vera utan ríkisstjórnar, af því að svona er komið.

Það var út af saltfisksölunni, sem hæstv. forsrh. fór sérstaklega að ræða og tók djúpt í árinni. Ég álít, að einokunin viðvíkjandi saltfisksölunni hafi eins og önnur slík einokun einstakra aðila verið skipulögð féfletting frá upphafi vega. Hún tekst misjafnlega, en hún er rétt eins og olíuinnflutningurinn núna, eins og sementsinnflutningurinn og eins og öll þessi einokunaraðstaða, sem einstökum fésýslufyrirtækjum er sköpuð, skipulögð féfletting á almenningi. Hvenær fáum við hins vegar eitt-

hvað að vita um slíka féflettingu? Jú, við fáum að vita um það t. d., ef einokunarkaupmönnum á Ítalíu kemur ekki saman við einokunarkaupmenn á Íslandi, eða við fáum eitthvað að vita um það, ef einhver, sem er í þjónustu einokunarinnar á Íslandi, fer að rífa sig eitthvað, og þá er hann náttúrlega settur af, og þeir, sem hann ásakar, eru svo sýknaðir seinna vegna skorts á sönnunum. Og við fáum að vita um þetta, ef Sambandið og S. Í. F. koma sér ekki saman. Þá kemur Framsfl., og þá afhjúpar hann. Þá segir Sambandið: Ja, þetta er eitt ógurlegt svindlfyrirtæki, þetta S. Í. F. — jafnvel þótt framsóknarmenn sitji í stjórn þess. Og S. Í. S. heimtar af fullum krafti frelsi og frelsi og frelsi, og svo semur Samband íslenzkra samvinnufélaga við Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda — og svo steinþagnar S. Í. S., þegar það er búið að fá sinn hluta, við skulum segja markaðsaðstöðu viðvíkjandi Esbjerg eða eitthvað þess háttar. Þá steinþagna þeir. Þá er skiptingin komin á, helmingaskiptareglan komin fram. Þá er þagað. Svona ganga hlutirnir fyrir sig.

Við skulum minnast á einn hlut í þessu sambandi, og það eru fragtirnar á öllu því, sem flutt er til og frá Íslandi, fragtirnar, sem teknar eru fyrir saltfiskinn, sem fluttur er út, eða freðfiskinn, og teknar fyrir það, sem flutt er hingað inn til Íslands. Það eru upphæðir, sem skipta hundruðum milljóna á ári. Og það er ekkert smáræði, sem grætt er á þessum frögtum. Og þeir, sem ráðstafa þessum frögtum, eru þeir sömu sem hafa einokun um innflutninginn og útflutninginn. Þegar t. d. Sjálfstfl. og Framsfl. þurfa að standa í kosningaslag, þá tala þeir aldeilis um þessar fragtir og hvernig þær séu og hvað sé grætt á þeim. Og þá fær þjóðin ofur litla innsýn í þetta. Þess á milli er 100% samkomulag um að halda áfram að láta fragtirnar til Íslands vera þrefalt hærri en fragtir á flestöllum samsvarandi svæðum í heiminum, vegna þess að aðilarnir, sem sjá um innflutninginn til Íslands, koma sér saman um að halda frögtunum hátt.

Hæstv. forsrh. veit ég að segir venjulega, þegar minnzt er á fisksöluna: Ja, útgerðarmennirnir eru ósköp ánægðir með þetta, þeir segja ekki neitt. — Þeir segja ekki neitt, en þetta er bara ekki einkamál útgerðarmanna eða fiskútflytjendanna. Ég veit ekki betur en ríkið stuðli að því, að það séu settar hundruð milljóna kr. til sjávarútvegsins, til útflytjendanna, til þess að styrkja þá. Maður má líka fá að vita, hvernig farið er með þetta fé. Þetta eru hlutir sem sannarlega eiga að leggjast fyrir og við eigum að geta fengið einhverja aðstöðu til þess að líta eitthvað inn í.

Þetta var út af því, sem kastaðist hér í kekki viðvíkjandi útflutningnum. En við skulum þá hverfa að tveim atriðum í innflutningnum, — tveim atriðum, sem ég hef minnzt á hérna hvað eftir annað og aldrei getað fengið neitt að vita um. Það er olían, og það er sementið. Ríkið kaupir þetta hvort tveggja inn, bæði olíuna og sementið, eins og það leggur sig. Það þarf ekkert einstaklingsframtak, ekki að sýna neinn dugnað í því að útvega olíu eða sement. Það gerir ríkisstj., hún sýnir þá framtakssemi. Það þarf enginn aðili að taka á sig neina áhættu við innkaupin eða annað slíkt, því afstýrir ríkisstj. Það er ekki þarna um að ræða, að það þurfi að vera einhver ofsagróði á þessum hlutum, vegna þess að það sé verið að berjast í þeirri harðvítugu frjálsu samkeppni, þar sem menn geti búizt við alls konar verðlækkunum, viðskiptastríði og öðru slíku. En við fáum ekki orð að heyra um þetta. Af hverju? Af því að þessum innflutningi er skipt jafnt á milli framsóknar- og íhaldsfélaganna. Þarna kvartar hvorugt þeirra, og þeir, sem hafa bezta aðstöðuna til þess að vita um, hvernig þetta stendur, virðast koma sér tiltölulega vel saman. Ég nefndi hér dæmi í fyrra, sem ég fékk viðvíkjandi sementinu þá, og það er hollt að rifja það upp, þegar byggt er meira á Íslandi en líklega hefur verið byggt nokkurn tíma áður. Þá kostaði sementið 200 kr. smálestin fob. í erlendri höfn. Þá var fragtin á einu tonni 130 kr., og þá kostaði þetta sama sement, sem eftir því kostar 330 kr. hérna komið í höfn, yfir 530 kr. í útsölu hér. 200 kr. voru lagðar á það fyrir kostnaði og álagningu hér heima, eða sama og sementið kostar sjálft erlendis.

Mér er nú spurn: Er það virkilega svo, að það þurfi til þess að flytja sement hingað til Íslands að fá greiðslu fyrir það, sem er meiri en nemur helmingnum, næstum því ⅔ af verðmæti sementsins erlendis, — eða t. d. þegar hraðfrysti fiskurinn er fluttur út, er nauðsyn að taka í flutningsgjald fyrir hann 10 sterlingspund á tonnið eða sem samsvarar, að það sé tekinn helmingurinn af öllum þeim launum, sem íslenzku sjómennirnir fá fyrir að afla þessa fisks, þegar það er tekið sem heild?

Það er ósköp gott samkomulag um fragtirnar eftir rifrildið um árið fyrir kosningar. Það er ósköp gott samkomulag núna, og ég tek eftir t. d., að S. Í. S. byggir hvert skipið á fætur öðru. Ég veit ekki, hvort það fær lán til þess eða hvort gróðinn er bara svona mikill. Það er talað um dýrtíð og dýrtíð, og það heyrist aldrei neitt viðvíkjandi því, að það megi lækka þessa hluti. En það er sköpuð einokunaraðstaða með innflutningnum og útflutningnum til hagnýtingar á þessum frögtum, og fragtirnar eru hagnýttar, settar svo hátt, að þjóðin er látin borga tugum milljóna, ef ekki hundruð milljónum kr. meira en þyrfti fyrir allar fragtirnar til landsins. Þetta er skipulögð féfletting, sem þarna á sér stað á almenningi, á þjóðfélaginu, með svona hagnýtingu á ríkisvaldinu.

Hæstv. forsrh. minntist á, að hv. 1. landsk. ætti að endurtaka utan þings það, sem hann hefði sagt. Ég vil segja það, ekki sízt ef hann skyldi nú beina þeirri áskorun til mín, að mér mundi ekki detta í hug að gera slíkt. Við skulum athuga, hvernig viðhorfið er í þessum efnum, sem hér er um að ræða, sem sé hvernig verðmyndunin fer fram í landinu, hvernig stendur á því, að allar vörur hér á Íslandi, sem seldar eru út til fólks, eru þrefalt

dýrari en erlendis. Verðmyndunin á þessum hlutum þarf að rannsakast frá rótum. Það er hægt að gera sér hugmyndir um þetta, það er hægt að gizka á þetta. Það er hægt að slá fram fullyrðingum um þetta. En maður er ekki í þeirri aðstöðu að sanna þetta, og maður kemst ekki í aðstöðu til þess að sanna þetta, nema því aðeins að ná í þá aðstöðu frá hálfu stjórnarvaldanna til fullkominnar rannsóknar á þessum hlutum. Stjórnarskráin hefur einmitt gert ráð fyrir því, að svona ástand gæti myndazt, að einungis hér á Alþingi væri hægt að segja sannleikann um þessa hluti, og þess vegna er það ákvæði í stjórnarskránni, að þm. skuli ekki skyldugir til þess að standa við það opinberlega, sem þeir segja hér, nema þingið geri sérstakar ráðstafanir til þess. Það á hér á Alþingi að vera möguleiki til þess að segja sannleikann, þegar þeir, sem fremja afbrotin, sitja einir með sannanirnar. En þá skapar stjórnarskráin um leið aðra möguleika í þessum efnum. Hún skapar þann möguleika, að í hvorri d. um sig er hægt að setja niður rannsóknarnefnd til þess að rannsaka þessa hluti, til þess að ganga úr skugga um þessa hluti, og slík rannsóknarnefnd hvorrar deildar þingsins hefur aðstöðu til þess að yfirheyra embættismenn og aðra menn um þessa hluti. Þegar svona staðhæfingar koma hér fram, eins og bæði frá hv. 1. landsk. og frá mér, og þegar hæstv. ríkisstj. segir: Viljið þið standa við þetta frammi fyrir dómstólunum? — þá mundi ég vilja bjóða hæstv. ríkisstj. upp á að setja slíka rannsóknarnefnd hér í þinginu, þar sem stjórnarandstaðan hefur sína möguleika líka til þess að hafa menn í, og rannsaka þetta allt saman. Það er engin ástæða til þess, að mér né öðrum haldist það uppi ár eftir ár að vera að koma með ásakanir í þessum efnum, ef þær eiga ekki við rök að styðjast. Það er engin ástæða til annars en að þeir menn, sem verið er að ásaka, fái þannig aðstöðu til þess að geta hreinsað sig. En það er ekki til neins að leggja slíkt fyrir íslenzka dómstóla, eins og þeir eru núna. Dómstólarnir eru meira eða minna verkfæri og undir áhrifum ríkisstj. sjálfrar. Og það er þar að auki þannig, að svo framarlega sem sagt er eitt einasta orð um embættismann á Íslandi, jafnvel þó að það sé satt, þá þýðir það um leið, að menn eru dæmdir fyrir það. Þannig er það „praktiska“ málfrelsi utan þingveggjanna hjá okkur. Ef við eigum að geta gengið úr skugga um þessa hluti, þá eigum við þess vegna að rannsaka þetta alveg til hlítar.

Og nú er hér þáltill. um frjálsan innflutning bíla. M. ö. o.: Það hefur orðið ósamkomulag í ríkisstj. Hún hefur ekki komið sér saman um þetta, nema það hafi gerzt síðan seinast, og nú vill hún, að Alþingi segi til. Sem stendur er það nefnd stjórnarflokkanna, sem úthlutar bílunum, og það kveður svo rammt að, eftir því sem þeir segja sjálfir, að þeim finnst þetta vera alveg óþolandi, stjórnarflokkunum sjálfum. Till. er kennd við frjálsan innflutning bíla. En ég held, að raunverulega sé till. um að flytja úthlutunina úr tveggja manna n. stjórnarflokkanna uppi á Skólavörðustíg niður í millibankanefndina í Austurstræti. Ég skal náttúrlega ekki ræða sérstaklega mikið um frelsið. Það er kannske ekki rétt að nota það orð allt of mikið í sambandi við þetta. Stjórnarflokkarnir hafa hér á víxl verið að reyna að gefa okkur ofur lítla hugmynd um, hvernig þetta frelsi væri, en ég er nú samt ekki fjarri því, að þetta sé framför. Ég held, að það sé framför að flytja það úr stjórnarnefnd Framsfl. og Sjálfstfl. niður í millibankanefnd ríkisbankanna í Austurstræti. Ég held það sé framför, og ef ríkisstj. væri nú á því að stíga þetta framfaraspor, þá held ég, að hún ætti líka að athuga, hvort hún ætti ekki að stíga eitthvert svipað framfaraspor viðvíkjandi smáíbúðalánunum. Skyldu þau ekki líka eiga heima í bönkunum þarna í Austurstræti frekar en í flokksskrifstofum stjórnarflokkanna? Væri það ekki viðkunnanlegra, ef þetta væri nú gert viðvíkjandi bílunum, að leyfa smábýlunum að fylgjast með? En svo er mér nú spurn: Hvernig verður svo frelsið? Við skulum segja, að það væri nú samþykkt. Það verður náttúrlega 100% gjald, eða hvað það nú er, á bílana, áður en menn fá að flytja þá inn. En verður svo ekki svona 80—90% „rembourse“, áður en þeir, sem panta bíla, fá leyfi til þess að panta þá hjá bönkunum? Mér skilst vera komin sú hefð á hjá bönkunum nú að heimta, að menn borgi fyrir fram til bankanna, jafnvel allt upp í 100% af verðmæti þess hlutar, sem á að flytja inn. Það er orðið ákaflega „próblematiskt“, það frelsi til innflutnings, sem þannig er. Hvað þýðir slíkt frelsi? Með tilliti til hvers eru þessar ákvarðanir settar? Ég veit ekki, hvort þær kæmu til með að gilda viðvíkjandi bílum, en ég veit, að það gildir um heilmikið af nauðsynlegum vörum. Hvað þýðir það? Hvað þýðir það að vera að borga þetta mikið fyrir fram, um leið og menn panta vöruna? Það þýðir, að annaðhvort verða menn að vera ríkir, að eiga mikið fé, eða þá að menn verða að hafa aðstöðu til þess að fá lán. Hvað þýðir það hins vegar? Það þýðir, að með þessu eru sköpuð einkaréttindi, sumpart fyrir þá ríkustu, sumpart fyrir þá, sem hafa bezta aðstöðu til þess að fá lán. M. ö. o.: Það eru máske einkaréttindi — í sambandi við innflutning — á leyfum, sem stjórnarflokkarnir hafa sérstök tök á eða umráð yfir, en svo er þarna verið að skapa einkaréttindi — og það virðist vera í vaxandi mæli — fyrir þá, sem ríkastir eru, eða fyrir þá, sem bezta lánsaðstöðu hafa hjá bönkunum. Það þýðir líka misrétti. Það þýðir ekki frelsi. Það er ekki frelsi, ekki heldur verzlunarfrelsi, að skipuleggja það að brjóta niður alla þá smáu eða gera samtökum þeirra, sem eru fátækir, erfitt fyrir, en gefa einkaréttindi þeim, sem eru ríkir, og þeim, sem hafa mikið auðmagn, eða þeim, sem hafa sérstaka möguleika til þess að fá lán. Þetta vil ég biðja menn að athuga. Það er farið að misnota það mikið hugtökin í þessu sambandi.

Ég vildi út af því, sem fram var komið í umr. um þetta seinast, láta þessar hugleiðingar koma fram. Það er sjálfsagt með allt, sem horfir í einhverja frelsisátt, að athuga það vel og gaum-

gæfilega, hvort eitthvað sé hægt að gera almennilegt úr því. En það er bezt að gera sér um leið ljóst, hve takmarkað er meira að segja það frelsi, sem stjórnarflokkarnir vilja veita okkur, þá sjaldan sem þeir koma sér ekki saman um að svipta okkur frelsinu.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér þykir leiðinlegt, ef ég vonsvík hv. 2. þm. Reykv. með því að svara ekki ýtarlega þessari ræðu hans. Ég býst við, að ef ég teldi það þess vert að reyna að hrekja lið fyrir lið í aðalefnum það, sem hann hefur sagt, þá mundi ég þurfa að flytja hér alllanga ræðu. En ég tel nú ekki þær fullyrðingar, sem hann hafði í frammi, í raun og veru svo nýstárlegar né merkilegar, að hann megi til þess ætlast af mér, að ég geri þetta. Ég get hins vegar huggað hann með því, að mér þótti gaman bæði að horfa á hann og hlusta á hann, og ég var að hugsa með mér: Hvað trúir hann nú miklu af þessu sjálfur? Ég var að hugsa um, hvort hann ætti enn þá barnsins frómu lund, sem enn þá skilur tiltölulega lítið af lífinu, hefur sínar óskir og lifir í sínum draumaheimi. Og ég get vel trúað þessu, því að það er ekkert einstakt um vel gefna menn, að þeir séu tiltölulega einfaldir á vissum sviðum. En sannarlega þarf allmikla einfeldni og hjartans hreinleika, ef þessi hv. þm. í raun og veru trúir nema brotabroti af því, sem hann var að segja nú, trúir t. d. meira af því en hann trúir af því, sem hann er að bera okkur á brýn, stjórnarliðinu og Alþýðuflokknum, að við svikjum okkar föðurland í hendur erlendu valdi og hann og hans flokkur séu hinir sönnu málsvarar íslenzks þjóðfrelsis. Ég veit ekki, hvort heldur er, að hv. þm., sá ágæti maður, trúir nú meira af þessum staðhæfingum, sem hann var með, heldur en hann trúir í þessum hinum efnum, sölu sjálfstæðis landsins, ef menn ættu þess kost, eða hvort þetta er, eins og ég segi, hjá vel gefnum manni bara einfaldur tómleiki, þar sem hann er hér að staðhæfa það, sem í raun og veru flestir aðrir brosa að.

Ég veit, að þessi þm. trúir því þó ekki, að það sé neitt hneykslanlegt, ef í samstjórn eru Sjálfstfl. og Framsfl. eins og nú og eiga að bera ábyrgð á mjög þýðingarmiklum atriðum eða þjóðfélagsmálum, eins og hann gerði nú að umræðuefni, eins og t. d. innflutningi til landsins, og ef þingið mælir svo fyrir um, að fyrir þessum innflutningi skuli standa tveir menn, — ég veit ekki, hvort þessum hv. þm. í sannleika þyki það hneykslanlegt, að þegar stjórnin á að fara að velja þessa tvo menn, þá skuli ekki valdir t. d. kommúnisti og Alþýðuflokksmaður. Ég man þá tíð, í minni mér er enn, þegar við vorum saman í nýsköpunarstjórninni, því þótt hv. þm. væri ekki einn af ráðherrunum, þá var skylt skegg hökunni og mjög gott á milli okkar þá, eins og raunar oftast, þótt okkur komi sjaldnast saman um efnishlið málsins. En ekki þótti honum neinn glæpur þá, þótt það dytti mér af vörum einhvern tíma eitthvert orð um það, að við, sem værum í stjórninni, og þeir flokkar, sem bæru ábyrgð á framkvæmdavaldinu, ættu að skipa menn úr sínum hópi til starfa frekar en frá hinum miklu og ágætu heiðursmönnum, sem ég nú vinn með. Ég man ekki til, að honum yrði þetta nein hneykslunarhella í þá daga. En hann hefur kannske tekið þroska á þessu sviði, þótt mér virðist hann hafa tekið honum furðulitlum á sumum öðrum, ef það er alvara, sem hann var að segja hér. Þá spillingu, sem hann var að rökstyðja hér innan stjórnarflokkanna, rökstuddi hann ekki í rauninni með öðru en því, að þessir flokkar skipuðu sína menn til að annast hin viðkvæmustu og vandasömustu málefni. Það kallar hann svo aftur helmingaskipti hagsmunanna. Eru það þá ekki helmingaskipti hagsmunanna, svo að ég reyni nú að brýna röddina eins og hann, þegar Alþingi leyfir sér að setja hér aðeins tvo flokka í stjórn, en tekur ekki nokkurt tillit til hinna þriggja flokkanna, sem þó eru á þingi? Ja, hann hlær, hann hlær alveg eins og ég hló áðan. Og ég tók dæmið af því, að mér fannst það jafnvitlaust og hans dæmi. Og lengra gat ég ekki komizt. Það er auðvitað svo, að ef menn vilja líta þannig á, að menn, sem settir eru til ábyrgðarstarfa, starfi eingöngu fyrir þá flokka, sem hafa tilnefnt þá, þá eru bæði dæmin afleit, og þá eigum við að koma á hjá okkur nýrri skipan, þar sem allir flokkar eiga umboðsmenn í ríkisstj. og í hinum þýðingarmestu nefndum eða ráðum, sem fara með framkvæmdirnar á hinum mest varðandi málum. En ég gat ekki fundið annan rökstuðning fyrir allri hneyksluninni heldur en þennan. Það er auðvitað auðleikið mál að segja: Ja, hér er flutt inn sement og hér er flutt inn olía, og það er of mikil álagning á því. — Þetta er nú keypt af góðum viðskiptavinum okkar allt saman, ef ég veit rétt, og margt frá Sovétríkjunum, og ég held, að það sé ekki neinn grunur um, að þau okri á okkur umfram aðrar þjóðir. Það er ákaflega auðreiknað, hvað fragtirnar eru á heimsmarkaðnum og hver eðlilegur dreifingarkostnaður er, og miklar upplýsingar fyrir um það. Ég skal ekki sjálfur fullyrða, hvort þar hefur verið nægrar nákvæmni gætt, en það hafa svo margir þar til hæfir aðilar um þetta fjallað, að ég hef ekki ástæðu til þess að vefengja, að það verðlag, sem gildir í landinu, sé nokkurn veginn í samræmi við það, sem er eðlilegt, ef mönnum er ætlað eitthvað fyrir viðhaldi þeirra verkfæra eða þeirrar tækni, sem þarna er á ferð, og eitthvað fyrir eðlilegum rekstrarkostnaði, mannakaupi og öðru slíku. Varðandi aftur útflutninginn, sem hann enn gerði að umræðuefni að gefinni deilu á milli hv. 1. landsk. og mín, þá endurtek ég það, að stjórnin þarf engin ámæli á sig að taka í þeim efnum, einfaldlega vegna þess, að það er rétt, sem ég segi, en ekki rétt, sem hann segir. Hv. þm. segir, að þessari skipan uni útgerðarmenn og segi ekkert við henni. Það er ekki rétt, heldur beina þeir beiðnum sínum og óskum til ríkisstj. um, að þessi skipan fái að haldast, og ég álít ekki, að maður eins og hv. 2. þm. Reykv. þurfi að kvarta hér yfir leynd í þessum efnum, m. a. af því, að mikilhæfir flokksbræður hans eru þar, ef ekki innstu koppar í búri, þá a. m. k. háttsettir menn og eiga greiðan að-

gang að þeim gögnum, sem þar liggja fyrir. Það á því ekkert að þurfa að fara með leynd í þessum efnum. Hér hafa óteljandi oft verið flutt fram rökin af minni hendi fyrir því, að ég hef talið heppilegt að hlýða óskum útgerðarmanna í þessum efnum. Aðrir hafa fært sín rök fyrir því, að það væri réttara, að tveir aðilar færu með saltfisksöluna heldur en einn, og enn aðrir hafa svarað því, og ég er raunar á meðal þeirra, að ef aðilarnir væru tveir, yrðu þeir af innri nauðsyn að vera fleiri.

Að lokum segi ég ekki annað en það um þetta, að þegar útgerðarmennirnir óska eftir þessu og meðan þeir óska eftir því, hef ég ekki séð mér fært að breyta til um þetta. Og ég endurtek það, að ef ég ætti hér að fara að karpa við hv. 2. þm. Reykv. um öll þau mál, sem hann hreyfði hér, þá getum við hætt við að fresta eldhúsdeginum og tekið hann bara núna, því að þetta er nú það, sem við rífumst og skömmumst um á eldhúsdegi. En ég veit, að hann sér það sjálfur, að þegar hann staðhæfir, að þau ráð og nefndir, sem starfa ýmist samkv. óskum þeirra aðila, sem þar eiga mest undir, eins og útflutningsaðilanna, eða að tilskipan ríkisins samkvæmt lögum, séu stofnanir settar til þess á skipulegan hátt að féfletta almenning í landinu, og segir jafnframt hins vegar, að slíkum ummælum þýði ekkert að skjóta undir dómstóla Íslands, því að þeir séu bara stéttardómur, þá eru eiginlega rökræður þrotnar af hans hendi. Og fyrir þessu öllu stendur svo náttúrlega sú bersynduga ríkisstj. Það var nú nokkuð langt gengið í ádeilunni á þing, stjórn og þær stofnanir, sem hér fara með allra mikilvægustu störfin í þjóðfélaginu. Og ég vil segja honum það, að það er rétt af þingmönnum, um leið og þeir halda uppi eðlilegri og réttmætri gagnrýni á skipan mála í landinu, að gæta þess jafnframt að vera ekki með þessi eilífu brigzlyrði um svik og pretti og a. m. k. að stilla sig um að láta þau brigzlyrði ná til sinna félaga á þingi, því að það er eitt af því hættulega í okkar þjóðfélagi, ef almenningur fer að festa trúnað á það, að við séum ekki annað en hálfgildings opinberir stórþjófar, sem ýmist beint eða óbeint höldum hlífiskildi yfir svindli og þjófnaði og mútugjöfum og öðru slíku. Þetta eru alþingismenn Íslendinga ekki. Við höfum margt, sem við getum hver út á annan sett með réttu, og við gerum venjulega meira en við meinum í því að deila hver á annan. En þegar deilurnar fara yfir á þennan vettvang, þá ganga þær of langt, því að þetta er þjóðhættulegt. Það er þjóðhættulegt, ef við erum að reyna gegn okkar eigin sannfæringu að smeygja því inn í vitund almennings, sem hefur ekki sömu aðstöðu til að dæma hlutina eins og við, að hér sitji ómenni og þjófar. Það er rangt að gera þetta og því verra sem enginn okkar meinar þetta hver um annan eða í annars garð.

Ég vil svo að lokum segja það, að um leið og ég óska mínum góðkunningja, hv. 2. þm. Reykv., *langra lífdaga, t. d. að hann yrði 100 ára* eða eitthvað svoleiðis, þá vildi ég mega dæma hann til þess, þegar hann vitkast, að lesa þetta bull, sem hann hefur verið að þvæla hér og pína okkur aðra með í sínum löngu og vel fluttu, en órökstuddu ræðum. Verði honum vaxinn þroski, þá mun hann taka út þá refsingu við að lesa það, sem við sumir verðum að þola við það að hlusta á þetta. Ég læt þetta verða mín síðustu orð að þessu sinni til hv. þingmanns.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eftir að ég hafði tekið hér til máls við þessa umr. fyrir nokkrum dögum, stóð hæstv. fjmrh. upp og mælti þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hv. þm. Barð. sagði. Hann gat ekki stillt sig um að koma hér inn í þingsalinn með róg um Sambandið, sem maður er nú orðinn svo vanur að heyra úr herbúðum sjálfstæðismanna. Það er enginn hissa á því lengur, þó að eitthvað heyrist úr þeirri átt svipað því, sem hv. þm. sagði hér áðan.“

Svo hélt hæstv. ráðh. áfram að tala mjög ósmekklega og óþinglega og óráðherralega um alls konar gróusögur og alls konar Gróur, sem voru í pilsum og buxum eða pilslausar og buxnalausar, í sambandi við þetta mál.

Nú vildi ég segja hæstv. ráðh. það í fullri einlægni og í fullri vináttu, að hann bætir ekkert málstað S. Í. S., þó að hann sé að koma með slíkar fullyrðingar hér á Alþingi. Það hefði verið miklu nær fyrir hann að taka undir þá till. mína að láta þingnefnd, hv. þingmenn, athuga þessi mál, eins og ég benti á, heldur en að vera að hafa hér svo óþinglegar og hálfleiðinlegar fullyrðingar eins og hann hafði um þetta mál, sem honum er nú ekki að jafnaði eiginlegt. Allur þingheimur og öll þjóðin þekkir þá haftastefnu, sem Framsfl. er alþekktur af. Hann hefur barizt fyrir henni árum saman, og það er ekki neitt nýtt, að hann vill ekki losa um verzlunarhöftin í landinu. Þetta er baráttumál, sem ekki þarf að hafa um neinar slíkar fullyrðingar eins og hæstv. ráðherra hafði hér um daginn í sambandi við þetta mál. Nú er liðin sú tíð, og það er öllum hv. alþingismönnum og öllum Íslendingum kunnugt, að Íslendingar máttu aðeins verzla við ákveðna aðila að viðlagðri hýðingu, og það þýðir ekkert fyrir hv. Framsfl. eða yfirleitt neina hv. þm. að ætla að sveigja málin inn á þessa braut aftur, eins og hvað eftir annað hefur mátt skilja á þeim till., sem Framsfl. hefur borið fram í viðskiptamálum þjóðarinnar undanfarin ár, m. a. eins og þegar hann barðist fyrir því að gera öll innflutningsleyfin að innkaupaseðlum o. s. frv. Og það er einnig viðurkennt, og það skal viðurkennt af mér hér að gefnu tilefni, að S. Í. S. gegnir svo mikilvægu og merkilegu hlutverki, að gagnrýni á þau samtök og opinberar umræður um Sambandið og þá starfsemi verður ekki talið neinn rógur, síður en svo, heldur bein og sjálfsögð afleiðing af áhrifum þessara samtaka á afkomu þjóðarinnar. Þess vegna á hæstv. ráðherra, sem situr nú, að ég hygg, jafnvel í stjórn eða a. m. k. mjög framarlega í þessum félagsskap, að taka öllum slíkum umræðum með geðprýði, en ekki að þjóta

upp á nef sér, eins og hann gerði hér um daginn út af þessu máli. Ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á, að Framsfl. hefur leyft sér slíka gagnrýni á annað félag hér í þessu landi, Eimskipafélag Íslands, og ekki dregið neitt úr því, og það hefur engum manni dottið í hug að vera að halda, að hann væri þar sem *Gróa á Leiti pilslaus eða buxnalaus. Hann* hefur aðeins verið að gagnrýna það, sem honum hefur þótt miður fara í framkvæmd þess félagsskapar, af því að þetta er félagsskapur allra landsmanna. — Slíkt og þvílíkt er ekki frambærilegt í lýðfrjálsu landi, þar sem bæði ríkir ritfrelsi, málfrelsi og skoðanafrelsi. Maður skyldi halda, að hæstv. ráðherra hefði verið nýkominn úr skóla frá hv. 2. þm. Reykv., er hann þýtur upp með svona orðbragð að tilefnislausu.

Ég leyfi mér því að vísa öllum þessum ummælum hæstv. ráðh. til föðurhúsanna og vænti þess, að hann fallist á, að athugað verði í þingnefndinni, hvort S. Í. S. hafi haft hér nokkur forréttindi fram yfir aðra innflytjendur. Ef svo er ekki, þá má það gjarnan verða heyrinkunnugt, og þá skal ég verða fyrstur manna til þess að viðurkenna það. Hitt er svo vitanlegt, að þessi orðrómur, sem ég minntist á hér, er svo á hvers manns vörum hér, bæði hér í bænum og víðar á landinu, að hann verður ekki kveðinn niður eingöngu með því, þó að hæstv. ráðh. hlaupi upp taugaveiklaður og kalli: Rógur, rógur, rógur!

Ummæli hæstv. ráðh. um vanrækslu tollstjórans í sambandi við þetta mál eru beinlínis sögð út í bláinn og sanna betur en nokkuð annað, að ráðh. var ekki vel ljóst, hvað hann sjálfur var að segja um þetta mál. vegna einhverrar taugaveiklunar, sem jafnan grípur hann, þegar farið er að ræða um Sambandið eða þau mál, sem alveg sérstaklega Framsfl. tileinkar sér.

Væntanlega athugar svo n. öll þessi mál, þegar till. kemur þangað. Ég býst við, að till. fái þar nokkra breytingu, en geymi mér hins vegar allan rétt til þess að gera brtt. við tillöguna, ef hún kemur óbreytt frá nefndinni.

Ég vil þó rétt aðeins að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Reykv. segja hér nokkur orð. Það var ekki að heyra annað á ræðu hans en ég hefði ljóstrað upp einhverjum óttalegum leyndardóm hér í stjórnarsamvinnunni. Hvað sagði ég svo um þetta mál? Ég sagði hér orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í því sambandi vil ég benda á, að síðan fjárhagsráð var lagt niður hefur úthlutun bílanna verið í höndum tveggja manna, þeirra Odds Guðjónssonar frá Sjálfstfl. og Jóns Ívarssonar frá Framsfl.“

Ég verð að segja: Er þetta nokkuð nýtt fyrir hv. þm.? Er verið að ljóstra hér upp einhverju hneyksli? Var honum ekki kunnugt um þetta? Ég held, að hann hafi lagt í þetta einhvern allt annan skilning en hægt er að lesa út úr þessum orðum, og ég held, að hvaða hv. þm. sem er hefði getað talað þessi orð hér án þess að fá nokkurn sérstakan stimpil um það, að hann talaði djarflega. Ég sé ekki annað en þetta sé það, sem allur almenningur veit í landinu. Hitt get ég svo upplýst, að Oddur Guðjónsson telur sig engan veginn vera fulltrúa sjálfstæðismanna eingöngu í nefndinni, þó að hann sé sendur þangað af sjálfstæðismönnum, síður en svo. Hann hefur einmitt alveg sérstaklega talið sig vera embættismann þjóðarinnar á þessu sviði, og það er þess vegna, að mörgum sjálfstæðismönnum mun hafa fundizt, að gangan væri nokkuð erfið til Odds Guðjónssonar, vegna þess að hann hefur aldrei lagt flokksmælikvarða á sín störf frekar en Magnús Jónsson gerði sem formaður fjárhagsráðs á sínum tíma. Þetta er einnig hv. 2. þm. Reykv. vel kunnugt um.

Ég skil ákaflega vel þá gremju, sem kom fram hjá hv. þm. um að hafa misst þá aðstöðu að mega ekki vera oddaatkvæði í þeim n., sem fara með mikilsverð mál hér í landinu, því að það væri ekkert óhentugt fyrir stjórnarandstæðinga að geta haft slíka aðstöðu. Hæstv. forsrh. skýrði þetta svo greinilega, að ég þarf ekki að eyða um það mörgum orðum, en vildi þó aðeins spyrja hv. þm. út af ummælum hans: Þætti honum það vera eðlilegt, að hann væri t. d. kjörinn af Alþingi sem form. fjvn., meðan hann er í stjórnarandstöðu, og bæri þar af leiðandi ábyrgð í n. á fjármálaafgreiðslunni, án þess þó að hann vildi bera ábyrgðina fyrir þinginu og þjóðinni? Þætti honum það ákaflega eðlilegt? (Gripið fram í.) Honum þætti víst ákaflega þægilegt að eiga slíka aðstöðu, en hvort honum þætti það eðlilegt, það er annað atriði. Það er nefnilega ákaflega eðlilegt, að þegar menn hafa tekið að sér einhverja ábyrgð og einhver störf, þá séu það þeir, sem fá að ráða þeim málum, en ekki hinir mennirnir, sem aldrei þorðu að taka ábyrgðina og gerðu sig ósamstarfshæfa til þess að hafa ábyrgðina á hendi, eins og þessi hv. þm. og hans flokkur hafa gert nú um langt skeið. Eða hver var ástæðan fyrir því, að breyta varð með þingsköpum skipun utanríkismálanefndar? Var það af því, að hans flokksfulltrúi væri að hugsa um hagsmuni þjóðarinnar eða hagsmuni þess hluta Alþ., sem fór með umboð meiri hluta þjóðarinnar; var það þess vegna, sem varð að breyta þeim? Nei, það var fyrst og fremst vegna þess, að þessir fulltrúar voru að hugsa um hagsmuni allt annarrar þjóðar gegn hagsmunum Íslendinga, að gera varð þetta. Og sama er nákvæmlega að segja um ýmis önnur störf í öðrum nefndum, að það er ekki hægt að trúa neinum óábyrgum manni til þess að hafa oddaaðstöðu í afgreiðslu slíkra mála, enda er það vitað, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að Sósfl. og þeirra fulltrúar höguðu sér á engan annan hátt í málunum, meðan þeir fóru með völd. Ég held, að Áki Jakobsson hafi nú ekki alltaf valið sjálfstæðismenn til þess að gegna fulltrúastörfum fyrir sig í hinum ýmsu nefndum og ráðum, þar sem flokkurinn þá hafði aðstöðu til þess að koma mönnum að. Eða kannske það hafi verið þetta, sem vakti fyrir sósíalistunum, þegar þeir studdu Hannibal Valdimarsson sem forseta fyrir Alþýðusambandinu, að þeir hafi verið að hugsa um Alþfl.? Það hefur kannske

verið það, sem þeir voru að hugsa um, — eða þeir hafa verið að hugsa um ríkisstjórnina eða þegnana í landinu yfirleitt? Nei, það er alveg áreiðanlegt, að þeir voru fyrst og fremst að hugsa um að reyna að koma að sínum sundrungaráhrifum í þjóðfélaginu. Það var fyrst og fremst, sem vakti fyrir þeim. Og hvenær sem þeir eru að reyna að komast að samkomulagi við Framsfl. um eitthvert mál, sem þeir vita að er andstætt Sjálfstfl., þá er það til þess að reyna að spilla samstarfinu á milli samstarfsflokkanna, þjóðinni til óhagnaðar, en ekki af því, að þeir séu að hugsa um velferð Framsfl. eða Sjálfstfl. út af fyrir sig. Þeir eru eingöngu að hugsa um að koma spillingunni að í stjórnmálalífinu. Þetta ætti hv. þm. að hugsa betur um, áður en hann heldur svo snjalla ræðu um þessi mál eins og hann hélt áðan.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. spurði mig að því, hvort ég lifði máske í einhverjum draumaheimi. Það getur vel verið, að það sé rétt, og ég held að það sé gott. Ég held, að það sé gott, að það sé að minnsta kosti einhver hérna á Alþingi, sem tekur sér það fyrir hendur að láta sig dreyma vel, — að láta sig dreyma um það, að við getum verið lausir við alla þá spillingu, sem er að gagntaka okkar þjóðfélag, dreyma um það að geta verið lausir við það, sem nú er að gerast hjá okkur, að það að meta peningana og gróðann sem það eina, sem eftirsóknarvert sé í mannfélaginu, sé að heltaka íslenzku þjóðina. Ég held, að það sé gott að mega lifa í þeim draumaheimi, að við gætum skapað hér á Íslandi þjóðfélag, þar sem peningagildið hættir að vera það æðsta hjá megininu af mönnunum, þar sem braskið og spillingin þess vegna grefur ekki eins um sig og það gerir núna í þjóðfélaginu og stígur upp í æðstu stólana, upp í sjálft ríkisvaldið, þannig að ríkisvaldið verður verkfæri slíkrar spillingar og í átökunum á milli flokkanna verkfæri, sem gerir út um, hvor þeirra græði meira á spillingunni í mannfélaginu. Ég held, að það gerði ekkert til, þótt maður lifði í slíkum draumaheimi. Ég hef áður lifað í draumaheimum viðvíkjandi framförum á okkar landi og verið alveg ósmeykur við að setja þær hugmyndir fram hér á þingi og hlotið háðsyrði og annað slíkt fyrir, og það hefur samt orðið að veruleika. En það er ekki nóg fyrir okkur að nýskapa okkar tækni. Við þurfum að nýskapa okkar þjóðfélag og nýskapa okkar þjóð. Við þurfum að gera þjóðina mun betri en hún er að verða núna. Hún er að gagnsýrast af því að meta peningana meira en manngildið. Og eitt af því, sem verið er að skipuleggja af hálfu ríkisstjórnarinnar, er þetta mat. Og þetta mat er meðal annars nú framkvæmt undir því formi að gera upp á milli hinna pólitísku skoðana í landinu, að dæma menn og fordæma eftir því, hvort þeir þora að hafa sína sannfæringu og standa við hana eða hvort þeir skríða fyrir stjórnarflokkunum. Og ég held, að það sé ekkert slæmur draumaheimur, þó að maður geri sér það í hugarlund, að þessu eigum við eftir að breyta.

Hins vegar skal ég viðurkenna, að eins og vant er svaraði hæstv. forsrh. mjög sniðuglega, eins og við var að búast af slíkum ræðumanni. Hann kom sér hjá að fara inn á málið, og það er það sjálfsagða fyrir hann. Það er það, sem ríkisstj. á að sjá um, og það, sem hún yfirleitt gerir, því að þetta, að það skyldu verða þessar umr. um bílainnflutninginn, er bara slys, sem alltaf getur komið fyrir, þegar illa gengur að semja á stjórnarheimilinu, svo að þess vegna er náttúrlega um að gera að ljúka þeim umr.

En svo minntist hann á viðvíkjandi skipununum í trúnaðarstöður, hvernig þetta væri, þegar við hefðum verið saman um stjórnarstefnu hér á árunum, hvort mér brygði nokkuð við, þó að stjórnarflokkarnir tveir tilnefndu nú í nefndir og hefðu ekki neina með frá andstöðunni. Ja, það var nú svona, þó að framsóknarmönnum þætti þetta afskaplega slæm stjórn og þeim geti aldrei úr minni liðið yfirleitt, hvernig þessi nýsköpunarstjórn hafi verið, þá létum við nú greyin alltaf flakka með, þegar skipað var í trúnaðarstöður. Í sjálfu nýbyggingarráðinu fengu þeir að vera, og ekki man ég nú eftir, að við höfum útrýmt þeim úr viðskiptaráðinu. Nei, nei, þeir fengu að vera með. Og ég veit ekki betur en að S. Í. S. hafi fengið hvert einasta leyfi, sem það sótti um til nýbyggingarráðs, hvert einasta eitt, og það svo að segja samstundis. S. Í. S. þurfti sannarlega ekki að kvarta. Hitt var rétt, að það var anzi seint oft að sækja um, því að það hafði yfirleitt litla trú á því að nýskapa þjóðfélagið.

Svo minntist bæði hann og hv. þm. Barð. á, hvernig þetta væri með mennina tvo og hvort maður gæti ekki treyst þeim. Ég skal segja þeim, að ég álít þetta mjög góða menn, sem eru þarna í. Ég álít þetta svo góða menn, að ég held, að það væri miklu skynsamlegra fyrirkomulag að hafa bara einn og taka hvorn þeirra sem væri. Og ég vildi stinga upp á, af því að þetta eru nú svo miklir sparnaðarflokkar, að þeir gerðu þá ráðstöfun á morgun, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn, þ. e. a. s ríkisstj., að hafa bara einn mann þarna, tækju annan af þessum, annaðhvort Odd eða Jón, þetta eru báðir ágætismenn, og ég treysti þeim báðum alveg jafnvel. En mér þætti gaman að sjá andlitin á framsóknar- og sjálfstæðismönnum daginn eftir að annar hvor þeirra væri valinn. (Gripið fram í.) Ja, það væri t. d. hægt að útkljá það á þann hátt að varpa hlutkesti. Þá yrði gaman að sjá framan í þá. En ég held satt að segja, að það væri miklu betra fyrirkomulag, vegna þess meðal annars, að það mundi hafa miklu betri uppeldisáhrif á slíka menn. Þetta eru góðir menn fyrir, en þeir yrðu miklu betri, eftir að þeir væru sem einn embættismaður þarna og vissu það, að allir menn yrðu að treysta þeim sem heiðarlegum og góðum mönnum. Ég veit vel, að það er hægt að tala við hvorn þessara manna sem er fyrir okkur, sem líka erum utan t. d. ríkisstjórnarinnar, og annað slíkt. En það, sem ég var að vekja eftirtekt á, var einmitt þetta, hvernig sagt var hér, að þeir væru settir frá Sjálfstfl. og frá Framsfl. Það var ekki sagt, að þeir væru settir

frá t. d. neytendasamtökum í landinu eða frá Verzlunarráði Íslands. Það var ekki sagt, að þeir væru skipaðir af neinum slíkum stofnunum. Nei, þeir eru skipaðir af ríkisstj. En það er tekið fram, að þeir séu settir af þessum flokkum. Það var það, sem var eftirtektarvert í sambandi við þetta.

Ég býst við, að ef hæstv. forsrh. vildi ná alveg því, sem hann vildi miða að með þessari þáltill., að firra valdhafana öllum grunsemdum um misbeitingu valdsins, þá væri tilvalið að setja bara einn mann þarna, alls ekki neinn frá flokkunum. Það er svo sem alveg sama, hvort það er sjálfstæðismaður eða framsóknarmaður út af fyrir sig. En svona er nú samt nákvæmur hugsunarhátturinn hjá hæstv. ríkisstj. um embættismennina, meira að segja þó að það sé ekki nema einn, að þegar hv. þm. Barð. kemur með ásökunina um og spurninguna, hvort bílar standi hjá Sambandinu, sem Sambandið átti að geta afgreitt, hverju svarar hæstv. fjmrh.? *Hann svarar: Hvernig fara þeir þá í gegnum tollstjórann í Reykjavík?* Hann veit, hvað hann segir. Tollstjórinn er viðurkenndur sjálfstæðismaður. Þar með er þetta komið á ábyrgð beggja, ef þetta er svona, og svo er ekki talað um þetta meir. Svo vitum við ekki, veslingarnir, hvort það sé satt, sem hv. þm. Barð. hefur sagt, eða hvernig þetta eiginlega sé; vitum ekki neitt. Samábyrgðin er komin í gang.

Svo sagði hæstv. forsrh., að auðvitað hefði ég ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir mér í nokkrum sköpuðum hlut, sem ég hefði sagt, þetta væru allt voðalegar aðdróttanir um góða og fína menn. Það er alveg rétt. Ég tók það fram sjálfur, að ég hefði ósköp lítið fyrir mér. Það, sem ég hafði t. d. aðallega fyrir mér viðvíkjandi olíufrögtunum, sem hann var sérstaklega að tala um, það var Morgunblaðið, það var Sjálfstfl., það var hann sjálfur við síðustu kosningar. Og það var nú tekið á honum stóra sínum þá. Það voru engar smáræðisfyrirsagnir, sem Morgunblaðið var með viðvíkjandi olíufrögtunum og hvernig farið væri að. Þetta hafði ég fyrir mér. Það er að vísu ekki stórt, en fyllilega rannsóknarvert engu að síður, sérstaklega þegar það svo kemur út, að olíuverð er lægra í Noregi en hérna, en fiskverðið aftur á móti hærra til fiskimanna. Ef til vill væri þetta rannsóknaratriði. Mér finnst, að það sé ekki nein goðgá að skella því fram.

Svo gaf hæstv. forsrh. mér föðurlega áminningu um, hve þjóðhættulegt það væri að segja svona ljótt um þingmenn og jafnvel dróttа að ráðherrum því t. d., að þeir væru að halda hlífiskildi yfir svindli og öðru slíku, sem hann tók nú mun dýpra í árinni heldur en ég. Hann ætti að tala við framsóknarmennina, spyrja þá, hvernig gangi með kjördæmin, sem voru tæpust núna, í gegnum hverja féð fari aðallega í þessi kjördæmi, hvort það sé e. t. v., ef þarf að fá lán við skulum segja til Vestur-Ísafjarðarsýslu, heppilegt að leita til frambjóðanda Sjálfstfl. í þessum kosningum til að fá lán eða hvort það sé heppilegra að tala bara við bankann. Nei, við skulum alveg gera okkur ljóst, að með því valdi, sem ríkisvaldið er orðið í okkar þjóðarbúskap, í öllum okkar efnahag, þá er boðið upp á spillinguna. Og í þjóðfélagi, sem er að gagnsýrast af peningadýrkuninni, er hættan á, að þessi spilling grafi um sig, gífurleg. Það þyrfti að taka mjög hart þarna á til þess að koma í veg fyrir það.

Ég skil vel, að hæstv. forsrh. kippi sér upp við allar þessar ljótu grunsemdir. En af hverju er þá ríkisstj. að gefa þeim undir fótinn? Af hverju er þá rétt fyrir kosningar settur til þess að úthluta smáíbúðalánum hér í Reykjavík og suður á Kópavogshálsi maður, sem er form. sjálfstæðisfélagsins í Reykjavík, og maður, sem er form. framsóknarfélagsins í Reykjavík? Og af hverju eru þeir látnir úthluta þessum lánum eða lofa úthlutun eða dragast á úthlutun við menn rétt fyrir kosningar? Af hverju er þá verið að gera leik að svona málum, ef menn álíta, að það sé voðalega ljótt að koma með nokkrar grunsemdir í þessum efnum? Af hverju er þá verið að gera leik að þessu? Af hverju var þá ekki eins hægt að setja svona mál í bankana?

Nei, við verðum alvarlega að gæta okkar þarna. Það er þjóðhættulegt, að það sé enginn, sem þorir að kveðja sér hljóðs um, hvert þarna er stefnt. Hitt er rétt, að það er náttúrlega bezt að bíða máske þangað til eldhúsumræðurnar koma með meginið af þessu.

Svo kom hv. þm. Barð. Hann talaði um, að þó að Oddur væri sendur í innflutningsskrifstofuna af sjálfstæðismönnum, þá náttúrlega kæmi ekki til mála að væna hann um neitt, enda hafði ég aldrei gert það, og það er ákaflega fjarri mér með hvorn þeirra, sem þar sitja. En hvað var hv. þm. Barð. að væna framsóknarmanninn í stjórn innflutningsskrifstofunnar um? Var hann ekki eitthvað að minnast á, að það væri undarlegt með sumar upplýsingarnar, sem kæmu fram í stjórn innflutningsskrifstofunnar, hvað þær virtust eiga greiða *göngu til S. Í. S.? Ég var ekki að segja neitt.* Það var hv. þm. Barð., sem var að minnast á slíkt. Vafalaust eru mennirnir yfirleitt jafngóðir, og sízt hef ég verið að lasta þá. En hvað var það þá, sem hv. þm. Barð. fannst vera svo hættulegt í, að stjórnarandstaðan ætti eitt atkv. í stjórn svona innflutningsskrifstofu? Hvað var hættulegt í því? Gat það raskað hlutföllunum í skiptingunni? Var það það? Af hverju var það hættulegt, að hún gæti átt oddaatkvæði? Eða voru nokkur minni líkindi til þess, að þeir kæmu sér saman um það, stjórnarfulltrúarnir þar, að gera það, sem rétt væri, þó að það væru þrír í nefndinni? Var ekki sami möguleikinn á, að Sjálfstfl. og Framsfl., sem væru þarna í meiri hl. í stjórn innflutningsskrifstofunnar, ef það voru þrír þar, þjónuðu réttlætinu, þó að það væri einn óþekktar-stjórnarandstæðingur eitthvað að flækjast þarna, sem náttúrlega hefði ekki nokkur áhrif? Af hverju fór hv. þm. Barð. að tala um oddaatkvæði? Var það eins og hann gengi út frá, að stjórnarflokkarnir kæmu sér aldrei saman og það yrði alltaf að skipta á víxl á milli þeirra eða gera upp sakirnar? Hafði hann í huganum einhverja spegil-

mynd af stjórnarsamstarfinu, þannig að þeir kæmu sér helzt aldrei saman, nema þá ef helmingaskipti væru, og það væri stundum erfitt að finna þau út? Ég er hræddur um, að hv. þm. Barð. hafi ljóstrað upp sjálfur, hvað gæti verið truflandi að hafa þarna fleiri, sem gætu skyggnzt inn í, hvernig gengi til í stjórnarherbúðunum.

Svo endaði hv. þm. Barð. með því að tala um hagsmuni annarra þjóða. Ég hef nú satt að segja ekki orðið var við það, að það hafi svo sérstaklega strandað á þeim spursmálum í átökunum, sem orðið hafa hér á Íslandi undanfarið, að við sósialistar eða stjórnarandstæðingar værum að hugsa svo mikið um hagsmuni annarra þjóða. Það hefur verið hitt, sem hefur strandað á, að það hefur ekki fengizt hugsað um hagsmuni íslenzku þjóðarinnar eins og átti að gera. Og það hefur verið vegna þess, að áhrif erlends valds hafa orðið svo sterk hér á Íslandi. Við ræðum það mál svo oft, að við skulum ekki fara langt út í það núna. En sama erlenda valdið sem bæði hv. þm. Barð. og hæstv. forsrh. fannst sjálfsagt að vísa frá, meðan við vorum saman um ríkisstj. hér á Íslandi, og neita slíku erlendu valdi um öll ítök á okkar landi, það sama vald hefur náð ítökum síðan. Og það, að við höfum síðan neitað að vera í ríkisstj. og að taka ábyrgð á gerðum ríkisstj., hefur verið vegna þess, að við vildum ekki láta undan þeim kröfum, sem þjóðin neitaði 1945, og þeim kröfum, sem það útlenda vald hefur verið að knýja í gegn síðan. Við höfum verið ábyrgir gagnvart íslenzku þjóðinni og gagnvart sögu hennar og gagnvart framtíð hennar. En þeir menn, sem ráðið hafa, hafa verið óábyrgir í þessum efnum. Og með þeirra ábyrgðarleysi er það að koma svo sem nú er komið, að Ísland ræður því ekki lengur sjálft, hvort það dregst inn í styrjöld, hvort það er gert að vígstöð eða annað slíkt, — yfirleitt getur ekki ráðið sínum örlögum. Og það, sem ekki er síður hættulegt, er svo hitt, að í sambandi við öll þau áhrif, sem hlotizt hafa af auknu valdi ameríska auðvaldsins hér á Íslandi, eykst nú öll spilling í okkar þjóðlífi.

Hv. þm. Barð. ætti sízt að tala af neinni frekju í þessum efnum í okkar garð. Við höfum sýnt honum fullt traust, þegar við höfum verið að starfa saman, og einnig, þegar hann hefur verið á öndverðum meið við okkur í pólitíkinni. Ég býst ekki við, að það sé vegna þess, að hann sé svo miklu betri maður en hver af okkur. Ég býst við, að það sé vegna hins, að við álítum sjálfsagt, — og það líka þegar ráðizt hefur verið á hv. þm. Barð., þegar hann hefur unnið mikil og góð verk í þjónustu þjóðarinnar, — við álítum sjálfsagt einmitt að gefa slíkum mönnum tækifæri til þess að nota sína krafta, og við álítum sjálfsagt að meta þá, þó að þeir séu í öðrum flokki og á öndverðum meiði við okkur. En þá á hann ekki að leyfa sér að hafa þau orð um munn, sem hann hafði hérna áðan.

Þetta vildi ég aðeins segja út af þeim tveim ræðum, sem hérna hafa verið haldnar, og því, sem sérstaklega var sveigt til mín og okkar flokksmanna, en mun svo að öðru leyti ekki fyrr en þá við framhald umræðunnar, ef það yrði álíka fjörugt og var núna, taka meira til máls.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir falleg ummæli í minn garð. Þau voru að vísu verðskulduð, þótt fyrir annað væri en hann gat um. Það var svona kaup kaups, okkur hættir við að skjalla hvor annan, og við því er lítið að segja.

Ég vil svara öllu, sem hann hefur sagt í báðum sínum ræðum, með einni setningu, sem hann lauk máli sínu með nú í seinni ræðunni. Hann sagði, að vegna aðgerða annarra en hans flokksmanna, — og þar var hann að ræða um varnarráðstafanir þjóðarinnar, — væri nú svo komið, að Ísland réði því ekki lengur, hvort það drægist inn í heimsstyrjöld, ef til kæmi. Dettur nokkrum lifandi manni í hug, að svo viti borinn maður sem þessi hv. þm. er láti sér detta í hug, að Ísland hefði nokkurn tíma ráðið því sjálft, ef til úrslitaátaka kæmi í heiminum, hvort það drægist inn í þau átök eða ekki? Vita ekki allir menn hér, og veit ekki gervöll þjóðin eða a. m. k. hver einasti hugsandi maður, að Ísland hefur mjög mikilvæga hernaðarlega þýðingu? Vita ekki allir, að ef til heimsstyrjaldar kemur, verða það voldugri og geigvænlegri átök um líf og tilveru þjóða og hugsjóna en heimurinn veit áður dæmi til? Og dettur þá nokkrum manni í hug, að 150 þús. sálir eða þótt 160 þús. væru á þessari fögru eyju okkar fái sjálfar að ráða einhverju um það, hvort þær dragast inn í heimsátökin eða ekki? Það dettur engum manni í hug og sízt þessum manni, sem hér var að tala á undan mér; alveg eins og ég held líka, að meiri hlutinn af því, sem hann er að segja, séu hlutir, sem honum í raun og veru ekki dettur í hug, en hann sé orðinn svo vanur að segja þetta í pólitískum tilgangi, að blygðunarleysið sé alveg af honum horfið, þó að hann sé innan um jafnágæta áheyrendur og hann var hér áðan.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 49., 55. og 56. fundi í Sþ., 30. marz, 27. apríl og 4. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, en á síðasta fundinum mælti

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þó að afgreiðsla þessa máls hafi að vísu mjög dregizt að undanförnu, vildi ég mega mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. verði enn frestað og málið tekið út af dagskrá. Geri ég það að vísu í fullu trausti þess, að við eigum enn eftir að hafa fundi hér í Sþ., þó að mjög sé nú liðið að þinglokum.

Á 58. fundi í Sþ., 10. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 101, n. 486, 139, 172, 505, 525).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og menn muna, var þetta mál rætt mikið við fyrri hluta umr. snemma í vetur, og þó að menn greindi þá á um ýmislegt, virtust allir á einu máli um það að gefa innflutning bifreiða að meira eða minna leyti frjálsan.

Við þessar umr. kom ýmislegt fram, sem ég skal ekki rekja. Þar á meðal var það, að sumir hv. þm. beindu því til þeirrar nefndar, sem málið færi til, að rannsaka ýmislegt, sem þeir óskuðu upplýsinga um. Það hefur nú lítið orðið um það hjá nefndinni að rannsaka þessi atriði, sem þá var óskað eftir, enda var sumt af því þannig vaxið, að til þess hefði þurft að skipa sérstaka þingnefnd í deild samkvæmt — að því er ég ætla — 39. gr. stjórnarskrárinnar. En eitt af því, sem hv. þm. Barð. minntist þá á, hefði ég getað upplýst þá þegar að nokkru, ef ég hefði tekið til máls.

Hann vildi halda því fram, að einn sérstakur bílainnflytjandi mundi fá upplýsingar hjá innflutningsskrifstofunni um, hverjir fengju leyfi, og það yrði honum til hagsmuna, því að með því gæti hann tryggt sér viðskipti. Ég sótti sjálfur um bíl í haust eða seint í sumar. Ég átti ekki von á að fá leyfi fyrir honum frekar en aður; ég hef oftar sótt um slíkt. En svo var það hér í vetur, um það leyti sem þessi till. var til umr., að ég fór að fá einkennileg bréf. Þau voru frá bílaumboðum, og í þessum bréfum voru verðlistar og annað slíkt. Þá fór mig að gruna, að ég mundi fá innflutningsleyfi. Þessi bréf voru ekki frá einum innflytjanda, heldur fleiri. Ég festi kaup á bíl hjá einum þessum innflytjanda, og það var ekki sá innflytjandi, sem hv. þm. Barð. sjálfsagt fyrir fram hefði búizt við að ég verzlaði við, og þykist ég þó vera góður samvinnumaður.

Eftir hinar miklu umr. var svo till. þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 101, vísað til allshn. Sþ. Nefndin tók till. fljótlega til meðferðar og ræddi hana á nokkrum fundum. Fyrir jólin ákvað hún að senda till. gjaldeyrisbönkunum, þ. e. Landsbankanum og Útvegsbankanum, til umsagnar. Útvegsbankinn hefur enga umsögn sent, en Landsbankinn svaraði með bréfi 11. marz, og mælir hann þar frekar á móti og eiginlega alveg á móti samþykkt þessarar till. af gjaldeyrisástæðum og tekur alveg sérstaklega fram, að hann mælir á móti brtt. frá hv. þm. V-Húnv. á þskj. 139. Ég hefði nú lesið hér upp bréfið, ef meiri tími hefði verið fyrir höndum.

Þrátt fyrir það að allshn. metur að sjálfsögðu álit Landsbankans mikils, er þó jafnframt á það að líta, að almennur áhugi virðist vera fyrir því, að innflutningur bifreiða verði gefinn frjáls, og þá ekki síður á hitt, að stuðningur ríkisins við togaraútgerðina samkvæmt lögum nr. 114/1954 byggist á innflutningi fólksflutningabifreiða. Yrði lítið úr stuðningi við togaraútgerðina á þennan hátt, ef innflutningur þeirra bifreiða, sem togaraskatturinn er lagður á, væri takmarkaður. Virtist nefndinni því rétt að leyfa frjálsan innflutning þeirra bifreiða og mælir því með till. að því leyti. Hins vegar er það vafalaust, að ef innflutningur allra bifreiða yrði gefinn frjáls, þá mundu menn forðast að flytja inn þær bifreiðar, sem hinn hái togaraskattur er á lagður, og bjargast í staðinn við aðrar bifreiðategundir, sem hægt er að breyta í sæmilegar fólksflutningabifreiðar, eins og t. d. jeppa, en þá er hægt að gera að hinum sæmilegustu farartækjum. Með því móti mundi án efa draga mjög úr þeim skatti, sem togaraútgerðinni er ætlaður til stuðnings. Af þessum ástæðum gat nefndin ekki mælt með till. óbreyttri, þó að hún eða a. m. k. sumir nefndarmenn, þar á meðal ég, hefðu helzt viljað það, heldur leggur hún til í nál. sínu á þskj. 486, að hinn frjálsi innflutningur nái aðeins til þeirra bifreiða, sem togaraskatturinn er lagður á.

Síðan nefndin afgreiddi málið, hefur verið lögð fram brtt. á þskj. 505, þannig, að við till. bætist:

„Jafnframt sé veittur frjáls innflutningur á vörubifreiðum, sem eru 3 tonn og þar yfir að burðarmagni. Enn fremur á jeppabifreiðum til landbúnaðarins handa þeim bændum, sem hafa ekki fengið leyfi til kaupa á jeppum næstliðin 7 ár. Það skilyrði sé sett, að ef jeppabifreið er seld eða látin af hendi á einhvern hátt til annarra en bænda á næstu 7 árum eftir að hún var innflutt, skuli greiða gjald af bifreiðinni samkvæmt lögum nr. 114 1954."

Nefndin hefur rætt þessa brtt. á tveimur fundum. Vill meiri hl. nefndarinnar mæla með efni till., en þó bæta í hana frekari varúðarráðstöfunum en þar eru gegn því, að frjáls innflutningur á landbúnaðarjeppum verði misnotaður með því, að bændur kaupi jeppa að forminu til, en láni þá svo til afnota í kaupstöðum eða kauptúnum. Leggur meiri hl. n. því til að umorða till., og er þar bætt við því skilyrði fyrir frjálsum innflutningi landbúnaðarjeppa, að þeir verði hvorki leigðir né lánaðir til afnota í kaupstöðum eða kauptúnum. Í þeim meiri hl. nefndarinnar, sem vill samþykkja till. þannig breytta eða umorðaða samkvæmt þskj. 525, eru auk mín hv. þm. V-Ísf., hv. 2. þm. Skagf., þ. e. aðalþingmaðurinn Jón Sigurðsson, sem þá var hér á þingi og átti sæti í nefndinni, og hv. þm. Snæf.

Þessi till. eins og meiri hl. n. vill ganga frá henni, kemur ekki í bága við álit nefndarinnar á þskj. 486, því að vörubifreiðum yfir 3 tonn er ekki hægt að breyta í venjulegar fólksflutningabifreiðar, og frjáls innflutningur landbúnaðarjeppa með þeim takmörkunum og ströngu skilyrðum, sem till. kveður á um eftir till. nefndarinnar, mundi ekki verða til þess að draga úr innflutningi venjulegra fólksflutningabifreiða, sem togaraskattur er greiddur af, því að bændur kaupa lítið sem ekkert slíkar bifreiðar. Hitt segir sig svo sjálft, að verði þessi till. samþ. og framkvæmd, þá þarf ríkisstj. að setja nánari reglur um þennan innflutning. Það þarf t. d. að setja reglur um það, að bændur, sem flytja inn jeppa, verði að sanna, að þeir hafi ekki fengið leyfi til kaupa á jeppum næstliðin 7 ár. Ákveða verður og, fyrir hverjum eigi að sanna þetta og um eftirlit með þessum málum. Ekki sá nefndin þó ástæðu

til að gera till. um þessi framkvæmdaratriði, heldur álítur, að það sé ríkisstjórnarinnar að setja reglur um þetta.

Um aðrar brtt., sem fluttar hafa verið við þessa till., — ég hef nú ekki aðrar hjá mér og eru kannske ekki aðrar en brtt. á þskj. 172 frá Bergi Sigurbjörnssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni um, að við till. bætist, að veittur verði frjáls innflutningur á byggingarefni og ýmsum öðrum nauðsynjum, — er það að segja, að nefndin áleit þetta mál svo óskylt því, sem hún var að fjalla um, sem eingöngu var um innflutning bifreiða, að hún telur, að ekki eigi að blanda því máli hér saman við, og mælir alls ekki með þeirri till. og ekki heldur með till. á þskj. 139 frá hv. þm. V-Húnv.

Allshn. afgreiddi þetta mál í byrjun verkfallsins, en þó verð ég að játa það, að hún hafði verkfallið ekkert í huga í sambandi við þetta mál. En auðvitað er það, að þær verðbreytingar, sem verða vegna verkfallsins, og það tap á gjaldeyri, sem af verkfallinu leiddi, getur leitt til þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér ekki fært að framkvæma slíka till., þótt samþ. yrði hér, jafnrækilega og verið hefði á þeim tíma, þegar nefndin afgreiddi málið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. form. nefndarinnar og frsm. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf í sambandi við fyrirspurn mína á sínum tíma um þessi mál, að svo miklu leyti sem þær uppfylla þá ósk, sem ég þá bar fram. Ummæli hans sanna fullkomlega, svo langt sem þau ná, að ég hafði rétt fyrir mér um það, að innflytjendur hefðu fengið tilkynningar um, hverjir hafi fengið leyfi, áður en viðkomendur sjálfir hefðu fengið það. Og þegar hv. form. komst að þeirri niðurstöðu, eins og hann lýsti hér áðan, þá hefði ekki verið óeðlilegt, að hann hefði rannsakað þetta mál öllu nánar til þess að vita um það, hvort það hefði ekki einnig verið rétt, að stærsti innflytjandinn hefði fengið fyrstur manna vitneskju um slíka úthlutun. Ég skal svo ekki ræða meira þetta atriði.

Ég vildi þá leyfa mér að benda hv. þingmönnum á, að mér sýnist, að brtt. hv. meiri hl. allshn. á þskj. 525 sé algerlega þýðingarlaus og sé raunverulega tæplega hægt að samþ. hana. Samkvæmt lögum nr. 33 frá 8. marz 1951 er ákveðið, hverjir eiga að úthluta þeim bifreiðum, sem fluttar verða inn í landið vegna bændanna, og þingsályktun getur engu breytt um þá ákvörðun. Til þess þarf lagabreytingu, og er því sýnilegt, að það er ekki hægt að úthluta þeim bifreiðum, sem um ræðir í brtt., aðeins til þeirra bænda, sem hafa ekki fengið jeppa í 7 ár. Það brýtur algerlega í bága við fyrirmæli laganna, og mig furðar raunverulega á því, að jafnskýrir menn og hér hafa unnið að þessu máli og borið hafa fram þessa brtt. skuli hafa gengið frá þessu þannig í meginatriðum. — Mér þykir aðeins rétt að benda á þetta, úr því að málið er hér til umr. Ég mun því ekki treysta mér til að greiða atkv. með þeirri till., því að ég tel, að hún gangi beint í bága við fyrirmæli laganna.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Hv. þm. Barð. fannst, að nefndin hefði átt að rannsaka nánar, hvernig það væri, hvort innflytjendur bifreiða fengju upplýsingar um leyfi og hvort það væri þá ekki stærsti innflytjandinn, sem fengi þessar upplýsingar fyrstur. Eins og ég sagði áðan, rannsakaði nefndin þetta ekki ýtarlega og fór enginn nefndarmaður sérstaklega fram á það. Ég hafði þá þegar þessa vitneskju, sem ég hef gefið. En ég get upplýst hv. þm. Barð. um það, að fyrsta bréfið, sem kom til mín, var frá firmanu Sveinn Egilsson. Ég veit ekki, hvort það er stærsti innflytjandinn, en þaðan kom fyrsta bréfið til mín, og hjá því firma gerði ég pöntun á þeirri bifreið, sem ég á nú von á að sé á leiðinni til landsins með skipi. En ég vil taka það fram, að ég get ekki vel séð, að þó að innflytjendur bifreiða fái þessa vitneskju, ef það gengur jafnt yfir alla, þá sé nokkuð rangt í því. Að veita innflutningsleyfi er opinber ráðstöfun, og ég sé ekki, að það þurfi endilega að vera nokkur leynd yfir því, enda virðist það ekki hafa verið, a.m.k. ekki að því er mig snerti, því að ég fékk ein 4 bréf, þar sem voru verðlistar og tilboð.

Að ákvæði till. brjóti í bága við lög, get ég ekki séð. Hún er aðeins áskorun til ríkisstj. um það, hvernig framkvæma beri lögin. Ég hef þau að vísu ekki fyrir framan mig, en það mun vera heimild í lögunum, en ekki fastákveðið um það, að þessi eða þessi skuli fá jeppa eða leyfi fyrir jeppa.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þá er til umr. hér till. til þál. um frjálsan innflutning bifreiða og fjöldi af brtt. ásamt nál. í sambandi við till. Mætti sennilega tala langt mál í sambandi við till., ef ástæða þætti til, en það hefur nú nokkuð verið rætt um þessi bifreiðamál og einnig skrifað, og ef til vill er því óþarfi að halda hér langa ræðu. En úr því að tækifæri gefst til, þá held ég, að ég geti ekki á mér setið að segja hér nokkur orð um till. og brtt. ásamt nál. á þskj. 486.

Það var snemma á þessu þingi, sem hér var flutt till. til þál. af þremur hv. sjálfstæðismönnum um það að fela ríkisstj. að veita frjálsan innflutning bifreiða. Allshn. sameinaðs þings skilaði nál. og gerði svo hljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að veita frjálsan innflutning þeirra bifreiða, sem innflutningsgjald er lagt á samkv. l. nr. 114 1954, um aðstoð við togaraútgerðina.“

Hv. allshn. hefur sennilega afgreitt till. í þessu formi eftir að hafa móttekið bréf Landsbankans, sem mælti gegn samþykkt till. eins og hún var. En að gefa frjálsan innflutning þeirra bifreiða, sem eru skattlagðar með 100—135%, virðist ekki vera hættulegt, þar sem það hlýtur alltaf að verða mjög takmörkuð eftirspurn á bifreiðunum með því verðlagi, sem á þeim er, og það virðist ástæða til þess að ætla, að eftirspurnin verði aldrei meiri en þörfin fyrir innflutning á þessum tækjum til þess að fá það fjármagn í togarasjóðinn, sem ætlazt er til samkvæmt þeim lögum, sem ég áðan vitnaði í.

Ég hef orðið var við gagnrýni hjá einstökum mönnum og jafnvel flokkum, yfir því, að mikið sé flutt inn af bílum, fólksbílum og sendiferðabílum, og það jafnvel frá mönnum úr þeim flokkum, sem stóðu að því að afla togaraútgerðinni fjár á þennan hátt. Hv. alþm. muna það, að á s. l. ári starfaði þingkjörin nefnd til þess að athuga hag togaraútgerðarinnar. Eftir að þessi nefnd hafði setið lengi á rökstólum og aflað sér nauðsynlegra gagna um hag togaraútgerðarinnar, var hún sammála um það, að hvern togara vantaði 800 þús. kr. til 1 millj. kr. á ári, til þess að hægt væri að halda honum úti. Enginn benti á aðra tekjuöflun fyrir togarasjóðinn en þessa. Og þeir, sem stóðu að því að gefa út nál., sem viðurkenndi þörf togaraflotans, en komu hins vegar ekki með neina till. um fjáröflun aðra en bifreiðaskattinn, eða þótt þeir hafi þagað og setið hjá í sambandi við bifreiðaskattinn, þá hafa þessir sömu menn enga aðstöðu til þess að gagnrýna það, þótt bifreiðarnar séu fluttar inn í þessu skyni. Ég minnist þess einnig, að á þessu þingi voru samþykkt lög um aðstoð við togaraútgerðina, sem ganga í þá átt að fá fé í togarasjóðinn með því að flytja inn skattlagðar bifreiðar. Það ætti þess vegna ekki að vera ágreiningsmál með innflutning skattlögðu bílanna, og hvort sem þeir verða gefnir alfrjálsir að kalla eða sama sem frjálsir með því að gefa út gjaldeyris- og innflutningsleyfi nokkurn veginn eftir því, sem beðið er um, þá skiptir það út af fyrir sig ekki höfuðmáli. Á s. l. ári voru fluttar inn nokkur hundruð bifreiðar, skattlagðar í þessu skyni, og á þessu ári verður það væntanlega einnig gert nokkurn veginn eftir því, sem eftirspurnin verður, að ég ætla, því að það fer ekki hjá því, að það verði takmarkað magn, sem menn geta keypt af þessum bifreiðum, og þörfin er ekki heldur ótakmörkuð. Þótt það hafi verið takmarkað, sem flutt hefur verið inn s. l. ár af fólksbifreiðum og sendiferðabílum og bílakostur landsmanna farinn að ganga úr sér, þá var þó alltaf nokkuð flutt inn af þessum bifreiðum á síðastliðnum árum og tiltölulega miklu meira en af jeppabifreiðum eða vörubifreiðum, sem innflutningurinn lá algerlega niðri á undanfarin ár, eins og ég get sýnt fram á. Ég er þess vegna alveg samþykkur till. allshn. á þskj. 486 um að gefa hinar skattlögðu bifreiðar frjálsar og tel, að það mundi ekki á neinn hátt eyðast meiri gjaldeyrir, þótt það væri gert, heldur en þó að leyfaforminu væri haldið áfram.

Um till. á þskj. 139 frá hv. þm. V-Húnv. þarf ekki margt að segja. Hv. allshn. mælir gegn þessari till. og Landsbanki Íslands einnig, og er ekkert undarlegt við það, þótt Landsbankinn telji ekki ástæðu til að láta bifreiðainnflutning, þótt hann væri talinn frjáls, hafa forgang eða vera rétthærri en aðrar innfluttar vörur, sem eru á frílista. Það þarf ekki að hafa fleiri orð um þessa till. þess vegna.

Þá er hér till. á þskj. 525 frá meiri hl. allshn. Það er viðbótartill. við það, sem áður kom fram, sbr. brtt. á þskj. 486. Virðist mér eftir þeirri till. meiri hl. allshn., að hún hafi eitthvað verið farin að sljóvgast eða gleyma bréfi Landsbankans, því að áður hafði þessi sama n. viljað taka nokkurt tillit til þess, sem Landsbankinn hafði að segja í gjaldeyrismálunum. En eftir að þetta bréf Landsbankans var farið að fyrnast, leggur meiri hl. allshn. til, að jeppabifreiðar og vörubifreiðar verði einnig gefnar frjálsar. Ég fyrir mitt leyti hef nú afar mikinn áhuga fyrir því, að þetta sé gert, og mundi vilja stuðla að því, ef þess væri nokkur kostur af gjaldeyrisástæðum. En hv. allshn. og þeir menn, sem hana skipa núna, hafa átt sæti á hv. Alþ. mörg undanfarin ár. Og þeir hafa ekki fyrr en nú talið sér fært að bera fram till., sem gengur í sömu átt og þessi till. Það er sennilega vegna þess, að gjaldeyrisástandið undanfarin ár hefur verið svo miklu verra en það er núna. Og það er vissulega ánægjuefni, ef gjaldeyrisástandið er svona miklu betra núna en það hefur verið undanfarin ár, því að þeir, sem kalla hæst núna á mikinn innflutning vörubifreiða og jeppabifreiða, gleymdu því alveg eða treystu sér ekki til að gera kröfur um neitt slíkt á undanförnum árum. Mörg undanfarin ár hafa hvorki jeppar né vörubifreiðar verið flutt inn. En þörfin hlýtur að hafa verið eitthvað svipuð á þeim árum og í dag, a. m. k. fyrir vörubifreiðar, því að eins og kunnugt er var á s. l. ári flutt inn mikið magn af vörubifreiðum, hátt á fjórða hundrað. Ég er þess vegna sannfærður um, að í dag vantar þjóðina ekki vörubifreiðar, til þess að unnt sé að veita þá þjónustu, sem þarf í landinu. Hitt er svo rétt, að ýmsa einstaklinga og fyrirtæki vantar vörubifreiðar eða hafa áhuga á að kaupa þær. Vörubifreiðar eru dýrar og útheimta mikinn gjaldeyri, því að nú er svo komið, að enginn vill helzt kaupa nema stórar vörubifreiðar með dieselvélum. Og gjaldeyrir, sem þarf fyrir þessar bifreiðar, hverja um sig, er þess vegna frá 60 og upp í 120 þús. kr., þannig að það má gera ráð fyrir, að 100 vörubifreiðar kosti í frjálsum gjaldeyri 7—10 millj. kr.

Á s. l. ári var eytt tugum milljóna í gjaldeyri fyrir bifreiðar, enda var þörf á því til þess að vinna upp það tap, sem hefur orðið á þessum nauðsynlegu flutningatækjum á undanförnum árum. Ég býst nú við því, þótt við höfum áhuga á því að flytja sem mest inn af vörubifreiðum og jeppum, að við verðum á þessum tímum eins og undanfarið að játa staðreyndirnar og viðurkenna það hreinskilnislega, að gjaldeyririnn er ekki takmarkalaus núna fremur en hann hefur verið undanfarin ár og að sjálfsagt er að sníða sér stakk eftir vexti hvað þetta snertir nú eins og reynt hefur verið að gera áður.

Ég vil þó segja það, að hvað sem verður um þessar till., hvort sem þær verða samþykktar, felldar eða vísað til ríkisstj., að þá mun ég gera það að till. minni, að innflutningur á jeppum verði mun ríflegri en hann hefur verið undanfarið. Ég mun ekki heldur standa gegn því, að eitthvað verði flutt inn af vörubifreiðum á þessu ári, enda þótt það sé ekki brýn nauðsyn til þess vegna þess, hversu vel var úr því bætt á s. l. ári. En það mun samt verða flutt eitthvað inn af vörubifreiðum á þessu ári, þótt eng-

in till. verði samþ. hér í þinginu, til þess að koma á móts við þá, sem telja sig hafa mesta þörfina.

Það er fróðlegt fyrir hv. alþm. að gera sér grein fyrir því, hvernig háttað hefur verið innflutningi bifreiða undanfarin ár. Og ég hefði alls ekki trúað því, að þetta hefði verið á þann veg, sem það reynist, ef ég hefði það ekki svart á hvítu frá skrifstofu vegamálastjóra um skrásetningu bifreiða. Það var á árunum 1945 og 1946, sem sjálfstæðismenn byrjuðu á því að flytja inn jeppabifreiðar, eins og flestir muna. Og þá var flutt inn mikið af jeppabifreiðum þessi tvö ár. Svo fellur þetta alveg niður. Það er alveg hætt að flytja inn jeppa. Ef það hefði verið flutt inn á hverju ári, þó ekki hefði verið nema 100—200 stykki, s. l. 10 ár, þá hefði ekki verið meiri eftirspurn eftir jeppum nú en hægt væri að fullnægja. Það var á árunum 1945—47, sem voru fluttir inn samtals um 1400 jeppar. En núna eru eitthvað hátt á annað þúsund jeppar skráðir í landinu. Á árinu 1948 komu aðeins 17 nýjar jeppabifreiðar á skrá, 1949 aðeins 7 stykki, 1950 aðeins 15 stykki, 1951 aðeins 8 stykki og 1952 aðeins 8 stykki, 1953 um 100 stykki, og 1954 komu á skrá um 200 stykki, en það eru jeppabifreiðar, sem voru leyfðar seinni hluta árs 1953 og á árinu 1954. Þær bifreiðar, sem var gefið út leyfi fyrir á árinu 1952 og komu á skrá 1953 og gefið var leyfi fyrir á árinu 1953 og komu á skrá 1954, voru fluttar inn frá Ísrael og voru þess vegna með bátagjaldeyrisálagi og um 10 þús. kr. dýrari en ef þær hefðu verið keyptar frá Bretlandi eða Bandaríkjunum.

Ég verð að segja, að það er ekkert til sæmdar fyrir okkur, sveitaþingmennina, hvað við höfum verið hógværir á undanförnum árum í sambandi við jeppainnflutninginn. Við hefðum gjarnan mátt fylgjast betur með þessu og gera hærri kröfur í þessu að undanförnu. En þar sem það hafa verið einhverjar ástæður fyrir því, að við vorum svona hógværir, sennilega þær, að gjaldeyrisástandið hefur ekki verið reglulega gott, þá held ég, að við ættum að vera nokkurn veginn sammála um það núna, að það verði erfitt að fullnægja eftirspurninni eftir það, sem á undan er gengið, á einu ári. Við skulum bæta úr vanrækslu undanfarinna ára. Við skulum reyna að vera sammála um það að bæta úr því og veita nú dálítið ríflegri innflutning á jeppum en áður hefur verið og gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að bændurnir geti fengið þessi ágætu og nauðsynlegu tæki, og stefna að því að gera innflutning á þessum ágætu tækjum frjálsan, eins og t. d. núna er á dráttarvélunum. Nú fá allir bændur dráttarvélar eins og eftirspurnin er, og það er vel, því að dráttarvélin er ekki síður nauðsynleg en jeppinn. Og ég segi nú: Ef bændur vilja eiga hvort tveggja, dráttarvél og jeppa, þá á dráttarvélin að koma fyrst. Hún er nauðsynlegri fyrir þá, sem stunda búskap, heldur en jeppinn, þó að hann sé einnig nauðsynlegur.

Ég veit, að við getum allir verið sammála um að bæta úr vanrækslu undanfarinna ára, og samvizkan slær okkur áreiðanlega nokkuð, þegar við sjáum þessar tölur, og við undrumst, hvað við höfum verið hógværir þá. En við verðum að gjalda þess nokkuð og sætta okkur við, að það tekur 2—3 ár að bæta fyrir þessar syndir. Ef við veitum nokkuð ríflegan innflutning á jeppum í ár og næsta ár, þá er ég viss um, að sárustu eftirspurn eftir jeppunum verður fullnægt og kannske alveg að fullu eftir 3 ár.

Hvað vörubifreiðarnar snertir er nokkuð svipað að segja, nema þó nokkru verra, og er það alveg óskiljanlegt einnig. Þegar athugaður er innflutningur vörubifreiða undanfarin ár, kemur í ljós, að innflutningur á þessum tækjum hefur ekki aðeins legið niðri, heldur hefur þeim fækkað mjög mikið sum árin. Það hefur ekkert komið í staðinn fyrir þær gömlu bifreiðar, sem hafa ekki fengið skráningu og verið kastað á öskuhaugana. Þannig er það á árinu 1949. Þá fækkar vörubifreiðum um 14 stykki á bifreiðaskránni. 1950 fækkar þeim um 56, og árið 1951 fækkar þeim hvorki meira né minna en um 175. Það er ekkert flutt inn í staðinn fyrir þá rýrnun, sem á þessum tækjum hlýtur að verða. Og árið 1952 fækkar þeim um eina, en á árinu 1953 er farið að flytja inn bifreiðar og þá fjölgar þeim á skránni um 155. Haustið 1953 er veitt leyfi fyrir nokkru magni af vörubifreiðum, og þær koma inn nokkru fyrir áramótin, og um sumarið 1953 hafði verið veitt leyfi fyrir um 50—100 bifreiðum. En árið 1954 bætast á skrá 315, en það er ekki meira vegna þess, að það er ekki allt komið inn fyrir áramótin, sem leyfi hafði verið gefið út fyrir. Það má segja, að á árinu 1954 hafi verið bætt fyrir syndir liðinna ára að verulegu leyti með því að flytja svo mikið magn inn af vörubifreiðum sem þá var gert. Og það var mikill gjaldeyrir látinn fyrir þessar bifreiðar þá.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt að flytja árlega ákveðið magn inn af flestum bílategundum til þess að halda stofninum við og til þess að koma í veg fyrir, að verið sé að gera út allt of gamlar og úreltar bifreiðar, sem krefjast óeðlilega mikils innflutnings á varahlutum. Og það er vitanlega sóun á gjaldeyri að vera með þessi gömlu ræksni í rekstri, sem alltaf þarf að vera að gera við, endurnýja að miklu leyti með varahlutum, sem eru tiltölulega margfalt dýrari en þegar bifreiðin er keypt í heilu lagi, og eyða mun meira benzíni en sæmilegar bifreiðar, brenna smurningsolíu o. s. frv. Það er ekkert vit í því frá fjárhagslegu sjónarmiði og gjaldeyrislegu sjónarmiði að viðhalda gömlu bifreiðunum. Og það á þess vegna að vera ákveðin stefna að flytja inn nægilegt magn á hverju ári til viðhalds og eðlilegrar aukningar. Það munu vera núna í landinu um 12 þúsund bifreiðar, og til þess að halda þessum bifreiðum við, til þess að ekki séu í rekstri óeðlilega gamlar og slitnar bifreiðar, þarf að flytja árlega inn á annað þúsund bifreiðar. En sé þetta föst stefna og alltaf flutt árlega inn nægilegt magn, þá verður þetta ekki svo tilfinnanlegt eða stór liður í innflutningnum eins og það var á s. l. ári og eins og það væntanlega verður á þessu ári, af því að verið er að bæta fyrir vanrækslu liðinna ára.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér, um leið og ég bendi á, að hv. þm. hafa verið ólíkt hógværari í kröfum sínum um innflutning bifreiða á undanförnum árum en núna. Það er ágætt, það sem er í framför, og ég tel það framför, að hv. þm. hafa gert sér fulla grein fyrir því, að við þurfum, að við eigum að flytja inn hæfilegt magn af bifreiðum. Ég tel það alveg sjálfsagt.

Hér er till. á þskj. 172, sem er flutt af hv. 8. landsk. (BergS) og hv. 1. landsk. (GÞG), og þar blanda þeir saman alveg óskyldu efni, eins og hv. frsm. gat hér um áðan, þ. e., að þeir vilja, um leið og till. um bifreiðainnflutning væri samþ., samþ. frjálsan innflutning á byggingarefni og hvers konar öðrum nauðsynjum til íbúðabygginga, öllum hráefnum til iðnaðar, pappír, hjólbörðum, mótorvélum, beltadráttarvélum, rafvélum, saumavélum, hjúkrunarvörum og lækningatækjum. Það er hv. 1. landsk. þm., sem er annar flm. þessarar till. Ég minnist þess, að hann hafi á þessu þingi staðið hér í þessum stól, sem ég nú stend í, og talað um verzlunarhalla og slæmt ástand í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. En það hefur áreiðanlega verið áður en þessi till. var flutt, og maðurinn hefur skipt um skoðun, því að þessi till. getur ekki verið flutt af manni, sem þykir verzlunarhallinn of mikill og gjaldeyrisástandið slæmt. En þess ber nú að geta í sambandi við þessa till., að þótt innflutningur byggingarefnis hafi ekki verið á frílista fram að þessu, þá hefur síðustu missirin alltaf verið nóg til af byggingarefni þrátt fyrir hina miklu eftirspurn og miklu framkvæmdir í landinu. Þá ætti þetta ekki að aukast, þó að það væri gefið frjálst, segir hv. flm. Þetta má nú kannske til sanns vegar færa, eins og þetta er í dag, en hv. flm., sem er hagfræðingur og talar hér stundum eins og hann þekki dálítið inn á viðskiptamál, veit þó það, að byggingarefnið, að sementið og timbrið getur ekki í dag verið það, sem kallað er frjálst, vegna þess að við flytjum sementið frá Rússlandi samkvæmt milliríkjasamningum. Það eru clearing-viðskipti. Við flytjum timbrið frá Finnlandi, einnig samkv. clearing-samningum, og þetta er bundið við viss lönd vegna okkar milliríkjasamninga. Það er þess vegna alleinkennilegt, að hv. þm., sem hefur sagt hér sjálfur og látið í það skína, að hann hefði allra manna bezt vit á viðskiptamálum, skuli leyfa sér að koma með svona till. Ég á eftir að fá skýringu á því og get í sjálfu sér ekki sætt mig við annað. Hvað veit svo þessi hv. þm. eða þessir hv. flm. um það, hvað um er að ræða, þegar þeir eru að tala um frjálsan innflutning á hjólbörðum, mótorvélum, beltisdráttarvélum, rafvélum og öðru slíku? Hvað er að segja um hjólbarðana? Erum við ekki að reyna að kaupa hjólbarða frá Ísrael til þess að taka vörur út á fisk, sem við seljum þangað af nauðsyn? Hver mundi kaupa hjólbarða frá Ísrael, ef það væri frjálst að kaupa þá í Bandaríkjunum eða annars staðar, þar sem þeir væru kannske ódýrari og betri? Nei, ég held það sé betra fyrir prófessorinn að reyna að kynna sér þessi mál, áður en hann fer að skrifa á svona till., sem gengur alveg út fyrir efnið og á enga stoð í veruleikanum,

Ég held, að það sé nú ekki ástæða til þess að vera að ræða þetta mál öllu meira í dag. Það, sem ég vil segja, áður en ég fer hér úr ræðustólnum, er þetta, að ríkisstj. hefur rætt um innflutning bifreiða á þessu ári og hefur komið sér, að ég má segja, saman um, hversu mikið magn það skuli vera. Og það er þess vegna ekki nauðsynlegt að samþykkja þessa till. Ég get líka sagt hv. þingmönnum, sem mestan áhuga hafa á að bæta fyrir syndir liðinna ára og vanrækslu í innflutningi bifreiða, að ríkisstj. er sammála um að bæta fyrir þessar syndir með því að heimila innflutning á jeppum og vörubifreiðum eftir því, sem gjaldeyrisástandið leyfir. Og ég ætla þá að segja það: Það er ekki nauðsynlegt, að þessi till. verði samþ., til þess að menn fái vilja sinn nokkurn veginn fram. Ég vil þess vegna segja og gera það að till. minni, að öllum þessum till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Og ef það verður gert, þá sýnir það sig, að ríkisstj. hefur þó nokkurt traust í þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Sþ., 11. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. frá viðskmrh. (IngJ) um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 23:7 atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna (till. HG o. fl.).

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna [17. mál] (A. 17).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. Rányrkja á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum [22. mál] (A. 22).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að árin áður en gerðar voru ráðstafanir til aukinnar verndar íslenzkra fiskimiða, fór afli hér suðvestanlands hjá bátaflotanum mjög þverrandi ár frá ári. Af þessu leiddi svo það, að hlutir sjómanna fóru lækkandi og öll afkoma þeirra og útgerðarinnar versnaði með hverju árinu sem leið. Síðan hins vegar að flóunum hefur verið lokað hér, Faxaflóa og Breiðafirði, hefur þetta á skömmum tíma snúizt við. Fiskigengd hefur aukizt á grunnmið vélbátaflotans og aflinn á þeim tveimur árum, sem liðin eru síðan flóunum var lokað, aukizt mjög verulega. Hlutir sjómanna hafa hækkað og aðstaða útgerðarinnar batnað.

Að sjálfsögðu hlýtur öll þjóðin að fagna þessari þróun í fiskveiðamálunum hér í þessum landshluta. Fyrir dyrum stóð ekkert annað en eyðilegging þessara einhverra fiskisælustu miða við strendur landsins. Löng barátta hafði verið háð fyrir friðun Faxaflóa, barátta, sem hafði verið studd fyllstu rökum, en engu að síður hafði svo að segja engan árangur borið.

En jafnhliða því sem þessi þróun hefur gerzt hér við Faxaflóa og við Breiðafjörð, að fiskigengd hefur aukizt á mið vélbátaflotans og afkoma hans og sjómanna hans batnað, hefur annar landshluti sérstaklega orðið fyrir stórfelldu áfalli. Það eru Vestfirðir. Á sama tíma sem hinum stóra erlenda togaraflota, sem sótti á miðin hér suðvestanlands, hefur verið stuggað þaðan burt af miðum vélbátaflotans, hefur honum svo að segja verið hleypt í túnið hjá vestfirzkum sjómönnum og útgerð. Ásókn innlendra og erlendra togara hefur stóraukizt á fiskimiðin fyrir Vestfjörðum. Hún hefur aukizt svo, að á aðalvertíðinni, vetrarvertíðinni, má segja að togaraflotinn hafi myndað vegg úti fyrir norðanverðum Vestfjörðum. Þó að komið hafi fiskigöngur í nokkra daga og góður afli verið á miðum vestfirzka vélbátaflotans, hefur hann þorrið svo að segja í einu vetfangi. Togaraflotinn hefur uppurið þessa fiskigengd upp á grunnmiðin fyrir Vestfjörðum, og vélbátaútgerðin hefur orðið að búa við þrengri kost en nokkru sinni fyrr.

Þetta er staðreynd, sem ekki verður gengið á snið við. Því er þannig háttað, að á sama tíma sem stórum svæðum af fiskimiðum vélbátaflotans hér suðvestanlands hefur verið lokað fyrir botnvörpuveiðum með fyrrgreindum friðunarráðstöfunum, hafa fiskveiðitakmörkin færzt sáralítið út fyrir Vestfjörðum. Þar hafa ekki verið neinir stórir flóar til þess að loka með sömu reglu og beitt hefur verið hér við Suðvesturland. Fiskveiðitakmörkin hafa víðast hvar aðeins færzt út um eina sjómílu, og af því hefur, eins og að líkum lætur, orðið hverfandi lítið gagn.

Málin horfa þá þannig við, að í stað þess að friðunarráðstafanirnar hafa fært sjómönnum hér suðvestanlands stórfelldar kjarabætur og bætta aðstöðu, hafa þær leitt til þess, að útgerð Vestfirðinga hefur orðið fyrir stórfelldu skakkafalli, svo miklu skakkafalli, að það er ekki orðum aukið, að við borð liggi landauðn í þeim landshluta, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að hlaupa undir bagga með útgerðinni þar. Því miður er þetta ekki of djúpt tekið í árinni, enda er líka svo komið, að á einstökum vertíðum hafa Vestfirðingar orðið að flýja sínar eigin verstöðvar og sín eigin mið hingað til Suðvesturlandsins.

Þetta er því ömurlegra sem það er vitað, að úti fyrir Vestfjörðum eru ein fiskisælustu mið landsins, mið, sem ausið hefur verið upp af

óhemjuafla á undanförnum áratugum, ekki aðeins af innlendum og erlendum togurum, heldur og af vestfirzkri vélbátaútgerð og vestfirzkum sjómönnum. Það er af þessari lýsingu, sem ég hef gefið hér í fáum orðum af áhrifum friðunarinnar, augljóst, að ekki verður hjá því komizt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hlaupa undir bagga með atvinnulífinu á Vestfjörðum. Til þess eru að áliti okkar flm. þessarar þáltill. ýmsar leiðir. Ég skal ekki fara út í að rekja þær ýtarlega hér. Ég vil aðeins drepa lauslega á nokkrar þeirra.

Sú, sem liggja ætti beinast við að farin yrði, útfærsla fiskveiðitakmarkanna lengra út, virðist í bili vera ógreiðfær, ef ekki gersamlega ófær. Öll þjóðin veit, hversu erfiðlega hefur gengið að fá viðurkenndar þær ráðstafanir, sem íslenzka þjóðin hefur þegar gert til verndar fiskimiðum sínum. Hversu miklu erfiðara yrði þá ekki að halda lengra áleiðis á þeirri braut nú þegar? Að sjálfsögðu er það skoðun mín eins og allra annarra, að í þá átt beri auðvitað að stefna, að í framtíðinni verði fiskveiðitakmörkin enn færð út, og að lokatakmarkið í þeim efnum sé ekkert annað en friðun alls landgrunnsins. En því miður, Vestfirðingar og aðrir landsmenn verða að átta sig á staðreyndum, þeim staðreyndum, að það stendur óbilgjörn klöpp í veginum fyrir frekari útfærslu fisveiðitakmarkanna í bili. Og ég held, að það sé ekki að líta raunsætt á málin að byggja meginvonir sínar um lagfæringu í þessum efnum á frekari útfærslu fiskveiðitakmarkanna fyrir Vestfjörðum, a. m. k. í bili, þó að ég sé sammála þeim mönnum, sem markað hafa stefnuna: friðun alls landgrunnsins, og þá einnig úti fyrir Vestfjörðum.

En hvað annað kemur þá til greina, fyrst þessi leið virðist því miður ekki vera fær í bili? Fyrst og fremst tvennt, að mínu viti: Að styðja vestfirzka útgerð til þess að eignast stærri skip og betri framleiðslutæki, þannig að hún geti sótt björg í bú á þau mið, sem er verið að þurrausa fyrir augunum á henni. Vestfirzkir sjómenn og útgerðarmenn þurfa m. ö. o. að fá fleiri stór og fullkomin veiðiskip, sem sótt geti út á djúpmiðin. Ég á hér að sjálfsögðu fyrst og fremst við togara og skip af öðrum stærðum, eftir því sem reynslan kynni að leiða í ljós að hentug væru.

Vestfirðingar hafa á undanförnum árum gert út nokkra togara, flesta þeirra nýja, og ég hygg, að það sé ekki ofmælt að segja, að af útgerð þeirra hefur orðið stórkostleg atvinnubót. Þar sem ég þekki bezt til, á norðanverðum Vestfjörðum, við Ísafjarðardjúp, hygg ég að hefði dunið atvinnuleysi og hálfgert hallærisástand yfir almenning kaupstaða og sjávarþorpa, ef ekki hefði verið hafin þar togaraútgerð.

En Vestfirðingar þurfa að fá fleiri slík stór og fullkomin veiðiskip til þess að geta sótt á eigin mið. En jafnhliða þurfa þeir að skapa sér bætta aðstöðu til þess að geta unnið afla þessara skipa. Það er öllum kunnugt, að síðan togararnir hættu að sigla til Bretlands, hefur orðið stórkostleg atvinnubót að löndun afla þeirra hér í landi. Frystihúsin hafa fengið stórum aukið hráefni, og rekstrartími þeirra hefur lengzt að miklum mun. Vitanlega hlýtur það að verða þannig, að þessi dýru iðnfyrirtæki, hraðfrystihúsin, starfi svo að segja allt árið. Það er ekkert vit í því, að svo dýr framleiðslutæki séu ekki rekin nema kannske rúmlega hálft árið eða svo og síðan gangi almenningur um atvinnulítill við vegg þessara framleiðslutækja þess í milli. Að því verður þess vegna að stefna, að unnt sé að reka þessi dýru tæki allt árið, en það verður ekki gert nema með því, að togurunum sé fjölgað. Ég hygg þess vegna, að þó að togaraútgerðin hafi í bili átt erfitt uppdráttar, þá sé það raunhæfasta leiðin til atvinnubóta viðs vegar um land um þessar mundir, að hið opinbera styðji einkaframtakið og einstök byggðarlög til þess að eignast fleiri togara, þannig að varanlegri atvinnu verði haldið uppi við fiskiðnaðinn í kaupstöðum og kauptúnum á allri strandlengju landsins.

Ég minnist þess, að fyrir ég hygg tveimur árum flutti ég ásamt nokkrum fleiri hv. þm. frv. hér á Alþ. um það að heimila ríkisstj. að styðja tvö byggðarlög á Vestfjörðum, Ísafjarðarkaupstað og Bolungavík, til þess að eignast 2 togara til viðbótar þeim togaraflota, sem þegar er gerður út við Ísafjarðardjúp. Þessu máli var vel tekið hér á hv. Alþingi. Því miður varð reyndin sú, að svo margir höfðu áhuga á því að koma sínum byggðarlögum á framfæri í sambandi við afgreiðslu þess, að málið var orðið það viðamikið, að ekki þótti tækt að afgreiða það. Mig minnir, að það hafi verið búið að samþykkja að heimila ríkisstj. stuðning við ein sex eða átta kauptún og kaupstaði til kaupa á togurum. Nú er ég sannfærður um það, að flest þessi byggðarlög, ef ekki öll, hafa þurft á þeirri atvinnubót að halda, sem í því fólst, að útgerð togara yrði hafin þar. En ég hygg, að heppilegri háttur í þessum efnum væri sá, að ákveðið væri, að ríkið beitti sér fyrir því, að tvö eða þrjú togskip yrðu byggð á ári til atvinnubóta og atvinnujöfnunar við sjávarsíðuna, heldur en að ákveðið yrði með einum lögum, að byggður skyldi t. d. tugur slíkra skipa. Ég held, að það væri skynsamlegt, að Alþ. og ríkisstj. beittu sér fyrir því nú, að ákveðið yrði, að á næstu fimm árum t. d. yrðu byggðir tveir togarar af hentugri stærð á ári fyrst og fremst með það fyrir augum að úthluta þeim til þeirra staða, sem hafa orðið fyrir barði atvinnuerfiðleika af völdum friðunarinnar hér suðvestanlands, — og þar á ég við Vestfirði, — og enn fremur til þeirra byggðarlaga, sem nú standa uppi í algerum vandræðum eftir tíu ára síldarhallæri. Ég held, að þetta sé mál, sem fyllilega er þess vert, að því sé hreyft einmitt í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir.

En það er ekki nóg, að greidd verði gata vestfirzkra sjómanna og útgerðarmanna til þess að eignast stærri skip. Það þarf jafnframt að stuðla að auknum fiskiðnaði á ýmsum þessum stöðum, þannig að unnt verði að hagnýta allan þann afla, sem veiddur er á vestfirzkum fiskimiðum, hvort sem hann er fluttur að landi á togurum eða vélbátum. Ég sé á þessu stigi

málsins ekki ástæðu til þess að fara miklu fleiri orðum um þessa till., en ég vil aðeins undirstrika það, að þessar ráðstafanir verður að gera. Það er ekki hægt, með þá geysilegu atvinnu, sem nú er hér við Faxaflóa, m. a. af völdum landvarnaframkvæmda, að ætlast til þess, að fólk uni úti á landi í atvinnulitlum sjávarbyggðum. Það er þýðingarlaust að tala um jafnvægi í byggð landsins, ef ekkert verður að gert í þessum efnum.

Með till. þessari er lagt til, að ríkisstj. láti í samráði við sýslu- og bæjarfélög á Vestfjörðum fara fram skjóta athugun á því, hvernig við skuli brugðið í þessum málum. Að slíkri athugun lokinni kæmi það síðan í hlut þings og stjórnar að bera fram till. um raunhæf úrræði til þess að leysa þann vanda, sem heilum landshluta hefur borið að höndum vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið og öll þjóðin fagnar, til verndar fiskimiðunum í kringum allt landið, þó að þannig hafi til tekizt með fiskimið Vestfirðinga.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þessari till., sem hér liggur fyrir, mun væntanlega verða vísað til n. og gefast kostur á að ræða hana nánar, eftir að hún kemur þaðan, en mig langaði þó við þessa umr. til þess að segja nokkur orð í framhaldi af þeirri ræðu, sem hv. 1. flm., þm. N-Ísf., flutti.

Till. þessi ræðir að vísu aðeins um vandamál útgerðarinnar á Vestfjörðum, en hér er þó ekki um að ræða nema hluta af miklu stærra vandamáli, eins og frsm. líka kom nokkuð inn á. Það er alveg rétt hjá honum, að útgerð fyrir Vestfjörðum hefur átt við mikla erfiðleika að stríða vegna þess, að togarar hafa safnazt þar mjög á miðin, og kannske meiri erfiðleika af þeim sökum en víða annars staðar á landinu. En hins vegar er því ekki að leyna, að víða um land er um svipaða erfiðleika að ræða, þótt af öðrum orsökum kunni að vera. Og ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er fyrst og fremst sú, að hv. frsm. vék einmitt að einni nauðsynlegri ráðstöfun, sem hann taldi vera, og kannske þeirri mikilvægustu, til þess að aðstoða útgerðina á Vestfjörðum og efla þar og halda uppi nauðsynlegu atvinnulífi, en þá ráðstöfun tel ég að þurfi að gera miklu víðar um land. Hann minntist á það, að hér hefði verið áður til meðferðar í þingi till. um það að veita ríkisábyrgð til kaupa á togurum fyrir nokkra staði. Meðal þeirra staða, sem þar var um að ræða og ég sérstaklega þekki til, voru Ólafsfjörður og Dalvík í Eyjafirði, sem óskuðu eftir eða lagt var til að veitt yrði hliðstæð aðstoð öðrum bæjarfélögum í þessu efni. En þannig vildi til um þessa staði, að þegar nýju togararnir tíu voru seldir, þá höfðu þeir sameiginlega óskað eftir því að fá einn togara keyptan og boðið til þess fulla greiðslu, svo sem tilskilið var, en hins vegar var ekki talið fært að verða við þeirri ósk, heldur voru togararnir látnir á aðra staði og það enda þótt þar kæmi lítil sem engin greiðsla á móti. Ég skal ekki út af fyrir sig lasta þá ráðstöfun. Hún hefur vafalaust verið þörf að því leyti til, að þessir staðir hafi haft mikla nauðsyn fyrir það að fá þessi afkastamiklu framleiðslutæki, en hinu er þó ekki að leyna, og reynslan hefur sýnt það síðar, að það var ekki síður þörf fyrir þá staði, sem ég minntist á, að fá svipaða aðstoð og fyrirgreiðslu.

Það er alveg rétt, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, að þótt að vísu atvinna sé nú mjög mikil víða og þá sérstaklega hér suðvestanlands, þá horfa þannig sakir varðandi ýmis útgerðarpláss á landinu, að þar er við mjög mikla atvinnuörðugleika að stríða. Bæði kemur þar til greina hið svokallaða árstíðabundna atvinnuleysi, sem alltaf fylgir útgerðinni, þ. e. a. s. bátaútgerðinni, og enn fremur hitt, að síldveiði hefur gersamlega brugðizt nú um heilan áratug, en margir staðir hafa að verulegu leyti byggt afkomu sína einmitt á síldveiðum. Þetta veldur því, að við er að stríða mikla erfiðleika á ýmsum þessum stöðum að halda gangandi þar atvinnulífi, sem veitt geti íbúum staðanna fulla atvinnu, þannig að fólk hefur í stórum stíl þurft að leita burt til annarra staða. Það liggur í augum uppi, að ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að tryggja svokallað jafnvægi í byggð landsins, hljóta fyrst og fremst að miða að því, að full atvinna geti verið á öllum þessum stöðum víðs vegar um land, þannig að fólk þurfi ekki að leita frá heimkynnum sínum til annarra staða. Það er auðvitað ekki hægt við það að ráða, þótt aflabrestur verði, hvort sem það er á síldveiðum eða öðrum veiðum, en það kann þó að vera hægt að gera ýmsar ráðstafanir til að bæta úr þessu.

Ég sé nú í sannleika sagt ekki, að önnur ráðstöfun sé líklegri til að bæta þennan vanda, eins og sakir standa, heldur en að auka útgerð togara. Það er að vísu svo, að togaraútgerðin á við erfiðleika að stríða hvað snertir hennar rekstur, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að með togurum er hægt að hafa nokkurn veginn trygga útgerð og það meginhluta ársins, þannig að ef afli er lagður á land, þá er um að ræða nokkuð samfellda vinnu. Þessi staðreynd veldur því, að ég hygg, að það verði naumast um aðra heppilegri ráðstöfun að ræða og ráðstöfun, sem jafnframt verði raunverulega ódýrari fyrir ríkisvaldið, en þá að reyna að hlutast til um, að þeir staðir, þar sem aðstaða á annað borð er fyrir hendi til þess að nýta afla togara, fái aðstöðu til að fá slíkan afla til vinnslu. Og þess vegna er það, að þessi hjálp, sem hér hefur verið bent á að kæmi mjög til greina varðandi vestfirzka útgerð, kemur vitanlega einnig til greina víðs vegar annars staðar um land, t. d. norðanlands, þar sem afkoma manna hefur að verulegu leyti byggzt á síldveiðum og bátaútgerð og veiði hefur verið tiltölulega mjög lítil. Ef halda á þar við byggð í því formi, sem hún hefur verið, og koma í veg fyrir, að fólkið flytji þaðan burt, þá sýnist ekki annað tiltækilegra ráð fyrir hendi en reyna að stuðla að því, að þaðan geti verið útgerð togara eða að togarar leggi þar upp sinn afla. Þetta held ég að verði raunhæfasta leið-

in til þess að leysa þetta mikla vandamál, og ég held, að það verði ógerlegt að komast hjá því lengur að gera einhverjar ráðstafanir í þessa átt, vegna þess að það er engum efa bundið, að ef það er ekki gert, þá er fyrir hendi mjög alvarlegur flutningur fólks úr ýmsum sjávarplássum úti um land til staða hér sunnan- og suðvestanlands, þar sem atvinna er nægileg og þar sem meira að segja atvinna er það mikil, að það er frá því sagt í útvarpsfréttum, að fólk geti þar unnið svo að segja eins lengi og það getur á fótum staðið og að skip verði jafnvel að bíða heila sólarhringa eftir afgreiðslu. Það gefur að skilja, að þegar slíkar fréttir berast, sem ekkert er nema gott um að segja, þá verkar það þannig á það fólk, sem annars staðar á landinu á við mikla örðugleika að stríða, að því sýnist, að hér sé um slíkt gósenland að ræða hér syðra, að það vilji fremur hingað fara, ef ekki er eitthvað til þess gert að efla atvinnulíf á viðkomandi stöðum.

Ég ætla ekki að eyða um þetta frekari orðum, en að gefnu tilefni frá hv. flm. í hans glöggu og vel athuguðu ræðu vildi ég láta þetta sjónarmið koma fram, áður en málið færi til meðferðar í nefnd, að hér er um ráðstafanir að ræða, sem vissulega hafa mjög mikilvæga þýðingu fyrir ekki aðeins Vestfirðinga, heldur hljóta einnig að koma mjög til álita varðandi atvinnuaukningu á fleiri stöðum á landinu. Því hlýtur það að koma mjög til athugunar í sambandi við þetta mál, hvaða ráðstafanir almennt væri hægt að gera og nauðsynlegt að gera til þess að koma í veg fyrir, að um verði að ræða óeðlilega jafnvægisröskun byggðarinnar, og komið yrði í veg fyrir það, að ýmis útgerðarpláss, sem annars eru að mörgu leyti mjög vænleg til útgerðar og geta orðið það síðar meir, jafnvel þó að erfiðleika sé við að etja nú, meðan ekki er nema að nokkru leyti kominn sá árangur, sem vonir standa til með stækkun landhelginnar, að þá verði í bili einmitt gerðar einhverjar ráðstafanir til að tryggja, að þessi pláss fari ekki að meira og minna leyti í auðn vegna þess, að þar sé um stundarsakir við slíka erfiðleika að stríða. Það eru vissulega einnig vonir manna, sem ekki er ástæða til að halda að séu alveg út í bláinn, að þó að síldveiði hafi brugðizt í einn áratug, þá séu líkur til þess, að svo muni ekki verða um alla framtíð, heldur að hér sé um eitthvert millibilsástand að ræða og að því geti vel svo farið, að þeir staðir, sem nú eiga við erfiðleika að stríða af þeim sökum, geti unnið sitt mikilvæga starf síðar í framleiðslu þjóðarinnar, ef úr rætist með þessa útgerðargrein.

Það er engum efa bundið, að þetta er stórt og mikilvægt mál, sem er gott að hreyft hefur verið hér á hinu háa Alþingi og ég tel, að nauðsynlegt sé, að tekið sé til sem allra rækilegastrar yfirvegunar, og ekki aðeins það, heldur til sem skjótastrar úrlausnar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er síður en svo, að ég sé andvígur þeirri till., sem hér liggur fyrir um ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum Vestfirðinga. Hins vegar held ég þó, að það bæti lítið úr þessu stóra vandamáli, þó að ríkisstj. yrði falið að skipa 5 manna nefnd til þess að athuga og finna úrræði til að koma í veg fyrir, að vélbátaútgerð og fiskiðnaður á Vestfjörðum bíði áframhaldandi tjón af vaxandi rányrkju vestfirzkra fiskimiða vegna stóraukinnar ásóknar botnvörpuskipa.

Ég get ekki ímyndað mér, að verkefni þessarar n. verði annað en að komast að þeirri niðurstöðu, að það sé tvennt til, sem geti dregið úr rányrkju af völdum togara á vestfirzkum fiskimiðum, og það sé: Bætt landhelgisgæzla, þannig að togararnir séu ekki að skarka innan landhelgi á fiskimiðum Vestfirðinga sýknt og heilagt. En landhelgisgæzlan er léleg fyrir Vestfjörðum. Það vita allir vestfirzkir sjómenn, og þarf ekki að fara í grafgötur um það, en nauðsynlegt er að segja hæstv. ríkisstj. það, ef hún skyldi ekki vita um það. Til þess þarf varla nefndarskipun; þar er þörf betri framkvæmdar. Í annan stað er verkefnið það að komast að niðurstöðu um, hvort íslenzk stjórnarvöld treysta sér til að framkvæma ákvæði laga frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, en þar er sjútvmrn. heimilað „að ákvarða með reglugerð takmörk verndarsvæðis við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því sem verið hefur". Þetta er orðrétt svo í gildandi lögum frá 1948. Það er sem sé heimilað sjútvmrn. að ákveða með reglugerð um aukna friðun meðfram ströndum landsins. Ef íslenzk stjórnarvöld treysta sér ekki til að framkvæma þetta, þá er það rétt, sem hv. þm. N-Ísf. sagði hér áðan, að það sé ekki fær leið að færa út friðunarsvæðið. En ég trúi því ekki, að ríkisstjórnin sjái sér ekki fært að gera þetta. Það yrði þá a. m. k. að útkljást fyrir alþjóðadómi út af fyrir sig, hvort með slíkri stækkun hefði verið stigið óréttmætt skref. Teldi ég það alveg óháð því, sem nú kann að vera deilt um í brezku fiskveiðadeilunni við okkur, ef friðunarlínan væri færð út fyrir Vestfjörðum, t. d. 12 sjómílur frá því, sem nú er, eða 16 sjómílur út frá grunnlínupunktum á því svæði. Ég get persónulega ekki meint, að það stangist við nokkurt ákvæði í alþjóðalögum. Að vísu skal ég játa, að ég er enginn fræðimaður á því sviði. En mig minnir, að í Haag-dómstólnum væru ákveðnar dómsniðurstöður um það, að mjög bæri að taka tillit til lífsnauðsynja þess fólks, sem strandlengjuna byggi. Og ef til er nokkurs staðar í veröldinni alveg sérstaklega „týpiskt" dæmi um það, að líf fólksins á strandlengjunni sé háð friðun fyrir ströndinni, þá er það einmitt á strandlengjunni fyrir Vestfjörðum. Líf fólksins þar er algerlega háð því, að fiskimiðin þar úti fyrir séu friðuð. Alveg sérstaklega stendur þarna á. Einhver auðugustu fiskimið heimsins fyrir togara eru þar 50—60 sjómílur undan ströndinni, Halamiðin. Þangað sækja togararnir. Þar girða þeir af fyrir fiskigöngunum, svo að þær komast ekki upp á grunnmiðin. Og önnur sérstaða, sem Vestfirðingarnir hafa, er þessi, að hin hefðbundnu vélbátamið þeirra ná

að öllu leyti út fyrir núverandi friðunarlínu. En af því leiðir, að bátarnir hafa oft engan frið við veiðar sínar, vegna þess að togararnir geta allt í einu komið yfir veiðarfæri þeirra, þó að þeir séu þar að veiðum utan friðunarlínunnar og geti þannig talizt í fullum rétti. Geta þeir þá tekið allt saman með sér. Vegna þessa sambýlis togara og vélbáta er heldur ekki orðin nein aflavon á bilinu milli Halamiða og vélbátamiðanna. Úr þessu er ekki hægt að bæta nema á einn hátt, þann að færa friðunarlínuna út, svo að vélbátaflotinn sé friðaður að veiðum sínum á þessu svæði og möguleikar aukist á því, að fiskigöngur komist inn á grunnmiðin.

Ef till. hv. þm. N-Ísf., hv. þm. Barð. og hv. þm. Ísaf. á þskj. 22 hefði gefið einhverja bendingu um það, að væntanleg nefnd, sem ríkisstj. er beðin að skipa, gæti komizt að einhverjum öðrum niðurstöðum en þessum, þá hefði ég talið það hafa nokkra þýðingu að skipa slíka n. En í tillögunni er ekki drepið á neitt það, sem leitt geti til aukinnar friðunar á miðum Vestfirðinga. Og í grg. hennar er aðeins bent á þær staðreyndir, sem áður hafa verið raktar í grg. á síðasta þingi fyrir till. minni og hv. þm. V-Ísf. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum. Hér er enn bent á þær staðreyndir, að aflamagnið gengur áframhaldandi til þurrðar á Vestfjörðum, þrátt fyrir það að friðunarlínan hafi verið færð þar út um eina sjómílu. Þetta er afleiðing af því, að ágengni togara hefur aukizt stórkostlega á svæðunum þarna fyrir utan, en hins vegar sýnir það sig, að á þeim fiskimiðum hér suðvestanlands, þar sem aflamagnið var einnig að ganga til þurrðar, áður en Faxaflóa- og Breiðafjarðarsvæðin voru lokuð og friðuð, er nú komið vaxandi fiskimagn frá ári til árs. Er það staðfest bæði af reynslu sjómanna og niðurstöðum vísindamanna. Þetta gefur, eins og ég sagði hér í þingræðu fyrir tveimur eða þremur dögum, ótvíræða bendingu um það, að við séum á réttri leið með hverju því skrefi, sem við stígum til aukinnar friðunar. Og einasta leiðin, sem þarna er fær til þess að vernda fiskimið Vestfirðinga fyrir auknum ágangi togara, er, að ríkisstj. sjái sér fært að auka friðunina þar, færa friðunarlínuna út, hvað sem aðrar þjóðir segja um það. Það yrði þá að prófast fyrir alþjóðadómstóli, hvort við með því værum að brjóta alþjóðalög.

Nú hafa fræðimenn okkar frætt okkur um, hvað aðrar þjóðir hafa þegar gert í sínum friðunar- og landhelgismálum. Sumar hafa fært landhelgi sína út til 16 mílna, og því hefur ekki verið hnekkt. Aðrar hafa fært hana út til 50 sjómílna svæðis í kringum sín lönd, og því hefur ekki heldur verið hnekkt; og í þeim hópi er eitt af samveldislöndum Breta. Þá hafa margar þjóðir farið fram á 200 sjómílna friðunarsvæði og landhelgi, og alþjóðadómstólar hafa ekki enn þá hnekkt þessum aðgerðum þeirra. Ég held því, að sú niðurstaða hv. þm. N-Ísf. sé röng, að leiðin til aukinnar friðunar með útfærslu friðunarlínunnar fyrir Vestfjörðum sé ekki fær. Ég álít, að hann hafi a. m. k. tekið fulldjúpt í árinni með þeirri staðhæfingu. Ég fæ ekki séð, að hann hafi skotið neinum rökum undir þá fullyrðingu sína, og það er vissulega engin ástæða til að varpa slíku fram, sízt af Vestfjarðaþingmanni. Nógu illt er, ef hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til að nota heimildir laganna frá 1948 um aukna friðun, þar sem sérstök friðunarþörf er fyrir hendi, eins og í þessu tilfelli.

Hitt, sem hv. þm. N-Ísf. sagði að kæmi næst til greina, var í fyrsta lagi að styrkja Vestfirðinga til kaupa á stærri skipum. — Slík ráðstöfun stendur bara að engu leyti í neinu sambandi við ráðstafanir til aukinnar friðunar á fiskimiðum Vestfirðinga vegna aukinnar ágengni togara. Það er úrræði til að bæta þeim fjárhagslegt áfall, sem þeir hafa orðið fyrir af þessum völdum, og væri sjálfsagt þörf á því. En eins og þegar hefur verið sagt af öðrum hv. þm., þá er sjálfsagt víðar þörf á, að sjómenn og útgerðarmenn séu styrktir til að afla sér góðs skipakosts.

Það er rétt, að hv. þm. N-Ísf. og nokkrir þm. aðrir báru fram till. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1 eða 2 árum um, að Ísafjarðarkaupstaður og Bolungavíkurkauptún væru styrkt til þess að eignast lítil botnvörpuskip. En þá kom í ljós, eins og hv. ræðumaður sagði, að það voru einir 7 eða 8 staðir aðrir, sem töldu sig þá hafa þörf fyrir það sama, og þetta var áður en varði orðin svo mikil halarófa, að hæstv. ríkisstj. taldi sig ekki valda svo löngu skotti og klippti það af. Þetta sýndi ljóslega, að það voru mjög margir staðir, sem töldu sig þurfa að fá eignarhald á skipum, sem flyttu aukið hráefni til fiskvinnslustöðva, sem vantaði verkefni, og sæju þar með fyrir verkefni handa fólki, sem væri atvinnulaust á þessum stöðum. Þetta ástand hefur ekki breytzt. Þrátt fyrir það að menn telji nú, að hér í Reykjavík og nágrenni sé of mikið framboð vinnuafls, þá er atvinnuleysi ríkjandi í mörgum landshlutum, norðanlands, austan og vestan, og margir taka svo djúpt í árinni að segja, að þar liggi við landauðn. Og það er ekki mikið ýkt. Þörfin fyrir að fá aukin hráefni til fiskvinnslustöðva víða um land og fá aukin verkefni handa iðjulausum höndum að vinna er sem sé jafnbrýn nú og þá var.

Löngu áður en hv. þm. N-Ísf. og hv. meðflm. hans að þeirri till., sem hér er til umræðu, hafði ég flutt í hv. Ed. frv. til laga um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar, þar sem farið var fram á, að ríkinu væri heimilað að byggja allt að fjórum litlum dieseltogurum til þess að afla hráefnis fyrir innlendar fiskvinnslu- og fiskverkunarstöðvar og til þess að bæta úr atvinnuleysi, þar sem það gerði vart við sig. Þetta frv. hefur verið flutt þing eftir þing síðan. Í n. í hv. Ed. fékk málið strax í fyrsta sinn sem það var flutt þær undirtektir, að einn af hv. þm. Sjálfstfl., sem er mjög reyndur í útgerðarmálum, Jóhann Þ. Jósefsson, en hann var þá form. þeirrar n., sem um málið fjallaði, sagði: Það er ekki hægt að neita því, að það er mikil þörf fyrir aðgerðir sem þær, er frv. fer fram á. Og hann sagði enn fremur: Þó að ég sé samkeppnismaður, þá játa ég það, að í þessu tilfelli er það ríkisrekstrarfyrirkomulagið eitt, sem hent-

ar hlutverkinu, af því að það gerir mögulegt, að slík skip þjóni mörgum smærri stöðum, sem ekki hafa mannafla til að vinna úr heilum togarafarmi, ekki hafa fiskvinnslumannvirki til þess að verka heila togarafarma og hafa jafnvel ekki hafnarmannvirki til þess að taka á móti togara. Það er þannig unnt með ríkisrekstri að láta skipin þjóna mörgum stöðum í senn, leggja upp á einum staðnum, þar sem hafnarmannvirki henta bezt og aðalfiskvinnslustöðvarnar eru, og láta síðan flytja hráefnið til ýmissa smærri staða þar í nágrenninu. Þetta er aðeins hægt að gera, án þess að nokkur krytur skapist um þetta, ef þetta eru ríkisrekin skip. En þetta fæst ekki gert, og þessi tilfærsla skipanna er óframkvæmanleg, ef einstaklingar eru eigendur eða eitt bæjarfélag er eigandi að skipinu. Þá telst skipið alltaf verða að þjóna atvinnuþörfinni á þeim eina stað.

Það er alveg augljóst mál, að þessi brýna þörf, sem margir hafa nú komið hér inn á auk hv. þm. Vestm., sem hefur mikið vit á þessum málum, er fyrir hendi. Og sannast að segja er það jafnaugljóst mál, að staður, sem þarf aðstoðar í ár, getur verið með allt sitt vinnuafl notað að ári. Og vissa hluta ársins getur líka staðið þannig á í atvinnulífinu, að hver hönd sé vinnandi, en þá sé annars staðar brýnni þörf á að hjálpa. Bæri þá að beina ríkisreknu skipi þangað. Við skulum t. d. segja, að Dalvík og Ólafsfjörður hefðu togararekstur með höndum. Þar gæti vissan tíma ársins verið þörf fyrir að vinna úr farmi þessa skips og nægur vinnukraftur fáanlegur til þess að taka við heilum togarafarmi og vinna hann, en það gæti líka verið svo á öðrum tíma árs, að það væri líf í tuskunum á Dalvík og Ólafsfirði, vélbátaflotinn í fullum gangi, allir sjómenn þessara staða væru þar í arðvænlegri atvinnu og fólkið í landi hefði ekki undan, ynni nótt og dag, eins og sums staðar gerist, sem betur fer, við að vinna aflann af bátaflotanum, hinn dýrmætasta, ferskasta og verðmætasta fisk, sem hægt er að hugsa sér. Og þá væri miklu betra, að togara ríkisins væri beint á aðra staði, þar sem iðjulausar hendur væru og ónotuð mannvirki. Menn eiga ekki og mega ekki hengja sig svo í fordóma kenninga og rekstrarforma, að þeir neiti þeirri staðreynd, að hér er aðeins ein leið, sem ber höfuð og herðar yfir önnur möguleg úrræði í þessum efnum, og það er ríkisrekstur togara til atvinnujöfnunar. Slíkum ríkisreknum skipum, hvort sem þau væru þrjú, fjögur eða fimm, væri hægt að beina á þá staði, þar sem þörfin væri mest hverju sinni, en skipum, sem hefðu verið fengin í hendur einstökum stað, væri haldið þar, hvort sem þörfin væri þar mikil eða lítil. Jafnvel gæti þá farið svo, að ekki væru notaðir hinir miklu möguleikar bátaflotans þá hluta ársins, sem miklu hagkvæmara væri fyrir viðkomandi staði og þjóðfélagið í heild að sinna þeim möguleikum, sem þá hefðu borizt þar að til nýtingar.

Hv. þm. N-Ísf. og meðflm. hans, hv. þm. Barð. og hv. þm. Ísaf., hafa þarna búið úr garði þáltill., sem að efni, anda og formi í öllum aðalatriðum fjallar um úrlausn máls, sem ég hef þegar flutt fyrir mörgum árum. Ég á þar við ríkisútgerð togara. En það mál hef ég nú endurflutt tvisvar síðan ásamt hv. þm. V-Ísf. Tillagan, sem við hv. þm. V-Ísf. fluttum í fyrra um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum, virðist líka hafa verið höfð til fyrirmyndar. Er hún raunar ekkert lakari fyrir það, þó að hún sé í raun og veru endursögn eða útþynning á þessu áður flutta frv. og þáltill. En hún sýnir, og það gleður mig, að nú er vaknaður áhugi fyrir því að leysa þessi mál að svipuðum leiðum, a. m. k. efnislega, hvað sem formshliðina snertir, og áður hefur verið lagt til. Það þýðir, að þessi mál ættu nú að eiga vísan stórkostlega aukinn þingstuðning frá því, sem áður hefur verið. Nú er spurningin þó sú, hvort málinu sjálfu er betri þjónusta gjör með flutningi slíkrar endursagnartill. sem hér um ræðir, um skipun n., sem eigi að athuga þetta mál og reyna að finna leiðir til úrbóta, eða með því blátt áfram að veita áður fram komnum þingmálum þinglegan stuðning og fá þau samþ. Og ég er þeirrar skoðunar, að það hefði verið öllu viðkunnanlegra, að hin áður fluttu mál um þetta efni hefðu fengið stuðning þessara mætu manna, sem nú láta í ljós með flutningi þessarar till., að þeir standi með efni hinna áður fluttu þingmála um þessi efni.

Ég skal þó fúslega rétta upp höndina til þess að greiða þessari till. götu til nefndar og þannig stuðla að því, að hún komist sem allra fyrst til hæstv. ríkisstj., svo að hún geti skipað n. til þess að athuga þessi mál, því að það ætti þá að vera tryggt, að það yrði loksins farið að hugsa um þessi mál, líka innan hæstv. ríkisstjórnar. Og betra er seint en aldrei.

Einar Olgeirsson: Það er engum efa bundið, að hér er um nauðsynjamál að ræða, sem verður að reyna að finna úrlausn á og það nú þegar á þessu þingi.

Hv. frsm. kom nokkuð inn á það — og að því er mér fannst frekar óheppilega — að setja þetta mál að einhverju leyti í andstöðu við útvíkkun landhelginnar. Það má ekki verða. Þetta er nauðsynjamál, hvernig sem um landhelgina fer, og við skulum ekki láta neina af þeim eðlilegu óskum og kröfum, sem gerðar eru til þess að auka útgerðina og fiskiðjuverin, verða til þess á neinn hátt að draga úr þeim till., sem fram koma um, að Íslendingar nú þegar kveðji sér alvarlega hljóðs um sinn rétt til landgrunnsins.

Hv. frsm. virtist að nokkru leyti vilja fara inn á þessa leið með tilliti til þess, að það væri svo óbilgjörn klöpp, sem stæði í okkar vegi hvað snerti útvíkkun landhelginnar. Hann nefndi að vísu ekki klöppina, en við þekkjum hana. Við vitum ósköp vel, að það gamla brezka auðvald með sínum yfirgangi á hafinu heldur mjög sterkt á því valdi, sem það hefur einu sinni rænt sér, og hefur allvolduga bandamenn gagnvart okkur smælingjunum í þessu efni. En ég held, að við megum bara ekki láta neitt slíkt hræða okkur frá því að segja alveg fyllilega, hvern rétt við höfum í þessum efnum, og taka okkur hann, eins og við erum frekast menn til.

Ég held, að okkur beri ekki á neinn hátt að víkja þar, og Bretar hafa nú gert okkur þann stóra greiða, þó að þeir hafi ætlað að gera okkur illt, að skella á okkur þessu löndunarbanni í Bretlandi, sem raunverulega hefur orðið til þess og verður til þess í ríkari mæli að sýna okkur Íslendingum, hve vel við getum komizt af án brezks markaðs og að það er heppilegra fyrir okkur að fá að vinna úr öllum okkar afla hér innanlands heldur en að nokkru leyti að þurfa að vera upp á ísfisksmarkað í Bretlandi komnir, þannig að það er sízt ástæða til þess að vægja í landhelgismálinu vegna löndunarbannsins eða á nokkurn hátt að vera yfirleitt að setja það í samband við okkar landhelgiskröfur.

Ég er alveg fyllilega sammála einmitt því, sem fram kom líka hjá hv. frsm., að fiskiðjuverin og fjölgun þeirra er mál, sem leysir algerlega úr öllum þeim vandræðum, sem ætlunin var fyrir Breta að setja okkur í með löndunarbanninu. Höfuðmálið hins vegar, sem þessi þáltill. fer fram á, er raunverulega að koma í veg fyrir eyðingu Vestfjarða, því að það er alveg rétt, sem hv. frsm. og aðrir hafa haldið fram, að það, sem raunverulega vofir yfir, ef haldið er áfram eins og nú er stefnt, er eyðing slíkra landshluta. Nú hefur það ekki aðeins gildi fyrir Vestfirðinga, að þar sé hægt að auka togara- og bátaútgerð og byggja þar fiskiðjuver, heldur hefur þetta líka stórkostlegt gildi fyrir þjóðarbúið allt, fyrir alla landsfjórðunga. Við vitum það vel, að okkar að mörgu leyti beztu fiskimið eru úti fyrir Vestfjörðum, ef hægt er að sækja þau, og það er þess vegna litlum efa bundið, að ef til væru nægileg fiskiðjuver á Vestfjörðum, þá hefur það ekki aðeins gildi fyrir þá togara og báta, sem gerðir væru út frá Vestfjörðum, heldur líka fyrir togara annars staðar á landinu, sem mundi þykja mjög gott, a. m. k. á ýmsum tímum ársins, að leggja þar upp.

Ég held þess vegna, að það sé alveg nauðsynlegt, að athugaðar séu nú af meira raunsæi og alvöru er gert hefur verið á undanförnum þingum þær till., sem fram hafa komið um aukningu togaraflotans, og það gleður mig, hvernig hv. frsm. tók undir þörfina á því. Við sósíalistar höfum flutt, bæði á síðasta þingi og fyrr, till. um kaup á 10 nýjum togurum, þar af tveim smíðuðum hér innanlands, þar sem nú er komið í ljós, að við Íslendingar getum vel smíðað stálskip sjálfir og ættum ekki að vera í neinum vandræðum með að geta smíðað togara. Við lögðum til, að 10 togarar yrðu keyptir á næstu tveim árum, og ég býst við, að á því sé full þörf, bara miðað við sæmilegt viðhald á togaraflotanum. Það, sem er ekki síður þörf, eins og hv. frsm. kom inn á líka, bæði á Vestfjörðum og annars staðar, er bygging fiskiðjuvera.

Nú er spurningin, og það er það, sem alltaf hefur sýnt sig, um leið og einhverjar svona till. koma fram, að áhuginn fyrir samsvarandi aðgerðum í öðrum landshlutum er svo mikill, að þarna bætist alltaf ákaflega mikið við af till., og síðan stöðvast allt að lokum. Ég held, að við verðum að reyna að finna einhverjar leiðir í þessum efnum. Það dugir ekki að láta þetta ganga svona þing eftir þing, það sé kvakað hér með bænaskrár á ríkisstj., hún geri ekki neitt, fari kannske fram á í hæsta lagi að fá 5 eða 10 millj. kr. á fjárlögum til þess að útbýta á milli þægra kjördæma eða þægra staða sem eins konar atvinnubótafé, útdeilir þeim þess vegna eftir hinum undarlegustu reglum, ef reglur skyldi kalla, en raunverulega sé ekkert gert, sem eitthvað munar um, viðvíkjandi þessum stöðum, sem út undan eru og út undan hafa orðið hvað fjármagn snertir, a. m. k. allt síðan á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, því að það er auðséð, eins og hv. frsm. kom inn á, að það, sem þessir staðir eins og Vestfirðirnir byggja á enn þá, eru togararnir, sem þeir fengu með þeim lögum, sem þá voru sett, og með þeim aðgerðum, sem þá voru framkvæmdar.

Það er þess vegna vafalaust mjög gott og nauðsynlegt að herða á hæstv. ríkisstj. um aðgerðir í þessum efnum, um aðstoð og hjálp til að kaupa togara og annað slíkt, og það eru fyllilega réttmætar líka þær till., sem fram hafa komið af hálfu Alþfl. viðvíkjandi togurum til atvinnujöfnunar. En ég vildi, um leið og ég tek undir þær till., sem fram hafa komið frá þeim mönnum, sem hér hafa talað á undan í slíkum efnum, leyfa mér að beina því til hv. þm., sem áhuga hafa á þessum efnum og hafa reynsluna af, hvernig gengur, þ. e. a. s. hver árangurinn verður, hve lítill hann verður af því að biðja hæstv. ríkisstj. ósköp fallega og fá aldrei neitt svar, — ég vildi biðja þá um að athuga, hvort við gætum nú ekki orðið sammála á þessu þingi um aðgerðir, sem bókstaflega leyfðu þessum fjórðungum og þessum aðilum að bjarga sér sjálfir. Það er talað um óbilgjarna klöpp í sambandi við okkar landhelgismál, en sannleikurinn er sá, að í ýmsum þeim málum, sem landsfjórðungarnir eru að beita sér fyrir, hefur sjálf ríkisstj. reynzt óbilgjarnasta klöppin, þ. e. a. s. þar, á hennar einokunarvaldi, hefur strandað það, sem ef til vill væri mögulegt að gera fyrir einstök bæjarfélög og einstaka fjórðunga. Ríkisstj. hefur tvenns konar vald í þessum efnum nú sem stendur. Hún hefur annars vegar það vald, að öll bæjarfélög landsins þurfa að sækja til hennar um leyfi til þess að taka lán erlendis. Áður fyrr gátu íslenzk bæjarfélög tekið lán erlendis, og þau þurftu aðeins til ríkisstj. að sækja að svo miklu leyti sem það snerti þá gjaldeyrisyfirfærslu, eða þau þurftu að biðja um ríkisábyrgð. Ég álít, að í fyrsta lagi ætti að gefa bæjarfélögunum og fjórðungunum og þeim samtökum, sem bæjarfélögin þannig mynduðu sín á milli í einstökum fjórðungum, leyfi til þess að mega sjálf reyna að bjarga sér í þessum efnum. Í öðru lagi hefur ríkisstj. það vald, að hún getur neitað þessum fjórðungum um rétt til þess að selja sinn fisk út úr landinu, sökum þess að hún hefur samkv. lögunum frá 12. febr. 1940 ein leyfi til þess að veita leyfi til útflutnings á íslenzkum afurðum. Ég álít, eins og ég hef margoft lagt til á undanförnum þingum, að það ætti að veita bæjarfélögunum leyfi til þess og þeim samtökum, sem þau mynda, að mega sjálf flytja út fisk, m. ö. o., það ætti að leyfa þessum fjórðungum og þessum aðilum, sem eru

að drepast undir þeirri fjármálapólitík, sem rekin er og stjórnað héðan frá Rvík, að bjarga sér sjálfir. Í öðru lagi er það vitanlegt, að það er ekki nóg að gefa þeim þetta frelsi. Það er rétt að gefa þeim meira, og það er fyllilega að öllu leyti forsvaranlegt. Það, sem þessi bæjarfélög þyrftu, eru eðlileg lán út á togara og hraðfrystihús, sem þau kæmu sér upp. Með lögunum um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands var það tryggt, að hægt væri að fá þar 75% af andvirði togara að láni, og núna eru lánin í stofnlánadeildinni 67 millj. kr. Það þýðir, að það hafi verið borgað niður um 33 millj. kr. af þeim 100 millj. kr., sem það var upphaflega og raunverulega var alltaf tilgangur Alþingis þá að ætti að vera áfram 100 millj. kr., þó að það hafi hins vegar verið framkvæmt þannig, að það hafi verið minnkað. Ég álít, að í fyrsta lagi væri rétt að setja stofnlánadeildina aftur í gang, þannig að það væri hægt að veita úr henni lán samkv. þeim fyrirmælum, sem þar eru. En þar sem vitað er, að hún mundi hrökkva skammt, þá álít ég, að það væri rétt, að ríkið tæki á sig samsvarandi ábyrgð gagnvart þeim bæjarfélögum eða samtökum bæjarfélaga, sem keyptu togara eða kæmu sér upp hraðfrystihúsum, eins og ríkið veitir Landsbankanum núna. Ríkið ábyrgist þessi lán, sem stofnlánadeildin veitir. Og ef ríkið léti bæjarfélögunum og þeim samtökum, sem þau kynnu að mynda, í té samsvarandi ábyrgð, sem sé ríkisábyrgð fyrir a. m. k. 75% af þessu, — það hefur nú farið raunverulega upp í 85% með ýmislegt af því, — þá mundi það þýða, að mörg af þessum bæjarfélögum og samtökum manna í þessum fjórðungum mundu á grundvelli slíkrar ríkisábyrgðar og frelsis til þess annars vegar að mega taka lán erlendis og hins vegar að mega sjálf selja út úr landinu sinn fisk, reyna að bjarga sér með að koma upp þessum tækjum, og í staðinn fyrir að fá hér þá halarófu, sem talað hefur verið um hér á Alþ. undanfarið, að það sé bætt alltaf við eina þáltill. eins og þá, sem nú kemur, ótal samsvarandi till., þangað til loksins er svo komið, að ríkisstj. segir: Ja, nú get ég ekki lengur tekið við þessum till. — þá mundu þau fá ákveðna skuldbindingu ríkisstj., ákveðna ríkisábyrgð, sem gildir gagnvart öllum bæjarfélögum, og möguleika fyrir þessi bæjarfélög til þess að hagnýta sér þessa ríkisábyrgð innanlands og utan með því að reyna svo af fremsta megni að leggja þarna nokkuð fram sjálf á móti.

Ég held, að þetta sé atriði, sem við ættum alvarlega að athuga, hvort ekki væri hugsanlegt, að hægt væri að ná samkomulagi um á þessu þingi. Ég býst við, að menn séu orðnir sammála um það, að togaraútvegurinn og hraðfrystihúsin séu það örugg undirstaða undir íslenzku atvinnulífi, að það sé ekki aðeins óhætt, heldur líka rétt og skylt af ríkisvaldinu að veita slíkan almennan stuðning eins og slík ríkisábyrgð mundi þýða.

Með þessu vil ég sízt draga úr því, að ríkisstj. væri falið að gera stórar aðgerðir í þessum efnum. Við höfum sjálfir lagt það til undanfarið, sósíalistar, að ríkisstj. keypti inn 10 togara og úthlutaði þeim, þannig að við stöndum náttúrlega með því eftir sem áður. En við höfum bara allir þm. orðið þess varir, hve erfitt er að fá hæstv. ríkisstj. til þess að fallast á slíkt, og þess vegna vil ég segja, ef ekkert tækist að fá fram á þessu þingi í því að knýja fram aðgerðir ríkisstj. sjálfrar, þá finnst mér eðlilegt, að þingmeirihluti segði hér við hana: Ef þið viljið ekkert gera sjálfir, þá lofið þið okkur að bjarga okkur, þá standið þið ekki í veginum fyrir því sem aðalhöftin og aðalfjöturinn á framtakssemi landsmanna, að þeir fái að bjarga sér í þessum efnum, en það er ríkisstj. nú sem stendur.

Jónas Rafnar: Herra forseti. Ég vil ekki dæma um möguleikana fyrir því að færa út fiskveiðitakmörkin fyrir Vesturlandi. Ég geri ráð fyrir því, að þegar fiskveiðilandhelgin var færð út, þá hafi okkar færustu sérfræðingar gengið þar eins langt og þeir þorðu. Hins vegar er ljóst, að þetta mál verður að athugast mjög gaumgæfilega og hiklaust að ganga eins langt og frekast er kostur á.

En að þessu atriði slepptu er það augljóst, að það verður sem allra fyrst að gera einhverjar ráðstafanir til þess að hjálpa útgerðinni á Vesturlandi og Norðurlandi. Útgerðin í þessum landshlutum hefur á síðustu árum orðið fyrir hverju áfallinu af öðru. Ofan á síldveiðibrestinn, sem á okkur hefur dunið eftir sumarið 1944, hefur hvað eftir annað orðið stórkostlegur aflabrestur á togveiðunum fyrir Norðurlandi.

Það hefur verið bent á það hér í umræðunum, að öruggasta leiðin til úrbóta fyrir þessa staði væri að fá togara, sem geta leitað út á djúpmiðin og fært þaðan björg í búið. Þetta er alls kostar rétt, að þessum stöðum verður áreiðanlega ekki bjargað nema með aukinni togaraútgerð, en í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á eitt atriði, sem ég tel engu síður mikilsvert, og það er, að þessum stöðum séu skapaðir möguleikar til þess að nýta aflann. Það hafa verið færð rök fyrir því á óyggjandi hátt, að togaraútgerðinni sé langsamlega bezt borgið með því, að togaraútgerðarmenn eða útgerðarfélögin vinni sjálf úr aflanum, og mér er þetta sérstakt áhugamál, þar sem í minu kjördæmi eru núna reknir 5 togarar, en við höfum ekki enn þá haft aðstöðu til þess að vinna aflann í landi með öðrum hætti en að hengja hann upp í fiskhjalla til þurrkunar eða þá að salta hann. Það er því engu síður þýðingarmikið, að gerðar verði ráðstafanir til þess að skapa þessum útgerðarstöðum einmitt aðstöðu til þess að nýta aflann.

Það mun liggja fyrir, að ríkisstj. hafi gert ráðstafanir til þess að útvega erlendis frá fé til ýmissa framkvæmda hér á landi. Nú er svo háttað, að ýmsir landshlutar, eins og Norðurlandið og Vesturlandið, hafa orðið ákaflega hart úti. Við höfum orðið fyrir mörgum skakkaföllum í sambandi við síldveiðibrest og aflabrest á þorskveiðum, og ofan á allt þetta hefur það skeð, að aðrir landshlutar hafa fengið óvenjulega mikla möguleika til þess að draga fólkið að sér. Ofan á þá vinnu, sem hér sunn-

anlands er í sambandi við varnarliðið, hefur verið hér mikil síldveiði í Faxaflóa, og ýmsir bjargræðisvegir opnast hérna fyrir fólkið, sem áður kvað ekki eins mikið að.

Það má því segja, að Norðlendingar og íbúar Vesturlandsins séu í sérstakri hættu staddir, og ég vil bókstaflega gera kröfu til núverandi ríkisstj., að hún noti það fé, sem e. t. v. kann að fást, einmitt til þess að byggja upp þessa staði. Það er nauðsynlegt, að þetta sé gert fyrr en síðar, því að dráttur í þessum efnum skapar eingöngu aukna örðugleika, og fram hjá því verður aldrei gengið, að það verður að skapa fólkinu í þessum landshlutum engu síður möguleika til þess að bjargast heldur en þeim, sem búa hér við Faxaflóa.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég vil aðeins þakka hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir mjög góðar undirtektir undir mitt mál og þá till., sem hér liggur fyrir. Ég vil sérstaklega taka undir það, sem hv. þm. Ak. (JR) sagði nú, er hann talaði síðast, að það verður að gera kröfu til þess, að nokkur hluti þess greiðsluafgangs, sem verður hjá ríkinu á þessu ári, verði notaður til þess að koma í veg fyrir, að til hruns og vandræða komi í ýmsum þróttmiklum framleiðslubyggðarlögum úti um land.

Það kom fram smávægilegur misskilningur hjá tveimur hv. þm., sem hér töluðu, hv. 3. landsk. þm. (HV) og hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Þeir töldu, að ég hefði flutt þetta mál sem nokkurs konar andstæðu við frekari friðunaraðgerðir fiskimiða fyrir Vestfjörðum. Þetta er ekki rétt. Því fer víðs fjarri, að ég sé slíkum ráðstöfunum mótfallinn. Ég tel þvert á móti, að stefna beri að því, eins og gert hefur verið, að landgrunnið allt, ekki aðeins fyrir Vestfjörðum, heldur umhverfis allt landið, verði friðað og að ýtrustu tilraunir verði gerðar til þess að mæta vanda Vestfirðinga nú með frekari útfærslu fiskveiðitakmarkanna. En ég hef aðeins lýst því yfir, að ég óttast, að sú viðleitni beri ekki nægilega skjótan árangur til þess að snúizt verði við vanda þessa landshluta nú. Ég sagði, að sú óbilgjarna klöpp, sem þær ráðstafanir, sem við þegar höfum gert, hafa lent á, bendi til þess, að þungt yrði undir fæti um enn frekari ráðstafanir í bili. En þetta þýðir að sjálfsögðu ekki það, að þessi till. sé flutt í einhverri andstöðu við viðleitni til þess að færa fiskveiðitakmörkin frekar út fyrir Vestfjörðum. Við flm. þessarar till. reynum aðeins að líta raunsætt á málin. Við flytjum till. um ráðstafanir, sem við teljum að hægt sé að gera nú þegar og geti borið árangur svo að segja strax. Þess vegna er það, sem við viljum mæta hinum aukna ágangi innlendra og erlendra togara á fiskimið vélbátaflota Vestfirðinga með því að fá Vestfirðingum sjálfum hliðstæð tæki í hendurnar, til þess að þeir geti sótt björg í bú eins og aðrir á sín eigin mið á stórum og fullkomnum skipum og unnið afla þeirra í þróttmiklum fiskiðjufyrirtækjum í landi.

Þetta er kjarni þessarar till., en eins og að líkum lætur alls ekki hitt, að flm. hennar vilji ekki freista þess, að allt sé gert, sem unnt er, til þess raunverulega að friða mið vestfirzka vélbátaflotans.

Ég skal ekki fara að ræða við hv. 3. landsk. þm. um öll þau ágætu mál, sem hann kvaðst hafa flutt hér á undanförnum árum. Í hans munni hlýtur það að vera hól um okkar till., þegar hann segir, að hún sé að „efni, anda og formi“ sniðin eftir sínum viturlegu og framsýnu till. á liðnum árum. Ég segi: Þarf þá nokkuð frekar vitnanna við um þessa till. að hans áliti, fyrst hún er þannig að efni, anda og formi? En annars álít ég, að við, sem þekkjum, hvar skórinn kreppir að í þessum efnum, eigum ekki að vera að deila um formsatriði í þessu sambandi. Við eigum að reyna að fara þær leiðir, sem líklegastar eru til þess að leysa vandræði þess fólks, sem við erum fulltrúar fyrir. Þess vegna álít ég það ekki tímabært, að ég og hv. 3. landsk. förum hér inn á kappræður um ríkisútgerð togara eða ekki ríkisútgerð togara. Við þurfum að fá stærri og betri skip til þess að gera út á Vestfjörðum, og þá leysist vandinn. Það er nógur tími til þess að deila um það, hvert formið á að vera á útgerð þeirra. Ég get aðeins sagt það sem mína skoðun, að ég álít síður en svo, að það sé nokkur fjarstæða að ræða um ríkisútgerð togara, og ég álít, að þó að horfið væri að slíkum rekstri, þá þýddi það ekki neina allsherjar þjóðnýtingu í þessu landi.

Ég álít hins vegar, að hitt formið sé skynsamlegra, að einkaframtakið og einstök byggðarlög leysi atvinnuvandamálin saman með þeim stuðningi, sem nauðsynlegur er af hálfu ríkisins. Ég álít, að þar sé ekki um að ræða annað en nauðsynlega og eðlilega tilfærslu á fjármagni, og það er það, sem raunverulega hefur þegar verið gert með aðstoð ríkisins við togarakaup í fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Ég vil svo endurtaka þá ósk mína, að þessu máli verði vel tekið, till. fái skjóta afgreiðslu og komist sem allra fyrst í framkvæmd.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta er nú fyrri umr. um þessa till. og vafalaust fer hún til athugunar í n., eins og venjulegt er. En þrátt fyrir það þykir mér ástæða til að segja nú þegar nokkur orð, aðallega til athugunar fyrir þá þingnefnd, sem fær þessa till. til meðferðar.

Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. fyrir það að hafa hreyft þessu vandamáli, því að vissulega er hér um stórkostlegt vandamál að ræða. En ég vil ítreka það, sem hér hefur verið nokkuð vikið að af öðrum hv. þm., að það eru ekki einasta Vestfirðir, sem eiga þarna hlut að máli, heldur líka Norðurland og þá fyrst og fremst Húnaflóahéruðin. Það eru nú orðin 4 ár, síðan landhelgislínan var ákveðin og færð út fyrir Norðurlandi, rúmlega 4 ár, og það ber öllum sjómönnum þar, a. m. k. í Húnaflóahéruðunum, saman um það, að það séu óeðlilega lítil áhrif, sem þetta hefur haft, eftir því sem enn er komið, og ég hygg, að það sé alveg rétt, sem fram er tekið í grg. þessarar till., að það sé vegna þess, að það sé bein-

línis setið fyrir fiskigöngunum fyrir Vestfjörðum, og það gildir náttúrlega nákvæmlega sama um Húnaflóa, að það sé setið fyrir þeim af togaraflotanum.

Ég skal geta þess, að það er nú og var strax raunar allmikil óánægja meðal sjómanna og útvegsmanna í Húnavatns- og Strandasýslu yfir því, að þessi nýja landhelgislína liggur inn með Ströndunum í stað þess að vera tekin af Horni og bara miðuð við Horn og Skaga.

Nú skal ég segja það, að eins og allir hv. þm. sjálfsagt hafa heyrt, hef ég fengið upplýsingar um það, að fiskveiðafloti Breta hér við land hafi veitt s. l. ár 67% meira en næsta ár áður en landhelgislínan var færð út. Þetta er náttúrlega mjög glæsilegur og góður árangur, ef þetta væri allt því að þakka, að landhelgin hefði verið aukin. En ég fyrir mitt leyti er ekki svo bjartsýnn, að ég trúi því, að öll þessi veiði hafi verið veidd utan hinnar nýju landhelgi, því að bæði er nú það, að við vitum, að fyrr og síðar hefur Ísland ekki haft færi á því að hafa svo sterka landhelgisgæzlu, að hún dugi að fullu, og svo vitum við það, að eftir framkomu Bretanna er áreiðanlega víst, að þeir hafa enn meiri viðleitni sýnt — og þá sennilega ekki sízt fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi — til þess að fara inn fyrir hin nýju takmörk, þegar ekki eru varðbátar á leiðinni. Þess vegna er það ekki sízt ástæða til, að sú n., sem hér er gert ráð fyrir að skipa, og þá ríkisstj. líka leggi meiri áherzlu á það en enn hefur verið, að landhelgisgæzlan á þessu sviði sé sem allra öruggust. Að öðru leyti skal ég nú ekki fjölyrða um þetta og ekki fara að tala um aukna togaraútgerð og slíkt, en hitt er vitaður hlutur, að í þeim kauptúnum og sjávarþorpum, sem eru fyrir Vestur- og Norðurlandi, er vandinn það mikill fyrir hendi, að það er þörf á því fyrir Alþ. að grípa þar fast í taumana.

Og svo vil ég að lokum gera eina sérstaka aths. við þessa till. og biðja hv. n. að taka hana til greina, og það er fyrst og fremst niðurlag till., því að þar segir, að n. skuli hafa skilað áliti til ríkisstj. fyrir 1. marz 1955. Ég mundi vilja leggja áherzlu á, að þessi n., verði hún skipuð, skili áliti svo fljótt, að þetta mál geti orðið tekið til meðferðar á þessu þingi og þær till., sem sú væntanlega n. kann að koma með. Það vitum við nú náttúrlega ekkert um, hvað þing stendur lengi. Það eru sumir, sem orða það, að því verði lokið fyrir jól, en ég er nú ekkert mjög trúaður á það. En ég álít, að þetta verði að færa fram a. m. k. það, að þessi n. hafi skilað áliti fyrir áramót.

Að öðru leyti skal ég svo ekki fjölyrða um þetta mál á þessu stigi.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Það hefur verið bent á það hér af nokkrum hv. þm. á undan mér, að það væri að vísu nokkuð óvenjulegt, að um þáltill. sem þessa væru jafnmiklar umr. og þegar eru orðnar. En þar sem fulltrúar af Vestur- og Norðurlandi hafa þegar sagt sína raunasögu um atvinnuástandið á þeim stöðum, tel ég ekki óeðlilegt, að einnig komi rödd af Austfjörðunum, sem að vissu leyti verður ekki mjög frábrugðin því, sem áður hefur verið sagt. Þar eru sams konar erfiðleikar og á borð við þá, sem upp eru taldir í þeirri till., sem þrír hv. þm. hafa hér flutt og vissulega er þörf á að samþykkt verði, þó að sú nefnd, sem um getur í till., mætti gjarnan hafa öllu víðtækara starfssvið en þar er gert ráð fyrir. Ég skal ekki á neinn hátt draga úr því, sem hv. frsm. sagði um það ástand, sem á Vestfjörðum ríkir og sjálfsagt víða á Norðurlandi, eins og hv. þm. Ak. benti hér á áðan, en vil minna á það, að það eru til staðir víðar á landinu, eins og t. d. á Austurlandi, og verða mér þá sérstaklega minnisstæðir Seyðfirðingar, sem fengu á sínum tíma nýsköpunartogara, en hafa ekki á einn eða annan hátt getað hagnýtt sér hann síðan, vegna þess að þær hv. ríkisstjórnir, sem setið hafa við völd síðan sá togari kom til landsins, hafa ekki séð ástæðu til að rétta þessum stað á Austfjörðum þá fjárhagslegu aðstoð, sem hann þurfti til að geta hagnýtt sér til hlítar það skip, sem honum var þó úthlutað. Þetta hefur þýtt það, að skipið hefur orðið að leggja upp á fjarlægum stöðum um margra ára skeið, og Seyðfirðingum er með því gert ókleift að stunda sjómennsku á skipinu, jafnframt því sem skipið hefur lítið sem ekkert lagt Seyðfirðingum til af atvinnu. Slíkt ástand eins og ríkir um mál kaupstaðar eins og Seyðisfjarðar hefur verið bent á víðar á landinu, og er sjálfsagt satt og rétt, en ég taldi nauðsynlegt að benda á það neyðarástand, sem ríkir í atvinnumálum Seyðisfjarðar og reyndar víðar á Austfjörðum, áður en þessi till. fer í n., þar sem búast mætti við því, að till. kæmu fram við síðari umr. um víðara starfssvið þeirrar n., sem um getur í till. þeirra hv. þm. N-Ísf. og hinna tveggja, er till. flytja með honum.

Ég þarf ekki að ítreka það, sem aðrir hv. þm. hafa hér minnt á, hvað þessir hlutir þýða fyrir slíka staði. Þeir þýða fólksflótta þaðan og þá fyrst og fremst hingað til Suðvesturlandsins, skapa þar aftur önnur vandamál, svo sem húsnæðisböl, og þegar afturkippur kemur í þá hervarnavinnu, sem nú er unnin, þá mun að sjálfsögðu verða tvöfalt það böl, sem þessi fólksflótti hefur orsakað, í fyrsta lagi á stöðunum, sem flúið var frá, og eins að ekki voru þeir staðir færir um að taka við, sem flutt var til, af mörgum ástæðum og þá fyrst og fremst húsnæðis- og atvinnulega séð.

Ég tek því að lokum eindregið undir þau eggjunarorð hv. þm. Ak. um áskorun á ríkisstj., að hún leggi fram það fé, sem afgangs verður á fjárlögum, og veiti til þess sérstakan lið einnig á fjárlögum að bæta úr atvinnuástandi þeirra staða, sem ekki þola langa rannsókn slíkra mála, heldur þarfnast fyrst og fremst skjótrar úrlausnar.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Við 1. umr. fjárlaganna í Sþ. um daginn gat hæstv. fjmrh. þess, að það sé sannarlega ástæða til þess að gleðjast yfir því, að allir hafi nú atvinnu og að menn í þessu landi búi nú almennt við kjör, sem þoli fyllilega samanburð við það, sem sé annars staðar. Ég verð að segja það, að ég varð

undrandi yfir þessum ummælum hæstv. ráðh. Ég taldi mig það kunnugan a. m. k. atvinnuástandi í Norðlendingafjórðungi, að þessi ummæli hæstv. ráðh. hafa hlotið að verka á norðlenzkt verkafólk, sem nú gengur atvinnulaust í hundraðatali, sem hrein og bein fjarstæða, svo að ekki sé meira sagt. Annaðhvort er, að hæstv. fjmrh. hefur mjög óglöggt yfirlit yfir atvinnuástand hinna ýmsu kaupstaða og kauptúna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, eða hitt, að ráðherrann hefur ekki viljað viðurkenna staðreyndir. En staðreyndirnar eru þær, að í öllum þessum landsfjórðungum hefur verið og er enn, því miður mjög alvarlegt atvinnuástand.

1952 skipaði ríkisstj. atvinnumálanefnd ríkisins. Þessi n. skyldi rannsaka atvinnuástand hinna ýmsu staða, aðallega á Norður- og Vesturlandi. Það var mjög mikið verkefni, sem þessari n. var falið að vinna, og hún lauk ekki störfum eða sendi ekki frá sér skýrslu um sín störf fyrr en í marz s. l. vetur. Í þessari skýrslu, sem ég tel að sé mjög fróðlegt plagg, eru margar, miklar og merkilegar upplýsingar. Það liggja fyrir frá nefndarinnar hálfu skýrslur frá að mig minnir 44 kauptúnum og kaupstöðum á landinu. Á öllum þessum stöðum vantar tifinnanlega atvinnutæki, svo sem skip, hraðfrystihús, beinamjölsverksmiðjur og margt og margt fleira. Á sumum af þessum stöðum er eitthvað af þessum tækjum til, víða eru þau mjög úr sér gengin. Það, sem er áberandi og sérstaklega kemur víða fram í nefndarálitinu, er það, að víðast hvar vantar rekstrarfé, svo að hægt sé að reka þau atvinnutæki, sem til eru. N. virðist hafa tekið þetta starf sitt allalvarlega, og hún gerir till. til úrbóta fyrir alla þessa staði.

Maður skyldi nú ætla, þegar ríkisstj. hefur skipað n. í ákveðnum tilgangi, að þá sé það ekki gert til þess aðeins að sýnast, aðeins til að slá ryki í augun á fólkinu, aðeins til þess að svæfa það í bili frá því að gera ákveðnar kröfur til úrbóta á vandræðum sínum. En a. m. k. það sem af er þessu þingi hefur verið ótrúlega hljótt um störf þessarar n., og ekkert liggur hér fyrir um það, hvað ríkisstj. hyggst gera og hvað hún ætlar sér að taka upp af þeim till., sem atvinnumálanefndin gerði til úrbóta á atvinnuástandi hinna ýmsu staða. Nú má vel vera, að hæstv. ríkisstj. sé ekki búin að ganga frá því, sem hún ætlar sér að leggja til að gert verði til úrbóta á atvinnuástandi hinna ýmsu staða. Færi betur að svo væri og að við mættum eiga von á að fá einhverjar till. frá hennar hálfu í þessa átt.

Ég get tekið undir flest eða öll þau ummæli, sem hér hafa komið fram hjá þeim hv. þm., sem hafa kvatt sér hljóðs um þá þáltill., sem hér liggur fyrir. Reyndar hafa umræðurnar ekki eingöngu snúizt um þáltill. sjálfa sem ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum, heldur snúizt upp í það að verða umræður um atvinnuástandið almennt, og það bregður svo við, að þeir af þm. úr stjórnarflokkunum, sem hér hafa talað, segja ástandið allt öðruvísi í atvinnumálunum en hæstv. fjmrh. vildi vera láta í útvarpsræðu hér við 1. umr. fjárlaganna. Hv. þm. N-Ísf. lýsir því með mjög sterkum orðum, hvað atvinnuástandið sé örðugt og erfitt í sínu kjördæmi og í Vestfirðingafjórðungi almennt. Hv. þm. Ak. gerði slíkt hið sama og hv. þm. Eyf. gerði líka slíkt hið sama. Ég veit, að þessir menn eru mjög kunnugir í sínum kjördæmum og þeir vita alveg um, hvernig ástandið er. Það gleður okkur þm. sósialistanna alveg sérstaklega, að þessir þingmenn skuli nú hafa kveðið upp úr með það hér á Alþ., að það sé hin mesta nauðsyn, að þing og ríkisstj. taki þessi mál til alvarlegrar íhugunar og aðgerða. Í tíu ár hafa t. d. síldveiðarnar brugðizt fyrir Norðurlandi. Þessi atvinnuvegur, síldveiðarnar, hefur verið aðalundirstaðan undir lífsafkomu heilla byggðarlaga, sem telja svo að skiptir þúsundum íbúa. Þegar aðalatvinnuvegurinn hrynur svo gersamlega eins og hér er raun á, þá geta menn sett sig inn í það, hvernig aðstaða þessa fólks muni hafa verið og sé, enda er svo komið, að frá fjölmörgum stöðum á Norðurlandi og sjálfsagt á Vestfjörðum líka er stöðugur straumur af fólki hingað til Suðvesturlandsins. Það er út af fyrir sig fullkomið áhyggjuefni, ef sú þróun á að verða áfram í atvinnumálum okkar, að heil byggðarlög þurfa máske að leggjast í eyði fyrir það, að fólkið fær ekki atvinnu. Við höfum séð, hvernig byggðarlög hafa lagzt í auðn, m. a. á Vestfjörðum, fyrir það að það opinbera var ekki nóg á verði fyrir því að bjarga fólkinu frá því að þurfa að flýja bú sín og heimili til annarra staða. Það flytur enginn frá öðrum eða hinum staðnum frá eigum sínum, nema það telji þess fulla þörf, sjái ekki möguleika til að geta lifað á þeim stað, þar sem það hefur í upphafi myndað heimili og ætlað sér að eiga heima áfram.

Ég vil alveg sérstaklega undirstrika ummæli, sem hv. þm. Ak. viðhafði hér áðan. Hann sagðist krefjast þess af ríkisstj., að veitt yrði fjármagn til uppbyggingar atvinnuveganna í Norðlendingafjórðungi og á öðrum þeim stöðum á landinu, þar sem atvinnuleysi væri nú. Ég vil alveg sérstaklega undirstrika þessi ummæli. Og ég veit, að hann hefur mjög sterka aðstöðu einmitt til þess að láta þessi ummæli verða meira en orðin tóm. Hann er m. a. stuðningsmaður núverandi ríkisstjórnar. Hér hafa fjórir þingmenn, sem allir eru stuðningsmenn núverandi ríkisstj., kvatt sér hljóðs og krafizt aðgerða fyrir þessi byggðarlög og önnur þau, sem búa við hið alvarlega atvinnuleysi.

Ég get líka undirstrikað það, sem kom hér fram hjá hv. þm. A-Húnv., að mér finnst of langur sá frestur, sem getið er um hér í lok þessarar þáltill., að n., sem talað er um að kjósa, skuli hafa lokið störfum og skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. marz 1955. Ég hefði talið sjálfsagt, að þessi n. skilaði áliti nú þegar á þessu þingi. Við erum búnir að fá meira en nóg af því, að það séu skipaðar og kosnar nefndir, sem telja sig þurfa svo og svo langan tíma til rannsókar á þeim verkefnum, sem viðkomandi nefndum eru falin. Því miður hafa framkvæmdir á því, sem nefndirnar leggja til, ekki orðið eins hraðar og æskilegt væri. Er

skemmst að minnast á atvinnumálanefndina, sem ég minntist á í upphafi máls míns, þar sem ekkert er farið að heyrast frá núverandi ríkisstj., hvað hún hyggst gera við þær till., sem þar liggja fyrir.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar. Ég vildi aðeins nota tækifærið, úr því að þetta mál barst hér á góma í hv. Alþ., að lýsa mínum stuðningi við allar þær ráðstafanir, sem fram eru komnar eða fram kunna að koma og gætu orðið til þess að draga úr því neyðarástandi, sem ég tel að ríki í vissum landshlutum hvað atvinnu snertir. Við þm. sósíalista munum á þessu þingi flytja frv. í sambandi við ráðstafanir, sem við teljum að sé nauðsynlegt að nú þegar verði gerðar í þessum málum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. Ak., sem er lögfræðingur, lét það í ljós áðan, er hann talaði, að hann teldi víst, að þau stjórnarvöld, sem réðu því, hvernig núgildandi friðunarlína var dregin, mundu þá hafa farið eins langt og þau þorðu. Ég hef hins vegar fulla vissu og fyrstu handar heimildir um það, að þannig var ekki á máli haldið, heldur var farið svo skammt, þegar línan var ákveðin, að alveg þætti öruggt, að hvert einasta atriði í þeirri ákvörðun stæðist fyrir alþjóðadómi. Ég endurtek: Það var út frá þessu sjónarmiði, sem línan var dregin, að svo hóflega skyldi í sakir farið, að það væri alveg öruggt, að hvert einasta atriði í þessari ákvörðun stæðist fyrir alþjóðadómi. Það hefur verið viðurkennt á innlendum og erlendum vettvangi af hæstv. forsrh., og hef ég þar milliliðalaust á þann boðskap hlýtt, að það var sú meginregla, sem réð aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar. Það er kannske engin ástæða til þess að ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir það að fara svona varlega í sakirnar á sínum tíma. En það sýnir okkur samt fyllilega, að einmitt vegna þessarar varfærni er nú full ástæða til að draga ályktanir af fenginni reynslu og stíga annað skref til viðbótar til útfærslu línunnar, a. m. k. þar, sem sérstaklega aðkallandi aðstæður eru fyrir hendi, eins og fyrir Vestfjarðaströndinni. Þegar við sjáum, að friðunin er þar ófullnægjandi og liggur við, að atvinnuvegur, sem hefur verið aðalatvinnuvegurinn í heilum landshluta frá landnámstíð, er að leggjast í auðn, þá er fyllsta ástæða til að stíga annað skref, svo framarlega sem það þykir fært. Nú hefur verið farið fram á það, að ákvæði gildandi laga um aukna friðun verði notuð, og það er margsinnis upplýst, að það eru ekki til nein ákvæði í alþjóðalögum um 3 eða 4 sjómílna landhelgi. Það eru lífsmöguleikar fólksins í strandríkinu, sem fyrst og fremst verða að ráða slíkum aðgerðum. Og hefur alþjóðadómstóll nú viðurkennt, að það skuli jafnan vera eitt af höfuðgrundvallaratriðum, sem á er litið, þegar dæmt sé um lögmæti landhelgisákvarðana. Ég held því, að enginn skaði væri skeður, þó að það yrði prófað af hæstv. ríkisstj. að færa út friðunarlínuna fyrir Vestfjörðum 12 sjómílur til hafs í viðbót við það, sem núverandi lína ákveður, vegna alveg sérstakra landfræðilegra og hagfræðilegra ástæðna. Það mál væri þá alveg út af fyrir sig prófað fyrir alþjóðadómi. En ríkisstj. þykist vera alveg örugg með það, að alþjóðadómstóll muni aldrei hnekkja fjögurra sjómílna línunni, sem nú hefur verið ákveðin. Það gæti því ekki raskað neinu viðvíkjandi því, sem þegar hefur verið gert í málinu. En ef fengin yrði viðurkenning á því, að við mættum á þessu svæði færa okkar friðunarlínu út um 12 sjómílur, þannig að það væru 16 sjómílur frá yztu nesjum, þá værum við þar með búnir að fá vitneskju um það, hver réttur okkar væri að alþjóðalögum til að gera slíkt hið sama kringum allar strendur landsins. Að kröfurnar um aukna friðun fyrir Vestfjörðum þykja engin fjarstæða, sést þegar af því, að hópur af þingmönnum Austfirðinga flutti þegar í fyrra till. um að fara fram á hið sama fyrir Austfjörðum. Þar er nauðsynin að vísu ekki alveg eins brýn og fyrir Vestfjörðum. Og ef gera ætti tilraun með þetta, þá teldi ég, að það væri langsamlega öruggast að gera það fyrst fyrir Vestfjörðunum, ef menn ekki þyrðu að stíga þetta skref til fulls og ákveða 16 sjómílna friðunarbelti strax kringum landið allt.

Hv. flm., þm. N-Ísf., sagði, að ég hefði litið á þáltill. hans, sem hér er til umr., sem andstæðu við þáltill. mína og hv. þm. V-Ísf. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum og sem andstæðu við frv. okkar um ríkisútgerð togara til atvinnujöfnunar. Þetta er alger rangfærsla á mínum orðum, eins og hann vitnaði líka sjálfur til minnar ræðu. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að þessi till. væri að orðfæri, efni og anda endursögn af þeim þingmálum, sem ég hefði áður flutt. Það var nokkurn veginn orðrétt eftir mér haft, og þess vegna er mín niðurstaða sú, að þetta sé alls ekki andstæða við hin áður nefndu þingmál okkar hv. þm. V-Ísf., heldur dágóð endursögn af þeim málum, þó að sá meginmunur sé þó á, að í þessari nýju till. er lagt til, að skipuð verði n. til að athuga þá hluti, sem við höfðum áður lagt til að verði lögfestir. Ég er fyrir mitt leyti búinn fyrir löngu að fá svo mikið af nefndaskipunum og athugunum á málum, að ég tel það hvergi nærri jafngott og ákveðin lagafyrirmæli til hæstv. ríkisstj.

Hv. síðasti ræðumaður minnti einmitt rétt áðan á nefndarskipun, skipun atvinnumálanefndar ríkisins. Ég var í þeirri nefnd. Hv. þm. sagði, að það liti út fyrir, að þessi n. hefði tekið hlutverk sitt alvarlega, og hefði hún skilað góðu og ýtarlegu nál. Það er rétt, nál. er geysilega mikill „doðrant". Það fjallar um atvinnuástandið í landinu, eins og það var þá. Í því er að finna lýsingu á atvinnuástandi 44 eða 45 byggðarlaga, og heimildirnar eru atvinnumálanefndir viðkomandi staða. Þetta er því sannfræðilegt rit. En þetta nál. fór „í skaut Abrahams", þ. e. a. s. í skaut ríkisstj., og hefur hvílt þar síðan. Það hefur ekki sézt, að hún hafi flutt eina einustu till. eða eitt einasta frv. á grundvelli þeirra miklu gagna, sem þarna liggja fyrir hjá henni, snerta atvinnulíf landsmanna og fjalla einmitt um mörg brýn og aðkallandi úrlausnarefni, sem einmitt hefði verið eðlileg-

ast að hæstv. ríkisstj. hefði beitt sér fyrir. Þarna er enn ein sorgarsagan um árangur af starfi nefndar. Reynslan er jafnan sú, að þótt starfið sé unnið af alúð og gögnin séu lögð í hendur ríkisstjórnarinnar, þá virðist eins og það sé allt annað, sem frekar sé hugsað um, heldur en atvinnulífið og ráðstafanir því til aðstoðar.

Niðurstaðan, sem komizt er að í till. hv. þm. N-Ísf. og meðflm. hans, er sú, að í stað þess að knýja á um að friða fiskimið vélbátanna fyrir Vestfjörðum, eigi að gefa þetta upp á bátinn og leita eftir aðstoð hjá ríkinu til að byggja stærri skip, togara, til þess að sigla út yfir hið ófriðaða svæði, þar sem fiskað hefur verið frá upphafi Íslandsbyggðar, og út á Halamiðin þar fyrir utan. Það á sem sé alls ekki samkv. till. að gera neinar ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju. Það á bara að horfast í augu við eyðinguna sem staðreynd, láta vélbátaflotann grotna niður á Vestfjörðum eða selja hann í burtu, gefa vélbátaútgerð upp sem atvinnuveg, en biðja ríkið að veita hjálp til þess að kaupa togara, svo að hægt sé að sækja dýpra, sækja á togaramiðin, þar sem erlendir og innlendir togarar fyrirbyggja, að fiskurinn komist upp á grunnmiðin. Ég verð að segja það, að mér er þetta ekki geðfelld úrlausn. Ég bið um aukna friðun, svo að hægt sé að sækja sjóinn fyrir Vestfjörðum með þeim eðlilegasta hætti og áreiðanlega þjóðlega hagnýtasta hætti, þ. e. a. s. á vélbátum, eftir að fiskurinn hefur komizt upp á grunnmiðin. Um þetta bið ég af því, að engin þjóð getur átt frekari rétt en Íslendingar sjálfir til þess að nýta auðlindir sínar. Við hljótum að krefjast þess, að þessi atvinnuvegur landsmanna sé ekki eyðilagður.

Ég vil taka undir það með hv. þm. A-Húnv., að það allra óskemmtilegasta við þessa till. er þó það, að þeirri n., sem ætlazt er til að verði skipuð, er ekki gert að skila áliti fyrr en um *það leyti, sem örugglega má búast við að þetta* þing ljúki störfum, 1. marz n. k. Það yrði þá ekki neinna úrbóta von af nefndarstarfinu fyrr en í fyrsta lagi á næsta vetri — á næsta Alþingi. Hæstv. ríkisstj. hefði sem sé ekki fengið plögg nefndarinnar, athugunina á þessum málum, í hendur fyrr en um það leyti, sem þessu þingi væri að ljúka. Þingið stendur sennilega ekki miklu lengur en fram í marzbyrjun. Ég er eins og hann sáróánægður með þetta ákvæði þáltill., og undir það hefur verið tekið af fleirum. Ég held, að fyrir Vestfjörðum komi varla neitt annað að verulegu gagni en útfærsla friðunarlínunnar. Jafnframt þyrfti að gera ráðstafanir til aukinnar og bættrar landhelgisgæzlu. Þessu held ég að nefnd, sem helgaði sig athugun á þessum málum, hljóti að geta áttað sig á á tiltölulega stuttum tíma.

Viðvíkjandi þeim óskum og kröfum, sem komið hafa fram hér á hendur ríkisvaldinu um úrbætur á aumlegu atvinnuástandi í þremur landsfjórðungum, vil ég aðeins segja það, að það er vissulega hin alvarlegasta hlið þessa máls, sem krefst skjótra aðgerða, en ekki langdregins og vonlítils nefndarstarfs og athugana. Það er sem sé búið að athuga þetta mál allgaumgæfilega af atvinnumálanefnd ríkisins, og þau gögn öll hefur hæstv. ríkisstj. Að svo miklu leyti sem nefnd getur athugað þau mál, er búið að athuga þau, ekki aðeins fyrir Vestfirði, því að frá hverri einustu atvinnumálanefnd á Vestfjörðum er komið nál. og úr því er einnig búið að vinna, en einnig frá öllum atvinnumálanefndum í Norðlendingafjórðungi. Hið sama gildir um Austfirðina. Öll þessi gögn liggja, eins og fyrr er sagt, hjá hæstv. ríkisstj. Það er því aðeins eftir að stíga aðalskrefið í þessu máli, sjálft framkvæmdaskrefið. Og þar er það víða aðalatriðið að útvega hinum einstöku stöðum skip, útvega þeim hafnarmannvirki, þar sem þau vantar, útvega þeim aukin fiskvinnslutæki, þar sem þau vantar, og síðast, en ekki sízt, að sjá um, að hráefni berist, til þess að fólkið geti fengið vinnu heima fyrir. Um þetta greinir kannske eitthvað á um leiðir, og þó er það ekki víst.

Það gleður mig að heyra, að hv. þm. N-Ísf. segir nú meira að segja, að hann telji enga fjarstæðu að ræða um ríkisútgerð togara í því sambandi að leysa þennan vanda. Það er þó strax nokkuð í áttina. Við eigum sannarlega að láta fordómana um formshlið slíkra mála víkja, líta á formshlið málsins sem algert aukaatriði og reyna að komast að niðurstöðu um úrlausn málsins. Ég er alveg sannfærður um það, að hv. þm. A-Húnv. er t. d. búinn að sannfærast um, að það er ekki rétta leiðin að reyna að *leysa atvinnuþörf hinna einstöku smákauptúna* með staðbundinni togaraútgerð. Hann þarf vafalaust ekki að reka sig á nema einu sinni að því er það snertir. Það er búið að gera tilraun með það að leysa atvinnumál Skagastrandar eða Höfðakaupstaðar með útgerð lítils togara. Sú tilraun misheppnaðist algerlega, og sennilega er lítil löngun á þeim stað til þess að endurnýja hana. Ég dreg það t. d. ekki í efa, að það hefði verið hægt að leysa betur atvinnuþörf Djúpuvíkur, Drangsness, Hólmavíkur og Skagastrandar með því að láta ríkisrekinn togara sinna atvinnumálum þessara staða heldur en að kasta hundruðum þúsunda í Drangsnes eitt. — Hundruðum þúsunda, segi ég, það er komið á fjórðu eða fimmtu milljón í það litla kauptún. Og þó er málið óleyst fyrir framtíðina. Tilraunin, sem gerð var með Skagaströnd með gamlan, lítinn togara, var bæði dýr og misheppnuð. Hólmavík var svo látin eiga sig að miklu leyti. Þó var sjómönnum þar hjálpað til að eignast tvo eða þrjá vélbáta. — Ég er alveg sannfærður um, að þegar reikningsdæmið um aðstoðina við þessa staði er gert upp, mun koma í ljós, að varla hefði verið hægt að halda klaufalegar á málum en um þá aðstoð. Mín sannfæring er, að málið hefði verið miklu betur leyst með því að láta einn ríkisrekinn togara flytja hráefni á land til þess að nýta bæði vinnuafl og atvinnutæki á þessum stöðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna (till. GilsG og BergS).

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna [29. mál] (A. 29).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Hagnýting vinnuafls.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um hagnýtingu vinnuafls í þágu íslenzkra atvinnuvega [30. mál] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér um ræðir og prentuð er á þskj. 30, fjallar um það, að skipuð verði fimm manna nefnd til að gera allsherjaráætlun um hagnýtingu vinnuafls í þágu íslenzkra atvinnuvega, með sérstöku tilliti til þess, að unnt verði að veita þeim stóra hópi Íslendinga, sem nú starfa á vegum erlends herliðs í landinu, arðbæra atvinnu við þjóðnytjastörf. Við flm. þessarar till. lítum svo á, að hér sé hreyft við afar mikilvægu máli, sem ekki megi slá á frest að taka til alvarlegrar athugunar, ef ekki á að bíða í aðgerðaleysi og sinnuleysi eftir því, að þúsundir Íslendinga verði skyndilega atvinnu- og staðfestulausar.

Skoðanir okkar Íslendinga á herstöðvasamningnum við Bandaríkin og dvöl hins erlenda herliðs í landinu eru sem alkunnugt er ákaflega skiptar. Margir — og þeir gerast æ fleiri — eru sömu skoðunar og við flm. þessarar till., að herstöðvar útlends herliðs í okkar fámenna landi séu mikið böl og tefli þjóðinni í bráðan og augljósan háska. Aðrir segja, að hervarnarsamningurinn hafi að vísu verið réttlætanlegur, þegar hann var gerður árið 1951, vegna þess að þá hafi ófriðvænlega litið út í heiminum. Sumir þessara manna telja heimsástandið hafa tekið þeim breytingum síðan, að þær forsendur, sem í þeirra augum réttlættu svonefnda hervernd hér fyrir hálfu fjórða ári, séu með öllu brostnar. Enn hafa aðrir látið þá skoðun í ljós, að þó að viðsjár í heiminum hafi minnkað allverulega hin síðustu missiri, sé tæplega enn tímabært, eins og þeir orða það, að segja upp herstöðvasamningnum, en viðurkenna hins vegar, að það beri að gera strax og friðarhorfur eru að þeirra dómi sæmilega öruggar. Þó að slíkt orðalag sé að vísu í óákveðnara lagi, virðist mér augljóst, að þeir menn, er þessu halda fram, telji aðeins tímaspursmál, hvenær við eigum að segja upp samningnum og losna við allan her úr landinu. Þá eru enn ríkjandi þau sjónarmið hjá ýmsum og þá einkum forustumönnum núverandi stjórnarflokka og hinum þægustu fylgjendum þeirra, að herstöðvar skuli vera hér og herlið um óákveðinn tíma, en jafnvel þeir menn, sem þannig líta á málin, viðurkenna, a. m. k. í orði kveðnu, — hvað þeir hugsa í leynum hjartans, veit ég ekki, — að herstöðvar hér á friðartímum og erlent herlið sé tímabundið ástand, en ekki varanlegt. Enn sem komið er hef ég engan ábyrgan Íslending heyrt halda því fram, að hér eigi að sitja útlendur her um aldur og ævi.

Það mun því leitun á þeim manni, sem fæst til að viðurkenna, að hann líti á vinnu Íslendinga á vegum erlends herliðs í landinu sem annað en tímabundið fyrirbæri, er hljóti að hverfa úr sögunni fyrr eða síðar, og sem betur fer fjölgar stöðugt þeim, er mundu vilja bæta við, að það ástand ætti að hverfa fyrr en síðar. Og jafnvel þó að svo kunni að vera, að þeir menn séu til hér á landi, er hafa slíka rótgróna ótrú á íslenzku þjóðinni, atvinnuvegum hennar og afkomumöguleikum, að þeir telja hana ekki geta komizt af án ameríska gullsins, og kynnu að vilja fórna sæmd hennar, svo að sá gullstraumur megi halda áfram, þá er engan veginn víst, að þeim verði lengi að þeirri ósk sinni. Sú stund mun trúlega renna upp án tillits til þess, hvað Íslendingar vilja og gera, að Bandaríkin hætti hér hernaðarframkvæmdum. Því getur margt valdið: breytt ástand í alþjóðamálum, breytt hernaðartækni, sem drægi mjög úr mikilvægi herstöðva hér á landi í augum Bandaríkjamanna, eða einfaldlega sú staðreynd, að þeir teldu sig hafa búið hér nægilega rammlega um sig og álitu frekari framkvæmdir óþarfar. Allt ber því að sama brunni: Íslendingar hljóta að líta á vinnuna á vegum herliðsins sem tímabundið fyrirbæri.

Frá sjónarmiði okkar þjóðvarnarmanna og annarra þeirra, sem telja lífsnauðsyn, að herstöðvasamningnum sé sagt upp svo fljótt sem lög framast leyfa, og leggja áherzlu á það, að öllum hernaðarviðbúnaði í landinu sé tafarlaust hætt, er það eitt af meginviðfangsefnum næstu mánaða og missira, að íslenzkum atvinnuvegum verði gert kleift að taka við öllu því fólki, sem nú vinnur alls konar störf í þágu hersins, svo að það geti á ný horfið til lífvænlegrar og þjóðnýtrar atvinnu. Hinir, sem ekki hafa enn þá viðurkennt nauðsyn þess, að herinn hverfi nú þegar eða sem fyrst úr landi, ættu þrátt fyrir allt, er á milli ber, að geta orðið sammála um það, að ekki megi láta öllu lengur dragast úr hömlu að hefja undirbúning

að því að taka við fólkinu, sem hjá hernum starfar nú, svo að ekki blasi við því algert öngþveiti, þegar þær framkvæmdir dragast saman eða hætta með öllu. Vafalaust er hv. alþm. fyllilega ljóst, að þetta er mikið verkefni og engan veginn auðleyst. Hins vegar verður það að leysast, og við þjóðvarnarmenn a. m. k. erum sannfærðir um það, að hægt er að leysa það farsællega, ef fullur vilji er fyrir hendi og ekki er beðið með undirbúning allan þar til í eindaga er komið. Til margvíslegra úrræða verður að sjálfsögðu að grípa. Núverandi aðalatvinnuvegir þjóðarinnar geta tvímælalaust tekið við nokkrum, ef til vill allmiklum hluta þessa fólks, ef beitt er skynsamlegum aðgerðum í atvinnu- og efnahagsmálum, en auk þess ber vafalaust nauðsyn til að undirbúa rekstur nýrra atvinnugreina, einkum í iðnaði. Á sviði atvinnulífs okkar má engin kyrrstaða verða, heldur ör og stöðug þróun. Landsbúum fjölgar ört, og árlega bætast við þúsundir vinnufúsra handa, sem eiga kröfu á því að geta unnið fyrir sér við íslenzk framleiðslustörf. Það virðist því liggja beint við, að þeir fjármunir, sem nú koma inn í landið vegna hinnar tímabundnu herstöðvavinnu, séu notaðir til eflingar íslenzku atvinnulífi, en ekki í eyðslueyri, svo að hægt sé að mæta áhyggjulítið eða áhyggjulaust þeim viðhorfum, sem hljóta að skapast, þegar hin niðurlægjandi og óæskilega herbúnaðarvinna er úr sögunni.

Við flm. þessarar till. leggjum til, að í þeirri n., sem ráðgert er að skipuð verði til að gera áætlanir um hagnýtingu alls vinnuafls í þágu íslenzkra atvinnuvega, eigi sæti fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum. Þegar slíkar nefndir eru skipaðar — nefndir, sem eiga að rannsaka og undirbúa stórmál — virðist eðlilegt, að að því sé stefnt, að fram komi sem flest sjónarmið, sem flestum sé gert kleift að bera þar fram ábendingar og tillögur um hagkvæma lausn vandamála. Á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til að ræða í einstökum atriðum verkefni þeirrar n., sem við leggjum til að skipuð verði.

Ég vil að lokum leggja ríka áherzlu á nauðsyn þess, að hafizt verði sem fyrst handa í þessu efni og fljótt og vel að málum unnið. Að svo mæltu legg ég til, að þessari till. verði að lokinni fyrri umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

Á 55. og 58. fundi í Sþ., 27. apríl og 10. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 30, n. 553 og 593).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Vegaframkvæmdir í afskekktum landshlutum.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vegavinnuvélar og vegaframkvæmdir í afskekktum landshlutum [40. mál] (A. 42).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Við fjórir þm. höfum leyft oss að bera fram hér þáltill. á þskj. 42 um, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að hinum afskekktari héruðum landsins verði framvegis séð fyrir meiri og hentugri vegavinnuvélum en verið hefur til samræmis við vinnuvélakost í hinum fjölbyggðu héruðum svo og að vegagerðir og vegaviðhald megi verða sem örast og ódýrast; enn fremur að opnun vega í héruðunum til almennrar umferðar og vega- og brúaframkvæmdir almennt verði hafnar svo snemma á ári hverju sem frekast er kostur á, þannig að samgöngurnar megi koma að sem beztum notum fyrir íbúana. Skal ég gera hér allýtarlega grein fyrir því, hvers vegna við teljum nauðsynlegt, að slík ályktun verði samþ. hér á Alþingi.

Um fjöldamörg undanfarin ár hefur jafnan verið sett inn á 13. gr. fjárlagafrv., undir II, ein ákveðin upphæð til nýrra akvega í landinu. Þessi upphæð mun hafa verið á síðustu fjárlögum um 10 millj. kr. Hefur margoft verið um það rætt, hvort ekki mundi eðlilegra og betra í alla staði að láta þá, sem fara með stjórn vegamálanna í landinu, ákveða það, hvernig þessu fé yrði í framkvæmdinni varið til hinna einstöku vega, heldur en að láta Alþ. ákveða þetta. Þeir, sem hallazt hafa að því, að slíkt mundi í alla staði heppilegra, byggja þá skoðun sína einkum á því, að með því fyrirkomulagi sýnist vera mögulegt að fá meiri og betri árangur í sambandi við nýbyggingu veganna, þar sem þá væri unnt að taka fyrir stærri verkefni á einu svæði í stað þess að dreifa framkvæmdunum árlega út um byggðir landsins, eins og nú er gert, og ná með þessu betri árangri í vegaframkvæmdum. Þrátt fyrir þessi rök hefur niðurstaðan jafnan orðið sú, að þessu fé hefur verið skipt á Alþ. á hverju ári niður á hina ýmsu vegi í landinu og oft sáralitlum upphæðum á hvern veg.

Það má geta nærri, hvort rökin með og móti þessu skipulagi hafi ekki verið þráfaldlega vegin og metin, svo oft sem það hefur borið hér á góma á Alþ., eða hvort það sé nokkur hending, að hv. þingmenn hafa ávallt komizt að einni og sömu niðurstöðu um þetta atriði. Hitt er sönnu nær, að vegakerfið er meginskilyrði fyrir lífvænlegri afkomu í byggðum landsins, og því verður að tryggja það með alveg ófrá-

vikjanlegum ákvæðum í sjálfum fjárlögunum, hvar og á hvern hátt þessu fé sé varið. Sú harða barátta, sem á hverju þingi er háð um framlagið til veganna og skiptingu þess, undirstrikar enn betur en nokkuð annað þessi sannindi. Eftir að búið var að byggja upp samgöngukerfi í ákveðnum héruðum landsins þannig, að bifreiðar af öllum tegundum, smáar sem stórar, gátu farið um þau hindrunarlaust allt árið, og hægt var að treysta þeim svo, að leggja mátti niður að fullu og öllu önnur úreltari og óheppilegri og dýrari flutningatæki, fóru íbúarnir að sjálfsögðu að laga sig eftir hinum nýja og betri tíma, tóku véltæknina meira og meira í sína þjónustu og juku þannig afköstin þrátt fyrir sílækkandi fólkstölu við framleiðslustörfin. Héruðin, sem ekki fengu þessar framfarir jafnört og aðrir, urðu raunverulega eins og ósamstætt hjól, sem á engan hátt féll inn í hina margþættu og þaulhugsuðu véltækni, og voru því dæmd úr leik í kapphlaupinu um betri lífskjör. Hefur hv. fjvn. jafnan haft á þessu fullan skilning og því reynt að jafna hér metin, eftir því sem ástæður hafa leyft á hverjum tíma. Þegar svo hv. fjvn. hefur lokið þessu sínu hlutverki á Alþ. og Alþ. samþykkt till. hennar, breyttar eða óbreyttar, eftir því sem efni hafa staðið til á hverjum tíma, eru framkvæmdirnar faldar þeim mönnum, sem fara með vegamálin og hafa á þeim alla stjórn, þ. e. þeim aðilum, sem hvað eftir annað hefur verið rætt um að fela að fullu og öllu valdið til þess að ákveða gang þessara mála án íhlutunar Alþingis, að því er snertir skiptingu vegafjárins.

Samfara þeim framlögum, sem ég hef þegar minnzt á og nema á þessu ári um 10½ millj. kr. og skipt hefur verið á Alþ. í 184 vegi, mismunandi upphæðir á hvern veg, eru á sömu gr. fjárlaganna ákveðnar 20.5 millj. kr. til viðhalds þjóðvegum og þessu fé ekki skipt af Alþ. til ákveðinna vega. Væri þó á engan hátt óeðlilegt, að svo væri til tryggingar því, að nokkurt hlutfall héldist á milli nýrra vega og viðhalds, en út í það skal ekki farið hér að þessu sinni.

Þá er einnig ákveðið á sömu gr. fjárlaganna að verja á þessu ári 600 þús. kr. til áhalda- og vinnuvélakaupa án þess að taka nokkuð til um það, hvaða vegir skuli njóta þeirra.

Nú er það ljóst, að eftir því sem betri og hentugri áhöld og vinnuvélar eru notaðar við vegaframkvæmdir, hvort heldur um er að ræða við nýbyggingu vega eða viðhald þeirra, eftir því er hægt að afkasta meira verki fyrir sömu fjárhæðir. Er því ljóst, að þeir vegir, sem njóta þeirra hlunninda hjá vegamálastjórninni að hafa jafnan afkastamesta, nýjasta og bezta vegavinnuvélakostinn og fá þannig margfalt meiri og betri afköst fyrir sama fjárframlag, hafa á þennan hátt raunverulega farið langt fram úr hinum, sem verða að búa við hin lélegustu tæki, þó að báðum hafi verið gert jafnhátt undir höfði af fjárveitingavaldinu, sem gerði sér far um að skilja ástæðurnar, meta þær og vega, og felldi síðan dóm sinn beinlínis byggðan á þeirri athugun og þeim rökum, sem fyrir lágu. Hér tekur framkvæmdaraðilinn sér vald, sem gengur í allt aðra átt en Alþ. ætlast til, og það er einmitt fyrir þessa rás viðburðanna, að þáltill. sú, sem hér er til umræðu, er fram komin.

Oss flm. er fullkomlega ljóst, að vegamálastjórnin telur meginorsökina fyrir því, að svona er farið að, liggja í því, að ekki hafi verið lagt fram nægilegt fé til þess að fullnægja allri þörf um vélakost, og það sé því neyðin ein, sem knýr inn á þessa braut. En bæði er það, að það má á engan hátt mismuna hér í skiptingu vegavinnuvélanna af þessum ástæðum einum, svo sem verið hefur, auk þess sem það verður þá að takast til alvarlegrar athugunar að hækka framlag til kaupa á vinnuvélum og binda þá hækkun því skilyrði að láta hana jafna metin, en senda ekki sí og æ hin úreltu tæki til afskekktra staða, á sama tíma sem hin nýju og betri eru staðsett í fjölbýlinu.

Ég þykist vita, að hv. þingmenn vildu gjarnan fá nokkru nánari upplýsingar um þessi mál en ég hef enn gefið eða gefin eru í grg. fyrir þessari þáltill., og er það ekki nema rétt og sanngjarnt. Er það og rétt, að n. sú, sem væntanlega fær þáltill. til athugunar, leiti sér þeirra upplýsinga hjá vegamálastjórninni, áður en hún afgreiðir till. frá sér, og fái þar jafnframt till. um það, hvernig bæta skuli úr þessu misræmi. En n. til leiðbeiningar þykir mér þó rétt að taka þetta fram:

Þeim vegavinnuvélum, sem hér um ræðir, má skipta í eftirfarandi flokka: 1) jarðýtur, 2) veghefla, 3) ámokstursvélar, 4) bifreiðar og 5) skurðgröfur. Skal nú gera nokkru nánari grein fyrir því, hvernig þessi vélakostur hefur verið að undanförnu í þeim héruðum, sem ég þekki bezt til í, og ég hygg, að það megi líta á það sem meðalástand í þessum málum í flestum hinum afskekktari héruðum landsins, einmitt þeim héruðunum, sem langmesta þörfina hafa fyrir bezta vélakostinn og mesta hagnýtingu á því framlagi, sem þeim er ætlað. Skal þá fyrst athugað um jarðýturnar.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu hefur vegagerðin aðeins átt eina jarðýtu. Hefur ýta þessi verið af hinni ágætustu tegund, 18 smálestir að stærð og hið stórvirkasta áhald þar um slóðir. Þegar frá eru talin þau mistök, sem hafa stafað af því, að viðhaldið hefur ekki verið sem skyldi, má fullyrða, að einmitt þetta góða áhald hefur mjög létt undir hinni erfiðu vegagerð í þessu héraði. En það er sýnilegt hverjum manni, að eitt slíkt áhald gat ekki komizt yfir þau verkefni, sem þar lágu fyrir á hverju ári. Því er það, að vegagerðin hefur orðið að leigja tvær aðrar ýtur á þessu svæði, eina 14 smálesta, sem sýslan hefur lánað, þegar hún hefur getað misst hana frá öðrum störfum. Hefur þá oft orðið að senda þetta verkfæri alla leið austur í Austur-Barðastrandarsýslu, og eru þetta þó engin heimatök, því að þá þarf að fara yfir marga erfiða og langa fjallvegi. Hina aðra ýtu, sem er miklu minni og er eign Rauðasandshrepps, hefur vegagerðin einnig orðið að taka á leigu, þegar hún er ekki notuð af hreppnum sjálfum til jarðræktar og til sýsluvegagerðar heima í héraði. Allt hefur þetta þó baslazt,

þótt mikil nauðsyn hefði verið á betri ýtukosti. Hins vegar bættust við í sumar á þessum leiðum tvær ágætar ýtur, sem vegagerðin hefur einnig leigt til starfa þar, svo að úr þessu var mjög verulega bætt á þessu ári. Er þó jafnframt nauðsynlegt, að ekki verði dregið úr þessum vélakosti í framtíðinni, hver svo sem er eigandi áhaldanna. En í Austur-Barðastrandarsýslu hefur hins vegar verið allmiklu lakara um ýtukost. Þar hefur vegagerðin aldrei átt neina ýtu, en haft á leigu ýtu, sem aðrir hafa átt, og verið að öllu leyti upp á þá menn komin með þetta áhald. Ég held, að ég megi alveg fullyrða, að það er einungis fyrir alveg óvenjulega samúð og skilning á þörf héraðsins fyrir samgöngubætur, að ekki hafa orðið hér mikil vandræði af ýtuleysi á þessum slóðum. Og það er engan veginn áhættulaust að tefla þannig á tæpasta vað í framtíðinni.

Þá skal ég nokkuð ræða um vegheflana. Þótt nokkuð mætti gagnrýna ýtukostinn, svo sem ég hef hér gert og þá jafnframt reynt að bera í bætifláka, þá verður þetta ekki eins auðvelt, þegar ræða skal um þá tegund vegavinnuvéla, sem nefnd er vegheflar. Um langan tíma hafa þetta þótt alveg ómissandi verkfæri, bæði í sambandi við viðhald og jafnvel einnig í sambandi við vegagerð, þar sem sætta verður sig við ruðningsvegi, svo sem gert er í hinum afskekktari héruðum landsins til þess að komast yfir sem stærst svæði. Sést það líka bezt hér á Suðurlandi, þar sem varla er unnt að fara svo marga tugi kílómetra að sumri til og oft einnig að vetrinum, að maður verði ekki var við tvo hefla á veginum, sem elta hvor annan, og báðir af nýjustu og beztu gerð. Þegar svo er litið yfir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu, þá kemur í ljós, að á öllu þessu svæði er bókstaflega enginn veghefill staðsettur, heldur verða þessi héruð að sækja þessi veraldargæði alla leið til Borgarness, þar sem vegamálastjórninni hefur af náð sinni þóknazt að staðsetja þá, þrátt fyrir sífelldar umkvartanir frá fyrrnefndum héruðum. Mér er ekki heldur kunnugt um, að Norður-Ísafjarðarsýsla hafi yfir að ráða slíkri vél, heldur verði hún einnig að sækja til Borgarness veghefil fyrir vegi þá, um Þorskafjarðarheiði og Inndjúpið, sem liggja beint í sambandi við þær sýslur, sem ég þegar hef rætt um.

Lágmarkskrafa þessara héraða hlýtur að verða, að hver sýsla fái minnst 1—2 veghefla af beztu gerð, sem staðsettir séu í héraðinu, þ. e. í Stykkishólmi, Búðardal og Króksfjarðarnesi, en hefill í Króksfjarðarnesi gæti þá jafnframt verið notaður fyrir vegagerð um Þorskafjarðarheiði og Ísafjarðardjúp að innanverðu, eða þá vegi, sem standa í beinu sambandi við Barðastrandarsýsluna.

Þrátt fyrir þetta ástand, sem ég hef hér lýst í sambandi við vegheflana í þessum sveitum og ég hygg að enginn geti haldið fram með nokkurri sanngirni að sé viðunandi, þá kastar þó alveg *tólfunum*, þegar kemur vestur í Vestur-Barðastrandarsýslu. Í þeirri sýslu hefur í 2—3 s. l. ár verið staðsettur einn veghefill á Patreksfirði. Það svæði, sem honum er ætlað að vinna á, er frá Trostansfirði um Suðurfirði, Bíldudal og að Selárdal í Ketildölum, eða um 45 km; frá Bíldudal um Hálfdan og Mikladal til Patreksfjarðar, eða um 30 km, og hér er yfir tvö fjöll að fara í allt að 500 m hæð; frá Bíldudalsvegi að Sellátrum í Tálknafirði, um 25 km; frá Patreksfirði til Breiðuvíkur, um 50 km, hér einnig yfir fjall að fara; frá Hvalskeri á Rauðasandi, um 25 km, hér einnig yfir fjall að fara; frá Patreksfjarðarósum um Barðaströnd, yfir Þingmannaheiði og Kletthála að Kollafirði, um 140 km, hér er einnig yfir þrjá mjög erfiða fjallgarða að fara, í allt að 450 m hæð. Er svæðið, sem þessum hefli er ætlað að fara yfir, alls rúmlega 300 km að lengd. En þessi saga er þó ekki öll sögð enn, því að áhald þetta mun hafa verið flutt hingað til landsins skömmu eftir aldamótin síðustu og nálgast þá að vera hálfrar aldar gamalt, auk þess sem það hefur að sjálfsögðu aldrei verið gert fyrir fjallaferðir. Má það furðulegt heita, að það skuli geta komið fyrir, að slíkt áhald sé sent til að vinna með í afskekktum sveitum, eftir að engum manni kæmi til hugar að nota það lengur í fjölbýlinu, þótt þar fyrirfyndist ekkert fjall og engar hæðir. Slíkir gripir eiga nú orðið einungis heima í byggðasöfnum, en ekki á erfiðum fjallvegum í dreifbýli landsins.

Í þriðja lagi eru ámokstursvélar. Það mun sjálfsagt fáum láta sér koma til hugar nú orðið að komast af með að moka ofaníburði á bifreiðar með handskóflum, ef um nokkurt magn er að ræða. Í Vestur-Barðastrandarsýslu er ástandið þannig, að hjá vegagerðinni eru fyrir hendi aðeins tvær slíkar vélar og önnur af lélegustu gerð. Hin skárri á að fullnægja vegagerð og viðhaldi í 5 vestustu hreppum sýslunnar og fara þannig yfir 5 fjallgarða. Á s. l. sumri var á þessu svæði unnið fyrir um 600 þús. kr. auk vegaviðhalds. Má nærri geta, hversu hefur torveldað framkvæmdirnar að hafa ekki nema eina ámokstursvél við þetta verk, enda er það svo, að annaðhvort verður að moka á bifreiðarnar með höndunum, þegar um er að ræða viðhald og smærri framkvæmdir, eða láta þessi verk bíða, þar til komið er langt fram á sumar, en við það eru verkin gerð margfalt dýrari og vegirnir viðhaldslausir fram á haust. Má öllum vera ljóst, hversu þetta er gersamlega óþolandi. Hinni ámokstursvélinni, sem er, eins og ég sagði áðan, af lélegustu gerð, er ætlað að moka allan ofaníburð á veginn frá Kleifaheiði að vestan í Kollafjörð að austan, eða á svæði, sem nær yfir um 130 km.

Í Austur-Barðastrandarsýslu er aðeins ein ámokstursvél, sem ætluð er fyrir svæði, er nær yfir nokkuð á annað hundrað km. Hefur þessi skortur ámokstursvéla í þessum landshlutum bæði tafið framkvæmdir stórkostlega og gert þær auk þess margfalt dýrari en ella.

Þá ætla ég að ræða nokkuð um bifreiðarnar.

Vegagerðin mun að jafnaði ekki eiga þær bifreiðar, sem notaðar eru til vegagerðar, heldur leigja þær af öðrum, eða svo mun a. m. k. vera í því héraði, er ég þekki til. Út af fyrir sig er heldur ekkert við því að segja, sé það tryggt, að einhver jöfnuður sé hér á hafður

um gæði þeirra bifreiða, sem til þess verks eru leigðar, en á því mun vera mikill misbrestur. Hefur fjölbýlið haft hér sem víðar öll forréttindi og því jafnan fengið bezta bifreiðakostinn. Á þessu á þó vegagerðin síður en svo alla sök, heldur liggur hún miklu frekar hjá innflutningsyfirvöldunum, sem um mörg undanfarin ár hafa harðneitað hinum afskekktu héruðum um nauðsynlegan innflutning á bifreiðum til vegavinnu þar í sveitum, á meðan þau hafa hrúgað bifreiðum inn í fjölbýlið með þeim árangri, að afskekktu sveitirnar hafa orðið að sætta sig við að kaupa gamlar bifreiðar af þeim, sem fengið hafa nýju bifreiðarnar, og það oft með uppsprengdu verði, og orðið síðan að notast við þá garma til flutninga, bæði við vegagerð og í annað. Og meira að segja nú, þegar mikið hefur rýmkazt um innflutning þessara tækja, sýnist þetta sama sjónarmið vera ríkjandi, og þegar kvartað er, er því borið við, ef annars er verið nokkuð að ómaka sig með því að bera fram nokkrar afsakanir, að þessi afskekktu héruð hafi ekki áður fengið stærri skerf í bifreiðainnflutningnum og því sé sjálfsagt að halda enn við því réttlæti, sem þessir valdamiklu menn tileinkuðu sér á sínum tíma í sambandi við úthlutun bifreiða fyrir dreifbýlið.

Þá skal ég að síðustu ræða hér nokkuð um skurðgröfurnar.

Þar sem nýja vegi þarf að leggja um mýrar eða annað votlendi, þykir sjálfsagt að nota skurðgröfur. Þykja það lítil verkhyggindi að grafa skurði í stórum stíl með höndum einum. Í Barðastrandarsýslu hefur vegagerðin aldrei átt neinar skurðgröfur. Í einum einasta vegi í austursýslunni hefur hún samið við Búnaðarfélagið um skurðgröft í gegnum votlendi, sökum þess að svo vildi til, að þar féllu saman áætlanir um skurðgröft vegna ræktunar og vegna vegagerðar, og sama var í öðrum vegarkafla í vestursýslunni. En alls staðar annars staðar hefur vegagerðin orðið að láta framkvæma skurðgröft um votlendi með höndunum einum og skóflum, nema þar sem hefur verið að basla við að nota ýtur, sem þá eru heldur engin vinnubrögð, ef landið er mjög vott. Má geta nærri, hversu þetta torveldar allar framkvæmdir.

Ég hef aðeins tekið þessi dæmi frá þeim landshlutum, er ég hef haft kynni af. Ég geri ráð fyrir, að þetta séu ekki einu sveitirnar í hinum afskekktu héruðum, þar sem svo er ástatt um vegavinnuvélar, heldur sé þetta því miður allt of víða. Hitt er svo ljóst, að á þessu verður að gera breytingar til batnaðar og það nú þegar. Sú krafa verður ekki látin falla niður, að einstök héruð, þótt afskekktari séu, verði látin njóta sömu réttinda um vegaframkvæmdir og önnur, sem þéttbýlli eru, enda hefur Alþ. margsinnis ákveðið, að slíkt réttlæti skyldi haldast í vegamálum landsins, að þar væru allir jafnir fyrir lögunum. Vér flm. þáltill. væntum þess því, að hæstv. ríkisstj. hlutist til um það, að þessi margyfirlýsti vilji Alþ. verði ekki að engu hafður, svo sem of mikið hefur verið gert að á undanförnum árum.

Þá kveður þáltill. einnig svo á, að hæstv. ríkisstj. skuli hlutast til um, að opnaðir skuli vegir í þessum héruðum fyrr en gert hefur verið og viðhald þeirra og brúarframkvæmdir skuli hafnar svo snemma á ári hverju sem frekast er kostur á, þannig að þetta megi koma að sem beztum notum fyrir íbúana. Þykir mér rétt að fara nokkrum orðum einnig um þennan þátt þáltill.

Eins og ég drap á hér áðan, er samgöngum um einstök héruð haldið uppi allt árið svo að segja hindrunarlaust, og íbúarnir byggja afkomu sína á því, að svo verði gert. Á þessum leiðum er því haldið uppi snjómokstursvélum og öðrum áhöldum, oft mikinn hluta vetrarins, til tryggingar truflunarlausri umferð. Þetta þykir nú orðið svo sjálfsagður hlutur, að menn mundu dolfalla af undrun, ef þetta yrði lagt niður. Á sama tíma er öðrum íbúum landsins neitað um opnun vega, fyrr en komið er langt fram á vor, og það þótt aðeins sé um lítilræði að ræða, svo sem að höggva lítillega í skafl, svo að sólin geti fyrr unnið á honum, eða gera við ræsi, sem stöðvar alla umferð, þótt skotvegur sé beggja vegna við ræsið á margra km vegalengd, og þetta skeður í sveitum, þar sem varið hefur verið milljónum til þess að koma á vegasambandi og með því breytt búnaðarháttum og flutningatækjum með tilliti til breyttra samgangna og í trausti þess, að á vegina mætti treysta, svo sem gert er á öðrum stöðum í landinu. Má m. a. benda á, að það er ömurlegt hlutskipti bænda að verða enn að reiða allan áburð að vori til heim til sín eða bera hann á bakinu eftir upphleyptum, ágætum akvegum, sem þó eru ófærir bifreiðum stundum allt fram í júnímánuð, beinlínis og eingöngu vegna þess, að það er ekki gert við lítilfjörlegar skemmdir eða smásnjóskaflar mokaðir niður. Og ástæðurnar fyrir því, að þetta er þannig, eru oftast þær, að beðið er eftir vinnuflokkum og verkstjórum sunnan úr Reykjavík og vegagerðin hefur engin tæki staðsett á staðnum til þess að vinna með, í stað þess að semja um þessi verk við menn heima fyrir í hverri sveit og láta þeim í té hentugar vélar til þess að vinna með. Mætti á þann hátt halda vegunum opnum miklu lengri tíma á ári hverju og gera viðhaldið bæði ódýrara og betra.

Um brúargerðir sýnist það vera höfuðregla að hefjast ekki handa um byggingu þeirra í afskekktari sveitum, fyrr en sumri hallar, dagur styttist og nóttin kemur, þegar enginn getur unnið, í stað þess að taka vorið snemma, njóta góðs af sól nætur sem daga og góðu veðri. Verður einnig á þessu að verða mikil breyting í framtíðinni.

Ég hef hér að framan fært fram rök fyrir nauðsyn þess að gera umbætur á þessum málum. Ég sé, að hæstv. forseti hefur ákveðið eina umr. um þáltill. Hef ég að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, en vegna þess að vel má svo fara, að hún baki ríkissjóði óbeinlínis útgjöld í bili, ef samþ. verður, þótt hins vegar ljóst sé, að þær upphæðir koma fljótt aftur í meiri og betri afköstum, þykir mér rétt að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti nú þessari umr. og vísi þáltill. til hv. fjvn.

Ég vil síðan mega vænta þess, að n. taki málið til rækilegrar yfirvegunar, eins og hennar er venja um öll slík mál, ræði það við vegamálastjórnina og leggi síðan til, að þáltill. verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Friðunarsvæði fyrir Vestfjörðum.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum [44. mál] (A. 47).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í byrjun þessa fundar fór fram atkvgr. um till. um ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum. Það mætti því ef til vill ætla, að þessi till., sem einnig var flutt á síðasta þingi, sé nú orðin óþörf við tilkomu hinnar till. Svo er þó ekki að mínu áliti, því að hin áðurnefnda till. fjallar aðeins um skipun n., sem ekki er þó ætlað að hafa lokið störfum fyrr en um það leyti, sem ætla má að þessu þingi ljúki, eða jafnvel kannske nokkrum vikum eftir að þetta þing hefur lokið störfum. Verkefni þeirrar n., sem sú till. gerir ráð fyrir, átti þó ekki að vera annað en að reyna að opna leiðir til útvegunar stærri skipa handa vestfirzkum útgerðarmönnum, en hins vegar er það viðurkennt í grg. með þessari umræddu till., að sú leið, sem ætti að liggja beinast við til aukinnar friðunar á vestfirzkum fiskimiðum, sé að færa út friðunarlínuna, eins og lagt er til í þessari till. minni og hv. þm. V-Ísf. (EirÞ), sem hér er nú til umr.

Aðalrök þessa máls eru sem nú skal greina:

Samkvæmt lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiðanna, er sjútvmrn. heimilað að ákveða með reglugerð takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skulu háðar íslenzkum reglum og eftirliti.

Á grundvelli þessara lagaákvæða var einmitt sett reglugerð þann 19. marz 1952, og þar var ákveðið, að friða skyldi fjögurra sjómílna belti kringum allt landið fyrir hvers konar botnvörpuveiði, erlendra og íslenzkra skipa. Við þessa ráðstöfun lokuðust mikil flóasvæði suðvestanlands, og þessi mikla aukna friðun hefur nú leitt til verulega aukins fiskimagns við Faxaflóa og Breiðafjörð. Fyrir Vestfjörðum friðaðist hins vegar aðeins einnar sjómílu breið ræma, en vegna sérstakra staðhátta fyrir Vestfjörðum jókst jafnframt ágangur botnvörpuskipa á veiðisvæðunum þar vestur frá. Þetta var einmitt afleiðing þess, að góð veiðisvæði togveiðiskipa lokuðust við friðunarráðstafanirnar annars staðar við landið.

Afleiðing af þessum aukna ágangi og hinni litlu friðun fyrir Vestfjörðum er augljóslega sú, að dregið hefur úr aflamagni á Vestfjörðum frá ári til árs svo mjög, að útgerðarmenn þar eru nú hver á fætur öðrum að gefast upp við vélbátaútgerð, og eins og áður hefur verið sagt af öðrum en mér, lítur út fyrir, að fullkomlega liggi við landauðn af þessum sökum.

Ég var nýlega staddur vestur á Ísafirði, og kom þá að máli við mig annar bankastjórinn á staðnum og sagði mér, að nú horfði svo, einkanlega eftir hina aumu útkomu síðastliðins vetrar og síðustu vorvertíðar, að ef til vill yrði enginn vélbátur gerður út á þessu hausti frá Ísafirði og sennilega ekki heldur frá nálægum verstöðvum, Súðavík og Hnífsdal. Hlutirnir hefðu verið svo lágir undanfarnar vertíðir — og lægstir seinustu vertíðirnar — að meira að segja bátsformennirnir, sem hafa tvo hluti, séu með sama aflamagni mun hlutarlægri en háseti á togara, og séu formennirnir því flestir búnir að ráða sig á togara, þar sem þeir kjósi heldur að vera þar hásetar. Af því, sem nú er sagt, er augljóst, að hlutur háseta á vestfirzkum vélbátum er þannig, að vestfirzkir sjómenn leita heldur til Faxaflóahafna, Breiðafjarðarhafna, til Vestmannaeyja og annarra þeirra staða, sem nú njóta þeirrar friðunar, sem fékkst með reglugerðinni frá 19. marz 1952, og leita sér atvinnu annars staðar en á Vestfjörðum. Hvaða úrræði eru þá fyrir hendi, þegar svona er ástatt í heilum landshluta? Ég fæ ekki séð, að þar geti verið um neitt annað að ræða en að grípa til aukinnar friðunar, þar sem hún nú er bersýnilega ófullnægjandi. Um það byggjum við á ótvíræðri reynslu frá þeim landshlutum, þar sem friðunin varð meiri og þar sem ágangur hefur orðið minni á grunnmiðin.

Í þessari till. okkar hv. þm. V-Ísf. er lagt til, að breytt verði 1. gr. reglugerðarinnar frá 19. marz 1952 á þann veg, að friðunarlínan fyrir öllum Vestfjörðum verði dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar þeir, sem hún er nú miðuð við, þ. e. a. s. grunnlínupunktarnir nr. 43—47 í reglugerðinni, en það eru punktarnir, sem dregnir eru um Kögur, Straumnes, Barða, Kópanes og Bjargtanga.

Þá kemur að því, hvort það sé heimilt að breyta þeirri friðunarlínu, sem ákveðin var með reglugerðinni 19. marz 1952. Var þar ekki farið eins djarflega í sakirnar og nokkrar heimildir eru til? Um það verður ekki deilt, að samkv. lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins er sjútvmrn. heimilað að ákveða með reglugerð, hvaða friðun sé nauðsynleg, og er því enginn vafi á því, að íslenzk lög standa ekki í vegi fyrir því, að þessi breyting, sem hér er farið fram á, sé gerð.

Þá er hin spurningin: Rekst það þá ekki á alþjóðalög að ákveða friðunarlínuna utar en 4 sjómílur frá yztu nesjum? Ég hef ekki heyrt nokkurn mann halda því fram, að nein alþjóðalagaákvæði séu til um þetta, enda hafa margar þjóðir farið margvíslegar leiðir í þessum efnum og sumar þegar ákveðið hjá sér friðun og landhelgi miðaða við miklu rýmra svæði en 4 sjómílur, allt upp í 50, jafnvel 200 sjómílur, eins og ég gat um í ræðu hér fyrir nokkrum dögum, og eru mörg dæmi alkunn um það einmitt frá seinustu árum. Það eru sem sé engin alþjóðalagaákvæði til um það, að 4 sjómílna landhelgislína og því síður 4 sjómílna friðunarlína sé hámark, sem þjóðum leyfist ekki að fara yfir.

Ég held því þess vegna fram, að hér sé um sjálfsagt mál að ræða, — mál, sem snertir lífsafkomu og atvinnugrundvöll fólksins í heilum landshluta, mál, sem verður ekki kallað annað en lífsnauðsynjamál, sem snertir þúsundir manna. Ég er þeirrar skoðunar, að íslenzk ríkisstj. geti ekki og megi ekki draga frá ári til árs að ráða bót á þessu neyðarástandi og gera nauðsynlegar ráðstafanir. Hún hefur heimildir til þess, það er alveg áreiðanlegt, og ég tel enga lausn á málinu, þó að farin sé sú leið, sem hér var rædd í gær af ýmsum hv. þm., að hjálpa Vestfirðingum til þess að eignast stærri skip, svo að þeir geti farið yfir það veiðisvæði, sem lagt hefur þá verið í auðn, og náð fiski af djúpmiðum með togveiðum. En þannig yrði þá aukin sú rányrkja, sem í heiti þeirrar till. var talað um að draga úr eða afstýra. Það er ekki lækning á þessu máli að stefna meiri togarafans á miðin úti fyrir Vestfjörðum, heldur er það hið eina, sem dugir og verður að gera, að friða línuveiðisvæðin, sem verið er að eyðileggja eða jafnvel búið að eyðileggja.

Ég legg til, að till. verði vísað til hv. sjútvn., og fellst á, að umr. sé frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en brtt. barst á þskj. 88.

---

7. Raforkuverð.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um jöfnun raforkuverðs [62. mál] (A. 81).

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get látið mér nægja að skírskota til þeirrar grg., er fylgir þessari till. til þál. Við höfum leyft okkur nokkrir að flytja þetta mál inn á hv. Alþingi, og við gerum það í trausti þess, að það fallist á að viðhafa þá afgreiðslu, sem við leggjum til að verði á þessu máli.

Eins og grg. ber með sér, kom þetta mál til meðferðar hér áður í Alþingi, og margir hv. þm. voru því fylgjandi, að þessi háttur yrði hafður á sölu raforkunnar, að til almenningsnota yrði raforkan seld við sama verði, hvar sem er á landinu. Síðan það var hér til meðferðar, hefur þó orðið sú breyting á til enn meira óhagræðis fólkinu víða úti um byggðir landsins, að það þarf að leggja af mörkum enn meira nú í fjármunum til þess að verða raforkunnar aðnjótandi en áður var. Það er hvort tveggja í senn, að þær vörur, sem þarf til þess að koma þessu á, og sú vinna, sem fram fer í sambandi við raflagnir og annað þess konar, kostar miklu meiri fjármuni en áður. Sú breyting, sem varð á gengi íslenzkra peninga, varð þess valdandi, að þær vörur, sem keyptar eru erlendis frá, kosta nú miklu meiri fjármuni en áður var. Í sambandi við þetta varð og gerbreyting — ég ætla alls staðar — á þeim taxta, sem ákvarðaður hafði verið áður, hvað hin einstöku býli skyldu greiða til þess að verða raforkunnar aðnjótandi. Áður mun það hafa verið í gjaldskrám í kringum 30% af fasteignamatsverði jarða og húsa á hinum einstöku býlum, eða það bar mönnum að greiða, ef þeir vildu verða raforkunnar aðnjótandi. Þessu var breytt þannig, að í sumum héruðum a. m. k. var mönnum nú gert að greiða 45% af fasteignamatsverði jarða og húsa auk greiðslu fyrir að tengja rafleiðslurnar við heimilin eða húsin, sem mun vera öllu meiri en áður var.

Allt þetta hefur gert mönnum mjög erfitt fyrir og orðið mönnum dýrt til þess að fá að verða raforkunnar aðnjótandi. Eigi að síður er það augljóst mál, að þar sem nokkrir möguleikar eru á að koma raforkunni til heimilanna, svo að fólkið verði þessa undrakraftar aðnjótandi, er það óhjákvæmilegt. Ef það yrði ekki gert og ef fólkið sæi fram á, að það yrði gersamlega afskipt um þessa hluti, þá mundi það leiða til þess, að svo og svo mikið af sveitabýlum færi í auðn. Ég ætla, að aðstaða til búskapar í þessu landi nú og þess atvinnurekstrar sé slík, að við það starf sé það þungt fyrir fæti, að þó að með þessu móti sé mætt nauðsyn fólksins, þá hafi menn mikla og margvíslega erfiðleika að glíma við samt sem áður. En þetta málefni er þess eðlis, að það er mjög þýðingarmikið, að þarna komist á sem mest jafnræði milli þegna þjóðfélagsins. Nú hefur hv. Alþingi og hæstv. ríkisstj., sem nú situr, gert ákvarðanir um stórvægilegar framkvæmdir í þessum efnum, sem er mjög ánægjulegt að skuli hafa verið gert, en því aðeins getur það þó komið að tilætluðum notum, að fólkinu reynist mögulegt að verða þessara gæða aðnjótandi.

Ég vil mega vænta þess, að hv. alþm. láti þessa nauðsyn og mikilvægi þessa máls ráða, svo að þetta megi takast og fólkinu gert mögulegt að afla sér þessara þæginda, og að ekki standi það í vegi, að mörgum kunni að reynast

það ómögulegt með því fyrirkomulagi, sem nú er. Hér er ekki verið, í þessari till., að tala um að draga úr því, sem menn verða að leggja af mörkum við það að fá raforkuna, heldur að þessir menn, sem í strjálbýlinu búa, þurfi ekki að greiða meira fyrir aflið en aðrir, þó að þeir búi í þéttbýli, og það hygg ég, eftir því sem málavextir eru, að geti ekki talizt annað en mjög sanngjarnt mál, að orðið verði við þessum óskum.

Ég sé svo ekki ástæðu í þetta sinn til þess að fjölyrða frekar um málið. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér finnst varla hægt að láta þessa till. fara umræðulaust til athugunar hjá n. Hér er um mjög stórt mál að ræða og að ýmsu leyti, að minni hyggju, varhugavert í þeim búningi, sem það er klætt í í þessari till.

Samkv. till. er ætlazt til þess, að Alþingi feli ríkisstj. að undirbúa ráðstafanir til þess, að raforka til almenningsnota frá rafveitum í opinberri eigu verði seld á sama verði um land allt. Nú er ekki neitt á það minnzt í till. eða grg., með hverjum hætti slíkt jafnaðarverð skyldi fundið og framkvæmt, hvort það yrði gert með þeim hætti, að þeir staðir, þar sem rafmagnið raunverulega kostar meira, fengju mismuninn greiddan af opinberu fé til þess að halda verðinu því sama og á öðrum stöðum, eða hvort til þess er ætlazt, að fjölbýlið beri kostnaðinn eða hallann af lágu rafmagnsverði í strjálbýlinu, þar sem framleiðslukostnaður á einingu hlýtur að verða miklu hærri. Hvor af þessum tveimur leiðum sem farin er virðist mér krefjast mjög mikillar athugunar, áður en nokkuð er ákveðið í þessum efnum.

Það er augljóst mál, að ef hið opinbera, hvort sem það eru ríkisveiturnar eða annað, ætti að bera hallann af því að selja rafmagnið mjög undir kostnaðarverði í strjálbýlinu, þá mundi það leiða til þess, að minna fé væri aflögu til annarra aðgerða í rafmagnsmálunum, minna fé til nýrra virkjana, minni styrkur til þess að koma veitunum á stofn, sé ekki um ótakmörkuð fjárráð að ræða, sem ég hygg að menn geri ekki ráð fyrir. Sé hins vegar gert ráð fyrir því, að tilætlun flutningsmanna sé sú, að jafnaðarverð sé fundið og ákveðið, sem miðist við það, að stærri staðirnir, þar sem fjölbýlið er meira, greiði hærra fyrir rafmagnið en það raunverulega kostar og því yrði varið til að bera hallann af veitunum í strjálbýlinu, þá er augljóst, að það hlyti að verða til þess að hækka rafmagn í fjölbýlinu, mundi draga úr notkun rafmagnsins, sérstaklega til iðnaðar og til uppbyggingar. Það mundi því einnig með þessari aðferð vera hætt við því, skilst mér, að það mundi draga úr framkvæmdum í raforkumálunum, draga úr virkjununum, draga úr byggingu stöðva og rafveitna. Ég vil því segja það, að mér finnst fyllsta ástæða til þess að gæta mikillar varúðar í lagasetningu í þessu efni, og þótti rétt, að það kæmi fram þegar nú við þessa fyrri umr. Auk þess er á það að líta, að ef Alþ. tekur upp þá stefnu, sem nokkuð hefur að vísu örlað á hér nú þegar, að jafna verð á mikilvægustu nauðsynjum um land allt, þannig að neytendum eða notendum sé tryggt sama verð án tillits til þess, hver kostnaður er við þjónustuna eða öflun vörunnar á hverjum stað, þá hlýtur það að sjálfsögðu að hafa sínar afleiðingar, því að það er engin minnsta sanngirni í því, að það séu einstök héruð eða einstakar vörutegundir eða þjónusta, sem slíkt yrði látið ná til, heldur yrði það að ná til sambærilegrar þjónustu eða vöru eða hluta á öðrum sviðum. Ég fæ ekki séð með minni beztu athugun, að stórum ríkari ástæða sé til þess að jafna verðlag á rafmagni úti um land allt, þar sem það er vitað, að það getur kostað tífalt meira á einum staðnum en á öðrum að fá rafmagnið, heldur en t. d. að jafna húsaleigu, sem er einhver mikilvægasti þátturinn í kostnaði fólksins við að lifa og getur alveg ráðið úrslitum um það, hver afkoma þess verður. — Það mætti lengra fara í þessum samanburði. Ef slíkri jöfnun á að koma á um landið allt að því er snertir einstaka framleiðslu, einstaka þjónustu eða vörutegund, þá er eðlilegt og sanngjarnt, að kröfur um sams konar jöfnun komi einnig á öðrum sviðum. Ég hef hér aðeins nefnt eitt atriði eins og húsaleiguna, sem hlýtur að blasa við hvers manns augum, ef á þetta er litið. Húsaleigan er ekki tífalt hærri í sumum stöðum en öðrum, heldur sennilega 20—30 sinnum hærri. — Það mætti fara lengra með þetta. Sá munur, sem sveitafólk, sem framleiðir sjálft vöru sína, eins og kjöt og mjólk og aðrar landbúnaðarafurðir, raunverulega geldur fyrir þetta og því er reiknað það til tekna í framleiðslunni, — munurinn á því verði og því, sem neytendur í kaupstöðum borga, er svo gífurlegur, eins og allir vita, að það ójafnar mjög lífskjör þessa fólks. Ef þetta mál er tekið upp í alvöru og sú stefna hugsuð til frambúðar að jafna verðlagið á þessari mikilvægu nauðsynjavöru eða þjónustu fyrir landsmenn, þá hlýtur óhjákvæmilega að verða tekin til athugunar jöfnun á fleiri sviðum, og það verður Alþ. að gera sér ljóst, áður en það tekur fullnaðarákvörðun um afgreiðslu þessa máls.

Þetta þótti mér rétt að láta koma fram nú þegar við þessa umr., en mun að sjálfsögðu fylgja því, að málið fái athugun í nefnd.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. 4. þm. Reykv. gerði nokkrar athugasemdir við þetta mál og fannst, að það kynni að vera hæpið, að afgreiðsla málsins yrði — mér skildist það — á þá leið, sem lagt er til í þessari till. Hann drap á það, að aðstaðan til þess að verða þessara hlunninda aðnjótandi væri mjög misjöfn hjá fólki úti um hina dreifðu byggð og t. d. hjá mönnum, sem búa í fjölmenni. Það viðurkennum við, og það var okkur ljóst, og m. a. er þessi till. fram komin út af þessum aðstöðumun. Þó að á þetta yrði fallizt, eins og lagt er nú til í þessari till., að menn greiddu sama verð fyrir orkuna, þá yrði samt sem áður mjög mikill munur á því, hvað menn verða að leggja af mörkum til þess að verða raforkunnar að-

njótandi. Ég ætla, að ég viti það rétt, að þeir, sem í þéttbýli búa, þurfi ekki að borga nærri því eins mikið til þess að fá rafmagnið og fólk úti um byggðir landsins. Það mun vera fjöldi býla, sem verður að leggja fram fyrir línurnar í kringum 10 til 12 eða um 15 þús. kr. og jafnvel meira, auk svo þessa sérstaka gjalds, sem kallað mun vera tengigjald hjá þeim, er þessum málum ráða. Þetta gjald mun vera miklu meira en tíðkast í þéttbýli, svo að þrátt fyrir það að þeir borguðu ekki meira verð fyrir raforkuna í strjálbýlinu en aðrir, verður þeim aflið dýrara samt. Það virðist okkur að muni vera óhjákvæmilegt að leggja það þeim á herðar, en það verði þeim óbærilegt, ef þeir eiga að gera hvort tveggja: leggja stórfé fram til þess að fá raforkuna og síðan borga hana hærra verði en tíðkast í bæjum.

Það er alveg rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ef það opinbera greiðir mismuninn af sinni hálfu og ef við þá upphæð er miðað, sem til þess gengur, þá má segja, að það hafi minna fé til annarra framkvæmda, það er alveg rétt, hvort heldur það yrði til að dreifa raforku út um landið eða til annarra hluta. En þannig er því líka háttað um aðrar greiðslur ríkisins. Ef þær væru sparaðar og látnar ganga til annarra nauðsynja en þær ganga, þá má segja náttúrlega, að þá hafi ríkið meira fé. Ég skal taka dæmi: Það mun láta nærri, að ríkið greiði nú um 50 millj. kr. til þess að borga niður neyzluvörur í landinu, og það er veruleg upphæð. Þetta kemur fyrst og fremst þeim að notum, sem vörurnar kaupa. Segja má náttúrlega með sömu rökum: Ef ríkið sparaði sér þessi gjöld, þá hefði það þeim mun meira fé til annarra framkvæmda. Eigi að síður tel ég hæpið, að slíkar röksemdir eigi að gilda og að á þeim grundvelli eigi að hindra þjónustu fyrir fólkið, svo að ég viðhafi orð hv. 4. þm. Reykv. Niðurgreiðslan á neyzluvörum er vitaskuld þjónusta fyrir fólkið — og þjónusta fyrir fólkið fyrst og fremst, sem í bæjum býr. Á þetta bendi ég ekki til þess að telja slíkt eftir eða að telja, að þetta eigi ekki að vera. Ég vík að þessu út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. Þessi aðferð við að halda niðri dýrtíðinni hefur vitaskuld sitt að segja. Það er hvort tveggja í senn: tilraun til þess, að verðbólgan verði minni, og liðsinni til handa þeim, sem þessar nauðsynjavörur þurfa að kaupa.

Hv. 4. þm. Reykv. vék að því, að ef ætti að koma á slíkri jöfnun sem þessari, þá mætti hugsa sér að ganga lengra, og vék að því, að húsaleiga væri mjög misdýr um landið. Og það er alveg rétt; hún er það. En nokkuð kann hún nú samt að vera í hlutfalli við tekjur manna, þó að vitaskuld eftirspurn og framboð hafi í þessum efnum sitt að segja, hver húsaleigan er. En ég þekki dæmi um það og það í ekki stórum kauptúnum, að þar mun húsaleiga ekki vera öllu minni en t. d. hér í Reykjavík. En vitaskuld er þetta nokkuð mismunandi.

En þær röksemdir gegn nauðsynjamáli, að eitthvað annað kunni að vera þess eðlis, að það væri þá þörf að mæta því og gera einhvern jöfnuð á slíku, það finnst mér ekki næg ástæða til þess að snúast öndverður gegn góðu nauðsynjamáli. Það verður líka um hvert einstakt mál að meta þýðingu málsins og hve sanngjarnt og réttlátt það er.

Þá vék hv. 4. þm. Reykv. að því, að sveitafólkið hefði í ýmsum efnum betri aðstöðu en kauptúnabúar, og vék þar að framleiðslu landbúnaðarvara, því væru færðar afurðirnar til verðs sem tekjur til heimilis miklu lægra en bæjarbúar yrðu að greiða. Ja, er hv. 4. þm. Reykv. viss um, að þetta sé rétt? Ég held ekki. Ég veit ekki betur, a. m. k. í sumum héruðum, en brýnustu nauðsynjar af framleiðslu hjá bændunum séu færðar þeim til hærra verðs en þeir fá sjálfir fyrir þær, sem seldar eru. Og ég þekki dæmi um það. Hitt er sorglegt, að þannig skuli þurfa að vera í okkar þjóðfélagi. Það get ég viðurkennt, að munurinn á því, sem framleiðendurnir fá, t. d. bændur fyrir sína framleiðslu, og því, sem neytendurnir þurfa að borga, er allt of mikill og oft stórvægilegur, en ég ætla, að það sé alveg öruggt, að bændurnir eigi minnsta sök á því, hefðu áreiðanlega vilja til þess, að þar væri minni munur á, en hafa ekki aðstöðu til þess að ráða þeim málum.

Hv. n., sem ég vona að fái þetta mál til meðferðar, íhugar það og hæstv. ríkisstj., ef till. fær afgreiðslu í líku formi og hún er nú fram borin, og ef hún kemur til með að vinna að málinu, þá veit ég, að hún leggur sig fram um það, að ýtarleg athugun fari fram, og geri sínar till. eftir því, sem henni sýnist skynsamlegast. Og það er síður en svo, að ég hafi á móti athugasemdum hv. 4. þm. Reykv., það vekur enn meiri athygli á málinu, og er rétt, að það fari fram mjög ýtarleg athugun. Ég vil þó vona vegna þess, hvaða flokki hann veitir nú forstöðu, að hann hafi í huga ummæli eins verkamannaforingjans í brezka þinginu, sem hann mælti á sinni tíð, þegar þeir réðu þar ríki og löndum og gerðu að stefnuskráratriði hjá sér að koma raforkunni út um sveitir landsins, þó að það kostaði það opinbera þar í landi miklu meiri fjármuni en að koma raforkunni til bæjanna. Hann sagði, að sveitastörfin væru brezku þjóðinni jafnnauðsynleg og það starf, sem færi fram í þéttbýlinu, og það væri hvorki rétt né sanngjarnt, að fólkið í strjálbýlinu gyldi fámennis, þess vegna bæri að láta það verða raforkunnar aðnjótandi alveg á sama hátt og þá, sem í þéttbýli búa.

Ég vil vona, að hv. þm., þó að hann geri þessar athugasemdir, hafi þetta einnig, eins og þessi merki ráðherra, að leiðarljósi fyrir sinni framkomu í þessu máli.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það er alls ekki ætlun mín að fara að rökræða þetta stóra mál við hv. flm. till. á þessu stigi málsins. Það gefst án efa tækifæri til þess síðar, þegar málið er lengra komið á athugunarstigið en nú er. En út af því, sem hv. þm. sagði í einstökum atriðum, verð ég þó að segja nokkur orð.

Hv. þm. benti alveg réttilega á það, að það verður ódýrara að fá rafmagnið inn í húsin í fjölbýlinu en í strjálbýlinu, og það liggur að

sjálfsögðu í hlutarins eðli, að það er ódýrara að taka úr taug hér í bæjunum en að leiða langar leiðir til afskekktra bæja úti um sveitir og þess vegna verði stofnkostnaðurinn við að fá rafmagn meiri fyrir strjálbýlið á hvern íbúa eða hvert heimili heldur en hér. Þetta er rétt. En Alþingi hefur líka á mjög myndarlegan hátt reynt að létta undir í þessum efnum. Sá styrkur, sem veittur er til að leggja veitur um hinar strjálbýlli sveitir, vegur mikið í þessu sambandi. Og ég tel alveg eðlilegt og hef verið því fylgjandi, að menn séu styrktir á þennan hátt, einmitt til þess að létta þeim stofnkostnaðinn og gera þeim auðveldara að fá rafmagnið heim til sín. En það er náttúrlega reginmunur á því, sem gert er í þessu efni, eða ef á að ákveða, eins og till. fer fram á, að verðið á rafmagninu sjálfu skuli vera hið sama hvar á landinu sem er, hversu mikill tilkostnaður sem er við að koma rafmagninu þangað, m. a. af því, að í öðru tilfellinu er nokkuð fyrirsjáanlegt, hvaða fjárútlát er um að ræða, þar sem er um nýbyggingar og stofnun veitna að ræða, en í hinu tilfellinu er torvelt að reikna út, hversu mikinn bagga menn binda sér með slíkum ákvörðunum, en alveg ljóst, að hann hlýtur að fara mjög vaxandi, eftir því sem meira er leitt út í strjálbýlar sveitir á landinu.

Hv. flm. vildi gera samanburð á niðurgreiðslu rafmagnsverðs og niðurgreiðslu á framleiðsluvörum bænda. Mér finnst þetta tvennt ekki sambærilegt, og ég er alls ekki sammála hv. flm. um það, að niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum séu einhliða styrkur við neytendurna í landinu. Ég hygg, að þetta sé fullkominn misskilningur af hálfu hv. flm. Samkv. gildandi reglum um vísitöluuppbætur ætti kaupgjaldið í landinu að hækka af sjálfu sér, um leið og verðlagið á landbúnaðarafurðum hækkar. Ég vil ekki segja, að það vegi alveg þar á móti, en samkv. anda laganna a. m. k. ætti það nokkurn veginn af sjálfu sér að vera bætt launþegum upp í hækkuðu kaupi. Ég hygg, að það sanna í þessu sé, að ástæðan til niðurgreiðslna sé fyrst og fremst sú að reyna að spyrna gegn þeirri aukningu framleiðslukostnaðar á útflutningsvörum, sem mundi leiða af því, ef kaupgjaldið hækkaði til jafns við það, sem útsöluverðið á landbúnaðarvörum hækkaði, og jafnframt og ekki síður, og því ætti hv. flm. ekki að gleyma, til þess að auðvelda og tryggja sölu á landbúnaðarafurðum innanlands, því að það er honum vel kunnugt um, að eftirspurnin eftir slíkum vörum og kaup almennings á þeim er að verulegu leyti við það bundið, hvert verðlag er á vörunum, og þarf ég ekki að rökstyðja það nánar. Ég hygg því, að það sé mjög rangt að telja niðurgreiðslu á verðlagi landbúnaðarafurða einhliða styrk til launþega og neytenda í landinu; því fer að minni hyggju víðs fjarri, að svo sé.

Hv. flm. viðurkenndi, sem mér þótti vænt um, að að nokkru leyti mætti jafna saman húsaleigu og gjaldi fyrir rafmagn að því er það snertir, hver áhrif það hefði á afkomu þeirra, sem kaupa þessar nauðsynjar. Hins vegar vildi hann draga í efa, fannst mér, að svo mikið misræmi væri í húsaleigugreiðslum í landinu sem ég taldi í minni ræðu. Hann sagði, að húsaleigan væri að verulegu leyti ákveðin í hlutfalli við tekjur manna og gjaldgetu. Ég hygg, að þetta sé hinn mesti misskilningur. Mér er kunnugt um það, að margt lágtekjufólk hér í Rvík og víðar í kaupstöðum býr við hin herfilegustu kjör að því er snertir húsaleigu fyrir þær íbúðir, sem það neyðist til að nota. Það er einfaldlega, hygg ég, á flestum þessum stöðum framboð og eftirspurn, sem ræður verðinu, og eins og nú er, er eftirspurnin eftir húsnæði margfalt meiri en framboðið, og það nota húseigendur sér yfirleitt.

Hv. þm. taldi, að bændum væru víða færðar til tekna framleiðsluvörur þeirra, sem þeir notuðu á eigin heimilum, með hærra verði en sambærilegar vörur, sem seldar væru. Mér kemur þetta furðulega fyrir eyru, ég verð að segja það, en skal ekki um það þræta við hann, að þessa finnist kannske einhver dæmi. En það breytir ekki því, sem er aðalatriðið í sambandi við þetta mál, sem hér er til umræðu, að þrátt fyrir þetta, þó að rétt væri það, sem hv. flm. segir, þá er þó það, sem kaupstaðabúar greiða fyrir þessar vörur, stórum hærra en það, sem framleiðendum sjálfum er reiknað það til neyzlu, eins og hann líka viðurkenndi, því að hann taldi, að það væri stórum meiri munur en æskilegt væri og jafnvel þyrfti að vera á milli útsöluverðsins á vörunum hér, sem neytendurnir greiða, og þess verðs, sem framleiðendurnir, bændurnir, fá heim fyrir afurðir sínar. Hann sagði, að það væri ekki bændanna sök, að þessi munur væri svona stór, óeðlilega stór. Ég hef aldrei sagt neitt slíkt, að það sé þeirra sök, en þá er að snúa sér að því að draga úr þessum mismun, fá hann niður í það, sem eðlilegt væri og óhjákvæmilegt að taka til þess að koma vörunum frá framleiðendum til kaupenda.

Ég skal ekki fara lengra út í að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, því að til þess gefst tilefni síðar, en vildi aðeins vekja athygli á þessu í sambandi við ummæli hv. flm.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Radarstöðvar (till. SB o. fl.).

Á 12. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. varðandi starfsmenn á radarstöðvum í þágu landvarnanna [84. mál] (A. 120).

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. og 20. fundi í Sþ., 17. og 23. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

9. Radarstöðvar (till. GíslG og PÞ).

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rekstur radarstöðva varnarliðsins [87. mál] (A. 142).

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

10. Verkfræðingar í ríkisþjónustu.

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um kjarasamning stéttarfélags verkfræðinga [88. mál] (A. 143).

Á 15. og 20. fundi í Sþ., 17. og 23. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

11. Strandferðir (síðari till. GíslJ og SÁ).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um breytta skipun strandferða [107. mál] (A. 186).

Á 21., 22., 26., 27. og 34. fundi í Sþ., 2., 7., 13. og 14. des., 9. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef flutt hér á þskj. 186 till. til þál. ásamt hv. þm. Snæf., er hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að kjósa tvo menn hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þess að framkvæma á því athugun, hvort tiltækilegt sé með breyttri skipan á rekstri strandferða á vegum Skipaútgerðar ríkisins að draga úr kostnaði af þeim rekstri, án þess að á nokkurn hátt sé skert sú þjónusta, er strandferðirnar veita landsmönnum nú. — Skal athugun lokið og till. skilað til ríkisstj. fyrir 1. júlí n. k.“

Ég gæti að vísu stytt mjög mál mitt og vísað að mestu til þeirrar grg., sem fylgir þáltill., þar sem þar eru ýtarlegar upplýsingar um þetta mál og þá nauðsyn, sem liggur til þess, að það sé tekið til rækilegrar athugunar. En ég vil þó fara nokkru nánar út í þetta atriði, sérstaklega vegna þeirra blaðaskrifa, sem orðið hafa um málið í heild, og þess áhuga, sem er um þetta mál meðal allrar þjóðarinnar. Og vil ég þá fyrst og fremst leyfa mér að benda á, að þegar till. á þskj. 50 um rekstur strandferða og flóabáta, sem flutt var af okkur sömu flm., var felld hér í hv. Alþingi án þess að fá venjulega þinglega meðferð, — hún var felld frá því að fá athugun í nefnd, — var sýnt, að meiri hl. hv. þingmanna vildi ekki, að ríkissjóður hætti að starfrækja strandferðirnar. Út af fyrir sig hef ég ekkert við þá skoðun hv. meiri hl. þingmanna að athuga. Það er þeirra mál. En með því bakaði sá hv. meiri hl. sér þá skyldu að koma fram með einhverjar till. til úrbóta á rekstri og fyrirkomulagi strandferðanna. En það hefur hann ekki gert, og þess vegna m. a. höfum við leyft okkur að bera fram þá þáltill., sem hér um ræðir. En að ég hef ástæðu til þess að mæla þannig, sýna bezt ummæli endurskoðenda ríkisreikninganna. Segja þeir hér á bls. 187, að samkv. fjárlögum var ætlað, að Skipaútgerð ríkisins fengi 3 millj. 620 þús. kr. til rekstrar strandferðanna, en samkv. reikningum eru gjöld þessi það ár kr. 9478775.13. Það er m. ö. o. hér um bil þreföld sú upphæð, sem Alþ. áleit vera nægilega til þess að reka strandferðirnar. Þessi umframeyðsla þykir endurskoðendum svo gífurleg, að þeir sjá ástæðu til að gera þessar athugasemdir og telja, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til úrbóta á þessu sviði, og spyrja jafnframt: Er eitthvað af þessum umframgreiðslum greitt í samráði við ráðherra?

Nú væri mjög fróðlegt, þó að ríkisreikningurinn sé ekki hér til umr., að fá að heyra af vörum hæstv. ráðh., hvort allar þessar fjárfúlgur eru greiddar raunverulega í samráði við hann, og skýtur þá nokkuð skökku við ýmsar aðrar greiðslur, sem sótt er um til hans í sambandi við umframeyðslu á öðrum sviðum í ríkisrekstri.

Þessum athugasemdum hv. yfirskoðunarmanna hefur svo fjmrh. svarað og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svör við þessum athugasemdum hafa borizt frá samgmrn.:

Ráðuneytinu hefur borizt bréf fjmrn., dags. 22. júní s. l., varðandi athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreikninga við umframgreiðslu á 13. gr. B, I og II, árið 1952. Fylgir hér með í afriti bréf Skipaútgerðar ríkisins, dags. 13. f. m., þar sem gerð er grein fyrir umframgreiðslu til útgerðar ríkisins 1952.“

Sjálft rn. sýnist ekki sjá neina ástæðu til þess að svara öðru en því að leggja fram bréf frá Skipaútgerðinni, sem er dags. 13. júlí 1954 og gefur raunverulega engar frambærilegar ástæður fyrir þeirri umframeyðslu, sem hér um ræðir, og sízt af öllu koma fram nokkrar till. til úrbóta á þessum rekstri, sem hefur

kostað nærri 6 millj. kr. umframeyðslu á einu ári úr ríkissjóði. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna segja svo í sínum athugasemdum:

„Yfirskoðunarmenn telja, að nauðsyn beri til að draga úr rekstri stofnana, eftir því sem unnt er, en ekki auka hann, ef auðsætt er, að framlög samkv. fjárlögum hrökkva hvergi nærri til. Ber Alþ. að sýna vilja sinn um það efni, og eru athugasemdirnar til viðvörunar framvegis."

Ég tel, að þetta, sem ég hér hef lýst, sé nægileg ástæða til þess, að við flm. höfum hreyft þessu máli hér á þinginu, og að það hefði verið meiri sómi fyrir hv. meiri hl. Alþingis á sínum tíma að samþ. að vísa þáltill. á þskj. 50 til n., eins og til var ætlazt, og láta málið fá í heild þar athugun, heldur en hafa þá meðferð á málinu, sem gert var og öllum er þegar kunn. Og þykir mér enn miklu einkennilegra, að hæstv. forseti þingsins, sem er einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna, skyldi leggja þar á sitt lóð og fella till. frá n. til þess að athuga einmitt það mál, sem hann sjálfur hafði gert svo sterka aths. við í ríkisreikningunum.

Hér er því um mjög mikið vandamál að ræða, sem Alþ. verður að horfast í augu við og verður að leysa. Það verður að sjálfsögðu ekki leyst með því að víkja bikarnum ávallt frá sér. Það verður að brjóta til mergjar, hvað eigi að gera í málinu, úr því að meiri hl. Alþ. hefur samþ., að Skipaútgerðin skuli hafa slíkan rekstur á hendi.

Ég skal þá nokkuð benda hér á, í hvaða farvegi strandsiglingarnar voru fyrir stríðið. Þær voru þá þannig, að þær áttu í harðri samkeppni við Eimskipafélagið og við aðra þá aðila, sem sigldu á ströndina, og vitað var, að rekstrarhallinn óx þá ár frá ári, m. a. vegna þeirrar samkeppni, sem þá var frá öðrum aðilum. Þetta breyttist allmikið á stríðstímanum, því að þá var Skipaútgerð ríkisins svo að segja ein um alla flutninga. Að vísu tóku þá menn upp flutninga á miklu lélegri farkostum og gátu haldið þeim uppi og grætt á þeim allmikið fé. Sumir hverjir halda þeim flutningum uppi enn í dag í samkeppni við Skipaútgerðina og hafa til þess engan styrk. En jafnvel þó að engin eða lítil samkeppni væri á þeim árum, þá sýndi það sig þó, að með þeim skipakosti, sem þá var fyrir, var aldrei hægt að reka strandferðirnar nema með gífurlegum halla. Af þeim ástæðum var þá skipuð nefnd til þess að athuga þessi mál, og lét hún fara fram mjög róttæka athugun á málinu í heild og gerði um það ýtarlegar till. Það hefur ekki verið nema að mjög litlu leyti farið eftir þeim till., sem n. gerði, og fyrir það er málið komið í það horf, sem það nú er í, að vera síaukinn baggi á ríkissjóði, sem alveg er sýnilegt að ekki verður létt af, nema gerðar séu einhverjar stórkostlegar breytingar á skipulaginu. Form. þessarar n. var þáverandi framkvæmdastjóri Skipaútgerðarinnar, sem hafði áralanga þekkingu á þessum málum og vissi þar af leiðandi mjög vel, hvað hann var að tala um. Og mér þykir rétt í sambandi við þetta að benda á nokkur atriði, sem komu fram í þessu veigamikla máli undir þeim umræðum og við þá rannsókn, sem þá var framkvæmd í sambandi við rekstur Skipaútgerðarinnar. Hér segir m. a. í nál. frá formanni nefndarinnar, með leyfi hæstv. forseta, að „það munu varla vera skiptar skoðanir um það, að samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins eru eitt af höfuðskilyrðunum fyrir heilbrigðri þróun atvinnuveganna. En þrátt fyrir það hefur það atvikazt svo, að strandferðum hefur verið mjög ábótavant. Ræður þar mestu um ónógur og óhentugur skipakostur og skipulagsleysi strandferðamálanna yfirleitt."

Þetta er dómur formanns n., sem sjálfur hafði stjórnað þessum málum, — ja, mér er óhætt að segja svona nokkurn veginn sem einvaldsherra öll þau ár, — og sjálfur hafði ráðið alveg um kaup á þeim skipakosti, sem valinn var í þessar ferðir. En reynslan hefur kennt honum að viðurkenna, að hér hafi alveg verið farið öfugt að á öllum sviðum. Hann segir enn fremur hér:

„Fyrir styrjöldina héldu tvö útlend skipafélög uppi föstum ferðum til Íslands og létu þá skip sín um leið sigla meira og minna í strandferðum, þó eingöngu á hinar stærri hafnir, sem svaraði kostnaði að koma við á. Skip Eimskipafélags Íslands sigldu einnig nokkuð í strandferðum ásamt millilandaferðunum, en þó aðallega á þær hafnir, sem höfðu góð afgreiðsluskilyrði. Eimskipafélagið lét þó skip sín koma við á ýmsum smærri höfnum, þegar sérstaklega stóð á og beðið hafði verið um það í tíma."

Þetta var fyrirkomulagið, sem var á strandferðunum þá og hann ætlaðist til með sínum till., sem hann gerði í nefndinni, að yrði ekki farið inn á aftur. Nú hefur reynslan sýnt, að ferðirnar eru komnar nákvæmlega í sama farveg og þær voru fyrir stríðið, svo að það er fullkomin ástæða til að taka alvarlega á þessum málum, ef ekki á að horfa upp á það, að ríkissjóður láti tug milljóna eða meira á hverju ári til þessa rekstrar.

Hann segir enn fremur hér:

„Ef gengið er út frá því, að millilandaferðirnar verði færðar í það horf, sem hér að framan hefur verið drepið á, tel ég, að eftirgreind skip og tilhögun á ferðum þeirra þurfi til að byggja upp fullkomið strandferðakerfi."

En hann hafði þá lagt til, að aðeins yrði leyft Skipaútgerð ríkisins að sigla á ströndina, hún fengi nokkurs konar einkarétt á að flytja vörurnar til og frá á höfnunum, en að teknir yrðu upp flutningar að og frá landinu frá aðeins fjórum stöðum. Svo gerði hann tillögur um, hvernig þessu skyldi fyrir komið, og hans till. voru þessar:

Flutningur að og frá landinu færi fram á sem allra stærstum skipum. Milliferðaskip, sem sigla eftir föstum áætlunum, tefji sig ekki á strandferðum, heldur verði notaðar umhleðsluhafnir og vörunum þaðan dreift með hentugum strandferðaskipum til nærliggjandi staða.

Á þessu byggir hann svo sínar till., sem eru þær, að tvö strandferðaskip ámóta og Esja gangi hvort á móti öðru kringum landið, komi við á flestum höfnum vegna farþega, en taki aðeins flutning að og frá þeim höfnum, sem hafa hafskipabryggjur og góð afgreiðsluskilyrði. Í öðru lagi, að strandferðabátar annist

flutninga á takmörkuðum svæðum, sérstaklega á þær hafnir, sem strandferðaskipin flytji ekki til vegna slæmra hafnarskilyrða. Sé ætlaður einn 250 lesta bátur á svæðið Hornafjörður—Langanes, einn 250 lesta bátur á svæðið Langanes—Ísafjörður, einn 250 lesta bátur á svæðið Vestfirðir—Reykjavík—Vestmannaeyjar og einn 150 lesta bátur fyrir svæðið Reykjavík—Breiðafjörður, einn 300 lesta farþegabátur á svæðið Reykjavík—Borgarnes—Akranes. Og svo leggur hann hér til, að í flóaferðirnar verði settir smærri bátar, sem ég skal ekki ræða hér nánar.

Í þessum till. var gengið út frá því og samþ. hér á Alþ. í tíð þáverandi ráðh., Emils Jónssonar, að byggja strandferðaskip líkt og Esju, svo að það væru tvö slík skip til þess að vera í ferðunum, eins og gert var ráð fyrir hér, og svo tveir bátar, Herðubreið og Skjaldbreið, en því var síðan aldrei komið í það horf, sem gert var ráð fyrir, þ. e. að skapa einokunaraðstöðu fyrir Skipaútgerðina, til þess að þessir bátar önnuðust allan flutninginn. Og það hefur sýnt sig síðan, að þjóðin öll mun mótmæla slíkri skipulagningu, hún mun ekki vilja sætta sig við undir neinum kringumstæðum, að horfið verði að því atriði, og þess vegna er nauðsynlegt að umskipuleggja alveg ferðirnar, eins og nú horfir við.

Nefndin var ekki sammála um þessar till., eins og sést á þingskjölum. Meðal annars gerði ég sérstakt álit, og er það efni birt í sama þskj. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það kom þegar fram í upphafi, að ef gera átti tillögur um nýja skipun strandsiglinga, yrði að ganga út frá því, að strandferðirnar yrðu framvegis allar á einni hendi, þær lytu allar einni og sömu stjórn. Á þann hátt var auðveldast að fá fullt yfirlit yfir flutningaþörfina á hverjum tíma og þá jafnframt hægast að tryggja nægilegan skipakost til ferðanna, án þess þó að fleiri skip væru í ferðunum en þörf væri á. Um þetta urðu allir nm. sammála. Skyldu tillögurnar síðan gerðar með tilliti til þessa samkomulags. Á árunum 1941—44 hefur þessi háttur verið hafður á strandsiglingunum að langmestu leyti, þótt nokkrar undantekningar hafi þar á verið, þar sem Eimskipafélagið hefur á þessu tímabili annazt að einhverju leyti strandsiglingar samfara millilandasiglingum."

Síðan er sýnt fram á í minu áliti, að með þessu fyrirkomulagi sé engan veginn útilokað að láta strandferðirnar nokkurn veginn bera sig, með því að hafa tvö skip líkt og Esju og Heklu og tvo báta. En það hefur brugðizt, eins og ég tók fram áðan, vegna þess að skipulaginu var ekki komið á eins og n. gerði ráð fyrir. En með tilvísun til þess, sem hér greinir, lagði ég til, að ríkisstj. léti þá þegar afla fullkominna upplýsinga um það, hvað kosta mundi að smíða eða kaupa eitt skip líkt og Esju og þrjá til fjóra strandferðabáta 3—4 hundruð smálesta, svo og hvenær unnt mundi vera að fá slíkan skipakost til landsins, jafnframt feli ríkisstj. Skipaútgerðinni að gera rekstraryfirlit yfir þessi skip í strandsiglingum. Einnig legg ég til, að ríkisstj. leiti þá þegar samvinnu við Eimskipafélag Íslands um skipulagningu á strandsiglingum og millilandasiglingum svo og að semja um fullkomna verkaskiptingu á flutningum á milli þessara aðila, og í þriðja lagi, að þegar ofanræddum verkefnum væri lokið, verði nefndinni eða öðrum aðila falið að gera tillögur þær um skipan strandsiglinga, sem til var ætlazt í fyrrnefndu bréfi ráðuneytisins frá 28. júní 1943. — Hæstv. ríkisstj. lét á þeim tíma framkvæma þær tillögur, sem komu fram í 1. tölulið minum og féllu alveg saman við till. frá formanni nefndarinnar og raunverulega nefndinni í heild, en lét alveg undir höfuð leggjast að gera framkvæmdir á þeim tveimur tillögum, sem fylgdu með þessari tillögu, og því er málið komið í það óefni, sem það er komið í dag. Ríkisstjórnin lét alveg undir höfuð leggjast að reyna nokkurt samkomulag á þessu sviði við Eimskipafélagið, og síðan hefur, eins og kunnugt er, annað félag tekið upp mjög mikla flutninga á ströndinni, og þess vegna hallast enn meira á ógæfuhliðina hjá Skipaútgerð ríkisins. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram hér á þessu stigi til að sýna fram á, að málið er jafnaðkallandi nú og það var árið 1943, þegar mþn. var skipuð til þess að athuga þessi mál.

Sú breyting hefur þó orðið á strandferðunum síðan 1943, að Skipaútgerð ríkisins hefur einnig tekið við olíuflutningunum á ströndina, en þeir fóru fram áður hjá allt öðrum aðilum. Fyrstu árin var rekstrarafgangur mjög mikill á þessum flutningum, þ. e. a. s. á meðan Skipaútgerðin var ein um þessa flutninga og réð sjálf verðinu. Og ágóðinn af flutningunum var þá svo mikill, að það risu upp ýmsar raddir um, að það væri á engan hátt eðlilegt eða réttlátt að taka á þann hátt milljónagróða af fátækum sjómönnum, sem þurftu á eins lágu olíuverði að halda og unnt væri til þess að standa undir flutningunum, sem álitið var og sannað var, að hægt var að reka fyrir allmiklu minna verð. En hér fór allt á sömu leið. Eftir því sem árin liðu og aðrir menn fóru að taka upp þessa flutninga í frjálsri samkeppni, fór einnig að halla á ógæfuhliðina í sambandi við olíuflutningana, og nú er svo komið, að einnig olíuflutningarnir eru orðnir stór baggi á ríkissjóði. Nú eru það aðrir aðilar, sem hafa flutt olíuna og geta flutt hana fyrir miklu lægra verð, og ætli ríkissjóður sér að flytja þessa vöru fyrir samkeppnisfært flutningsgjald, verður hann að greiða stórar fjárfúlgur með olíuflutningunum út á land. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á ummæli, sem koma hér fram í skýrslu Skipaútgerðarinnar frá sjálfum forstjóranum um olíuflutningana. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Útgerð tankskipsins Þyrils: Mótorskipið Þyrill setti met í afköstum á árinu 1953, flutti 92 þús. tonn olíu og benzíns fyrir farmgjald að upphæð 4.7 millj. kr. En ekki varð þessum afköstum náð nema með því að kosta að ýmsu leyti óeðlilega miklu til, svo sem í yfirvinnu við hreinsun tanka og við viðgerðir á skipinu og vélum þess. Þá féllu á skipið samkvæmt hæstaréttardómi slysabætur að upphæð rúmlega 200 þús. kr. tilheyrandi árinu 1948, sem

ómögulegt var að sjá fyrir, því að orsök slyssins (sprenging um borð í skipinu) var aldrei upplýst, og auk þess voru dæmdar slysabætur margfaldar miðað við tryggingarfjárhæðir samkvæmt samningum stéttarfélaganna við útgerðarfélögin um sérstakar slysatryggingar, sem útgerðarfélögin eiga að kosta, en svo hafði verið litið á af hálfu útgerðarfélaganna hér, að nefndir slysatryggingasamningar væru fullkomlega leiðbeinandi um hugsanlega ábyrgð útgerðarfélaganna, ef slys bæri að höndum." — Hér virtist hinn ágæti forstjóri fara eftir áliti annarra manna í sambandi við þessi viðskipti, en byggja minna á sinni eigin viðskiptaþekkingu, og hefur þá látið undir höfuð leggjast að tryggja sig gegn slíkum óhöppum, sem hafa kostað ríkissjóðinn hundruð þúsunda króna. — Enn fremur féll á Þyril á árinu 1953 samkvæmt hæstaréttardómi skaðabótakrafa að upphæð nærri 900 þús. kr., sem sýnir einnig verzlunarhyggindi þessa ágæta manns. Eru bætur þessar „út af meintri blöndun olíu og benzíns um borð í skipinu á árinu 1949. Var mál þetta mjög langdregið og flókið, og skal það því ekki rakið nánar hér, en fullyrða má, að réttmæti dómsins er mjög vafasamt".

Ég vil nú segja, að slík ummæli sem hér eru höfð um hæstarétt eru ekki einungis óeðlileg, heldur næsta óviðeigandi, að það skuli vera 35 ára afmælisgjöf til hæstaréttar, sem viðurkenndur hefur verið, held ég, af öllum að hafa sýnt framúrskarandi samvizkusemi í sínum dómum, hvort sem átt hafa í hlut pólitískir andstæðingar eða pólitískir fylgismenn, en hér leyfir sér einn forstjóri ríkisfyrirtækis að vefengja svo freklega sem hér er gert dóm hæstaréttar og birta það í skjölum til Alþingis. Ég verð að segja, að ef viðkomandi aðili er jafnvandaður að öllum sínum störfum á öðrum sviðum, þá er ekki að furða, þó að 10 millj. kr. halli sé á þessum rekstri.

Svo segir hér einnig: „Óvenjulega hár launakostnaður vegna veikinda féll á Þyril á árinu 1953." Þá segir enn fremur hér: „Með því fyrirkomulagi, að þrjú tankskip annist strandflutningana án sameiginlegrar yfirstjórnar, flytja væntanlega öll skipin samsetta farma og mismunandi tegundir sitt á hvað með tilheyrandi hreinsunarkostnaði og tæringarfyrningu. Þá mun ekki verða hjá því komizt vegna samkeppni olíufélaganna, að illa verði oft raðað í skipin, og verði þau því að fara óhagstæðar langsiglingar og snattferðir að þarflausu. Kann að vera, að þetta sé skemmtilegt viðfangsefni fyrir olíufélögin í samkeppni þeirra, en varla getur þetta skoðazt í þágu þjóðarhagsmuna." Hér bendir sjálfur forstjórinn á, að það sé alveg nauðsynlegt að skipuleggja þessar ferðir betur og hagkvæmar en gert er, og það er einmitt það, sem felst í mínum tillögum; einnig það, að tekið sé til athugunar, hvernig þessir flutningar verði skipulagðir. Hins vegar leggur forstjórinn til í sambandi við þetta mál, að Skipaútgerð ríkisins verði falinn einkaréttur til að flytja olíu á ströndina. Hann segir m. a.: „Þegar þetta er ritað, er nokkur óvissa ríkjandi varðandi rekstur Þyrils í framtíðinni vegna kaupa S. Í. S. á strandferðatankskipi í febrúar 1954 og tilkynningar um smíði sams konar skips fyrir Shell og BP til afgreiðslu snemma árs 1953. Er þó ástæða til að álíta, að næg verkefni verði fyrir nefnd þrjú skip, ef þau taka alla lýsisflutninga frá landinu. Mun samt vera þjóðhagslega óhagstætt að hafa umrædd skip sitt á hverri hendi, og eru mörg rök, sem hníga að því, að réttast hefði verið að láta Skipaútgerðina fá og starfrækja nægan skipakost til þess að annast alla strandferðaflutninga á olíu og benzíni og lýsisflutninga til útlanda, sem heppilegt er að láta strandferðaskipin annast inn á milli." — Þetta eru hans till. í málinu, og vitanlega ber þeim hv. meiri hl. í þinginu, sem vill viðhalda þessu ófremdarástandi, að horfast í augu við þetta og vinna þá að því, að þessar till. nái fram að ganga. — Hann segir enn fremur: „Með þessu móti væri hægt að skipuleggja umrædda flutninga á réttan hátt, tryggja sem hagstæðastar strandferðir upp á afköst, sem oftast með fullfermi af einni tegund farms til þess að spara hinn mikla hreinsunarkostnað og það, sem ekki er þýðingarminna, tæringarskemmdir í tönkum og leiðslum, sem fylgja í kjölfar hreinsananna." Svo segir enn fremur: „Þurfti það ekki að vera tilfinnanlegt fyrir neinn, þó að tankskip Skipaútgerðarinnar hefðu tekið ofur lítinn hagnað á farmgjöldum, sbr. það, að einungis 10 kr. hagnaður á tonni fluttu með Þyrli á s. l. ári hefði gefið Skipaútgerðinni nærri 1 millj. kr. hagnað. Og hvern munaði um slíkt á vörum, sem kosta 865 kr.?" — Með því að leggja 80 kr. skatt á olíuna væri hægt að ná upp þessum 10 millj., sem vantar til þess, að Skipaútgerð ríkisins geti borið sig. Ég er nú ekki alveg viss um, hvort sá hv. meiri hl., sem sameinaði sig um að víkja till. okkar flm. frá athugun í nefnd, er tilbúinn til þess í dag að fallast á þær tillögur, sem hér er lagt til af þeim manni, sem þeir standa vörð um og hafa staðið um undanfarin ár og þá stofnun. En þeim ber sannarlega skylda til þess að taka þessi mál til athugunar. En þetta eru óhrekjanlegar tillögur, sem hér koma fram frá Skipaútgerðinni, að leggja nýjan skatt á fólkið úti á landsbyggðinni — ekki fólkið hér í Reykjavík, heldur fólkið úti á landsbyggðinni — til þess að bera uppi hallann á flutningunum.

Ég hygg, að ef þjóðin fengi að horfa framan í þá tillögu að gefa Skipaútgerð ríkisins eða nokkrum öðrum aðila einkarétt á flutningi á olíu eða einhverri annarri vöru, sem ætti að flytja til þeirra, þá mundi hún áreiðanlega rísa upp. Það er aðeins hægt að læða slíku inn að einhverjum krókaleiðum, dulbúnu, en það er ekki hægt að fá þjóðina til þess að viðurkenna, að það sé henni hagkvæmast í þessum viðskiptum. Tillögur forstjórans á sínum tíma, eins og kemur fram í þskj. þeim, sem ég benti á áðan, voru þær, að einkaréttur yrði gefinn Skipaútgerð ríkisins á öllum flutningum, á fólki og vörum. Það ætti með öðrum orðum að banna flugvélar, sérleyfisbifreiðar, leggja það allt niður og taka upp innflutning á sérstakar fjórðungshafnir í landinu, eða flytja þangað allar vörur frá útlandinu, dreifa þeim svo um land-

ið með öllum þeim kostnaði, sem það hefur í för með sér að skipa þeim í land þar, flytja þær út aftur, taka á sig kostnað af skemmdum o. s. frv., safna síðan saman öllum útflutningsvörunum á þessar sömu fjórar hafnir og flytja þær þannig út með útflutningsskipunum. Þetta voru hans tillögur, og hann sá enga leið aðra til þess að bjarga rekstrarafkomu strandferðanna en að fara þessa leið, sem ég hef hér minnzt á. Og þeir menn, sem vilja sinna þessum málum og eitthvað kynna sér þau, geta lesið allar þessar tillögur og allar þær grg., sem þessu fylgdu, í alþingistíðindum frá 1945, því að þar eru öll þessi gögn.

Ég vildi nú gjarnan, áður en ég lýk máli mínu, ofur lítið fara inn á það hér, hvernig reksturinn tókst á stríðsárunum, þegar segja mátti að hér væri einokun á þessu sviði, — og mundi hann nú takast betur nú, ef um einokun væri að ræða? Reksturinn á stríðsárunum var þannig, að öll árin tapaði útgerðin allmiklu fé. En eftir að Hekla hafði byrjað ferðir og eftir að hægt var að koma ferðunum í það horf, sem hugsað var, áður en samkeppnin byrjaði, stóðu þó vonir til þess, að það væri hægt, eins og ég gat um áðan, að draga úr kostnaðinum, svo að hann yrði ekki mjög tilfinnanlegur, en þetta fór allt í aðra átt, eftir að samkeppni kom frá hinum öðrum aðilum. Á árunum 1949 var 80 þús. kr. tap á vöruafgreiðslunni einni hér í Rvík, 1950 var 26 þús. kr. tap á vöruafgreiðslunni, og 1951 var 16 þús. kr. tap. Aftur á móti var 107 þús. kr. hagnaður 1952 og 1953 var 162 þús. kr. hagnaður á vöruafgreiðslunni, og þetta fékkst eingöngu fyrir harða sókn frá fjvn., sem ár eftir ár gerði róttækar athugasemdir við reksturinn á vöruafgreiðslunni. Skrifstofukostnaðurinn samkvæmt reikningunum árið 1949 er 735 þús., 1950 709 þús., 1951 940 þús., 1952 er hann 1185 þús., og 1953 er hann 1231 þús. Innkaupadeildin, sem ekki er sýnilegt að nein þörf sé á að hafa, því að hér er einnig starfandi innkaupastofnun ríkisins og ætti að geta annazt þá hlið rekstrarins, kostar árið 1949 83 þús., 1950 kostar hún 142 þús., 1951 kostar hún 200 þús., 1952 161 þús. og 1953 180 þús. Það verður því ekki séð, að það sé nein þörf á að halda þessari stofnun í sambandi við Skipaútgerðina.

Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur haft það sem aðalvörn í þeim deilum, sem hafa verið um þetta mál, að ég sé að blása þetta allt út vegna þess, að mér hafi ekki á sínum tíma samkvæmt ósk verið falin umsjón með skipum Skipaútgerðarinnar, sem ég þá ræddi við forstjórann og bauðst til þess að sjá um fyrir 3 þús. kr. á ári á hvert skip. En hvernig hefur verið farið með þennan lið? Það hefur verið farið með hann þannig, að það er ráðinn til þess ákveðinn maður með 46 þús. kr. launum. En það var ekki nóg, því að þegar landhelgisgæzlan var búin að taka öll sín skip undan skipaeftirliti hjá Ríkisskip, svo að það hefði átt að vera minna að gera fyrir þennan eina mann, þá er bætt við öðrum manni, og hann er tekinn og kostar, eftir því sem sést hér á gögnunum, aðrar 40 þús. kr. Og það er merkilegast við það og sýnir náttúrlega, hvernig þessi stofnun er rekin, að hér er ekki verið að taka neinn mann með tæknilega þekkingu; hér er tekinn gamall uppgjafakaupfélagsstjóri norðan úr landi til þess að hafa eftirlit með viðgerðum og vélum og öðru, sem því við kemur hjá Skipaútgerðinni. Ef öll stjórn Skipaútgerðarinnar er þannig, þá er sannarlega ekki að furða, þó að halli allt á ógæfuhliðina. Þegar minnkað er starfssvið eftirlitsmannsins, Ásgeirs Sigurðssonar, sem var forstjóri áður fyrir landssmiðjunni, og hans starfssvið minnkað um meira en helming, þá er ráðinn Pétur Sigfússon kaupfélagsstjóri til þess að vera honum til aðstoðar við véla- og skipaeftirlit hjá Skipaútgerðinni. Og ef öll starfræksla og öll stjórn á þessu fyrirtæki er þannig, þá er því meiri ástæða til þess að fella ekki slíkar tillögur frá athugun í nefnd.

Ég skal svo að síðustu aðeins benda á, að árið 1949 er rekstrartapið á Skipaútgerðinni 2.1 millj. kr., 1950 er það 2 millj. og 350 þús., 1951 er það 3 millj. 956 þús., 1952 er það 7 millj. og 782 þús., og 1953 er það 7 millj. og 332 þús. Og þó er þetta auk þeirra fyrninga, sem þarf að gera á skipunum og reiknaðar eru um 800 þús. kr. á ári á hvert skip, eins og sjá má á ríkisreikningunum. En fyrir árið 1955 er farið fram á 10½ millj. kr., og það mætti segja mér, að þetta ætti svo eftir að hækka enn þá um 2, 3 eða 4 millj. kr. árlega, ef ekkert yrði að gert.

Ég tel, að þetta sé nægilegt til þess að sýna fram á, að þessi tillaga mín á a. m. k. ekki að fá slíka meðferð sem hv. meiri hl. lét hinar aðrar tillögur fá og að hann skapar sér ábyrgð í sambandi við þennan rekstur með því að vilja ekki gera meira í málinu en gert hefur verið.

Ég vil því vænta þess, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til síðari umr. og til hv. fjvn., og vænti þess, að hv. fjvn. afgreiði þetta mál á þessu þingi, svo að það fái fullkomna þinglega afgreiðslu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að hafa afskipti af þessu máli, a. m. k. á þessu stigi, en get ekki stillt mig um, eftir að hafa hlustað á hina löngu ræðu hv. 1. flm., þm. Barð., að gera hér athugasemdir vegna einstöku atriða í ræðu hans, sem nauðsynlegt er að gera athugasemdir við.

Hv. þm. sagði meðal margs annars, að ríkið eða Skipaútgerðin þyrfti að greiða háa fjárhæð í skaðabætur vegna olíuflutningaskipsins Þyrils, ég held hann hafi nefnt 900 þús. kr., og hv. þm. vildi kenna forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um, að svo hefði farið, sagði, að þetta sýndi verzlunarhyggindi þessa ágæta manns. Ég vil upplýsa í þessu sambandi, að þær skaðabætur, sem hér féll dómur um, voru vegna sölusamnings, sem þáverandi sölunefnd setuliðseigna hafði gert við norskan mann um sölu á skipinu Þyrli, en síðan gekk til baka, vegna þess að það var þá ekki leyfður útflutningur á skipinu úr landi héðan. Skipaútgerð ríkisins kom ekkert nálægt þessu máli eða forstjóri þeirrar stofnunar. Það var þessi þáverandi sölunefnd setuliðseigna, sem gerði þá samninga, sem málið reis út af og síð-

an skaðabótagreiðslan. Hér fer því hv. þm. algerlega með rangt mál.

Vafalaust er það ýmislegt fleira, sem ástæða væri til að leiðrétta í hans ræðu, þó að ekki verði hér farið langt út í það. Hann var eins og stundum fyrr með sleggjudóma um fyrrverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar, sem nú er látinn, bæði í ræðu sinni og eins í þeirri grg., sem hann og félagi hans hafa látið fylgja þessari tillögu. En að dómi allra sanngjarnra manna, sem fylgdust með störfum fyrrverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar, var viðurkennt, að hann hefði rækt með árvekni og samvizkusemi þau störf, sem hann hafði þar með höndum, og staðið prýðilega í stöðu sinni. Hv. þm. Barð. heldur því fram, að hann hafi stjórnað fyrirtækinu sem einvaldsherra. Þetta er ein af villum hv. þm., því að vitanlega var yfirstjórn fyrirtækisins þá eins og nú og alltaf í höndum Alþingis og ríkisstjórnar. Þar var enginn einvaldsherra við stýrið á þeim tíma frekar en endranær.

Ég hef ekki lesið rækilega grg. með þeirri till., sem hér er til umræðu, en ég býst við, að það sé ýmislegt þar, sem ástæða gæti verið til að gera athugasemdir við, fleira en það, sem ég hef nefnt. T. d. hef ég ekki heyrt það eða séð fyrr en ég sé það í þessu plaggi, að skip Eimskipafélagsins, sem Goðafoss hét, hafi strandað árið 1915. Það má segja, að það skipti ekki miklu máli í þessu sambandi, þó að farið sé rangt með um þetta skipsstrand, en það gefur bendingar um það, að sá þáttur Íslandssögunnar, sem hv. þm. Barð. hefur verið að flytja, bæði á þessu þskj. og í ræðu sinni, sé ekki sem allra traustastur.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mér þykir alltaf gott að eiga viðræður við hv. þm. V-Húnv., en sögufróður á sviði Skipaútgerðar ríkisins er hann ekki. Ég held, að ég hafi lesið það hér alveg orðrétt upp úr skýrslu frá sjálfum forstjóranum, undirritaðri af honum og á hans ábyrgð, og sjálfsagt með vitund hans ágæta hæstv. ráðh., að hér stendur: „Enn fremur féll á Þyril á árinu 1953 samkvæmt hæstaréttardómi og áætlun skaðabótakrafa að upphæð nærri 900 þús. kr. út af meintri blöndun olíu og benzíns um borð í skipinu á árinu 1949.“ Og hefur þessi upphæð ekkert með það að gera, sem hv. þm. er að tala um. Hann hefði því átt, áður en hann fór hér upp til þess að mótmæla jafnkröftuglega mínum málflutningi eins og hann gerði hér, að kynna sér þessi mál. Hann hefði og átt að greiða atkvæði með till., sem áður hafa komið um það, að þessi mál færu í nefnd til þess að verða athuguð. Gæti sú nefnd þá dæmt um það, hvort það væri ég eða hv. þm. V-Húnv., sem hefði á réttu að standa. En í þessu atriði hef ég á réttu að standa, en hann á röngu, nema því aðeins að hv. þm. vilji væna mig um það að lesa hér rangt upp af blaðinu, sem hann annars getur fengið lánað hjá mér, svo að hann geti séð, að hann er að blanda hér saman alveg óskyldu máli, sem ég minntist ekki á.

Hv. þm. gat þess einnig, að það hefði verið rangt farið með strandið á gamla Goðafoss. Ég get sjálfur leitað í sögunni til að vita, hvenær gamli Goðafoss strandaði, en ég hygg, að þar hafi ég farið með rétt mál. Ég veit ekki betur en að fyrsti Goðafoss strandaði 1915 um haustið, og ef það er ekki, bið ég velvirðingar á því. En ég hygg, að það muni vera rétt, að hann strandaði á Straumnesi 1915.

A. m. k. í þessum tveimur atriðum getur hv. þm. V-Húnv. farið í skóla til mín í sögu um þessi mál. Og ætli það sé svo ekki líkt með aðrar staðhæfingar hans í sambandi við þetta mál? Ég hef hins vegar ekkert sagt hér um stjórn fyrrverandi forstjóra, hins ágæta manns Pálma Loftssonar, á málunum. Ég hef aðeins bent á, hvað hann sjálfur sagði um sína ágætu stjórn, og það er ekki að gera mér upp orðin. Hans eigin orð liggja fyrir í þingskjölum í alþingistíðindum 1945, og þar getur hv. þm. gengið að þeim og lesið þau með hans eigin undirskrift.

Ég læt þetta nægja á þessu stigi málsins, en vænti, að hv. þm. fari heldur hægara á töltinu næst þegar hann fer að ræða um þessi mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 22:5 atkv. og til fjvn. með 26:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Vegagerð.

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um nýja skipan á framkvæmd vegagerðar [113. mál] (A. 211).

Á 21., 22. og 26. fundi í Sþ., 2., 7. og 13. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 14. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil vænta þess, að það sé meira af áhuga fyrir málinu, að hæstv. forseti hefur tekið það fyrir hér, þó að þeir séu fáir þm. á bekkjunum, heldur en hitt, að hann áliti þetta mál svo lítils virði. (*Forseti:* Það er rétt skilið.) Já, ég vænti þess líka.

Ég hef leyft mér að bera fram hér þáltill. á þskj. 211 um að fela ríkisstj. að láta Iðnaðarmálastofnun Íslands gera á því athugun, úr hvaða efni og á hvaða hátt heppilegt sé að halda við vegum á Íslandi, og gera síðan um þetta tillögur til Alþ., ásamt að gera till. um nýja skipun á framkvæmdum í vegagerð, er megi miða að því að koma vegunum áfram sem

fyrst og gera þá sem traustasta fyrir landsbúa.

Enn fremur er tekið fram í till., að Iðnaðarmálastofnuninni sé heimilt að ráða til þessara framkvæmda innlenda eða erlenda sérfræðinga, eftir því sem nauðsynlegt þykir, til þess að komast að sem öruggustum og beztum niðurstöðum.

Að sjálfsögðu er ætlazt til þess, að stofnunin hafi samráð við vegamálastjóra um allar framkvæmdir, þar með taldar allar tilraunir, sem nauðsynlegt er að gera á einstökum vegaköflum til þess að sannprófa efni og aðferðir, og síðan að kostnaðurinn verði greiddur úr ríkissjóði.

Til þess að gera sér ljóst, hvort nauðsyn er á slíkri rannsókn, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um það ástand, sem ríkir hér í vegamálum, og þá nauðsyn, sem landsmönnum er á því, að vegakerfið sé sem öruggast og traustast. Það er enn haldið áfram að byggja í höfuðatriðum vegi á Íslandi aðeins úr þeim jarðvegi, sem fyrirfinnst á hverjum stað, hvort heldur er um að ræða hraun, mold eða möl, og gengið alveg fram hjá því að nota varanleg efni til vegagerðar. Þetta hefur aftur það í för með sér, að hvenær sem vatn kemst í veginn, þá skolar það í burtu ofaníburði og skilur eftir holur í veginum. Sé hins vegar vindur, þá fýkur mölin svo að segja jafnóðum og hún er borin ofan í vegina, enda er mönnum það kunnugt, að í þurrkatíð er tæplega hægt að ferðast í samfylgd bíla á íslenzkum vegum fyrir moldroki. Það er því sýnilegt, að með þessu fyrirkomulagi er kastað burt tugum milljóna, ef á að halda þessari vegagerð áfram á sama hátt og verið hefur.

En samtímis því, sem þetta er gert, breytast flutningatækin úr smátækjum, eins og þau voru áður en bílaöldin reis hér upp á Íslandi, þar sem aðeins voru notaðar kerrur og hestar, og í þungar bifreiðar, sem flestir keppa nú að að séu drifnar með dieselolíu í stað benzíns og þurfa þar af leiðandi miklu traustari vegi en nú eru gerðir hér á landi, ef þeir eiga að þola bæði þungann af vögnunum og þá umferð, sem alltaf fer sívaxandi í landinu.

Það er því alveg óhjákvæmilegt, að Íslendingar eins og aðrar þjóðir taki upp nýja aðferð við vegagerð, þ. e. þá aðferð að leggja vegina úr varanlegu efni. En til þess að svo megi verða, þarf að fara fram á því mjög ýtarleg rannsókn, að hið rétta efni sé fundið.

Ég hefði að sjálfsögðu getað lagt til í till., að skipuð væri mþn. til þess að inna þetta verk af hendi. En í fyrsta lagi er hér um að ræða verk, sem hlýtur að taka mjög langan tíma. Það er ekki hægt að ljúka slíku verki af á einu eða tveimur árum, heldur þarf að halda uppi stöðugri rannsókn á efnum, sem þarf að nota í vegina, þar til búið er að finna, hvað öruggast er og bezt til vegagerðar, svo að slík mþn. hefði orðið að sitja árum saman. En auk þess er hér fyrir Iðnaðarmálastofnun ríkisins, sem hefur yfir að ráða 3 verkfræðingum, einum vélaverkfræðingi og tveimur efnafræðingum, og er alveg tilvalin til að láta sinna þessu verkefni, sem hér um ræðir. Iðnaðarmálastofnunin er einmitt sett á stofn til þess að leiðbeina mönnum í iðnaði, hér er raunverulega um eina tegund iðnaðar að ræða, og það er engin stofnun, sem ég þekki, sem er færari um að geta innt þetta starf af höndum heldur en einmitt Iðnaðarmálastofnun Íslands. Ég hef átt samtal um þetta við stofnunina, og hún mundi telja það sjálfsagt að sinna þessu verkefni af fyllstu kostgæfni, leita upplýsinga frá útlöndum um allar nýjar aðferðir í vegagerð, bæði hvað snertir vélavinnu og efni, og hafa fullt samráð um þetta við vegamálastjóra.

Að tekið er fram í sjálfri till., að heimilt sé að ráða erlenda eða innlenda verkfræðinga til þessara rannsókna, stafar af því, að ég tel nauðsynlegt, að til þessara starfa séu ráðnir þeir menn í samráði við Iðnaðarmálastofnunina, sem mesta þekkingu hafa á slíku máli. Líti Iðnaðarmálastofnunin svo á, að hún geti fengið hér íslenzka verkfræðinga, sem geti að öllu leyti uppfyllt þær kröfur, sem hún mun gera til rannsóknarinnar, þá þarf hún að sjálfsögðu ekki að leita út fyrir landsteinana. Sé hins vegar nauðsynlegt að leita til erlendra manna til frekari upplýsinga, þá verður sjálfsagt að vera heimild til þess. Íslendingum þarf ekki að þykja neinn vansi að því, þó að þeir verði að leita til annarra þjóða í jafnstóru máli og hér um ræðir, og vil ég benda á, að þetta hefur einnig verið gert í sambandi við rafmagnsmálin og þótt sjálfsagður hlutur.

Ég vil einnig í sambandi við þetta mál benda á, að suður á Keflavíkurflugvelli hefur verið tekin upp ný aðferð í vegagerð, þar sem hefur verið lagt nýtt efni ofan á gömlu vegina í sambandi við flugvellina sjálfa og sumpart þá vegi, sem gerðir eru í sambandi við flugvellina. Mér skilst af þeim upplýsingum, sem ég hef fengið í sambandi við það, að þetta hafi reynzt vel og að með einni vél, sem til þess er notuð, sé jafnvel hægt að leggja að fullu heilan kílómetra á dag. Sé þetta raunverulegt, þá væri hér um stórkostlegar framkvæmdir að ræða, þar sem m. a. hægt væri að komast á tveggja mánaða tíma alla leið til Þingvalla með slíkan veg og verða miklu ódýrara en þær vegagerðir, sem nú eru gerðar í landinu.

Það eru veittar nú samkvæmt fjárlögum um 10 millj. kr. til nýrra vegagerða í landinu, en viðhald þessara vega fer sívaxandi og mun nú vera komið upp í 26—28 millj. kr. á ári, og sjá allir, hversu nauðsynlegt er að gera allt, sem unnt er, til þess að draga úr þeim kostnaði og nota heldur þetta fé til þess að byggja áframhaldandi nýja vegi í landinu.

Ég vil að síðustu taka það fram, að þessi orð mín ber engan veginn að skoða sem neina árás á vegagerð ríkisins. *(Gripið fram í:* Það stappar nærri því.) Það stappar ekki nærri því. Það er alveg misskilningur. Ég vil taka það fram, að það stappar ekki neitt nærri því, að hér sé um að ræða árás á vegagerð ríkisins. Vegagerð ríkisins hefur unnið þetta verk undir þeim kringumstæðum, sem hér hafa verið hingað til í landinu, og engar rannsóknir hafa farið fram á því, hvort ekki væri hægt að taka upp aðrar og betri vinnuaðferðir. Það er því hreinn mis-

skilningur, sem ég hélt nú að ekki kæmi fram hér í þessum sölum, að það sé hér um að ræða ásökun á vegamálastjórnina. Ég hef hins vegar heyrt því fleygt annars vegar, að þetta væri sett til höfuðs vegamálastjóra, en ég vil taka fram, að það er alger misskilningur, enda er sagt hér í till., að það eigi að gerast í fullu samráði við hann. Og ég þekki þá vegamálastjóra allt of illa, ef ég mætti ekki fullyrða það, að hann yrði fús að taka hverjum slíkum leiðbeiningum og aðstoð, sem kæmi frá öðrum ríkisstofnunum, ef það mætti verða til þess, að hægt væri að gefa landinu betri og traustari vegi, minnka viðhaldið á vegunum og auka að sama skapi nýbyggingarnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál hér nánar. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa skotið þessu máli inn hér á milli, en vil aðeins að síðustu mega skjóta því til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar, að ég tel sjálfsagt, að hún hafi samráð um afgreiðslu þess bæði við vegamálastjórnina og vegamálastjóra og einnig við Iðnaðarmálastofnun Íslands, fái þaðan umsögn og ræði um málið við þá, áður en hún afgr. það, en vænti hins vegar, að málið verði afgreitt á þessu þingi, svo mikilsvert sem það er fyrir alla landsmenn.

Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Friðunarsvæði, rýmkun á nokkrum stöðum.

Á deildafundum 6. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um stækkun friðunarsvæða eftir núgildandi meginreglum [117. mál] (A. 232).

Á 26. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin á dagskrá til ákvörðunar um, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 14. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þessi till. er hér flutt til þess að freista þess að fá fram nú með skjótum hætti nokkra rýmkun á fiskimiðum bátaflotans víðs vegar við strendur landsins.

Þau fiskveiðitakmörk, sem við búum nú við, eru frá árinu 1952 og voru þá allmikil rýmkun frá því, sem áður gilti, og það er allra reynsla, að sú rýmkun, sem þarna fór fram á íslenzkri landhelgi, hafi gefið ágæta raun hvað snertir veiðar fiskibátaflotans íslenzka. Og það liggur einnig nokkuð ljóst fyrir, að þar sem rýmkunin var mest, hefur árangurinn batnað mest í veiðiskap fiskibátanna, en minna eða ekki þar, sem rýmkunin varð tiltölulega lítil, eins og t. d. úti fyrir Vestfjörðum.

Nú er það að sjálfsögðu álitamál, hve langt á að stíga skref í því að friða fiskveiðisvæðin umhverfis Ísland hverju sinni. Um það getum við vissulega ekki verið alveg án sambands við umheiminn og ákveðið sjálfir það, sem okkur bezt þætti. En samt sem áður verðum við að byggja á okkar rétti — á okkar erfðarétti — og freista þess að fá aðrar þjóðir til þess að fallast á sanngirni hans. Þetta var gert 1952 og með þeim árangri, að við höfum að vísu haldið þeirri friðunarlínu, sem þá var sett, en átt í nokkrum útistöðum, einkum við Breta. Þeir hafa verið tregir til þess að fallast á réttmæti okkar gerða, og í tilefni af því, að íslenzka ríkisstj. telur sig ekki hafa farið nema það, sem hún með góðu móti gat farið, hefur hún nú gefið út bók um málið. Bókin er á ensku, og því miður hefur hún ekki fengizt lögð á íslenzku fyrir þá þingnefnd, sem annars hefur aðallega fjallað um friðunarsvæðin hér í þinginu. — En í þeirri bók er það fram tekið, að á nokkrum stöðum hefðu Íslendingar getað haft fiskveiðifriðunarlínuna utar en gert var 1952, og það segir sig sjálft, að ástæðan til þess, að hún var ekki dregin utar á þessum tilteknu stöðum, var sú, að Íslendingar vildu freista þess að ganga ekki lengra en svo, að Bretar mundu góðfúslega samþykkja okkar aðgerðir. Raunin hefur hins vegar orðið allt önnur, þannig að Bretar hafa hafið við okkur viðskiptastríð og brugðizt við hinir verstu. Þótt það hafi á sínum tíma verið nokkur réttlæting í því að stíga ekki mjög stór skref í þessu máli af okkar hálfu og ekki stærri en svo, að samkomulag héldist algert við okkar viðskiptaþjóðir, þá er nú reynsla fengin fyrir því, að ekki einasta þær tilslakanir frá meginreglunum, sem þá voru gerðar, hafa nægt til þess, að við fengjum að ráða okkar málum í friði og án allra viðskiptaörðugleika við Breta.

Það liggur nú fyrir, að það er ekki upp úr því leggjandi að blíðka Breta; öðru nær. Við höfum ástæðu til þess að draga okkar friðunarlínur djarflega og eftir alþjóðareglum.

Friðunarlínan frá 1952 er dregin eftir þeirri meginreglu, að á nokkrum stöðum á strandlengjunni eru merktir svokallaðir grunnlínupunktar, milli þeirra er dregin svokölluð grunnlína, en friðunarlína fiskisvæðanna fjórum mílum utar. Sú regla er höfð varðandi eyjar umhverfis landið, að þar sem friðunin nær saman milli lands og eyja með fjögurra mílna reglunni, eru eyjarnar teknar sem grunnpunktur á strandlínunni, en ella er utan um þær dreg-

inn fjögurra mílna hringur, fjögurra mílna friðunarsvæði.

Í hvítbók ríkisstjórnarinnar um málið er skýrt tekið fram, að á fimm tilteknum stöðum hefði verið möguleiki að draga línuna utar en gert var. Þessir staðir eru: utarlega í Húnaflóa, þ. e. a. s. það hefði verið hægt að draga grunnlínuna frá Horni í Ásbúðarrif á Skaga, sem þýðir, að friðun fiskveiðisvæða á dýpri miðum Húnaflóa hefði rýmkazt nokkuð. Þá hefði einnig verið hægt að draga grunnlínuna frá Langanestá í Almenningsfles og friða þannig allstórt veiðisvæði út af Vopnafirði, út af Bakkafirði og út af Héraðsflóa. Einnig hefði verið hægt að draga grunnlínuna beint úr Stokksnesi í Ingólfshöfða, en það þýðir friðun á nokkru svæði austur af Ingólfshöfða, nokkru svæði út af Tvískerjum og Hrollaugseyjum. Einnig hefði verið hægt að draga grunnlínu beint á milli Ingólfshöfða og þess staðar, sem nefndur er Meðallandssandur 2. Þá hefði friðazt allstórt svæði út af Meðallandi. Og einnig hefði verið hægt að draga grunnlínuna beint frá Geirfuglaskeri við Vestmannaeyjar í Eldeyjardrang við Reykjanes, og þar hefði friðazt geysistórt svæði, sem fiskibátaflotinn bæði frá Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Sandgerði og fleiri höfnum á Suðurnesjum nytjar til þorskveiða á vertíð, en annars er mjög þaulsetið af brezkum togurum allan ársins hring. Þetta er að vísu svæði, sem íslenzkir togarar nýta um það bil mánaðartíma úr ári hverju að nokkru, en sá ávinningur, sem Íslendingar hefðu við að friða þetta svæði, væri margfaldur.

Það virðist vera, að Bretar hafi einkum vefengt grunnlínu þá, sem dregin er fyrir Faxaflóa, og þyki hún óhæfilega löng. En íslenzkir aðilar hafa svarað því til og fært fyrir því fullkomin rök, að það er hægt samkv. alþjóðalögum að draga grunnlínu, sem er nokkru lengri en línan, sem dregin er fyrir Faxaflóa.

Þessar breytingar eru lagðar til að framkvæmdar verði í tillögu þessari.

Ég sé nú reyndar ekki annað, þó að ég hafi ekki rekizt á, að það væri fram tekið í hvítbók ríkisstj., en að hægt væri að gera sjöttu breytinguna á landhelginni eftir sömu reglum og nú gilda, en það er að draga grunnlínu beint úr Siglunesi í Rauðanúp, og mundi þá að auki friðast allstórt svæði fyrir Norðurlandi, þ. á m. meginhlutinn af Grímseyjarsundi. Vildi ég taka þetta hér fram til þess, að sú n., sem væntanlega fær málið til athugunar, geti einnig rætt og athugað þann möguleika að bæta því svæði við.

Þær till., sem hér eru fram lagðar, eru sem sé byggðar á núgildandi meginreglum, og lít ég þess vegna svo á, að þær sé hægt að gera hvenær sem er með hæfilegum auglýsinga- og tilkynningafyrirvara, líkum þeim, sem hafður var, þegar reglugerðin var gefin út í maí 1952 um friðun fiskveiðisvæðanna við Ísland. Ég skal taka það fram, að þessi litla till., sem hér er á ferðinni, segir auðvitað ekkert um það, hver eigi að verða framtíðarafstaða íslenzkra stjórnarvalda til landhelgismála.

Þær till., sem fyrir hvert þing eru nú lagðar um stækkun friðunarsvæða úti fyrir Vestfjörðum og úti fyrir Austurlandi, sanna það glögglega, að við þurfum alvarlega að taka þessi mál til nýrrar athugunar með tilliti til þess, að sú friðun, sem þegar hefur verið ákveðin, er hvorki fullnægjandi né heldur að hún sé svo víðtæk sem ætla má að við höfum alþjóðlegan rétt til.

En sú till., sem hér liggur fyrir, snertir ekki þetta okkar stóra framtíðarmál, og hún er fram borin í þeirri von, að hún geti fengið skjóta afgreiðslu og bætt á nokkrum stöðum á landinu úr brýnni þörf til aukins athafnasvæðis fyrir fiskibátaflota landsmanna, án þess að hún þurfi að bíða eftir því, að meginreglur núgildandi friðunarlínu séu endurskoðaðar.

Ég vil svo leyfa mér að óska eftir því við forseta, að þessari till. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en brtt. barst á þskj. 371.

---

14. Austurvegur.

Á deildafundum 15. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um byrjun framkvæmda samkv. l. nr. 32/1946, um Austurveg [124. mál] (A. 267).

Á 32. fundi í Sþ., 4. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 34. og 36. fundi í Sþ., 9. og 16. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins eru þrjár leiðir, sem þjóðvegur er lagður um, þ. e. Hellisheiði, Þingvallaleið og Krýsuvíkurleið. Vegurinn um Svínahraun og Hellisheiði er stytztur þessara vega, 59 km, miðað við Reykjavík—Selfoss, enda þessi leið eingöngu farin, nema þegar hún er ófær af snjó. Þingvallaleið, um Mosfellsheiði, Þingvelli, austan Þingvallavatns og niður með Sogi, er 92 km að Selfossi. Þessi leið hefur reynzt litlu færari en Hellisheiði í snjóalögum á vetrum, og ræði ég hana því ekki sem vetrarleið á milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Krýsuvíkur-

leið, um Hafnarfjörð, Krýsuvík, með sjó fram til Selvogs, yfir Selvogsheiði, um Ölfus að Selfossi, er 102 km.

Vegurinn um Hellisheiði var lagður fyrir síðustu aldamót. Var staðsetning hans og gerð eðlilega miðuð við þau samgöngutæki, sem þá voru til, þ. e. hestinn. Lautir og lægðir voru þræddar, *eftir því sem mögulegt var*, forðazt allar meiri háttar brekkur og hæðir. Afleiðing þessa var vitanlega sú, að vegurinn lagðist undir snjó strax á haustin og losnaði ekki úr þeim viðjum fyrr en á vordögum. Einkum átti þetta við um Hellisheiði sjálfa og ýmsa staði í Svínahrauni. Þetta kom ekki svo mjög að sök í fyrstu, en þegar hestvagnarnir komu til sögunnar og síðar bifreiðarnar, sem ollu byltingu í samgöngum og umferð á þessari leið sem öðrum, *aukin mjólkurframleiðsla á Suðurlandsundirlendinu*, sem leiðir af hinum miklu áveituframkvæmdum þar og aukinni túnrækt, hinn daglegi mjólkurmarkaður í Rvík og yfirleitt stóraukin flutningaþörf á þessari leið, allt þetta krafðist öruggra samgangna milli Suðurlandsundirlendisins og Rvíkur. En þegar svona var komið, var fyrst verulega ljóst, hver þröskuldur snjórinn á Hellisheiði gat orðið á veturna. Kom þar til hvort tveggja lega vegarins og hæð Hellisheiðar, en hún er um 370 m yfir sjávarmál. Liggur því snjór á henni langan tíma, þótt snjólaust sé á láglendi. Getur meira að segja verið svo vikum saman, að bílfært sé frá Rvík upp í Hveradali, þótt heiðin sjálf sé ófær, og kemur þar til hinn sífelldi skafrenningur, sem fyllir allar brautir, svo að þar verður oft mestur snjórinn, sem mest er mokað.

Þegar í ljós var komið, að flutningar máttu helzt ekki stöðvast á þessari leið einn dag, var farið að athuga aðrar leiðir. 1932 samþykkti Alþingi lög um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus. Segir í 1. gr. þeirra laga, að leggja skuli nýjan veg af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum, sunnan við Lyklafell, um svonefnd Þrengsli og Eldborgarhraun, niður í Ölfus vestanvert, allt að Suðurlandsbraut nálægt Reykjum. Þá segir í 3. gr. þessara laga, að sérstaklega skuli gæta þess við lagningu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að á þessum tíma var enginn lagður vegur til vestur um Ölfus, en núverandi þjóðvegur var þar lagður í sambandi við Krýsuvíkurveginn. Því var með þessum lögum ákveðið, að hinn nýi vegur skyldi ná, eins og þar segir, að Suðurlandsbraut nálægt Reykjum. Með þessum lögum er því slegið föstu, að á þessum stað skuli hinn nýi vegur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins liggja og vera öryggisleið fyrir alla flutninga, þegar Hellisheiðin væri ófær vegna snjóa. Lá þessi leið töluvert lægra en Hellisheiði og því nokkurn veginn vissa fyrir því, að hár vegur þarna yrði miklum mun snjóléttari en vegurinn yfir Hellisheiði, en heldur var þetta lengri leið.

Ekkert varð úr framkvæmdum með þessa vegagerð, en nokkrum árum eftir að lögin voru sett, var Krýsuvíkurleiðin tekin í þjóðvegatölu og þegar byrjað á að leggja þann veg, en mörg ár tók að fullgera hann. En síðan lokið var lagningu hans, hefur hann verið notaður sem vetrarleið, þegar Hellisheiði hefur verið ófær vegna snjóa.

Þessi leið er, eins og áður er sagt, 102 km, eða 43 km lengri en leiðin um Hellisheiði. Liggur því í augum uppi, hversu gífurlegan kostnaðarauka það hefur í för með sér að þurfa að aka svo miklu lengri leið með allan þann flutning, sem um þessa leið fer daglega. Mun ég víkja að því nokkuð síðar.

1944 var skipuð mþn. til að rannsaka samgöngumál Suðurlandsundirlendis. Skilaði n. áliti í nóv. 1945 og var sammála um að leggja til, að vegur yrði lagður um Þrengslin eða að mestu á sama stað og lögin frá 1932 ákváðu. Á þann hátt yrðu samgönguvandamál *Suðurlandsundirlendisins bezt leyst*. Á áliti þessarar n. voru síðan byggð lögin um Austurveg, sem sett voru á Alþingi 1946. Samkvæmt þeim lögum skyldi leggja nýjan veg, steinsteyptan, frá Lögbergi, um Þrengslin, austur um Ölfus að Selfossi. Veg þennan skyldi leggja á næstu sjö árum frá gildistöku laganna, en hefja skyldi framkvæmdirnar á því að leggja kaflann frá Suðurlandsbraut neðst í Svínahrauni, um Þrengslin og á Ölfusveg nálægt Þurá. Skyldi þessi kafli gerður sem malarvegur í fyrstu. Þetta ákvæði laganna er mjög þýðingarmikið, því að víst er, að strax og þessi hluti vegarins væri gerður, væri vandamálið um vetrarleiðina að miklu leyst. Hár malborinn vegur um Þrengslin mundi hvergi verða hærri en Svínahraun, eða um 120 m lægri en Hellisheiði. Þá yrði þessi leið, þegar vegurinn væri fullgerður, rúmum 2 km lengri en Hellisheiðarleið, en með því að gera aðeins hinn fyrirhugaða malborna kafla munaði um 7½ km á þessum tveimur leiðum. Er það 35½ km styttri leið en vegurinn um Krýsuvík.

Þessi lög um Austurveg voru sett, eins og áður segir, 1946. Stjórninni var heimilað að taka lán til framkvæmdanna, en úr framkvæmdum hefur ekki orðið, þó að öllum megi vera ljóst, hversu mikið hagsmunamál hér er um að ræða fyrir alla aðila, sem ég mun nú sýna fram á.

Vegamálastjóri segir í bréfi, sem hann skrifaði samgmrn. 25. júní 1951, þar sem hann fer fram á að fá fé til Austurvegar, sem hann hefur reyndar gert á hverju ári undanfarið, að mestu án árangurs, með leyfi hæstv. forseta:

„Á s. l. vetri var Krýsuvíkurvegurinn aðalflutningaleiðin í rúmlega 100 daga. Er talið, að frá Kaupfélagi Árnesinga og Mjólkurbúi Flóamanna muni hafa farið alls á þessu tímabili um 1220 bifreiðar með 4—6 tonna hlass hvora leið og sérleyfisbifreiðar um 160 ferðir samtals. Hér við bætast verulegir aðrir flutningar. Samkvæmt talningu umferðar fram hjá Skíðaskálanum undanfarna vetur, er Hellisheiði hefur verið greiðfær, hafa farið þar að meðaltali nálægt 100 bílar daglega, hér af um 60 vörubifreiðar og 40 stórar og litlar mannflutningabifreiðar. Færri í jan.—febr., en fleiri í desember og marz—apríl. Vegalengdarmunurinn á þessum vetrarleiðum, þ. e. Þrengslaleið og Krýsuvíkurleið, er 35½ km, og sé miðað við

meðalhlass vörubifreiða, 3 tonn, sem er sízt of hátt, þá nema vöruflutningar á dag um 180 tonnum, talið báðar leiðir. Flutningskostnaðurinn eykst nokkuð nærri hlutfallslega við vegalengd, en miðað við núverandi verðlag er ekki of lágt að áætla í þessu sambandi, að hver ekinn tonnkílómetri kosti kr. 1.25, en auglýstur taxti er nokkru hærri, jafnvel þó að miðað sé við flutning báðar leiðir. Mismunurinn á vegalengdum á þessum leiðum er, eins og áður segir, 35½ km. Verður þá beinn sparnaður á vöruflutningum um 8 þús. kr. á dag, en með nokkuð vaxandi umferð er sízt of hátt að miða við 10 þús. kr. á dag. Hér við bætist tilsvarandi kostnaður við akstur fólksbifreiða, sem áætla má að nemi helmingi á móts við vöruflutningana. Kemur að þessu athuguðu í ljós, að væntanlega hefði mátt spara jafnvel allt að 1½ millj. kr. þessa rúmlega 100 daga, sem fara varð Krýsuvíkurleiðina á s. l. vetri, sem að vísu var alveg óvenju erfiður að þessu leyti, enda varð að verja nær 100 þús. kr. til þess að halda Krýsuvíkurleiðinni opinni í vetur." — Og enn segir vegamálastjóri: „Þar sem hér er um mjög mikinn árlegan kostnað að ræða, sem vonir standa til að komast megi hjá, ef nýr vegur verður byggður um Þrengslin, er augljóst, að sú vegagerð er öllum hlutaðeigendum mikið hagsmunamál."

Þessi athugun vegamálastjóra er frá 1951, en síðan hefur magn flutninga og önnur umferð aukizt að miklum mun á þessari leið. Munu nú vera flutt 40—50 tonn af mjólkurafurðum á degi hverjum frá Selfossi til Reykjavíkur. Af því magni eru 30—40 þús. lítrar oftast af mjólk, sem þarf að vera komin í búðirnar til sölu kl. 8 á hverjum morgni. Við þetta bætast allir aðrir flutningar, sem á þessari leið fara fram. Aðeins af þessu eina dæmi er ljóst, hversu geysimikla þýðingu það hefur, bæði fyrir framleiðendur austan fjalls og neytendur í Rvík, að tryggð verði samgönguleiðin á milli þessara staða eins og mögulegt er og valin hin styztza leið.

Framleiðendur eystra hafa haft opin augun fyrir þessu, sem sjá má á því, að undanfarin ár hefur á hverjum sýslufundi í Árnessýslu verið gerð ályktun, þar sem skorað er á Alþingi að veita fé til Austurvegar og koma honum fram. Ályktanir í sömu átt hafa verið samþykktar á aðalfundi Mjólkurbús Flóamanna og víðar.

Það skal tekið fram, að mikil samgöngubót var að lagningu Krýsuvíkurvegarins á sínum tíma, en sá höfuðgalli var þar á, hve leiðin er löng. Þá má og benda á, að vegurinn er ekki heppilega lagður, miðað við snjóþyngsli á þessari leið. Má benda á leiðina frá Vatnsskarði með Kleifarvatni allt til Krýsuvíkur. Á þessari leið er í sumum áttum mjög hætt við ófærð af snjó. Þá má einnig benda á leiðina meðfram Hlíðarvatni og um Selvogsheiði. Alla þessa staði hefði mátt forðast og leggja veginn annars staðar, hefðu menn haft opin augu fyrir snjóhættunni, sem átti þó að útiloka með þessari leið. En það hefur ekki tekizt nógu vel, og eru þar til sönnunar ummæli vegamálastjóra, sem ég hef vitnað til, að snjómokstur þarna kostaði 100 þús. kr. veturinn 1951. Það voru eingöngu þeir kaflar vegarins, sem ég nú minntist á, sem moka þurfti næstum daglega í langan tíma. Og þegar þessi kostnaður kemur til viðbótar þeim, sem orsakast af hinni miklu vegalengd, verður augljóst, hve geysidýr þessi leið er.

Eg get ekki skilið svo við Krýsuvíkurveginn að minna ekki á, hvernig hann er gerður. Hann er svo mjór, að bílar geta ekki mætzt á honum nema á þeim stöðum, þar sem hann er breikkaður í þessu skyni, og verður þá annar bíllinn ávallt að bíða, meðan hinn fer fram hjá. Og vegna þess, hve mjór hann er, er hann stórhættulegur fyrir hina miklu umferð, sem á honum mæðir, þegar til hans þarf að taka. Þegar snjór er yfir öllu, myrkur og e. t. v. bylur, er erfitt fyrir bifreiðarstjóra að halda veginum, en engu má muna, ef ekki á illa að fara. Má benda á, að í vetur missti þaulvanur bílstjóri bíl sinn, sem var tankbíll, fullur af mjólk, út af veginum með þeim afleiðingum, að honum hvolfdi, og var sérstök mildi, að bifreiðarstjórinn stórslasaðist ekki. Er af þessu ljóst, að hreint neyðarúrræði er að þurfa að beina hinni mjög svo miklu umferð á Krýsuvíkurveginn í hvert sinn sem Hellisheiðarvegurinn verður ófær.

Eins og ég hef áður minnzt á, var svo ákveðið í lögunum um Austurveg, að framkvæmdir skyldu hefjast með því að tengja saman Suðurlandsbraut í Svínahrauni og Selvogsveg í Ölfusi með nýjum vegi um Þrengslin. Þótt þetta sé ekki nema lítill hluti vegarins í heild, mundi þó lagning þessa kafla hans leysa vandamálið um vetrarsamgöngurnar að mjög miklu leyti. Þessi vegarkafli, sem hér um ræðir, er samtals 24 km, miðað við þá leið, sem fyrirhuguð er, en það er að koma á Selvogsveg hjá Þurá í Ölfusi. En þessa leið mætti stytta um 4½—5 km með því að koma á Selvogsveginn hjá Vindheimum í Ölfusi eða nokkru utar. Yrði það þá þannig, að Þrengslavegurinn sjálfur mundi ekki ná lengra en á heiðina fyrir ofan Vindheima, en þar yrði lagður 3 km kafli þvert af aðalveginum á Selvogsveg hjá Vindheimum. Við þetta mundi vinnast tvennt í bili, eins og áður segir: aðalvegurinn styttast um 4½—5 km og þessi 3 km kafli yrði frambúðarvegur til Þorlákshafnar, þar sem hann styttir þessa leið nálega um 7 km, miðað við að fara yrði frá Þorlákshöfn að Þurá til að komast á Þrengslaveginn. Er því sýnt, að þarna er framtíðarvegurinn fyrir Þorlákshöfn, og virðist því sjálfsagt að haga þessu á þennan hátt, enda hefur vegamálastjóri lagt það til á sínum tíma.

Í bréfi því frá vegamálastjóra, sem ég hef áður vitnað til, er nokkuð skýrt frá kostnaði við vegarlagningu þessa. Kostnaðaráætlun hefur verið gerð og endurskoðuð 1951. Nemur hún 5½ millj. kr., miðað við 24 km langan veg, 7 m breiðan og malborinn. En vegamálastjóri bendir á, að með því að stytta leiðina eins og ég hef skýrt frá og malbera veginn ekki í fullri breidd í fyrstu megi lækka kostnaðinn niður í 3.7 millj. kr., og kæmi þó að fullum notum sem vetrarleið.

Sumarið 1951 var lítils háttar unnið að

Þrengslaleiðinni með tveim jarðýtum, aðallega til rannsóknar á því, hvernig þeim gengi að vinna hraunið, en á þessari leið er á 16 km kafla um hraun að ræða. Kom í ljós, að ýturnar unnu vel á hrauninu og að kostnaður við uppbyggingu vegarins yrði svipaður og gert hafði verið ráð fyrir, þegar kostnaðaráætlunin var gerð. Þá má og minna á, að nú eru komin til sögunnar enn stórvirkari tæki til vegagerðar, og ætti þá að mega vænta enn hagstæðari vinnubragða við svona vegarlagningu.

Ég hef ásamt fimm hv. þm. flutt þáltill., sem prentuð er á þskj. 267, um, að hefjast skuli nú handa um lagningu Austurvegar með því að leggja malborinn veg úr Svínahrauni austur í Ölfus um Þrengslin. Vegarlagningu þessari, sem er um 20 km löng, skuli lokið á yfirstandandi ári og því næsta. Að svo miklu leyti sem fé verði ekki veitt á fjárlögum til framkvæmdanna, verði notuð heimild í lögunum um Austurveg til lántöku í þessu skyni. Ég þykist hafa sýnt fram á, hver nauðsyn er á, að þetta verði gert. Hver dagur, sem Hellisheiði er lokuð og fara verður um Krýsuvíkurveg, kostar þúsundir króna í auknum flutningskostnaði, sem að mestu leyti er sóun á erlendum gjaldeyri, þar sem eingöngu er um bifreiðanotkun að ræða til allra flutninga.

Á yfirstandandi vetri, sem segja má að hafi verið snjóléttur hér sunnanlands, hefur Hellisheiði verið ófær upp undir 20 daga, þrátt fyrir það að ágæt moksturstæki, ýtur og snjóplógar, hafa verið þar til staðar og rutt veginn meðan við varð ráðið. En á sama tíma hefur ekki fest snjó á veginum frá Reykjavík upp í Hveradali, þ. e. a. s. á þeim stöðum, þar sem hann er hlaðinn upp fyrir umhverfi sitt. En þegar í efri Hveradalabrekkuna kemur og alla leið niður fyrir efstu brekku í Kömbum liggur nú snjór, enda eins og áður segir um 120 m hæðarmun að ræða, miðað við Þrengslaleið og Svínahraun. Væri nú Hellisheiði ófær bifreiðum, ef vegurinn hefði ekki verið ruddur fyrir nokkru. Má fullyrða, að vel upphlaðinn vegur um Þrengslin hefði verið snjólaus í allan vetur, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér á vegamálaskrifstofunni. Ég efast ekki um, að allir hv. þm. sjái, hversu aðkallandi og nauðsynlega framkvæmd hér er um að ræða, og samþykki því þáltill. okkar á þskj. 267.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að till. verði að þessari fyrri umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

15. Fjórveldaráðstefna um framtíð Þýzkalands.

Á 29. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt:
Till. til þál. um stuðning Íslands við fjórveldaráðstefnu um framtíð Þýzkalands [128. mál] (A. 286).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

16. Bátagjaldeyriságóði til hlutarsjómanna.

Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um skil bátagjaldeyriságóða til hlutarsjómanna [140. mál] (A. 334).

Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Seint á árinu 1949 og aftur snemma á árinu 1950 felldu íslenzk stjórnarvöld gengi krónunnar og töldu sig gera það til þess að efla hag framleiðslunnar.

Raunin, sem af þessu fékkst, var hins vegar sú, að í ársbyrjun 1951 neituðu útvegsmenn að láta fiskibátaflotann hefja veiðar, sökum þess að allur útgerðarkostnaður þeirra hefði vaxið svo við gengisfellinguna, að fyrirsjáanlegur halli væri á útgerðinni, nema fram fengist hærra fiskverð. Það stóð í þófi um þetta milli útgerðarmanna og ríkisstj. nokkurn tíma í upphafi árs 1951, og því þófi lauk með því, að ríkisstj. lét fjárhagsráð gefa út auglýsingu um svokölluð innflutningsréttindi bátaútvegsmanna eða bátagjaldeyrisreglur, eins og þær venjulega hafa verið kallaðar.

Þessar bátagjaldeyrisreglur voru, að því er opinberlega var tilkynnt, til þess á settar að hækka verð á fiski. En í öllum undirbúningi þessa máls var farið gersamlega á bak við þann aðilann, sem er eigandi meira en þriðja hlutans af þeim afla, sem á land er dreginn á Íslandi, þ. e. a. s., það var algerlega farið á bak við sjómannastéttina. Ríkisstj. hafði eingöngu samráð í þessu máli við útvegsmenn eða þeirra forustumenn. Bátagjaldeyrisreglugerðin var síðan hálfleynilegt mál, þ. e. a. s. framkvæmd hennar var algerlega í höndum útvegsmanna eða stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem virtist ekki hafa neinar skyldur til þess að gera opinberlega grein fyrir þeirri gjaldeyrisverzlun, sem hún hafði með höndum.

Nú er því hins vegar svo farið, að á þeim tíma, sem þetta gerðist, höfðu sjómenn víðs vegar um landið samninga um það, að þeir skyldu jafnan fá hæsta verð fyrir sinn fisk.

Þetta var mismunandi orðað í hinum ýmsu kjarasamningum sjómanna.

Í kjarasamningi sjómanna í Vestmannaeyjum var það fram tekið, að sjómenn skyldu að lokum fá sama fiskverð og útgerðarmenn fengju fyrir sinn fisk. En þegar til uppgjörs kom, refjuðust útgerðarmenn við að greiða sjómönnum nema nokkurn hluta af því fiskverði, sem þeir sjálfir fengu.

Af þessu risu, svo sem kunnugt er, málaferli, sem staðið hafa stöðugt þar til í janúar þessa árs, að endanlega var upp kveðinn í þeim dómur í hæstarétti. Þá höfðu sjómenn sótt mál sitt fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja, fengið þar staðfestan rétt sinn til fiskverðs til jafns við útgerðarmenn, og nú hefur hæstiréttur staðfest þennan dóm, þannig að það er ekki um að villast, að fyrir árin 1951, 1952 og 1953 ber sjómönnum réttur til sama fiskverðs og útgerðarmenn hafa fengið fyrir sinn fisk.

Þessir einkagjaldeyrisbraskarar ríkisstjórnarinnar, stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna, hafa hins vegar staðið fyrir því, að enn er þverskallazt við að hlíta þessum dómi, og hafa forráðamenn þeirrar stofnunar gefið út opinberar yfirlýsingar um, að þeir telji, að þessi dómur nái ekki nema til ársins 1951. Ekki hef ég orðið var við neinn skynsamlegan rökstuðning fyrir því, að sama máli hljóti ekki að gegna um árin 1952 og 1953. En sem sagt, það situr við það enn í dag, að sjómenn eiga ófenginn hlut sinn úr bátagjaldeyrisréttindunum allt frá 1951.

Nú gætu menn gjarnan sagt sem svo: Ja, þeir geta auðvitað sótt mál sitt fyrir dómi. — Og það munu þeir að sjálfsögðu gera, ef ekki opnast aðrar skynsamlegri leiðir.

Því er nú svo farið, að ef sjómenn þurfa að sækja hvert einstakt mál fyrir dómi og fyrir hvert einstakt ár sérstaklega, getur sá réttur, sem þeim kann að verða dæmdur, orðið harla lítils virði í raunveruleikanum, þar sem slíkur málskostnaður mundi jafnan verða svo mikill, að þegar við hann bætist líka annar kostnaður við innheimtu, þá er þess lítil von, að sjómenn gætu fengið fyrir þennan tildæmda hlut sinn öllu meira fé en fer til innheimtunnar.

En þar sem það liggur alveg greinilega fyrir, að hér er um að ræða mistök ríkisstj., þá er það ekki nema sjálfsögð siðferðiskrafa, sem sjómenn eiga til ríkisstj., að hún taki þátt í að leiðrétta það, sem misfarizt hefur í þessu máli. Og í því skyni er till., sem hér liggur fyrir, fram borin.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp till., en hún er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og framkvæma svo fljótt sem verða má leiðréttingu þeirra mistaka, að sjómenn hafa ekki fengið greiddan hlut sinn úr andvirði bátagjaldeyrisfríðindanna fyrir árin 1951, 1952 og 1953.

Framkvæmd málsins verði í meginatriðum hagað þannig, að sjómannafélögunum verði falið að safna saman kröfum viðkomandi sjómanna, hverju á sínu félagssvæði, og frá þeim sjómönnum, sem samningar þeirra ná til. Leggi félögin síðan rökstuddar kröfur fyrir ríkisstjórnina eða þá aðila, sem hún kann að tilnefna. Ríkissjóður greiði út hinn vangoldna hlut ásamt 6% ársvöxtum frá þeim tíma, þegar eðlileg greiðsla hefði átt að fara fram. Ríkissjóður endurkrefji svo hlutaðeigandi útgerðarmenn eða útgerðarfélög um þá upphæð, sem hann greiðir þeirra vegna.

Kostnaður allur við framkvæmd málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin greiðsla til sjómannafélaganna fyrir þeirra þátt í leiðréttingu þessari, og skal sú greiðsla ákveðin 5% af kröfum þeim, sem þau leggja fram og færa sönnur á, auk áfallins málskostnaðar eftir reikningi.“

Það hefur verið föst venja að undanförnu, að fulltrúar úr ríkisstjórn, þ. e. a. s. ráðherrar þeir, sem fara með útvegsmál, haldi ræður á sjómannadögum, og ekki minnist ég þess, að því hafi neitt frekar verið sleppt úr árið, sem bátagjaldeyrisreglugerðin var sett. Þar er það síður ráðherra að lofsyngja sjómenn og játa það, sem allir vita að er satt, að þeirra starf er undirstaða okkar þjóðfélags. Væri það þess vegna ekki úr vegi, að þeir sýndu nú þeim orðum sínum nokkurn stað í verki með því að taka þátt í því að leiðrétta þau mistök, sem orðið hafa fyrir það, að ríkisstj. hefur á undanförnum árum algerlega hlunnfarið sjómenn um öll þau mál, sem varða sölu fiskafurða.

Það væri ekki ófróðlegt að rifja það upp nokkuð í þessu sambandi, að það er ekki einasta bátagjaldeyrir, heldur líka fjöldamargt fleira í sölu íslenzkra sjávarafurða, sem er fullkomið rannsóknarefni, ekki sízt með tilliti til þess, að sjómenn sem fiskeigendur eru algerlega sniðgengnir og þeim er haldið réttindalausum um öll þau mál, á sama tíma sem ríkisstj. einokar alla útflutningsverzlun sjávarafurða undir sína gæðinga, ýmist í Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og hvað þau nú heita öll þessi fyrirtæki, sem eru á hægra brjósti ríkisstjórnarinnar og meira og minna til komin til þess að fara í kringum sjómenn, sem eins og ég hef fram tekið eru samt sem áður eigendur að meira en þriðja hluta þess fiskafla, sem á land er dreginn á Íslandi.

Það má einnig taka það fram, að allt bátagjaldeyriskerfið er fullkomlega komið á það stig, að það þarfnast endurskoðunar. Ég vil benda á það, auk þess sem ég hef áður getið, hvernig farið er á bak við sjómenn, að það er heldur engin sönnun fyrir því, að útvegsmenn, a. m. k. smærri útvegsmenn, þeir sem dreifðir eru út um byggð landsins, njóti þess réttar, sem þetta fyrirkomulag annars gerir ráð fyrir útvegsmönnum til handa. Allt uppgjör frá þeim, sem þessa bátagjaldeyrisverzlun hafa með höndum, virðist ganga óeðlilega seint, og vitað er, að enn er ekki fulluppgert til útvegsmanna fyrir árið 1952, hvað þá fyrir þau ár, sem síðan eru liðin. Verður að ætla, að ríkisvaldið hafi engan siðferðislegan rétt til þess að afhenda vissum og þröngum hring manna slíkt vald sem gert hefur verið með bátagjaldeyrisverzluninni,

án þess að slíkir aðilar séu til þess fullkomlega skyldir að standa opinberlega skil af þeirri verzlun, sem þannig fer fram.

Að lokum skal ég geta þess, að þessi till. er ekki alveg ný af nálinni. Ég flutti á s. l. þingi till., sem efnislega var algerlega samhljóða þessari, og flutti þá fyrir henni grg., sem ég hef látið prenta hér aftur sem grg. með þessari till. Ég skal taka það fram, að á s. l. þingi fékk þessi till. aldrei neina afgreiðslu. Henni var vísað til hv. fjvn., og sú hv. n. skilaði áliti um hana. N. klofnaði um hana. Tveir nm., þeir Hannibal Valdimarsson og Lúðvík Jósefsson, lögðu til, að till. yrði samþ., en hinir sjö nm., þ. e. a. s. *fylgjendur hæstv. ríkisstj. í n.*, töldu ekki tímabært, að þingið afgreiddi till. þá, þar sem endanlegur dómur væri ekki um réttmæti hennar fallinn. Nú er sá dómur, sem sá hv. meiri hl. fjvn. vildi bíða eftir, fallinn og liggur nú fyrir, og á þeirri forsendu er engin leið að skjóta sér undan því að taka afstöðu til þessarar till. hér á Alþingi.

Ég vil, að lokinni þessari umr., leggja til, að till. verði vísað til síðari umr. og til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 55., 56. og 58. fundi í Sþ., 27. apríl, 4. og 10. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 334, n. 550 og 594).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Vestmannaeyjaflugvöllur.

Á deildafundum 10. febr. var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um stækkun á Vestmannaeyjaflugvelli* [144. mál] (A. 339).

Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 339 að bera fram till. til þál. um stækkun á Vestmannaeyjaflugvelli. Í grg. eru taldar upp að vísu ástæður, en þó miklu frekar í ályktun bæjarráðs Vestmannaeyja og í bréfi Flugfélags Íslands og flugmanna Flugfélagsins, sem hvort tveggja er prentað með þessu þskj. Gerði ég það til þess, að þeir, sem um þetta mál kynnu að fjalla hér á þingi, hefðu fyrst og fremst í ályktun bæjarráðs Vestmannaeyja rödd fólksins sjálfs um þörfina á umbótum og í öðru lagi í bréfum Flugfélagsins og áliti flugmannanna ummæli hinna færustu manna á þessu sviði um þörfina á því að stækka Vestmannaeyjaflugvöll. Þegar ég segi stækka, á það alveg eins við þá till., sem Flugfélagið virðist helzt halla sér að, sem sé að breikka flugvöllinn til beggja enda, eins og hitt, að lögð verði þverbraut, en það er sem kunnugt er ein stefnubraut á flugvellinum. Flugvöllurinn liggur frá austri til vesturs, og þegar aðrar áttir eru en sem standa beint eða nálægt því beint á annan hvorn enda hans, þá eru erfiðleikar um flug, og gætir þess þó einkum í norðanátt og sunnanátt. Nú er það svo, að í norðanátt er að öðru leyti oftast nær bezta flugveður vegna birtu; getur verið bjart og gott að öllu öðru leyti en því, að vindstaðan á flugvöllinn gerir flugtak eða lendingu erfiða og í mörgum tilfellum hættulega.

Vestmannaeyjaflugvöllur er einn með þeim fyrstu, sem byggðir voru hér utan Reykjavíkur, hefur verið ákaflega mikið notaður og er meira og meira notaður með hverju ári sem líður, og yfir höfuð þarf samgöngubörf Vestmannaeyja að miklu leyti að verða fullnægt með flugvélunum, bæði á fólki og jafnvel á vörum. Það ástand, sem ríkir, er því ekki orðið fullnægjandi, þótt ýmislegt hafi verið gert á undanförnum árum til þess að lagfæra og bæta lendinguna. En það hefur ekki strandað á vilja flugráðs eða þeirra, sem hafa með þessar framkvæmdir að gera, heldur á hinu, að of litlu fé hefur verið varið til þess að endurbæta og byggja flugvelli á hverju ári á fjárlögunum, eins og ég hef oftlega við umræður fjárlaga bent á. Flugráð hefur úr of litlum efnum að spila til þess að geta gert fullnægju bæði til þarfa fólks og flugöryggis í samgöngumálunum í lofti. Það er því nauðsynlegt, sérstaklega hvað þá miklu fólksflutninga áhrærir, sem fara loftleiðina að og frá Vestmannaeyjum, að gert sé duglegra og stærra átak en hingað til hefur átt sér stað, síðan flugvöllurinn var byggður. Fer ég því fram á það með þessari þáltill., að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta hraða svo sem unnt er framkvæmdum til stækkunar á Vestmannaeyjaflugvelli og að til þeirra framkvæmda sérstaklega verði ekki ætlað minna en ein millj. kr. á næstu fjárlögum. Sú upphæð er vitanlega ekki nóg til þess að gera fullnaðarúrbætur, en hún mundi á hinn bóginn geta hrundið í framkvæmd mörgum þeim umbótum, sem nú eru aðkallandi, en verða að bíða vegna féleysis.

Ég ætla, að ég þurfi ekki að setja á langt mál um þessa nauðsyn, vegna þess að till. er svo vel rökstudd af öðrum aðilum en mér og hins vegar er hv. þingheimi mjög kunnugt um samgönguástandið við Vestmannaeyjar og þá miklu þörf, sem á því er, að flugsamgöngur þangað séu í sem beztu lagi. Ég vil mælast til þess, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari umr.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa yfir fylgi mínu við þessa till., sem hér er til umr., og vona, að hún geti náð samþykki.

Hins vegar ber ég í brjósti nokkurn ótta um það, að á hana gæti verið litið á þann hátt, að ekki beri að leggja til flugvallargerðar í Vestmannaeyjum á þessu ári neitt af þeim 3½ millj.

kr., sem heimilað er á fjárlögum þessa árs, auk þess rekstrarágóða, sem kann að verða af rekstri flugvallanna, að varið sé til flugvallagerðar. Ég hefði þess vegna óskað eftir því, að tillgr. yrði orðuð þannig, að ekki gæti valdið neinum misskilningi um það, að það væri ekki með þeirri till., sem hér liggur fyrir, verið að samþykkja eitt eða neitt um það, að Vestmannaeyjar skyldu bíða eða verða af þeirri fjárveitingu, sem nú er heimiluð á fjárlögum. Ég ætla þess vegna að leyfa mér hér, með leyfi hæstv. forseta, að leggja fram skriflega brtt. við þá till., sem hér liggur fyrir, og er till. þannig:

„Tillgr. orðist svo: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða svo sem unnt er framkvæmdum til stækkunar á Vestmannaeyjaflugvelli og verja til þess ekki minna en einni millj. kr. af fé því, sem á þessu ári er heimilað til flugvallagerðar samkv. 22. gr. fjárlaga, svo og að ætla til þeirra framkvæmda sérstaklega a. m. k. eina millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 1956."

Forseti (JörB): Ég vil benda hv. 9. landsk. á, að í þetta sinn fer atkvgr. aðeins fram um það að vísa till. til síðari umr., og er þess vegna ekki nauðsynlegt að fá afbrigði fyrir þessari till., því að ég vænti þess, að till. fari til n. og tækifæri gefist til að leggja brtt. fram prentaða og hún komi þá einnig fyrir nefndina.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég gat ekki um fyrirhugaðar framkvæmdir sérstaklega í sumar í þessari till. af þeim ástæðum, að ég taldi mig ekki vera þess umkominn á þessu stigi málsins að hafa á þær frekari áhrif en ég hef haft með viðtölum við flugráð, en þar fékk ég þá yfirlýsingu, að flugráð mundi vart treysta sér til þess að verja meira en ½ millj. á þessu sumri til vallarins. Þá framkvæmd vona ég að verði ráðizt í. Hana hafði ég að vísu í huga, þegar ég samdi mína till. um það, hvað ætla yrði til flugvallarins á næsta ári, líka með hliðsjón af því, að heildarframlag til flugvallagerðar á þessu ári er ákveðið þegar í fjárlögum og atkvgr. um þá hluti hér nú er ekki tímabær. En ég hafði sem sagt, þegar ég samdi mína till., yfirlýsingu flugráðs eða forstöðumanns flugráðsins um það, að á þessu ári mundi verða unnt að vinna, þó ekki fyrir meira en ½ millj. kr. Þess vegna og með hliðsjón af þeirri fjárhæð, sem Alþingi hefur veitt yfirleitt til flugvalla, fór ég ekki að blanda því máli neitt hér inn í.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Sþ., 10. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 339, n. 780, 367).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Vernd gegn ágangi Breta.

Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um vernd á lífi og eignum Íslendinga gegn ágangi Breta [147. mál] (A. 351).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að hafa mörg orð með þessari till., og ég vonast líka til þess, að þess þurfi ekki. Eg býst við, að jafnt hér á þingi sem úti um allt land sé reiði út af því framferði, sem Bretar — og einkum brezkir togaraskipstjórar — hafa sýnt upp á síðkastið gagnvart íslenzkum fiskimönnum. Og ég vonast til þess, að sú almenna gremja, sem ríkir á meðal þjóðarinnar út af þeirra framkomu, eigi sér líka nægа fulltrúa hér á Alþingi, til þess að Alþingi áliti rétt að mótmæla þeim aðförum, sem þar eru hafðar í frammi af hálfu brezkra manna, sem ekki eiga samt okkur neitt nema gott upp að unna, — mótmæla þeim með því að fela ríkisstj. að herða á þeirri vernd, sem hún getur látið í té eigum og lífi íslenzkra fiskimanna, sem stunda sína erfiðu atvinnu úti fyrir Vestfjörðum og nú upp á síðkastið hafa orðið fyrir alveg óþolandi ágangi af hálfu brezku togaranna.

Ég sá í Morgunblaðinu, þriðjudaginn 15. febr., að á Suðureyri við Súgandafjörð hefur, rétt eftir að ég lagði fram mína till. hér, verið gerð allýtarleg samþykkt og komið þaðan allýtarleg yfirlýsing og lýsing um leið á ástandinu, sem á sér stað úti fyrir Vestfjörðum. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp ofur lítinn hluta úr þeirri lýsingu, sem þeir menn gefa, sem þar eru kunnugastir, vélbátaskipstjórarnir frá Suðureyri við Súgandafjörð. Í innganginum að samþykkt, sem er frá þeim birt, segir svo:

„Iðulega kemur það fyrir, að bátarnir hliðra sér hjá togurunum og leita á ný mið, en samdægurs hafa brezkir togarar fyllt miðin og með ágengni sinni og augljósu skeytingarleysi stofnað mannslífum og bátum í hættu á áberandi hátt, auk þess að þeir eyðileggja veiðarfæri fyrir þeim nærri daglega. Alþjóðlegar siglingareglur eru virtar að vettugi í yfirgangi hinna brezku skipstjóra, enda þótt einstaka undantekningu sé að finna. Togararnir, sem tjóninu valda, eru eingöngu brezkir, og hafa sjómenn á orði, að þeir séu hræddari við brezkan togara en óveður. Togarar annarra þjóða koma hér ekkert við sögu."

Síðan heldur áfram löng lýsing á þessu. — Á sunnudaginn, þann 13. febr., hafa svo skipstjórar vélbátanna komið saman þarna á Suðureyri við Súgandafjörð og samþykkt eftirfarandi áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar:

„Vélbátaskipstjórar á Suðureyri við Súgandafjörð beina þeirri áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar, að undinn verði bráður bugur að aukinni varðgæzlu á miðum fiskibáta fyrir Vestfjörðum. Við leyfum okkur að benda á sívaxandi virðingarleysi brezkra togaraskipstjóra fyrir alþjóðalögum og reglum, sem orsakað hefur slys og síaukið veiðarfæratjón."

Ég geri ráð fyrir því, að það sé vilji allra alþingismanna, að við tökum undir þær óskir, sem koma fram frá hálfu þessara íslenzku fiskimanna. Það eru fiskimennirnir af sömu slóðum, sem hafa lagt líf sitt í hættu til þess að bjarga brezkum togaraskipstjórum og brezkum sjómönnum, þegar þeir hafa strandað á Vestfjörðum. Mér finnst rétt, að við látum koma í ljós hér frá Alþingi Íslendinga, að Alþingi líti alvarlegum augum á það framferði, sem þarna á sér stað, og sé reiðubúið af hálfu okkar Íslendinga að stuðla að því, eftir því sem okkur er frekast unnt, að þessum ljóta leik brezkra togara verði hætt.

Ég vil leyfa mér að vona, að hv. þm. geti því orðið við því að samþykkja þessa till. eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Læknabifreiðar.

Á 39. fundi í Sþ., 28. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um heimild til að endurgreiða leyfisgjöld af læknabifreiðum [160. mál] (A. 407).

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 4. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Í till. þessari er lagt til, að Alþ. heimili ríkisstj. að endurgreiða leyfisgjald af bifreiðum, sem innflutningsskrifstofan lýsir yfir að fluttar séu inn fyrir lækna til notkunar við störf þeirra. Þó er þetta bundið við það tímabil, sem sams konar heimildar er neytt til þess að fella niður þetta gjald af fólksbifreiðum til atvinnubílstjóra.

Bifreiðar eru læknum alveg nauðsynlegar, a. m. k. hér í Reykjavík og flestum hinum stærri stöðum, til þess að geta rækt sín störf. Á s. l. ári var lagður nýr skattur á bifreiðarnar, sem nemur 100% af fob-verði, til viðbótar 35% dýrtíðargjaldi, sem áður var á þær lagt. Þetta 35% dýrtíðargjald hefur svo ríkisstj. heimild til að endurgreiða fólksbifreiðarstjórum, sem nota bifreiðarnar í atvinnuskyni. Hér er því farið fram á, að læknarnir verði að þessu leyti látnir sitja við sama borð og atvinnubílstjórar, að þeir sleppi við 35% gjaldið, en greiði að sjálfsögðu 100% skattinn eins og aðrir, sem bílana flytja inn.

Ég skal geta þess, að læknarnir leggja mikla áherzlu á, að viðurkennd sé á þennan hátt nauðsyn þeirra til að hafa bifreið til að rækja störf sín, og það, að þessi heimild hefur ekki verið til, hefur auk annars valdið talsverðum erfiðleikum fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur í sambandi við samninga um kjör læknanna og greiðslur til þeirra fyrir störf þeirra. Þeir hafa haldið því fram, að bæði bílaskatturinn og þetta 35% gjald auki þeirra kostnað við starfsemi sína og læknisvitjanir svo stórkostlega, að fyrir það þurfi þeir að fá mjög verulega hækkun á þeim greiðslum, sem samlagið hefur greitt þeim til þessa. Það er ástæðan til þess, að ég ásamt tryggingaráðsmanni, hv. þm. Ísaf. (KJJ), og ásamt hv. 2. landsk. þm. (BrB), sem er í stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur, hef gerzt flm. að þessari till. Hér er ekki um neina verulega fjárhæð að ræða fyrir ríkissjóðinn. Það hæsta, sem gera mætti ráð fyrir að flutt yrði inn samkv. þessu, er eitthvað á milli tíu og tuttugu bifreiðar á ári, svo að um verulega fjárhæð getur ekki verið að ræða, en getur valdið talsverðu í samningum læknanna við sjúkrasamlögin og tryggingarnar og virðist auk þess réttlátt að viðurkenna fulla nauðsyn þeirra á að hafa bifreið til þess að geta rækt sitt starf.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi gera að till. minni, að að lokinni umr. yrði till. vísað til hv. fjvn. til athugunar milli umræðna.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Vinnudeilunefnd.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um nefndarskipun vegna vinnudeilu [164. mál] (A. 425).

Á 42., 43. og 44. fundi í Sþ., 4., 7. og 9. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 16. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Í þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að ríkisstj. verði falið að skipa nefnd fimm alþm., eins frá hverjum þingflokki, til að greiða fyrir lausn kaup- og kjaradeilu þeirrar, sem nú stendur yfir.

Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess, að

allt sé gert, sem hægt er, til að greiða fram úr þeim vanda, sem hér hefur að höndum borið, ef það mætti firra þjóðfélagið því tjóni, sem ævinlega hlýzt af langvarandi og víðtækri vinnustöðvun, sem kæmi til með að lama allt atvinnulíf þjóðarinnar. Það mun og flestum ljóst, að eins og nú er háttað i íslenzku þjóðfélagi, eru ekki mjög miklar líkur til þess, að núverandi kaup- og kjaradeila leysist með einhliða samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, án þess að tilhlutan hins opinbera komi til á einhvern hátt.

Það virðist því á engan hátt óeðlilegt, þótt Alþingi telji ástæðu til að fylgjast vandlega með þessu máli og telji skyldu sína að gera það, sem í þess valdi stendur, til að flýta fyrir farsælli lausn þess. Með þetta í huga var lögð fram þáltill. sú, sem hér um ræðir. Hún er fram komin fyrir fullum hálfum mánuði, og þrátt fyrir nokkurn eftirrekstur hefur orðið á því helzt til langur dráttur, að till. kæmi hér til umræðu. Ég verð að telja það miður farið, því að við það hefur glatazt tími, sem ef til vill hefði mátt nota til að greiða fram úr vandamálum í sambandi við lausn yfirstandandi kaupdeilu.

Nú hefur það gerzt í þessu máli, að fyrir tveim dögum eða svo skipaði hæstv. ríkisstj. sáttanefnd í þessari vinnudeilu. Ég hefði að vísu talið á margan hátt eðlilegra og vænlegra til árangurs, að Alþingi hefði staðið að þessari nefndarskipun, en hæstv. ríkisstj. hefur þótt annar kostur aðgengilegri. Ég veit ekki, hvað því veldur, en óneitanlega dettur manni í hug, að það kunni að hafa átt einhvern þátt í þessari ákvörðun, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki viljað fara þá leið, sem stjórnarandstöðuflokkur hafði bent á, svo og hitt, að með sinni aðferð hefur hæstv. ríkisstj. tekizt að útiloka einn þingflokkinn, Þjóðvarnarflokkinn, frá aðild að þessari nefnd. En hvað sem þessu líður, þá er hins að vænta, að árangur af störfum hinnar stjórnskipuðu nefndar verði bæði skjótur og góður. Málið er þó enn á því stigi, að enginn veit, hvort samningar takast eða hvort verkfall verður skollið á innan tveggja daga. Þrátt fyrir nefndarskipun hæstv. ríkisstj. er það að sjálfsögðu á valdi Alþingis, hvenær sem því sýnist, að hafa afskipti af þessum málum, hvort heldur sem væri með nefndarskipun, eins og hér er lagt til, eða með setningu löggjafar um verðlagsmál, er kynni að greiða fyrir lausn þessarar kaupdeilu. Ég sé því ekki ástæðu til að draga til baka þá till., sem hér um ræðir, till. á þskj. 425 um nefndarskipun af hálfu Alþingis.

Tillagan er þess eðlis, að ég tel ekki þörf á að vísa henni til nefndar, en þar sem hæstv. forseti hefur ákveðið tvær umr. um till., get ég fallizt á, að hún verði athuguð í nefnd milli umræðna, ef það þykir eðlilegra. Vildi ég þá mjög eindregið mega vænta þess, að sú athugun tæki skamma stund, svo framarlega sem ekki takast nú hina næstu daga samningar í yfirstandandi kaupdeilu. Fari svo, að á skelli víðtækt verkfall, tel ég með öllu óverjandi, að Alþingi haldi algerlega að sér höndum og hafist ekkert að.

Að svo mæltu æski ég þess, að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Það er nú þegar búið að ræða allmikið og ýtarlega um yfirstandandi launadeilu og þó sérstaklega um afskipti ríkisvaldsins af þessum veigamiklu málum og þann þjóðarvoða, sem af kauphækkunum eða vinnudeilum muni leiða samkvæmt boðskap hæstvirtra ráðherra. Umræður um þetta efni fóru aðallega fram í umræðum þeim, sem spunnust út af skýrslu hæstv. fjmrh. um hag ríkissjóðs. Í þessum umræðum tefldi ríkisstj. fram sínum stærstu foringjum, svo að sýnilegt er, að a. m. k. í orði viðurkennir ríkisstj., að hér sé um þau mál að ræða, sem mikils sé um vert, og hlutur hennar var a. m. k. að ræðulengd og fyrirferð í dagblöðum ekki fyrir borð borinn. Það er því ekki óeðlilegt, að nokkrar umræður verði um þessi mál hér nú, þegar till. þessu lútandi liggur beinlínis fyrir.

Till. á þskj. 425, sem hér er til umræðu, er að vísu viðleitni í þá átt að reyna að leysa þann vanda, sem í þetta sinn steðjar að, en er ljóslega engin frambúðarlausn þessara viðkvæmu mála. Till. þessi, er flutt er af hv. 8. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. þm., miðar að því, eins og frsm. hefur þegar getið, að fela ríkisstj. að skipa þegar í stað nefnd fimm alþm. til þess að vinna að lausn yfirstandandi kaup- og kjaradeilu. Af efni till. er því ljóst, að samþykkt hennar er fyrst og fremst miðuð við lausn núverandi vandamála, en eins og ég sagði áður: að sjálfsögðu yrði hún ekki varanleg lausn í þessum vandamálum.

Ég hef getið þess hér, að ég tel, að Alþingi eigi fremur að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að vinnudeilur, sem öllum ber saman um að séu hreint neyðarúrræði, eigi sér stað. Ef tekið hefði verið tillit til þeirra viðvarana, sem fram hafa verið bornar við flutning frumvarpa og þingsályktunartillagna um lækkað verðlag, um þriggja vikna orlof, lögfestingu á hvíldartíma togaraháseta, atvinnuleysistryggingar, öryggi á vinnustöðum o. s. frv., svo að nokkuð sé nefnt, þá væri án efa auðveldara að leysa þá hnúta, sem nú eru sífellt hnýttir innan þings og utan til heftingar þeirri baráttu, sem verkalýðssamtökin heyja fyrir sanngjörnum rétti skjólstæðinga sinna. Venjulegasta svarið, sem fram er borið gegn framgangi þessara mála, er, að hér sé um mál að ræða, sem óviðkomandi sé öllum öðrum en vinnukaupendum og vinnuseljendum. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að ekki hefur, sem betur fer, verið alltaf þessi hugsunarháttur ríkjandi í sölum Alþingis. Framsýni og viðsýni í þessum málum virðist hafa verið mun meiri á þeim árum, þegar vökulögin fyrstu voru samþykkt, og allt til þess tíma, er orlofslögin voru endanlega samþykkt 26. febr. 1943. Skilnings- og tillitsleysi það, sem nú virðist ríkja, hefur síðan sífellt verið að ná meiri yfirtökum hér á löggjafarsamkomunni, með þeim afleiðingum, að til æ stórfelldari árekstra dregur. En þá bregður svo kynlega við, að mál, sem venjulega eru talin einkamál

samtaka vinnuseljenda og atvinnurekenda, eru allt í einu orðin þjóðarvoði, sem ekki verður hjá komizt að ríkisvaldið hafi einhver afskipti af. Að lokum er svo gripið til þess, venjulega á síðustu stundu, að skipa auk sáttasemjara 3—5 manna sáttanefnd. Slík vinnubrögð og sofandahátt í málum hinna vinnandi stétta sætta alþýðusamtökin sig ekki við. Þeim er ekki nægjanlegt, að hlaupið sé til á síðustu stundu og venjulega of seint að greiða úr þeim vandamálum, sem vísvitandi hafði verið stefnt að að skapa á löngum tíma. Þá staðreynd, að landinu verður ekki um lengri eða skemmri tíma stjórnað án samvinnu við verkalýðssamtökin, er hverri ríkisstj. nauðsynlegt að hafa í huga. Hin stéttarlega barátta launþegasamtakanna verður ávallt samofin þeim átökum, sem fram fara á sviði stjórnmálanna, að meira eða minna leyti. Þær staðreyndir sannar saga íslenzkra stjórnmála hvað skýrast og bezt. Það er því skaðleg blekking að hugsa sér þetta tvennt sem óskylda hluti.

Kröfur þær, sem verkalýðssamtökin hafa nú lagt fram í yfirstandandi vinnudeilu, eru miðaðar við það ástand, sem ríkti í hlutfallinu milli kaupgjalds og verðlags árið 1947. Skýringarinnar á þeim átökum og þeirri baráttu, sem nú er hafin, er því að leita til þess ástands, sem þá ríkti í þessum málum, og þá jafnframt að nokkuð miði áfram.

Hæstv. dómsmrh. lýsti undrun sinni á því, að undirstaðan undir kröfur verkalýðssamtakanna skyldi sótt svo langt aftur í tímann, er hann ræddi þessi mál hér á dögunum. Í því efni er rétt að minna á þá staðreynd, sem öllum bar saman um árið 1947, að líkur væru á því, að atvinna mundi dragast saman, þegar hernámsvinnunni lyki, og bæri því að gera allt, sem mögulegt væri, til þess að tryggja næga atvinnu. Til þessara staðreynda er því að leita hvað viðkemur því, að ýmsir forvígismenn alþýðusamtakanna sættust á aðgerðir eins og t. d. bindingu vísitölunnar í des. 1947. Síðan hafa alþýðusamtökin ávallt sýnt fulla ábyrgðartilfinningu og þolinmæði þrátt fyrir þær augljósu staðreyndir, að samfellt hefur sigið á ógæfuhlið síðan á áramótum 1949—50. Hvert Goliatshöggið eftir annað féll í sama knérunn til rýrnunar afkomu launastéttanna: gengislækkun, afnám verðlagseftirlits, bátagjaldeyrisálög, svo að nokkuð sé nefnt. Allt þetta fór í kjölfar alþingiskosninganna í lok ársins 1949, er núverandi samstarfsflokkar í ríkisstj. höfðu tekið höndum saman um stjórnarmyndun. Þetta gerist á sama tíma og atvinnuleysið hélt innreið sína. Alþýðusamtökin gerðu tilraunir með að fá hlut sinn bættan í vísitöludeilunni í maí 1951 og desemberdeilunni 1952. Árangurinn af þessum átökum sýndi þá ljóslega, að ekki hafði tekizt að fá uppborið það tjón, sem hlotizt hafði af fyrrnefndum aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Það kom því engum á óvart, þó að kaupgjaldsmálin yrðu eitt aðalmál þess Alþýðusambandsþings, sem kom saman í nóvember s. l. haust. Þar var að loknum umræðum samþykkt ýtarleg ályktun þess efnis, að sambandsstjórn var falið að boða til ráðstefnu með fulltrúum þeirra sambandsfélaga, sem möguleika hefðu til samningsuppsagna, svo fljótt sem auðið væri, og samræma sem bezt aðgerðir félaganna til kaupgjaldsbaráttunnar sjálfrar. Tillaga þessi var samþykkt einróma af á fjórða hundrað fulltrúum fyrir nálega 28 þús. félagsbundinna karla og kvenna í verkalýðssamtökunum. Þetta sambandsþing var að ýmsu leyti mikið deiluþing. En um þessa stefnu var enginn ágreiningur, þótt vitað væri, að allir starfandi stjórnmálaflokkar ættu sína fylgishópa á þinginu. Það er því vísvitandi staðreyndafölsun, þegar því er haldið fram nú, þegar verið er að framkvæma þessa mörkuðu stefnu, að hún sé borin upp af kommúnistum og fylgismönnum þeirra eingöngu. Að baki þessarar baráttu standa verkalýðssamtökin í heild, og meðan á henni stendur, er pólitískt vopnahlé í alþýðusamtökunum. Þær staðreyndir er hverjum og einum hollt að hafa í huga.

Hæstv. ráðherrar létu sér í umræðunum um þessi mál nokkuð tíðrætt um nauðsyn þess, að rannsókn þar til lærðra sérfræðinga færi fram á hlutfallinu milli kaupgjalds og verðlags og gjaldþoli atvinnuveganna. Meðan rannsókn þessi færi fram, væri nauðsynlegt, að verkalýðsfélögin frestuðu öllum frekari aðgerðum. Þessum rannsóknum til stuðnings er svo óspart skírskotað til þjóðhollustu verkalýðsfélaganna o. s. frv. Það er athugunarvert, að þetta tilboð ríkisstj. kemur ekki fram fyrr en tveim mánuðum eftir að hin yfirlýsta stefna Alþýðusambandsins í kaupgjaldsmálum hafði verið gerð heyrinkunn.

Alþfl. flutti í upphafi yfirstandandi þings þáltill. um lækkun vöruverðs. Í þessari till. var gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hlutaðist til um, að lækkuð yrði álagning milliliða o. s. frv., og var skilmerkilega á það bent, að alþýðusamtökin teldu þá stefnu farsælustu leiðina til þess að koma í veg fyrir kaupgjaldsbaráttu og að launþegar fengju á þann hátt raunhæfast og haldbezt uppborna kjaraskerðingu undanfarinna ára. Áhugi stjórnarflokkanna fyrir þessari leið út úr ógöngunum var svo mikill, að nú loks undir lok febrúar var till. þessi tekin til fyrri umr. og liggur svo í n. síðan. En rétt er þó að geta þess, að ríkisstj. mun hafa haft nokkra tilburði í frammi í þessa átt og í því efni leitað til nokkurra þeirra fyrirtækja og stofnana, er hafa með innflutning og dreifingu innanlands að gera. Svar þessara aðila mun hafa borizt í gær og verið algerlega neikvætt. Ríkisstj. mun hins vegar af eðlilegum ástæðum ekki geta beitt sér frekar í þessu efni, þar sem slíkt mundi brjóta í bág við hið gullvæga frelsi einstaklinganna í verzlunarmálum.

Þannig mótast stefna núverandi ríkisstj. af aðgerðaleysi og að of seint er hafizt handa, — ýmist ekki eða of seint. Það er af þessum ástæðum ekki beinlínis fýsilegt frá sjónarmiði verkalýðssamtakanna að óska eftir miklum afskiptum þess ríkisvalds, sem nú ræður ríkjum í landinu. A. m. k. þykir sýnt, að undanskilinni tilnefningu sáttanefndar, að í yfirstandandi deilu muni áhrifa til lausnar á deilunni ekki að leita í herbúðum hæstv. ríkisstjórnar.

Raunhæfar tilraunir til þess að komast hjá deilunni hafa ekki verið gerðar, en það er þó ein af höfuðskyldum hverrar ríkisstjórnar í hugum allra landsmanna.

Hér á Alþ. er fram komin till. um skipun nefndar með þátttöku atvinnurekenda, var hér næsta mál á undan á dagskránni, og hefur þegar verið flutt fyrir því framsaga. Á till. þessari skilst mér, að n. þessi eigi að starfa stöðugt og til hennar megi leita um allar upplýsingar um atvinnuástand og afkomumöguleika hverju sinni. Ég tel slíka till. mjög athyglisverða að vísu með tilliti til framtíðarinnar, en þann vanda, sem nú er fyrir höndum, mundi slík n. ekki leysa. Reynslan, sem fengizt hefur þá fjóra mánuði síðan fyrsta ákvörðun alþýðusamtakanna um samningsuppsögn var tekin, sýnir, að hér er brýnna úrbóta þörf og ekki lengur á því stætt að fljóta sofandi að slíkum átökum ár eftir ár, þó þannig að sjálfsögðu, að sjálfsákvörðunarréttur beggja aðila verði í fullum heiðri hafður.

Verkalýðsfélögin, sem nú standa í deilu, hafa undirbúið kröfur sínar í nánu samstarfi við hvert annað og bundizt samkomulagi um náið samstarf í deilunni sjálfri. Kröfurnar hafa atvinnurekendur nú haft til athugunar fjórar vikur, og enn virðist lítið miða í samkomulagsátt. En eins og ég hef áður minnzt á, hefur ríkisstj. nú skipað fimm manna sáttanefnd, sem í eiga sæti tveir hv. alþm. auk sjálfs sáttasemjara. Af þessum ástæðum virðist till. sú, sem hér er til umr., vart tímabær með tilliti til lausnar á núverandi launadeilu. En með tilliti til þess, að deilan kynni að dragast á langinn, tel ég þó rétt, að hún yrði samþykkt, og lýsi fylgi mínu við hana.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Alþýðuskólar.

Á deildafundum 21. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um óháða alþýðuskóla [175. mál] (A. 480).

Á 48. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þá þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 480, hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. þm. A-Sk. (PÞ), hv. 2. þm. N-M. (HÁ) og hv. þm. Mýr. (AE). Með þessari till. er farið fram á það, að Alþingi skori á ríkisstj. að hlutast til um, að á næsta skólaári starfi einn eða fleiri æskulýðsskólar með svipuðu sniði og fylgt var áður í héraðsskólum, meðan þeir störfuðu án sambands við menntaskóla og sérskóla, enda verði landspróf ekki haldið í þeim skólum.

Eins og kunnugt er, þá er flestum skólum landsins nú skipað í fast kerfi samkv. lögum, sem þar um gilda, þannig að hver skóli tekur við af öðrum allt frá barnaskólanum og til háskólans. Geta því unglingar nú, jafnvel með meðalnámsgáfur eða minna, komizt mjög fyrirhafnarlítið í háskólann og jafnvel náð þar prófi. Að sjálfsögðu hefur þetta fyrirkomulag ýmsa kosti, enda hefur það verið upp tekið í nágrannalöndum okkar að meira eða minna leyti. Það greiðir án efa fyrir unglingum að geta stundað langskólanám og komizt í háskóla, og er því síður hætta á því, að efnilegir unglingar, sem þrá að nema, geti það ekki, eins og oft var áður. En þess er ekki að dyljast, að þetta samband skólanna og það fyrirkomulag, sem því fylgir, hefur líka nokkrar skuggahliðar. Mörgum virðist, að námið í skólunum miðist allt of mikið við próf, við undirbúning undir það að ganga undir próf og geta staðizt það, m. ö. o., að þetta leiði til þess, að reynt sé að troða sem mestum forða af þekkingu inn í nemendurna, en þá verður minni tími fyrir skólana til að sinna hinni eiginlegu uppeldishlið skólaverunnar og skólastarfið allt verður síður vekjandi og glæðandi áhuga nemendanna á ýmsum viðfangsefnum öðrum en ella mundi.

Það er m. ö. o., að með þessu fyrirkomulagi verður að hugsa meira í skólunum um undirbúning undir næsta próf og næsta skóla, sem við tekur, heldur en undirbúning undir lífið sjálft. Og skólarnir eru hreint og beint neyddir til þess, vegna þess m. a. að foreldrarnir og jafnvel nemendurnir sjálfir óska þess umfram allt, að hver skóli útskrifi nemendur sína þannig, að þeir geti setzt í næsta skóla fyrir ofan.

Í öðru lagi er þegar farið að bera á þeirri skuggahlið, sem þessu fyrirkomulagi fylgir, að það eru fleiri lærðir menn í landinu en þörf er á fyrir þjóðina, og þessir menn eru oft losnaðir úr tengslum við atvinnulífið og þar af leiðandi ekki vel hæfir til lífsbaráttunnar þar og verða því atvinnulausir. Enginn skilji orð mín svo, að ég telji í sjálfu sér óheppilegt fyrir nokkurn mann að vera vel lærður, en þegar lærdómurinn hefur þau áhrif, að hann kemst síður áfram í lífinu, er atvinnulaus á því sviði, sem hann hefur valið sér, og lítt hæfur til að sinna öðru, þá verður það frekar böl heldur en til heilla.

Nú er þessi till., sem hér liggur fyrir, alls ekki um það, þrátt fyrir þetta, sem ég hef sagt, að gerbylta þessu skólakerfi eða jafnvel að breyta því í neinum verulegum atriðum, heldur er till. aðeins um það, að ríkisstj. losi einn eða fleiri æskulýðsskóla úr þessu kerfi næsta vetur, og þá væntanlega framvegis, ef það gefur góða raun. Í þeim skóla eða skólum verði kennslan ekki miðuð við undirbúning undir annan skóla, heldur undirbúning undir lífið, eins og var í héraðsskólunum, áður en þeir voru settir í þetta kerfi, og eins og var og er í lýðháskólum nágrannalanda okkar. Vegna laganna yrði sá skóli, sem þessi tilraun yrði gerð í, eða þeir skólar, ef fleiri væru, að sjálf-

sögðu að teljast til gagnfræðastigsins, en þar yrði þá ekki endað með landsprófi og öll tilhögun kennslunnar frjálsari en verið hefur og nú er.

Það má benda á það í þessu sambandi, að þrátt fyrir alla þessa skóla, sem nú eru til í landinu, er enn þá nokkuð margt af ungu fólki, sem hefur farið á mis við alla skólagöngu aðra en barnafræðslu, og mundi slíku fólki, jafnvel þó að það væri eitthvað yfir tvítugt, henta vel að komast í slíkan frjálsan skóla.

Með þessari till. er alls ekki ætlunin að koma upp nýjum skóla eða nýjum skólum, heldur er ætlunin sú, eins og till. ber með sér, að samið verði við einn eða fleiri skóla, sem nú eru til, um að starfa á þeim grundvelli, sem till. segir til um. Þar af leiðandi er ekki ástæða til að gera ráð fyrir auknum kostnaði fyrir ríkissjóð, þó að þessi till. verði samþ. og framkvæmd. Sýnist því af þeirri ástæðu ekki þörf að vísa till. til hv. fjvn. Mér finnst fyrir mitt leyti, að það sé ekki heldur bein þörf á því að vísa till. til nefndar. Þetta er svo einfalt mál, að hv. alþm. ættu að geta áttað sig á því, hvort þeir vilja fallast á þessa till. eða ekki, án þess að þeir hafi um það ráð nefndar. En ef hæstv. forseta og þinginu finnst ástæða til, að till. fari til nefndar, þá virðist mér, að það væri þá helzt hv. allshn. þingsins, sem ætti að vísa till. til. Geri ég það þó ekki að till. minni.

(*Forseti:* Ég vil benda hv. 1. flm. á, að ákveðnar hafa verið tvær umræður um málið, og er það með tilliti til nokkurra orða í grg. fyrir þáltill.) Þá mun hún eiga að fara til fjvn. (*Forseti:* Eða til allshn.) En ég sé enga þörf á því, því að það er alls ekki ætlunin, eins og ég hef tekið fram, að þetta leiði til útgjalda, og ég skil ekki, hvaða orð það eru í grg., sem gera það að verkum. (*Forseti:* Í niðurlagi grg.) „Verulegu fé“ — jæja.

Ég hafði litið svo á, að það væri ekki ástæða til að hafa nema eina umr. um málið, en úr því að það eru tvær umr., þá mundi vera rétt, að málinu yrði vísað til n. En eins og ég sagði, þá er ekki ætlunin, að till. hafi útgjöld í för með sér, a. m. k. ekki svo að neinu nemi, og þar af leiðandi sé ég ekki, að hún þurfi til hv. fjvn., og legg þá til, að henni verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 51. og 53. fundi í Sþ., 13. og 20. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 480, n. 560).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls gerði ég grein fyrir þeirri till., sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 480, og hvaða rök lægju til þess, að hún var fram borin. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá um málið.

Eins og menn vita, var till. vísað til allshn. sameinaðs þings, og hefur n. haldið tvo fundi um málið. Á fyrra fundinum var málið nokkuð rætt, en ákvörðun þá ekki tekin, heldur var mér sem formanni nefndarinnar falið að eiga tal við fræðslumálastjóra um málið. Það gerði ég svo, og varð ég ekki annars var í því samtali við fræðslumálastjóra en að hann væri þessari till. meðmæltur, tók það þó fram, að hann áliti, að ef slíkur skóli sem till. fjallar um eða skólar yrðu reknir, þá áliti hann, að það ætti að vera með lýðháskólasniði, m. ö. o. að sníða þann skóla eftir lýðháskólum á Norðurlöndum. Tók n. þessa ábendingu fræðslumálastjórans til greina í tillögum sínum um málið. En ég mun síðar víkja nánar að áliti fræðslumálastjóra.

Tveir hv. nm., Jóhann Hafstein, sem á sæti í n. í forföllum Jóhanns Jósefssonar, og Karl Guðjónsson, voru ekki viðstaddir, þegar n. afgreiddi málið. Sá síðarnefndi var þá kominn úr bænum heim til Vestmannaeyja. En það er skemmst frá áliti n. að segja, að hún féllst á till. að stofni til og í meginatriðum og mælir með henni, en hún taldi þó rétt, að gerðar yrðu á tillögunni tvær lítils háttar breytingar, og má sjá þær till. í nál. á þskj. 560.

Fyrri till. er um það, að beinlínis sé tekið fram, að í staðinn fyrir það, sem í till. stóð, að þessi skóli eða skólar störfuðu með svipuðu sniði og fylgt var áður í héraðsskólunum, meðan þeir störfuðu án sambands við menntaskóla eða sérskóla, komi, að þeir starfi með lýðháskólasniði.

Önnur till. n. er til skýringar og er í samræmi við það, sem ég sagði hér í framsöguræðu minni við fyrri umr. málsins, að kostnaður við skóla þessa greiðist á sama hátt og við aðra skóla gagnfræðastigsins og af sömu aðilum.

Nál. allshn. er dagsett 4. apríl, en það lítur út fyrir og er sýnt, að fræðslumálastjóri hefur, eftir að nál. kom út, tekið þetta mál til nýrrar athugunar, og hann hefur sent n. bréf um þetta mál, sem dagsett er 16. apríl.

Þar er enn þá að vissu leyti mælt með þessari hugmynd, en þó bent á nokkur atriði í sambandi við það. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég, til þess að ekki fari fram hjá hinu háa Alþ. sjónarmið fræðslumálastjóra, lesa þetta bréf eða a. m. k. það úr því, sem ég tel mestu máli skipta. Það hljóðar þá svo:

„Vegna fram kominnar till. til þál. á Alþingi um óháða alþýðuskóla, 175. mál, leyfi ég mér hér með að taka fram eftirfarandi:

1) Er Bernharð Stefánsson alþm. spurði mig um það, hvað ég segði um stofnun alþýðuskóla á svipuðum grundvelli og héraðsskólarnir störfuðu hér fyrir 1946, sagði ég, að ég væri því fylgjandi, að stofnaður yrði skóli hér á landi, er starfaði með svipuðum hætti og lýðháskólar á Norðurlöndum. Benti ég á lýðháskólann í Askov í Danmörk í því sambandi.

2) Lýðháskólar eins og þeir, er hér um ræðir, hafa ekki lögákveðið námsefni. Próf eru þar ekki. Námsdvöl þar veitir ekki réttindi til starfa eða náms í öðrum skólum. Lýðháskólar

eru því utan við skólakerfi hlutaðeigandi landa og eiga að vera það.

3) Þar eð alþýðuskóli, sem starfar með svipuðu sniði og lýðháskólar, fellur ekki í ramma þeirra skóla, er starfa samkvæmt núgildandi lögum um gagnfræðanám, þá virðist mér, að fá þurfi lagaheimild til stofnunar og rekstrar alþýðuskóla, ef greiða á kostnaðinn að einhverju eða öllu leyti úr ríkissjóði.

4) Þótt hluti ríkissjóðs í stofnkostnaði og rekstri alþýðuskóla (lýðháskóla) yrði hliðstæður því, sem gildir um gagnfræðaskóla, þá tel ég vart hægt að ætlast til þess, að ein sýsla eða ef til vill tvær greiði hluta stofnkostnaðar og rekstrarhalla, ef einhver yrði, móti ríkissjóði, því að nemendur í slíkum skóla mundu verða víðs vegar að af landinu. Annaðhvort þyrfti hluti sveitarfélaga, sbr. 53. og 54. gr. laga um gagnfræðanám, að koma annars staðar að eða að skólinn verði stofnaður og rekinn fyrir fé úr ríkissjóði, og virðist mér það eðlilegast.

5) Eins og sjá má af því, er að framan greinir, miða ég við það, að aðeins verði stofnaður einn alþýðuskóli á framangreindum grundvelli. Tæki sá skóli allt að 100 nemendur, mundu samt, að ég hygg, verða til muna fleiri lýðháskólanemendur hér á landi en á Norðurlöndum, miðað við fólksfjölda."

Það hefur nú ekki unnizt tími til þess, meðfram vegna þess að ég hef verið veikur undanfarið, að kalla allshn. saman á fund til þess að bera undir hana þetta bréf. En ég hygg, að þetta bréf fræðslumálastjórans mundi ekki breyta afstöðu n. Þó vitanlega get ég ekki fullyrt um það, og það er sökum þess, að till. er flutt og n. fjallaði um hana á allt öðrum grundvelli en þeim, sem fræðslumálastjórinn leggur í sínu bréfi. Það var aldrei ætlun flm. né n., að þessi framkvæmd, ef af henni yrði, hefði aukinn kostnað fyrir ríkissjóð í för með sér né heldur að nýr skóli yrði stofnaður í þessu skyni, heldur var það frá upphafi ætlunin, að ef svo um semdist við einhvern af þeim skólum, sem nú eru, að hann breytti næsta vetur starfsháttum sínum á þann veg, sem till. segir til um, þá yrði þetta framkvæmt þannig aðeins, að kennslufyrirkomulagi í einum eða fleiri skólum yrði breytt. Ef ekki næst samkomulag við aðstandendur neins af þeim skólum á gagnfræðastiginu, sem nú eru fyrir hendi, þá fellur þetta mál niður næsta vetur. Þá gæti að vísu komið til álita á næsta þingi lagabreyting um það að stofna slíkan skóla, en það liggur ekki fyrir nú. Bréf fræðslumálastjóra breytir því a. m. k. ekki mínu áliti um, að það beri að samþykkja þessa till. Það má vel vera, að það náist ekki samkomulag við neinn af þeim skólum, sem fyrir eru, um að breyta starfsháttum sínum í samræmi við till. Þá fellur þetta mál niður næsta vetur. En ég get ekki séð, að það geti, jafnvel þó að svo færi, skaðað neitt að samþykkja till. Að það þurfi lagabreytingu til þess, að það sé heimilt fyrir skóla að breyta kennslutilhögun nokkuð með samþykki yfirstjórnar fræðslumálanna, fæ ég ekki skilið. Ég skil ekki í öðru en að það hljóti að vera heimilt, því að það má kenna svipuð fög og ákveðið er að kenna í gagnfræðaskólum, og það eina, sem mundi breytast, er það, að ekki yrði haldið neitt landspróf í þessum skóla eða þessum skólum. Nú er það svo, að það er engin skylda að ganga undir landspróf, og það eru ekki nema sumir nemendurnir í skólum, sem það gera, og að það geti verið nokkurt lagabrot, þó að í einum skóla eða jafnvel fleirum yrði landsprófið fellt niður, fæ ég ekki skilið. Það getur vel verið, að hér undir umr. verði mér gefin skýring á því, en ég hef ekki getað komið auga á það enn. Það er því till. nefndarinnar eða var a. m. k. þegar hún afgr. málið, að till. verði samþ. með þeim breytingum, sem hún leggur til að gerðar verði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er ekki reiðubúinn til þess, meðan það mál hefur ekki verið íhugað betur en enn hefur verið gert, að segja til um, hvort það út af fyrir sig væri til bóta að taka upp hér á landi lýðháskólakennslu eða stofna lýðháskóla, og vitanlega mun ég í því hlíta fyrirmælum Alþingis, eftir því sem lög standa til, ef það verður hér ákvörðun manna, að slíkt skuli gert. Vil ég ekki blanda mér í þær umræður að efni til, vegna þess að ég er, eins og ég segi, ekki reiðubúinn til þess að kveða sjálfur upp dóm um, hvort slíkt muni vera heppilegt eða ekki. Hitt tel ég nauðsynlegt, að þingheimur geri sér grein fyrir, að með þeirri till., sem hér er flutt, er gert ráð fyrir verulegri breytingu á því skólakerfi, sem sett var með skólalöggjöfinni 1946. Meginbreytingin, sem þá var gerð, felst einmitt í stuttu máli í 1. gr. laga nr. 22 1946, þar sem segir:

„Allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, mynda samfellt skólakerfi."

Og síðan segir í 2. gr.:

„Skólakerfið skiptist í þessi fjögur stig: 1) barnafræðslustig, 2) gagnfræðastig, 3) menntaskólastig og sérskólastig, 4) háskólastig" o. s. frv.

Í þeirri till., sem hér liggur fyrir, er það ljóst, sérstaklega samkv. brtt. hv. n., að þessi svokallaði lýðháskóli á að tilheyra gagnfræðastiginu. En til eru lög um gagnfræðanám, nr. 48 7. maí 1946, sem einmitt eru í samræmi við þessi ákvæði l. nr. 22 frá 1946, er ég vitnaði í áðan, og meginatriði þessara fyrirmæla um gagnfræðaskóla er það, að prófin úr þeim eiga að veita rétt til þess að stunda nám í öðrum skólum, áframhaldandi skólum, þannig að þetta á að vera, eins og þar segir, „samfellt skólakerfi". Till., sem hér er borin fram, er um það að stofna einn eða fleiri skóla, sem séu ekki þættir í þessu skólakerfi.

Ég tel, að ef hv. Alþingi vill gera slíka ályktun, þá sé rangt að samþ. þá brtt., sem hv. n. ber fram um, að það sé berum orðum tekið fram, að þessi nýi skóli eigi að vera einn skóli gagnfræðastigsins, vegna þess að í því felst alger mótsögn. Hann getur ekki í senn verið lýðháskóli, leystur úr þessu samfellda skólakerfi, úr þeim tröppugangi, sem myndaður var á milli skólanna; hann getur ekki í senn verið leystur úr því og þó verið einn af skólum gagnfræðastigsins, eins og verkefni þeirra skóla er

túlkað í IV. kafla l. nr. 48 frá 1946. Þetta er alveg ljóst og ótvírætt.

Fræðslumálastjóri hefur að athuguðu máli talið sér skylt að benda hv. allshn. á þetta. Í áliti, sem ég hef fengið frá menntmrn., er þessu ótvírætt haldið fram, og ég get ekki séð, að á því sé nokkur vafi, þegar athugaðir eru þeir lagastaðir, sem ég nú hef vitnað til, og þá ekki sízt IV. kafli laganna um gagnfræðanám.

Allt þetta hindrar auðvitað Alþingi alls ekki í því, ef það er talið rétt að stofna skóla nýrrar tegundar, að hverfa frá stefnunni, sem valin var 1946, og til hinnar fyrri löggjafar. Þetta getur Alþingi auðvitað gert, ef það vill. Ég játa að vísu, að viðkunnanlegast væri að setja slík fyrirmæli með lögum. Ég mundi þó telja þáltill., sem samþ. hefur verið við tvær umr. í Sþ. samkv. venju, nægja heimild til fjárgreiðslna úr ríkissjóði til þess að gera tilraun með rekstur slíks skóla. En það er ljóst, að slíkur skóli getur ekki eðli sínu samkvæmt tilheyrt gagnfræðastiginu, eins og það nú er skilgreint í lögum, og það er ekki hægt að skylda neitt hérað eða neitt skólahverfi til þess að leggja af sinni hálfu fram á móti ríkisframlaginu. Slíkt framlag verður þá að vera algerlega af frjálsum vilja héraðsins, og slík framlög, hvorki af hálfu ríkisins né af hálfu héraðsins, geta komið í stað skyldunnar til að halda uppi nauðsynlegum, lögboðnum skólum gagnfræðastigsins. Og vist í slíkum skóla getur ekki komið í stað skólaskyldunnar, sem að nokkru leyti á að fullnægja eða er fullnægt með vist í skólum gagnfræðastigsins. Að óbreyttum lögum getur hún ekki komið í þess stað.

Ég tel nauðsynlegt að láta þennan skilning minn á lögunum koma fram. Það er ekki vegna þess, að ég hafi neina andúð á efni till. Ég játa, að það má færa rök bæði með og móti því að koma slíkum skóla upp. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, hef ég ekki íhugað þetta mál svo, að ég mundi sjálfur á þessu stigi hafa gert till. um stofnun slíks skóla, en vitanlega mundi mér vera ljúft og er ljúft að fara eftir fyrirmælum Alþingis um það, ef Alþingi samþykkir slík fyrirmæli. En Alþingi verður þá að gera sér ljóst, hvers eðlis sú samþykkt er, úr því að hún er gerð í þessu formi, og hún getur ekki haggað lögunum frá 1946, sem að þessu leyti eru ótvíræð, og sú samþykkt, ef hún er gerð, víkur frá meginbreytingunni og meginumbótunum, sem fyrirsvarsmenn löggjafarinnar frá 1946 töldu sig koma fram, þegar þeir fengu þau lög samþykkt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf., sem er 1. flm. þessarar till. og enn fremur frsm. allshn., hefur gert svo skýra grein fyrir þessu máli, að í raun og veru er lítil ástæða til af minni hálfu að bæta við það. En mér virtist það koma fram í ræðu hæstv. menntmrh., að með þessari till. væri farið fram á að stofna einn eða fleiri skóla, sem störfuðu með lýðháskólasniði, og í annan stað, að starfsemi slíks skóla mundi ekki samrýmast lagaákvæðum um starfsemi gagnfræðastigsskóla í landinu. Það er út af þessu tvennu, sem ég vildi leyfa mér að bæta fáeinum orðum við þær umr., sem hér hafa farið fram, og benda á viss atriði í þessu sambandi.

Í tillgr. er komizt svo að orði, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að á næsta skólaári starfi einn eða fleiri æskulýðsskólar með svipuðu sniði og fylgt var áður í héraðsskólum. Hér er ekki talað um að stofna skóla, heldur að einn eða fleiri skólar starfi með ákveðnu sniði. Þetta orðalag er á till., til þess að það sé skýrt, að það sé ekki ætlun flm., að ráðizt sé í að reisa að nýju skóla í þessu skyni. Enn fremur er talað um í tillgr., að ríkisstj. hlutist til um, að á næsta skólaári verði starfseminni hagað á þennan hátt. Næsta skólaár hefst ekki síðar en 1. okt. þessa árs, og það væri að sjálfsögðu ekki sanngirni í garð framkvæmdavaldsins að ætlast til þess, að á þeim stutta tíma, sem eftir er, þar til næsta skólaár hefst, yrði stofnaður einn eða fleiri skólar í ákveðnum tilgangi. Í grg. er þetta sjónarmið áréttað, þar sem segir berum orðum: „Hér er því lagt til, að Alþingi beini því til ríkisstj., að hún hlutist til um, að á næsta skólaári starfi einn eða fleiri æskulýðsskólar með svipuðu sniði og héraðsskólarnir gerðu, áður en þeir voru gerðir að hlekk í skólakerfinu.“ Og í ræðu þeirri, sem hv. 1. flm. till. hélt, þegar málið var hér fyrst til umr. í Sþ., komst flm. að orði þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Með þessari till. er alls ekki ætlunin að koma upp nýjum skóla eða nýjum skólum, heldur er ætlunin sú, eins og till. ber með sér, að samið verði við einn eða fleiri skóla, sem nú eru til, um það að starfa á þeim grundvelli, sem till. segir til um. Þar af leiðandi er ekki ástæða til að gera ráð fyrir auknum kostnaði fyrir ríkissjóð, þó að þessi till. verði samþ. og framkvæmd. Með þessu ætla ég að þegar í öndverðu, er málið var lagt hér fyrir hv. Sþ., hafi 1. flm. þess tekið af öll tvímæli um tilgang flutningsmanna með þessari tillögu.

Nú liggur hér fyrir og hefur verið kynnt hv. þingmönnum umsögn frá fræðslumálastjóra um málið, þar sem hann lætur þá skoðun í ljós, að til þess að slíkri framkvæmd verði komið á, þurfi lagaheimild af hálfu Alþingis. En það er eftirtektarvert í þessu bréfi, að þar er miðað við að stofna nýjan skóla. Bréfið er í fimm töluliðum. Í 1. tölul. segir fræðslumálastjóri: „Ég væri því fylgjandi, að stofnaður yrði skóli hér á landi.“ Og í 3. tölul. segir fræðslumálastjóri: „Þá virðist mér, að fá þurfi lagaheimild til stofnunar og rekstrar alþýðuskóla.“ Í 4. tölul. segir fræðslumálastjóri: „Þótt hluti ríkissjóðs í stofnkostnaði og rekstri alþýðuskóla yrði hliðstæður því, sem gildir um gagnfræðaskóla“ o. s. frv. Og í 5. tölul. segir fræðslumálastjóri: „Eins og sjá má af því, er að framan greinir, miða ég við það, að aðeins verði stofnaður einn alþýðuskóli á framangreindum grundvelli.“ Umsögn fræðslumálastjóra virðist mér þannig, að út af fyrir sig megi það allt til sanns vegar færa. En þessi umsögn er í raun og veru ekki um þá till., sem hér liggur fyrir, því að umsögnin er um að stofna nýjan skóla, en till. einungis um að breyta starfsháttum í einum

eða fleiri æskulýðsskólum, sem fyrir eru í landinu. Um stofnkostnað í sambandi við slíkt er því ekki að ræða.

Þá kem ég að hinu atriðinu, sem mér virtist koma fram í ræðu hæstv. menntmrh., að starfsemi æskulýðsskóla með því sniði, sem till. gerir ráð fyrir, muni ekki samrýmast lagaákvæðum um gagnfræðastigsskóla. Fræðslulögin skipta öllu skólakerfinu í 4 stig, barnafræðslustig, gagnfræðastig, menntaskóla- og sérskólastig og háskólastig. Sú breyting var gerð, þegar skólakerfinu var skipt í þessi 4 stig, að gert var ráð fyrir því, að barnaskólarnir störfuðu einum vetri skemur en áður hafði verið, en sá bekkur, sem áður hafði verið efsti bekkur barnaskóla, færðist inn í gagnfræðaskólana og að gagnfræðaskólarnir yrðu á þann hátt 4 ára skólar, en landsprófið yrði tekið upp úr 3. bekk þeirra skóla. Þessi skipun er þegar komin á hér í Reykjavík og yfirleitt í kaupstöðum landsins. Þar er nemendafjöldinn svo mikill, að það er auðvelt að koma slíkri skiptingu við, og skólarnir í kaupstöðunum starfa yfirleitt með þessu sniði. En í sveitum landsins og hinum smærri þorpum er þetta miklu meira á reiki. Þar er nemendafjöldinn oft ekki meiri en svo, að það er erfitt að fá fullskipaðan bekk í unglingaskóla, og er þá að því ráði hnigið að hafa unglingafræðsluna í sambandi við barnaskólana, og er hún þá venjulega framkvæmd af barnakennurunum að meira eða minna leyti. Og þar sem þessi nýja skipan er ekki komin til framkvæmda á annan veg en þetta, þá lýkur barnaskólanáminu sums staðar í sveitum í raun og veru enn þá með fullnaðarprófi á sama hátt og áður var eftir hinum eldri fræðslulögum. En þar sem nemendur hafa setið í barnaskóla einum vetri lengur en framkvæmt er hér í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum, þá er litið þannig á, að þeir hafi þar með lokið í raun og veru 1. bekkjar námi á gagnfræðastiginu eða námi, sem samsvarar 1. bekkjar námi á gagnfræðastiginu.

Meðal annars af þessu leiðir það, að héraðsskólarnir í sveitunum eru yfirleitt 3 ára skólar og landsprófið, sem haldið er í héraðsskólunum, er lokapróf frá þeim. Samkvæmt fræðslulögunum eiga skólar gagnfræðastigsins að skiptast í deildir, þ. e. bóknámsdeild og verknámsdeild, og nær sú skipting vitanlega til héraðsskólanna alveg eins og skólanna í kaupstöðunum, og ákvæðin um landspróf, sem veita rétt til inngöngu í menntaskóla, gilda einungis um þá nemendur, sem sitja í bóknámsdeild. Nemendur, sem sitja í verknámsdeildum, öðlast ekki rétt til þess að ganga inn í menntaskóla og til þess hefur ekki verið ætlazt.

En framkvæmd kennslunnar og prófanna í héraðsskólunum hefur verið sú alla stund síðan nýju fræðslulögin voru sett, að ekki nærri allir nemendur bóknámsdeildanna hafa gengið undir landspróf. S.l. vor var þessu þannig háttað í héraðsskólunum, sem allir eru fjölmennir, að í Reykholti voru einungis 12 nemendur úr bóknámsdeild, sem gengu undir landspróf, á Núpi 12, á Reykjum 5, á Laugum 9, á Eiðum 6, í Skógum 25 og í héraðsskólanum á Laugarvatni 13, en þar við bættist, að þar gengu undir landspróf 4 menn, sem höfðu stundað nám utanskóla, svo að alls útskrifuðust þaðan landsprófsnemendur 17 að tölu. Allir aðrir nemendur þessara skóla, sem sátu þó í bóknámsdeildum, gengu ekki undir landspróf, heldur undir annað próf, sem sumir kalla gagnfræðapróf, og það próf, þetta gagnfræðapróf í héraðsskólunum, veitir ekki rétt til inngöngu í menntaskólana. Eigi að síður er það mikilvægt fyrir þessa nemendur að hafa aflað sér þessarar fræðslu. Þeir fá á þann hátt allgott veganesti út í lífsbaráttuna, og þeim eru ekki allar bjargir bannaðar á námsbraut, þó að þeir hafi ekki með þessu sérstaka prófi öðlazt rétt til inngöngu í menntaskóla. Það eru ekki enn þá ákvæði, svo að mér sé kunnugt, í lögum um bændaskóla, sem kveði á um það, að til inngöngu í þá þurfi að hafa lokið landsprófi, og hið sama hygg ég að sé að segja um sjómannaskólann. Og það er eftirtektarvert, að í frv., sem hv. Alþ. fjallar nú um til laga um iðnskóla, er ekki gert ráð fyrir því, að það verði skilyrðislaust skylda til inntöku í iðnskóla að hafa lokið landsprófi, því að þar er gert ráð fyrir því, að iðnskólum verði heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir með inntökuprófi sýna, að þeir hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans. Þessir nemendur, sem hafa lokið námi í bóknámsdeildum héraðsskólanna, en ekki tekið landspróf, eiga þess kost að ganga út í atvinnulífið og ganga í sérfræðiskólana, bændaskóla, sjómannaskóla og iðnskóla, að loknu námi í héraðsskólunum. Sé sú skoðun, sem mér virtist koma fram í ræðu hæstv. menntmrh., rétt, að kennsla eða þeir starfshættir, sem að er stefnt með þessari till., sem hér liggur fyrir, samrýmist ekki lagaákvæðum um gagnfræðanám, þá virðist mér liggja nærri að draga þá ályktun, að sú starfsemi, sem nú þegar fer fram í héraðsskólunum, þar sem nám í bóknámsdeildum endar ekki með landsprófi hjá mörgum nemendum, samrýmist ekki heldur lagaákvæðum um gagnfræðanám, en framkvæmdinni hefur alla stund síðan nýju lögin tóku gildi verið hagað á þennan veg, sem ég hef nú lýst.

Ég er ekki svo kunnugur starfi lýðháskóla í öðrum löndum, að ég vilji gera það hér að umtalsefni, en í bréfi fræðslumálastjóra kemur það fram, að námsdvöl í lýðháskóla veiti ekki réttindi til starfa eða náms í öðrum skólum. Lýðháskólar eru því utan við skólakerfi hlutaðeigandi landa og eiga að vera það. Og enn fremur segir hér, að próf séu ekki haldin í lýðháskólum. Héraðsskólarnir höfðu starfað allmörg ár, áður en nýju fræðslulögin um skólakerfi voru sett, og starf héraðsskólanna var nokkuð fast mótað á því árabili. Það skiptist í þrennt: bóklegt nám, verklegt nám og íþróttir. Það fór eftir lagaboði, ákveðnum lögum, sem felld voru úr gildi um leið og hin nýrri voru sett, en það er aðgætandi, að ef borin eru saman ákvæði laganna frá 1940 um héraðsskóla og ákvæði núgildandi laga um gagnfræðanám,

einkum eins og ætlazt er til að það fari fram í verknámsdeildum, þá ber ekki svo mikið á milli um orðalag þeirra lagaákvæða, að það ætti að vera auðvelt að haga starfsháttum í samræmi við það, sem farið er fram á í þessari tillögu. En mér virðist, einkum eftir að fram er komið hér álit fræðslumálastjóra, að orðalag till., eins og hún var flutt, sé öllu ákveðnara en það orðalag, sem hv. allshn. leggur til í a-lið brtt. Þegar talað er um, að þeir starfi með svipuðu sniði og fylgt var áður í héraðsskólum, þá höfum við reynslu fyrir því, að þeir skólar voru allfast mótaðir, og mönnum er það kunnugt, hvernig það starf var, og því námi lauk með ákveðnu prófi, sem að sönnu veitti ekki rétt til inngöngu í menntaskóla, en var ekki ósvipað því prófi, sem nú er haldið fyrir suma nemendur héraðsskólanna, eins og ég ræddi áðan.

Þessi till. er því að mínu viti í raun og veru till. um verkaskiptingu milli héraðsskólanna í landinu, — verkaskiptingu á þá leið, að sumir hafi fullskipaðar bóknámsdeildir þeim nemendum, sem ætla sér að ganga undir landspróf og öðlast þar með rétt til inngöngu í menntaskóla, en aðrir hafi fullskipaðar deildir með nemendum, sem ætla sér ekki að ljúka landsprófi, heldur öðru sérstöku prófi, sem ekki veitir mikinn rétt, en er þó nokkurt veganesti út í störfin, sem fólksins bíða, og nokkur vitnisburður um hæfni nemandans til náms. Ég sé ekki, að það sé sérstaklega hagkvæmt, að Laugar láti eina 9 nemendur ganga undir landspróf og Eiðaskóli 6 nemendur. Mér finnst alls ekki fjarri lagi, að það sé komið á verkaskiptingu í þessu efni, og sýnist það ekki óeðlilegt, að því sé beint til fræðslumálastjórnarinnar að taka þetta mál til athugunar nú á þessu sumri, enda er þess að gæta, að ástæður í sveitum landsins og hjá þeim, sem stunda atvinnurekstur, eru þær, að það er mjög örðugt að fá vinnufólk til atvinnurekstrarins. Af því leiðir, að það er nokkur tilhneiging hjá a. m. k. sumum þeim, er í sveitum búa, að njóta aðstoðar barna sinna fyrst eftir fermingaraldur við atvinnureksturinn, en af því leiðir, að það fólk kemst ekki inn í gagnfræðaskólana, fyrr en það hefur fengið nokkurn þroska og á þá í sjálfu sér ekki eðlilega samleið með yngri nemendum, sem hafa aldrei gert hlé á skólanámi, heldur farið brautina áfram bekk úr bekk. Með þeirri verkaskiptingu, sem við förum fram á að verði komið á samkvæmt þessari till., ætti slíkt fólk, sem hefði verið bundið við atvinnurekstur heima í sveitinni fyrst eftir fermingaraldur, að fá nokkru betri aðstöðu en ella til þess að leita í einn ákveðinn skóla eða fleiri til þess að ljúka þar stuttu námi, sem það kynni að óska eftir að geta notið síðar. Þegar verið er að ræða um það hér á hv. Alþ., að ríkisvaldið þurfi að ljá aðstoð til þess að flytja inn í landið erlent verkafólk, þá finnst mér full ástæða til þess fyrir hv. þm. að líta á þessa hlið málsins og greiða fremur fyrir því en hitt, að þroskaðir unglingar, sem hafa bundið sig við heimilin til þess að halda þar uppi atvinnurekstri, geti haft sem bezt skilyrði til þess að njóta stuttrar námsdvalar í einum eða fleiri alþýðuskólum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er sýnt af þessari till., að fyrir flutningsmönnum hefur vakað fyrst og fremst, að til væri í landinu skóli fyrir unglinga, þar sem námsfyrirkomulag allt væri mjög frjálslegt, og sérstaklega virðist það hafa vakað fyrir þeim, að slíkur skóli væri með öllu leystur undan námskröfum og prófskyldum, sem miðaðar eru við hið svokallaða landspróf. Og það, sem þeir aðallega benda til sem megineinkennis á slíkum skóla, er það, að fyrirkomulag hans ætti að sækja fyrirmynd til héraðsskólanna, eins og þeir störfuðu áður en núgildandi skólalöggjöf gekk í gildi. Þetta eru allt saman sjónarmið, sem geta átt rétt á sér, og það má vel vera, að sú skoðun sé til í sveitum landsins, að viss atriði hafi ekki verið til bóta, þegar héraðsskólunum gömlu var breytt í strangari prófskóla en áður var og sú meginbreyting var á þeim gerð, að þeir voru felldir inn í skólakerfið og nemendurnir, sem sóttu þá, voru ekki unglingar á 16 til 20 og jafnvel 22 ára aldri, eins og þeir voru áður, heldur unglingar á bernskuskeiði, sem voru að yfirgefa barnaskóla og skyldu nú halda áfram náminu í héraðsskólunum í beinu framhaldi af barnaskólanáminu. En þannig er nú lögbundið að unglingarnir skuli fara samfellt úr barnaskólunum og í skóla gagnfræðastigsins, hvort sem þeir eru gagnfræðaskólar í sveit eða í kaupstað. Og það má vel vera, að þessi breyting þyki ekki hafa sýnt neina yfirburði og jafnvel hafi í sveitunum þótt vera spor aftur á bak.

Ég mundi líka vilja taka undir till. eins og þessa, að svo miklu leyti sem hún miðar við það að tryggja, að hér væri til skóli eða skólar með frjálslegu námsformi og að miklu leyti losaðir undan þvingandi prófskyldu, þannig að hægt væri að sinna uppeldi og uppeldisáhrifum og vakningu meira en fræðslu og iðroðslu í þröngum skilningi, miðað við námsbækur.

En nú hefur till. hlotið nokkra breytingu í meðferð nefndar, og er breytingin á þá leið, að sníð þessa skóla, sem lagt er til að ríkisstj. hlutist til um að mætti starfa á næsta skólaári, — það er alveg rétt, að það er ekki í till. miðað við stofnun nýs skóla, — væri ekki miðað sérstaklega við form hinna eldri héraðsskóla hér, heldur væri þar bundið við lýðháskólaform, lýðháskólasnið, þ. e. vafalaust fyrst og fremst við þá tegund, sem upprunnin er í Danmörku og köllluð hefur verið lýðháskólar og breiðzt víða út um heim í því formi.

Í till. er þó ætlazt til, að niðurlag upphaflegu till. haldist, en það er á þessa leið: „enda verði landspróf ekki haldið í þeim skólum". Þetta niðurlag till. hefði auðvitað átt að falla niður, þegar búið var að breyta till. í það form, að þetta væri lýðháskóli, því að í lýðháskólum er hvorki landspróf né nein önnur próf; það eru ekki prófskólar. Það eru smáatriði, en þó alveg óþarft að taka það fram.

Frsm. vék og að því, að það væri ef til vill erfitt að framkvæma rekstur lýðháskóla eftir

ákvæðunum í löggjöfinni um gagnfræðaskóla að því er kostnaðarhliðina snerti, þar sem nemendur í slíkum lýðháskóla mundu auðvitað verða víðs vegar að af landinu, en gagnfræðaskólalögin gera ráð fyrir, að rekstrarkostnaður skóla á því skólastigi sé borinn uppi af ríkissjóði og viðkomandi fræðsluhéraði í sameiningu. En það er gefinn hlutur og það hefur líka komið fram í umræðunum, að þó að slíkur skóli væri stofnaður eða hafinn rekstur slíks skóla með samþykki fræðslumálastjórnar og til þess tekinn annaðhvort gagnfræðaskóli í kaupstað eða gagnfræðaskóli í sveit, að þá hvíldi á því skólahéraði eftir sem áður að halda uppi skyldunámi gagnfræðastigsins. Þessi skóli yrði að koma þar í viðbót, og það væri engin von til þess, að neitt hérað á landinu gerðist til þess, nema þá fyrir brennandi áhuga sakir, að bæta slíkum skóla og hlutdeild í rekstrarkostnaði hans við sig, ofan á það, sem skólalöggjöfin heimtar að öðru leyti. Þennan erfiðleika minntist líka hv. frsm. á og viðurkenndi hann, að mér skildist, að nokkru. Einnig undirstrikaði hæstv. menntmrh. það, að slíkur skóli gæti ekki komið í stað skyldunáms gagnfræðaskólanna, og það er líka rétt.

Nú skyldi enginn halda, að gagnfræðaskóli sé orðinn að lýðháskóla fyrir það, þó að hann væri losaður við skyldu um, að nemendurnir gengju undir landspróf. Það þarf miklu meira til. Lýðháskóli er í fyrsta lagi skóli, þar sem námsefnið er ekki lögákveðið. Það er aftur námsefni gagnfræðaskólanna, hvort sem um bóknáms- eða verknámsdeild er að ræða. Þar er lögbundið námsefni. Þessi skóli yrði að vera leystur undan öllum skyldum um próf, annars væri hann ekki lýðháskóli. Námið í lýðháskóla er ekki bundið við námsgreinar í ströngum skilningi, að öðru leyti en því, að þar eru tvær höfuðnámsgreinar, móðurmál og saga. Að öðru leyti er námið í lýðháskóla í ákaflega frjálsu formi og ekki bútað niður í námsgreinar eða nákvæmlega fastar kennslustundir, heldur og framkvæmt í fyrirlestraformi, og af því leiðir, að það er ekki hægt að framkvæma lýðháskólakennslu í von um, að það beri nokkurn tilætlaðan árangur, með því að þar séu smábörn frá 12—15 ára aldurs, eins og þau eiga að vera í gagnfræðaskólanum samkvæmt íslenzkum lögum. Það verður að vera þroskaðra fólk, til þess að það njóti náms með vekjandi fyrirlestrahaldi og hafandi þannig ekki þá leiðbeiningu og það aðhald, sem lexíunám undir hvern dag veitir.

Það mætti margt fleira fram telja í lengra máli, sem gerir það hverjum manni augljóst, að lýðháskóli er allt annað en lexíu- og prófskóli gagnfræðastigsins, eins og hann er mótaður hér á landi, hvort sem er um bóknámsdeild eða verknámsdeild að ræða. Og hann er alls ekki orðinn neitt í líkingu við lýðháskóla, þó að skyldan um landspróf sé niður felld. Það þarf sem sé eldri nemendur í lýðháskólann, námsefnið þarf að vera óbundið, það á ekki að vera skipt niður í lexíunám frá degi til dags, ekki fastar ákveðnar námsgreinar nema að mjög litlu leyti, og vakning kemur í staðinn fyrir fræðslu. Þetta skólaform er borið uppi af ákveðinni hugsjónastefnu, sem yrði að eiga a. m. k. mjög mikið vald á námstilhögun og námstíma, sem skólanum er ætlað að notfæra sér. En ég er alls ekki að segja, að það væri ástæðulaust, að íslenzka þjóðfélagið ætti slíkan skóla. Það má vel vera, að þess væri þörf. En það yrði varla stofnað til slíkrar skólategundar með þáltill. Það yrði vafalaust að setja um þetta löggjöf, því að innan núverandi löggjafar er sannarlega ekki hægt að framkvæma þetta, ef fyrir flm. vakir annað en það að losna við landsprófið. En það þarf enga þáltill. til þess, því að eins og hv. þm. A-Sk. gat um, er það ekkert brot á lögunum. Þó að nemandi stundi nám í héraðsskóla og meira að segja í bóknámsdeild þar og kennslan þar öll miðuð við landsprófskröfuna, þá getur nemandi samt hætt við að fara undir landsprófið og þannig nokkur hluti nemendanna í bóknámsdeildinni gert það, en gengið undir hið frjálslegra form hins almenna gagnfræðaprófs, hvort sem það er gert eftir þriggja ára nám eða fjögurra ára nám, eins og venjulega er ætlazt til í gagnfræðaskólunum. Það þarf því enga lagabreytingu og enga sérstaka þál. til þess að losa ungt fólk á Íslandi undan landsprófinu. Það er í gagnfræðaskólunum víða ekki nema fjórði hver nemandi, sem gengur undir landspróf, hinir undir gagnfræðapróf og hafa notið miklu frjálslegra fyrirkomulags um kennslu, en þó notið kennslu í öllum þeim lögboðnu námsgreinum, sem kenna skal, verklegum og bóklegum.

Ég hygg því, að það sé ekki nákvæmlega rétt hjá hv. frsm., þegar hann sagði, að það mætti kenna sömu námsgreinar í lýðháskóla og í verknámsdeild gagnfræðaskóla. Það mundi áreiðanlega ekki samrýmast í framkvæmd. Það yrði lagabrot, það yrði vikið frá því námsefni, sem lögbundið er á gagnfræðastiginu, og það væri ekki heldur fólk á þeim námsaldri, sem lögbundið er að skuli vera í verknámsdeild gagnfræðaskóla.

Erfitt er líka að framkvæma það að óbreyttri löggjöf, að unglingur, sem ætti að sinna skyldunámi í verklegu eða bóklegu námi í sveit eða kaupstað, segði: Ég vil vera laus við að fara í gagnfræðaskóla eða héraðsskóla, af því að ég ætla mér seinna, eftir nokkur ár, þegar ég hef fengið þroska til, að fara í lýðháskóla og njóta þar lýðháskólakennslu undir frjálslegum formum. — Það yrði vafalaust ekki að óbreyttum lögum hægt að veita neinu ungmenni slíka undanþágu upp á þetta góða áform eftir fleiri ár. En skólaskylda hvílir nú til 15 ára aldurs á öllum unglingum í landinu. Hins vegar geta þeir valið um, hvort þeir vilja stefna að ströngu námi í bóknámsdeild og síðan ganga undir landspróf til þess að öðlast framhaldsnámsréttindi í kennaraskóla eða menntaskóla eða afla sér gagnfræðaprófs og öðlast þá réttindi til ýmiss konar ákveðinna starfa í þjóðfélaginu og einnig til framhaldsnáms í ýmiss konar sérskólum, svo sem iðnskólum og stýrimannaskólum og þess konar skólum, sem búa undir sérfræðinám í ýmiss konar starfsgreinum.

Niðurstaða mín er því sú, að ef það vakir

fyrir flm. að koma hér á fót lýðháskóla, þá verði það ekki gert, ekki einu sinni í tilraunaskyni, nema með því að lagaheimildir komi til um, að hægt sé að halda uppi slíkum skóla á kostnað ríkisins, því að sennilega verður ekkert hérað til þess að bera þann kostnaðarhluta, sem því ber af slíku skólahaldi samkvæmt gagnfræðaskólalöggjöfinni, og að það sé hægt að hafa nám með svo frjálslegum hætti fyrir fólk á þeim aldri, sem gæti notið lýðháskólakennslu með nokkrum vísvitandi árangri. Ég held, að þetta verði alls ekki gert með þáltill., nema með því að ganga þá mjög á svig við gildandi lagaákvæði skólalöggjafarinnar. Hins vegar tek ég enga afstöðu á móti því, að slík löggjöf væri sett, því að það væri gott að fá reynslu á það, hvort lýðháskólaform þætti reynast hér betur en hið nokkuð ákveðnara og bundnara nám gagnfræðaskólanna.

Ég mun því á þessu stigi málsins ekki telja rétt að greiða atkv. með till., þar sem ég tel allar líkur á, að ef til þessa væri stofnað af svo miklu fljótræði, að það ætti bara að taka einhvern héraðsskólann og losa hann alveg við landsprófsskyldu, en láta hann hafa unglinga á hinum lögbundna aldri, 12—15 ára, eins og gagnfræðaskólarnir skulu nú hafa, þá yrði ekki úr því neinn lýðháskóli, og það yrði líka að losa hann undan því að kenna margar af þeim námsgreinum, sem kenna skal samkvæmt lögum í gagnfræðaskóla. Það yrði að ætla þessum skólum rúm til þess að leggja rækt við móðurmálið á mjög frjálslegan og lifandi hátt og sögu Íslands og síðan að öðru leyti að losa skólann við námsgreinaskiptingu og prófskyldu og gefa skólastjóra og kennurum aðstöðu til að flytja vekjandi fyrirlestra um það, sem skólanum væri sérstaklega ætlað að rækta á uppeldisfræðilegan hátt með nemendum sínum.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Sk. (PÞ) hefur nú að mestu tekið af mér ómakið um að svara aths., sem fram höfðu komið, þegar hann talaði, enda er hann meðflm. að þessari till., sem fyrir liggur.

Ég get vel skilið það, sem hæstv. menntmrh. sagði, að hann væri ekki við því búinn að taka ákvörðun um það, hvort hann væri því meðmæltur að stofna til lýðháskólahalds í landinu, því að vitanlega þarf slíkt umhugsunar við. En í því sambandi vil ég benda á, að í till. er aðeins farið fram á, að þetta verði prófað næsta vetur, ef um það getur samizt við hlutaðeigandi skóla, í eins konar tilraunaskyni, og menn þurfa ekki mjög að binda sig fyrir framtíðina, þó að þeir gjarnan vildu fá slíka tilraun gerða, sem gæti þá verið til leiðbeiningar við framtíðarákvörðun um þetta mál.

Hæstv. ráðh. virtist frekar taka undir þau ummæli fræðslumálastjóra, að til þess að hægt væri að framkvæma till., mundi þurfa lagabreytingu, vegna þess að hún breytti töluvert frá löggjöfinni 1946, þar sem öllum skólum landsins er skipað í kerfi, þannig að hver skóli tekur við af öðrum.

Ég álít, að það sé ekki svo mikið, sem till., þótt framkvæmd yrði, raskaði þessu kerfi, því að jafnvel þó að það semdist við einhvern skóla um að taka upp frjálsara fyrirkomulag næsta vetur, þá verða það flestir skólar gagnfræðastigsins, sem halda áfram óbreyttir eins og verið hefur, og röskunin verður aldrei mikil af þessari till. Og eins og hv. þm. A-Sk. vék að, þá mundi það án efa verða þannig, að skóla með nýja fyrirkomulaginu eða því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á, sæktu ekki aðrir en þeir, sem ætluðu sér ekki lengri skólagöngu og kærðu sig ekki um að taka landspróf. Hinir, sem óskuðu að búa sig undir frekara nám og að taka landspróf með þeim réttindum, sem það veitir, mundu þá frekar sækja aðra skóla.

Hitt er svo annað mál, sem ég kannske vík síðar að nánar, að ég sé ekki, að það þurfi endilega að stofna nýjan og sérstakan skóla til þess að framkvæma þessa till., því að það er ekkert nýtt í því, að nemendur úr ýmsum hlutum landsins sæki hina ýmsu skóla, þá héraðsskóla, sem nú eru til. Þannig þekki ég marga unga menn í Eyjafirði, sem hafa verið í Laugaskólanum t. d. og sumir í Reykholtsskóla, þannig að þótt héruð hafi komið upp þessum skólum, þá eru þeir ekki lokaðir yfirleitt fyrir nemendum úr öðrum héruðum, a. m. k. ef rúm er fyrir þá. Og þótt ætlazt sé til, að námi í gagnfræðaskólunum, sem nú eru kallaðir, ljúki með prófi, þá leggur till. ekkert bann við því, að náminu ljúki með prófi. Hún leggur aðeins bann við því, að því ljúki með landsprófi, og eins og hér hefur verið vikið að, er alls engin skylda að taka landspróf, og ég sé ekki neinn reginmun á því, hvort ⅔ hlutar nemendanna eru leystir frá því að taka landspróf í tilteknum skóla eða þeir eru það allir. Þar af leiðandi og af ýmsum öðrum ástæðum hef ég ekki skilið þau rök, sem fram hafa komið, bæði hjá hæstv. ráðh. og eins hv. 3. landsk. þm., að það þurfi endilega að setja lög, til þess að hægt væri næsta vetur að prófa slíkan skóla sem till. fjallar um.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að Alþ. gæti ekki með þál. stofnað skóla nýrrar tegundar, öðruvísi en þá, að mér skildist, að gera ráðstafanir til að kosta hann, og það væri ekki hægt að skylda neitt hérað til þess að breyta sínum skóla í þessa átt. Hvorki okkur flm. till. né n., sem um málið fjallaði, hefur komið til hugar að skylda nokkurt hérað til þess að taka upp þetta fyrirkomulag. Það kom fram hjá mér, þegar ég flutti þetta mál hér, að við flm. ætluðumst til, að þetta yrði samningsatriði við eitthvert af þeim héruðum, sem reka héraðsskóla, og menntamálastjórnina, en ekki að skylda neinn í þessu efni. Þar af leiðandi getur vel verið, að þótt till. verði samþ., þá sitji við það, að ekki geti orðið neitt frekar gert í málinu að sinni, ef ekkert hérað vill í þetta leggja.

En ég fellst alveg á það, sem hæstv. ráðh. sagði, að þessi skóli gæti ekki komið í stað skólaskyldunnar, sem á alla er lögð. Það verður auðvitað að fullnægja skólaskyldunni samkvæmt lögum, og það er ekki meiningin með till., að þetta komi í staðinn fyrir það fram-

haldsnám, sem skylt er að taka þátt í, heldur vitanlega að eftir að skólaskyldunni er lokið, geti menn átt kost á því að koma í slíkan skóla sem þennan, sem hér er talað um, og njóta þar frjálsrar kennslu og verða fyrir vekjandi áhrifum frekar en nú er í skólum. Þessu ákvæði um skólaskyldu er fullnægt þannig í sveitum t. d., að hún nær þar ekki enn nema til 14 ára aldurs og yfirleitt ekki nema til 15 ára aldurs. Ég held, að eftir allt barnaskólanámið með þessu framhaldsnámi og ef unglingarnir kannske hafa unnið í foreldrahúsum nokkur ár þar á eftir hefðu menn gott af því að komast í slíkan skóla sem hér er talað um án þess að þurfa að ganga þar undir ákveðnar reglur um nám, sem á að ljúka með prófi.

Ég er ekki lærður maður, sem kallað er, ég er ekki stúdent og hef aldrei verið í háskóla, en oft hef ég lesið um það og heyrt talað um það, hvað það væri mikil andleg hressing fyrir stúdentana, eftir allan próflesturinn og alla þvingunina í lærðu skólunum eða menntaskólunum, þegar þeir kæmu í háskólann og fengju hið akademiska frelsi og einkum heimspekinámið fyrsta árið. Það þótti vera svo a. m. k. um tíma í Hafnarháskóla, að það námsár væri nemendunum ákaflega mikill fengur. Ég þekki þetta ekki, en ég hef vitnisburði ýmissa þeirra, sem hafa haft um þetta reynslu. Ég hugsa mér, að þessi skóli, sem hér um ræðir, væri auðvitað ekki neitt heimspekinám eins og er fyrsta árið í háskólanum, en hann gæti haft svipaða þýðingu fyrir alþýðufólk og heimspekinámið fyrsta árið í háskóla, ef kennslan er þar eins og hún á að vera, hefur á þá lærðu menn.

Hv. 3. landsk. þm. sagði m. a., að það væri engin von, að neitt hérað tæki á sig kostnaðinn við að reka slíkan skóla eða skólabekk, eins og hér er farið fram á, vegna þess, að mér skildist, einkum og sérstaklega, að það yrði þá sennilega skóli fyrir allt landið. Ég skal ekki segja um það, hvort nokkurt hérað fengist til þess. Þá tæki það ekki lengra, þá yrði þessi tilraun ekki gerð, ef ekkert hérað fæst til þess. En hvað segir reynslan? Ekki voru héraðsskólarnir í fyrstunni stofnaðir með lögum frá Alþ. Það kom ekki ofan að, að þeir voru stofnaðir í fyrstunni, t. d. Laugaskólinn og fleiri héraðsskólar. Það voru héruðin, sem gengust fyrir því að koma þessum skólum upp, vitandi það, að skólana mundu sækja fleiri nemendur og víðar að en úr þeim héruðum, sem að skólunum stóðu.

Hefur landsfólkinu farið það aftur í þegnskap og eru hugsjónir orðnar þeim mun minni í landinu en þá var, að þetta sé óhugsandi? Það getur verið, að svo sé. Þá fellur þetta mál um sjálft sig. En ég vildi mega vona, að svo væri ekki, það fyndust héruð í landinu, sem vildu kosta sinn skóla á sama hátt og verið hefur, þó að þetta frjálsa nám færi þar fram.

Þetta er kannske of mikil bjartsýni um landsfólkið, eins og það er nú í dag, ég skal ekki segja um það. En það er illa farið, ef það er of mikil bjartsýni.

Hv. sami þm. sagði, að það væri ekkert brot á l., þó að nemandi gengi ekki undir landspróf. Þetta er alveg rétt, enda er það fjöldi nemenda, sem gengur ekki undir landspróf. En það er bara annað, þó að ég þekki það ekki vel, að kennslan í skólunum mun vera ákaflega mikið miðuð við það, að nemendurnir geti gengið undir landspróf. Eru sérstakir bekkir fyrir landsprófsnemendur yfirleitt? Ja, það mun ekki vera nema á hinum fjölmennari stöðum. Ég veit það, að hinir fámennari staðir og fámennari gagnfræðaskólar hafa nemendurna í sama bekk, hvort sem þeir ætla að taka landspróf eða ekki, og vitanlega er þá kennslan miðuð við landsprófið.

Mér er því ómögulegt að sjá, og þarf ég ekki að rökstyðja það frekar og vísa um margt til hv. þm. A-Sk., að það þurfi neina lagabreytingu til þess að semja svo við einn eða jafnvel tvo héraðsskóla, sem nú eru til, að breyta kennslutilhögun á þann veg, sem till. mælir fyrir um.

Mér fyrir mitt leyti er það ekkert kappsmál, að brtt. n. verði samþ., ef menn sættu sig betur við till. án breytingar, a. m. k. fyrri till. Það er orðamunur auðvitað, en ég álít, að það hafi ekki neina verulega þýðingu, hvort till. er orðuð eins og hún var lögð fram eða með fyrri brtt. n., hvort tveggja þýðir ákaflega svipað. En seinni brtt. n. held ég að eigi að samþ., því að það hefur aldrei, eins og ég hef áður tekið fram og það tvisvar sinnum, verið ætlunin með þessari till., að út af henni yrði stofnaður nýr skóli eða nýr kostnaður lagður á ríkissjóð eða aðra.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta, sem ég sagði áðan, en vil þó að gefnu tilefni taka nokkur atriði fram.

Það er auðvitað orðaleikur, hvort menn vilja segja, að það eigi að breyta fyrirkomulagi starfandi skóla eða stofna nýjan skóla. Þetta er einungis orðaleikur og haggar engu um það, hvort skóli með því sniði, sem lagt er til í þeirri till. eða réttar sagt þeim tillögum, sem hér liggja fyrir, sé í samræmi við fræðslulöggjöfina eða ekki.

Ef það er óheimilt að stofna skóla með þessum hætti, þá er auðvitað á sama hátt óheimilt að breyta fyrirkomulagi nú starfandi skóla í þessa átt, og allar bollaleggingar byggðar á mismun á orðalagi að þessu leyti eru alveg órökstuddar og utan veruleikans.

Þá er það líka misskilningur, að landsprófið sjálft skipti nokkru meginmáli í þessu sambandi. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa upp úr lögunum um gagnfræðanám, en þar stendur í 18. gr.:

„Unglingaskólar eru tveggja ára skólar, og lýkur námi í þeim með unglingaprófi. Er það landspróf að öllu eða nokkru leyti, eftir því sem ákveðið er í reglugerð."

Í 19. gr.:

„Unglingapróf veitir rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum."

Og 20. gr.:

„Miðskólar eru þriggja ára skólar, og lýkur námi í þeim með miðskólaprófi. Er það lands-

próf að öllu eða einhverju leyti, eftir því sem ákveðið er í reglugerð."

Svo stendur í l. um menntaskóla, nr. 58 7. maí frá 1946, í 7. gr.:

„Rétt til inngöngu í 1. bekk skólanna veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð."

Þarna segir berum orðum, í þessum ákvæðum, að kennsluna í unglingaskólunum á að miða við *próf, sem veiti rétt til framhaldsnáms* í miðskólum og gagnfræðaskólum, og kennsluna í miðskólum á að miða við nám, er ljúki *með prófi, sem veiti rétt til náms* í menntaskólum, ef vissum stigafjölda er náð í prófinu. Þetta er eins ótvírætt og verða má, og landsprófið sjálft sker ekki úr í þessu efni. Landsprófið er einungis öryggisráðstöfun, sem sett er til þess að tryggja, að prófin séu fyllilega sambærileg um allt land — eingöngu til þess. En lagaákvæðin segja tvímælalaust, við hvað kennsluna á að miða. Og það er alveg rétt, eins og hv. 3. landsk. sagði, að það er hægt að afnema landsprófið sjálft að einhverju leyti a. m. k., og það er ekkert á móti því, að Alþ. láti uppi óskir um það, ef það vill. Þá tekur kennslumálastjórnin eða menntmrn. *það til athugunar*, hvort það treysti sér til að verða við þeim óskum. En án lagabreytinga er ekki hægt að breyta uppbyggingu sjálfs skólakerfisins, því að það er alveg ótvírætt, eftir því sem hér er sagt, og að hv. n. alveg ólastaðri og hv. flm., þá virðist mér, að þeir hafi ekki íhugað þetta til hlítar, þegar þeir fluttu sína till. Og það er því síður hægt að áfellast þá fyrir þetta, þegar þess er gætt, að jafnþaulkunnugur maður þessum málum og fræðslumálastjórinn áttar sig ekki á þessu strax við fyrsta álit og verður, vikum eftir að hann er búinn að láta annað álit uppi við hv. frsm. n., að skrifa n. bréf til leiðréttingar á því, sem hann áður sagði. Þetta er sá maður, sem er auðvitað bezt að sér í þessum flóknu lagareglum hér, og úr því að honum skýzt yfir það, er engin furða, þó að hv. n. og flm. skjótist yfir þetta.

Ég er með þessu alls ekki að ræða á móti efnisatriði tillagna hv. flm., síður en svo, en ég er einungis að benda á þá annmarka, sem eru á því að framfylgja till., meðan l. eru óbreytt; það er mín skylda að gera.

Ég vil vekja athygli á því, eins og hv. 3. landsk. greinilega tók fram og ég vék lítillega að í minni fyrri ræðu, að hér er í raun og veru um tvær gagnólíkar till. að ræða, sem fram eru komnar. Annars vegar er frumtill. um að reka skóla, einn eða fleiri, í samræmi við það, sem gert var samkvæmt héraðsskólalöggjöfinni, er var í gildi fyrir 1946, og svo hitt, sem kemur fram í brtt. *og er allt annars eðlis*, að taka upp eiginlegt lýðháskólafyrirkomulag, sem mér skilst að n. hafi hoppað inn á vegna meira og minna óljósra ummæla fræðslumálastjóra við sjálfan flm.

Mér virðist þetta benda til þess, að málið hafi ekki fengið fullnaðarathugun. Ég vil auðvitað ekki fortaka, eins og ég sagði í minni frumræðu, að það sé mögulegt og gerlegt samkvæmt þáltill., ef hún er samþ. óbreytt, að koma upp eða reka slíkan skóla sem hún gerir ráð fyrir, ef um það næst samkomulag við einhver héruð að leggja fé fram, ef menn gera sér grein fyrir því, að það er þá alveg utan skólakerfisins, alveg eins og hér eru reknir iðnskólar, stýrimannaskólar, búnaðarskólar, sem að þessu leyti eru utan kerfisins. Ég mundi telja nægа heimild til þess að gera þá tilraun felast í till., eins og hún lá fyrst fyrir, ef Alþ. *samþ. hana, og að því áskildu, að eitthvert* hérað fáist til þess að leggja fram tillag að sínu leyti og einhver skóli sé til. Mér er ljúft að verða við þeirri áskorun, ef það er vilji þingsins. En það er þá annars eðlis en stofnun eða rekstur lýðháskóla. Og menn verða að gera sér ljóst, að þá er það alveg utan skólakerfisins, sem sett var 1946, þá séu menn með opin augun og vitandi um það, sem þeir eru að gera, að skora á stjórnina að taka upp svipað fyrirkomulag að einhverju leyti og ákveðið var að vel athuguðu máli að hverfa frá 1946. Og þó að það sé alveg rétt, að margvísleg hlunnindi eru því samfara að hafa sérskóla fyrir nokkuð þroskaða unglinga, þá eru auðvitað margvísleg hlunnindi samfara núverandi *fyrirkomulagi. Það eru auðvitað stórkostleg* hlunnindi fyrir æskumenn úti um allt land að þurfa yfirleitt ekki að fara nema tiltölulega stutt frá heimilum sínum til þess að geta tekið próf, er veiti þeim inngöngurétt í menntaskólana. Áður fyrri urðu menn, jafnvel þeir sem búnir voru að ljúka prófi í gagnfræðaskólum, að vera á námskeiðum hér í Reykjavík eða annars staðar til þess að tryggja sér inngöngurétt í þessa skóla. Og ég hef heyrt — og tel víst, að hlutaðeigandi skólastjóri hafi ekkert á móti því, að ég vitni til hans — gagnfræðaskólastjórann í Vestmannaeyjum telja þetta hina mestu réttarbót, sem hann hefði fengið, vegna þess að nú nytu nemendur jafnréttis, í hvaða skóla sem þeir hefðu lært; áður hefði *það óhjákvæmilega orðið svo, að nemendurnir* úr skólunum, sem áttu að taka við nemendunum og höfðu líka kennt unglingum á þessu sama reki áður, hefðu haft forgang, og t. d. stóru staðirnir, sérstaklega Reykjavík og Akureyri, hefðu staðið miklu betur að vígi í þessu en staðirnir úti á landi.

Ég er ekki alveg viss um, hvort héruðin, ef til á að taka, eru reiðubúin til þess að sleppa þessum hlunnindum, sem þau nú hafa. Það var sagt: Hvaða ástæða er til þess, að Laugaskóli hafi menn, sem séu þar í landsprófsdeild? Það er sú ástæða, að þá þurfa menn ekki að fara *úr Þingeyjarsýslu til þess að taka próf, er veiti* þeim öruggan rétt til þess að komast að í menntaskóla. Í stað þess að dvelja heilan vetur eða a. m. k. nokkra mánuði við nám á hinum stærri stöðum til þess að undirbúa sig undir prófið inn í stóru skólana, geta þeir nú lokið þessu heima hjá sér. Sveitirnar og héruðin töldu þetta mjög verulega réttarbót, þegar hún var veitt 1946. Og alveg án tillits til þess, þó að það þurfi að breyta skólalöggjöfinni, — ég er sannfærður um, að hún eins og önnur löggjöf verður að vera stöðugum breytingum undirorpin, — þá er ég ekki viss um, hvort menn

vilja, þegar þeir hugsa um þetta, kasta þessum hlunnindum frá sér og fá eitthvað meira og minna óvíst í staðinn.

Ég kom nýlega í héraðsskóla — það er víst kallað gagnfræðaskóli núna — uppi í Borgarfirði. Þar voru menn í 2. bekk frá 14 ára upp til tvítugsaldurs, sátu í sama bekknum. Við vitum, að það eru auðvitað ýmiss konar vandkvæði því samfara að hafa menn á svo ólíku aldursskeiði saman. En það sýnir þó, að unglingar úr sveitunum láta stundum nokkur ár líða, þangað til þeir koma í skólana aftur, svo að sá möguleiki er fyrir hendi, sem hv. þm. A-Sk. talaði um, að menn gætu þannig horfið frá námi um sinn og komizt þó í skóla og fengið sér framhaldsmenntun.

Af hálfu ríkisins og skólamanna var það að fella skólakerfið saman hugsað fyrst og fremst sem réttarbót fyrir þá, sem erfiðara eiga um að sækja skóla, og þá fyrst og fremst fyrir þá, sem eiga heima úti um sveitir landsins og í hinum minni kauptúnum og kaupstöðum. Ef fulltrúar þessara byggðarlaga vilja hverfa frá þessu og telja, að þrátt fyrir þessa réttarbót séu ókostirnir svo margir, að það eigi að hverfa frá því, þá er mjög vafasamt fyrir okkur hina að standa á móti þeirra óskum. En ég efast sem sagt um, að þetta mál hafi verið skoðað nóg ofan í kjölinn, og vil því beina því til hv. n., hvort hún teldi ekki ástæðu til að athuga þetta mál nokkru nánar. Fundartími er kominn að lokum nú, og það liggur hér fyrir, að álitsgerð fræðslumálastjóra hefur ekki verið borin undir n. Það hafa komið hér fram upplýsingar um löggjöfina, sem ég hef fulla ástæðu til að ætla að hv. n. hafi ekki gert sér grein fyrir, svo að ég mundi telja það vænlegra fyrir framgang þessa máls og til þess að menn geri sér ljóst, hvað þeir séu í raun og veru að gera, að umr. yrði frestað og hv. n. sýndi þá vinsemd að taka þetta til frekari athugunar, áður en málið kemur hér til endanlegrar atkvgr.

Umr frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér skildist á síðustu umræðum, að það vantaði hér allmargar upplýsingar um þetta atriði og að hæstv. ráðh. treysti sér tæplega til þess að taka við till. eins og hún er, svo að ég vildi mega leggja til, að málinu yrði vísað til ríkisstj. á þessu stigi, og geri ég það að till. minni.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

22. Fiskveiðilandhelgi.

Á 48. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um ráðstefnu ríkja um rýmkun fiskveiðilandhelgi [177. mál] (A. 490).

Á 49. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Till. á þskj. 490, sem við flytjum þrír þingmenn Sósfl., fer fram á það, að ríkisstj. beiti áhrifum sínum til þess, að haldin verði sameiginleg ráðstefna þeirra ríkja, sem hafa sameiginlega hagsmuni af víðtækri landhelgi hvað fiskveiðitakmarkanir snertir.

Það þarf ekki að fjölyrða um, hvílíkt hagsmunamál útvíkkun landhelginnar hvað fiskveiðitakmarkanirnar snertir alveg sérstaklega er fyrir okkur Íslendinga. Ég býst við, að það sé öllum orðið ljóst — þjóðinni í heild og þinginu — að við erum að berjast fyrir því máli að geta tryggt okkur yfirráð helzt yfir öllu landgrunninu og ráðið þar fiskveiðitakmörkunum, eins og við börðumst áður fyrir okkar sjálfstæði. Það er sama sem að tryggja okkar rétt til frambúðar yfir sjónum í kringum land okkar, eins og við höfum áður öldum saman háð baráttu fyrir því að tryggja okkur réttinn yfir landinu sjálfu.

Þessi till. fer fram á, að við reynum að leita okkur bandamanna í þessari sjálfstæðisbaráttu okkar fyrir yfirráðunum á sjónum. Við erum ekki eina þjóðin í heiminum, sem hefur hag af því að hafa stóra landhelgi hvað fiskveiðitakmarkanir snertir, þó að fáar séu eins háðar sínum fiskimiðum og við, sem þurfum þess vegna að vinna að því að tryggja okkar lögsögn yfir öllu okkar landgrunni. Það eru margar aðrar þjóðir í veröldinni, sem ýmist nú heyja þessa baráttu eða nú þegar hafa knúið þessa baráttu fram til sigurs, eru ýmist það sterkar, að þær í krafti valds hafa getað framfylgt þeim fyrirmælum, sem þær hafa sett um fiskveiðitakmarkanirnar og um yfirráð yfir landgrunninu, eða eru að heyja slíka baráttu, eins og við heyrum núna svo að segja daglega frá ríkjunum í Suður-Ameríku. Hins vegar höfum við að því leyti staðið illa að vígi í þessari baráttu, að einn voldugasti nágranni okkar, Bretland, hefur einmitt verið það land í veröldinni, sem öldum saman hefur haft aðstöðu til þess að skammta svo og svo mörgum þjóðum, hvað þeirra fiskveiðitakmörk skyldu vera stór, og meðan við ekki fórum með okkar utanríkismál sjálfir, þá gátu þeir knúið slíkt fram gagnvart okkur með samningum við Dani. Við höfum þess vegna átt meira en ýmsar aðrar þjóðir undir högg að sækja og orðið að heyja þennan hluta okkar sjálfstæðisbaráttu alveg sérstaklega við Breta, og sama hafa ýmsar fleiri þjóðir — líka nágrannar okkar — orðið að gera, eins og kunnugt er.

Það er engum efa bundið, að það gæti hjálpað okkur verulega á alþjóðavettvangi, ef við gætum fengið samstarf við þær þjóðir, sem þarna hafa samsvarandi hagsmuna að gæta, og slíkar þjóðir eru, eins og við vitum, bæði í Evrópu, Asíu og Ameríku. Og ég álít, að það væri mjög heppilegt, að ríkisstj. athugaði það, hvort ekki væri hægt að ná slíku samkomulagi við þessi ríki. Ég veit, að nú þegar liggja fyrir hjá utanrrn. og ríkisstj. í heild upplýsingar um, hvaða ríki þetta eru. Og tillaga okkar, þessara þriggja þm., fer fram á, að ríkisstj. snúi sér til ríkisstjórna þessara þjóða og ræði við þær um

möguleika á því, að gengizt verði fyrir slíkri ráðstefnu.

Ég verð að segja það frá mínu brjósti, að ég held, að það sé meiri þörf á, að Ísland reyni að gangast fyrir eins konar bandalagsmyndun um þetta mál og að afla sínum sjálfstæðismálum framgangs og öryggis, heldur en um nokkur önnur mál, sem alls konar bandalög hafa verið mynduð um upp á síðkastið. Þetta eru margs konar ríki og með margs konar þjóðskipulag, eins og við vitum, sem þarna eiga hlut að máli, og það dugir ekki fyrir okkur að horfa í slíkt; þau eru mjög dreifð á jörðinni. En að svo miklu leyti sem þau hafa þegar knúið fram stærri landhelgi en 3 mílur og haft sínar fiskveiðitakmarkanir miðaðar við stærra, — og það er, eins og við vitum, 4, 10, 12 mílur og þaðan af miklu meira, sem þessi ríki nú þegar hafa knúið fram, og meira að segja lönd eins og Bretland hafa orðið að láta í minni pokann fyrir slíkum ríkjum, — þá held ég, að það ætti að vera möguleiki til, að þessi ríki vildu ræða við okkur og önnur, sem samsvarandi hagsmuna hefðu að gæta, um það, hvaða ráðstafanir væri hægt að gera, hvernig hægt væri að berjast á alþjóðavettvangi fyrir viðurkenningu á þessum rétti. Ég veit að vísu, að sum þessara ríkja þurfa máske ekkert að sækja undir aðra í þessum efnum, þau eru sjálf nógu sterk og nógu voldug til þess, en hins vegar væri hugsanlegt, að þau væru þó til í að standa með öðrum ríkjum í því að berjast fyrir sama rétti og þau hafa í krafti síns valds og sinna áhrifa getað aflað sér sjálf.

Við flm. viljum þess vegna leyfa okkur að vona, að þessari okkar till. verði vel tekið og að hún hljóti samþykki Alþingis. Það væri nokkuð eðlilegt mál að vísa svona till. til nefndar, og ég býst þá við, að það mundi vera heppilegast út frá fenginni reynslu, að henni væri vísað til allshn. Ég skal að vísu viðurkenna, að það væri sumt, sem mælti með því, að henni væri vísað til utanrmn., en þar sem reynsla þingmanna er sú, yfirlýst af þingmönnum úr stjórnarherbúðunum, að sú nefnd sé alger kirkjugarður allra mála, sem til hennar fara, en þessi till. hins vegar þess eðlis, að hún á skilið að fá afgreiðslu, og snertir þar að auki mál, sem er miklu meira en utanríkismál, er stórkostlegt efnahags- og sjálfstæðismál fyrir okkur, þá held ég, að sé réttast að vísa henni til allshn. í því trausti, að sú nefnd bregði fljótt og vel við og afgreiði hana til framhaldandi umræðu og afgreiðslu í þinginu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efni þessarar till. og kvaddi mér hljóðs aðeins út af því, að hv. aðalflm. leggur til að vísa þessari till. til allshn. þingsins. Það hafa verið bornar fram ýmsar till. viðvíkjandi landhelgi og gæzlu landhelginnar nú á þessu þingi, þeim till. hefur verið vísað til allshn., og við það er ekkert að athuga, því að í þeim till. er aðeins lagt til, að Ísland sjálft geri einhliða ráðstafanir. En hér er lagt til, að leitað sé til stjórna annarra ríkja um ákveðnar aðgerðir. Till. fjallar því alveg tvímælalaust um utanríkismál, og samkv. þingsköpum ber að vísa öllum utanríkismálum til utanrmn. Það er eina n., sem þingsköp taka alveg sérstaklega fram um, hvaða málaflokkum beri að vísa til. Hitt þykir liggja nokkuð í hlutarins eðli með aðrar nefndir, en segir skýrum stöfum í þingsköpunum, að utanríkismálum skuli vísa til utanrmn. Þess vegna vil ég nú leggja til, að þessari till. verði þangað vísað.

Hv. aðalflm. var að vísu að tala um það, að utanrmn. væri viðurkenndur kirkjugarður. (*Forsrh.:* Hvar liður manni betur, eins og þar stendur?) Já, hvar liður manni betur? En í því sambandi vil ég aðeins benda á það, að enn sem komið er hefur allshn. ekki séð sér fært að afgreiða þær till. um svipað efni, sem til hennar hefur verið vísað. Hún hefur tekið þær oft fyrir á fundum og rætt þær, en ekki afgr. neina þeirra enn. Þessi mál öll eru viðkvæm, og þó að halda beri að sjálfsögðu á málum okkar Íslendinga með fullri festu í þessu efni sem öðru, þá þarf þó að sjálfsögðu að gæta nokkurrar varúðar, þegar um þau er fjallað, þannig að ég sé ekki, að hv. þm. hafi ástæðu til að gera þann greinarmun á þessum tveimur nefndum, að önnur sé tvímælalaust kirkjugarður að því er snertir þetta mál, en hin örugg höfn til framhaldandi lífs.

Flm. (Einar Olgeirsson): Hv. 1. þm. Eyf., sem um leið er form. allshn., kom nú hér fram með þá óvenjulegu hæversku að taka það fram, að sú nefnd, sem hann veitir ágæta forstöðu, eigi það nú til að afgreiða ekki heldur mál, og var að biðja n. undan því trausti, sem ég sýndi henni, og vill halda því fram, að fyrir fiskveiðimál geti hún líka orðið kirkjugarður. Ég er nú ekki búinn að sannfærast um það, að allshn., sem hefur afgreitt mörg mál hér, muni ekki að lokum afgreiða þessi mál, og ég hefði trúað því, að hún mundi fást til þess að afgreiða þetta mál, ef því væri til hennar vísað.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. hélt fram, að þessi mál ættu heima í utanrmn. En sú er saga utanrmn. nú á síðustu þingum, að hún er yfirleitt varla kvödd saman, stundum að vísu til þess að kjósa formann og þá venjulega mjög seint. Síðan, svo framarlega sem einhver verulega stórmál berast fyrir þingið, þannig að allt ætli að fara í uppnám út af henni, þá hefur hún verið kölluð saman og þá stundum til einnar mínútu eða tveggja mínútna funda til þess að afgreiða stærstu mál í þinginu, stundum að nóttu til, eins og menn kannske minnast, af því að það er 30. marz í dag, þannig að það er ekki von, að menn hafi sérstaka trú á því að vísa málum, sem hafa stórkostlega þýðingu fyrir þjóðina, til þeirrar nefndar. (Gripið fram í.) Jú, en það vill bara svo til, að reynslan, sem þingið hefur, vegur í þessu efni meira en allar reglur þingskapanna, svo framarlega sem hægt er að komast fram hjá þeim, og þar sem fiskveiðimálum, um takmarkanir og annað slíkt, hefur hingað til verið vísað til allshn., eins og hv. form. allshn. sagði hér frá og staðfesti, þá er eins hægt að vísa þessu máli þangað. Því ræður þingið sem sé sjálft. Það eru

ekki nein brot á þingsköpum, af því að þetta er ekki einvörðungu mál, sem snertir okkar utanríkisviðskipti, heldur um leið snertir það, hvaða ráðstafanir við ætlum að gera til að tryggja okkur réttindi í þessum efnum og hvernig við viljum reyna að gangast fyrir ráðstefnu eða ráðgast við aðrar þjóðir, sem hafa samsvarandi hagsmuni.

Aðalatriðið í þessum efnum er hitt: Er Alþingi á því, að Íslendingar eigi að vinna að þessum málum? Það er talað meira um fiskveiðitakmarkanir og nauðsyn okkar Íslendinga á því að standa saman í þessum málum en jafnvel um nokkur önnur mál, og það virðist öllum vera ljóst, hvað þetta séu þýðingarmikil mál fyrir okkur.

Ég álít þess vegna, að till. eins og þessi eigi fyrst og fremst að ræðast frá því sjónarmiði, ef menn eru samþykkir innihaldi hennar, ef menn eru samþykkir stefnu hennar, hvernig þingið geti afgr. svona till.; og þar sem þingið hefur þá reynslu af að senda mál til utanrmn., að þau koma ekki aftur, öll sporin liggja inn og engin út, þá hræða sporin, þá óttast menn að senda mál þangað, svo framarlega sem menn ætla þeim líf. Þess vegna held ég, af því að þetta mál er það þýðingarmikið mál, að það þarf að fá afgreiðslu á þinginu, að svo framarlega sem a. m. k. engar yfirlýsingar koma fram í því efni, að utanrmn. muni bregða vana sínum og afgreiða mál, halda fundi, þá sé réttast fyrir þingið að senda þetta mál til allshn. Hitt er svo aftur aðalatriðið, og það hefði ég nú gjarnan viljað heyra skoðun hv. þm. um, hvaða afstöðu menn vilja taka til þessa máls, hvort menn álíta, að Ísland eigi að reyna að vinna á alþjóðavettvangi að framgangi svona máls. Og það vil ég vona að við getum náð samkomulagi um.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Um efnishlið þessa máls vil ég segja það, að eins og kunnugt er vinna Íslendingar að málinu á alþjóðavettvangi með a. m. k. þrennum hætti. Það er unnið að málinu gegnum efnahagssamvinnustofnun Evrópuþjóðanna, það er unnið að því gegnum Evrópuráðið, og það er unnið að málinu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Ég hygg, að öll málssókn af hendi Íslendinga í þessum efnum hafi orðið til þess að skýra okkar málstað og styrkja hann. Og það er nokkuð eftirtektarvert, að jafnvel þar, sem aðrir hafa tekið upp málið en við, hefur sóknin fallið niður af annarra hendi, eftir að Íslendingar hafa verið búnir að bera fram sitt mál. Þeir, sem eru kunnugir vinnubrögðum bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstj., allt frá því að reglugerðin um víkkun landhelginnar var út gefin í marzmánuði 1952, vita, að það hefur verið haldið á þessu máli af allri þeirri festu, sem æskileg er af hendi Íslendinga, og hvergi slakað til í neinu.

Hér er aftur á móti borin fram till. um það, að nú eigi Íslendingar að hefjast handa og hafa forgöngu um samtök þeirra þjóða, sem hafa víðari landhelgi en 3 mílur, og þá væntanlega til sameiginlegra ákvarðana þessara þjóða í þessum efnum. Ég er alls ekki reiðubúinn til að segja um það í dag, hvort þetta er hrein fásinna eða hvort það er skynsamlegt; það gæti vel verið hrein fásinna.

Það fer ekkert leynt hjá þeim, sem hafa kynnt sér þetta mál, að aðstaða Íslendinga er sterkari en margra annarra þjóða og jafnvel sumra þeirra þjóða, sem hafa tekið sér jafnmikinn rétt og Íslendingar. Ég veit það, að mjög viti bornir menn í þessum efnum hafa viljað styðja Íslendinga með þeim rökum, að vegna þess, hve sérstakt er landgrunn Íslendinga, stöpullinn, sem Ísland stendur á, þá geti Ísland af þeim ástæðum öðlazt, ef vel og viturlega og hóflega er haldið á málinu, víðari rétt en sumir aðrir, sem hafa helgað sér meiri rétt. En ég sagði: Ef vel og viturlega og hóflega er haldið á málinu.

Ég veit þess vegna ekki, hvort við, þótt fáir séum og smáir, eigum að hóa saman öllum þeim, sem tekið hafa sér rétt, sem ekki er viðurkenndur, og gera okkar mál að þeirra máli. Ég veit ekki um það. Ég álít hins vegar sjálfsagt, úr því að þessi till. er fram komin, að þá sæti hún meðferð í þingnefnd, en ég mundi leggja til, að að lokinni þeirri meðferð yrði till. vísað til ríkisstj. til nánari athugunar þar.

Ég hef ekki talið æskilegt fyrir mitt leyti að ræða þetta mál út frá því sjónarmiði að gefa opinberlega fullkomnar skýrslur um álit og aðgerðir ríkisstj. á hverjum tíma, af því að ég hef ekki talið, að það væri endilega það, sem hentaði okkar málstað bezt. En auðvitað eiga alþingismenn rétt á því að fá að vita, hvernig ríkisstj. hefur hagað sínum aðgerðum og hvaða hugsanir eða fyrirætlanir hafa legið til grundvallar fyrir aðgerðum stjórnarinnar.

Ég skal svo ekki reyna að hafa vit fyrir mönnum um það, hvort það eigi að vísa þessu máli til einnar nefndar eða annarrar. Ég get ekki komizt hjá því samt að taka undir með hv. formanni allshn., 1. þm. Eyf., að mér finnst eðli málsins samkv., að það hljóti að eiga að vísa því til utanrmn. En mér finnst það ekki að því leyti skipta máli, þó að þingsköp auðvitað beri að virða, að endirinn yrði áreiðanlega sá sami, til hvorrar n. sem það færi. Málið mundi sæta sömu meðferð, því yrði að lokinni umræðu í n. áreiðanlega vísað til ríkisstjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 23:5 atkv.

Till. vísað til utanrmn. með 30:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Póstgreiðslustofnun.

Á deildafundum 28. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um póstgreiðslustofnun [180. mál] (A. 514).

Á 49. og 51. fundi í Sþ., 30. marz og 13. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Sþ., 20. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt tveimur öðrum hv. þm. till. til þál. um póstgreiðslustofnun. Efni hennar er það, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvort hagkvæmt mundi að koma hér á póstgreiðslufyrirkomulagi, svipað því sem tíðkast mjög erlendis og á Norðurlandamáli er kallað „postgiro".

Það er fyrir beiðni neytendasamtakanna, sem nýlega hafa verið stofnuð hér í Reykjavík, sem við höfum flutt þessa þáltill. En eitt meginverkefni þeirra er að stuðla að bættri þjónustu fyrir almenning á ýmsum sviðum. Þessi samtök hafa hafið baráttu fyrir bættum afgreiðsluháttum, og reynslan hér á landi af starfi þeirra, þó að hún sé stutt, hefur sýnt, að þau hafa komið ýmsu gagnlegu til leiðar.

Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir, hvert er aðalatriði þessarar hugmyndar um póstgreiðslustofnun.

Þessi starfsemi er yfirleitt í höndum sérstakrar deildar á póstmálaskrifstofum. Aðalatriði þess kerfis, sem hún byggist á, er, að einstaklingar, félög og fyrirtæki opna reikning, sem hefur visst númer, og senda greiðslur þaðan og vísa greiðslum þangað, en það fer fram á þann einfalda hátt, að kort eru útfyllt og síðan sett í póstkassa, hvar og hvenær sem mönnum bezt hentar. Þessi kort eru þrenns konar: svokölluð innborgunarkort, sem notuð eru af þeim, sem ekki hafa „postgiro"-reikning, en óska að senda þeim, sem hafa slíkan reikning, greiðslur; í öðru lagi er um að ræða útborgunarkort, sem notuð eru af þeim, sem hafa þennan póstgreiðslureikning og óska að senda þeim greiðslu, sem ekki hafa reikning; að lokum eru svokölluð „giro"-kort, sem notuð eru, þegar um er að ræða greiðslur, sem sendar eru á milli aðila, sem báðir hafa slíka reikninga.

Aðalhagræðið við þetta greiðslufyrirkomulag er í því fólgið, að menn þurfa ekki að nota reiðufé, þegar greiðslur eru inntar af hendi. Þannig verður komizt hjá áhættu við geymslu peninga, og engin hætta verður á mistalningu, þar sem menn hreinlega losna við það sjálfir. Enn fremur verður bókhald við þetta léttara. Loks má á það benda, að menn geta með þessum hætti greitt hin margvíslegustu gjöld á einum og sama stað og þurfa ekki að eyða miklum tíma til þess að ganga á milli þeirra fjölmörgu stofnana, sem þeir þurfa að inna af höndum greiðslur hjá.

Ég býst við, að sú spurning muni rísa í hugum einhverra hv. þm., hvort þetta kerfi muni ekki verða alldýrt og þungt í vöfum. Við því er aðeins því að svara, að þar sem það hefur verið tekið upp, hefur reynslan — ég held alls staðar — orðið sú, að starfsemin hefur borið sig, getað risið sjálf undir rekstrarkostnaði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessa tillögu. Ég vænti þess, að sú hv. n., sem fær málið til athugunar að þessari umr. lokinni, afli sér þeirra upplýsinga, sem þurfa þykir, þannig að unnt verði að leggja málið sem ljósast fyrir hv. þingheim.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að bæta neinu við þá glöggu framsöguræðu, sem hv. 1. flm. flutti fyrir þessu máli, sem ég er meðflm. að, og ekki heldur til þess að undirstrika gagnsemi þess, að till. þessi nái fram að ganga; það gerði hann nógu rækilega í máli sínu. Ég stend upp til þess að skjóta því til hv. nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, hvort hún vildi ekki í sambandi við afgreiðslu þess taka til athugunar, hvort ekki væri unnt að gera ráðstafanir til þess að bæta póstþjónustuna hér í Rvík, sem er með ýmsum hætti þannig, að umbóta er þörf.

Svo sem kunnugt er, er hér ekki starfandi nema eitt pósthús í bænum, og hefur verið svo frá fyrstu tíð, þó að bærinn hafi margfaldazt að íbúatölu og að flatarmáli á undanförnum árum. Þeir, sem þurfa að rækja almenn póstviðskipti, þurfa að sækja hingað niður í miðbæinn. Að vísu mun á fáeinum stöðum í úthverfunum vera hægt að fá keypt frímerki og afhenda bréf. Ég hef ekki glöggar upplýsingar um það, hve staðirnir eru margir, en harla fáir munu þeir vera. Annað vildi ég nefna. Þegar um sendingar á ábyrgðarbréfum er að ræða, verða menn að fara niður í bæ til þess að sækja bréfin og kvitta fyrir. Mjög víða annars staðar eru slík bréf borin heim til manna, og geta menn kvittað fyrir þeim þar, en menn eru ekki ómakaðir á ákveðna bréfhirðingarstöð til þess að sækja þau. Sérstaklega bagar þetta auðvitað hér, þegar ekki er nema ein slík afgreiðsla fyrir allan bæinn.

Ég vildi aðeins skjóta því til hv. n., hvort hún sæi sér ekki fært í sambandi við þetta nauðsynjamál, sem hér er á dagskrá, að ræða um það við þá forráðamenn póstmálanna, sem hún væntanlega ræðir hvort sem er við, hvort ekki væri unnt að gera ráðstafanir til þess að bæta póstþjónustuna almennt hér í Reykjavík, þannig að hún geti orðið umsvifaminni fyrir almenning.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

24. Úthafssíldveiðar.

Á deildafundum 4. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um tilraunir til úthafssíldveiða [184. mál] (A. 540).

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Kristinn Gunnarsson): Herra forseti. Það, sem farið er fram á í þessari þáltill., er, að ríkisstj. geri sérstakar ráðstafanir til þess, að hafnar verði skipulegar tilraunir til að afla íslenzka fiskiflotanum hið allra fyrsta veiðitækis, sem geri síldveiðar mögulegar í stórum stíl á opnu hafi, þótt síld vaði ekki.

Það er óþarft að fara um það mörgum orðum, hve mikil vandræði og tjón hefur af því hlotizt, að síldin hefur ekki veiðzt undanfarinn áratug á sínum gömlu miðum og hagað sér á hinn gamla máta, þannig að auðvelt væri að veiða hana í okkar venjulegu herpinót fyrir Norðurlandi. Við vitum það, og landsmenn vita það allir, að það hefur verið gífurlegt tap á þeim síldveiðum, sem landsmenn hafa stundað fyrir Norðurlandi undanfarinn áratug. Ef engin breyting verður á þeim högum, sem síldin hefur haft undanfarin ár, er sýnilegt, að þessar veiðar fyrir Norðurlandi hljóta að dragast saman eða leggjast að miklu leyti niður eftir nokkur ár, því að það hlýtur að reka að því, að útgerðarmenn geti ekki hafið veiðar upp á það að fá ekki nema sáralitið upp í þann kostnað, sem þeir leggja í. Það mun ekki heldur vera á færi ríkisins eða einstaklinga að setja á stað síldarverksmiðjur, sem kannske fá eins dags afla yfir alla vertíðina, sem ella gæti staðið allt að tveimur mánuðum.

Nú er það nýtt í síldveiðimálunum, að það hafa farið fram rannsóknir á undanförnum árum, sem virðast ár frá ári veita meiri upplýsingar um hegðun síldarinnar. Við það hafa skapazt vonir um, að eftir nokkur ár og jafnvel alveg á næstu árum megi fylgjast það mikið með göngu síldarinnar í úthafinu norður og norðaustur af Íslandi og ef til vill víðar, að þær upplýsingar um göngu síldarinnar geri kleift að hefja veiðar á nýjum slóðum. Hins vegar er það augljóst, að til að veiða síld á nýjum slóðum við nýjar aðstæður þarf ný tæki eða a. m. k. endurbætur á gömlum tækjum. Það er vitað mál, að það er ekki hægt að senda okkar litlu síldveiðiskip með herpinótabáta út á úthaf til að veiða þar. Þeir bátar duga þar ekki í misjöfnu veðri, og þeir síldarbátar, sem við höfum hér, 100 tonn og þar yfir, komast ekki til eða frá landinu í misjöfnu veðri með herpinótabáta sína og síldarnót. Þess vegna verður eitthvað nýtt að koma til. Einnig er það, að síldin hefur ekki vaðið, sem kallað er, ekki komið alveg upp á yfirborðið, þegar hún fer hér um úthafið — oft á tiltölulega litlu dýpi og stundum á allmiklu dýpi.

Það er þess vegna alveg sýnt, að ef við eigum að reyna að hagnýta okkur silfur hafsins áfram, þótt það komi ekki á sínar gömlu slóðir, þá verðum við að afla nýs tækis til að framkvæma þær veiðar, og það er lagt til í þessari þáltill., að lögð verði rík áherzla á, að þetta tæki verði fundið hið allra fyrsta.

Það má kannske segja, að það sé auðvelt að óska eftir því, að eitthvert nýtt veiðitæki finnist, sem leysi þann vanda, sem fyrir hendi er. Hins vegar er á hinn bóginn líka ljóst, að það er ekki hægt á þessari öld hinnar miklu tækni að gera allt of mikið úr þeim erfiðleikum eða úr þeim vanda, sem á því er að leysa þau vandamál, sem hér eru fyrir hendi.

Síðustu árin — og síðustu áratugina má segja — hefur maður horft upp á, að svo mörg tæknivandamál hafa verið leyst og hinir undarlegustu og ótrúlegustu hlutir hafa skeð, að ég vil leyfa mér að staðhæfa, að það hlýtur að vera hægt með þeirri tækni, sem við ráðum yfir í dag og til staðar er í dag, að leysa þau vandamál, sem því eru samfara að veiða síld á nokkru dýpi, þó að hún vaði ekki.

Mér er kunnugt um, að það hafa verið gerðar tilraunir með þetta að nokkru leyti hér og að nokkru leyti erlendis á undanförnum árum. Hins vegar tel ég, að við Íslendingar höfum lagt allt of litla áherzlu á að hraða okkar eigin rannsóknum og okkar tilraunum með sjálfa síldveiðina og það sé mjög nauðsynlegt að láta bæði rannsóknir á síldargöngunum sjálfum og síldveiðitækninni haldast í hendur, því að okkur er það að vísu nokkur fróðleikur að vita mikið um síldargöngur, en miklum mun meira skiptir þó, að við höfum samtímis yfir að ráða tækjum, sem gera okkur kleift að hagnýta þá síld, sem í sjónum er.

Það er sýnilegt, að okkar gömlu herpinótaveiðar duga ekki á úthafinu, vegna þess að nótabátarnir duga þar ekki í misjöfnu veðri. Þess vegna er alveg augljóst, að þær síldveiðitilraunir, sem gera þarf og gera verður til þess að leysa vandamálið í sambandi við úthafssíldveiðar, verða að stefna að því að losna við þessa nótabáta, og það verður að veiða síld af einu skipi með einhverju móti. Á hinn bóginn verður líka að gera áframhaldandi tilraunir með síldarvörpu, því að það er nokkur von til að halda, ef þær tilraunir væru gerðar ýtarlegar og gerðar skipulega og af krafti, að þá mætti, áður en allt of langur tími líður, leysa það vandamál að ná síld í vörpu á ýmsu dýpi, á sama hátt og tiltölulega nýlega er búið að leysa það vandamál að veiða þorsk í svokallaða flotvörpu. En það er sem kunnugt er búið að fullkomna botnvörpuna þannig, að það er ekki einungis um að ræða beina botnvörpu, heldur vörpu, sem hægt er að nota og stilla á mismunandi dýpi eftir því, hvar þorskurinn er hverju sinni.

Það er auðvitað allmikill kostnaður því samfara að taka upp af miklum krafti tilraunir til þess að leysa þau tæknilegu vandamál, sem hér eru á ferðinni. Hins vegar vil ég halda því fram, að ef hafður er í huga sá mikli kostnaður, sem á hverju einasta ári er lagt út í í því formi að gera út báta, gera síldarverksmiðjurnar tilbúnar að taka á móti síld, flytja fólk á milli landshluta til að hafa það tilbúið til að salta síld og þar fram eftir götunum á fjöldamargan

máta, — kostnaður, sem ekki nema að litlu leyti hefur fengizt greiddur undanfarinn áratug, og kostnaður, sem nemur vafalaust tugmilljónum króna, — og þó að nokkrum millj. kr. væri varið til þess á næstu örfáum árum að reyna til þrautar, hvort ekki mætti fljótlega leysa þau tæknilegu vandamál, sem þarna eru á ferðinni, þá vil ég sem sagt leyfa mér að segja, að þær 5 eða 10 millj. kr. eða hvað það er, sem til þess þarf, eru tiltölulega mjög lítið fé. Það má líka jafna aflaleysi á síldveiðum undanfarið og þeim vanda, sem síldarútvegur allur hefur komizt í af þeim sökum, við t. d. þær fjárpestir, sem hafa herjað á landbúnaðinn og tekið var föstum tökum á, að vísu með allmiklum kostnaði, en það eru að mínu viti jafnmikil og sterk rök til þess að verja nokkrum millj. kr. í þeim tilgangi að reyna að bæta úr þeim vandræðum, sem síldveiðiflotinn og síldarútvegur og iðnaður landsmanna hefur orðið fyrir á undanförnum árum, og til þess að gera þessar tilraunir.

Það mætti flytja langt mál um það, hvaða þýðingu fyrir þjóðarbúið það hefði að geta aflað allmikils síldarmagns á hverju ári umfram það, sem verið hefur á þessum síldarleysisárum, sem við höfum haft undanfarið. Við vitum hins vegar, að það hlaupa fljótt á hundruðum milljóna fyrir þjóðarbúið þær tekjur, sem af því hlytust í einu og öðru formi, og skal ég ekki orðlengja um það. En alveg sérstaklega mundu áhrif af lausn þessa máls vera þau, að það kæmist á ný miklu styrkari grundvöllur undir allt atvinnulíf norðanlands, austan og vestan, þannig að ef við getum með því að vinna að þeim málum af krafti á næstu örfáum árum leyst þennan vanda, þá væri það meiri stoð undir jafnvægi í byggð landsins en nokkurt annað mál, sem hægt væri að leiða fram til sigurs í því efni.

Það má hugsa sér ýmsar leiðir til þess að leysa þessi vandamál, sem þarna er um að ræða. Það má hugsa sér, að eingöngu yrðu til þess fengnir íslenzkir aðilar og sú mikla reynsla, sem íslenzkir sjómenn búa yfir, íslenzkir sérfræðingar í fiskimálum og íslenzk verkfræðiþekking, og það er mín trú, að þótt ekki væri víðar farið, þá mætti fara mjög langt, ef ekki leysa fullkomlega þau vandamál, sem við er að eiga. Það má líka hugsa sér, að erlendir aðilar séu fengnir til þess að glíma við þessi vandamál, og það er alls ekki útilokað, að ég tel, að hægt væri að fá erlenda aðila til þess að gera slíkar tilraunir, þó að þeir sjálfir að einhverju leyti bæru af því kostnað og áhættu. En sá er gallinn við að fela erlendum aðilum að leysa þessi mál fyrir okkur, að við mundum, eftir að búið væri að leysa þau, tvímælalaust þurfa að borga það dýru verði í einu eða öðru formi að hafa fengið þeirra þjónustu — í formi einkaleyfisgjalda og með öðru móti, þannig að þó að kostnaðurinn verði allmikill ef til vill í fyrstu umferð, ef við gerum þetta sjálfir, þá er það mín trú, að það verði mun ódýrara, þegar til lengdar lætur, að nota íslenzkt hugvit, íslenzkt framtak og þekkingu til þess að vinna ötullega að þessum málum.

Ég vil svo að lokum benda á, að það er gífurlegt hagsmunamál fyrir þjóðarbúið og landsmenn alla í heild, að það dragist sem allra minnst, að þessi mál verði leyst. Það er dýrt hvert árið, sem líður án þess, að við getum ausið af silfri hafsins í þjóðarbúið, og þess vegna er þessi þáltill. flutt, — ekki af því, að það sé ekki talið, að þessi lausn finnist einhvern tíma eða að einhverjir komi ekki með hana um síðir, heldur er þáltill. flutt fyrst og fremst vegna þess, að við þurfum þjóðarbúsins vegna og þjóðarinnar vegna að fá lausn á þessu hið allra fyrsta.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér þykir hlýða, þegar slík till. er lögð fyrir Alþingi, að gefa í örfáum orðum nokkrar upplýsingar, sem ég hygg að hv. flm. hafi ekki verið kunnugt um.

Þessi till. hnígur að því, að mér skilst, að hafin verði leit að nýju veiðarfæri eða að gerðar séu ýtarlegar tilraunir til, að takast megi að búa til veiðarfæri, sem gæti áorkað því, að auðið yrði að veiða síld á djúpmiðum umfram það, sem nú er, og þó að hún vaði ekki. Þetta er mjög virðingarverður tilgangur, og það er alveg rétt, sem hv. 1. flm. gat um, að hér er um mikla þjóðarþörf að ræða og ef takast mætti að finna slíkt veiðarfæri, þá væri kannske vandreiknaður í snarkasti sá hagur, sem af því yrði fyrir þjóðarbúið. Ég er honum þess vegna alveg sammála um þetta allt, og ég met að sjálfsögðu þann hug, sem stendur á bak við þessa tillögu, þ. e. skilning á nauðsyn Íslendinga fyrir bætta aðstöðu til síldveiði einmitt nú, eftir að síldveiði hefur svo lengi brugðizt jafnhörmulega og raun ber vitni.

Hitt er svo önnur staðreynd, sem rétt er að Alþingi sé minnt á, að úr ríkissjóði hefur verið varið milljónum — mörgum milljónum — á undanförnum árum í því skyni að efla möguleika fyrir síldveiðar hér við strendur landsins. Það er að sönnu rétt, að verulegum hluta þessa fjár hefur verið varið til þess að rannsaka síldargöngur og reyna að gera sér grein fyrir, hvort meiri eða bjartari vonir standi eitt árið en annað til þess, að síldin komi að ströndum landsins. Þannig var, man ég, einu sinni án fjárveitingar frá Alþingi og í trausti til síðara samþykkis Alþingis keypt hið kunna asdic-tæki, sem sett var í varðskipið *Ægi*. Ég hygg, að það hafi kostað um milljón krónur þar komið eða þar um bil, og hefur stjórnin ekki sætt neinu ámæli Alþingis fyrir að vera svo djarftæk til fjár ríkissjóðs sem þær aðgerðir báru vitni um. En stjórnin leyfði sér þetta einmitt í vitund þess, að Alþingi skilur þá þörf, sem hér er á ferð. Ríkisvaldið hefur á undanförnum árum einnig veitt á fjárlögum allmiklar fúlgur, hálfa milljón og heila, til þess að sinna málefnum síldarútvegsins með leitum og eins til þess að kosta gerð nýrra veiðarfæra og loks til þess að reyna hin nýju veiðarfæri. Allar þessar tilraunir hafa staðið yfir á undanförnum árum, kannske ekki skilað verulegum árangri, en allt eru þetta spor í rétta átt — spor til að leysa úr þeirri þörf, sem hv. 1. flm. gat um í

sinni ræðu. Í sumar er ráðgert, að verulegar tilraunir verði hafnar um veiðar, og nú þegar hefur verið leitað hófanna hjá einum hinum mesta aflamanni íslenzka flotans um, að hann yrði veiðistjóri á slíku skipi. Ég vil, að þetta sé hv. Alþ. ljóst, til þess að menn viti a. m. k., að stjórnin hefur ekki verið sofandi í þessum efnum. Það hafa verið framúrskarandi hæfir menn, sem staðið hafa fyrir málum stjórnarinnar á þessu sviði, og ég get fullyrt, að af minni litlu getu hef ég bæði viljað ljá öllum skynsamlegum tillögum lið og reynt einnig að vera nokkur spori í þessum efnum, og ég vil enn fremur staðhæfa og með góðri samvizku, að ég hef aldrei, svo að ég muni, borið fram við ríkisstj., þó að Alþingi ætti ekki setu, óskir um fjárveitingar í þessu skyni, þannig að ríkisstj. hafi ekki orðið við þeim með miklum einhug. Þessi mál eiga bæði skilningi og góðvilja að fagna. Hvort við svo höfum haft yfir þeim hæfileikamönnum að ráða, sem hv. flm. telja nú að þörfin kalli á, er að sjálfsögðu ekki mitt eins um að dæma, þó að ég endurtaki það, sem ég sagði, að við höfum valið í þessu skyni mikla kunnáttumenn og mikla áhugamenn í þessum efnum.

Ég hygg, að það sé alveg rétt ráðið, að þessi till. fari til nefndar, og þá mundi sú nefnd fá fyllstu upplýsingar frá þar til hæfum mönnum um, hvað búið er að gera annars vegar og hvað á að gera í sumar á næsta áfanganum hins vegar. Ef svo hv. flm. vildu bæta þar við ráðum eða einhverjir aðrir, þá er það að sjálfsögðu allt kærkomið, því að sérhver bending, sem mætti leiða til skjótari úrlausnar þessu mikla nauðsynjamáli, er og verður ævinlega vel þegin, alveg án tillits til þess, hvaðan hún kemur.

Ég er einn af þeim, sem hafa trúað því, að nýtt veiðarfæri hlyti að finnast. Ég hef ævinlega sagt: Við hljótum að finna veiðarfæri til þess að ná síldinni hér í bugtinni, þegar bugtin er full af síld. — Við höfum gert tilraunir suður með söndum og nærri Vestmannaeyjum, þegar við höfum vitað um mikla síld þar, og við höfum trúað því, að með aðstoð radartækis mætti ná síld á djúpmiðum. Ég veit, að Norðmenn eru lengra komnir, einmitt með því að hafa radartækin ekki aðeins í leitarskipunum, heldur í sjálfum fiskiskipunum.

Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram, svo að þingmenn vissu, að málið hefur á undanförnum árum sætt athugun og á við að búa góðan skilning þeirra, sem um það eiga að fjalla, þó að ævinlega sé rétt að minnast hins fornkveðna, að betur sjá augu en auga, og góð ráð munu vel þegin, hvaðan sem þau koma.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Mannanöfn.

Á deildafundum 28. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um framkvæmd l. um mannanöfn, nr. 54 1925 [195. mál] (A. 665).

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

26. Vegagerð úr varanlegu efni.

Á deildafundum 9. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að gera aðalakvegi landsins úr varanlegu efni [203. mál] (A. 786).

Á 58. fundi í Sþ., 10. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Aðstoð við togaraútgerðina.

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um aðstoð við togaraútgerðina [35. mál] (A. 35).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Nd., 19. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Málefni það, sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. um aðstoð við togaraútgerðina, hefur nú verið til umr. hér í þessari hv. d. fyrir stuttu, aðeins fyrir nokkrum dögum, þegar frv. hæstv. ríkisstj. um aðstoð við togaraútgerðina 1954 var lagt hér fram til 1. umr. En mér þykir þó hlýða í sambandi við þetta mál, sem ég hef leyft mér að bera hér fram, að rifja nokkuð upp aðalatriði þess.

Þegar leið á árið 1953, sáu útgerðarmenn flestir og líklega allir, að togaraútgerðin var rekin með mjög miklu tapi og að það mundi ekki vera fært að halda þessum rekstri áfram á sama hátt til lengdar. Samtök togaraeigenda munu þá hafa gert út menn á fund ríkisstjórnarinnar til þess að ræða við hana um þennan vanda og hvaða möguleikar væru til þess að ráða þar bót á. Það er þó ekki vitað um önnur viðbrögð þá af hálfu ríkisstj. en þau, að þegar kom út á vetur 1954, var að hennar tilhlutan skipuð n. til þess að athuga um hag togaraútgerðarinnar í heild og til þess að gera till. til úrbóta, ef svo sýndist.

N. tók til starfa í aprílmánuði og hafði lokið störfum í júlímánuði s. l. Hún gaf ríkisstj. skýrslu um hag útgerðarinnar, en hún gerði ekki till. um úrbætur, og var því lýst í umr. hér um daginn, þegar frv. ríkisstjórnarinnar var til umr., hvernig á því hefði staðið, þ. e. a. s. þannig, að ríkisstj. óskaði ekki eftir því, að n. legði þessar till. fram, þó að hún hins vegar hefði rætt ýmsar till. og ýmsar leiðir, sem mættu verða að gagni í þessu máli. Niðurstöður n. um hag togaraútgerðarinnar voru þær, að n. taldist til, að meðaltap á 21 togara af eldri gerð, sem hún hafði reikninga fyrir, væri um 404 þús. kr. á árinu 1953, og var þá ekki reiknað með neinum fyrningarafskriftum. Við nánari athugun kom þó í ljós, að þessi tala mundi vera frekar of lág en of há, ef hreinn rekstur ársins 1953 er lagður til grundvallar, en inn í rekstrarreikning þess árs hafði blandazt uppbót á sölu afla frá fyrra ári, og gerði það þess vegna töluna nokkru lægri en ella mundi hafa verið, ef eingöngu hefði verið reiknað með hreinum rekstri ársins 1953.

Ástæðurnar til þess, að svo hafði sigið á ógæfuhlið, voru að áliti n. einkum tvær: Í fyrsta lagi vegna minni afla á árinu en að undanförnu og í öðru lagi vegna lakari sölu á afurðunum en áður hafði verið. Þar við bættist svo, að þegar tók að líða á árið 1953 og á árinu 1954 fór mjög að bera á því, að erfitt væri að fá vana og góða menn á skipin, vegna þess að launakjör togarasjómanna voru þá þannig, að þau voru engan veginn samkeppnisfær við ýmsa atvinnu aðra, sem þessir menn áttu kost á, bæði í landi og á sjó. Þess má t. d. geta, að afkoma sjómanna á vélbátum var sýnu betri en þetta, og átti það vitanlega rót sína að rekja til þess, að afurðir vélbátanna eru greiddar með miklu hærra verði en afurðir togaranna. Þar kemur til greina hið svokallaða bátagjaldeyrisálag, sem vélbátaútgerðin fær, en togararnir ekki, og hefur það orðið til þess, að afli vélbátanna hefur verið greiddur með talsvert hærra verði en afli togaranna, þó að um mikið til sams konar afla sé að ræða. Það getur náttúrlega ekki gengið til lengdar, að sams konar eða svipuð vara sé greidd í landinu með mjög ólíku verði, — svo ólíku, að skeikar í sumum tilfellum allt upp í 50 af hundraði.

Þetta eru sem sagt að dómi n. aðalástæðurnar fyrir því, að svo hefur sigið á ógæfuhlið sem gert hefur hjá togurunum, að aflinn hefur verið minni, að salan hefur verið lélegri og að erfiðara hefur verið að fá góða menn til starfa, vegna þess að ekki hefur verið unnt að greiða þeim sambærilegt kaup við aðra menn í hliðstæðri atvinnu, þannig að togarasjómenn hafa getað flutt sig af þeim og yfir í aðra vinnu, sem hefur gefið þeim betri fjárhagsafkomu. Þessi útkoma, sem ég nú nefndi, er miðuð við gömlu togarana, sem nú eru kallaðir svo, þ. e. togarana, sem komu hingað fyrir gengisfellinguna og kostuðu ekki nema rúmar 3 millj. kr. hver togari. En afkoma nýjustu togaranna, sem hafa verið keyptir hingað fyrir um 9 millj. kr., þó að enn þá liggi ekki nákvæmlega fyrir endanlegt verð þeirra, hefur orðið sýnu verri, sem svarar vöxtum og vátryggingu af þessu aukna verðmæti, sem er meira en helmingi og allt upp í þrefalt á við það, sem hinir fyrri togarar kostuðu.

Nú hefur þetta lagazt nokkuð hvað snertir hásetana eða togarasjómennina, þar sem nýir samningar hafa verið gerðir, sem hafa bætt kjör togarahásetanna það verulega, að ætla má, að menn fáist nú ekki síður til að starfa á þeim en á öðrum skipum eða við aðra vinnu. Enn hafa með auknum hagkvæmum sölum á hraðfrystum fiski opnazt möguleikar til lítils háttar hagkvæmari rekstrar fyrir togarana en áður var, svo að gera má ráð fyrir, þó að það muni kannske ekki mjög miklu, að afkoman sé nú síðan í sumar, hjá sumum eða flestum togurunum, nokkru betri en hún var á vertíðinni s. l. Þó er það svo enn, að endarnir ná ekkert líkt því saman, og veldur þar náttúrlega líka miklu um sú hækkun, sem orðið hefur að gera á launagreiðslum til skipverja og talið er að muni nema, þegar öll kurl koma til grafar, hátt í 400 þús. kr. Útkoman verður þá sú, að ef miðað er við 400 þús. kr. meðaltap án afskrifta, 250 þús. kr. í afskriftir og 400 þús. kr. hækkun á launagreiðslum, að hallinn, að öðru óbreyttu frá 1953, mundi verða í kringum 1050 þús., eða rúm ein millj. kr. á ári.

Nú hefur ríkisstj. gengið nokkuð til móts við togaraeigendur með því að ákveða, að skattgjald skuli lagt á innflutta bíla og af því gjaldi skuli greiddar 2000 kr. á dag til hvers togara þá daga, sem hann er gerður út. En þessi aðstoð, þó að mikilsverð sé, nægir ekki til þess, að endarnir geti náð saman. Þess vegna hef ég leyft mér að bera hér fram þessa þáltill., sem liggur hér fyrir á þskj. 35, um aðstoð við togaraútgerðina. Í þeirri till. er minnzt á fjögur atriði, sem ég held ég megi fullyrða að togaranefndin á sínum tíma væri sammála um, að æskilegt væri, að ríkisstj. tæki til meðferðar og greiddi úr. Þessi fjögur atriði eru:

Í fyrsta lagi, að stofnlán togaranna verði lengd um tvö ár og falli niður afborganir annaðhvort fyrir árin 1953 og 1954 eða fyrir árin 1954 og 1955. Um þetta er það að segja, að allmargir togaranna munu enn eiga eftir að greiða afborgun af stofnlánum sínum, þ. e. afborgun til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, fyrir árið 1953. Ef ég man rétt, þá var tala þeirra, þegar n. starfaði, 11. Kemur þetta til af því, að tap undanfarinna ára hefur gert þeim með öllu ókleift að standa í skilum með þessar afborganir. Árleg afborgun hvers skips er um 150 þús. kr. Næsta afborgun fellur í gjalddaga í nóvembermánuði í haust, og togararnir hafa átt erfitt með flestir og ómögulegt sumir að standa í skilum með þessar greiðslur. Þetta mundi vera sérstaklega ódýr aðstoð fyrir ríkissjóðinn, en vel þegin af hálfu togaraeigenda. Hún er ódýr fyrir ríkissjóðinn, því að hún kostar hann nákvæmlega ekki neitt, eingöngu að ákveða — með lögum verður það víst að vera — að framlengja skuli lánstíma stofnlánanna um tvö ár og að greiðslufrestur á afborgunum sé gefinn annaðhvort fyrir árin 1953 og 1954 eða fyrir árin 1954 og 1955. Vextir af

þessum lánum eru hagstæðir, eins og öllum er kunnugt, og það mundi þess vegna ekki einasta létta á togaraútgerðarmönnunum við það að þurfa ekki að snara út afborgunum, heldur mundi það líka hjálpa þeim, að þeir fengju þarna að halda 300 þús. kr. með lægri vöxtum en þeir mundu annars hafa möguleika til að fá nokkurs staðar annars staðar.

Í öðru lagi er lagt til, að ríkisstj. hlutist til um útvegun bráðabirgðaláns handa þeim útgerðarfélögum, sem þess þurfa með, til þess að geta haldið uppi eðlilegum rekstri. Nokkur fyrirtæki, — þau voru talin, þegar n. starfaði, hafa til umráða um 12—15 skip, — eru þannig á vegi stödd, að þau geta tæpast haldið áfram rekstri á nokkurn veginn heilbrigðum grundvelli, nema því aðeins að þau fái eitthvert innskotsfé eða aukið rekstrarfé frá því, sem þau nú hafa. Var áætlað, að þetta þyrfti að vera 4—6 millj. kr. í heild, sem þyrfti að útvega skipunum, og getur það varla talizt mjög há upphæð.

Í þriðja lagi er lagt til, að togaraútgerðarfélögunum verði tryggð stofnlán til þess að koma á fót fiskverkunarstöðvum og fiskiðjuverum eða eignast þau, sem þegar eru fyrir hendi, svo að togaraútgerðarfélögin hafi sjálf aðstöðu *til þess að vinna úr öllum sínum afla* án kostnaðar til milliliða. Það kom nefnilega mjög greinilega í ljós við athugun reikninga þessara togarafélaga, að þau félög, sem höfðu aðstöðu til þess að verka afla sinn sjálf, skiluðu yfirleitt betri afkomu en hin, sem urðu að selja aflann úr skipi. Mörg togaraútgerðarfélög hafa þegar fiskvinnslustöðvar, bæði möguleika til þess að verka saltfisk og til þess að herða fisk, en mjög fá hafa hins vegar yfir frystihúsum að ráða, en það er mjög þýðingarmikið atriði, eins og nú er komið verkun aflans, þar sem mikill meiri hl. hans um skeið hefur farið til frystihúsanna. Það verður því að teljast mjög mikið nauðsynjamál og hagsmunamál fyrir togaraútgerðina, að hún fái aðstöðu til þess að byggja eða kaupa fiskiðjuver af ýmsu tagi og halda uppi verkun sjálf, til þess að geta náð sem mestu út úr fiskinum og dregið þannig úr hallanum, sem á rekstrinum er.

Þá er loks síðasta atriðið, sem ég hef leyft mér að bera hér fram. Það er um, að söluverð nýjustu togaranna verði lækkað með hliðsjón af því, að ekki hefur tekizt að hagnýta fiskimjölsvélar þeirra. Eins og kunnugt er, voru nýju togararnir keyptir með fiskimjölsvélum, og var gert ráð fyrir því, að þessar fiskimjölsvélar mundu að verulegu leyti nægja til að standa undir þeim verðmismun, sem væri á nýju togurunum og þeim eldri. Þetta hefur nú svo gersamlega brugðizt, að fiskimjölsvélarnar munu hafa verið teknar úr flestum eða öllum þessum togurum og þær ekkert notaðar, því að þær hafa reynzt á ýmsan hátt óstarfhæfar. Þetta er, eins og skiljanlegt er, mjög mikið áfall fyrir þá, sem nýju togarana keyptu, en við því er ekkert að gera, úr því sem komið er, annað en á einhvern hátt að færa niður það verð, sem um hefur verið talað að selja þá á, og gera eigendunum þannig kleift að lækka sína vaxta- og vátryggingabyrði, svo að þeir geti komizt niður eitthvað í nánd við það, sem önnur sambærileg skip þurfa að greiða til þessara hluta. Það hefur verið talað um, að ríkisstj. beitti sér fyrir málarekstri við þá, sem seldu skipin og þessar vélar, og reyndi á þann hátt að fá verðið lækkað, en hvort það tekst eða ekki, skal ég ekki um dæma, en hitt er víst, að á einhvern hátt verður að fá þessa upphæð lækkaða. Eigendur geta engir — það er sama, hver það verður — staðið undir því verði, sem minnzt hefur verið á í þessu sambandi, 9—10 millj. kr.; það er alveg útilokað.

Þetta eru þær till., sem ég hef leyft mér að koma hér á framfæri, og ég vildi vænta, að þeim yrði tekið með vinsemd og skilningi af hv. dm. Ég hef valið þá leiðina að flytja þetta sem þáltill. hér í hv. Nd., til þess að málið mætti fá fljótari afgreiðslu en ef það væri borið fram í Sþ. En sá galli er þá á, að þessi flutningur málsins felur ekki í sér möguleika til fjárstuðnings, svo að þetta verður eingöngu að orðast sem tilmæli til ríkisstj. um að taka þessi mál upp til afgreiðslu á þann hátt, sem hún telur hyggilegast. Samþykkt þessarar till. verður því ekki annað og ber ekki að skoða öðruvísi *en sem viljayfirlýsingu* d. *til hæstv. ríkisstj.* um, að hún taki málin upp á þeim grundvelli, sem hún kynni að telja heppilegastan.

Hæstv. sjútvmrh. sagði að vísu hér í umr. um daginn, þegar hans frv. var hér til umræðu, að hann vænti þess, að það þyrfti ekki að mata togaraeigendur eins og hvítvoðunga eða sjá þeim fyrir öllum þeirra þörfum, leggja allt upp í hendur þeirra. Ég hygg, að það skorti enn svo mikið á, að þetta verði sagt með réttu um afstöðu ríkisstj. til þeirra, að það væri vel óhætt að fara út í lausn þessara atriða, sem hér eru nefnd, án þess að hægt yrði að kalla það því nafni.

Togaranefndin hafði enn fremur til umr. ýmsar aðrar till. og þá fyrst og fremst um lækkun á rekstrarkostnaði skipanna. Hún hafði til athugunar lækkun á vátryggingargjöldum, hún hafði til athugunar lækkun á olíuverði og lækkun á vöxtum rekstrarlána bankanna til samræmis við það, sem bátaútvegurinn nú greiðir. Hún hafði líka til athugunar, að flutningaskipaeigendur lækkuðu flutningagjöldin á hraðfrystum fiski nokkuð til þess að auðvelda frystihúsunum að borga togaraeigendum þeim mun hærra verð. Hún hafði enn fremur til athugunar möguleikana á því, að frystihúsin greiddu hærra verð fyrir fiskinn en þau nú gera vegna miklu betri nýtingar en nokkurn tíma áður hefur átt sér stað. Þessi atriði öll hafa verið flutt hér áður af öðrum en mér, og ég hef þess vegna ekki tekið þau upp í mína till., en fari svo, að þau komi hér ekki fram á ný, þá mundi ég vilja leyfa mér að flytja þau sem viðaukatill., því að þau eru alveg jafnsjálfsögð og hinir liðirnir, sem ég hef tekið hér upp, og kannske sum þeirra enn sjálfsagðari.

Togaranefndin reyndi að mynda sér skoðun um það, hvað þessar ráðstafanir mundu þýða

í bættri afkomu togaranna, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að tekjuaukning vegna lækkunar trygginga eins og hún gerði ráð fyrir mundi nema um 20 þús. kr. á skip á ári, vegna lækkunar á olíuverði 55 þús. kr., vegna lækkunar vaxta 20 þús. kr., vegna lækkunar farmgjalda 60 þús. kr. og vegna hækkaðs fiskverðs, sem hún miðaði þá við, ef ég man rétt, í kringum 7 aura, um 165 þús. kr., eða samtals um 320 þús. kr. Ef þessar 320 þús. kr. kæmu til viðbótar við þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar, mundi mjög fara að nálgast, að endarnir næðu saman fyrir útgerðina, sérstaklega ef útgerðarmönnum væri hjálpað til þess að eignast sínar fiskvinnslustöðvar og gefinn frestur á stofnlánunum, eins og gert er ráð fyrir í þessum till., sem ég hef nú leyft mér hér að bera fram.

Það hagar nú svo til, að margir af þessum togurum, sem keyptir hafa verið til landsins upp á síðkastið, eru keyptir að einhverju leyti — og sums staðar alveg — af bæjarfélögum og beinlínis til þeirrar útgerðar stofnað til þess að ráða bót á atvinnuleysi á viðkomandi stað eða a. m. k. til að bæta úr atvinnuástandinu á viðkomandi stað. Það er því alls ekki hér um nein einkafyrirtæki að ræða í venjulegum skilningi. Það eru miklu fleiri hagsmunir tengdir togaraútgerðinni en einungis eigenda togaranna. Þetta gefur aukið tilefni til þess, að Alþingi geri sér far um það, að þessar ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar með kaupum togaranna og með útgerð þeirra til þess að bæta hag fólksins, verði studdar og þeim komið á þann rekspöl, að þær geti gengið sem bezt og komið að sem beztum notum fyrir viðkomandi stað og fyrir það fólk, sem þar býr og á að njóta atvinnunnar af þeim.

Ég vænti svo, að hv. d. taki þessu máli með skilningi og vinsemd og afgreiði það fyrst í því formi, sem það hér er borið fram í, og að ríkisstj. síðan taki það til athugunar og leysi þau atriði, sem bent hefur verið á. Ég hefði talið ekki óeðlilegt, af því að mér skilst, að ein umr. hafi verið ákveðin um málið, að umr. yrði frestað á þessu stigi, þegar menn hafa látið í ljós skoðanir sínar á því nú, eftir því sem þeir óska, og málinu vísað til sjútvn., sem einnig fengi þá tækifæri til þess að segja sitt álit á því.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. þessarar þáltill., er efni hennar að verulegu leyti samhljóða þeim till., sem mþn. í togaramálum, sem sat á rökstólum í sumar, hafði komið sér saman um til stuðnings togaraútgerðinni. En efni þessarar till. er þó ekki nema hluti af þeim till., sem mþn. hafði komið sér saman um. Flm. till. hefur minnzt nokkuð á fleiri till., sem fram höfðu komið í mþn. og fullt samkomulag var þar um, eins og tillögu um að fyrirskipa nokkra lækkun á olíuverði til togaranna, en um þá till. var öll mþn. sammála, till. um að lækka nokkuð vátryggingarkostnað skipanna, um þá till. var líka öll n. sammála, og um að fyrirskipa flutningaskipum að lækka nokkuð sína fragttaxta á afurðum, sem fluttar eru út á erlendan markað, og einnig um að lækka nokkuð vaxtakjör togaraútgerðarinnar. Um allar þær till., sem fram koma í þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, svo og þessar till., sem ég minntist á, var mþn. í togaramálum fullkomlega sammála. Eina till., sem ekki hafði náðst fullnaðarsamkomulag um í n., var till. um bílaskattinn, — sú till., sem ríkisstj. hefur nú fært út í veruleikann á þann hátt, sem hún kom sér saman um þá framkvæmd.

Ég tel sjálfsagt, eins og nú er komið, að vandamál togaranna verði tekin til athugunar á þessu þingi og að n. sú hér í þinginu, sem þegar hefur fengið frv. ríkisstj. um staðfestingu á brbl., sjútvn. þessarar deildar, taki þetta mál fyrir til athugunar sem heild, kynni sér allar till. mþn. og grg. hennar og athugi þá um leið þessa þáltill., sem hér liggur fyrir og er aðeins hluti af þeim till., sem fram höfðu komið í mþn. Ég geri mér vonir um það, að í beinu framhaldi af því verði fluttar hér í þessari hv. d. tillögur um það, sem nauðsynlegt er að gert verði til stuðnings togaraútgerðinni, og um það, sem framkvæmanlegt ætti að vera nú fljótlega.

Ég er fyllilega samþykkur þessari þáltill., eins og hún liggur fyrir, enda er hún, að ég ætla, nokkurn veginn orðrétt eins og það, sem n. hafði komið sér saman um. En ég held, að það sé alveg nauðsynlegt að fá efni þessarar þáltill. lögfest á þessu þingi. Það mun varla duga að skora aðeins á ríkisstj., að hún beiti sér fyrir því, að stofnlánum skipanna verði breytt frá því, sem nú er. Reynslan hefur sýnt, að það virðist ekki duga, nema um það séu sett ákveðin lög. Ég tel að vísu, að það sé gott, að þessi till. kemur fram. Hún bendir þarna á ákveðnar leiðir. En ég held, að samþykkt hennar mundi ekki koma nema að tiltölulega litlu gagni, nema efni hennar verði beinlínis samþykkt hér í lagaformi.

Vegna þess að sjútvn. fær væntanlega þessa till. til athugunar ásamt málinu í heild, skal ég fresta á þessu stigi málsins að ræða ýtarlega um vandamál togaranna og störf mþn., af því að ég veit, að það gefst tækifæri til þess að ræða það hér ýtarlega síðar. En hér kom fram í umræðunum á dögunum, og var nú aftur lítillega minnzt á það af flm. þessarar till., að hæstv. forsrh. lét orð falla eitthvað á þá lund, að það væri ekki um það að ræða, að togaraútgerðarmenn gætu búizt við, að þeir yrðu matað ir eins og einhverjir hvítvoðungar, og tók þar auðvitað nokkuð stórt upp í sig, án þess að ég sé alveg viss um, að hann hafi meint það í verunni. En þessu bregður æði oft fyrir. Því er haldið að mönnum, að togararekstur inn í landinu sé mesti vandræðarekstur. Þar er um taprekstur að ræða, og þar þarf eitthvað að koma til hjálpar, og því eru jafnvel orð eins og þessi viðhöfð, að það þurfi að mata þetta eins og einhverja hvítvoðunga, ef eitthvað á að gera. Í þessu efni vildi ég aðeins segja það, að það liggur fyrir athugun, sem leitt hefur í ljós, að ef togararnir hefðu notið sömu réttinda og bátaútvegurinn hefur notið í sambandi við hin

svonefndu bátagjaldeyrisfríðindi eða ef togararnir hefðu fengið nákvæmlega sama fiskverð og bátarnir, þá hefði gróði á meðaltogara verið s. l. ár rösklega 2.2 millj. kr. Aðeins þessi staðreynd sýnir það, að togaraútgerðin er ekki neinn baggi á þjóðfélaginu. Hins vegar hefur henni verið boðið upp á það að halda úti sínum rekstri við allt önnur skilyrði en yfirleitt nokkur önnur starfsgrein í landinu þarf að búa við. Ég veit, að allir, sem kynna sér það mál, munu komast að raun um, að það er ofur eðlilegt, að það þurfi að grípa til nokkurra ráðstafana eins og nú er komið til stuðnings togaraútgerðinni, og það mun reynast öllum landsmönnum fyrir beztu, að það verði gert, en ekki hitt, að aðgerðaleysi verði látið ríkja og skipin liggi tímunum saman óstarfrækt eins og verið hefur.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 22 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Ferðir varnarliðsmanna.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:
Fsp. til utanrrh. um reglur um ferðir varnarliðsmanna [54. mál, 1] (A. 68).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Við umræður þær, sem urðu hér á Alþ. í gær í tilefni af skýrslu þeirri, sem hæstv. utanrrh. gaf þá um herstöðvamálið, bar það efni á góma, sem þessi fsp. mín fjallar um, þ. e. a. s. reglurnar, sem Bandaríkjamönnum hafa verið settar varðandi ferðir utan samningssvæða hersins. Hæstv. ráðh. gaf þá nokkur svör við þessari fsp., og vöktu þau allmikla athygli mína og að ég hygg flestra hv. þingmanna. Svörin voru í stuttu máli á þá leið, að frá þessum reglum mætti ekki skýra og væri ekki hægt að skýra, vegna þess að þau væru hernaðarleyndarmál. Þó að þetta hljómi heldur ótrúlega af vörum hæstv. ráðh., sem vill að sjálfsögðu láta taka sig alvarlega, þá geri ég að vísu ekki ráð fyrir að fá önnur svör nú. En þrátt fyrir það hef ég ekki séð ástæðu til þess að draga þessa fyrirspurn til baka, þótt hæstv. ráðh. vildi ekki svara henni í gær á annan hátt en hann þá gerði. — Efni þessarar fsp. er svo augljóst og margrætt, að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða þar um.

---

2. Mæðiveiki.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um ráðstafanir til að stemma stigu við mæðiveiki [54. mál, 2] (A. 68).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Á Hólmavík gerðist fyrir fáum árum sá atburður, að mæðiveiki kom upp í fé þar skömmu eftir að fjárskipti höfðu farið fram á þeim slóðum. Þetta þóttu váleg tíðindi, sem vonlegt var, og drógu um skeið mjög úr vonum manna um það, að takast mætti að útrýma mæðiveiki með fjárskiptum. Ef ég man rétt, var öllu fé slátrað í þorpinu, og virtist hafa tekizt að hefta útbreiðslu veikinnar að því sinni. Varð nú hvergi vart mæðiveikieinkenna um hríð í þeim héruðum, þar sem fjárskipti höfðu farið fram. En á s. l. sumri fundust á bæ einum í Stafholtstungum í Borgarfirði, að talið var, einkenni byrjandi mæðiveiki. Og í lok septembermánaðar s. l. var frá því skýrt í blöðum og útvarpi, að á bænum Hólum í Hvammssveit í Dalasýslu hefði verið slátrað kind, sem virtist hafa öll einkenni þeirrar tegundar mæðiveiki, sem kölluð er þurramæði. Fáum dögum síðar bárust fregnir af því, að á tveimur öðrum bæjum í Dalasýslu hefðu fundizt kindur, sem veikar voru af mæðiveiki. Voru hinar sjúku kindur allar fjögurra vetra gamlar, en sjö ár munu hins vegar vera liðin síðan fjárskipti fóru fram á þessu svæði. Loks hefur nú alveg nýlega orðið vart mæðiveiki í kind á bænum Hlíð í Hjaltadal í Skagafirði.

Ekki þarf mörgum orðum að því að eyða, hve uggvænleg þessi tíðindi eru. Þau héruð, sem hér um ræðir, byggja flest afkomu sína að mjög verulegu leyti á sauðfjárrækt. Margir bændur munu enn í allmiklum skuldum vegna niðurskurðar og fjárskipta, en voru hins vegar á góðum vegi með að rétta við, hefði allt gengið áfallalaust. En nú virðist það blasa við fólki í þessum héruðum, að bústofn þess sé öðru sinni í hættu. Og bændur víðs vegar um land hljóta að óttast það, að mæðiveiki geti blossað þar upp, þótt mörg ár séu liðin frá fjárskiptum.

Þar eð ég veit, að fjöldi bænda bíður eftir svari við því, hvaða ráðstafanir nú verði gerðar til að freista þess að vinna bug á mæðiveikinni, hef ég leyft mér að beina til hæstv. ríkisstjórnar eftirtöldum spurningum:

1) Hve víða er talið, að mæðiveiki hafi komið upp að nýju eftir fjárskipti?

2) Hvaða ráðstafanir hyggjast ríkisstj. og sauðfjársjúkdómanefnd gera til að stemma stigu við veikinni?

Ég sé ekki þörf á að fara um fsp. fleiri orðum að svo stöddu, en vænti þess, að hæstv. landbrh. svari fsp. þessari.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þessari fsp. varðandi mæðiveiki og útbreiðslu hennar frá hv. 8. þm. Reykv. á þskj. 68 vil ég nú svara nokkrum orðum, eftir því sem unnt er á þessu stigi málsins. En það liggur í hlutarins eðli, að seinni liðnum í fsp. verður ekki svarað fullnægjandi nú. Það er meira mál en það, að hægt sé að gera það, meðan á rannsókn stendur um það, sem upp hefur komið í þessum málum nú síðustu vikurnar.

Ég tel, að það muni vera heppilegast til þess að gefa hv. alþingismönnum nokkurt yfirlit yfir það, sem gerzt hefur í þessum málum, að birta hér skýrslu frá sauðfjársjúkdómanefnd, sem er dags. 19. okt. og kom í mínar hendur 20. okt., eða fyrir örfáum dögum, um þetta mál. Annars skal ég geta þess, áður en ég kem inn á skýrsluna sjálfa, af því að þar er ekki getið um það, held ég, að það kom upp nokkur ótti um það, að vart hefði orðið við þurramæðitilfelli í sauðkind á einum bæ í Stafholtstungum í fyrrahaust eða s. l. vetur, — ég man nú ekki, hvort það var komið fram á vetur, — og varð þetta til þess, að fé var einangrað á þeim bæ og drepið svo allt niður í haust og rannsakað, og þá kom í ljós, að engin kind var með nein einkenni þessarar veiki þá, þannig að það virtist, ef þarna hefði verið um þurramæðitilfelli að ræða, að þetta hefði verið eina kindin á bænum, og varð það til þess, að menn sáu ekki ástæðu til að gera frekara í þeim efnum þar, enda hefur ekkert komið fram við rannsókn í sambandi við slátrun í þeirri sveit eða þar í nágrenni í haust, sem gaf nokkurt tilefni til, að um ótta væri að ræða hvað þetta snerti.

En að öðru leyti, hvað snertir fyrri lið fsp., vil ég hér leyfa mér að taka upp meginatriðin úr skýrslu sauðfjársjúkdómanefndar um þetta mál, sem er afhent, eins og ég sagði áðan, fyrir fáum dögum. Og þar stendur svo, — ég sleppi úr einstökum atriðum skýrslunnar til að stytta það, sem ekki er að mínum dómi neins verulegs virði í sambandi við upplýsingar hér:

„Samkv. ósk yðar, hæstv. landbrh., vill sauðfjársjúkdómanefnd hér á eftir gera grein fyrir þeirri sýkingu af þurramæði, sem komið hefur fram í sauðfé nú í haust, og þeim ráðstöfunum, sem hún hefur gert og hyggst gera í tilefni af því.

Þann 21. sept. voru send til rannsókna kindalungu frá Hólum í Hvammssveit í Dalasýslu. Tilraunastöðin á Keldum úrskurðaði þau sýkt af þurramæði. Var kindin, sem lungun voru úr, fjögurra vetra og var seld frá Valþúfu á Fellsströnd haustið 1952, en það haust var öllu fé bóndans þar fargað, allmörgu slátrað, en hitt selt, flest að Hólum og Skarfsstöðum í Hvammssveit, en auk þess nokkrar kindur á aðra bæi í nágrenni. Talið er af kunnugum, að allt fé á Valþúfu hafi verið vanhaldalaust allt frá fjárskiptunum 1947 og vel hraust þegar það var selt árið 1952.

Í tilefni af sýkingartilfellinu í Hólum fór Guðmundur Gíslason læknir, sem er fræðilegur ráðunautur sauðfjársjúkdómanefndar og hefur verið það um mörg ár og þekkir því meira til þessarar veiki, útbreiðslu hennar og rannsóknar á henni, heldur en nokkur maður annar, vestur í Hvammssveit og skoðaði fé í Skerðingsstaðarétt og víðar, og við þá athugun fundust tvær grunsamlegar kindur frá Skerðingsstöðum og Skarfsstöðum, sem var þá strax slátrað, og reyndust þær báðar sýktar. Önnur þeirra var keypt frá Valþúfu árið 1952. Þessi tilfelli bentu undireins til þess, að sýkingin stæði í sambandi við fé frá Valþúfu, og ákvað n. þá þegar að láta slátra öllu fé, sem til næðist og selt hafði verið frá þeim bæ fyrir tveimur árum. Fór sú slátrun fram laugardaginn 2. okt., og skoðaði Guðmundur Gíslason læknir öll lungu fjárins. Reyndist sýkingareinkenni í lungum um 20 kinda af þeim 100 fullorðnum, sem slátrað var, en ekki voru sýnileg veikindaeinkenni nema á örfáum kindum, áður en þeim var slátrað.

Að fengnum þessum upplýsingum, er í ljós komu við slátrun Valþúfufjárins, tók n. til athugunar, hverra úrræða væri helzt að leita, eins og komið væri. Kom þá fyrst til álita, hvort tiltækilegt væri að skera niður allt sauðfé í þessu fjárskiptahólfi nú í haust. Takmörk þess að sunnan eru við girðingu úr Hvammsfirði yfir Laxárdalsheiði og í Hrútafjörð, en að norðan úr Gilsfirði í Bitrufjörð. Fjártala mun nú vera í þessu hólfi 25—30 þúsund. Féð er yfirleitt vel hraust og afurðamikið og ekki líkur til, að stór vanhöld komi fram í því á næsta ári. Engin líflömb eru fáanleg í haust, og taka mun það a. m. k. tvö ár að fullnægja svæðinu með líflömb, miðað við það, sem fáanlegt er af lömbum í þeim hluta Vestfjarða, sem ráðlegt þykir að taka lömb frá.

Í þessu sambandi má og geta þess, að fjárskipti yrðu ekki framkvæmd nú nema með miklu hærri bótum en gilt hafa, þar sem féð gefur fullan arð. Má gera ráð fyrir, að fjárskipti í þessu hólfi mundu kosta ríkissjóð 12—15 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir fjárleysi í eitt ár og að nokkru annað ár. Þó mundu fjáreigendur ekki fá tjón sitt bætt að fullu, miðað við affallalítinn fjárstofn. En þótt ekki væri horft í kostnaðinn, ber á það að líta, að eftir þetta sýkingartilfelli, svo og annað í Skagafirði, sem síðar verður getið í þessari skýrslu, ríkir meiri óvissa en áður um árangur fjárskipta yfirleitt eða á hvern hátt hægt er að framkvæma þau með fullkomnu öryggi. Nú eru liðin um sjö ár frá fjárskiptum í þessu hólfi, og nú fyrst kemur í ljós, að þau hafa ekki borið tilætlaðan árangur, hver sem orsökin er. Má því við öllu búast á næstu árum í þeim héruðum, þar sem skemmri tími er liðinn frá fjárskiptum. Er þessi langi tími, sem líður þar til veikin kemur í ljós, lítt skiljanlegur almenningi, þótt fræðilega kunni að vera mögulegt að skýra hann. En að öllu þessu athuguðu getur n. ekki mælt með allsherjar niðurskurði í hólfinu að svo stöddu. Hefur hún tekið þá afstöðu að láta slátra öllu sauðfé á bæjum, þar sem

sýkingar verður vart, láta fylgjast vel með fénu í haust og vetur og tryggja enn betur einangrun hólfsins næsta vor og sumar og sjá, hverju fram vindur. Á þann hátt álítur n. að hægt sé að draga úr útbreiðslu veikinnar innan hólfsins og því nær útiloka smithættu fyrir aðliggjandi héruð. Þá hefur n. ákveðið að reyna að láta hafa uppi á þeim kindum, sem fluttar voru sem lömb frá Valþúfu haustið 1950 og 1951 í sambandi við fjárskipti í hólfið sunnan Laxárdalsgirðingar, láta slátra þeim og rannsaka lungun.

Niðurskurður hefur nú farið fram á fé frá þeim þrem bæjum í Hvammssveit, sem aðallega fengu Valþúfuféð 1952, það eru bæirnir Hólar, Skerðingsstaðir og Skarfsstaðir, alls um 340 kindur á þessum þremur bæjum, þ. e. a. s. fullorðnar, auk lamba, og er talið, að greinileg þurramæðieinkenni hafi fundizt í 15 þeirra og ógleggri í sextán. En auk þessara bæja hefur við slátrun Valþúfufjárins fundizt sýking á þrem öðrum bæjum, þ. e. Breiðabólstað á Fellsströnd, Víghólsstöðum og Fjósum í Laxárdal. Miklar líkur eru og taldar fyrir sýkingu í Rauðbarðaholti, þótt það sé ekki að fullu sannað. Þess má geta, að hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps hefur mótmælt niðurskurði fjárins á Breiðabólstað á þeim forsendum, að féð þar virðist allt heilbrigt, svo og hinu, að þýðingarlaust muni vera að farga á einstökum bæjum, sökum þess að samgangur fjár milli margra bæja sé mikill á þessu svæði."

Þá kemur hér annar kafli um tilfellið í Skagafirði í sömu skýrslu, og segir um það þannig:

„Þann 9. þ. m. komu til rannsókna lungu úr fjögurra vetra kind frá Hlíð í Hjaltadal í Skagafirði. Reyndust þau með greinilegum einkennum þurramæði. Það höfðu sézt vanþrif á kind þessari s. l. vetur, en skánað við aukið fóður og virtist alheilbrigð við rúning í vor. Ekkert hafði heldur séð á henni í haust, en við snöggan sprett hafði hún yfirbugazt og var þá slátrað. Sauðfjársjúkdómanefnd ákvað þegar að láta slátra fénu í Hlíð, og var það gert laugardaginn 16. þ. m. Guðmundur Gíslason læknir var við slátrunina og skoðaði öll lungun. Greinileg þurramæðieinkenni komu fram í einum lungum, og hann telur, að önnur hafi verið grunsöm. En að öðru leyti sáust engin einkenni á fénu eða lungunum. Niðurskurður á þessu svæði fór fram 1949 og lömb flutt þangað 1950 vestan úr Strandasýslu. Er sýkingartilfelli þetta helzt sett í samband við lambaflutning úr Hólmavíkurhreppi, en þar varð vart við þurramæði haustið eftir að flutningar þessir fóru fram.

Guðmundur Gíslason læknir leggur til, eftir að hafa kynnt sér samgang fjár og aðstöðu í Hjaltadal, að fargað verði fé á tveimur bæjum öðrum en Hlíð, þ. e. Kálfsstöðum og Kjarvalsstöðum. Nefndin hefur ekki enn tekið ákvörðun um, hvort það verði gert."

Þetta er það, sem ég tel ástæðu til að lesa upp úr þessari skýrslu sauðfjársjúkdómanefndar frá 19. okt. Ég vil aðeins skjóta því hér inn í, — það er ekki víst, að öllum hv. alþm. sé það ljóst, — að þessi svonefnda mæðiveiki er tveir aðgreindir sjúkdómar, sem ekkert eiga skylt að því leyti, að þeir koma fram með sínum einkennum hvor um sig og eru að ýmsu leyti sérkennilegir. Önnur er hin svonefnda votamæði, sem ekki hefur orðið vart nokkurs staðar eftir fjárskiptin, og hin er þessi svonefnda þurramæði, sem hér hefur orðið vart við í þessum tveimur héruðum, sem ég nú hef lýst. En það, sem veldur mestum erfiðleikum með hana, er, að þetta er óþekktur sjúkdómur, sjálfsagt vírussjúkdómur, sem menn þekkja ekki og vita því í raun og veru ekki neitt, á hvern hátt hún getur borizt héraða á milli, og verður því raunverulega að vinna að nokkru leyti í þoku við þennan mikla vágest. Gerir það að sjálfsögðu allt erfiðara fyrir en ef sjúkdómsvaldurinn væri þekktur og hægt væri á þann hátt að kljást við hann.

Ég ætla aðeins að geta þess, að í tilraunastöðinni á Keldum hafa þeir nú um fleiri ár verið með rannsóknir varðandi þessa sýki og m. a. um það, hvort hægt væri að þræða það, á hvern hátt hún flyttist. Þeir telja þeim rannsóknum ekki komið það áleiðis enn, að rétt né hægt sé að gefa neitt út um það, sem gæti orðið að gagni á þessu stigi. Þess vegna er það ekki gert. En ýmislegt bendir til, að þar sé kannske verið á einhverju spori um það, að einhverju leyti a. m. k., hvernig sýki þessi getur flutzt frá einni kind til annarrar, með hverju hún getur flutzt og fleira í sambandi við þetta.

Ég skaut þessu aðeins inn hér, án þess að það sé í raun og veru ástæða til að fara um það fleiri orðum nú, því að það er ekki hægt að segja frekar um þetta.

Strax eftir að ég fékk þessa skýrslu, 20. okt., ákvað ég í samráði við ríkisstj. að hafa þann hátt á þessu máli, vegna þess hvað stórt það er, þ. e. a. s. tilfellið þarna í Dalahólfinu, að málið skyldi fyrst rætt með landbúnaðarnefndum Alþingis, sauðfjársjúkdómanefnd og aðalráðunaut hennar, Guðmundi Gíslasyni, áður en fullnaðartillögur kæmu fram frá sauðfjársjúkdómanefnd. En þessar till., sem felast í þeirri skýrslu, sem ég nefndi áðan, eru í raun og veru frekar bráðabirgðatillögur og urðu því vitanlega að breytast og verða ákveðnari. Það var síðan fundur hér fyrir fáum dögum, eða strax eftir þetta, bæði sameiginlegur fundur landbúnaðarnefnda og sauðfjársjúkdómanefndar og svo síðar héldu landbúnaðarnefndirnar fund með sér um málið. Það var ekki full eining í landbúnaðarnefnd um niðurstöðurnar, þannig að það var skilað tveimur álitum frá nefndinni, meiri- og minnihlutaáliti, sem ég á þessu stigi ætla ekki að fara inn á, en ég lét strax ganga til sauðfjársjúkdómanefndar, um leið og það lá fyrir. Og á grundvelli þess, sem þar kom fram frá landbn., hefur svo sauðfjársjúkdómanefnd skilað nýrri skýrslu um málið, sem ég meðtók í gær, og er n. sammála um þær niðurstöður, sem þar eru. Þessi skýrsla eða skýrslur bæði frá landbúnaðarnefndum og sauðfjársjúkdómanefnd eru nú til meðferðar í ríkisstjórninni, en eins og gefur að skilja, er ekki búið að ganga frá neinni niðurstöðu þar enn, og þess vegna

get ég ekki skýrt frá því nú og tel ekki rétt að gera það fyrr en ríkisstj. hefur kynnt sér málið betur og komið sér niður á till. í því, — eða ég, sem þetta mál náttúrlega heyrir nú undir í ríkisstj., — en ég tel málið það stórt, að það sé sjálfsagt, að ríkisstj. öll hafi um það að fjalla, áður en fullnaðarákvörðun verði tekin.

Ég skal aðeins geta þess, að í framhaldi af því, sem segir í skýrslunni frá 19. okt., hefur verið haldið áfram að slátra á þeim bæjum í Dalasýslu, sem vitað var að voru eitthvað sýktir. Nú mun vera búið að slátra þar á einum 8 eða 9 bæjum, og það er verið að slátra enn þá. Í gær og í dag er verið að slátra þessu fé. Þetta er jafnóðum rannsakað, eins og gefur að skilja, og á þann hátt leitað upplýsinga um það, á hvern hátt þessu skuli mætt að lokum.

Það er búið að slátra fénu í Hlíð í Hjaltadal, eins og fram kom í skýrslunni áðan. Auk þess hefur verið ákveðið að slátra á tveimur bæjum öðrum, sem Hlíðarfé sérstaklega gengur með, en þar hagar svo til, að það er einkennilega lítill samgangur af mörgum bæjum við Hlíðarfé, og ef engrar sýki gætir í fé frá þessum tveimur bæjum, sem þarna er um að ræða, þá eru a. m. k. afar miklar vonir til þess, að hér hafi verið um einstakt tilfelli að ræða, en ekki neitt almennt. En allt verður þetta náttúrlega að vera með spurningarmerkjum, eins og gefur að skilja.

Ég held nú, að ég sjái mér ekki fært á þessu stigi málsins að gefa frekari upplýsingar um málið. Ég tel, að ég hafi hér að fullu, eftir því sem hægt er, svarað fyrri lið fsp. um það, hve víða mæðiveikin hafi komið upp eftir fjárskipti nú síðast. Ég er ekki að rekja það, sem hefur gerzt fyrir mörgum árum í þessu sambandi. Það, sem nú er stærsta atriðið í þessu máli, er að fylgjast sem bezt og ýtarlegast með gangi veikinnar og haga aðgerðum í samræmi við það.

Um síðari liðinn get ég ekki sagt að þessu sinni, hvaða ráðstafanir ríkisstj. og sauðfjársjúkdómanefnd munu gera til að stemma stigu við veikinni. Ég hef þegar lýst þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera, en hvað langt verður gengið, eftir að ríkisstj. hefur kynnt sér þær till., sem nú liggja fyrir, kann ég ekki neitt um að segja á þessu stigi málsins. Það mun liggja fyrir innan fárra daga, og mun þá að sjálfsögðu vera hægt fyrir hv. alþm. að fá upplýsingar um það, annaðhvort beint frá því ráðuneyti, sem með þetta hefur að gera, eða þá með skýrslu hér í þinginu, ef þess skyldi verða óskað.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör þau, sem hann hefur gefið við fsp. minni, og þá fróðlegu skýrslu, sem hann hefur hér gefið um það, hvernig þetta mál horfir við nú í dag.

Ég hygg, að það sé öllum ljóst af þessari skýrslu, hafi þeim ekki verið það áður, að hér er um mikið og mjög alvarlegt vandamál að ræða og veruleg vá fyrir dyrum, ef mæðiveikin tekur nú að gjósa upp á hverjum stað á fætur öðrum, þar sem fjárskipti hafa farið fram, jafnvel fyrir mörgum árum. Það er að ýmsu leyti eðlilegt, að menn séu ekki á fyrstu vikum eftir svona atburði búnir að gera það fyllilega upp við sig, til hve róttækra ráðstafana sé nauðsynlegt eða skynsamlegt að grípa, og er ég því ekkert hissa á því, þótt ekki hafi fengizt fullnægjandi svör við síðari lið fsp. minnar. Það er þó öllum ljóst, að ráðstöfunum í þessu efni verður að flýta; málið er þannig vaxið, að það þolir ekki langa bið, og fróðlegt hefði vissulega verið að fá að heyra um helztu till. og álit hinna fróðustu manna um það, hvað gera beri.

Ég vil ekki hætta mér langt út í að fjalla um það, hvað eigi að gera í þessu máli. Þó virðist það augljóst hverjum leikmanni, að eitt hið allra brýnasta og nauðsynlegasta er að bæta og hressa við allar girðingar á milli sauðfjárhólfa og jafnvel taka til athugunar, hvort ekki háttar þannig til, að hægt sé án stórkostlegs kostnaðar að skipta stórum hólfum í tvö eða fleiri.

Það er án efa þýðingarlaust að tala um orðna hluti, ýmsar framkvæmdir þessara mála á liðnum árum, t. d. í sambandi við fjárskipti. Þó vil ég ekki ljúka þessum orðum án þess að láta í ljós þá skoðun, að ákaflega óvarlegt virðist leikmanni það, þegar fjárskipti fara fram, að taka fé inn sama haustið og niðurskurður hefur farið fram, en þetta hefur verið gert í ýmsum héruðum. Það er að vísu ákaflega eðlilegt, að bændur gætu illa sætt sig við það, sérstaklega í sauðfjárhéruðunum, að vera sauðlausir heilt ár, en þó hefði það vissulega verið betra en að fá mæðiveikina yfir sig aftur, ef hægt hefði verið að komast hjá því með því að hafa héruðin eitt ár sauðlaus. Hefði þá að sjálfsögðu verið skylda hins opinbera að gera sérstakar ráðstafanir í sambandi við þau héruð, þar sem svo var ástatt um, og má í því efni benda á það, að í öllum héruðum landsins og sveitum eru mjög mörg óleyst verkefni, sem hið opinbera hlýtur að láta leysa af höndum á nálægum tíma, vega- og brúargerðir o. s. frv., og hefði að sjálfsögðu verið eðlilegt, að sérstakar, verulegar fjárveitingar hefðu runnið til viðkomandi héraða til þess að auka atvinnu við slík störf. En það þýðir ekki að ræða mikið um þessa liðnu hluti. Hins vegar tel ég ekki nema gott, að fengizt hefur nú skýrsla um það, hvernig þessi mál standa, þó að ég hafi að vísu leyft mér að vænta þess, að frekari upplýsingar lægju nú fyrir um það, hvaða ráðstafanir talið er skynsamlegt og eðlilegt að gera.

3. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fsp. til iðnmrh. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum [83. mál, 1] (A. 114).

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. á þskj. 114 til hæstv. iðnmrh. um, hvað liði setningu reglugerðar um III. kafla laganna um öryggi á vinnustöðum. Í tilefni þessarar fsp. minnar vildi ég segja nokkur orð.

Fyrstu öryggislögin, er um getur með afskiptum ríkisvaldsins, eru lögin um eftirlit með verksmiðjum og vélum frá 27. maí 1928. Ári síðar, 9. júní 1929, tók til starfa öryggiseftirlit, er tveir stjórnskipaðir menn sáu um. Þannig var eftirlitið um 12 ára skeið, eða til ársins 1941, að lögunum var enn nokkuð breytt. Árið 1953 fóru hins vegar fram gagngerðar breytingar á lögunum. Tildrög þeirra breytinga voru fyrst og fremst till. hv. 5. landsk., Emils Jónssonar, er hann lagði fram með frv. sínu á þinginu 1948, þá sem iðnmrh., en eftir að hann lét af ráðherradómi, flutti hann málið á ný á þingunum 1949, 1950 og 1951. Á þinginu 1950 var frv. samþ. í Nd., að vísu nokkuð breytt, en Ed. vék málinu frá með rökstuddri dagskrá, sem var í því fólgin, að ríkisstj. skyldi falið að athuga, hvort ekki væri hagkvæmt og eðlilegt að sameina skipaskoðun ríkisins og verksmiðjueftirlitið undir eina yfirstjórn og hve mikið það fyrirkomulag mundi spara í útgjöldum. Á Alþingi 1951 flytur svo sami flm. frv. í hið fjórða sinn með þeim breytingum, sem Nd. hafði á því gert. Undir lok þess þings náði frv. loks fram að ganga og var samþ. sem lög frá Alþingi 22. janúar 1952.

Við meðferð þingsins hafði frv. að vísu tekið allmiklum breytingum. T. d. voru felld niður ákvæði III. kafla þess um sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, en í þess stað gert ráð fyrir, að, ráðh. setti um það sérstaka reglugerð að fengnum till. öryggismálastjóra. Það er þessi breyting, sem fyrri fsp. mín er byggð á.

Í öðru lagi var felldur niður úr frv. VII. kafli þess, sem gerði ráð fyrir skipun fimm manna öryggisráðs, m. a. með aðild Alþýðusambands Íslands, Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, en hins vegar er beint og óbeint gert ráð fyrir, að öryggismálastjóri geti kallað fulltrúa þessara aðila til ráðuneytis við sig um setningu reglugerðar o. s. frv., án þess að þeir séu til þess skipaðir með þeim skyldum, er því fylgja.

Með samþykki Alþingis á frv. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hefur verið viðurkennt af hálfu löggjafarvaldsins, að nauðsyn sé á haldgóðri löggjöf um öryggi og velferð verkamanna annars vegar og þá jafnframt að koma í veg fyrir það þjóðhagslega tjón, sem stafar af slysförum á vinnustað.

Iðnaðarsérfræðingur einn, sem kom hingað á vegum efnahagssamvinnustofnunarinnar í París árið 1950, lýsti þessu þjóðfélagstjóni þannig í ræðu, er hann hélt við brottför sína, með leyfi hæstv. forseta:

„Ykkar eigin skýrslur sýna, að á árinu 1944, 1945 og 1946 töpuðust 104231 vinnudagur og 22 mannslíf á vinnustöðum. Þar við bættust 37 starfsmenn, sem urðu með öllu óverkfærir af sömu orsökum. Þetta svarar til 417 starfsmanna í heilt ár, án þess að tekið sé tillit til þeirrar eymdar og þjáninga, sem þetta fólk og aðstandendur þeirra hafa orðið fyrir."

Það er óþarft í umr. um þessar fsp. að tilnefna fleiri dæmi um hina brýnu nauðsyn á því, að þessum lögum sé vel fylgt eftir og vel fyrir framkvæmd þeirra séð. Reglugerðin, sem um getur í III. kafla gildandi laga að sett verði af ráðherra, er einn veigamesti þáttur þessarar löggjafar. Meðan sú reglugerð er ekki komin í framkvæmd, er eðlilegt, að hinar vinnandi stéttir verði lítið varar við aukið öryggi. Þess vegna er nauðsynlegt að fá skýr svör um, hvað þessari reglugerð líði.

Hin síðari spurning mín, í hverju starf öryggiseftirlitsins sé nú fólgið, liggur í augum uppi að er fram borin í beinu framhaldi hinnar fyrri og þá jafnframt til þess að upplýsa, hvað nú þegar sé gert til öryggis hinum ýmsu starfsgreinum.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi skýr svör varðandi þessi mikilvægu atriði um slysavarnir, varnir gegn atvinnusjúkdómum, varnir gegn hinu gífurlega þjóðhagslega tjóni á vinnustöðum, sem þjóðin verður árlega fyrir af vankunnáttu og eftirlitsleysi í þessum efnum.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. sú, sem nú er verið að ræða um viðvíkjandi setningu reglugerðar, sem sé til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, er vinna í verksmiðjum, verkstæðum eða við sérhverja aðra starfsemi, og gert var ráð fyrir að sett yrði samkv. III. kafla laga frá 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, er mál, sem eðlilegt er að beri á góma og athugað sé, og það er enn fremur eðlilegt, að það sé nú farið að kalla eftir reglugerðinni, þar sem nú eru liðin meira en tvö ár síðan lögin voru sett. En eigi að síður eru eðlilegar orsakir til, að þessi reglugerð hefur ekki enn verið sett.

Það var snemma á árinu 1953 byrjað að vinna eftir hinum nýju lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og unnið eftir hinum eldri reglugerðum svo langt sem þær ná, þar til endurskoðun þeirra er lokið, en að því er nú stöðugt verið að vinna. Mjög hefur verið tekið upp náið samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar á sviði öryggismála. Koma forstjórar þeirra reglulega saman til þess að ræða það, sem hverju sinni er efst á baugi í þessum málum, með það fyrir augum að samræma reglur og framkvæmd eftirlitanna. Höfum við á þenn-

an hátt getað notfært okkur dýrmæta reynslu þjóða, sem komnar eru miklu lengra í þessum málum en við. Í þessu augnamiði eru á Norðurlöndum starfandi tvær nefndir. Önnur þeirra er skipuð fulltrúum frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en Finnland og Ísland, sem ekki eiga fulltrúa í nefndinni, eiga þess kost að fylgjast með störfum hennar og gera sínar athugasemdir, áður en hún sendir nokkuð endanlega frá sér. Hefur n. þessi þegar sent frá sér þrjár reglugerðir, sem eru þessar:

1. Almennar reglur um öryggisútbúnað véla, þ. e. leiðbeiningar fyrir þá, sem selja og setja upp vélar.
2. Reglur um öryggisútbúnað á hjámiðjupressum.
3. Reglur um prófun og öryggisútbúnað á dráttarsteina.

Hafa reglur þessar hlotið samþykki forstjóra eftirlitanna, en viðkomandi stjórnarvöld eiga eftir að staðfesta þær. Er nú verið að snúa þeim á íslenzku. Auk framangreindra reglna hefur n. næstum fullunnar reglur um öryggisútbúnað landbúnaðarvéla, kjötiðnaðarvéla og tréiðnaðarvéla. Hefur íslenzka eftirlitið fengið till. að reglum þessum til athugunar.

Hin nefndin, sem starfandi er og hefur það hlutverk að samræma kröfur og prófunarreglur fyrir persónuhlífar, er skipuð fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum. Á síðasta fundi sínum, sem haldinn var í september s. l., sendi n. þessi frá sér:

1) Reglur um höfuðhlífar.
2) Reglur um heyrnarhlífar.
3) Reglur um augnhlífar.
4) Bráðabirgðatillögur að reglum um öndunarhlífar.

Ekki hafa reglur þessar enn þá hlotið samþykki forstjóra eftirlitanna, en þess má vænta mjög bráðlega.

Snemma á næsta vori er ákveðið að nefndin komi saman til fundar, og er þá gert ráð fyrir, að hún gangi endanlega frá reglum um öndunarhlífar, sem nú liggja fyrir í bráðabirgðatillögum, eins og áður er sagt. Er þess þá einnig að vænta, að hún sendi frá sér reglur um arm- og fótahlífar, vinnuföt og líflínur og öryggisbelti. Ekki hefur þótt rétt að ganga endanlega frá reglum um hollustuhætti á vinnustöðum, fyrr en gengið hefur verið frá reglum um persónuhlífar, svo tengt sem þetta er hvað öðru. Reglur um öryggisútbúnað breytast lítið, en inn í þær verður bætt hinum nýju vélareglum. Má búast við, að reglur þessar verði tilbúnar á öndverðu komandi sumri. Unnið er einnig að samningu reglna um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu. Þegar hafa verið gefnar út reglugerðir um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa, öryggisráðstafanir og hollustuhætti í bifreiðaverkstæðum, öryggisráðstafanir við vinnu í geymum og kerjum. — Aðalstarf eftirlitsins er nú sem fyrr að líta eftir öryggisbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum. Hefur þó meir en áður verið lögð áherzla á bættan almennan aðbúnað verkamanna á vinnustað. Er stöðugt unnið að bættum loftræstiskilyrðum, auknum hreinlætistækjum, fatageymslum og bættum aðbúnaði, þar sem verkafólki er ætlað að matast á vinnustað. Hefur mikið unnizt á í þessu efni, þó að víða sé enn mjög ábótavant. Er hér hvoru tveggja um að kenna, áhugaleysi vinnuveitenda og slæmri umgengni verkamanna.

Þá var á öndverðu þessu ári tekið upp eftirlit með losun og lestun skipa, og er það komið allvel af stað hér í Rvík, enda mest nauðsyn eftirlitsins hér, því að tæki þau, sem notuð eru við þessa vinnu, eru að mestu eign skipafélaganna, svo að afgreiðslur úti á landi leggja þau ekki til nema að mjög litlu leyti. Eftirlit þetta er þó lítið eitt komið af stað á stærri stöðum úti á landi.

Að lokum má geta þess, að tekið hefur verið upp miklu fyllra eftirlit með alls konar farandvélum en áður var.

Ég ætla, að þegar þetta hefur verið sagt, geri hv. þm. sér ljóst, að ekki er eðlilegt, að reglugerð sé enn komin út samkv. lögunum frá 1952, og það væri vissulega rangt af okkur, ef við vildum ekki hafa samvinnu við hin Norðurlöndin og notfæra okkur þá reynslu, sem þau hafa. En eins og sagt hefur verið, eru nefndir starfandi á Norðurlöndum til þess að semja og undirbúa reglur á sama hátt og hér á að gefa út, og má búast við, að þetta geti verið fullgert á öndverðu næsta sumri.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það var að gefnu tilefni, að ég vil segja hér nokkur orð út af ræðu hv. fyrirspyrjanda. Hann upplýsti hér, að ákveðinn fjöldi vinnustunda hefði glatazt vegna slysa, sem orðið hefðu hér á Íslandi fyrir vanrækslu í eftirliti og ekki er hægt að skilja öðruvísi en að stafi frá því, að lögin um eftirlitið væru ekki nægilega ströng og helzt, eftir því sem mátti heyra á orðum hans, að væri að kenna iðnn. Ed. eða Ed. allri fyrir að hafa fellt út úr frv. ákveðinn kafla. Í þessu sambandi vil ég upplýsa, að iðnn. Ed. á sínum tíma athugaði mjög gaumgæfilega orsakirnar til þessara slysa og þess vinnustundatjóns, sem af þeim hlauzt. Og það var upplýst þar, að orsakirnar lágu ekki í vöntun á reglugerð eða lagaákvæðum, heldur beinlínis fyrir slælegt eftirlit í stofnuninni. Það var einnig upplýst á sama tíma, að forstjórar stofnunarinnar og starfsmenn höfðu þá allt að jafnháum launum fyrir að vinna í annarri ríkisstofnun sem kennarar við ríkisskóla, og sýndi, að þeir höfðu ekki varið öllum sínum tíma til þess að líta eftir þessum málum samkv. þeim reglugerðum og lögum, sem fyrir lágu. Og það var í þriðja lagi upplýst þá, að viðkomandi ráðuneyti hafði aldrei neitað að staðfesta nokkra þá reglugerð, sem forstjóri stofnunarinnar fór fram á að væri staðfest til öryggis eftirlitinu. Að síðustu vil ég benda á, að einmitt allan þennan tíma var það hæstv. iðnmrh., sem þá var Emil Jónsson, sem bar ábyrgð á stofnuninni eins og hún var á þeim tíma. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram fyrir þær athugasemdir, sem komu hjá fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Eggert Þorsteinsson): Ég vildi aðeins leiðrétta þann misskilning hjá hv. þm. Barð., að ég hafi á einn eða annan hátt verið að telja, að þau slys, sem þegar hafa orðið og eru að sjálfsögðu allt of mikil, og ég veit að okkur greinir ekki á um að séu of mikil meðan þau eru nokkur, væru fyrst og fremst því að kenna, að ekki hefðu verið til reglur til að forðast þau, heldur tók ég hér upp orðrétt eftir fulltrúa efnahagssamvinnustofnunarinnar það, sem hann sagði við brottför sína héðan árið 1950 um þessi mál. Ég taldi, eins og hv. þm. Barð. og er honum fyllilega sammála um, að það væri fyrst og fremst eftirlitsleysi, sem orsök þess væri. En hins vegar er því ekki heldur að leyna, að það hefur verið viðurkennt af hv. Alþingi, að lögin um þessi efni séu ekki nægjanlega góð og skýr, og þess vegna held ég, að hv. iðnn. Ed. hafi á sínum tíma ætlazt til, að sett yrði öflug og sterk reglugerð um þessi mál.

Ég vil svo að lokum þakka ráðherra mjög greinargóða ræðu, sem hann flutti, og svör við mínum spurningum og tek undir þær óskir hans, að þessi reglugerð megi sem fyrst koma til framkvæmda, og ítreka það, sem ég sagði í minni framsöguræðu, að verkamönnum og öðrum vinnandi stéttum í landinu er farið að lengja eftir henni, og þeim finnst harla lítill árangur vera í verki af framkvæmd þessarar löggjafar, sem sett var á sínum tíma. Með það í huga gerði ég þessa fsp. til þess að fá upplýst, eins og ráðh. gerði á mjög skilmerkilegan hátt, hvað liði þessum reglum, og ég vænti þess, að það liggi nú ljósara fyrir mönnum en áður, að það er verið að vinna í þeim, það er verið að gera það fyrir nýja reglugerð, sem mögulegt er til endurbóta, í samráði við hin Norðurlöndin. Ég tek því undir óskir hans um, að það líði ekki langur tími þangað til hinar vinnandi stéttir megi sjá einhvern árangur af setningu þessarar löggjafar í raun og sannleika.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. þm. Barð. Ég skal ekki fara að deila við hann um það, hvort öryggiseftirlit ríkisins hefur verið rækt vel eða illa, en hitt vil ég fullyrða, að möguleikarnir til þess að rækja það vel voru ekki fyllilega fyrir hendi, þar sem á skorti ýmis atriði í löggjöf um þessi efni. Um það var barizt hér á Alþingi hvorki meira né minna en í fjögur ár. Hann sagði, að ég hefði verið við stjórn iðnaðarmála þennan tíma, og það er rétt, en ég flutti frv. strax 1948 og aftur 1949, 1950 og 1951 um það að fá þeim atriðum kippt í lag, sem lagfæra þurfti til þess að gera eftirlitið eins „effektivt" og mögulegt var. Þetta fékkst fyrst gert á þinginu 1951.

Ég vil aðeins taka það fram, að grundvöllurinn undir það, að eftirlitið geti verið fullkomlega og örugglega rækt, er, að það finnist lagastafur eða reglugerðarákvæði, sem hægt er að byggja á, og fyrr en það er fyrir hendi, getur þetta eftirlit ekki orðið eins og það á að vera.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel, að þessi fsp., sem hér hefur fram komið, sé mjög tímabær og sé vel, að hún hafi komið fram. Það er ekki lengra síðan en nokkrar vikur, að suður á Keflavíkurflugvelli varð dauðaslys, og það er álit þeirra manna, sem þar til þekkja, að það slys hefði ekki þurft að verða, ef hefði verið gætt þeirrar varasemi og hefði verið fylgt þeim reglum, sem á að fylgja við útbúnað um öryggi á vinnustað. Máske gilda aðrar reglur um öryggi á vinnustað þar suður frá en annars staðar?

Ég vil aðeins benda á þetta hér, vegna þess að þetta er svo nærtækt. Það er vitanlega hægt að koma með ótal dæmi, sem sýna það og sanna, að öryggi á vinnustað er ekki eins vel framfylgt og ætti að vera. Eftirlitið er langt frá því að vera eins fullkomið og nauðsynlegt er. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er, að vanalega er fyrst farið að hugsa um öryggi eftir að slysin hafa orðið, því miður. Það er eitt, sem þeir aðilar, sem um þessi mál eiga að fjalla, verða að hafa í huga, og það er að útiloka, eftir því sem frekast er hægt, slys á vinnustöðunum. Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í; og til þess eru þau dæmi um slys, sem hafa orðið, of alvarleg. Það ber þegar að sjá um, að þeim reglugerðum, sem um þessi mál fjalla, sé framfylgt til hins ýtrasta og þeim aðilum, sem um verk sjá, þ. e. atvinnurekendum og verkstjórum, gert að skyldu að gæta fyllsta öryggis á vinnustað og ströng viðurlög lögð við, ef settum reglum er ekki framfylgt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil út af ummælum frá hv. 5. landsk. (EmJ) aðeins benda á, að það er misskilningur, að það hafi vantað grundvöllinn undir eftirlitið þann tíma, sem hann stjórnaði þessum málum. Það sýndi sig við samanburð á löggjöfinni og frv., sem hann flutti allan tímann hér á þinginu, að það var langsamlega mest reglugerðarákvæði, sem um var deilt og hægt var að koma í framkvæmd, ef hann sem ráðh. hefði viljað gefa slíkar reglugerðir út. Það var eitt atriði m. a., sem var deilt um mjög á þeim tíma, og það var um það, hvort ætti að greiða skoðunargjöldin til sýslumannanna í landinu, hvort sem skoðun færi fram eða ekki, eða eftir hverja skoðun. Og það var sett inn af Ed., að skoðunargjöldin skyldu greidd að skoðuninni lokinni til þess að fá fulla tryggingu fyrir því, að skoðun færi fram, því að það var vitað, að öll þessi ár voru gjöldin innheimt af lögreglustjórum og sýslumönnum í landinu, án þess að skoðanir kannske færu fram. Þetta var ein meginástæðan fyrir því, að eftirlitið var svo lélegt sem það var, svo að það er engan veginn rétt, að það hafi vantað grundvöll undir eftirlitið. Það vantaði, að eftirlitinu væri fylgt fram á grundvelli þeirra reglugerða og laga, sem fyrir voru.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins skírskota til þeirra, sem þetta frv. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hafa séð, hvort eng-

ar breytingar felist í því frá fyrri löggjöf, eins og hv. þm. Barð. nú vill halda fram. Það var einmitt vegna þess, að í frv. fólust margar og víðtækar breytingar, að hv. alþingismenn voru eins lengi að samþykkja það og raun varð á. Ef litlar eða engar breytingar hefðu verið í frv., þá hefði sjálfsagt ekki þótt ástæða til þess að draga það eins lengi og gert var. En ástæðan fyrir því, að eftirlitið hefur ekki getað verið eins og það þurfti að vera, er vissulega sú, að það hefur vantað lagaákvæði og reglugerðarákvæði til þess að byggja á.

4. Sparifjáruppbætur (fsp. GÞG og HG).

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um sparifjáruppbætur [83. mál, 2] (A. 114).

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gengisskráningarlögunum, nr. 22 frá 1950, segir svo í 13. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Af skatti þeim, sem innheimtist samkv. 12. gr. (þ. e. a. s. stóreignaskattinum), skal 10 millj. kr. varið til þess að bæta verðfall, sem orðið hefur á sparifé einstaklinga, þ. e. einstakra manna, en ekki félaga, stofnana, sjóða eða annarra ópersónulegra aðila. Til sparifjár telst í þessu sambandi fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar lánsstofnanir, sem eins stendur á um að þessu leyti; enn fremur innstæður einstaklinga í verzlunarreikningum, sem venjulegir innlánsvextir sparisjóða hafa verið greiddir af, enda liggi fyrir yfirlýsing skattanefnda um innstæðuna og skattgreiðslu af henni."

Síðan eru nokkur nánari ákvæði í gr. um framkvæmd á greiðslu þessarar uppbótar. Hér var m. ö. o. gert ráð fyrir því, að um 10 millj. kr. skyldu greiddar sparifjáreigendum sem uppbót fyrir það verðfall, sem orðið hafði á sparifé einstaklinga og gert var ráð fyrir að verða mundi til viðbótar vegna þeirra ráðstafana, sem lögin fjölluðu um, þ. e. a. s. gengisskerðingar íslenzku krónunnar.

Tvö ár liðu frá samþykkt þessarar lagagreinar, og ekkert bólaði á því, að sparifjáreigendum væri greidd þessi fjárhæð, ekkert bólaði á því, að skýlausum lagaákvæðum væri hlýtt. Þá bar ég fram fsp. um það hér á hinu háa Alþ., hvað liði greiðslu sparifjáruppbótanna. Þáverandi hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, svaraði því til, að drátturinn á greiðslu uppbótanna stafaði af því, að stóreignaskatturinn, sem uppbæturnar skyldu greiðast af, hefði ekki verið innheimtur fyrr en á því ári, árinu 1952, en þar sem innheimtu hans væri að verða lokið, mundu uppbæturnar greiddar innan skamms. Nú eru aftur liðin tvö ár frá því, að þessi fsp. var fram borin og þessi svör gefin, og enn bólar ekkert á því, að sparifjáreigendur fái greitt þetta fé, enn bólar ekkert á því, að hæstv. ríkisstj. sjái ástæðu til þess að hlýða lögum, sem hún sjálf setti fyrir fjórum árum. Þess vegna höfum við hv. 4. þm. Reykv. leyft okkur að bera fram fsp. á þskj. 114 um það, hvers vegna sparifjáreigendum hafi ekki enn verið greiddar þessar uppbætur, sem lögákveðnar voru með gengislækkunarlögunum.

Nú er ekki lengur hægt að bera því við, að fé sé ekki fyrir hendi. Það er búið að liggja í ríkissjóði í einhverju formi í tvö ár, hver svo sem ástæðan kann að vera fyrir því, að það er ekki komið í hendur réttra aðila, sparifjáreigendanna. Við því vænti ég, að hæstv. ríkisstj. gefi þau svör, sem við verði unað.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér finnst eðlilegt, að það sé vakin athygli á þeim drætti, sem orðið hefur á greiðslu uppbóta, sem gert er ráð fyrir samkv. lögum, eins og rætt var um hér áðan. En það er ástæðulaust að vera með stóryrði, um leið og upplýsinga er leitað í þessu efni, — ég kalla það stóryrði að tala um það, að ríkisstj. hlýði ekki þeim lögum, sem sett hafa verið, og að þessi dráttur sé þegar orðinn óhæfilegur. Ég hygg, að það megi færa fram skýr rök fyrir því, að þessi dráttur, enda þótt nokkuð langur tími sé liðinn, sé að mestu leyti eðlilegur, og kemur þar margt til greina.

Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, var stóreignaskatturinn ekki innheimtur fyrr en í árslok 1952. Áður en það hafði verið, var vitanlega ekki unnt að útbýta þessum 10 milljónum til hinna mörgu sparifjáreigenda, sem áttu kröfu á uppbót. En það varð snemma á árinu 1953, sem innköllun til sparifjáreigenda um lýsingu kröfu um uppbætur á sparifé var gefin út. Kröfulýsingarfrestur var til 25. okt. það ár. Að þeim fresti liðnum komu fram allmargar umsóknir, sem ekki höfðu borizt í tæka tíð. Varð þá að ráði, að Landsbankanum og innlánsstofnunum skyldi heimilt að taka við umsóknum til ársloka 1953. Alls bárust tæplega 12 þús. umsóknir. Við athugun innlánsstofnana reyndust rúml. 11 þús. þeirra réttar, að því er snerti innstæðufjárhæð í árslok 1941 og í lok júnímánaðar 1946. Innstæðufjárhæðir samkv. þessum rúml. 11 þús. umsóknum námu alls rúml. 28 millj. kr. Athugun á innstæðufjárhæðum í innlánsstofnunum var ekki lokið fyrr en í apríl s. l., og hygg ég, að það hafi eigi að síður verið unnið vel að því að athuga þetta.

Það var skilyrði til bóta, að innstæðufjárhæðin hefði verið talin fram til skatts. Var því skattstofunni í Reykjavík og ríkisskattanefnd falið að sannreyna þetta skilyrði. Voru umsóknir sendar þessum aðilum í maímánuði s. l.

til að taka hverja umsókn og bera hana saman við framtal umsækjanda. Þar sem þetta er mikið verk, þótti ekki tiltækilegt að fara yfir framtöl manna öll árin 1942—1946, heldur voru aðeins tekin framtöl 1942 og 1946, en framtölum árin þar á milli sleppt. Ofangreindri athugun skattyfirvalda er nú nýlokið. Er nú næsta skrefið í þessu efni að bera saman innstæðufjárhæðir og framtaldar fjárhæðir. Er Landsbankinn nú að vinna að því.

Í þessu sambandi koma upp ýmis vafaatriði, sem skera þarf úr, en endanlegar prósentur bótanna er ekki unnt að reikna út, fyrr en allar umsóknir hafa verið úrskurðaðar. Telja þeir, sem að þessu vinna, að bótagreiðslur geti ekki hafizt fyrr en í byrjun næsta árs, í janúar eða febrúar.

Augljóst er, að mikið verk er að úthluta sparifjáruppbótunum. Sérstaklega hefur framtalsskilyrðið valdið miklum erfiðleikum. Ég hygg, að ef menn gera sér ljóst, hversu mikil vinna er í þessu fólgin, þá telji hv. þingmenn, að þessi dráttur sé eðlilegur. Og það er vitanlega aðalatriðið, að ríkisstj. ætlar sér að standa við það, sem segir í lögunum, að deila út áður nefndum 10 millj. kr. til sparifjáreigenda í réttu hlutfalli við innstæður þeirra, eftir að sannreynt hefur verið, að krafan er á rökum reist.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þessar upplýsingar um málið, en jafnframt harma ég það, að svo mikill dráttur skuli hafa orðið á þessu sem hann nú staðfestir að hafi orðið og að ekki skuli von á endanlegri greiðslu uppbótanna fyrr en einhvern tíma á næsta ári.

Annað vekur athygli í þessu sambandi. Það er, að um 12 þús. aðilar skuli hafa reynzt eiga rétt til þessara sparifjáruppbóta, þ. e. a. s. 10 milljónanna. Það lætur því nærri, að rúmar 800 kr. komi að meðaltali á hvern rétthafanna sem endurgjald ríkisvaldsins fyrir það tjón, sem sparifjáreigendur hafa orðið fyrir vegna fjármálapólitíkur íslenzkra valdhafa undanfarna áratugi, og það tjón, sem þeim var valdið með skerðingunni á krónunni árið 1950. Þetta verða sannarlega kallaðar hundsbætur. Engin íslenzk stétt, ef tala má um stétt í þessu sambandi, hefur orðið jafnharkalega fyrir barðinu á skammsýnni og ósanngjarnri fjármálapólitík íslenzka ríkisvaldsins og einmitt sparifjáreigendur. Það, sem þeir hafa safnað saman, oft og einatt á langri ævi, hefur hvað eftir annað verið skert með verðbólgupólitík ríkisvaldsins og hverri gengislækkuninni á fætur annarri. Það eina, sem ríkisvaldið treystir sér til að gera gagnvart þessu fólki, gagnvart þessum fjölmenna hóp manna, sem innir af hendi mikið og bráðnauðsynlegt hlutverk í íslenzkum þjóðarbúskap, er að rétta þeim eftir áratuga rangindi 800 kr. að meðaltali hverjum og draga það auk þess í fjögur ár að gera þetta, vitandi það, að verðgildi þessara peninga rýrnar enn um allt að því fjórðung á þessum fjórum árum, sem peningunum er haldið fyrir þeim. Þetta verður ekki kallað að gera vel við aðila, sem þó er viðurkennt af öllum að inni af hendi þjóðnýtt hlutverk. Þetta heitir — því miður — að gera illa við þá.

En ef þessi fsp. gæti orðið til þess að ýta á eftir framkvæmdum í málinu, þá tel ég, að hún hafi ekki að ófyrirsynju verið fram borin.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Hv. fyrirspyrjandi vildi harma það, að greiðslu á uppbótinni væri ekki lofað fyrr en einhvern tíma á næsta ári, en ég gat um, að það yrði í byrjun næsta árs, í janúar eða febrúar. Og þótt það sé staðreynd, að nú séu liðin fjögur ár síðan lögin voru sett og bæturnar ákveðnar, þá skilst mér á hv. fyrirspyrjanda, að hann telji eftir atvikum eðlilegan þann drátt, sem orðið hefur á þessu, þegar allt er athugað ofan í kjölinn. Eða er hægt að ásaka skattanefndirnar, er hægt að ásaka bankana og aðra, sem hafa haft með innheimtuna að gera, fyrir það, að þeir hafi unnið slælega að þessu máli? Ég held ekki. Hitt er svo aftur annað mál, þegar talað er um verðminnkun peninganna og dýrtíðina. Það út af fyrir sig kemur ekki þessu máli við. Og ég hélt, að hv. fyrirspyrjandi mundi ekki blanda því saman.

Við getum út af fyrir sig verið sammála um það, að til jafnaðar 800 kr. bætur til sparifjáreigendanna séu ekki háar bætur. Við getum verið sammála um það, að það sé út af fyrir sig raunalegt, að verðgildi peninganna hafi farið minnkandi og að til þess þurfti að grípa að lækka gengi íslenzku krónunnar, til þess að íslenzkt atvinnulíf strandaði ekki. En ég vil aðeins taka það fram við þessar umræður, úr því að minnzt var á peningamál og verðlagsmál, að það kemur úr hörðustu átt, þegar þessi maður og hans flokkur fara að gagnrýna verðlagsmálin og dýrtíðarmálin, vegna þess að þeir, sem eru kunnugir þingsögunni, þeir sem eru kunnugir íslenzkum atvinnumálum og íslenzkum stjórnmálum, minnast ekki, að frá þessum hv. þm. eða þessum flokki hafi komið raunhæfar till. til bjargar íslenzkum gjaldmiðli eða nokkur sú till., sem gæti komið í veg fyrir verðrýrnun peninganna.

Ég tel rétt að taka þetta fram að gefnu tilefni, enda þótt það út af fyrir sig komi ekki þessari fsp. við, þar sem spurt var um það, hvað liði greiðslu uppbóta á sparifé.

Hannibal Valdimarsson: Mér þótti heldur gusta frá fulltrúa gengislækkunarríkisstjórnarinnar núna og tel alveg ástæðulaust, að sá fulltrúi fái að sleppa með það, að hann sé ekki minntur á það, að ríkisstj. byrjaði sinn feril með gengislækkun og hefur haldið þeim ferli sífellt áfram og hefur á þessari braut stigið fyrst og fremst bátagjaldeyrisskrefið, síðan hefur verið bætt ofan á núna togaragjaldeyri og hver ráðstöfunin rekið aðra til þess að efla dýrtíðarflóðið á þjóðina. Það kostaði margra vikna verkfall að knýja hæstv. ríkisstj. til að gera nokkrar ráðstafanir til verðlækkunar í landinu. Jú, það varð til þess að fá endi bundinn á verkfallið, gefin góð loforð um að gera verðlækkunarráðstafanir, en það hefur verið illa staðið við þær. Og það er þess vegna enginn

í þessu landi, sem er eins á veginum til glötunar með íslenzkan gjaldeyri og hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa.

5. Launalög.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um endurskoðun launalaganna [83. mál, 3] (A. 114).

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Því miður eru þingsköp þannig, að þegar fyrirspurnir eru til umræðu, er hverjum þm., jafnvel fyrirspyrjanda, aðeins leyft að taka til máls tvisvar sinnum. Þetta veit auðvitað hæstv. viðskmrh. Þess vegna var það heldur lítið riddaralegt af honum, þegar hann vissi það, að ég hafði lokið mínum tveim stuttu fimm mínútna ræðum, að hefja þá stórpólitískar umræður með almennum ásökunum á mig og flokk minn fyrir það að hafa ekki lagt fram tillögur til lausnar á dýrtíðarvandamálinu. Ég get í þessari ræðu minni auðvitað ekki svarað þessu, en vil þó aðeins minna hann á það, að eina frv., sem fram hefur komið á Alþ. í seinni tíð um hækkun á gengi íslenzku krónunnar, kom frá Alþfl. á fyrri árum stríðsins, þegar skilyrði voru til þess af efnahagslegum ástæðum að hækka gengi krónunnar. Ekki veit ég, hvort hæstv. ráðh. var kominn á þing þá, en þetta ætti hann a. m. k. að vita, þegar hann er kominn jafnhátt í valdastiganum og hann er núna kominn. Enn fremur lagði Alþfl. fram í styrjöldinni hvað eftir annað tillögur um allsherjar lausn á dýrtíðarvandamálinu. — Frekar ræði ég málið ekki.

Þá sný ég mér frá þessu, sem ég sagði að gefnu tilefni, og að fsp., sem nú er til umræðu.

Gildandi launalög eru frá árinu 1945. Þegar þau voru sett, voru þau þegar orðin úrelt og urðu það enn meir á allra næstu árum. Opinberir starfsmenn drógust þá eins og oft áður aftur úr öðrum launastéttum. Þetta var viðurkennt að nokkru þremur árum seinna, árið 1949, en þá skipaði hæstv. þáverandi ríkisstj. nefnd manna til þess að gera tillögur um breyt. á launalögunum.

Þessi endurskoðun leiddi til þess, að laun opinberra starfsmanna voru hækkuð um 10—17%. Þessi launahækkun var þó ekki leidd í lög, heldur var hún fyrst greidd samkv. þál., og nú hin síðari ár — ég held aðeins eitt eða tvö — hefur hún verið greidd samkv. ákvæðum í fjárlögum. En lögfest með venjulegum hætti hefur þessi launauppbót aldrei verið. Þegar verkfallið mikla var háð 1952 með sigri launþegasamtakanna, sem það verkfall háðu, urðu opinberir starfsmenn einnig aðnjótandi nokkurra launabóta í samræmi við niðurstöðu verkfallsins. Þessi launahækkun hefur verið lögfest í sérstökum lögum, sem framlengd hafa verið frá ári til árs, og liggur frv. um framlengingu á þeim enn fyrir þessu þingi.

Opinberir starfsmenn búa því nú við það ástand um launamál sín, að löggjöfin, sem um þau gildir, er orðin næstum áratugsgömul og algerlega úrelt. Þeim eru greiddar nokkrar bætur samkv. sérstökum lögum, en verulegur hluti uppbótanna, sem þeir nú njóta, er greiddur án sérstakrar lagaheimildar. Þetta er í sjálfu sér algerlega óviðunandi ástand fyrir jafnstóra starfsstétt og opinberir starfsmenn eru. Þetta mun hæstv. ríkisstj. einnig hafa viðurkennt — með sjálfri sér a. m. k. — öðru hverju, því að hún mun hafa skipað n. fyrir þrem eða fjórum árum til þess að framkvæma enn nýja endurskoðun á launalögunum. Hún mun hafa lokið störfum, Bandalag opinberra starfsmanna fengið till. hennar til úrlausnar, sent ríkisstj. sínar till., en hún ekkert aðhafzt í málinu. Og nú nýlega er mér tjáð, að ríkisstj. hafi skipað enn eina n. til þess að endurskoða þessi mál og hún muni nú vera starfandi. En opinberir starfsmenn eru að vonum orðnir langeygir eftir því í fyrsta lagi, að núverandi laun þeirra verði lögfest, og svo í öðru lagi, að launalögunum í heild verði breytt og nokkur bót ráðin á því misrétti, sem enn hefur skapazt varðandi laun opinberra starfsmanna og laun annarra sambærilegra starfsstétta í þjóðfélaginu.

Af þessum sökum hef ég leyft mér að bera fram fsp. um það, hvað líði endurskoðun launalaganna og hvort þess sé að vænta, að frv. til nýrra launalaga verði lagt fyrir yfirstandandi þing.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Árið 1949 var skipuð n. til þess að endurskoða launalögin frá 1945. Á árinu 1950 hafði þessi n. samið frv. að nýjum launalögum. Þetta frv. var afhent stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til athugunar og umsagnar. Hefur frv. verið til meðferðar hjá bandalaginu síðan. En hinn 29. okt. s. l. sendi bandalagið ráðuneytinu álit sitt ásamt ýmsum fylgiskjölum. Á s.l. sumri bar svo stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fram þá ósk, að skipuð yrði ný n. til þess að ganga frá þeirri endurskoðun launalaganna, sem hófst með skipun nefndarinnar 1949. Varð ríkisstj. við þeirri ósk, og er n. nú tekin til starfa og er að störfum.

Þess er vart að vænta, að frv. til nýrra launalaga verði lagt fyrir yfirstandandi þing, þar sem mjög mikið starf er óunnið, til þess að hægt sé að ganga frá nýju frv.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp., en verð jafnframt að láta í ljós vonbrigði yfir því, að þess skuli ekki að vænta, að frv. til nýrra launalaga verði lagt fyrir þetta þing.

Hæstv. ráðh. virðist hafa tilhneigingu til þess að skella skuldinni vegna þess óhæfilega langa dráttar, sem orðið hefur á endurskoðun launalaganna, á Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Hvað rétt er í þeim efnum, vil ég ekki fullyrða. En höfuðábyrgðina gagnvart opinberum starfsmönnum í heild ber ríkisstj. sjálf, og henni getur hún ekki velt yfir á nokkurn annan aðila. Það óréttlæti, sem opinberir starfsmenn eiga við að búa, er, eins og ég sagði áðan, orðið algerlega óviðunandi. Þeir hafa ekki fengið neitt líkt því hliðstæðar uppbætur á laun sín og flestar, ef ekki allar starfsstéttir þjóðfélagsins hafa fengið. Það er ekki við því að búast, að vinnufriður haldist lengi á þessum markaði, ef ekki verður gripið til skjótra aðgerða í málinu. Ég harma það sem sagt, ef ekki er von á frv. um þetta efni, og vildi mjög mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann ýtti sem allra mest á eftir n. þeirri, sem nú starfar að endurskoðun launal., þannig að frv. geti orðið tilbúið af hennar hálfu sem allra fyrst.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er kunnugt, að ein stétt starfsmanna í þjónustu ríkis og ríkisstofnana, verkfræðingar, hefur lagt niður störf og gengið úr vistinni. Þetta er auðvitað afleiðing af því, að þeir telja launakjör sín samkv. launalögum vera orðin óviðunandi með öllu. Með öðru móti er ekki hægt að skýra þetta óvenjulega atvik, að heil stétt skuli hafa sagt upp störfum hjá ríkinu.

Nú er vitað, að þegar hafa skapazt mikil vandkvæði af þessu, en aðallega koma vandkvæðin af því í ljós, að verkfræðingarnir hafa lagt niður störf sín og farið til annarra starfa, á næsta ári. Það er alveg áreiðanlegt, að það verða mikil vandkvæði á því fyrir vitamálastjórnina að framkvæma verk við hafnargerðir, þegar hún hefur ekki haft sína verkfræðilegu þjónustu á þessu yfirstandandi ári. Sama er að segja hjá vegamálastjóra, og alveg sama sagan endurtekur sig hjá raforkumálastjóra, og er þarna sjálfsagt um tugi starfsmanna að ræða, sem hafa átt að annast tæknilegan undirbúning að mannvirkjum hjá ríkinu og ríkisstofnunum, sem einmitt ættu að koma til framkvæmda á næsta ári, en þá bitna á okkur afleiðingarnar af þessu ástandi.

Í sambandi við þetta mál, sem hér liggur nú fyrir, langar mig því til að spyrja hæstv. ríkisstj., úr því að ekki er von á launalögum frá henni á þessu þingi og allt situr þannig við það sama við þau óheyrilega lágu launakjör, sem starfsmenn ríkisins eiga nú við að búa, hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst að ná aftur verkfræðingunum í þjónustu sína, svo að afstýrt verði alvarlegum afleiðingum af því að vera verkfræðingalaus á þessu ári. Hvaða ráðstafanir eru undirbúnar af hæstv. ríkisstj. til bráðabirgða til þess að leysa þetta mál, eða hyggst ríkisstj. að komast af án verkfræðinga, þangað til ný launalög hafa verið sett einhvern tíma á næsta ári?

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 1. landsk. þm. (GÞG) sagði eitthvað á þá leið, að hæstv. ráðh. mundi hafa tilhneigingu til að skella skuldinni á bandalag opinberra starfsmanna. Ég vil taka það greinilega fram, að ég hef ekki skellt nokkurri skuld á neinn, aðeins sagt frá staðreyndum.

Ég gat um, að þess væri vart að vænta, að frv. til nýrra launalaga verði lagt fyrir yfirstandandi þing, þar sem mikið starf væri óunnið að launalögunum. En ég get bætt því við, að þar með er ekki sagt, að launamál opinberra starfsmanna eða einhver þáttur þeirra geti ekki komið til meðferðar á þessu hv. Alþingi.

6. Verkfræðingar í ríkisþjónustu.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um samninga við verkfræðinga í þjónustu ríkisins [83. mál, 4] (A. 114).

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem alkunnugt er og þegar hefur lítillega verið vikið að nú hér á hinu háa Alþingi, hurfu á s. l. sumri úr þjónustu ríkisins nær allir verkfræðingar, sem þar hafa starfað undanfarið, svo að ríkið er nú algerlega verkfræðingalaust. Verkfræðingar sögðu yfirleitt alls staðar upp störfum, þar sem þeir störfuðu hjá opinberum eða hálfopinberum fyrirtækjum. Stóð nokkurn tíma í samningum milli þeirra og hinna ýmsu opinberu eða hálfopinberu aðila, sem þeir höfðu unnið hjá.

Mér er nú tjáð, að stéttarfélag verkfræðinganna hafi náð samningum við alla þá aðila, sem þeir áður unnu hjá, nema ríkisstjórnina. Fyrsti heildarsamningurinn, sem verkfræðingarnir gerðu, var við Reykjavíkurbæ, en Reykjavíkurbær er sá opinberi aðili í landinu, sem mestra hagsmuna hefur að gæta í þessu sambandi, að ríkinu sjálfu frátöldu. Þar var gerður kjarasamningur þess efnis, að mánaðarlaun verkfræðinga á 1. og 2. starfsári skuli vera 4265 kr., á 3.—9. starfsári 4480 kr. og á 10. starfsári og þar yfir 4585 kr., en deildarverkfræðingar skuli hafa nokkru hærri laun á mánuði, 4710 kr., og yfirverkfræðingar 4965 kr. Auk þess var samið við verkfræðingana um, að þeir ynnu reglubundna aukavinnu, samtals 260 stundir á ári, sem skyldi greiðast með 45—65 kr. á klst., en deildarverkfræðingar og yfirverkfræðingar fá 15% og 30% álag á þá fjárhæð. Mér hefur skilizt, að laun almennra verkfræðinga í þjónustu Reykjavíkurbæjar verði með þessu móti frá 62—73 þús. kr. á ári, en deildarverkfræðinga og yfirverkfræðinga nokkru hærri. Þegar þessi samningur hafði

verið gerður við Reykjavíkurbæ, gerði stéttarfélag verkfræðinga samning við Vinnuveitendasamband Íslands í aðalatriðum á sama grundvelli. Einnig hefur verið samið við Félag íslenzkra iðnrekenda. Enn fremur hefur verið samið við ýmsar hálfopinberar ríkisstofnanir, sem telja sér heimilt að ráða starfsmenn án þess að spyrja yfirmenn sína í stjórnarráðinu um leyfi, svo að alls staðar munu verkfræðingar vera aftur komnir til starfa nema hjá ríkisvaldinu sjálfu, og hafði þó engin stofnun jafnmikla þörf fyrir það að njóta áfram starfskrafta þessara sérfræðinga og einmitt ríkisvaldið. Það hefur mjög háð ýmissi fjárfestingarstarfsemi ríkisvaldsins á s. l. sumri, að verkfræðingar hafa ekki verið fyrir hendi til þess að inna af hendi nauðsynleg sérfræðistörf í því sambandi, og mun þó enn þá meir há fjárfestingarstarfsemi ríkisvaldsins á næsta sumri, ef ekki verður skjótlega ráðin bót á þessu. Af þessum sökum hef ég leyft mér að bera fram fsp. um það, hvers vegna ríkisstj. hafi ekki enn þá samið við þá verkfræðinga, sem hurfu úr þjónustu ríkisins á s. l. sumri, og tekið þá aftur í þjónustu sína.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil taka fram út af þessari fsp., að verkfræðingar þeir, sem hurfu úr þjónustu ríkisins á s. l. sumri, hafa gert launakröfur, sem eru í ósamræmi við launagreiðslur til opinberra starfsmanna, og hefur því ekki verið samið enn þá. Málið er í athugun hjá ríkisstj., og meira er ekki hægt að segja á þessu stigi málsins um það.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Ég þakka hæstv. ráðh. svarið, þó að býsna hafi það verið stuttaralegt.

Ég fæ ekki séð, að það geti verið nægileg ástæða fyrir því að verða af starfskröftum jafnmikilvægrar starfsstéttar og verkfræðingarnir eru, að þó að gengið yrði að kröfum þeirra eða samið við þá á svipaðan hátt og Reykjavíkurbær hefur samið, Vinnuveitendasamband Íslands hefur samið, Félag íslenzkra iðnrekenda hefur samið, þá mundi það valda óviðunandi misrétti í launakjörum ríkisins.

Það er gömul saga, sem hæstv. fjmrh. og ýmsum öðrum stuðningsmönnum núverandi ríkisstj. er kunnug, að þar ríkir nú þegar mjög mikið misrétti í launagreiðslum ríkisins. Þótt samningur verkfræðinganna við Reykjavíkurbæ yrði gerður að samningi ríkisins við stéttarfélag verkfræðinganna, þá efast ég um, að það skapaðist svo mikið ósamræmi, að ekki mætti benda á hliðstæður í öðrum starfsgreinum ríkisins, sem væru nákvæmlega eins. Ég trúi því ekki, að óttinn við misræmi í launagreiðslum valdi því eingöngu, að ekki hafa hér komizt á samningar. Það er kunnugt, hefur komið fram opinberlega, að ýmsar tungur, ef til vill illar tungur, hafa sagt, að núverandi ríkisstj. hafi í raun og veru gripið uppsögn verkfræðinganna fegins hendi, vegna þess að hún hafi haft mikinn hug á því að takmarka ýmsa fjárfestingarstarfsemi ríkisins, þótt það aðeins gott í raun og veru að fá þessa afsökun fyrir því að draga úr ýmsum framkvæmdum, sem erfitt hefði verið að afla fjár til á s. l. sumri, og líkt væri hugsað til næsta sumars. Ég vil ekki gera hæstv. ríkisstj. slíkar getsakir, en mér finnst hún þurfa að bera fram einhverjar skýrari og gleggri skýringar á því, hvers vegna er ekki gengið a. m. k. að samningaborði og þrautreynt að ná skynsamlegum samningum. Aðrar skýringar og betri á því máli þarf að fá. Og það vil ég endurtaka að síðustu, að það er ekki viðunandi, að svo fari fram sem gert hefur. Það var slæmt, hversu margar framkvæmdir þurftu að bíða á s. l. sumri. Það verður óviðunandi, ef ekki verður búið að ráða endanlega bót á þessu máli fyrir næsta vor, þannig að opinberar framkvæmdir geti hafizt og orðið með reglulegum hætti næsta sumar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og ég sagði áðan, þá mun ég ekki ræða einstök atriði þessa máls á því stigi, sem málið nú stendur. Ég kom hingað aðeins til þess að mótmæla þeirri firru, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, eða öllu heldur þeim söguburði, sem hann vildi þó ekki gera að sínu áliti, að stjórninni hafi verið vel vært, þó að ekki hafi samizt við verkfræðingana, af því að með því móti hefði fengizt handhæg aðferð til þess að draga úr opinberum framkvæmdum. Það er auðvitað fullkomin og fáránleg fjarstæða, að þetta sjónarmið hafi komið til greina hjá ríkisstj. í sambandi við þetta mál.

Það er vitað mál, að það hefur þegar orðið að verulegu tjóni, að svo hefur til tekizt, að verkfræðingar hafa ekki verið í þjónustu ríkisins í sumar. Ýmsar framkvæmdir hafa dregizt, sem stjórnin hefur haft mjög mikinn áhuga á að gætu orðið unnar.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, vegna þess að það kom fram í umr. hér áðan, að til vandræða mundi horfa, ef ekki yrðu ráðnir verkfræðingar í þjónustu ríkisins fyrir næsta vor, segja, að það er langt frá því nægjanlegt, þó að samningar gætu tekizt fyrir næsta vor, því að ef ekki verður undinn bráður bugur að því að semja við verkfræðingana, þá tekst ekki að undirbúa neinar framkvæmdir fyrir næsta sumar. Það hafa horfið úr þjónustu ríkisins líklega milli 20 og 30 verkfræðingar hjá fjórum stofnunum, hjá raforkumálastjóra, hjá póst- og símamálastjóra, hjá vegamálastjóra og af vitamálaskrifstofunni. Þessir menn hafa verið frá störfum nú í sex mánuði. Framkvæmdir hafa að vísu ekki stöðvazt, en svona slampazt af með hjálp verkstjóra, að svo miklu leyti sem þeir hafa getað innt þau störf af hendi, sem verkfræðingum eru annars ætluð, vegna þess að áætlanir um framkvæmdir sumarsins 1954 var búið að gera, áður en verkfræðingarnir sögðu upp. Þessar áætlanir er venjan að gera að vetrinum til, og ef það er ekki byrjað á þeim mjög bráðlega eða þegar í stað, þá verður ekki unnt að ljúka þeim öllum fyrir næsta vor.

Um málið sjálft vil ég segja, að ég tel ekki

hafa borið svo mikið á milli í þessum samningum eða samningaumleitunum, að á því hefði þurft að stranda. Það var hægt á tímabili a. m. k. í sumar að semja við verkfræðingana á grundvelli, sem a. m. k. var ekki hærri og í sumum tilfellum heldur aðgengilegri fyrir ríkisstj. en nú hefur samizt um við Reykjavíkurbæ. Og ég vil enn fremur taka fram, að mér finnst það óeðlilegt, að sumar ríkisstofnanir, við skulum segja eins og landssmiðjan og Iðnaðarmálastofnunin og kannske fleiri, halda sínum verkfræðingum, við að vísu — við skulum segja — nauðsynleg störf, en þessar fjórar stofnanir, sem ég nefndi, vegamálaskrifstofan, vitamálaskrifstofan, raforkumálaskrifstofan og póst- og símamálaskrifstofan, geta ekki haldið neinum verkfræðingum, vegna þess að samninga má ekki gera fyrir þær.

Ég vil svo að lokum segja, að eftir því sem lengur dregst að gera samninga, eftir því er meiri hætta á, að þeir verkfræðingar, sem hafa verið í þessum störfum, komi alls ekki að þeim aftur. Mér er kunnugt um, að nokkrir af þessum mönnum hafa þegar ráðið sig til annarra starfa og ætla sér alls ekki að byrja á ný, þar sem þeir áður voru. Ef þetta verður almennt, þá er líka vá fyrir dyrum, því að það er ákaflega erfitt fyrir þessar stofnanir að byrja alveg að nýju með tómum nýjum mönnum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er nú nánast til þess að gera afsökun mína, að ég kvaddi mér hljóðs. Ég hafði ekki litið á dagskrána og tekið eftir því, að það var sundurliðuð þessi umræða í fleiri liði. Þegar mér sýndist, að umr. um launalögin væri að ljúka og ekki hafði verið minnzt á þetta brennandi spursmál um verkfræðingana, þá kvaddi ég mér hljóðs og gerði það mál að umræðuefni. Var þó engan veginn ætlun mín að hlaupa í kapp við frsm. um að gera það mál að umtalsefni, en ég hafði ekki tekið eftir því, að það mál var tekið sérstaklega fyrir í ákveðnum dagskrárlið.

Af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, virðist þó vera ljóst, að hæstv. ríkisstj. hefur enn á sex mánuðum, sem liðnir eru síðan verkfræðingar fóru úr þjónustu ríkisins, engar ráðstafanir gert, og hv. 5. landsk. hefur nú upplýst, að það sé mjög aðkallandi fyrir ríkisstj. að ráða fram úr þessu máli nú þegar, ef ekki eigi að hljótast mjög alvarlegar tafir á framkvæmdum næsta árs hjá ríkinu vegna verkfræðingaskortsins. Ég tel, að hæstv. ríkisstj. hafi verið furðulega aðgerðarlaus og sinnulaus í þessu máli, og má mikið vera, ef enginn sannleiksneisti felst í þeim orðrómi, sem nú er kominn á gang um það, að hún hafi þetta sem hemil íhaldssamrar ríkisstj. um verklegar framkvæmdir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég held, að það sé alveg greinilegt af yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að núverandi ríkisstj. hefur hvorki vit né vilja til þess að leysa verkfræðingadeiluna. Þessi deila er þegar orðin til stórskammar fyrir hæstv. ríkisstj., og það er ekki til neins að ætla að böslast áfram með þessa þröngsýni að neita mönnum um launahækkanir, sem þeir eiga skilið. Það mun hvorki ganga gagnvart verkalýðnum í landinu almennt né gagnvart þeim starfsmönnum, sem ríkið þarf á að halda, og því lengur sem ríkisstj. reynir að trássast við á þennan hátt, því meiri skaða veldur hún.

Ég hef sjaldan vitað fsp. svarað eins stuttlega og afsakanalaust og þessari fsp. var svarað af hæstv. fjmrh., og það sýndi bezt, hve algert ábyrgðarleysi er hjá þeirri ríkisstj., sem hér á sök á um þessi mál. Svona er ekki til neins að ætla sér að haga sér, og ég get ekki skilið fjmrh. öðruvísi en þannig, að hann sé beinlínis að staðfesta þann orðróm, sem gengið hefur, að það eigi að vera eins konar sparnaðarráðstöfun, að ríkið sjái um, að verkfræðingarnir séu í verkfalli, og með tilliti til þess, hve illa hæstv. fjmrh. er við verklegar framkvæmdir, þá er það ekkert undarlegt, þótt mönnum detti svona í hug, og hve fruntalega er svarað í sambandi við svona hluti. Ég held þess vegna, að Alþingi verði sjálft að láta svona mál til sín taka og það verði að fá úr því skorið hér og Alþingi verði að leggja það nú þegar fyrir ríkisstj., hvað hún eigi að gera í þessum efnum. Það er auðséð, að hún hefur ekki dug í sér til þess að ráða fram úr þeim sjálf.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að þetta verkfræðingaverkfall, sem svo er kallað, hjá ríkinu hefur orðið að verulegu tjóni. Mér hefur lengi verið það ráðgáta, hvers vegna ekki væri reynt alvarlega að binda endi á það verkfall, ef það á að kalla það svo, með samningum, eins og flest verkföll eru leyst, því að það verulega tjón, sem hæstv. ráðh. minntist á og ég trúi vel að til sé, enda búinn að heyra nóg um það, hlýtur að verða enn þá alvarlegra að mjög stuttum tíma liðnum, og ekki gott að vita, hvað mörg ár fram í tímann sveitarfélög, bæir, kauptún og til sveitanna, sæta boðaföllum af þessum stanzi á verkfræðilegri vinnu hjá ríkisstofnunum. Það gefur auga leið, að það er ekki komið í ljós tjónið núna á þessu ári, það á eftir að sýna sig enn þá betur. Sérstaklega hefur mér þótt það furðulegt, að hæstv. ríkisstj. — og ég leyfi mér að segja það, þó að ég sé ekki stjórnarandstæðingur — skyldi ekki taka sér dæmi Reykjavíkur til fyrirmyndar. Bæjarfélagið hér hefur leyst þetta mál að sínu leyti, og það var engin verðung fyrir hæstv. ríkisstj. að fara að dæmi Reykjavíkurbæjar og leysa þetta mjög svo skaðlega verkfall, sem allir viðurkenna að sé til tjóns, eins og hæstv. ráðh. sagði, og enginn er eiginlega farinn að skilja í, hvernig ríkið getur staðið sig við að láta vera óleyst lengur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins segja það út af orðum þessa hv. síðasta ræðumanns, að ég hygg, að hann viti vel, hvar hann á að beita áhrifum sínum í þessu máli.

7. Rannsókn byggingarefna.

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Fsp. til landbrh. um rannsókn byggingarefna [97. mál, 1] (A. 164).

Á 16. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Á Alþ. þann 3. marz s. l. var samþ. þáltill. um rannsókn byggingarefna, en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta í samráði við teiknistofu landbúnaðarins rannsaka, hvaða byggingarefni í heyhlöður, peningshús, verkfærageymslur o. fl. muni bezt henta og vera ódýrast með tilliti til notagildis. Skal lögð á það sérstök áherzla að afla vitneskju um erlendar nýjungar í þessu efni. Leiði rannsókn í ljós, að til þessara hluta sé fáanlegt erlendis hentugra og ódýrara byggingarefni en notað er hér eða völ er á innanlands, skal gera ráðstafanir, ef með þarf, til að greiða fyrir innflutningi á því."

Þótt ekki sé langur tími liðinn síðan þessi ályktun var gerð, vonast ég samt eftir því, að hæstv. landbrh. geti gefið nokkrar upplýsingar um þetta mál, því að hér er um mikið hagsmunamál að ræða, ekki einungis fyrir bændur landsins, heldur og fyrir alla þjóðarheildina.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þessi fyrirspurn hv. þm. Dal. (ÁB) er, eins og hann skýrði frá, í sambandi við þál., sem samþ. var í marzmánuði s. l., og lýsti hann þeirri þál., svo að ég þarf ekki að taka fram, hvað verkefnið er, sem ráðuneytinu var falið að hafa með höndum.

Þær upplýsingar, sem ég get gefið að öðru leyti um þetta mál, eru, að eins og fram er tekið í þál. skyldi fela teiknistofu landbúnaðarins að gera þær athuganir, sem þar eru nefndar. Þess vegna skrifaði ráðuneytið forstjóra teiknistofu landbúnaðarins, Þóri Baldvinssyni, 7. apríl 1954, og fól þar með teiknistofunni að hefja umræddar rannsóknir í samráði við ráðuneytið og gefa ráðuneytinu síðan skýrslu um rannsóknirnar, þegar þeim væri lokið.

Forstjóri teiknistofunnar taldi, að til þess að hægt væri að átta sig á þessu og gera þessu verkefni einhver skil, yrði ekki hjá því komizt að athuga þessi mál í ýmsum löndum Evrópu, einkum þar sem gerðar hefðu verið ýmsar nýjar — ja, tilraunir, getum við sagt, við byggingar í kjölfar styrjaldarinnar síðustu. En við vitum, að í ýmsum löndum stóð þá almenningur og ekki síður auðvitað ríkisstjórnirnar gagnvart þeim vanda að reisa óskaplega mikið af byggingum, og var því leitað allra ráða til þess að ná sem beztum árangri og þó sem ódýrustum. Samkvæmt þessu féllst ráðuneytið á það, að Þórir Baldvinsson færi til útlanda í þessum erindum í sumar. Dvaldi hann, að ég hygg, allt að tveim mánuðum í ýmsum löndum, sérstaklega í löndum Mið-Evrópu, og kynnti sér þessi mál, eftir því sem hann áleit ástæðu til. Hann hefur sent hér bráðabirgðaskýrslu, sem er dagsett 8. þ. m., til ráðuneytisins um þessa för sína, en ég vil taka það fram, að það er einungis bráðabirgðaskýrsla, og þær athuganir, sem þarf að gera í sambandi við það, eru ekki komnar nema nokkuð áleiðis og þá einnig þær athuganir, sem þarf að gera hér innanlands.

Ég vil leyfa mér að lesa þessa bráðabirgðaskýrslu Þóris Baldvinssonar, sem er ekki það löng, að það ætti að vera hægt að gera það hér, en í henni segir svo:

„Samkvæmt ráðstöfun síðasta Alþingis og að tilhlutun landbrh. fór á s. l. sumri fram athugun á því, hverjir möguleikar væru á að fá frá erlendum verksmiðjum tilgerð hús úr léttum stálgrindum, sem hentað gætu fyrir búpening bænda. Vegna þessa fór undirritaður utan 27. júní s. l. og kynnti sér téða framleiðslu á Bretlandseyjum, Hollandi, Belgíu og Vestur-Þýzkalandi.

Sá háttur var hafður á, að við komu til hvers einstaks lands var leitað upplýsinga í verzlunar- og iðnaðarmálaráðuneytum hvers þeirra um það, hver væru helztu fyrirtæki, er framleiddu stálgrindarhús til útflutnings í löndunum, en síðan var ferðazt á staðina og framleiðslan athuguð.

Það kom skjótt í ljós, að stærð og gerð húsanna var yfirleitt ekki hentug samkvæmt þeim skipulagsvenjum um peningshús, sem hér tíðkast. Hús þessi eru yfirleitt ekki hugsuð sem búpeningshús, heldur ætluð að vera vöruskemmur, bifreiða- og flugvélaskemmur og herbúðir. Var mér tjáð, að eftirspurn frá bændum um slíka framleiðslu sem þá, er ég leitaði eftir, væri of lítil til þess, að það svaraði kostnaði að eiga við hana.

Nokkrar verksmiðjur, þó aðallega þýzkar, féllust á að gera tilboð um smíði húsa af þeirri gerð, er okkur gæti hentað, og lét ég þeim í hendur upplýsingar viðkomandi hver meginatriði væru, sem yrði að taka tillit til við gerð peningshúsa hér á Íslandi.

Mér var þó tjáð, að það mundi taka alllangan tíma að ganga frá tilboðum, og hafa flest tilboðin borizt mér í hendur nú fyrir mjög skömmu, og þó mun allmörg vanta enn.

Eitt af þessum tilboðum er frá þeirri verksmiðju, er mér virtist líklegust til þess að fullnægja kröfum okkar um húsagerð eftir svipmóti þeirrar framleiðslu, er ég þá sá. Þessi verksmiðja er mjög stórt útflutningsfyrirtæki, sem á bæði námur og verksmiðjur og vinnur úr eigin hráefni. Meginverksmiðjur félagsins eru í Westfalen, Þýzkalandi, og virðast tilboð þessarar verksmiðju álitlegust af þeim, sem enn hafa borizt. Í fljótu bragði virðist verðlag þessara húsa lágt, en það er þó ekki jafnlágt og verðlag á bogaskemmunum ensku, sem fluttar hafa verið hingað til lands á s. l. þremur árum. Bogaformið er ódýrasta húsagrindin, sem til er.

Þýzk hús mundu sennilega njóta sömu kjara um tollafgreiðslu, og mun óhætt að fullyrða, að kaup á þeim yrðu bændum tiltölulega mjög hagstæð. Hús þessi eru þannig frá gengin, að þakefni þeirra er allt sundurlaust, en veggir í samsettum flekum. Annar vankantur er þó á innflutningi þessara húsa, en hann er sá, að verksmiðjan sinnir ekki minni byrjunarpöntun en 50 húsa, en hún mun þó tilleiðanleg að selja eitt eða tvö hús sem sýnishorn, og teldi ég mjög mikilsvert, að gerð væri tilraun í þá átt.

Að líkindum mundi auðvelt að fá bónda eða bændur í nágrenni Reykjavíkur til að hafa samvinnu við teiknistofu landbúnaðarins um uppsetningu slíks húss eða húsa án kostnaðar af hálfu hins opinbera, ef fyrir lægi gjaldeyris- og innflutningsleyfi.

Bréf og gögn varðandi tilboð hinna ýmsu verksmiðja liggja fyrir á teiknistofu landbúnaðarins, og undirritaður (þ. e. Þórir Baldvinsson) er að sjálfsögðu reiðubúinn að gefa nánari upplýsingar, eftir því sem óskað kynni að verða."

Þetta er sú bráðabirgðaskýrsla, sem forstjóri teiknistofunnar hefur sent, og eins og ég tók fram áðan, er ekki að vænta, að lengra sé komið með þetta efni, því að enn hafa ekki borizt ýmsar þær upplýsingar, sem hann leitaði eftir og bjóst við að fá eftir för sína í sumar. Eftir því verður beðið og eftir nánari till. og skýrslu frá teiknistofu landbúnaðarins, áður en frekar verður aðhafzt í þessu máli af hálfu ráðuneytisins.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið. Ég geng þess ekki dulinn, að það er margt að rannsaka í þessum efnum og þess vegna ekki þess að vænta, að það sé hægt að gefa nein fullnaðarsvör við þessu nú. En mér þykir þó vænt um að heyra, að það skuli þó vera komið þetta á veg, og vildi ég leggja á það mikla áherzlu, að hægt yrði þegar á næsta ári að flytja inn nokkur hús til sýnis og vita, hversu dýr þau kunna að vera upp komin, samanborið við þær byggingar, sem yfirleitt eru framkvæmdar hér á landi. Og svo vil ég einnig leggja áherzlu á það, að haldið verði áfram að leita tilboða og vita, hvort ekki verður hægt að fá þær húsastærðir, sem heppilegar þykja hér á landi. Það er kvartað undan því nú, að það sé vinnuaflsskortur í landinu. Þess vegna er það ekki þýðingarlítið fyrir þá, sem þurfa að koma upp byggingum, að það sé hægt að koma þeim upp án þess að þurfa að vera upp á mikinn og dýran vinnukraft kominn. Og þótt þessi hús yrðu nokkuð dýr í innflutningi, þá gætu þau í uppsetningu e. t. v. sparað stórmikla peninga og vinnuafl, og þegar flutt er til landsins erlent vinnuafl, þá sé ég ekki mikinn mismun á því að flytja inn hluti eins og t. d. hús, sem geta verulega sparað innflutning á slíku vinnuafli.

8. Áburðarverksmiðja (fsp. EOl).

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um áburðarverksmiðju [97. mál, 2] (A. 164).

Á 16. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það þarf raunverulega ekki að segja mikið með þessari fsp., hún er nokkuð skýr. Það er í fyrsta lagi spurt um, hvað áburðarverksmiðja ríkisins kosti, eins og hún nú er upp komin. Það hefur ekki verið gefin enn þá skýrsla um það til þingsins, í hvaða verði hún stendur. Í öðru lagi, hvernig hafi verið rekstrarafkoma áburðarverksmiðjunnar, það sem af er. Það hlutafélag, sem hefur áburðarverksmiðjuna til rekstrar, mun vafalaust þegar hafa getað gert sér nokkra hugmynd um, hvernig rekstrarafkoman sé, þó að ég geti hins vegar vel skilið, að það sé, eins skamman tíma og verksmiðjan er búin að starfa, nokkuð erfitt að gera það glöggt, a. m. k. þannig, að hægt sé að byggja á um framtíðarrekstur. Þá er í þriðja lagi spurt um, hvernig gerð áburðarins líki og hvaða horfur séu um sölu hans. Þessi spurning er meðfram komin vegna þess, að nokkrar raddir hafa gengið um, að þarna mundu vera einhverjir erfiðleikar á, og væri gott að fá upplýst, hvort það er rétt. Þá er í fjórða lagi spurt um framleiðsluverð áburðarins á smálest. Það er náttúrlega eitt af því, sem er höfuðatriði, hvort áburðarverksmiðjan reynist fær um að framleiða áburðinn ódýrari eða a. m. k. jafnódýrt og útlendar verksmiðjur. Að vísu verður í hverri verksmiðju til að byrja með oft ýmiss konar aukakostnaður, meðan rekstur er að byrja, sem rétt er að taka tillit til, þannig að það verður ekki alger mynd, sem fæst af reynslunni fyrstu mánuðina, en nokkra hugmynd ætti það a. m. k. að geta gefið, og væri þess vegna fróðlegt að fá það upp. Þá er í síðasta lagi spurt um, hvort nokkrir tæknilegir gallar hafi komið fram á gerð verksmiðjunnar. Eins og ég býst við að flestir hv. þm. vita, hefur nokkuð verið talað um, að síðustu vélarnar, sem með áburðarframleiðsluna hafa að gera, mali áburðinn of smátt, að það hafi skapað nokkra erfiðleika í notkun hans og að hugsanlegt væri í því sambandi, að einhverjar breytingar yrði að gera á hennar vélakosti, og þá er spurt um, ef svo væri, hvaða kostnað væri álitið, að það hefði í för með sér.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. — ég býst við, að það sé landbrh., sem fyrirspurninni svarar — geti leyst nokkuð úr þessum spurningum, því að ég býst við, að þau séu fleiri þm. en ég, sem gjarnan vildu vita, hvernig til stendur með áburðarverksmiðjuna, eftir því

sem hægt er að sjá, svo skamman tíma sem hún enn hefur starfað.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Eins og hv. alþm. hafa að sjálfsögðu veitt eftirtekt, eru hér á þskj. 164 bornar fram fsp. í tveimur liðum og frá tveimur hv. alþm. um áburðarverksmiðjuna, þ. e. II og IV. Eins og auðséð er, grípa þessar fyrirspurnir mjög hvor inn í aðra, og er hægt að svara sumum þeirra í einu, en ég mun að sjálfsögðu hér einungis taka til meðferðar og gefa þær upplýsingar, sem ég get varðandi fsp. frá hv. 2. þm. Revkv. (EOl), sem hann lýsti nú.

Ég sný mér þá að fyrsta lið fsp.: Hvað kostar áburðarverksmiðjan upp komin? Stofnkostnaður verksmiðjunnar er nú um 130 millj. kr. Innifalið í þeirri upphæð eru um 8 millj. 750 þús. kr.. sem eru vextir af lánum um byggingartímabilið, og 13 millj. í tollum og leyfisgjöldum.

Annar liðurinn er: Hver er rekstrarafkoma áburðarverksmiðjunnar, það sem af er? Um þetta get ég sagt það, að á meðan fyrirtækið er ekki komið upp að fullu og á meðan reynslurekstur stendur yfir, samhliða því sem verið er að ljúka uppbyggingu fyrirtækisins, er ekki hægt að tala um rekstrarafkomu með nokkurri fullkominni vissu. Verksmiðjur eins og þessi eru jafnan, samkvæmt því sem reynsla erlendis hefur orðið, lengi á stigi reynslurekstrar, og er ekki óalgengt, að 18—30 mánuðir og jafnvel þaðan af lengri tími fari í að samræma og jafna reksturinn, svo að hægt sé eftir það að fara að tala um eðlilegan rekstur. En fullkomin ástæða er til að vera ánægður með þann árangur, sem náðst hefur til þessa í framleiddu áburðarmagni.

Verksmiðjan á, samkvæmt þeim áætlunum, sem gerðar voru fyrir fram, að geta framleitt 18 þús. tonn á ári, eða um 1500 tonn á mánuði að meðaltali. Á 7 mánuðum, þ. e. apríl til októberloka s. l.. framleiddi verksmiðjan 9000 tonn, eða 1285 tonn að meðaltali á mánuði. Lægsta mánaðarframleiðslan var í júlí, um 1000 tonn, en mesta framleiðslan í október, um 1660 tonn, og eru þau afköst, sem í október fengust, 11% umfram áætluð meðalafköst. Þessar tölur bera með sér, að verksmiðjan getur afkastað mun meira magni en því, sem hún er gefin upp fyrir.

Þá vil ég snúa mér að þriðja liðnum, sem hljóðar þannig: Hvernig líkar gerð áburðarins, og hvaða horfur eru um sölu hans framvegis? Þessar upplýsingar get ég gefið um þetta: 2300 tonn af áburði verksmiðjunnar voru seld á s. l. vori, og hafa hvaðanæva borizt ummæli um, að vel hafi sprottið af áburðinum. Pantanir á áburði eru ekki að jafnaði komnar fram fyrir áramót, fyrir næsta ár á eftir, en ef dæma má út frá hinni góðu reynslu, sem fengin er um sprettu, verður að segja, að horfur um sölu séu góðar.

Fjórða atriðið, sem spurt er um, er: Hvað er framleiðsluverð áburðarins á smálest, og hvað er verð samsvarandi útlends áburðar? Af þeim ummælum og ástæðum, sem raktar voru hér að framan í þriðja lið, verður framleiðsluverð á tonni ekki enn ákveðið, en ætla má, að þegar meðalafköst verksmiðjunnar eru komin á það stig, sem þau eru áætluð, þá verði hinn íslenzki áburður fullkomlega samkeppnisfær við erlendan áburð.

Fimmti liður þessarar fsp. er svo: Hafa komið fram tæknilegir gallar á gerð verksmiðjunnar? Þarf að gera breytingar á vélakosti hennar, og ef svo er, hvaða kostnað er álitið, að þær hafi í för með sér? Um þetta hef ég fengið þessar upplýsingar: Engir tæknilegir gallar hafa komið fram á gerð verksmiðjunnar, er gefi tilefni til að ræða um breytingar á vélakosti eða aukakostnað þess vegna. — Þótt aðeins væri tæpt á því, þá skildist mér, að það kæmi fram hjá hv. 2. þm. Reykv., að orðið hefði vart við einhverjar misfellur með ástand áburðarins, kornastærð og annað. Ég kem ekki inn á það atriði hér, en vil geta þess, að ég mun koma að því atriði í sambandi við einn lið í fsp. hv. 8. landsk. þm. (BergS), því að þar er beint spurt um þetta atriði, og tel ég ekki ástæðu til að taka það fram nema einu sinni. Þetta taldi ég rétt, að kæmi fram hér, vegna þess, að mér virtist, að að þessu væri einmitt stefnt með ummælum hv. fyrirspyrjanda.

Hér hef ég látið koma fram þær upplýsingar, sem ég hef fengið, og þær eru að sjálfsögðu frá framkvæmdastjóra áburðarverksmiðjunnar og munu vera yfirfarnar og athugaðar af stjórn áburðarverksmiðjunnar einnig.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. landbrh. þessar upplýsingar, svo langt sem þær ná.

Skýrasta upplýsingin er um fyrsta atriðið, viðvíkjandi kostnaði verksmiðjunnar, 130 millj. Ég vil vekja eftirtekt á því til umþenkingar framvegis. Það kemur þarna sama í ljós og var viðvíkjandi Sogsvirkjuninni, að 8 millj. kr. eða tæpar 9 millj. fara í vexti af lánum, meðan á byggingartímanum stendur, og 13 millj. kr. lenda í tollum og leyfisgjöldum. Þetta þýðir, að þarna eru yfir 20 millj. kr. af þessum kostnaði verksmiðjunnar, sem lenda beinlínis í vöxtum til bankanna og gjöldum beint til ríkisins. Þetta íþyngir ákaflega mikið svona fyrirtæki, en það er ekki staður og stund til þess að ræða það hér. Hins vegar var gott að fá þessar upplýsingar, þær voru mjög greinilegar.

Það skorti ýmislegt á um hina liðina. Ég gat vel skilið með annan liðinn og hafði sjálfur minnzt á það, að það mundu verða nokkrir örðugleikar að gefa upp rekstrarafkomuna, það sem af væri, en gott hefði verið að fá þar nokkra hugmynd um. Hins vegar var gott að heyra, að sjálf hin „tekniska" framleiðsla gengur vel.

Viðvíkjandi fjórða liðnum gaf hæstv. ráðh. þær upplýsingar, að framleiðsluverðið mundi verða þannig, að samkeppnisfært væri. Ég hef hevrt til getið, að það mundi vera um 1200 kr. miðað við tonnið af köfnunarefni, milli 1200 og 1300 kr. Ég veit ekki, hvort það er rétt, en ég skil vel, að það er ákaflega erfitt að reikna þetta nákvæmlega enn sem komið er, en ef til

vill hefði nú verið hægt að fá einhverja áætlun um þetta.

Síðustu spurningunni, sem er meira „teknisks" eðlis, býst ég svo við, eins og hæstv. ráðh. lýsti yfir, að verði svarað undir IV. liðnum af fyrirspurnunum.

Ég þakka hæstv. ráðh. sérstaklega upplýsinguna um fyrsta liðinn. Það hefði verið gott að geta fengið að vita nánar um hina, en ég skil að ýmsu leyti hans erfiðleika, og eins og ég hef tekið fram, er hér hvorki staður né stund til þess að ræða þetta frekar.

9. Sömu laun kvenna og karla.

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um jöfn laun karla og kvenna [97. mál, 3] (A. 164).

Á 16. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Sþ., 2. des., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Kristín Sigurðardóttir): Herra forseti. Á s. l. Alþingi var samþ. þáltill. um að skora á ríkisstj. að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæta vinnu gæti orðið staðfest á Íslandi. Þetta mál, jafnrétti í launamálum, hefur árum saman verið eitt helzta áhugamál kvennasamtakanna í landinu, enda augljóst hagsmuna- og réttindamál kvenna. Það er nú komið hátt upp í ár síðan samþykkt þessi var gerð, og er mörgum farið að lengja eftir að heyra eitthvað um, hvað málinu líður. Leyfi ég mér hér með að beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh., hvað ríkisstj. hefur gert til framgangs þessa máls.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér út af þessari fsp. að gefa þessar upplýsingar:

Ég vil fyrst geta þess, að enn sem komið er eru það aðeins átta ríki, sem fullgilt hafa samþykkt þessa. Þessi ríki, sem það hafa gert, eru Austurríki, Belgía, Kúba, Dominicanska lýðveldið, Filippseyjar, Frakkland og Mexíkó. Okkar nábúaríki hér á Norðurlöndum, Bretland og sem sagt flest ríki hér í Vestur-Evrópu hafa ekki gert það enn. En á s. l. hausti var skipuð n. af félagsmálaráðuneytinu, og hennar hlutverk átti fyrst og fremst að vera það að athuga, hverjar af samþykktum alþjóðavinnumálaþingsins eða stofnunarinnar mætti fullgilda hér á landi að óbreyttri löggjöf, eins og löggjöf væri nú. Þessi n. er skipuð fulltrúum frá félmrn., Vinnuveitendasambandinu og Alþýðusambandinu, og ég get getið þess, að í þessari n. eru fulltrúi í félmrn., Jón Ólafsson, og frá Alþýðusambandinu, tilnefndur af því, Magnús Ástmarsson, og frá Vinnuveitendasambandinu Björgvin Sigurðsson, sem er framkvæmdastjóri sambandsins.

Þessi n. er á einu máli um það, að ekki sé hægt að fullgilda umrædda samþykkt hér á landi eins og sakir standa enn, og hefur því þó sérstaklega verið vikið til nefndarinnar að athuga einmitt um þessa tillögu. Það stafar m. a. af því, að grundvallarreglum hennar er ekki framfylgt hér, nema að því er tekur til starfsmanna ríkisins og sennilega starfsmanna bæjarins raunverulega líka. Í lögum um laun opinberra starfsmanna er kveðið svo á, að við skipun í starfsflokka og flutning milli launaflokka skuli konur að öðru jöfnu hafa sama rétt og karlar. Á vegum ríkisins er því þessi till. framkvæmd tvímælalaust. En við vitum, að hér á landi eins og á öðrum Norðurlöndum er það viðurkennd regla, að vinnuveitendur og verkamenn eða samtök þeirra semji sín í milli um kaup og kjör verkafólks án íhlutunar ríkisvaldsins, og það hefur ekki hingað til þótt rétt né æskilegt að bregða út af þessari reglu, enda litur ríkisstj. svo á, að þessi mál séu bezt komin í höndum samtaka vinnuveitenda annars vegar og verkamanna hins vegar. En af hálfu ríkisins væri ekki hægt að koma svona tillögu í framkvæmd öðruvísi en að brjóta þá grundvallarreglu, sem gilt hefur um þessi efni, eins og háttar til hér á landi um þessi samtök og samninga þeirra í milli.

Fyrirspyrjandi (Kristín Sigurðardóttir): Ég þakka hæstv. ráðherra greið svör, og ég harma það, að ekki hefur verið hægt að gera meira til framkvæmda málsins. Ég vænti þess hins vegar, að hið bráðasta verði gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, svo að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar geti komizt í framkvæmd. Ég hef litið svo á, að ein af þeim ráðstöfunum væri einmitt að koma á þessu samkomulagi meðal atvinnuveitenda og vinnuþega.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum undanförnum þingum hefur legið frv. til laga um sömu laun kvenna og karla. Þetta frv. lá einnig fyrir seinasta Alþingi. Þá báru allmargir þm. úr Sjálfstfl. fram till. til þál. um að skora á ríkisstj. að athuga, hvaða ráðstafanir þyrfti að gera hér á landi, svo að íslenzka ríkið gæti staðfest hina svokölluðu jafnlaunasamþykkt vinnumálastofnunarinnar í Genf. Þetta var í rauninni auðsær loddaraleikur, eingöngu til þess að tefja málið og koma sér hjá að taka afstöðu til frv., sem fyrir lá. Þessir og vafalaust ýmsir fleiri þingmenn hafa vafalaust ekki viljað láta það sjást, að þeir tækju þátt í að fella slíkt frv., en voru hins vegar ekki í þeim buxunum að vilja samþ. það. Það var vitað mál, að ríkisstj. átti þarna ekkert rannsóknarefni. Það liggur augljóslega fyrir, að það er aðeins um tvennt að ræða til

þess að koma þessu máli í höfn, annað tveggja að stuðla að heildarsamningum milli landssamtaka atvinnurekenda og verkalýðsins eða þá að Alþingi breyti þeirri skipun í launamálum kvenna og karla, sem ríkt hefur, með nýrri lagasetningu. Þetta var ekkert rannsóknarefni. Það vissu allir, að eitt af tvennu þurfti að gerast, og það var ekkert atriði, sem var óljóst í málinu.

Nú hefur hæstv. ráðherra upplýst, að þessari þál. hafi verið mætt af hendi ríkisstj. á þann hátt, að skipuð hafi verið nefnd, og það er alltaf þrautalendingin, þegar á að draga mál á langinn og drepa úrlausn þeirra á dreif. Og þessi n. hefur gefið hæstv. ríkisstj. upplýsingar um, að það séu þó átta ríki búin að staðfesta jafnlaunasamþykktina og þar á meðal sé Frakkland, en ekkert af nágrannaríkjunum sé enn þá búið að samþykkja og staðfesta jafnlaunasamþykktina, og skildist mér á hæstv. ráðh., að á meðan væri okkur óhætt að dorma í málinu. (Gripið fram í.) Nei, hann sagði ekkert um það. Það er alveg rétt. Það væri svo sem ekki neitt hneyksli, þótt Ísland væri ekki búið að því enn þá, meðan nágrannalöndin væru ekki búin að því. En það eru þó átta ríki, sem eru búin að þessu, og Ísland er ekki í þeirra tölu, og það harma ég.

Það getur vel verið, að það séu nefndir að athuga þetta hjá nágrannaríkjum okkar og hæstv. ríkisstj. finnist ekki tilhlýðilegt, að við gerum neitt í málinu, fyrr en sú n., sem hefur fengið það hlutverk að sofa á málinu hér, og þær nefndir, sem hafa fengið kannske sams konar hlutverk í nágrannalöndunum í þessu máli, séu líka búnar að skila áliti. En þessar nefndir hafa í rauninni ekkert að athuga. Það er bara að svara þessari spurningu: Vilja menn lögfesta eða stuðla að heildarsamningum um sömu laun karla og kvenna á Íslandi eða ekki?

Hæstv. ráðherra gat þess, að því er snertir ríkisvaldið sjálft, að lagaákvæði væru um það, að íslenzkar konur skyldu njóta sömu launa og karlmenn og færast milli launaflokka eftir sömu reglum og karlmenn. Og í orði kveðnu er þetta svo. En það er ekki eins og hæstv. ráðh. sagði, að það séu þess vegna óumdeilanlega sömu laun hjá konum og körlum í þjónustu íslenzka ríkisins, því að það er nefnilega alls ekki. Framkvæmdin er ekki þannig. Kvenfólk er ekki fært eftir sömu reglum milli launaflokka og karlmenn. Og það er staðreynd, að samkv. opinberum skýrslum Reykjavíkurbæjar, — en hæstv. ráðh. vitnaði einnig til bæjarfélaganna hér á landi, þar mundi líka vera komið í framkvæmd jafnrétti milli launamála kvenna og karla, — eru engar konur í hæstu launaflokkunum hjá bænum, og er einmitt gerð grein fyrir þessu í þeirri grg., sem fylgir frv. um sömu laun kvenna og karla, sem enn liggur fyrir hv. Alþingi. Og að því er snertir ríkið sjálft, þá er geysilegur munur á launakjörum kvenna og karla í þjónustu ríkisins. Sérstaklega er komizt fram hjá lögunum með því, að konur eru ekki settar í störf samkv. hæstu launaflokkum, og vil ég halda því fram, að það stappi nærri, að íslenzka ríkisvaldið brjóti lög.

Þetta er vafalaust af því, að lagaákvæðin eru ekki nægilega skýr, og er þess vegna full þörf á, að ótvíræð ákvæði séu lögfest um sömu laun kvenna og karla.

Það mun vera alveg rétt niðurstaða hjá þeirri hv. n., sem hæstv. ríkisstj. hefur skipað, að það sé ekki hægt að staðfesta jafnlaunasamþykktina að því er Ísland snertir, nema því aðeins að ný lagaákvæði komi til eða heildarsamningar takist milli Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Ég held, að það sé alveg óhætt fyrir hv. n. að slá botninn í starf sitt á grundvelli þessarar niðurstöðu, því að hún er rétt, og hæstv. ríkisstj. gæti þess vegna tekið til starfa og farið að íhuga málið sjálf á þeirri forsendu, að nefnd sé búin að komast að endanlegri niðurstöðu um málið.

Hæstv. ráðh. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki nema um tvennt að gera, annaðhvort að brjóta settar reglur, sem gilt hefðu um launakjör kvenna og karla milli atvinnurekenda og verkafólks, eða setja lög um nýja skipun launamálanna. Það er í raun og veru að mínu áliti rangt að orða það svo, að reglur þær, sem gilt hafi um launakjör kvenna og karla milli atvinnurekenda og verkalýðs, séu brotnar með því að setja lög. Þar er á hinn eðlilegasta hátt breytt gamalli skipan til réttlátara horfs, eins og alltaf er gert með nýrri lagasetningu, og vitanlega er það það, sem blasir við, að annaðhvort verða menn að setja lög, sem skapi nýja skipan þessara mála, eða láta áfram haldast það ranglæti, sem menn nú almennt viðurkenna að eigi sér stað í launagreiðslum kvenna og karla, og það ranglæti er sannarlega búið að standa nógu lengi, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum og hjá öllum þeim þjóðum, sem hafa ekki enn þá séð sér fært að staðfesta jafnlaunasamþykktina. En það getur ekki dregizt lengi, að röðin komi að Íslandi, hvort sem nágrannaþjóðir okkar verða þar seint eða snemma við að leiðrétta hið gamla misrétti í þessum málum eða ekki.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til að leiðrétta misskilning hjá hv. 3. landsk., sem talaði hér síðast, sem raunverulega var ekki misskilningur hjá hv. þm., heldur alger útúrsnúningur. Hv. þm. vildi bera brigður á það, sem ég sagði, að um jöfn laun karla og kvenna væri að ræða, þegar um starfsmenn ríkisins væri talað, og að því væri einmitt framfylgt, þar sem tekur til starfsmanna ríkisins. Þetta er algerlega rétt, og ég er alveg hissa á hv. þm. að vera að bera á móti þessu. Ja, hann færði það helzt fram sínu máli til sönnunar, að í efstu starfsmannaflokkum Reykjavíkurbæjar væru nú engar konur. Þetta þekki ég ekki, en auðvitað sannar þetta ekki nokkurn skapaðan hlut heldur. Konur hafa nákvæmlega jöfn laun og karlar í sama flokki og miðað við sömu ástæður, starfsmannaaldur o. fl. Þetta hlýtur hv. þm. að vita, og að vera með gaspur eins og hann

var er bara rétt til að gera sig hlægilegan. Það var ekkert annað, sem ég sagði um þessi mál.

Hv. þm., sem er nú forseti Alþýðusambandsins, sagði, að þessi n. mætti gjarnan hverfa. Ég tek þessa yfirlýsingu þannig, að hann óski eftir, að fulltrúi Alþýðusambandsins í n. verði látinn hætta störfum, ef ætti að taka það bókstaflega, eins og hv. þm. orðaði þetta. En ég leit svo á sem félmrh., og mér er óhætt að segja, að ríkisstj. leit öll svo á, að það væri mjög nauðsynlegt að hafa samvinnu við þessar tvær stóru stofnanir einmitt varðandi mál eins og þessi, og það eru ýmsar fleiri ályktanir frá Alþjóðavinnumálastofnuninni, sem hafa verið til meðferðar hjá þessari n. Ég taldi, að þetta væri gert í þökk þessara stóru sambanda, en ekki í óþökk. En sé það virkilega svo, að Alþýðusambandið vilji ekki hafa fulltrúa til þess að athuga slíka hluti, þá náttúrlega geta þeir tekið sinn fulltrúa úr þessari n., hvenær sem þeim sýnist. (*HV:* Þurfum við ekki samþykki ríkisstjórnarinnar til?) Þurfið þið ekki? Nei. Ég vildi bara staðfesta það, sem hv. þm. hafði sagt. Hann þarf ekki að vera að byrsta sig nein ósköp út af því.

Það er í raun og veru ekkert annað, sem ég sé ástæðu til að taka hér fram varðandi þetta mál nú. Það liggur ósköp ljóst fyrir. Þessi n. var ekki bundin við það eitt að segja til um það, hvaða till. væri hægt að löggilda að óbreyttri löggjöf, þó að ég tæki ekki annað fram. Vitanlega hafði hún í valdi sínu að gera till. um breytingar á löggjöf, ef hún teldi rétt að gera það, við skulum t. d. segja breytingar á vinnumálalöggjöfinni, þannig að hægt væri að gera svona breytingar að einhverju leyti, grípa inn í það frelsi, sem ríkir hér hjá okkur á milli vinnuveitenda annars vegar og verkalýðssamtakanna hins vegar um að ákveða kaup og kjör fyrir þá, sem í þeim samtökum eru. Það hefur ekki verið beitt neinu ofríki á neinn hátt frá ríkisstj. eða félmrn. um það, að slíkar till. gætu ekki komið fram.

Það var líka útúrsnúningur hjá hv. þm., að það ætti að skilja mín ummæli þannig, að ekki kæmi til mála að löggilda þá samþykkt, sem hér er um að ræða, eða fullgilda hana, eins og það mun vera kallað, fyrr en nágrannalönd okkar væru búin að gera það. Það lá alls ekki í mínum orðum, en við höfum litið svo á, og ég lít þannig á, að einmitt samtök vinnuveitenda og verkamanna séu einna þroskuðust á ýmsan hátt sem frjáls félagsskapur í ýmsum nágrannalöndum okkar. Og þegar þeim hefur virzt, að það væru ekki ástæður til þess að grípa inn í þessu efni, eins og nú er ástatt, þá er það vissulega í mínum augum nokkur rökstuðningur fyrir því, að það geti verið dálítið svipað hér hjá okkur um þessi efni. Ég tel mig ekki svo stóran, hvað sem hv. 3. landsk. finnst um sjálfan sig, að ég geti ekki vel dregið dæmi og tekið til greina efni, sem gerast hjá nágrannaríkjum okkar, bæði hvað þessa hluti snertir og aðra.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hv. 3. landsk. hefur bæði við þessar umr. og eins við umr. um till., sem við 7 þm. Sjálfstfl. fluttum á síðasta þingi um sömu laun karla og kvenna, haldið því fram, að sjálfstæðismenn hafi verið og séu mjög áhugalitlir um þetta mál og jafnvel andvígir því, og vitnar m. a. nú í ræðu sinni til þess, að misrétti ríki að verulegu leyti hjá Reykjavíkurbæ í þessu efni. Mér þykir því hlýða að minnast á þetta mál örfáum orðum.

Þess er fyrst að geta, að eftir að mér hafði verið falið fyrir nokkrum árum að undirbúa nýja löggjöf um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá var eitt af þeim málum, sem þar komu sérstaklega til athugunar, það, hver ákvæði skyldi setja um jafnrétti karla og kvenna. Um það atriði segir svo í grg. þeirri, sem ég samdi og fylgdi með þessu frv., sem lagt var fyrir Alþ. í fyrra, í kaflanum um jafnrétti karla og kvenna, orðrétt:

„Í lok 3. gr. frv. eru settar tvær meginreglur um jafnrétti kvenna og karla um opinber störf:

1) Konur og karlar skulu hafa jafnan rétt til opinberra starfa."

Áður voru í lögum frá 1911 ákvæði um, að til allra embætta hafi konur sama rétt og karlar. En með ákvæði þessa frv. er jafnréttisreglan látin ná til allra opinberra starfa. Ef ákvæði kynnu að finnast í einstökum lögum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum í þá átt, að karlar einir eða konur einar hafi rétt til einhvers opinbers starfs eða forgangsrétt, þá falla slík ákvæði úr gildi með lögfestingu þessa frv.

„2) Konur og karlar skulu hafa rétt til sömu launa fyrir sams konar störf."

Að lokum segir í grg. um þetta:

„Meginsjónarmið við ákvörðun launa á að vera hæfileikar og þekking, en ekki kyn. Hér er því slegið föstu jafnrétti kvenna og karla um launakjör."

Svo segir í grg., og ætla ég, að eftir að hafa farið yfir þau orð, ættu menn ekki að draga það í efa, að hér hafi verið fullur skilningur á því að tryggja þetta varðandi alla opinbera starfsmenn. Þessi ákvæði voru svo af Alþ. samþykkt óbreytt, eins og lagt var til í frv.

Í rauninni ruglar hv. 3. landsk. hér saman tveimur atriðum. Hann ruglar því saman, hvort konur og karlar eigi að hafa rétt til sömu launa fyrir sömu störf, og hinu, hvort konur sitji í störfum, sem eru í hæstu launaflokkum ríkis eða Reykjavíkurbæjar. Hann segir, að í hæstu launaflokkum hjá Reykjavíkurbæ séu engar konur. Ég vil taka það strax fram, að við höfum mörg dæmi þess, að hjá Reykjavíkurbæ eru konur í svokölluðum hæstu stöðum. Við skulum nefna til dæmis yfirkennarastörf við barnaskólana. Fyrir nokkrum árum var skipað í eitt slíkt yfirkennarastarf; það var við Melaskólann í Reykjavík. Vitanlega sóttust margir karlmenn eftir því að fá það starf, en fyrir valinu varð hjá Reykjavíkurbæ kona, kennslukona, sem síðan hefur gegnt því starfi með hinni mestu prýði. Í bæjarráði Reykjavíkur á sæti ágæt kona, og að sjálfsögðu fær hún sömu þóknun fyrir sín störf þar og karlmenn. Í fjölda starfa hjá bænum eru konur alveg til jafns við karlmenn,

kennslukonur, lögregluþjónn er einn þar, við gjaldkerastörf eru konur, forstöðumaður eða forstöðukona eins af sjúkrahúsum bæjarins, og þannig mætti lengi telja. Og hvar sem konur eru í þessum störfum, hafa þær vitanlega nákvæmlega sömu laun og karlmenn hafa í svipuðum störfum eða karlmenn mundu hafa í þessum störfum, ef þeir væru settir í þau.

Eg tel því, að ummæli hv. þm. að þessu leyti í garð bæjarstjórnar Reykjavíkur séu algerlega ómakleg.

Eins og ég gat um, var flutt hér af 7 þm. Sjálfstfl. í fyrra till. til þál. um að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna verði staðfest að því er varðar Ísland. Nú hefur hæstv. ráðh. svarað fsp. um þetta efni og telur, að ekki sé unnt að óbreyttum lögum að gerast aðili að þessari samþykkt og auk þess muni nágrannalönd okkar ekki hafa þegar gerzt aðilar að henni.

Ég er þeirrar skoðunar, að að því beri að vinna, að Ísland gerist aðili að þessu, og að því leyti sem þart til þess lagabreytingar, þá beri að fá þær samþykktar. Eg hef í rauninni ekki fleiri orðum við þetta að bæta. Hins vegar vil ég taka það fram, að um það kunna að vísu að vera skiptar skoðanir, hvort löggjafinn eigi að grípa inn í samningsfrelsi vinnuveitenda og verkalýðssamtakanna á þennan hátt. Með staðfestingu þessarar alþjóðasamþykktar væri að vísu gert nokkuð í þá átt, og hér höfum við endurteknar yfirlýsingar forseta Alþýðusambandsins um það, að það sé hans stefna og þá væntanlega stjórnar Alþýðusambandsins, að rétt sé, að löggjafarvaldið skerist að þessu leyti í leikinn, en þetta sé ekki lagt á vald aðilanna eftir meginreglunum um samningsfrelsi. — En sem sagt, ég vil taka það skýrt fram, að strax í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem samið var fyrir nokkrum árum, var alveg skýrt fram tekið, að vinna bæri að þessum tveimur meginatriðum um jafnréttið: jafnrétti til allra opinberra starfa og jafnrétti um laun. Og þetta var lögfest á s. l. þingi. Í öðru lagi, út af þessum ummælum um Reykjavíkurbæ, að þar ríkir hið fyllsta jafnrétti og til kvenna er tekið fullkomlega tillit, þegar skipa skal í opinber störf.

Að lokum vil ég undirstrika þetta: Í framhaldi af samþykkt Alþ. frá því í fyrra tel ég rétt og sjálfsagt, að unnið sé að því að undirbúa þátttöku okkar í þessari alþjóðasamþykkt og þá með nauðsynlegum lagabreytingum, ef þörf krefur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. þykktist nokkuð út af því, sem ég sagði hér áðan, en hann hafði nú ekki út af miklu að reiðast, því að það, sem ég sagði, eru staðreyndir. Hann upplýsti sjálfur, hæstv. ráðh., að n., sem hann hefði skipað í þetta mál, teldi ekki hægt að fullgilda jafnlaunasamþykktina eins og stæði, og þar með virðist mér vera fengin niðurstaða, sem bindi ákaflega eðlilegan endi á starf n. Hún hefur sagt, að það þurfi breytingar á íslenzkri löggjöf, svo að íslenzka ríkið geti staðfest jafnlaunasamþykktina. Ég skal því taka það fram, að því er snertir þátttöku Alþýðusambands Íslands í n., að ef hún hefur þegar gefið svar við því úrlausnarefni, sem hún átti að leysa, þá er ég ekki áfram um það, að n. starfi áfram, og sé engan tilgang með því.

Um það er hins vegar deilt, hvort þær lagaheimildir, sem nú séu fyrir hendi um að greiða konum sömu laun og körlum, séu heiðarlega og samvizkusamlega framkvæmdar hjá ríki og Reykjavíkurbæ. Og hér eru þeir menn til staðar, sem ættu að geta sannað það með tölum, ef svo væri. Nú skal ég játa það, að ég hef ekki skýrslur frá árinu í ár, þær liggja ekki fyrir, en nýjustu skýrslur frá Reykjavíkurbæ segja okkur dálítið um þetta á þennan hátt:

Af föstum starfsmönnum Reykjavíkurbæjar árið 1950 voru 140 konur, þar með taldar kennslukonur og hjúkrunarkonur. Af þeim voru tvær konur alls í níu hæstu launaflokkunum, en 118 karlmenn af 468 voru þá í níu hæstu launaflokkunum. En í sex lægstu launaflokkunum voru hins vegar 111 karlmenn, eða 23.7% allra fastráðinna karla, og 62 konur, eða 44% allra fastráðinna kvenna í lægstu launaflokkunum. Hjá fyrirtækjum Reykjavíkurbæjar, rafmagnsveitu, gasveitu, vatns- og hitaveitu og Reykjavíkurhöfn, voru sama ár 25 konur taldar fastir starfsmenn, en af þeim var aðeins ein kona með hærri laun en í 10. launaflokki. Þetta er jafnréttið í framkvæmd.

Nú bið ég hæstv. borgarstjóra að segja okkur, hvort það hafi orðið breytingar á þessu eftir löggjöfina, sem hann vitnaði í áðan.

Af föstum starfsmönnum ríkisins voru sama ár 246 konur, og af þeim var engin í fjórum hæstu launaflokkunum. Tvær konur eru til í fimmta launaflokki, aðrar tvær eru til í sjötta launaflokki og fimm eru til í sjöunda launaflokki. Í sjö hæstu launaflokkum eru þannig til hjá ríkinu samtals níu konur. Það er jafnréttið þar. Níu konur í sjö hæstu launaflokkunum.

Þetta bendir til þess, sem hv. borgarstjóri sagði hér áðan: Það ber að stefna að jafnrétti í launamálum kvenna og karla, og að svo miklu leyti sem þörf er lagasetningar, þá ber að framkvæma nýja lagasetningu í því efni. Ég er honum sammála um þessa niðurstöðu, og ég tel, að ég hafi sýnt með tölum, að það er full ástæða til þess að fá ákveðnari lagafyrirmæli um sömu laun kvenna og karla, eftir þeirri framkvæmd, sem er á þessum málum hjá ríki og bæ.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hv. 3. landsk. sagði um konur í þjónustu ríkisins.

Ég vil þá fyrst benda á, að það hefur verið lögfest, að konur skuli hafa sama rétt og karlar til launa fyrir sambærileg störf í þjónustu ríkisins. Þetta var lögfest hér á síðasta þingi fyrir forgöngu núverandi ríkisstj.

Hv. 3. landsk. þm. segir, að þó að þetta eigi að vera svo á pappírnum, þá muni vera freklega fram hjá þessu gengið með því að snið-

ganga konur til meiri háttar trúnaðarstarfa, sem betur eru launuð. Það er ekki hægt að skilja öðruvísi það, sem hv. þm. hefur sagt, en að hann telji, að konur hafi verið sniðgengnar í þessu tilliti. Hann dregur þessa ályktun af því, að færri konur en karlar gegna hátt launuðum stöðum. En vitanlega veit hv. þm., að það er ekki réttmætt að álykta út frá því eins og hann gerir. Honum er það fullkomlega ljóst, ef hann hugsar um stöður þær, sem hafa losnað á undanförnum árum og hafa verið auglýstar. Um flestar þessar stöður er þannig ástatt, að það hafa ekki verið konur meðal umsækjendanna. Þess vegna hafa konur ekki hreppt þessar stöður. Þegar þannig hefur staðið á, að konur hafa verið meðal umsækjendanna, þá er það svo, það sem ég þekki til, að síður en svo hefur hefur verið fram hjá þeim gengið. Ég man ekki að telja hér upp stöður, sem konur rækja, enda sýnir það ekki, hvernig stendur um þetta mál. Aðalatriðið er, hvort hv. 3. landsk., sem er með þessar aðdróttanir, hefur rétt fyrir sér eða ekki. Hlýtur hv. þm. að hafa eitthvað sérstakt í huga, ef þetta er ekki fleipur eitt. Það er hans að koma með dæmi um, að gengið hafi verið fram hjá konum við stöðuveitingar. Það skiptir engu máli í þessu sambandi, hversu margar konur vinna hjá ríkinu í hinum eða þessum launaflokki. Hér verður sá, sem að dróttar, að sýna fram á með dæmum, að gengið hafi verið fram hjá konu, sem átti rétt til stöðu. Ef hann sýnir fram á það, hefur hann ástæðu til þess að halda því fram, að sýnd sé hlutdrægni í þessu efni, annars ekki.

Þá vil ég benda á það í þessu sambandi, að í hinum nýju lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er ákvæði um það, að auglýsa skuli héðan í frá allar stöður. Þetta tel ég til bóta. Það verður einmitt auðveldara framvegis að fylgjast með, hvernig framkvæmdin er. Og þá er ætíð hægt að sjá eftir á, ef mönnum dettur í hug að athuga þetta mál, hverjir sóttu um hverja stöðu, hvort konur voru meðal þeirra og hvort að þeirra dómi hafi verið rétt að farið eða gengið hafi verið fram hjá konunum.

Ég endurtek það svo við hv. 3. landsk., að hann verður að styðja þessa fullyrðingu sína með dæmum, en ekki á þann hátt, sem hann reyndi. Ég veit, að hann er skýr maður og sér, að tölur þær, sem hann nefndi, sýna ekkert um þetta. Það verða að koma fram dæmi. (*HV:* Heildarskýrslur tala skýrara máli en einstök dæmi.) Heildarskýrslur? Ég trúi því ekki, að hv. þm. sé svo stokkhálsaður, að hann sjái ekki, að ég flyt rétt rök í þessu, en hann hefur rangt fyrir sér. Hann getur ekki sýnt fram á neitt í þessu með þeirri aðferð, sem hann notar. Það er aldrei neinum til sóma að berja höfðinu við steininn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú í meginatriðum svarað þessum ásökunum hv. 3. landsk. þm., að ríki og Reykjavíkurbær hafi gengið fram hjá konum við skipun hinna hærra launuðu starfa. Og þegar um þetta er að ræða, verður fyrst og fremst að athuga þrjú atriði: Í fyrsta lagi, ef um slíkt starf er að tefla, hvort umsækjandinn fullnægi þá lögmætum skilyrðum, þekkingarskilyrðum, prófum eða öðru, í öðru lagi, hvort konur hafa sótt um starfið, og í þriðja lagi, hvort það hefur þá verið ranglega gengið fram hjá þeim.

Við getum ósköp vel litið yfir nokkra af þessum starfsmannahópum hjá Reykjavíkurbæ. Það eru ekki svo margir í þessum launaflokkum, sem hann nefnir. Í hæsta launaflokknum er borgarstjóri. Mér er ekki kunnugt um, að kona hafi sótt um það starf; ég hef a. m. k. ekki heyrt það. Í öðrum launaflokki eru nú aðallega forstjórar einstakra fyrirtækja, sem verða að vera verkfræðingar. Það er t. d. hafnarstjóri, rafmagnsstjóri, bæjarverkfræðingur. Þessi störf hafa verið auglýst á sínum tíma. Mér er ekki kunnugt um, að nein kona hafi um þau sótt, þegar af þeirri ástæðu, að það er engin íslenzk kona til, sem er verkfræðingur. Í þessum flokki er t. d. líka húsameistari bæjarins; kona hefur aldrei sótt um það starf. Borgarlæknisembættið, sem einnig er í einum af þessum æðstu flokkum, var auglýst til umsóknar fyrir örfáum árum. Það sótti engin kona um það. Borgarritarastarfið — sá maður þarf að vera lögfræðingur — var líka auglýst til umsóknar. Engin kona sótti um það.

Það eru þess vegna alveg furðulegar staðhæfingar hjá hv. þm., þegar hann leyfir sér að koma fram með slíka gagnrýni og vantar allan grundvöll undir þessar ásakanir. Ef maður á að nefna aðra, þá eru það t. d. framkvæmdarstjórar bæjarútgerðar Reykjavíkur. Það hefur engin kona sótzt eftir því. Eða t. d. togaraskipstjórar. Mér er ekki kunnugt um, að nein kona hafi sótt um það að verða skipstjóri á bæjartogara.

Ef litið er yfir þessa hæstu launaflokka, þá kemur það vafalaust í ljós, að það hefur engin kona sótt um þau störf. Og um sum þeirra er þannig varið, að til þeirra þarf sérþekkingu, sem konur hafa ekki öðlazt hér á landi. T. d. hefur engin íslenzk kona gengið á verkfræðiskóla og lokið þar prófi.

Í rauninni þarf ekki frekari orð um þetta að hafa. Aðalatriðið er hér ekki það, hversu margar konur eða karlar eru í einhverjum tilteknum launaflokki, heldur hitt: Njóta konur jafnréttis á við karlmenn, þannig að þær fái sömu laun fyrir sömu störf? Og það er þegar orðið lögfest hér og er í framkvæmd bæði hjá bæ og ríki.

10. Áburðarverksmiðja (fsp. BergS).

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um áburðarverksmiðjuna [97. mál, 4] (A. 164).

Á 16. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég hef borið hér fram á þskj. 164 nokkrar fyrirspurnir um áburðarverksmiðjuna. Það þarf að sjálfsögðu engan að undra, þó að menn spyrji nokkuð um þetta fyrirtæki. Áburðarverksmiðjan er, svo sem kunnugt er, stærsta iðnfyrirtæki, sem stofnað hefur verið hér á landi. Ríkið og þar með almenningur hefur mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við rekstur þessa fyrirtækis, þar sem ríkið er stærsti hluthafi í verksmiðjunni. En þar að auki hefur almenningur á margan hátt mjög mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við þetta fyrirtæki, og er því eðlilegt, að menn óski þess að fá sem gleggstar upplýsingar um starf og rekstur fyrirtækisins.

Eins og fram hefur komið hér í umr., er önnur fyrirspurn borin fram af hv. 2. þm. Reykv. um þetta sama mál, og það er rétt, sem hæstv. landbrh. tók fram, að þessar fsp. grípa nokkuð hvor inn í aðra, og get ég að sjálfsögðu fallizt á það, að svo miklu leyti sem mínum fsp. hefur þegar verið svarað af hæstv. landbrh., þá sé það svar ekki endurtekið. Skilst mér, að þetta eigi fyrst og fremst við um nr. 1 og 2 af mínum spurningum.

Hinum spurningum mínum er náttúrlega enn ósvarað og var ekki svarað með svörum við spurningum hv. 2. þm. Reykv., en þriðja spurningin er um það, hvort markaður hafi fengizt fyrir áburðinn erlendis. Það var rætt um það, þegar áburðarverksmiðjan var stofnuð, að hún mundi framleiða meira af þeirri áburðartegund, sem hún framleiðir, heldur en íslenzkur landbúnaður þyrfti að nota, og því er þessi spurning fram borin. Það er óskað eftir upplýsingum um það, hvort tekizt hafi að afla markaða erlendis fyrir það áburðarmagn, sem íslenzkir bændur hefðu ekki þörf fyrir.

Þá er spurt í fjórða lagi, hvort víða sé framleiddur sams konar áburður með tilliti til kornastærðar og hér er gert. Það þarf ekki mikið að ræða um þessa spurningu. Það kom fram í blöðum á s. l. sumri, að bændur teldu áburðinn of fínan, og það er óskað eftir, að það sé upplýst, hvort jafnfínn áburður sé framleiddur víða annars staðar.

Þá er spurt um það, hvort allar vélar áburðarverksmiðjunnar séu framleiddar af þekktum fyrirtækjum, sem langa reynslu hafi í framleiðslu slíkra véla. Má setja þessa spurningu í samband við fjórðu spurningu.

Þá er spurt um galla, hvort þeir hafi komið fram á tækjum eða vélum verksmiðjunnar, hverjir þeir séu og hvað mundi kosta að endurnýja vélarnar eða skipta um, ef slíkir gallar hefðu komið fram.

Loks er spurt um, hve mikið fé bandarískum aðilum hafi verið greitt fyrir teikningar, aðstoð og eftirlit með byggingu verksmiðjunnar, og er það í sambandi við það atriði, ef einhverjir gallar skyldu hafa komið í ljós á vélum í sambandi við uppsetningu eða byggingu verksmiðjunnar, hvort það gjald, sem greitt hafi verið erlendum aðilum, væri svo mikið, að ástæða væri til að ætla að fá einhverjar skaðabætur frá þeim fyrir.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég mun svara hér, eftir því sem ég get, þessum fyrirspurnum hv. 8. landsk. En eins og ég tók fram um hina fyrri fsp. varðandi áburðarverksmiðjuna, falla nokkrir af liðum fsp. saman, svo að ástæðulaust er að taka þá til meðferðar, og er svo um 1. lið fsp. hv. 8. landsk.

2. liður fsp. er þannig: Eru líkur á því, að hann (þ. e. áburðurinn) seljist á innlendum markaði á næsta ári? Þessu má svara þannig: Ef miðað er við notkun köfnunarefnis á s. l. ári og þótt engin aukning verði á næsta ári hliðstæð þeirri aukningu, sem orðið hefur árlega undanfarin ár, — 1952—53 var t. d. köfnunarefnisnotkunaraukningin um 3000 tonn og 1953—54 um 2400 tonn, miðað við þennan köfnunarefnisáburð hreinan, sem á íslenzku heitir Kjarni, — ættu ⅔ hlutar framleiðslunnar eða rúmlega það að seljast á innanlandsmarkaði, 12—13 þús. tonn. Ef hliðstæð aukning verður, ætti salan að nema nokkru meira.

Þá er 3. liðurinn: Hefur fengizt markaður fyrir áburðinn erlendis? Síðari hluti árs er jafnan sá tími, sem verst gegnir um sölu áburðar, sem er frekar ýmsum öðrum vörutegundum einmitt háður árstíðum, eins og gefur að skilja. En áhuga verður mjög víða vart, og standa nú yfir athuganir um ýmsa markaði, sem eru taldir mjög líklegir. Annað er ekki hægt að segja um þetta að svo vöxnu máli.

Þá er það 4. liðurinn, þar sem spurt er: Er víða framleiddur sams konar áburður með tilliti til kornastærðar og hér er gert? Eitt af stærstu orkuverum Bandaríkjastjórnar hafði um margra ára skeið framleitt sömu tegund og gerð áburðar og hér er framleidd. Kornastærðin hér hefur þó verið minni en æskilegt hefur þótt, miðað við kornastærð áður innflutts áburðar sömu tegundar. En þó hefur miðað verulega í betri átt síðustu vikur, og hefur kornastærðin vaxið. Þessi gerð, þ. e. krystallagerðin, sem svo er nefnd, hefur verið valin meðal annars af því, að krystallaáburður er talinn öruggari í meðferð en aðrar gerðir, svo sem kúlur eða flögur sams konar köfnunarefnisáburðar, sem sums staðar er framleiddur. En vegna þess umtals, sem orðið hefur meðal almennings um of lítla kornastærð áburðarins, skal á það bent, að annar mælikvarði en venja um þetta efni, grundvölluð á stærð áður innfluttra tegunda, virðist varla fyrir hendi hér hjá okkur. Skoðanir virðast skiptar um, hvort smá kornastærð sé betri eða verri, og mun það allt eftir því, hver fer með það og við hvað er miðað. Í almennu umtali hefur því verið haldið fram, þó að í fsp. sé ekki á það minnzt, að áburðurinn hafi hlaupið í kökk. Rétt er að skýra frá því hér og viðurkenna staðreyndir, sem eru þær, að í upphafi rekstrar verksmiðjunnar, sem þá var skipuð fullkomlega óreyndum og óþjálfuðum mönnum að undanskildum fáum verkfræðingum til leiðsögu og kennslu,

kom það nokkuð fyrir, að kekkja yrði vart í áburðinum. Var þetta af þeim orsökum, að smám saman þurfti að stilla tæki til að ná réttu rakastigi, að læra þurfti meðferð leirhúðunartækja og fá reynslu um nauðsynlegt leirmagn, er héldi áburðinum frá því að kekkjast. Þegar í ljós kom, að kekkir mynduðust í geymslu, voru gerðar aðrar ráðstafanir, sem hafa svo haft þau áhrif, að áburðurinn hefur ekki hlaupið í kekki umfram það, sem almennt gengur og gerist í þeim áburði, sem inn hefur verið fluttur. Sá áburður, sem upprunalega var framleiddur með minna úðunarefni en síðar var farið að nota, nemur 2000 tonnum og var framleiddur fyrir miðjan júlí s. l. Nýlega var þessi áburður fluttur milli geymslna, og þá voru þeir sekkir teknir frá til endurvinnslu, sem innihéldu mikla eða harða kekki. Magn það, sem þannig var tekið frá, nam aðeins 3—4% af þessum 2000 tonnum, sem talin voru of fín, en kekkirnir voru ekki harðari en svo, að þeir molnuðu undir berum höndum manna. Sýnishorn, tekin úr öðrum geymslum, sýndu hins vegar, eins og áður er sagt, að ekki var um óeðlilega kekkjun að ræða.

Þetta er það, sem ég vildi leyfa mér að taka fram varðandi það umtal, sem fram hefur komið um, að áburðurinn væri slæmur til að dreifa honum, og hér mun vera skýrt svo nákvæmlega frá þessu sem mögulegt er. Eins og fram kemur hér, virðast allar vonir til þess standa, að nú þegar sé búið að yfirvinna þá örðugleika, sem vart var í þessu efni.

Ég leyfi mér þá að snúa mér að 5. liðnum, sem er þannig: Eru allar vélar áburðarverksmiðjunnar framleiddar af þekktum fyrirtækjum, sem langa reynslu hafa í framleiðslu slíkra tækja. Um það vil ég þetta segja: Allar vélar og tæki eru ný og framleidd af þekktum fyrirtækjum í samræmi við verkfræðilegar skilgreiningar um bæði efni og gerð. Eftirlit á þessu sviði var í höndum hins ameríska verkfræðifyrirtækis, er sá um hina tæknilegu hlið verksmiðjunnar. Um þetta verkfræðifyrirtæki, ásamt dr. Charles Owen Brown, sem annazt hefur byggingu 28 áburðarverksmiðja og verið hefur ráðunautur áburðarverksmiðjunnar, er annars það að segja, að það hefur verið valið ásamt tveim öðrum úr hópi 300 slíkra fyrirtækja til þess að sjá um og skipuleggja 40 millj. dollara framkvæmdir fyrir kjarnorkuráð Bandaríkjastjórnarinnar. Slíkt fyrirtæki verður að teljast vel þekkt að þessu leyti.

Í 6. lið er spurt: Hafa komið fram gallar á vélum eða tækjum verksmiðjunnar og þá hverjir? Því hef ég svarað áður.

En svo verð ég að biðja hið háa Alþ. mjög afsökunar á því, að svo slysalega hefur til tekizt í rn., þegar þessar fsp. voru sendar til stjórnar áburðarverksmiðjunnar, að þess hefur ekki verið gætt að taka upp — þetta var tekið upp í bréf — nema þær, sem voru á þessari síðu blaðsins. Það eru tveir liðir á baki, sem hafa fallið niður úr bréfinu, og hefur því ekki komið svar við þeim í mínar hendur fyrr en um hádegið, svo að ég var eiginlega ekki búinn að lesa það verulega yfir. En ég hef nú fengið hér, ef ég kemst fram úr því, einhverjar upplýsingar varðandi þetta.

Greitt fyrir reikninga, eftirlit, skipulag o. fl. um 10 millj. kr., eða um 8% af kostnaðarverði verksmiðjunnar. Við byggingu erlendra verksmiðja er jafnan reiknað með, að um 16% af stofnkostnaði fari í sams konar og hér er um að ræða.

Ég hefði getað haft þetta dálítið greinilegra, ef þessi mistök hefðu ekki orðið, en hef fengið þessar upplýsingar hér nú meðan ég var að lýsa hinu, enda mun mjög auðvelt fyrir hv. fyrirspyrjanda og aðra, sem hafa áhuga á því, að fá nákvæmari upplýsingar, ef þeir óska eftir, um þetta atriði beint frá skrifstofunni, því að það er áreiðanlega ekki ætlað að fela neitt þar.

Ég skal svo leyfa mér að geta þess að lokum, að mér væri það mjög kært, að menn kynntu sér rekstur áburðarverksmiðjunnar sem bezt og kæmu þangað og kynntu sér starfsháttu þar. Einkanlega álít ég nauðsynlegt, að það verði sem ljósast, að áburðurinn er nú að færast í það horf, sem fyllilega jafnast á við þann áburð, sem áður hefur verið fluttur hingað til landsins. Og ég vil leyfa mér í samráði við stj. áburðarverksmiðjunnar að bjóða alþm. í verksmiðjuna, hvenær sem hæstv. forseta þætti það henta tímans vegna, til þess að kynna sér þar allar aðstæður, og mundi þá vera mjög auðvelt að fá að sjá sýnishorn af áburði, bæði eins og hann var í fyrstu, þegar gallar þóttu á honum, og eins og hann er nú, eftir að að einhverju leyti hefur verið úr bætt. Má þá mjög auðveldlega bera það saman við erlend áburðarsýnishorn hvað þetta atriði snertir.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri og vænti, að ég hafi nokkurn veginn, þó að nokkur mistök væru á, svarað því, sem um var spurt.

Forseti (JörB): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir hönd Alþ. fyrir boð hans. Ég veit, að hv. þingmenn munu hafa áhuga að kynna sér þetta mikla fyrirtæki, og tækifærið munu þingmenn nota sér, að koma og skoða verksmiðjuna.

Hæstv. ráðh. á vitaskuld enga sök á þeim mistökum, sem orðið hafa um tvo töluliði fsp. 8. landsk. Það má telja, að ég eigi fyrst og fremst sök á að hafa ekki gætt þess, hvernig bréfið, sem sent var, var úr garði gert. En til þess að bæta úr þessum mistökum skal ég sjá til þess, að vitneskja berist verksmiðjunni og upplýsingar fáist, og getur þá hv. fyrirspyrjandi og aðrir þm. haft aðgang að þeim hér í þinginu.

Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið við fsp. mínum, og ég skil mætavel þau mistök, sem urðu á því, að tveir liðir af fsp. höfðu fallið niður, og mun ekki bera fram neina ósk um það, að málið verði tekið aftur á dagskrá af þeirri ástæðu, enda gaf hæstv. ráðh. hér svör við seinni liðnum a. m. k.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða mikið um

þetta mál á þessu stigi. Það var aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem ég hefði talið æskilegt að fá ofur lítið nánari upplýsingar um, og það var þegar hann talaði um kornastærð áburðarins, að áburðurinn hefði verið afar fínn í fyrstu, en sagði jafnframt, að kornastærðin hefði vaxið nú síðustu mánuði. Í sambandi við þetta hefði ég talið æskilegt að fá það upplýst, hvort þetta þýddi jafnmikla áburðarframleiðslu, þ. e. a. s. eftir því sem kornastærðin vex, hvort þá verði framleiddur jafnmikill áburður í verksmiðjunni og framleiddur var með minni kornastærð.

Í sambandi við fsp. mína um það, hvort víða væri framleiddur sams konar áburður með tilliti til kornastærðar og hér er gert, svaraði hæstv. ráðh. því til, að eitt af stærstu orkuverum Bandaríkjanna framleiddi slíkan áburð. Mér skilst nú, að þetta svar þýði nánast það, að í sambandi við eitt af stærstu orkuverum Bandaríkjanna sé verksmiðja, sem framleiði slíkan áburð, þ. e. a. s., að það sé áburðarverksmiðja þar, sem fái orku frá einu af stærstu orkuverum Bandaríkjanna. En annað í þessu sambandi gat hæstv. ráðh. ekki um. Hann nefndi engin fleiri dæmi. Og þar sem hér er að sjálfsögðu um tæknilegt atriði að ræða, skal ég ekki á það leggja neinn dóm, hversu hér hafi heppilega til tekizt, ef rétt er, sem mér skildist af ræðu hæstv. ráðh., að ekki væri unnt að vitna til nema eins fyrirtækis í þessu sambandi, sem framleiddi sams konar áburð og hér er gert. Mörgum reyndum búmanni held ég hefði orðið það fyrir að framleiða hér áburð, sem meiri reynsla væri fyrir en þó að eitt fyrirtæki hefði fengizt við að framleiða hann. En ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um málið meira á þessu stigi.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Það er í raun og veru ekki ástæða til að lengja þessa umr. út af þessum orðum, sem hv. 8. landsk. sagði nú. Það voru þó aðeins tvö atriði, sem ég vildi nefna. Hið fyrra var það, að hann spurði, hvort kornastærðin, þ. e a. s. ef áburðurinn væri meir kornaður og stærri, gæti haft áhrif á framleiðslumagn verksmiðjunnar. Það er óhætt að svara því ákveðið, að svo er ekki. Sá árangur, sem þegar hefur náðst, hefur alls ekki haft nein áhrif á framleiðslumagnið. Framleiðslumagnið hefur verið mest í síðasta mánuði, október, eins og ég lýsti áðan, og sýnir það því út af fyrir sig glögglega. Þó að eitthvað lengra verði kannske gengið á þeirri leið enn að korna áburðinn meir, þá mun það ekki geta valdið neinu í þá átt, að framleiðslan þurfi að rýrna.

Hitt var það, að hv. 8. landsk. virtist ég draga fram fá dæmi um verksmiðjur, sem hefðu sama ástandsform á sínum köfnunarefnisáburði og hér er um að ræða. Það er rétt, að ég nefndi stærsta fyrirtækið, sem mun að þessu starfa, en það eru víst margar verksmiðjur, sem hafa það sama. Og það er sá áburður, sem hingað hefur komið til landsins áður, eins og við vitum, af þessari gerð, sem þannig hefur verið útbúinn.

Annars skal ég viðurkenna það, að ég hef ekki tæknilega þekkingu til að dæma um það, hvort þessi kornun á áburði, kúlur, eins og það er kallað, eða einhverjar flögur, sé heppilegri gerð. Þetta er mismunandi ástandsform, sem þekkist víst víða um heim, en það er víst, að ýmis mestu fyrirtæki, sem framleiða köfnunarefnisáburð, hafa horfið að þessum kornaáburði. Er að mínum dómi ekki nokkur ástæða til að ætla, að þar sé um neina hættu að ræða út af fyrir sig, ef hægt verður, eins og ég vona að sé, að komast yfir þá byrjunarörðugleika, sem á þessu hafa orðið.

11. Grænland.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um Grænland [97. mál, 5] (A. 164).

Á 16. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Þegar ég fyrir rúmri viku lagði þessa fsp. fram, höfðu borizt um það óljósar fregnir hingað til lands, að í verndargæzlunefnd Sameinuðu þjóðanna hefðu Danir farið fram á að fá viðurkenningu fyrir því, að Grænland væri nú ekki lengur nýlenda þeirra og þeir þyrftu ekki að standa neinn reikningsskap ráðsmennsku sinnar varðandi Grænland, heldur væri það orðinn hluti af Danmörku. Eins og þingheimi er kunnugt, hefur nú verið fjallað um þetta mál hér í þinginu og það upplýst og jafnvel verið tekin ákvörðun í sambandi við það. Ég tel því, að þessi fsp. sé þar með úr sögunni, þar sem fram eru komnar þær upplýsingar, sem ég æskti eftir. Um meðferð málsins hér á hv. Alþ. er að sjálfsögðu ekki rétt stund til þess að ræða nú. Það bíður seinni tíma.

12. Mótvirðissjóður.

Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um greiðslur til ameríska sendiráðsins úr mótvirðissjóði [142. mál] (A. 337).

Á 35. fundi í Sþ., 10. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. þeirri, er hv. 2. þm. Reykv. flytur hér á þskj. 337, er því til að svara, að ekkert fé hefur verið greitt úr mótvirðissjóði til ameríska sendiráðsins, hvorki fyrr né seinna.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég bjóst nú hálfpartinn við, að hæstv. ríkisstj. væri ekki vel við að gefa upplýsingar um þá greiðslu, sem fram hefur farið í sambandi við framlögin, sem mótvirðissjóðurinn er framlag Íslands á móti. Eins og vitað er, eru 5% af þeim svokölluðu gjöfum, sem Ísland fékk frá Bandaríkjunum á sínum tíma, greidd til ameríska sendiráðsins í Rvík og dragast þannig frá því, sem verður í mótvirðissjóðnum. Ég hafði hugsað mér að fá upplýsingar um, hvað þetta væri nákvæmlega, þessi upphæð. Ég veit, að hún muni vera í kringum 20 millj. kr., vegna þess að um 400 millj. kr. verðmæti var þarna um að ræða, og 5% af því átti að greiða á þennan hátt. En ég vildi gjarnan vita, hvernig þessar greiðslur hefðu skipzt, hvað mikið hefði verið greitt á hverju ári, og ég skil það vel, að hæstv. ríkisstj. vill gjarnan hafa nokkur undanbrögð um þetta.

Það má nú vera, að það verði ef til vill reynt að orða spurningarnar öðruvísi, svo að hæstv. ríkisstj. kæmist síður hjá því að svara og gefa upplýsingar um þetta, en hitt er þó aðalatriðið, að það komi fram, um hvaða upphæð þarna er að ræða. Því hefur nefnilega mikið verið haldið á lofti, hve mikið Íslendingum hafi verið gefið, þó að minna hafi verið talað um skilyrðin í sambandi við það, en aldrei hitt, hvert 5% af því, sem Íslendingar lögðu fram, hefur runnið. — Ég ætla svo ekki að orðlengja neitt um þetta, en mun sjá um, að þessar upplýsingar komi samt að lokum fram.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er mesti misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, að ríkisstj. sé óljúft að ræða um þetta mál eða þessa fyrirspurn. Hitt er öllu leiðinlegra, að hv. þm. skuli vera með fyrirspurn af slíku tagi, vegna þess að það verður að ætlast til, að hann viti um það, sem hann er að spyrja.

Það vita, held ég, allir hv. alþm., hvernig mótvirðissjóðurinn er til kominn, að 95% af andvirði seldra gjafadollara var lagt á sérstakan reikning samkvæmt samningi milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu, sem undirritaður var 3. júlí 1948 og birtur er í stjórnartíðindum 1948, A-deild, bls. 232—250. Þessi reikningur hefur verið kallaður mótvirðissjóður, og samkv. l. nr. 47 frá 25. maí 1949 má ekki ráðstafa honum nema með samþykki Alþingis. Fyrirspurnin ber því vitni um mikla vanþekkingu eða misskilning, þar sem ætlað er, að ameríska sendiráðinu hafi verið greitt stórfé úr mótvirðissjóðnum.

Er hugsanlegt, að fyrirspyrjandi rugli saman mótvirðissjóðnum og hinum svokallaða 5% reikningi, sem er eign Bandaríkjanna, og eins og segir í 4. mgr. 4. gr. samningsins um efnahagssamvinnu, er það fé til ráðstöfunar ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku vegna útgjalda hennar á Íslandi. Hluta af þessu fé hefur verið varið til stuðnings tilrauna- og fræðslustarfsemi í þágu íslenzks landbúnaðar og fiskveiða og einnig til styrktar Iðnaðarmálastofnuninni. Annars er það á valdi Bandaríkjanna sjálfra að nota þetta fé að eigin geðþótta í samræmi við ákvæði samningsins um efnahagssamvinnu.

Ég ætla nú, að hv. 2. þm. Reykv. sé ljóst, hversu fráleitt það er að gera í þessu sambandi fyrirspurn um það, hvort sendiráði Bandaríkjanna hafi verið greitt stórfé úr mótvirðissjóðnum, og ég reyndar veit, að þetta er fullnægjandi svar fyrir hann, enda þótt hann kunni að koma hér og spyrja um fleira, sem hann veit um, en þessi hv. þm. er allt of fróður til þess að vera að leika hér eitthvert fífl, sem lítið veit.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Hæstv. viðskmrh. hefur nú upplýst, hvað mikið hann leggur upp úr því orðalagi, að það séu aðeins 95%, sem sé greitt í mótvirðissjóð, og að 5 prósentin, sem fara til ameríska sendiráðsins, séu dregin frá áður, en þau eru með öðrum orðum, eins og við vitum báðir, dregin frá því mótvirði, sem Ísland leggur fram á móti hinum svonefndu Marshallgjöfum, og má þá ef til vill ekki telja, að miklu skipti, hvort maður orðar það svo, að 5 prósentin séu greidd úr mótvirðissjóðnum, þar sem það minnkar, sem í hann fer, um þessi 5%, eða hitt, hvort maður kallar aðeins 95 prósentin af því mótvirðissjóð. Það er mótvirðisupphæðin, sem þarna er um að ræða. — Það er rétt, sem hæstv. ráðh. tók fram, að þessum 95% má ekki ráðstafa nema með samþykki Alþingis, en hæstv. ráðh. gleymdi að geta um áframhaldið af þeim skilyrðum; það má ekki heldur ráðstafa því nema með samþykki amerísku ríkisstjórnarinnar, og það hefur verið notað sem svipa á okkur hér í þinginu og af nefnd íslenzku ríkisstj., fjárhagsráði, verið lýst yfir, að það mætti ekki samþykkja lög, sem búið var að samþykkja í Nd., mætti ekki afgreiða þau frá þinginu, vegna þess að ella mundi Bandaríkjastjórn neita að leyfa okkur að nota fé úr mótvirðissjóði. Og yfirboðarar mótvirðissjóðs voru þá taldir vera ríkisstjórnin í Washington, en ekki Alþingi Íslendinga. Það er hins vegar gott, að hæstv. ríkisstj. er nú farin að reyna að draga fjöður yfir þetta.

Svo fór hæstv. ráðh. nokkuð inn á, að eitthvað af þessum 20 millj. kr., sem ameríska sendiráðið hefur fengið greitt frá íslenzka ríkinu, hafi verið notað sem styrkur til ferðalaga og upplýsinga í sambandi við íslenzkan landbúnað. Hann minntist ekki á hve mikill hluti. Það hefði verið æskilegt, að það hefði verið hægt að gefa fleiri upplýsingar um það. Ég mun kannske gera ráðstafanir til þess, að það verði hægt að fá þær fram. Ég held, að það sé ekki vanþörf á því.

13. Kjarvalshús.

Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um byggingu Kjarvalshúss [149. mál, 1] (A. 357).

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Það hefur verið sagt og sennilega með réttu, að við Íslendingar séum deilugjarnir í meira lagi. Við höfum deilt um flest milli himins og jarðar, og nú á síðari árum, eftir að listhneigð þjóðarinnar hefur skotið nýjum rótum, unnið ný lönd, hafa deilur um myndlist orðið fyrirferðarmiklar í íslenzku þjóðfélagi. Deilt hefur verið um listastefnur og einstaka listamenn, oft af miklum ákafa, kannske óþarflega miklum stundum. Slíkar deilur geta þó verið eðlilegar og jafnvel næsta gagnlegar, sé þeim haldið innan sæmilegra takmarka. Bera þær þá vott um andlegt líf.

Athygli hlýtur það að vekja í okkar deilugjarna landi, að einhver fyrirferðarmesti og um flesta hluti sérstæðasti persónuleiki okkar á sviði myndlista hefur jafnan verið hafinn yfir þessar deilur. Hann hefur svifið þar fyrir ofan og utan, óheftur af öllum lögmálum, sem afmarka braut hversdagsmannsins. Þessi listamaður er Jóhannes Sveinsson Kjarval. Hann hefur málað myndir með hliðsjón af svo að segja öllum listastefnum síðustu 40—50 ára og þó engri þeirra að öllu háður. Hann hefur hlotið lof hinna ólíkustu manna, allt frá íhaldssömustu natúralistum til róttækustu nýjungamanna í myndlist. Í nær hálfa öld hefur hann málað þúsundir listaverka, sjálfsagt misjafnra að listgildi, en jafnan ausið af mikilli auðlegð skapandi listamannshugar og dreift gjöfum sínum á báðar hendur. Mun sá Íslendingur vandfundinn, sem hefur ekki skynjað að nokkru persónuleik listamannsins Kjarvals og átt unaðsstundir við að virða fyrir sér hin fjölbreytilegu listaverk hans. Hafa menn oft fundið til þess, að myndir Kjarvals eru dreifðar víðs vegar og hvergi til viðhlítandi safn þeirra, sízt aðgengilegt almenningi.

Fyrir 10 árum, skömmu áður en Kjarval var sextugur, var vakin nokkur hreyfing í þá átt að fá úr þessu bætt, jafnframt því sem listamanninum yrði tryggð viðunandi aðstaða til iðkunar listar sinnar og hæfilegur samastaður á efri árum. Skyldi reist Kjarvalshús, er væri hvort tveggja í senn, listasafn og bústaður listamannsins. Fjórir hv. alþm. báru þá fram þáltill. um málið, er hlaut samþykki Sþ. 2. marz 1945. Ég vil leyfa mér að lesa þessa till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að heimila ríkisstj. að verja allt að 300 þús. kr. af tekjuafgangi ársins 1944 til að reisa í Reykjavík sýningarsal og íbúð. Skal ríkisstj. á 60 ára afmæli Jóhannesar Kjarvals næsta haust bjóða honum að búa og starfa í þessu húsi og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að þar verði komið upp til varðveizlu og sýnis sem fullkomnustu safni af málverkum eftir þennan listamann."

Ekki er mér kunnugt um, að neitt hafi orðið úr þeim framkvæmdum, sem hér um ræðir. Nú í dag eru rétt 10 ár liðin, síðan fyrrgreind þál. var samþ. hér á hv. Alþ.

Til þess að ýta við þessu máli og fá úr því skorið, hvar það er á vegi statt, höfum við hv. 1. landsk. þm. (GÞG) leyft okkur að flytja fyrirspurn, er svo hljóðar:

1. Er starfandi stjórnskipuð nefnd, sem hefur með höndum undirbúning að byggingu safnhúss fyrir málverk Jóhannesar Kjarvals?
2. Hefur fé það, sem Alþ. með þál. 2. marz 1945 heimilaði ríkisstj. að verja til byggingar slíks húss, verið greitt?
3. Hafi ekkert verið að máli þessu unnið, hyggst ríkisstj. þá að hafa forgöngu um framkvæmdir?

Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. svari fúslega þessari fyrirspurn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Samkvæmt þál. þeirri frá 2. marz 1945, sem nefnd er í fyrirspurninni, skipaði menntmrn. 27. marz 1945 þriggja manna nefnd til þess að undirbúa og framkvæma byggingu á sýningarsal og íbúð handa Jóhannesi Kjarval málara. Í nefndina voru skipaðir Sigurður Guðmundsson húsameistari, Kristján Jónsson kaupmaður og Valgeir Björnsson hafnarstjóri.

Hinn 7. júní 1945 ritaði menntmrn. fjmrn. svo hljóðandi bréf:

„*Menntmrn.*, Reykjavík, 7. júní 1945. Hinn 13. marz 1945 sendi Alþ. þessu ráðuneyti svofellda ályktun um listasafn, er samþ. hafði verið í þinginu 2. sama mánaðar.

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að verja allt að 300 þús. kr. af tekjuafgangi ársins 1944 til að reisa í Reykjavík sýningarsal og íbúð. Skal ríkisstj. á 60 ára afmæli Jóhannesar Kjarvals næsta haust bjóða honum að búa og starfa í þessu húsi og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að þar verði komið upp til varðveizlu og sýnis sem fullkomnustu safni af málverkum eftir þennan listamann."

Samkvæmt þessu skipaði ráðuneytið hinn 27. marz s. l. þriggja manna nefnd til að hrinda verkinu í framkvæmd.

Nú mun fjmrn. hins vegar hafa falið húsameistara ríkisins framkvæmd byggingarinnar, og hefur því nefnd sú, er þetta ráðuneyti skipaði, sagt af sér störfum. Verður að líta svo á, að fjmrn. hafi tekizt á hendur framkvæmd þál., og mun þetta ráðuneyti eigi hafa frekari afskipti af málinu."

Þetta er það eina, sem sést um afskipti menntmrn. af þessu máli, og hefur það því farið úr þess höndum nú fyrir nærri 10 árum.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins

hefur ekkert fé verið greitt úr ríkissjóði í þessu sambandi. Hins vegar voru lagðar til hliðar og geymdar þær 300 þús. kr., sem þál. heimilaði.

Skrifstofa húsameistara ríkisins segir, að lauslegir uppdrættir hafi á sínum tíma verið gerðir af húsinu, og skilst mér, sannast sagt, — annars mun hæstv. fjmrh. gera nánari grein fyrir viðhorfi fjmrn. til þessa máls, — að málið hafi strandað á þessum ágreiningi ráðuneytanna um það, hver ætti um það að fjalla, en það er sjálfsagt, að það verði tekið upp til nýrrar athugunar, hver greiðfærasta leið sé til framkvæmda í þessum efnum. En þá er auðvitað ljóst, að þær 300 þús. kr., sem lagðar voru til hliðar fyrir meira en 10 árum, hrökkva hvergi nærri til neinna verulegra framkvæmda í þessum efnum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í skjölum fjmrn. finnast ekki nein bréf eða neitt skriflegt varðandi byggingu húss yfir málverkasafn Jóhannesar Kjarvals málara, annað en bréf það frá menntmrn., dags. 7. júní 1945, sem hæstv. menntmrh. hefur skýrt frá í svari sínu við fyrirspurninni.

Ef eitthvað fleira hefur farið á milli þáverandi fjmrh. og þáverandi menntmrh. um þetta mál, þá virðist það hafa verið munnlegt, og í ráðuneytinu finnst ekkert annað en þetta bréf frá þáverandi menntmrh. um það, að hann telji afskipti menntmrn. lokið af málinu.

Skrifstofa húsameistara, sem fjmrn. hefur snúið sér til af þessu tilefni, hefur upplýst, að þar séu geymd frumdrög að teikningu af húsi, sem þál. frá 2. marz 1945 gerði ráð fyrir að yrði reist, og hafi Guðjón heitinn Samúelsson, þáverandi húsameistari ríkisins, gert þessi frumdrög á árinu 1945.

Þær 300 þús. kr., sem þál. heimilaði ríkisstj. að verja til byggingar nefnds húss, hafa verið geymdar hjá ríkissjóði til ráðstöfunar í þessu skyni á sérstökum reikningi.

Eins og að líkum lætur, telur fjmrn. það ekki í sínum verkahring að annast um framkvæmdir í þessu máli fremur en öðrum málum, sem eftir eðli sínu heyra undir önnur ráðuneyti. En við munum í fjmrn. hafa samband við menntmrn. um þetta mál og eiga þar með þátt í því að koma því á sporið, en það virðist hafa farið út af sporinu 1945 eða fyrir 9 árum fyrir einhvers konar meting á milli ráðuneytanna.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrir hönd okkar fyrirspyrjendanna vil ég leyfa mér að þakka hæstv. ráðherrum greið svör þeirra við fyrirspurninni.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að málið mun upphaflega hafa komið á dagskrá í sambandi við 60 ára afmæli listamannsins Jóhannesar Kjarvals.

Ef ég man rétt, þá var það m. a. hinn valinkunni maður, Pétur Magnússon fjmrh., sem átti mjög verulegan hlut að því, að málið var tekið upp á sínum tíma. Það fékk mikinn stuðning á Alþ., eins og það þá var skipað, svo sem hin samhljóða samþykkt á þáltill. sýndi.

Í fyrstunni virðast hafa verið gerðar allar eðlilegar ráðstafanir til þess að hrinda málinu í framkvæmd, en síðar, fyrir einhvers konar meting á milli ráðuneyta eða mistök, komizt út af sporinu, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það.

Um orðinn hlut er ekki að sakast, enda ekki aðalatriðið, úr því sem komið er. Hitt er aðalatriðið, að nú verði hafizt handa, enda eru nú önnur tímamót í ævi listamannsins í vændum. Hann mun eiga sjötugsafmæli í október n. k., 15. okt., að ég hygg, og væri vissulega vel til fallið, ef hæstv. ríkisstj. vildi beita sér fyrir því, — bezt væri, að það yrðu menntmrn. og fjmrn. í sameiningu, — að málið fengi framgang þannig, að þessi hugmynd, sem virtist eiga óskipt fylgi alþm. 1945, næði nú fram að ganga. Engin ástæða er til þess að ætla, að hugur Alþ. sé ekki enn hinn sami, þó að það sé öðruvísi skipað. Ef það væri vefengt, mætti auðvitað á það reyna, en ég hygg, að það sé óþarfi. Vil ég láta það verða mín síðustu orð í þessu sambandi að vænta þess, að hv. ráðuneyti bæði tvö hafi samvinnu um að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd í sambandi við sjötugsafmæli listamannsins.

14. Þingmannabústaðir.

Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um byggingu þingmannabústaðar [149. mál, 2] (A. 357).

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Með fyrirspurn þeirri, sem við hv. þm. V-Húnv. (SkG) berum fram undir II. lið á þskj. 357, er spurzt fyrir um það, hvort lokið sé undirbúningi að byggingu þingmannabústaðar samkvæmt fyrirmælum í 2. gr. l. nr. 84 1953 og hvenær megi vænta, að bygging hans verði hafin.

Ég skal játa það, að mér og sjálfsagt okkur báðum fyrirspyrjendunum er kunnugt um það, að forsetum Alþ. hefur verið falið að athuga þetta mál, og má segja, að við höfum getað spurt þá, og það hef ég nú reyndar gert, spurt einn forsetann nokkuð um þetta. En tilgangurinn með því að bera þetta fram í sjálfu Alþingi er sá, að við teljum rétt, að Alþingi fái skýrslu um málið, en teljum ekki nægja, þó að við sjálfir fáum forvitni okkar svalað um þetta efni.

Það eru fyrirmæli, eins og segir í fyrirspurninni, í tveggja ára gömlum lögum, að á árinu sem leið skyldi hefja undirbúning að

byggingu þingmannabústaðar og honum verða lokið það ár. En það eru meira en tveggja ára gömul lagaákvæði, að byggja skuli þingmannabústað, því að það var fyrst sett í lög með l. um breyt. á lögum um þingfararkaup alþm. frá 13. febr. 1943, eða fyrir 12 árum rúmum, og ekki nóg með það, heldur hafði sá vilji Alþingis, að reistur yrði þingmannabústaður, tvisvar sinnum komið fram. eftir að þessi l. voru sett. Það var samþ. — ég man ekki hvaða ár og hef ekki gætt að því — þáltill. um að skora á ríkisstj. að hefjast handa í þessu máli, og síðar var einhvern tíma samþ. á fjárl. heimild til þess að reisa þingmannabústað. Þetta hafði því verið samþ. brisvar sinnum á Alþingi, áður en l. frá í hittiðfyrra, l. nr. 84 1953, voru sett. Alþingi hefur því nú samþykkt þetta fjórum sinnum.

Þar sem ég var flm. að því frv., sem varð að l. 1943, ég var einnig 1. flm. að þáltill. um sama efni, sem samþ. var síðar, og að till. um fjárlagaheimild, þá þarf engan að undra það, þó að ég fyrir mitt leyti láti mig þetta mál töluvert miklu skipta, þó að sýnt sé nú, vegna þess aldurs, sem ég er kominn á, að ég persónulega mundi hafa sáralítil not þess, a. m. k. miög takmarkaðan tíma, þó að þingmannabústaður yrði reistur.

Ég levfi mér að vænta greiðra svara um þetta efni.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það má nú kannske segja, að hv. fyrirspyrjandi, hv. 1. þm. Eyf. (BSt), hafi í rauninni gert hvort tveggja í senn að bera hér fram fyrirspurn á þskj. 357 og einnig að svara henni sjálfur. svo að það kann að vera að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar nokkru við. En með því að fyrir hv. fyrirspyrjanda vakir ekki fyrst og fremst, eins og hann sjálfur segir, að fá vitneskju um, hvað hefur skeð í þessu máli, heldur einnig að aðrir hv. þm. geti fengið sömu vitneskju, þá skal mér vera ánægja að staðfesta, að svo miklu leyti sem til minna kasta hefur komið, það sem hann sagði um þetta.

Það er rétt, að í 2. gr. l. nr. 84 1953 segir svo: „Reisa skal þingmannabústað svo fljótt sem því verður við komið. Skal undirbúningur, svo sem staðarval, uppdráttur o. s. frv., hafinn nú þegar og honum lokið á árinu 1954. Kostnaður við bygginguna greiðist úr ríkissjóði."

Í bréfi til forsrn., dags. 12. febr. 1954, lögðu forsetar Alþ. til, að skipuð yrði sérstök n. til þess að fara með þetta húsbyggingarmál. Að fengnu bréfi forsetanna óskaði forsrn. eftir því, að kannað væri meðal utanbæjarþingmanna, hverjir þeirra mundu kjósa að búa í slíkum væntanlegum þingmannabústað. Nítján þingmenn svöruðu þeirri fyrirspurn afdráttarlaust játandi. Einn sagði: „Já, ef boðlegt er" — annaðhvort að segja já eða húsið, — ég veit ekki, hvort hann átti við. Einn taldi það sennilegt, einn óvíst og enn einn vafasamt. Einn þm. var veikur, og varamaður hans óskaði ekki að taka afstöðu til málsins. Með bréfi 12. okt. 1954 skipaði svo forsrn. forseta Alþ., þá Jörund Brynjólfsson, Gísla Jónsson og Sigurð Bjarnason, ásamt skrifstofustjóra Alþingis, Jóni Sigurðssyni, í byggingarnefnd þingmannabústaðar. Jafnframt var húsameistara ríkisins falið að vera n. til aðstoðar.

Aðrar upplýsingar getur forsrn. ekki gefið um þetta mál að svo stöddu, enda er það nú, eins og menn mega skilja af þessu, í höndum byggingarnefndarinnar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í framhaldi af upplýsingum frá hæstv. forsrh. í sambandi við þingmannaheimilið vil ég leyfa mér að upplýsa eftirfarandi:

N. sú, er skipuð var til þess að gera till. um að hefja undirbúning að byggingu þingmannaheimilis, hefur haft nokkra fundi um málið, og hefur húsameistari ríkisins athugað ýmsa möguleika, sem til mála gætu komið, en niðurstöður eru þær enn sem hér segir:

Fyrst var rætt um að byggja bústað þingmanna á lóð Alþingis, áfast við þinghúsið, og hugsanlega stækkun þess. Ýmsir annmarkar komu í ljós í sambandi við þann stað, svo sem lóðarþörf vegna nauðsynlegrar stækkunar alþingishússins sjálfs, og því ekki vitað, hversu hagkvæmt mætti byggja á lóðinni, fyrr en fyrir lægi áætlun um húsnæðisþörf og stækkun þess. Með staðsetningu þingmannabústaðar á lóð þessari mundu skapast erfiðleikar um nýtingu lóðarinnar, ef málið væri leyst án tillits til þeirra þarfa alþingishússins, sem hins vegar er mikið og vandasamt undirbúningsstarf, og tekur langan tíma að ganga frá því.

Enn fremur eru uppi raddir um það, að ráðhús Reykjavíkur verði byggt við norðurenda Tjarnarinnar. Með hliðsjón af því hefur skipulagið gert ráð fyrir torgi milli núverandi alþingishúss og Vonarstrætis og milli Oddfellowhússins og Þórshamars hins vegar. N. hefur haft um þetta fund með borgarstjóra og skipulagsnefnd, þar sem þessar áætlanir voru staðfestar.

Til mála kom einnig að leita möguleika á viðbyggingu við Hótel Borg, þannig að bætt yrði um 40 herbergjum við hótelið, er Alþingi hefði fullan ráðstöfunarrétt á um þingtímann, en yrðu leigð út sem hótelherbergi á sumrin og þann tíma, sem Alþingi starfar ekki. Eftir allmiklar umræður um þessa lausn var frá henni fallið og ákveðið að leysa málið með sjálfstæðri og óháðri byggingu. En þrátt fyrir það hafði þessi möguleiki komið til greina og eigandi hótelsins ekki mótfallinn till. fyrir sitt leyti, ef til mála kæmi. Hefði slík lausn haft þann kost einan, að undanskilinni nálægð við alþingishúsið, að greiðari aðgangur hefði orðið að allri þjónustu og veitingasölum, sem naumast kemur til greina að byggja og reka í sjálfstæðu íbúðarhúsi, því að þá yrði fyrirkomulag þannig, að með hverri íbúð væri látið eldhús, þar sem unnt væri að matreiða hjá hverjum um sig, og í mesta lagi einn hóflegur, sameiginlegur salur í húsinu fyrir mötuneyti og samkomur, ef á þyrfti að halda, en þó á annan hátt en tíðkast í veitingahúsum.

Því næst athugaði húsameistari möguleika til þess að byggja að nýju á lóð ríkisins við

Tjarnargötu 32, og í því sambandi voru gerðir uppdrættir af húsi, er rúmaði bústaði þingmanna auk sala fyrir opinberar móttökur, svo sem nú er, en með nokkru rýmra móti. Við uppdrætti kom í ljós, að ef fullnægja ætti hvoru tveggja á þessum stað, miðað við lóðarstærð og skipulagsákvæði, var ekki unnt að koma þar fyrir nema tæpum helmingi þeirra íbúða, sem þurfti. Hins vegar voru það möguleikar á lausn málsins, ef á lóðinni yrðu eingöngu byggðir þingmannabústaðir. Þá varð auðvitað að finna aðra heppilegri lausn fyrir móttökusali ríkisstj., og mundi það einnig þurfa langan aðdraganda og tefði málið í heild.

N. hefur því verið ásátt um að óska þess við Reykjavíkurbæ, að Alþ. verði úthlutað heppilegri lóð, er mætt geti þörfum fyrir þingmannaheimili, þannig að byggja megi þar myndarlegt íbúðarhús, er rúmi milli 25 og 30 þingmannaíbúðir. Er nú beðið svars og tillagna bæjarins í þessum efnum, og hefur verið óskað skjótrar afgreiðslu.

Húsameistari ríkisins hefur gert till. að íbúðum, sem til mála gæti komið. Gerir hann ráð fyrir stærð þeirra allt að 70 m² hver íbúð, er hafi góða stofu, svefnherbergi, bað og lítið eldhús. Enn fremur verði í húsinu sæmilegur matsalur og samkomusalur. Gert er ráð fyrir ekki færri en 25 íbúðum eins og að framan greinir, en kostnaður við hverja íbúð áætlaður eigi minni en 170 þús., eða við 25 íbúðir með öðru nauðsynlegu húsrúmi 4 millj. 250 þús., ef sú áætlun fær staðizt og að óbreyttu verðlagi eins og það er nú í dag. Þess skal getið, að í þessari áætlun er reiknað með, að rúmmetrinn í byggingunni kosti 800 kr., en í áætluninni er allur húsbúnaður undanskilinn.

Ég vil svo að síðustu geta þess, að samkvæmt l. nr. 84 frá 1953 er ákveðið, að byggja skuli bústaðinn á kostnað ríkissjóðs, svo að ekki er hægt, þótt öll undirbúningsvinna sé fyrir hendi, að hefja neinar framkvæmdir, fyrr en fyrir liggja fjárframlög á fjárl. til byggingarinnar.

Fyrirspyrjandi (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir upplýsingarnar, það sem þær náðu, og þó einkum og sérstaklega hv. þm. Barð. (GíslJ), sem jafnframt er einn af forsetum þingsins, fyrir hans upplýsingar, sem voru allmiklu fyllri. En svör bæði hæstv. ráðh. og hv. þm. Barð. bera það með sér, að þessu máli er töluvert skemmra komið áleiðis en það þing, sem ákvað, að hefja skyldi undirbúning og honum skyldi vera lokið á árinu 1954, ætlaðist til. Það er ekki að sakast um það og ekki hægt úr því að bæta, nema með því einu móti að hefjast nú handa og hraða öllum undirbúningi málsins sem allra mest, og vildi ég mega vænta þess, að bæði hæstv. stjórn, að því er til hennar kasta kemur, og hæstv. forsetar þingsins ynnu þar að, því að ég álít, að þetta sé ekki einasta nauðsynjamál þeirra þingmanna utan af landi, sem eiga hér sæti, heldur geti það jafnframt verið nauðsynjamál hinna einstöku kjördæma og héraða úti um land, vegna þess að það getur mjög greitt fyrir því, að hæfir menn utan úr héruðum fáist til að vera þm., sem sums staðar hefur alls ekki verið neinn afgangur af hingað til.

Ég er nú ekki alveg viss um, að það sé rétt stefna að gera ekkert í þessu máli, fyrr en hægt er að byggja svo að segja höll, eins og hv. þm. Barð. var að lýsa. Ég held t. d., að það sé íbúðarhús til sölu hér í nágrenni við alþingishúsið, og fyndist mér það koma mjög til álita a. m. k. að athuga, hvort það gæti ekki leyst úr þessu í bráðina, og mér finnst ekkert við það að athuga, þó að fundin sé bráðabirgðalausn, vegna þess að þó að slíkt íbúðarhús yrði keypt, þá mundi án efa vera hægt að selja það aftur og sennilega þannig, að ríkið bæri ekki af því neinn skaða. Það hús, sem ég hef heyrt um að væri til sölu, er hér mjög nærri. Ég þekki það, af því að ég hef sjálfur búið þar á einu þingi, og ég hygg, að það sé mjög gott hús og gæti fullnægt þörfum nú til bráðabirgða. (*Gripið fram í:* Hvaða hús er það?) Ja, það skal ég segja hæstv. forseta Ed. að loknum fundi. Ég vil ekki vera að fara hér á opnum þingfundi að nefna húsið alveg sérstaklega, þó að ég viti um, að það er til.

Hv. þm. Barð. minntist í þessu sambandi á það, að ekki hefði þótt fært að byggja þingmannabústað í sambandi við alþingishúsið vegna væntanlegra bygginga, sem Alþingi sjálft þyrfti á að halda síðar til sinna þarfa. Það er auðvitað ekki hægt að bera fram beina fyrirspurn um það mál, en ég vildi þó, úr því að þetta var nefnt, aðeins láta það álit mitt í ljós, þó að ég sé farinn að eldast og þar af leiðandi kannske íhaldssamari og minna gefinn fyrir breytingar en þeir, sem yngri eru, að mér finnst, að aðbúnaður Alþingis hér í þessu litla húsi, þó að það væri ágætt á sínum tíma, sé nú orðinn með þeim endemum, að ekki sé hægt lengur við að una. Sannleikurinn er sá, að alþm. hafa hér engin starfsskilyrði í húsinu, síðan þeim fjölgaði eins og nú er orðið, og ég hafði gert mér von um það, að leysa mætti bæði þessi mál í einu lagi, þingmannabústaðinn og betri aðbúð fyrir Alþingi.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Eins og menn rekur minni til, flutti ég á þinginu í fyrra þáltill. um, að aukið yrði lóðarrými þinghússins, og átti ég þá við, að þinghúsinu yrðu tryggðar þær lóðir, sem hér eru í kring, lóðin, sem listamannaskálinn stendur á, lóðin, sem góðtemplarahúsið stendur á út að Vonarstræti, og að athugað yrði um kaup á húsi í Vonarstræti, sem var eign Sigurjóns Sigurðssonar. Þessi till. gekk til fjvn. og sofnaði þar. Hún kom aldrei frá n. (*PO:* Það var nú stuttur svefn, því að hún kom til hennar daginn áður en þingi var slitið.) Ég býst við, að hv. þm. hafi átt góðan þátt í að stinga till. svefnþorn. (*PO:* Ja, ég var nú búinn að flytja brtt. við hana.) Jæja, hv. þm. getur gert aths., ef hann telur það við eiga. En í sambandi við þetta langaði mig til þess að spyrja hv. formann byggingarnefndar, hv. þm. Barð. (GíslJ), hvort n. hafi nokkuð unnið að því að tryggja þessi lóðarréttindi til handa þinghúsinu, í því trausti að sjálfsögðu, að þinghúsið fái að standa á þeirri lóð, sem það stend-

ur nú á, og að hv. bæjarstjórn gangi ekki svo langt í því að útvega sér lóð fyrir ráðhús, að þinghúsið verði að víkja. Ég veit ekki, hvort ég tók alveg rétt eftir því, sem hv. formaður sagði, en mér fannst það liggja í orðunum, að vel gæti það komið til mála, að þingið yrði að víkja af lóð sinni vegna skipulags, sem við mætti búast að yrði samþ. í bænum. Ég skal þó ekki fullyrða um þetta, en vona, að það sé ekki til umr. í bæjarstjórninni.

Mér hefur skilizt, að það sé m. a. verkefni byggingarnefndar að athuga stækkun þinghússins. Ég vil taka undir með hv. 1. þm. Eyf. (BSt), og ég veit, að flestir þm. eru á sama máli, að þinginu er ekki sæmandi lengur að hafast ekkert að í því að bæta húsakynni Alþingis og þar með greiða fyrir öllum starfsháttum þess. En mér skildist, eins og áður er sagt, að það mundi vera verkefni nefndarinnar að athuga um stækkun þinghússins og þar með einnig um stækkun þeirrar lóðar, er þinghúsinu ætti að fylgja í framtíðinni.

Mér þætti vænt um, ef hv. form. n. gæti gefið upplýsingar um þetta atriði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) vil ég taka það fram, að það er ekki verkefni n. að leysa þann vanda, sem hann ræddi um í sambandi við sjálft þinghúsið. Henni er aðeins falið að leysa þann vanda að undirbúa byggingu þingmannabústaðarins, en ekki neitt annað í sambandi við þessi mál. Hins vegar hefur n. athugað þetta vegna þeirrar aðkallandi þarfar, því að það er mjög aðkallandi þörf að geta stækkað þinghúsið og aukið meira húsrými en þar er fyrir hendi nú, svo að skapast mættu betri vinnuskilyrði.

Hvað snertir lóðir í kringum þinghúsið, þá er enginn vandi að koma þar fyrir bæði þingmannabústað og stækkun þinghússins, ef það færi ekki í bága við ákvarðanir skipulagsnefndar bæjarins, en skipulagsnefndin, eins og ég gat um áðan, hefur ekki viljað fallast á þær till., sem við bárum fram í því sambandi. Á því hefur strandað, og er því ekki hugsanlegt að geta komið fyrir þingmannabústað á þessari lóð. Af þessum ástæðum hefur n. heldur ekkert gert í því að tryggja þessar lóðir, sem hv. þm. talaði um.

Um hitt atriðið, að flýta framkvæmdum, get ég upplýst það hér, að n. mun gera allt, sem í hennar valdi stendur til þess fyrst og fremst að fá samkomulag við bæinn um nýja lóð, ef það er mögulegt, eða á einhvern annan hátt að reyna að leysa það mál, því að það er ekki hægt að byrja á teikningum fyrr en vitað er, hvar húsið á að standa. Ég geri hins vegar ráð fyrir, að þessu geti ekki orðið lokið á meðan þetta þing situr. Hins mætti vænta, að þetta lægi allt fyrir, áður en þing kemur saman næst, og að þá fái Alþ. ástæðu til þess að taka ákvörðun um það, hvort veita skuli fé til þess að byggja eftir þeim teikningum, sem þá liggja fyrir, eða hvort þm. vilja láta gera aðrar framkvæmdir en n. leggur þá til.

Mér er ókunnugt um það hús, sem hv. 1. þm. Eyf. talaði um að sé til sölu. Það sölutilboð hefur ekki komið til n. Nefndin hefur aðeins fengið tilboð um kaup á einu húsi, sem er í byggingu ekki hér alllangt frá þinghúsinu, uppi í Ránargötu, og hefur athugað gaumgæfilega þá teikningu alla og hefur ekki séð sér fært að mæla með því, að gengið yrði að þeim tilboðum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði hér, eins og hann hefur oft áður sagt á þingi, að á því er brýn þörf að koma upp sérstöku gistihúsi eða heimili fyrir alþm., sem búsettir eru utan Reykjavíkur. Æskilegt hefði verið, að slíkt hús væri til og hefði lengi verið til, og ég tek alveg undir ummæli hans og óskir í þá átt, að þessu máli verði hraðað sem allra mest.

Í því sambandi vil ég nefna hér eitt atriði, þar sem mér fannst kenna misskilnings hjá hv. þm. Barð., formanni byggingarnefndar, þar sem hann segir, að þótt öllum undirbúningi væri lokið, væri ekki hægt að hefja framkvæmdir fyrr en fé hefði verið veitt í fjárl. Þetta er á misskilningi byggt, því að lögin mæla svo fyrir, að allur kostnaður skuli greiddur úr ríkissjóði, og enginn fyrirvari þar um, að ætla þurfi sérstakt fé til þess í fjárl. hvert ár, og er það eins og um ýmis lög fleiri, að það er ýmist heimilt eða skylt að greiða úr ríkissjóði án tillits til þess, hvort fjárveiting hefur verið tekin upp í fjárl. eða ekki, svo að það ætti ekki að standa í vegi fyrir framkvæmdum.

Það var að ég ætla tvívegis, sem byggingarnefndin bað mig, fyrir hönd Reykjavíkurbæjar, að koma á fund til viðræðna um þetta mál, og voru þá fyrst uppi raddir um að reisa þingmannabústað hér við þinghúsið á lóð Alþingis sjálfs. Ég skýrði þá nefndinni strax frá því og vil endurtaka það hér, að ég tel, að fyrst verði að ganga úr skugga um, hvernig eigi að leysa húsnæðisþörf Alþingis sjálfs og hvar alþingishúsið eigi að verða á næstu árum eða áratugum eða öldum, áður en tekin er ákvörðun um að reisa þingmannaheimili hér á þessari lóð. Það er æskilegt að hafa þingmannaheimilið ekki langt frá þinghúsinu, en það er öllum vitanlegt, að alþingishúsið, sem við nú störfum í og Alþingi hefur verið háð í síðan 1881, þegar það mun hafa verið reist, er allsendis ónógt. Þessi salur, sem við nú stöndum og sitjum í, er of þröngur fyrir sameinað Alþingi. Það er vitanlegt einnig, að nefndaherbergi eru allsendis ónóg, það er vitað, að flokksherbergi eru ónóg, og kemur m. a. fram í því, að einn þingfl. hefur ekki getað fengið samastað fyrir sína flokksfundi; þó að hann þurfi ekki ýkja mikið pláss a. m. k. enn, þá hefur hann ekki getað fengið samastað hér í alþingishúsinu, heldur hefur þingið orðið að leigja fyrir hann húsnæði til flokksfundahalda úti í bæ. Svo skortir algerlega starfsskilyrði fyrir alþingismenn, viðtalsherbergi fyrir þá, vinnustofur, bókasafn og ýmislegt fleira, sem sjálfsagt þykir og nauðsynlegt í hverju þjóðþingi.

Mér finnst, að eitt hið mest aðkallandi mál í þessu sé að leysa húsnæðisvandræði Alþingis sjálfs, um leið og ég tek undir það, að það þarf sem allra fyrst að sjá utanbæjarþing-

mönnum fyrir góðu húsnæði. Og þá kemur spurningin: Eru möguleikar á því að stækka alþingishúsið eða byggja við það? Eftir því sem húsameistarar hafa tjáð mér, er þetta miklum erfiðleikum bundið. Byggingarstíll hússins er með þeim hætti, að það er talið — ef ég má nota það orð — „arkitektoniskt" mikið vandaverk að stækka alþingishúsið þannig, að sæmilega fari. Ég veit, að sú leið hefur verið orðuð að hækka húsið, byggja ofan á það, enn fremur að byggja við það, t. d. til vesturs, ef til vill að byggja einhvers konar útbyggingar, en allt skilst mér að þetta sé mjög erfitt úrlausnar. En fyrst er náttúrlega að gera sér grein fyrir því, hvort þetta er hægt? Er hægt með stækkun eða með nýbyggingum við þinghúsið eða nýrri byggingu á lóð alþingishússins sjálfs að leysa húsnæðisvandræði Alþingis? Eða telja menn, að hyggilegra sé með framtíðina fyrir augum að velja annan stað fyrir Alþingi en það er háð nú á? Sumir telja kannske, að þessu alþingishúsi fylgi svo fornar og helgar minningar, að hér eigi að halda áfram að starfa, og vissulega hefur margt merkilegt verið unnið í sölum þessa húss. Hinu er ekki að neita, að það eru fleiri hús hér í bæ, sem fornar og merkar minningar í sögu Alþingis eru bundnar við. Vil ég þar nefna menntaskólahúsið, þar sem þjóðfundurinn var haldinn og þar sem Jón Sigurðsson forseti starfaði öll sín ár, því að hann var fallinn frá áður en þetta hús var byggt. Ég er ekki að segja með þessu, að kæmi til mála að flytja Alþingi þangað, því að það er vitaskuld ókleift nema þá með stórfelldum breytingum og stækkunum þar, auk þess sem það er mikið tilfinningamál margra að halda menntaskólanum þar áfram eða starfrækja menntaskóla þar sem allra lengst. Það hafa ýmsir fleiri staðir verið nefndir fyrir Alþingi í framtíðinni, og ég vil hér með beina þeirri eindregnu áskorun til hæstvirtra forseta Alþingis og hæstv. forsrh., að þeir taki það mál upp nú sem allra fyrst, hvernig eigi að leysa húsnæðismál Alþingis sjálfs,, bæta starfsskilyrði þess og hvar framtíðarstaður þess á að vera.

Það var minnzt á það hér, að einhverjir mundu telja, t. d. í bæjarstjórn Reykjavíkur, að þarfir Alþingis yrðu að víkja fyrir ráðhúsi bæjarins. Ég vil út af því taka fram, að till. skipulagsnefndar hafa lengi verið þær, að ráðhús Reykjavíkur verði byggt við Vonarstræti, þ. e. í krikanum milli Iðnó og Bárunnar, eða þar sem hún var, og ég vil taka skýrt fram, að það eru ekki bæjaryfirvöldin fyrst og fremst, sem hafa gert þessa tillögu, heldur skipulagsnefnd ríkisins. Skipulagsnefnd ríkisins er skipuð þrem mönnum í þjónustu ríkisins, og vil ég taka það fram til að fyrirbyggja misskilning um, að hér séu bæjaryfirvöldin eingöngu að verki. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur enga ákvörðun tekið um það enn, hvar ráðhús Reykjavíkur eigi að verða. Það eru uppi um það margvíslegar tillögur, og fara nú fram rannsóknir og athuganir á því, hvar hentast þykir að byggja það. En ég segi það í tilefni af orðum hv. 3. þm. Reykv., að mér vitanlega hefur aldrei komið til orða frá neinum manni í bæjarstjórn Reykjavíkur, að alþingishúsið þurfi að víkja vegna ráðhúss Reykjavíkur; það hef ég ekki heyrt fyrr.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. En eins og ég tók fram á fundum með byggingarnefndinni nú fyrir áramótin, tel ég, að það sé alveg óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir framtíðarþörfum Alþingis og hvar alþingishúsið á að verða í framtíðinni.

Forsrh. (Ólafur Thors): Í þeim fáu orðum, sem ég mælti hér áðan, svaraði ég þeirri fyrirspurn, sem fyrir lá. Ég tel, að nú sé farið að ræða tvö óskyld mál: annars vegar hvernig hægt er að leysa þá þörf, sem aðkomuþingmenn telja vera fyrir hendi — og raunar kannske aðrir líka — um að sjá þeim farborða um sæmilegar íbúðir, meðan þeir dvelja hér í bænum; hins vegar hvernig eigi að leysa framtíðarþörf Alþingis sjálfs fyrir viðunandi vistarverur. Ég sé ekki, að þessi tvö mál eigi né megi tengjast of föstum böndum. Það eina, sem er ástæða til að gera sér grein fyrir á þessu stigi málsins, er, að það er ekki rétt að hugsa sér að leysa þarfir aðkomuþingmanna með því að hnýta einhverjum kumbalda við alþingishúsið, því að það er áreiðanlega sú lausnin, sem yrði óheppilegust, enda fyrir þá, sem hafa ríkan áhuga á þessu máli, rétt að gera sér grein fyrir því, að ef ætti að halda inn á þá braut, mundi það vera tryggasta ráðið til að koma þeirra óskum og vonum fyrir kattarnef.

Ég má ekki mæla gegn mínum samherjum hér á þingi eða samstarfsmönnum. Sá veit bezt, hvar skórinn kreppir, sem sjálfur ber hann, og sannarlega vita þessir menn, sem koma frá sínum heimilum hvaðanæva af landsbyggðinni, um þær óvistlegu vistarverur, sem þeir verða nú að hafast við í, og er eðlilegt, að þeir beri fram þær kröfur og óskir, sem þeir hafa gert. Að þinginu stafi hins vegar bein hætta af því, að lausn þessa máls dragist út frá því sjónarmiði, sem hv. 1. flm. gat um, að það gætu orðið nokkur vandkvæði á að fá hingað úrval manna við jafnbág kjör sem þeir eiga hér að búa, held ég að aldrei verði sterk rök, meðan menn þurfa ekki annað en renna augunum um þennan þingsal og sjá hið virðulega og ágæta mannval, sem leggur á sig að fara heiman að til þess að setjast á þingbekkina við þetta harðræði, sem þeir eiga við að búa. Ég teldi hitt miklu hæpnara fyrir þingmenn og þingið, ef t. d. hæstv. forsetar hefðu hnigið að því ráði að bæta úr þörf þessara þingmanna með því að búa þeim vistarverur í því húsi, sem ríkisstj. hefur sínar samkomur í, eins og mér skilst að forsetinn hafi mjög tekið til athugunar, í Tjarnargötu 32. En sem sagt, ég vil ekki á nokkurn hátt gerast meinsmaður þess, að úr þessum börfum verði bætt.

Þó er rétt, að við gætum þess, að þegar málið liggur upplýst fyrir og m. a. kemur í ljós, að til þess að sjá farborða hverjum einstökum utanbæjarþingmanni þarf að leggja fram af ríkisfé 170 þús. kr., og er þó óséð fyrir húsmunum bæði í þessar íbúðir og til sameigin-

legra salarkynna, mun margur hika og minnast þess, að á undanförnum árum hefur það verið eitt vandasamasta viðfangsefnið að koma upp þaki yfir fjölskyldumenn með þeirri rausn af hendi Alþingis — og þó ríkisstjórnarinnar fremur en Alþingis — að tryggja fátækum mönnum 25 þús. kr. lán til íbúðar yfir sig og sína. Það er eitt af mestu vandamálum ríkisstj. nú, sem hún hefur verið að glíma við að undanförnu, að hækka þessa upphæð allverulega. En ég býst við, að við þurfum margir að gæta að samvizkunni, áður en við tökum ákvörðun um það, hvort okkur þykir henta að skammta úr ríkissjóði sjálfum okkur fyrir vistarveru í nokkra mánuði 170 þús., og þó raunar heldur 200 þús. eða yfir það, meðan við getum ekki bætt betur úr þörfum almennings en við höfum verið menn til enn þá. Og ég vil enn fremur minna á það, að þegar við erum að tala um þessar vistarverur þingmannanna, þá eru hér þúsundir manna, sem búa í bröggum og heilsuspillandi íbúðum, og meðan þær þarfir eru ekki leystar, þá er rétt, að við athugum, að sú skylda hvílir líka á okkur að leysa þær þarfir. Má vera, að mönnum þyki þetta kaldlega mælt af manni, sem sjálfur býr í ágætum vistarverum og þarf aldrei að fara að heiman nema nokkur skref til þess að komast niður á Alþingi.

Það er svo annað mál og þessu óskylt, að þegar við komum að hinu mikla máli, hvernig við eigum að leysa vandann um, að þingmenn geti fengið að vinna sína vinnu í þarfir þjóðarinnar í sjálfu alþingishúsinu, þá erum við farnir að glíma við annað og miklu stærra og líka miklu þýðingarmeira vandamál. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. og hv. 7. þm. Reykv. og fleiri hafa hér tekið fram, að þinghúsið er ekki lengur boðlegt, vegna þess að menn geta ekki unnið skyldustörfin fyrir húsnæðisskortinum. Það er alveg rétt. Við skulum samt gera okkur grein fyrir því, að í þessu húsi verðum við lengi enn þá, þ. e. a. s. Alþingi verður hér lengi enn þá. Við höfum séð, að Reykjavíkurbær, sem hefur yfir 60 þús. íbúa, hefur ekki talið sér fært enn að byggja ráðhús yfir sig. Hvers vegna? Vegna þess að hann hefur alltaf þurft að líta á brýnni þarfir fólksins, og hann hefur gert það. Stjórnarvöld Reykvíkinga hafa sætt fyrir þetta ámæli, þegar bent er á, að hér vantar ráðhús, en þau hafa alltaf risið undir því ámæli, vegna þess að þau hafa bent á, að þær milljónir, sem áttu að fara í ráðhúsið, fóru annað, þar sem þörfin var brýnni. Við komum til með að horfast í augu við það sama. Við eigum auk þess eftir að byggja yfir stjórnarráðið. Það er 20 millj. kr. hús, sem þar þarf að byggja. Við erum byrjaðir að draga saman aura í sjóð, sem á að verja í þessu skyni. Á meðan sú þörf er ekki leyst, verðum við hérna kyrrir.

En það er rétt, að menn eiga nú þegar eða sem fyrst að gera sér grein fyrir því, hvar alþingishús Íslendinga á að standa. Og ég trúi því mætavel, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði og virtist hafa leitað sér upplýsinga um, að það sé allmiklum vanda bundið að breyta þessu húsi, sem við nú störfum í, þannig að það komi að fullum notum. Ég veit, að þeim verður mikill vandi á höndum, sem á þeim tíma eiga að taka ákvarðanir um staðarvalið, einmitt vegna þess, sem hv. 7. þm. Reykv. einnig gat um, sem sé hversu margar helgar tilfinningar eru bundnar þessum stað. Í því sambandi gat hann sjálfur um annað hús, sem sviplað mætti segja um, þó að þar hafi Alþ. skemur staðið, þ. e. a. s. um menntaskólahúsið, og það hefur þá einnig verið til álita, bæði innan núverandi og fyrrverandi ríkisstj., hvort til greina gæti komið einmitt að flytja framtíðarþinghúsið þangað. Um það skal ég nú ekki ræða á þessu stigi málsins.

Ég gat ekki stillt mig um það, herra forseti, úr því að þetta mál barst út á þennan víða grundvöll, aðeins að geta um þetta, því að auðvitað hefur þetta nokkuð komið til umræðu bæði í núverandi ríkisstj., fyrrverandi og öðrum ríkisstj. í sambandi við lóðareignir ríkisins og þá þörf, sem allir koma auga á, að áður en mjög langt um líður verður að athuga, hvernig leysa eigi.

15. Verðtrygging sparifjár.

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um verðtryggingu sparifjár [163. mál, 1] (A. 423).

Á 41. fundi í Sþ., 3. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á þinginu 1952 flutti ég ásamt þeim hv. 1. þm. Rang. (HelgJ) og hv. þm. S-Þ. (KK) till. til þál. um verðtryggingu sparifjár. Till. þessi var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka nú þegar til gaumgæfilegrar rannsóknar, hvort eigi sé hagkvæmt og framkvæmanlegt að koma á þeirri skipan, að bankar og sparisjóðir taki fé til ávöxtunar með skuldbindingu um að greiða uppbætur á það, samsvarandi þeirri hækkun, sem verða kann á kaupgjaldsvísitölu eða vísitölu framfærslukostnaðar á þeim tíma, sem féð er geymt óhreyft á sama reikningi, en það sé eigi skemur en 5 ár, enda verði lántakendum þessa fjár sett það skilyrði, að þeir greiði bönkum og sparisjóðum verðuppbætur á lánsfé samkv. framangreindri reglu, ef vísitalan hækkar á lánstímanum.

Þá er ríkisstjórninni og falið að vinna að því, að þetta fyrirkomulag um ávöxtun sparifjár og útlán þess verði upp tekið, ef jákvæður árangur verður af rannsókninni."

Þessari till. okkar var vísað til hv. fjvn., og skilaði hún áliti um till., þar sem n. lagði til,

að nokkur breyt. yrði á henni gerð, og var till. síðan samkv. till. n. afgreidd frá sameinuðu Alþingi 5. febr. 1953, þannig orðuð:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun, svo ýtarlega sem við verður komið, á því, hvort og með hverju móti takast mætti á hagfelldan hátt að tryggja verðgildi þess fjár, sem bankar og sparisjóðir taka til geymslu og ávöxtunar."

Á þingi í fyrra bar hv. 1. landsk. þm. fram fsp. til ríkisstj. um þetta efni, og var sú fsp. rædd 18. nóv. 1953. Þá skýrði hæstv. viðskmrh. frá því, að hans rn. hefði sent till. þessa til bankanefndarinnar og ætlazt til þess, að bankanefndin tæki till. til athugunar og benti á úrlausnir og ráð í því efni, sem í till. felst. Ráðh. sagði, að ríkisstj. hefði á þeim tíma ekki borizt svar frá bankanefndinni, en stjórnin gerði ráð fyrir, að álit bankanefndarinnar mundi liggja fyrir, áður en langur tími liður, eins og hann orðaði það, og að þá yrði hægt að ræða nánar um málið. Þetta var í nóv. 1953.

Eftir að ég lagði fram fsp. mína, sem hér er til umr., hafa þingmönnum borizt í hendur álit og tillögur sparifjárnefndar, en það er nefnd, sem bankarnir hafa skipað á næstliðnu ári til þess að athuga um sparnað og möguleika til þess að gera ráðstafanir til aukinnar sparifjársöfnunar, en n. þessi hafði verið skipuð samkv. tilmælum hæstv. viðskmrh. Í áliti þessarar sparifjárnefndar er ýmislegt athyglisvert þessum málum viðkomandi, og n. hefur sett fram till. um það, að lög verði sett um útgáfu vísitölutryggðra verðbréfa. Hins vegar hefur þessi n., sparifjárnefndin, ekki lagt hér fram neinar till. um það, hvort eða með hverju móti takast mætti að tryggja verðgildi þess fjár, sem bankar og sparisjóðir taka til geymslu og ávöxtunar. Það getur að sjálfsögðu verið mjög þýðingarmikið að stíga það skref að gefa út vísitölutryggð verðbréf, en hitt málið er óleyst eftir sem áður, að tryggja verðgildi þess fjár, sem menn leggja inn í banka eða sparisjóði með venjulegum hætti, því að vitanlega verður aldrei nema einhver hluti af sparifjáreign landsmanna bundinn í verðbréfum. Og til þess að fá vitneskju um það, hvernig þetta mál standi nú, hef ég leyft mér að leggja fram þessa fsp. á þskj. 423, sem hljóðar þannig:

Hvað líður athugun þeirri á möguleikum til að tryggja verðgildi sparifjár, sem ríkisstjórninni var falin með ályktun Alþingis 5. febr. 1953?

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hér er til umr. sams konar fsp. og var undir árslok 1953 í sambandi við það, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að tryggja verðgildi sparifjár. Ég veit, að fyrirspyrjandi hefur gert sér ljóst, að það er allmiklum erfiðleikum bundið að gera þetta. Hins vegar er eðlilegt, að hann spyrji, hvort einhverjar ráðstafanir hafi þegar verið gerðar í þessu efni, því að það er vitanlega þýðingarmikið, ef hægt væri að tryggja verðgildi sparifjár, þannig að þeir, sem geyma og ávaxta fé sitt í bönkum, gætu verið tryggðir fyrir verðfalli peninga. En það er nú svo, að verðgildi peninga er lækkandi um heim allan og líka þar, sem ekki er breytt gengisskráningunni. Mér var sagt fyrir stuttu, að fyrir tíu árum hafi verið hægt að kaupa helmingi meira vörumagn fyrir dollar en gert er í dag, og þó hefur engin gengisbreyting verið skráð á dollar. Þetta kemur til af því, að vinnuaflið og það eiginlega verðmæti er stöðugt að hækka í verði, en gjaldmiðillinn að lækka. En gjaldmiðillinn hefur lækkað í verði hjá okkur ekki aðeins af þessari ástæðu, heldur einnig vegna þess, að við höfum viðurkennt gengisbreytingu og gengislækkun.

Það er rétt, sem hér var tekið fram, að sú till., sem þessi fsp. er sprottin af, var send til bankamálanefndar, sem var skipuð fyrir tveimur árum, að ég ætla, og var skipuð hinum færustu mönnum, að menn héldu. En það hefur vafizt nokkuð fyrir þessum ágætu mönnum að gera tillögur til tryggingar verðgildi sparifjárins, og satt að segja undrar mig það ekki stórum, því að það er áreiðanlega erfiðleikum bundið. Eftir að þessi fsp. kom fram, spurðist ég fyrir um það hjá bankamálanefndinni, hvað hafi gerzt í þessum efnum, hvort hún hefði einhverjar till. fram að bera í þessu efni, sem hægt væri að greina frá hér í dag. En svo var ekki. N. skrifar mér stutt bréf og tekur fram, að hún álíti, að verðtrygging sparifjár sé mjög þýðingarmikið mál. Virðist mjög æskilegt að tryggja sparifjáreigendur gegn óeðlilegri rýrnun á peningaeign þeirra. Hins vegar má gera ráð fyrir, að verðtrygging sparifjár geti haft ýmis hliðaráhrif, t. d. á hið almenna verðlag í landinu. Af þessum orsökum telur n. nauðsynlegt að athuga málið nánar, áður en hún lætur frá sér fara umsögn um það. Nefndarmenn hafa verið mjög störfum hlaðnir og því lítið getað sinnt þessu máli enn sem komið er. Treystir n. sér því ekki til að skila rökstuddu áliti eins og stendur, en mun taka málið fyrir á næstu fundum.

Þannig er nú það. Og þetta er nú það eiginlega svar, sem hægt er að gefa við fyrirspurninni. Hins vegar hafa hv. þingmenn fengið hér álit og tillögur sparifjárnefndar, sem var skipuð á s. l. sumri, sem gefur allvíðtækar ábendingar í sambandi við það að örva sparifjármyndun í landinu. En það, að hægt væri að örva sparifjármyndun í landinu, hefði einnig nokkur áhrif á það, að sparifé væri tryggt. Það er fyrst, þegar sparifjármyndunin hættir, að hætt er við, að gjaldmiðillinn falli í verði.

Sparifjárnefndin hefur skilað hér allmiklu áliti, sem ég veit að hv. þingmenn hafa kynnt sér, og allrækilegu. Hún hefur leitað sér upplýsinga frá Norðurlöndum, hvað gerzt hefur þar í því skyni að örva sparnað, og það er vitanlega ein leiðin til þess að örva sparnað að tryggja eigendur sparifjár gegn verðfalli peninga. N. hefur bent á, að það mætti e. t. v. gefa út vísitölutryggð verðbréf, sem væru seld til nokkuð langs tíma og þá e. t. v. með lægri vöxtum en önnur verðbréf. Það er vitanlega spor í áttina til þess að tryggja þá sparifjáreigendur, sem vilja í staðinn fyrir að eiga peninga inni á bankareikningi ávaxta það, sem þeir spara,

í verðbréfum. Ég býst við, að það verði e. t. v. reynt að stíga fyrsta sporið í þessu efni í smáum stíl til reynslu, en ég tel, að það sé ekki hugsanlegt, að það verði á stóran mælikvarða. Ég tel t. d. alveg óhugsanlegt, að það sé hægt fyrir atvinnureksturinn í landinu að taka lán með þeim skilyrðum, að það sé tryggt, að lántakandinn verði að borga því meira til baka sem vísitalan hefur hækkað. Ég býst ekki við, að iðnaðurinn í landinu, að landbúnaðurinn eða sjávarútvegurinn treysti sér til að nota rekstrarfé, sem væri tekið með slíkum skilyrðum. Og ég er reyndar alveg viss um, að það hefði lamandi áhrif á allar slíkar framkvæmdir. Á meðan okkar þjóðfélag stendur ekki á sterkara grunni, mundu margir veigra sér við því að leggja út í atvinnurekstur, ef þeir fengju ekki rekstrarfé með öðrum skilyrðum. En það er allt öðru máli að gegna með vísitölutryggð verðbréf, sem væru gefin út í alveg ákveðnu skyni til ákveðinna framkvæmda, t. d. húsbygginga og annarra ákveðinna framkvæmda, sem á hverjum tíma gætu staðið undir sér og staðið af sér áföll verðbreytinganna.

Ég ætla ekki að hafa þetta mál miklu lengra, en ég vil benda á það, að þær till., sem hér liggja fyrir frá sparifjárnefndinni, geta verið nokkuð lærdómsríkar og til ábendingar. Og ég ætlast til, að bankarnir skipi áfram nefnd, samvinnunefnd, til þess að undirbúa frekar ráðstafanir til sparifjársöfnunar í landinu. Og sú n. gæti einnig haft í huga það verkefni, sem bankamálanefndinni var ætlað og er ætlað að vinna, en ekki hefur enn gefizt tími til. Ég ætla ekki við þessa umr. eða síðar að lá bankamálanefndinni, þótt hún hafi ekki skilað tillögum um þetta, vegna þess að ég hef gert mér fyllilega ljósa þá erfiðleika, sem á því eru. Mér er ekki kunnugt um, að nokkur þjóð hafi treyst sér til að tryggja sparifé gegn verðfalli, enda þótt flestar þjóðir eigi það ávallt yfir höfði sér, að verðgildi minnki, vegna þess að þjóðirnar verða að breyta gengi gjaldmiðilsins, og að allar þjóðir eiga það yfir sér og hafa þreifað á því, að gjaldmiðillinn er stöðugt að lækka í verði, þótt gengisskráningu hafi ekki verið breytt.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið við fyrirspurn minni. Það kemur þar fram, að það hefur vafizt fyrir bankamálanefndinni að ljúka athugun þessa máls lengur en hæstv. ráðh. bjóst við, þegar þetta mál var hér til umr. á síðasta þingi, í nóvember 1953.

Vitanlega er það rétt, að þetta er mál, sem er vandasamt viðfangs, og eðlilegt, að það taki nokkurn tíma að kryfja það til mergjar, þar sem hér er um nýmæli að ræða.

Hæstv. ráðh. sagði, að sér virtist óhugsandi, að hægt sé fyrir atvinnureksturinn í landinu að taka lán með þeim skilmálum að þurfa að greiða þau aftur með uppbótum í samræmi við breytingar, sem verða kynnu á vísitölu. Ég hef nokkuð aðrar skoðanir á þessum hlutum. Ég tel ekkert óeðlilegt við það, þó að þeir, sem taka fé að láni, verði að skila aftur að lánstímanum loknum sama verðmæti og þeir hafa að láni fengið. Það finnst mér mjög eðlilegt.

Sparifé hefur aukizt hér nokkuð í bönkum og sjóðum síðustu tvö árin, og er það gott, en mér er sagt, að á þeim tíma, sem liðinn er af þessu ári, hafi orðið hér breyting á, þannig að sparifjáraukningin sé nú stöðvuð. Mér þykir það mjög sennilegt, að það sé einmitt óttinn við verðfall peninganna, sem hér er að verki. Sá ótti er áreiðanlega versti þrándurinn í götu eðlilegrar sparifjársöfnunar.

Ég vil nú vænta þess, að hæstv. ríkisstj. fylgi þessu máli eftir, reyni að fá sem fyrst álit bankamálanefndarinnar eða á einhvern annan hátt fá því lokið sem fyrst, að sú athugun verði gerð, sem stjórninni var falin með þáltill. á þinginu 1952, og ég held, að það hafi verið gott, að þessu máli var hreyft nú, því að það hefur orðið til þess að ýta við því, og má vænta þess af því bréfi, sem hæstv. ráðh. vitnaði í og honum hefur borizt frá bankanefndinni, að hún muni taka málið fyrir á næstu fundum, eins og þar segir.

Ég tel, að þetta sé svo þýðingarmikið mál, að hér megi ekki til lengdar láta sitja við orðin tóm, heldur þurfi framkvæmdir að fylgja á eftir.

16. Sparifjáruppbætur (fsp. GÞG).

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um greiðslu sparifjáruppbóta [163. mál, 2] (A. 423).

Á 41. fundi í Sþ., 3. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. um greiðslu sparifjáruppbóta.

Svo sem þingheimi er kunnugt, voru ákvæði um það í gengislækkunarlögunum frá árinu 1950, að sparifjáreigendum skyldu greiddar 10 millj. kr. í bætur fyrir það tjón, sem þeir yrðu fyrir af þeim ráðstöfunum, sem lögin fyrirskipuðu.

Sannleikurinn er sá, að þessar 10 millj. kr. til sparifjáreigenda voru smánarbætur af þjóðfélagsins hálfu fyrir það mikla tjón, sem verðlags- og fjármálapólitík undanfarins áratugs hafði bakað þeirri stétt manna, ef tala má um stétt í þessu sambandi. Hin gífurlega verðhækkun, sem orðið hefur, frá því að heimsstyrjöldin síðari skall á, er svo mikil, að verðgildi sparifjár landsmanna var þá, 1950, orðið aðeins lítið brot þess, sem það hafði verið rúmum 10 árum áður.

Nú dregur enginn í efa hið mikla þjóðhags-

lega og félagslega gildi sparifjársöfnunarinnar í landinu. Þess vegna verður ekki annað sagt en að það sé mikið félagslegt ranglæti og auk þess stórhættulegt, sem í því felst, að verðlags- og efnahagsmálastefna ríkisvaldsins sé með þeim hætti, að trú manna á gildi sparifjársöfnunar fari þverrandi eða verði jafnvel að engu. Þetta ákvæði gengislækkunarlaganna um 10 millj. kr. bætur til sparifjáreigenda virtist bera vott um svolitið samvizkubit í þessum efnum af hálfu ráðandi manna þjóðfélagsins, virtist bera vott um örlitinn vilja til þess að bæta þessum þjóðfélagsþegnum litinn hlut af því gífurlega ranglæti, sem stefna ráðamanna hefði valdið þeim á undanförnum áratug.

En hvað hefur gerzt síðan? Síðan eru liðin 5 ár, og mér vitanlega hefur enn enginn sparifjáreigandi fengið greiddan einn eyri í sparifjáruppbætur. Og það, sem er öllu merkilegra eða athyglisverðara, er, að á þessu tímabili, sem liðið er síðan lögákveðið var, að sparifjáreigendum skyldu greiddar svolitlar bætur, hefur verðgildi sparifjárins enn fallið um 50%. M. ö. o.: Sparifjáreigendum er heitið bótum 1950, að vísu litlum, svo litlum, að þær verða að kallast smánarbætur. Samt eru þeir sviknir um bæturnar í 5 ár, og á þeim tíma heldur hjólið áfram að snúast og verðgildi sparifjárins fellur enn um 50% að minnsta kosti.

Hér er auðvitað um að ræða þess konar háttalag af hálfu ráðamanna þjóðfélagsins, að óverjandi er, allra sízt þegar höfð er hliðsjón af því tali, sem ávallt er haft uppi um nauðsyn þess, að fólk spari, leggi það á sig, sem sparnaði er samfara. Hér fara sannarlega ekki saman orð og gerðir. Í orðum er af ríkisvaldsins hálfu því haldið mjög sterklega að almenningi að spara og spara, og það er rétt og satt, en gerðirnar eru svo að hinu leytinu þannig, eins og ég hef lýst, að smánarbætur eru réttar fyrir áratugs ranglæti og síðan dregið að greiða þær í 5 ár og látið viðgangast á þeim tíma, að verðgildi sparifjárins falli enn um 50%.

Hvernig geta menn búizt við því í alvöru, að almenningur fari með glöðu geði eftir þeim hvatningarorðum, sem til hans er beint um að leggja á sig sparnað í þágu sjálfs sín og þjóðfélagsheildarinnar? Það er rétt, að vissar ástæður eru fyrir því, að nokkur dráttur hlaut að verða á því, að sparifjáruppbæturnar yrðu greiddar. Lagaákvæðin um greiðslu sparifjáruppbótanna voru að mörgu leyti svo óskynsamleg, að ég ekki segi beinlínis fáránleg, að svo hlaut að fara, að það tæki mikinn tíma að koma því máli algerlega í höfn, þótt ég vilji ekki segja, að það hafi þurft að taka allan þennan tíma, sem það hefur raunverulega tekið.

Á það var bent af mörgum, þegar gengislækkunarlögin voru sett, m. a. af mér, sem átti sæti í þeirri n., sem um gengisskráningarlögin fjallaði 1950, að brýna nauðsyn bæri til þess að hafa þessi ákvæði miklu einfaldari og miklu gleggri en þau voru. Auk þess eru þau á marga lund þannig, að með þeim er beinlínis stefnt að því, að úthlutunin hljóti að verða handahófskennd, ef ekki beinlínis ranglát. Í breytingu, sem gerð var á ákvæðum sjálfra gengisskráningarlaganna frá 1950 á árinu 1953, segir svo, að bætur skuli miða við heildarinnstæðufjárhæð eins og hún var í árslok 1941 og í lok júnímánaðar 1946, og skuli miða við lægri innstæðufjárhæðina. Ef einhver breyting verður m. ö. o. á innstæðufjárhæðinni á tímanum 1941—46, þótt maður hafi átt verulega upphæð inni í sparisjóði meginhluta þess tíma, hafi aðeins vantað einn dag á, að hann hafi átt upphæðina inni allan þann tíma, þá fær hann engar bætur. Mér hafa verið tjáð mörg slík dæmi, þar sem menn hafa verið mjög sárir yfir úrlausn málanna, einmitt vegna þess arna. Slík ákvæði verða að teljast óskynsamleg og óréttlát, og hefði verið ástæða til þess að breyta þeim, þegar ljóst varð, hve þau tilfelli mundu verða algeng, að slíkt ranglæti bitnaði harkalega á mönnum. En fleiri dæmi mætti nefna um ákvæði laganna en þetta, þótt ekki sé tími til þess í fyrirspurnatíma, því til sönnunar, að niðurstaðan verður handahófskennd og að mörgu leyti beinlínis óeðlileg.

Það er af þessum sökum, að ég hef leyft mér að bera fram þessar fyrirspurnir, sem í aðalatriðum eru um það, hversu margir hafi sótt um uppbætur á sparifé samkvæmt gildandi lagaákvæðum frá 1950 og hversu miklar uppbætur verði greiddar og þá hversu mörgum, og jafnframt, hversu mörgum hafi verið neitað um þessar uppbætur og hver sé aðalástæða þess, ef neitað hefur verið umsóknum. Jafnframt hefur mér fundizt ástæða til þess að spyrja um það, hvort þeir, sem er neitað, geti áfrýjað þeim úrskurði til einhvers æðri aðila en þess, sem neitunina hefur gefið út. Hér er um mikið fjárhagsatriði að ræða fyrir marga menn, og þá er auðvitað algerlega óeðlilegt, ef menn eiga að þurfa að sætta sig við neitun eins aðila í þessum efnum og geta ekkert áfrýjað þeim úrskurði, því að mér er kunnugt um, að ýmsir, sem fengið hafa neitanir, telji sig órétti beitta og hafa ekki vitað, hvert þeir ættu að snúa sér með umkvartanir um þau mál eða áfrýjun úrskurðarins.

Þá hef ég líka spurt um, og er það mjög mikilvægt, hvort ríkisstj. hyggist neyta heimildar laganna til þess að greiða uppbæturnar að einhverju eða öllu leyti í ríkisskuldabréfum, og þá, ef svo er, til hversu langs tíma þau mundu verða og með hvaða vaxtakjörum. Það væri sannarlega að kóróna málið allt saman, ef nú, eftir að búið er að draga eigendur sparifjárins á greiðslu uppbótanna í 5 ár, ætti að borga þær út í ríkisskuldabréfum, því að reynsla sparifjáreigendanna af ríkisvaldinu er orðin sú, að þeir hlytu að telja slíkt vera ranglæti. Fyrst verða þeir að sætta sig við hina gífurlegu verðbólgu styrjaldaráranna fram til gengislækkunar 1950, síðan við það, að í þá sé slett 10 milli. kr. í bætur fyrir það ranglæti, sem þá er búið að fremja, Svo verða þeir að sætta sig við að bíða í 5 ár eftir greiðslunni og láta enn lækka fyrir sér sparifé um 50% á þessum 5 árum. Og ef þeir svo núna enn eiga að þola það, að þeim séu rétt ríkisskuldabréf, kannske til 5, 10 eða 20 ára, og láta enn

fella þau í verði á skuldabréfatímanum um 50%, þá er hér um að ræða þvílíka meðferð á þessum hópi manna, að hann getur ekki við það unað.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fyrirspurn af þessu tagi var til umr. hér í hv. Alþ. að mig minnir á s. l. hausti og var þá vitanlega svarað. Hitt er ekkert óeðlilegt, þó að spurt sé um margt af því, sem er í þessari fyrirspurn, aftur, þar sem afgreiðslu málsins er ekki að fullu lokið. En ég var dálítið hissa á þeim rosta, sem var í hv. fyrirspyrjanda, og mér datt í hug: Hefur hann ekki verið hér í þinginu? Hvaðan kemur maðurinn? Sumt af því, sem hann var að tala um og jafnvel að spyrja um, var þannig, að það virtist ekki vera á því þörf. Og þegar þessi hv. þm. er hér að lesa upp úr lögum og finna að þeim, að þau hafi verið illa gerð, þá vil ég leyfa mér að spyrja: Hverjar voru brtt. þessa hv. þm. við l., þegar verið var að semja þau? Og hvers vegna reyndi hann ekki að sníða ágallana af frv., þegar það lá hér fyrir þingi? (Gripið fram í.) Ýtarlegar brtt., já, ekki till., sem voru til bóta, ekki til þess að sníða þá ágalla af því, sem við erum hér að ræða um, heldur till., sem hefðu jafnvel spillt lögunum. Ég spyr: Hvar eru þessar umbótatill. hv. þm. við frv. og við lögin? Það er allt of seint að verða vitur eftir á og segja nú, þegar lögin hafa staðið um fjögurra ára skeið, að þetta atriði hefði ekki átt að vera í l., þau hefðu átt að vera öðruvísi úr garði gerð til þess að gera framkvæmdina léttari. Hitt vita svo allir hv. þm., að það er alveg nýtt, ef það kæmi úr þessu horni, sem hv. fyrirspyrjandi situr í, till., sem gerði frv. eða lög einfaldari í framkvæmd en þau annars væru. Þetta vil ég nú leyfa mér að segja við hv. þm., og aðfinnslurnar við lögin koma of seint. Þær hefðu átt að koma fyrr. Hitt er svo ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem hafa átt sparifé á þessum tíma, en fá ekki uppbætur vegna einhverra galla, vegna þess að þeir hafa kannske gleymt að telja fram eða þá að umsóknin er eitthvað gölluð að einhverju leyti, verði sárir, ef þeir missa réttinn til sparifjárins.

Ég vil þá byrja á því að svara fyrirspurninni eins og hún liggur beint fyrir, og það er í fyrsta lagi: Landsbankanum bárust alls 11816 umsóknir. Umsækjendur voru nokkru færri, þar sem allmargir voru með fleiri en eina umsókn. Eins og kunnugt er, ber að verja 10 millj. kr. til uppbóta á sparifé samkvæmt þeim l., sem hér hafa verið nefnd. 6570 umsóknir eru bótaskyldar. Synjað hefur verið 5246 umsóknum, samtals að fjárhæð rúmlega 11 millj. kr. Nokkrar umsóknir munu enn bíða fullnaðarúrskurðar. Aðalorsök synjananna er sú, að innstæðan hefur ekki verið talin fram til skatts, en í l. um þetta efni segir berum orðum, að það sé skilyrði bóta, að innstæðufjárhæðin hafi verið talin fram til skatts. Þá hefur verzlunarinnstæðum verið synjað, þegar vextir hafa ekki verið greiddir af þeim eða lægri vextir en venjulegir innlánsvextir sparisjóða á bótatímabilinu, en í l. segir, að verzlunarinnstæður skuli bættar, ef venjulegir innlánsvextir sparisjóða hafi verið greiddir af þeim. Loks voru 800 umsóknir, sem ekki hlutu bætur, þar sem ekki var innstæða á því tímabili, sem máli skiptir. Við úrskurði hefur að sjálfsögðu verið farið nákvæmlega eftir ákvæðum laganna.

Hv. fyrirspyrjandi spurði að því, hvort menn gætu áfrýjað, ef þeim yrði neitað um bætur. Þetta er algerlega óþörf spurning, vegna þess að hvaða maður í þjóðfélaginu sem er getur kært, getur farið í mál og leitað réttar síns, ef honum hefur fundizt hans réttur vera fyrir borð borinn.

Þá spyr hv. þm., hvort uppbæturnar verði greiddar í peningum eða í ríkisskuldabréfum. Ég get nú ekki alveg fullyrt það enn þá, þar sem ríkisstj. hefur ekki enn ákveðið það, en það mun verða næstu daga, og það er ekki nokkur vafi á því, að einhver hluti uppbótanna verður greiddur í peningum, ef þær verða ekki allar greiddar í peningum.

Um það, að menn verði sárir, ef þeir fá ekki uppbætur á sparifé, sem þeir áttu á þessum tíma, þarf ekki að ræða. Það er út af fyrir sig eðlilegt, en það er ekki hægt annað en að styðjast við lagabókstafinn, því að n. hefur gert sér það ljóst, að óánægðir menn geta kært, og hún er á hálu svelli, nefndin, ef hún styður sig ekki algerlega við lagabókstafinn, og hún hefur reynt að haga framkvæmdinni þannig, að það gæti enginn, sem vildi kæra, unnið mál á hendur henni. Í þessari n. eru þrír lögfræðingar, sem bera ráð sín saman og rækja þetta starf af fullri samvizkusemi og í samræmi við lögin.

Ég ætla, að þetta sé nægilegt svar til handa hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir svör hans við fyrirspurninni, sem ég tel alveg tæmandi. Að öðru leyti verð ég að segja, að hann var óvenjulega óheppinn í ræðu sinni. Hann byrjaði á því að furða sig á, að ég flytti mál mitt af nokkrum þunga, rosta, sem hann svo kallaði. En er hann virkilega svo laus við tengsl við almenning í þessum bæ og þessu landi, að hann viti það ekki, að það er ríkjandi almenn óánægja hér í Reykjavík og úti um allt land með framkvæmd þessara mála? Gerir hann sér virkilega ekki grein fyrir því, að þær þúsundir sparifjáreigenda, sem sviptar voru — beinlínis sviptar — hluta eigna sinna með þeirri efnahagsmálastefnu, sem rekin var frá stríðsbyrjun og til gengislækkunarinnar og hefur verið haldið áfram síðan, una mjög illa hag sínum, töldu það litlar bætur, skammarlegar bætur, sem að þeim voru réttar 1950, og telja, að enn hafi verið farið mjög illa með sig með þeim óhæfilega drætti, sem orðið hefur á því, að þeim yrðu greiddar þessar bætur? Það er ríkjandi hér í Reykjavík og úti um allt land megn óánægja með þetta mál, og þess vegna þarf hæstv. ráðh. engan veginn að koma það á óvart, þó að það sé rætt hér í hinu háa Alþingi af nokkrum þunga. Ef hann undrast það í raun og veru, þá ber það vott um það eitt,

að hann hefur lítil tengsl við fólkið í landinu, veit ekkert, hvað hrærist í huga þess.

Þó var þetta ekki aðaláfall hæstv. ráðh. í málinu, því að hann sagði, að ég hefði ekki þurft að spyrja um sumt, sem ég spurði um, því að það ætti ég að vita, og spurði í þessu sambandi, hvar ég hafi eiginlega verið, hvort ég hafi ekki verið hér á Alþ. undanfarið. En rétt á eftir talaði hann eins og hann hafi ekki verið hér á Alþ. undanfarið, því að hann spurði með nokkrum þjósti, hvaða till. ég hafi eiginlega gert um bætta eða auðveldari framkvæmd á greiðslu sparifjáruppbótanna, þegar málið var til afgreiðslu hér í Alþ. Það var eins og hann væri viss um, að ég hefði engar till. gert um það, en þar skjátlaðist hæstv. ráðh. því miður mjög illilega. Hann talaði nefnilega sjálfur eins og hann hafi alls ekki verið á Alþ., þegar gengislækkunarlögin voru til afgreiðslu, því að ég flutti einmitt sem 3. minni hl. í hv. fjhn. hv. Nd. till. um aðra tilhögun á greiðslu sparifjáruppbótanna en þá, sem lögtekin var. Þegar ég skaut þessu að hæstv. ráðh., þá ætlaði hann að reyna að bjarga sér á því, að það væri óvenjulegt, að ég legði fram till., sem gerðu mál einfaldari en þau annars væru, og það væri líklegt, að frá mér kæmu till., sem mundu hafa gert greiðslu sparifjáruppbótanna enn þá flóknari og torveldari en l. gerðu ráð fyrir. En hér kom hæstv. ráðh. algerlega upp um það, að hann man ekkert eftir þessum till., hafi hann nokkurn tíma kynnt sér þær, þegar þær voru lagðar fram. Svo vildi til, að till., sem ég lagði fram, voru þær till., sem hv. fjhn. bárust frá sjálfum þjóðbankanum. Það voru till. sjálfs þjóðbankans, sem ég lagði fram fyrir hv. Nd. sem minni hl. í hv. fjhn. Við ræddum í n. við þjóðbankann um tilhögun á greiðslu sparifjáruppbótanna, og fulltrúar hans tjáðu okkur, bæði bréflega og munnlega, að sú skipun, sem gert var ráð fyrir í frv., væri mjög illframkvæmanleg, og varaði eindregið við því að lögfesta hana. En meiri hl. í n. vildi engu sinna þessu. Það var eins og að tala við trjámenn í fjhn., þeir vildu ekkert á þetta hlusta, og niðurstaðan varð sú, að ég sem minni hl. í n. tók upp till. Landsbankans og flutti hana í brtt.-formi, því að meiri hl. vildi ekki sinna einni einustu þeirra, engu atriði þeirra. Þess vegna flutti ég þær í heilu lagi.

Hæstv. viðskmrh. verður að átta sig á því, að hann hefur því miður hlaupið illilega á sig. Mér er engin ánægja að þurfa að auglýsa það, þegar hæstv. viðskmrh. hleypur á sig, og það hlakkar ekkert í mér í því sambandi, því að ég get gjarnan unnt honum annars hlutskiptis en þess. En til þess að auðvelda honum að átta sig á því, hversu mikið hann hefur hlaupið á sig, skal ég nefna honum númerið á þskj., brtt., það er nr. 453 í Alþingistíðindum frá 1949. Um það held ég sem sagt að geti ekki orðið nokkur ágreiningur meðal þeirra manna, sem lesa þessar till., sem voru till. þjóðbankans, gerðar í því skyni að auðvelda framkvæmd málsins og gera hana einfaldari, að sú tilhögun var skynsamlegri, a. m. k. einfaldari í framkvæmd, heldur en það, sem varð ofan á hjá hæstv. ríkisstj. á þeim tíma.

Hæstv. forseti bendir mér á, að tíma mínum sé lokið. Ég vil að síðustu endurtaka þakklæti til hæstv. viðskmrh. fyrir þær tölulegu upplýsingar, sem hann veitti. En eitt atriði langar mig þó til að gera að umtalsefni á aðeins örfáum sekúndum, þ. e. að láta í ljós óánægju mína yfir því, að áfrýjunarrétturinn skuli vera eingöngu með þeim hætti, að þeir, sem eru óánægðir með úrskurð skattayfirvalda og Landsbankans í þessu máli, verði að leita til hinna almennu dómstóla. Menn vita það, að alþýðumenn, sem eiga lítið undir sér, hika mjög oft við að leita til dómstólanna til þess að ná rétti sínum, vegna þess að það er kostnaðarsamt, og þeir treysta því ekki, að þeir muni hafa upp úr því annað en kostnað. Það harma ég því mjög, að ekki skuli vera gert ráð fyrir við skipan þessara mála annarri leið fyrir þá menn, sem telja sig órétti beitta, en þeirri að verða að fara í mál, leita til hinna almennu dómstóla. Ég teldi mjög æskilegt, og það er hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að gera enn, að setja upp eins konar yfirdómstól eða yfirnefnd, líkt og gert er í skattamálum, til þess að úrskurða kærur þeirra manna, sem telja sig vera órétti beitta. Ef hæstv. viðskmrh. vildi beita sér fyrir því, er ég viss um, að hann gerði gott og rétt verk.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að eyða löngum tíma, en ég ætla aðeins að upplýsa það, að vegna þess að ég mundi eftir brtt. hv. þm., þá spurði ég, hvar væru hans umbótatill. á frv. þegar það var hér í smíðum á hv. Alþingi. Hann segir, að þetta séu nákvæmlega till. þjóðbankans, sem hann hafi flutt. Það er dálítið erfitt, af því að maður hefur ekki lögin við höndina, að bera saman breytingarnar við lögin og færa rök að því hér í stuttu máli, að till. hafi ekki verið til bóta, en 4 af nefndarmönnum fjhn. sáu sér ekki fært að fylgja þessum till., og þetta eru ekki till. þjóðbankans í heild, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði. Lögin voru sett að lokum í samráði við þjóðbankann, og þjóðbankinn virtist vera fyllilega ánægður með afgreiðslu málsins eins og það varð að lokum. Ég held ég megi fullyrða það, að fjhn., form. hennar og fleiri fjhn.-menn, hafi verið í sambandi við þjóðbankann, þegar lögin voru sett.

Það var ekki í neinum niðrandi orðum, sem ég sagði það um hv. fyrirspyrjanda eða við hann: Hvar eru hans brtt. við frv., sem áttu að bæta úr þeim ágöllum, sem hann var að benda hér á áðan? Þær eru ekki hér í þessari bók, það eru ekki þær till., sem hann benti hér á. Kannske á hann aðra bók, sem greinilegar tekur þetta fram.

Hv. fyrirspyrjandi var að tala um það, að hann harmaði, að það væri ekki áfrýjunarréttur, að þeir, sem fengju ekki bætur, gætu ekki leitað réttar síns nema með málssókn. Ég vil upplýsa það, að núna að undanförnu hafa ýmsir, sem hefur verið neitað um uppbætur, komið til lögfræðinganefndarinnar og leitað

upplýsinga og reynt að leita réttar síns. Þeir hafa núna, á meðan ekki er farið að greiða uppbæturnar, átt greiðan aðgang að nefndinni. En ef það væri settur á stofn sérstakur dómstóll eða sérstök nefnd, sem menn gætu skotið málum sínum til, þá sé ég ekki, hvernig ætti að fara að því að greiða uppbæturnar út. Það verður vitanlega, áður en byrjað er að greiða uppbæturnar út, að loka algerlega hringnum og gera sér fyllilega grein fyrir því, hvað há upphæðin er, sem á að bæta, hvað yrðu það mörg prósent, sem á að greiða. Ef það er ekki gert og hringurinn opinn, þá er ekkert fé fyrir hendi til þess að greiða þeim, sem á eftir koma eða kynnu að verða dæmdir það réttháir, að þeir ættu að fá uppbætur.

En eins og ég sagði áðan, hefur þessi lögfræðinganefnd hagað sínum verkum þannig, að hún hefur fylgt lögunum alveg nákvæmlega og gert sér fyllilega grein fyrir því, að það má ekki koma fyrir, að nokkur, sem vildi áfrýja eða kæra, gæti unnið mál, vegna þess að það er búið að gera ráðstafanir til þess að úthluta þessum 10 millj., sem til ráðstöfunar eru. Ég segi: Það getur ekki farið saman hjá hv. fyrirspyrjanda að víta það, hversu langur dráttur er á greiðslu uppbótanna, og fara samtímis fram á, að það verði sett upp sérstök nefnd, sem tæki við áfrýjunum og kærum með það fyrir augum að bæta mönnum síðar upp það, sem núverandi nefnd hefur ekki talið sér fært að gera, því að það yrði þá að bíða með greiðslur og bætur til allra enn um sinn og gefa nú upp ákveðinn frest til áfrýjunar, t. d. 3 eða 6 mánuði. En það hefur ekki verið talin þörf á því, vegna þess að sú nefnd, sem nú hefur unnið lengi, hefur talið, að framkvæmdin væri þannig, að þetta væri alveg pottþétt miðað við lagabókstafinn, og það verður ákaflega erfitt, held ég, og bezt að gera sér grein fyrir því, að það verður ekki hægt að bæta úr þeim sárindum og leiðindum, sem margir verða fyrir, vegna þess að þeir fá ekki uppbætur. Mér er alveg kunnugt um það eins og hv. fyrirspyrjanda, að það eru margir sárir og leiðir yfir þessu. En það er staðreynd, að lögin ákveða það, að sá, sem ekki taldi fram, getur ekki fengið uppbætur, og þetta er sárast þegar um gamalmenni er að ræða, sem lítið hafa átt til og ekki talið fram vegna sinnuleysis eða gleymsku. En eins og lögin eru og eins og lögin hefðu verið, þótt till. hv. fyrirspyrjanda hefðu verið samþ., hefðu þeir, sem ekki töldu fram, ekki fengið uppbætur. Í till. hv. fyrirspyrjanda er ekki farið fram á það, að menn skuli fá uppbætur, þótt þeir hafi ekki talið fram, en flestar neitanirnar eru byggðar á því.

17. Landshöfn í Rifi.

Á 46. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um landshöfn í Rifi [174. mál, 1] (A. 467).

Á 47. fundi í Sþ., 17. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fyrirspurn í þrennu lagi til hæstv. ríkisstj. um landshöfn í Rifi. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

1. Hve miklu fé hefur verið varið samtals til byggingar landshafnar í Rifi til síðustu áramóta?
2. Hve mikið fé er talið að þurfi til að fullgera umrædda landshöfn?
3. Hafa nokkur mistök átt sér stað í sambandi við byggingu þessarar hafnar, þannig að um tvíverknað hafi verið að ræða, og ef svo er, hve miklum aukakostnaði hafa þá slík mistök valdið eða er áætlað að þau muni valda?

Ástæðurnar til þess, að ég ber þessa fyrirspurn fram, eru að sjálfsögðu margþættar og lítil von til, að takast megi að gera grein fyrir þeim á þeim 5 mín., sem ég fæ hér til umráða.

Fyrir nokkrum dögum var útbýtt hér á þingi frv. á þskj. 452 um landshöfn í Rifi, og er meginmál þess frv. og tilgangur þess að hækka fjárveitingu til þessarar hafnar úr 3 millj. kr. í 12 millj. Er í þessu frv. gerð grein fyrir þeim ástæðum, sem þar eru taldar liggja til þessarar hækkunar. Það hefur líka að undanförnu verið margt ritað og rætt um þessa landshöfn, sem full ástæða væri til að þm. gerðu sér grein fyrir, áður en Alþ. afgr. það frv., sem ég minntist hér á.

Ég get verið sammála þeim mönnum, sem hafa borið fram þetta frv., um það atriði, að landshöfn í Rifi geti verið ágætismál í sjálfu sér og mikið þarfaverk að byggja hana sem slíka. Þarna úti fyrir eru ágæt fiskimið, og er vafalaust, að mikill fiskur mundi berast upp á þennan stað í framtíðinni, væri þarna komin góð höfn. En hitt verða þm. líka að gera sér ljóst, hvort þjóðarbúið hefur jafnmikinn hag af því að byggja þessa höfn, miðað við tilkostnað, eins og það gæti haft af því að gera einhverjar aðrar ráðstafannir til þess, að sá fiskur gæti borizt á land, sem í þessa höfn mundi berast.

Af því, sem ég nefndi áðan úr frv., þar sem ráðgert er að hækka fjárveitinguna úr 3 millj. í 12 millj., virðist ljóst, að þær áætlanir, sem menn byggðu upphaflega á í sambandi við þessa höfn, þær upplýsingar, sem þá voru fyrir hendi og réðu því, að Alþ. ákvað, að þessa höfn skyldi byggja, hafa verið mjög hæpnar, svo að ekki sé meira sagt.

Það er líka full ástæða fyrir þm. að velta

því fyrir sér, hvort þjóðarbúið, sem sagt er nú að stynji undan mjög mikilli og allt of mikilli fjárfestingu, hafi raunverulega efni á því að byggja höfn á þessum stað fyrir 12 millj. kr., höfnina eina. Allir hljóta að skilja það, að þegar komin er þarna höfn fyrir 12 millj., þá er eftir margfalt meiri fjárfesting, sem þarf til þess að nota þessa höfn. Það þarf að byggja á þessum stað verbúðir. Það þarf að byggja verzlanir fyrir fólk, sem þarna liggur við, það þarf að byggja fiskiðjuver, fiskvinnslustöðvar o. s. frv., o. s. frv., því að það er ekki nóg að hrúga aflanum upp á bryggju, eins og allir vita. Og spurningin er: Er þetta þjóðhagslega hagkvæmt? Var rétt að ráðast í þessa framkvæmd á sínum tíma? Og er rétt að halda áfram með þetta eins og það nú liggur fyrir?

Við vitum, að þarna rétt við þessa höfn er önnur höfn, einhver bezta verstöð landsins, Ólafsvík, sem sækir á sömu mið. Þar eru fyrir hendi ýmsar byggingar, sem höfn eru nauðsynlegar. Þar eru t. d. verzlanir, þar eru fiskiðjuver, þar eru bryggjur. Þar hefði með tiltölulega litlum tilkostnaði, miðað við það, sem hér er um að ræða, mátt búa þannig í haginn, að mun fleiri hefðu getað stundað þessi mið en nú er frá Ólafsvík. Og þess vegna finnst mér ástæða til, að hið háa Alþ. velti því fyrir sér, áður en það samþykkir þetta frv., sem hér um ræðir, hvort þjóðfélagið sem slíkt hafi efni á því, jafnvel þótt það væri æskilegt að byggja þessa höfn í Rifi, að setja í það jafnmikla peninga og hvort það sé þjóðfélaginu hagkvæmt eins og nú standa sakir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að gera að umræðuefni hér það, sem fyrirspurnin, sem hér liggur fyrir, gefur ekki beint tilefni til, enda þótt hv. fyrirspyrjandi með sinni stuttu ræðu gæfi tilefni til að athuga þetta, en það er sú hlið málsins, hvort rétt sé að byggja höfn í Rifi, höfnin kosti margar milljónir, og ef sé búið að byggja höfn, þá þurfi að byggja hús, jafnvel fiskiðjuver. Ja, það er þetta, sem við höfum verið að gera á Íslandi undanfarna áratugi. Við höfum verið að byggja höfn, vitandi, að höfnin kallaði á hús, fyrir utan að hún kallaði á bryggjur og báta, sem hefðu gott af höfninni, svo og hús og fiskiðjuver. Við höfum nefnilega verið að glíma við þá fáránlegu vitleysu að láta fólkið í landinu lifa. Þetta skoða ég höfuðverkefni okkar, sem erum hér inni í þingsölunum, að reyna að greiða fyrir því. Það getur vel verið, að við förum of hratt í fjárfestinguna. Það er alltaf álitamál. Gagnrýni í þeim efnum verð ég að þola eins og aðrir, sem hafa átt þátt í þessari fjárfestingu. Það má vera, að framtíðin dæmi okkur í þeim efnum, en það verður aldrei tekið af okkur, að þetta hefur verið stórhuga kynslóð, sem nú lifir í landinu, og hefur gert sitt til að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir með meiri árangri en þeir, sem áður hafa byggt þetta land.

Út af sjálfri fsp. leyfði rn. sér að skrifa hv. vita- og hafnarmálastjóra, sem er form. landshafnarinnar. Og ég skal leyfa mér hér að lesa upp það svar, sem ég hef frá honum fengið og ég tel tæmandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi, dags. 17. þ. m., hefur hið háa ráðuneyti óskað umsagnar minnar um fyrirspurnir til ríkisstjórnarinnar um landshöfn í Rifi, sem bornar hafa verið fram á þskj. 467 af Bergi Sigurbjörnssyni. Fyrsta fyrirspurnin er þannig:

Hve miklu fé hefur verið varið samtals til byggingar landshafnar í Rifi til síðustu áramóta?

Svar: 4.9 milljónir króna.

Það, sem unnið hefur verið fyrir þessa upphæð, er eftirfarandi: Byggður hefur verið hafnargarður, sem nú er orðinn 550 m langur. Rifsós hefur verið stíflaður, og byrjað er að fylla lónið fyrir innan fyrirstöðuvegginn. Byggð hefur verið bátabryggja, 12 m breið og 50 m löng, og bryggjan tengd við land með ca. 50 m langri uppfyllingu jafnbreiðri. Dýpið við bryggjuna er nú um 2 m á fjöru, en er ætlað að verði 3 metrar. Þá hefur verið grafin renna inn með öllum hafnargarðinum inn að bryggju, og er sú renna að mestu leyti um 2 m á dýpt á fjöru. Ljósduflum hefur verið lagt út til að merkja innsiglingarleiðina, og verið er að raflýsa bryggjuna. Vélkrani er á bryggju. Tvö stór hús hafa verið byggð, annað fyrir verkamenn, en hitt fyrir áhöld. Loks hefur allt land, er liggur að höfninni, verið keypt.

Önnur spurning er svo hljóðandi:

Hve mikið fé er talið að þurfi til að fullgera umrædda landshöfn?

Þessari spurningu er ekki hægt að svara, einfaldlega vegna þess að enginn getur sagt á þessari stundu, hvernig höfnin verður fullgerð. Í bréfi til formanns sjútvn. neðri deildar, dags. 4. þ. m., sem prentað er á þskj. 452, hef ég hins vegar talið upp það, sem ég tel aðkallandi að gera, og nefnt sem kostnað við þau verk 8—12 millj. kr.

Í þriðja lagi er spurt: Hafa nokkur mistök átt sér stað í sambandi við byggingu þessarar hafnar, þannig að um tvíverknað hafi verið að ræða, og ef svo er, hve miklum aukakostnaði hafa þá slík mistök valdið eða er áætlað að þau muni valda?

Mér er ekki kunnugt um önnur mistök, sem því nafni mætti nefna, í sambandi við þessa hafnargerð en þau, að í norðaustan stórviðri í október í haust bar nokkurn sand í rennu þá, sem áður getur og verið var að grafa. Þessi sandur hefur nú verið hreinsaður í burtu. Nákvæmlega er ekki hægt að segja, hversu mikið það kostaði, en ætla má, að það hafi verið um 60—70 þús. kr.

Í þessu sambandi verður að taka fram, að dýpkunarframkvæmdir í haust og vetur hafa verið sóttar með öllu meira kappi en eðlilegt má teljast á þessum árstíma. En ástæðan er sú, að reynt var til hins ýtrasta að gera höfnina nothæfa í byrjun vertíðar til bjargar hafnarlausu og atvinnulausu plássi.

Emil Jónsson."

Ég tel, að þessi umsögn formanns hafnarstjórnarinnar og hv. vita- og hafnarmálastjórans svari til fullnustu því, sem um er spurt,

og vænti ég, að hv. fyrirspyrjandi hafi þar með fengið því fullnægt, sem fyrir honum vakti, þegar hann bar fram fyrirspurnirnar.

Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið, vildi ég mega taka það fram, að ég er honum náttúrlega ekki alveg sammála um það, að ég telji þau fullnægjandi, eins og hann lagði mikla áherzlu á. Og ég veit ekki, hvernig hann getur ætlazt til þess, þegar maður spyr hér um þrjú atriði og um eitt atriðið er tekið fram, að því sé ekki hægt að svara, að maður geti talið það fullnægjandi svar. En 2. liðnum, hve mikið fé væri talið að þyrfti til að fullgera umrædda landshöfn á Rifi, sagði hæstv. forsrh. að væri ekki hægt að svara eins og sakir stæðu.

Nú er það í sjálfu sér lítið atriði, þó að einn ráðh. hér svari ekki spurningu á Alþ. ýtarlega eða nógu ýtarlega. En hitt er mjög alvarlegt atriði, sérstaklega ef það væri algengt, að ráðizt væri í framkvæmdir fyrir það opinbera og fyrir fé almennings, þannig að þeir, sem um þetta eiga að sjá og fyrir þessu eiga að standa, séu almennt þannig við því búnir og standi almennt þannig að málum, að þeir hafi ekki hugmynd um, hvað það kostar, sem á að gera og ætlað er að gert verði. Það tel ég mjög alvarlegt og mjög ískyggilegt mál. Og ég er satt að segja eiginlega stórforviða á því, að hæstv. forsrh. skuli koma með svona svar frá sínum undirmönnum og telja það fullnægjandi, þegar hann er spurður hér alvarlegra spurninga inni á þingi þjóðarinnar.

Um hitt atriðið, að þarna hefðu átt sér stað mistök, þannig að það hefði borið sand inn í höfnina aftur, sem hefði kostað 60—70 þús. kr. að dæla í burtu, vildi ég mega segja það, að þannig hlutir hafa gerzt ekki aðeins þarna, heldur og víðar, og einmitt þess vegna spurði ég um þetta. Ég vildi fá tækifæri til að ræða þessi mál nokkrum orðum. Við höfum heyrt getið um brimbrjóta, sem hafa farið og brotnað í vetrarveðrum, um hafnargarða, sem hafa farið og brotnað, og um fleiri og fleiri þannig hluti, um sand, sem hefur borið inn í hafnir, eftir að búið var að dæla honum burt, þannig að þetta er engin nýlunda.

Nú ætla ég ekki að hefja neinar stórárásir á þá, sem fyrir þessum verkum standa og fyrir þessum óhöppum verða. En hitt vildi ég mega spyrja um: Hefur þetta ekki verið tekið neinum alvarlegum tökum? Hefur það aldrei verið rannsakað, hvernig á þessu standi og hvort ekki sé til nokkur hugsanleg leið að koma í veg fyrir, að þetta endurtaki sig? Við erum að byggja hér hafnir víðs vegar um landið, hafnargarða, brimbrjóta og grafa upp sand og búa til rennur og dýpka hafnir. Og við eigum eftir að gera þetta mörg, mörg ár enn. Eigum við sífellt að búa við það ástand, að þessi verk, sem varið er til stórfé af almannafé, verði að engu? Eða hafa verið gerðar einhverjar ráðstafanir til þess að rannsaka það, hvort ekki megi koma í veg fyrir það? Og ef þær hafa ekki verið gerðar nú þegar, hefur þá hæstv. ríkisstj. og hafnarmálastjórninni ekki til hugar komið að reyna að hefja einhverjar rannsóknir og aðgerðir í þessu efni? Ég óska mjög eindregið eftir að fá upplýsingar um þessi mál.

Þá var hæstv. forsrh., að manni skildist, með nokkur svigurmæli í minn garð í upphafi máls síns. Ég skal taka það fram, að það stóð ekki í bréfinu frá vitamálastjóra; það var frá eigin brjósti. Ég held, að hann hefði átt að spara sér þessi svigurmæli. Hann var að tala um það, að hæstv. ríkisstj. hefði verið að glíma við þá „fáránlegu vitleysu að láta fólkið í landinu lifa á undanförnum árum". Þetta orðbragð er ákaflega líkt hæstv. forsrh. og kannske ekki rétt að taka allt of alvarlega, þar sem hann á í hlut, og maður veit, við hverju má búast af þeim manni. En ef hann hefur talið tilefni til svona orða í sambandi við það, sem ég sagði áðan, þá vildi ég spyrja hann, hvers konar orð hann vildi hafa í sambandi við það, sem hans eigið blað, Morgunblaðið, hefur um þessi mál að segja. 17. febr. s. l. segir Morgunblaðið svo um landshöfnina í Rifi, með leyfi hæstv. forseta. Segir hér í fyrirsögn:

„Enn sami mokaflinn á bátum frá Ólafsvík. Bætt hafnarskilyrði þar meira aðkallandi en Rifshafnarævintýrið."

Svo segir enn:

„Samfelldar gæftir hafa nú verið hér hjá okkur um hálfs mánaðar skeið. Bátarnir fara í eins marga róðra og þeim er mögulegt. Er nú svo komið, að hæstu bátar eru með 270 lesta afla frá áramótum, enda hefur dagafli verið 12—20 lestir. Ef hafnarskilyrðin væru betri hér í Ólafsvík mundi afli bátanna verða talsvert meiri, en vegna þess, hve þau eru slæm, hafa bátarnir iðulega tapað róðrum. Væri öllu því fé, sem fer í hreina Bakkabræðravinnu í Rifshöfn, betur varið, ef höfnin hér yrði lagfærð. Með því að lengja bryggjuna upp í 45 m gætu farmskipin komið í þetta athafnasama pláss, þar sem fjöldi fólks vinnur dag hvern langt fram á nótt við framleiðslustörfin."

Ég held, að ég verði að lána hæstv. forsrh. þessa úrklippu úr blaðinu, svo að hann geti svarað því með nokkrum svigurmælum. Það, sem ég nefndi, var ekki annað en það, að það gæti skeð, að það væri unnt að skapa fólkinu í þessu landi betra líf og láta það lifa með því að verja fé almennings, ekki peningum forsrh., heldur fé almennings á skynsamlegri og raunhæfari hátt en nú er gert. En ég gæti trúað því, að það væri nokkur sannleikur í því, sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að ríkisstj. væri að glíma við vitleysu í sambandi við það að láta fólkið í landinu lifa. Það mætti segja mér, að þar hefðu ýmsar vitleysur verið gerðar af núverandi stjórnarvöldum og þess vegna hefði hæstv. forsrh. verið þetta orð alveg sérstaklega munntamt, þegar hann kom hér í ræðustólinn.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hefði haft gaman af því, meðan ég var ungur og orustuglaður, að hitta svona kóna eins og

þennan, sem var að fara héðan, og mega tukta hann dálítið. Nú er ég orðinn svo latur, alvörugefinn og málefnalegur, að ég nenni lítið við hann að tala.

Það voru þrjú aðalatriði í þessari viðleitni hans til að halda hér ræðu, sem hann bar fram og áttu að vera ógurlegir burðarásar í árásunum á ríkisstjórnina eða mig persónulega, sem hann taldi sér þó tæplega sæmandi að tala við.

Í fyrsta lagi eða síðasta var það, að í Morgunblaðinu stæði, í frétt frá Ólafsvík, að það væri skynsamlegra að bæta höfnina í Ólafsvík en í Rifi. Ja, mikil er nú spekin hjá þessum ágæta þm., ef honum þykir það nú tíðindum sæta, að sá, sem býr í Ólafsvík, vilji heldur láta byggja höfn í Ólafsvík en t. d. Herdísarvík eða jafnvel í Keflavík. Það er nú svona, að það eru fleiri eigingjarnir náungar í landinu en þessi. Þeir eru margir, og þykir öllum skynsamlegt eða mörgum að byggja höfn þar, sem þeir sjálfir búa.

Hitt atriðið, sem hann með mikilli speki spurði um, var það, hvort hafnaryfirvöldin, og þá bæði ríkisstjórn og vitamálastjórnin, hefðu aldrei reynt að gera sér grein fyrir því, að það væri nauðsynlegt, þegar búið væri að moka upp og fylltist aftur, að hindra, að slíkt endurtæki sig. Við erum nefnilega hérna að fást við íslenzk náttúruskilyrði og ráðum ekki alveg við þau. Það er rétt, að menn hafa heyrt brimbrjóta nefnda, og það eru til sterkari brimbrjótar en þessi, sem þarna situr, og brotna þó, t. d. brimbrjóturinn í Bolungavík. En það er nú forsjónin, sem hefur sett okkur niður á þetta land, og við unum því, sem okkur mætir þar, blíðu og stríðu. Við búum um margt við betra en aðrir, en við eigum um sumt við erfiðleika að stríða. Það eru aftur aðrir okkur miklu fróðari menn, sem áratugum saman, svo að ég segi ekki meira, hafa verið að glíma við þetta, hvernig hægt er að búa mannvirkin þannig úr garði, að þær hættur, sem jafnan sækja á, verði sem minnstar. Það afstýrir þeim enginn með öllu.

Þriðja meginárásarefnið, ef svo mætti segja, var svo það, hvernig menn leyfðu sér, og það átti að bera vott um óskaplegt ábyrgðarleysi, að ráðast í mannvirki sem hafnargerð án þess að hafa gert sér fulla grein fyrir, hvað það kostaði. Ja, sér eru nú hver ósköpin! En hver skyldi hafa vitað það, — við skulum bara líta beint af augum, það þarf kannske að taka 2—3 hús í burtu, til þess að hv. þm. sjái út á Reykjavíkurhöfn, — hver skyldi t. d. hafa getað gert sér grein fyrir því í öndverðu, hvað hún mundi kosta? Það er ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvað mannvirkin kosta, fyrr en maður sér fyrir, hvernig þau eigi að verða. Við ætlum að stíga áfanga og annan áfanga og þriðja áfanga. Reyndin sker svo úr, hve margir þeir verða. En því fleiri áfangarnir, því meiri framkvæmdirnar, því kostnaðarmeira.

Ég hygg, að hér með sé þessum þremur aðalárásarefnum hrundið, og ég held, að ég geti lofað hv. þm. því, að honum sé óhætt að vera talsvert gleiðgosalegur í sínu svari upp á það, að hann þurfi ekki að eiga á hættu, að ég fari neitt að skipta mér af honum meira í þessu máli.

18. Áburðarverð.

Á 46. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um áburðarverð [174. mál, 2] (A. 467).

Á 47. fundi í Sþ., 17. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 48., 49., 51. og 53. fundi í Sþ., 23. og 30. marz, 13. og 20. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, en á síðasta fundinum mælti

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Það er nú orðið svo langt um liðið, að ég man ekki nákvæmlega, hvenær það var, sem ég bar hér fram fsp. til hæstv. landbrh. um verð á áburði, en það mun vera a. m. k. 4, ef ekki 5 vikur síðan, og þessi fsp. hefur, eins og gert er ráð fyrir og mælt fyrir í þingsköpum, verið tekin á dagskrá á fundi í Sþ. í hvert sinn, sem fundur hefur verið haldinn síðan. En svo hefur við brugðið, að hæstv. landbrh. hefur aldrei mætt á þessum fundum, að undanskildu því, að á fyrsta fundi, sem þessi fsp. var á dagskrá, var hann mættur, en lét þess þá getið, að hann væri ekki tilbúinn að svara fsp.

Nú segir í 31. gr. þingskapa, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi síðar en viku eftir að fyrirspurnalista er útbýtt, skal forseti síðan taka á dagskrá þingsins í upphafi fundar sérstakan lið, er nefnist fyrirspurnir. Ráðherra sá eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara þá fyrirspurn þeirri eða fyrirspurnum, sem leyfðar hafa verið, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðum."

Annað en þetta segja þingsköp ekki um það, hvern frest ráðherrar hafa til að svara fsp. Það virðist því alveg ljóst, að þeim sé skylt að svara fsp. eigi síðar en viku eftir að þing hefur leyft það, að hún skuli fram borin.

Af þessum sökum vil ég mótmæla því broti á þingsköpum, sem mér sýnist hér ótvírætt vera fyrir hendi. Ég hefði í sjálfu sér getað fallizt á einhvern frest fyrir hæstv. landbrh. til að svara fsp., en þegar um jafntvímælalaust og jafnítrekað brot á þingsköpum og hér er að ræða, get ég ekki látið undir höfuð leggjast að mótmæla því hér mjög alvarlega í sameinuðu þingi og þá sérstaklega með það fyrir augum, að aðrir hæstv. ráðherrar taki sér ekki þetta til eftirbreytni.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. 8. landsk. þm. vil ég segja það, að fsp. hefur

jafnan verið tekin, eins og hann reyndar minntist nú á, á dagskrá í sameinuðu þingi, eins og vera ber. Í fyrsta sinn var hæstv. landbrh. ekki tilbúinn að svara fsp. og hafði þá ekki unnizt tími til að afla sér þeirra gagna, sem með þurfti til að svara henni. Í eitt eða tvö skiptin næst þar á eftir ætla ég að hæstv. ráðh. hafi verið lasinn og gat ekki mætt á þingfundum, og var þess vegna engin von til þess, að hann svaraði fsp. þá. Í tvö önnur skipti veit ég til, einmitt þessa daga, hefur hæstv. ráðh. verið forfallaður frá að mæta hér, og ég veit til þess, að hæstv. ráðh. var tilbúinn til þess að svara fsp. nú. Nú er hann í öðru héraði við jarðarför í dag.

Hv. þm. vildi telja, að það væru skýlaus fyrirmæli þingskapa, að ráðherra skyldi svara í fyrsta sinn, þegar fsp. kemur á dagskrá og henni á að svara.

Ég hygg nú, að svo mikið megi ekki leggja í þetta ákvæði. Það byggist vitaskuld á því fyrst og fremst, að ráðherra sé við því búinn að geta svarað fsp., hafi fengið þær upplýsingar, sem hann telur að verulegu máli skipti til að geta svarað henni. Og ef ráðherra er forfallaður að geta mætt á þingi af lögmætum og gildum ástæðum, þá er vitaskuld ekki hægt að segja, að það sé brot á þingsköpum, þó að fsp. sé ekki svarað. Og ákvæði þingskapa má engan veginn taka svo bókstaflega, enda ef lögleg forföll eru til staðar, þá er vitaskuld ekki unnt að svara fsp.

Nú vil ég segja hv. 8. landsk. það, að næst, svo framarlega sem einhver sérstök forföll hindra ekki, mun fsp. verða svarað, og vil ég vona, að hv. þm. láti sér það lynda. Af minni hálfu hef ég ekki getað annað en tekið hana á dagskrá í þeirri von, að unnt yrði að svara henni.

Á 55. fundi í Sþ., 27. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég get nú ekki látið hjá líða að láta ánægju mína í ljós yfir því, að þessari fsp. skuli nú loks svarað. Á þskj. 467 bar ég fram fyrir nokkrum vikum fsp. um það til hæstv. ríkisstj., hvaða verð Áburðarverksmiðjan h/f hafi fengið fyrir þann áburð, kominn um borð í skip, sem fluttur hafi verið úr landi. Eins og menn rekur vafalaust minni til, þótti það viðburður mikill, þegar fyrsti farmurinn af köfnunarefnisáburði, framleiddum hér á landi, var fluttur og seldur til útlanda. Hins vegar var ekki á því stigi málsins neitt látið í ljós um það, hvert verð hefði fengizt fyrir þennan áburð, kominn um borð í skip hér á Reykjavíkurhöfn. Það var á þeim tíma, sem ég bar þessa fsp. fram, rík ástæða til að spyrjast fyrir um þetta verð, þar sem hér er um ríkisfyrirtæki, að nokkru leyti a. m. k., að ræða og allar upplýsingar varðandi það eiga að sjálfsögðu að birtast almenningi. En þar sem liðinn er svona langur tími síðan ég bar þessa fsp. fram, hafa á þeim tíma birzt upplýsingar um þetta verð í verzlunarskýrslum, svo að það liggur í sjálfu sér ljóst fyrir nú, hvert verð fékkst fyrir þann áburð, sem fluttur var út að þessu sinni.

En ég bar einnig fram aðra fsp. í sambandi við þetta mál, á þá leið, hvaða verð bændur landsins hefðu greitt fyrir sams konar áburð og þann, sem fluttur var út, þ. e. a. s. kominn um borð í skip í Reykjavíkurhöfn. Ég spurði sem sagt um sambærilegt verð bænda fyrir áburðinn við það verð, sem fékkst fyrir áburðinn fluttan út. Þeirri fsp. hefur ekki verið svarað, og engar upplýsingar liggja fyrir um hana, ekki nánari en þegar ég bar fsp. fram, svo að að því leyti verður svarið væntanlega eins og til var ætlazt.

Nú sjá að sjálfsögðu hv. þm., að ástæða hefði verið til að bera hér fram þriðju fsp., þ. e. a. s. um kostnaðarverð áburðarins. Það hefði verið full ástæða til að spyrjast fyrir um það, hvað kostar að framleiða þennan áburð í áburðarverksmiðjunni. Ástæðan til þess, að ég bar þessa fsp. ekki fram að þessu sinni, var sú, að þessi fsp. var borin fram hér fyrr á þinginu, og þá svaraði hæstv. landbrh. henni á þá lund, að a. m. k. þá væri ekki unnt að gefa neinar upplýsingar um þetta atriði og að það tæki allmarga mánuði hjá verksmiðjunni að komast að því, hvert væri raunverulegt framleiðsluverð, hver væri hinn raunverulegi framleiðslukostnaður, hvert væri það verð, sem áburðarverksmiðjan þyrfti minnst að fá fyrir áburðinn. Ef nú hins vegar svo skyldi standa á, að hæstv. landbrh. hefði fengið upplýsingar um þetta atriði málsins, þá teldi ég mjög æskilegt, að það kæmi fram í sambandi við svar hans hér við þessari fyrirspurn.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 8. landsk. þm. (BergS), sagði, að það væri ánægjulegt, að nú skyldi loks vera svarað þeirri fsp., sem þm. hefur borið fram fyrir allmörgum vikum. Ég skal játa það, að ég tel það ekki heppilegt, að svo langt líði frá því að fsp. komi fram og þangað til henni er svarað, og að það hefur dregizt þetta lengi, stafar ekki af því, að ég hefði ekki viljað gefa þær upplýsingar fyrr, en það er ekki nema svo stutt síðan ákveðið hefur verið um verð áburðar hér innanlands, að það var ekki hægt að gefa svör við hálfri fsp. fyrr en það lá fyrir. Í síðasta fyrirspurnatíma, miðvikudaginn var, var ég í erindum utanbæjar, hefði þá í raun og veru getað gefið þessar upplýsingar. En það hefur nú verið að því vikið í blöðum og jafnvel víðar, að óheppilegt væri, hve seint væru gefnar upplýsingar um verð á áburði til bænda. Er það að sumu leyti rétt, þó að það hafi ekki komið að neinni sök nú af þeim ástæðum, að það er ekki hægt að afsetja neinn áburð eins og er vegna verkfallsins. En hitt er annað mál, að í venjulegu árferði, þegar slíkar hömlur væru ekki á, er heppilegra og verður áreiðanlega framvegis ákveðið áburðarverðið fyrr.

Mér virðist, að það þurfi í raun og veru engan að undra það, þó að nú á fyrsta framleiðsluári áburðarverksmiðjunnar geti verið dálítið

vafasamt að sumu leyti að ákveða áburðarverð, og það er ekki eins auðvelt og mér virtist hv. fyrirspyrjandi kannske álíta, að segja ákveðið, hvað kostnaðarverð áburðarins er, eftir eins árs starfrækslu. Þar kemur svo margt til greina, m. a. þau lán, sem áburðarverksmiðjan hefur, og lánskjör, og það er nokkuð af því fé, sem áburðarverksmiðjan var reist fyrir, sem enn er í svo óhagstæðum lánum, að það hefur að sjálfsögðu nokkur áhrif á það, hvað ætti að segja nú að kostnaðarverð áburðarins væri. Breytingar á slíku geta haft allmiklar breytingar í för með sér á kostnaðarverði áburðarins. En áburðarverksmiðjunni, svo að ég segi það bara almennt, eru lagðar þær skyldur á herðar að greiða niður þau lán, sem hún hefur fengið, mjög ört, og eru þó vitanlega fyrstu árin alltaf þau erfiðustu í þessu sambandi.

En ég skal svo ekki hafa fleiri almennar hugleiðingar um þetta, en taka það fram, að það sem hv. fyrirspyrjandi vildi nú koma fram með sem þriðju fyrirspurnina, þ. e. a. s. um raunverulegt kostnaðarverð áburðarins, treysti ég mér ekki til að segja í ákveðnu krónutali og það m. a. af þeim ástæðum, sem ég hér hef nefnt. Ef það kemur fram formleg fsp. um það, þá mun ég að sjálfsögðu leita til áburðarverksmiðjustjórnarinnar og óska eftir því, hvað hún getur um það sagt á þessu stigi málsins. En í jafnstóru fyrirtæki og algerlega nýju hér á landi og áburðarverksmiðjan er, þá virðist mér að engan þurfi að undra það, þó að jafnvel eitt framleiðsluár sé tæplega nægur tími til þess, að hægt sé að segja ákveðið, hvað er framleiðsluverðið raunverulega, ef um full afköst er að ræða, og það getur a. m. k. verið mismunandi eftir ýmsu, sem fram yrði að koma í slíkum svörum, svo að þar væri að öllu leyti greint rétt frá.

Ég skal þá snúa mér að fyrirspurnum hv. fyrirspyrjanda, og eru þær upplýsingar fengnar frá stjórn eða framkvæmdastjóra áburðarverksmiðjunnar.

Fyrri fsp. er þetta: Hvaða verð fékk Áburðarverksmiðjan h/f fyrir þann áburð f.o.b., sem fluttur hefur verið úr landi? Þessar upplýsingar get ég gefið varðandi það, að sá áburður, sem seldur var úr landi, nam að magni til 3910 smálestum; hann var seldur á 27 £, þ. e. a. s. á 1234 kr., pr. tonn frítt um borð í Gufunesi.

Um þetta verð má annars segja það, að þó að það sé nokkru lægra heldur en áburðarverð það, sem nú hefur verið ákveðið á innanlandsmarkaði, þá er það ekki nokkur vafi, að frá fjárhagslegu sjónarmiði var það að öllu leyti hagkvæmara fyrir verksmiðjuna að framleiða þetta magn fyrir þetta verð, sem hér hefur verið nefnt, en að stöðva framleiðslu verksmiðjunnar tilsvarandi tímabil, og það er ekki nokkur vafi á því, að sá hagnaður, sem af þessu verður hjá því að stöðva verksmiðjuna um tíma, nemur mörg hundruð krónum á tonn, a. m. k. þori ég að fullyrða ekki minna en 200 kr. á tonn, án þess að ég þori að öðru leyti að nefna alveg ákveðna tölu.

Síðari fyrirspurnin hljóðar þannig: Hvaða verð hefur verið greitt fyrir áburð frá sömu verksmiðju á innanlandsmarkaði, kominn í skip í Reykjavíkurhöfn? Því er svarað á þann hátt, að enn hefur enginn áburður verið seldur á innanlandsmarkaði á þessu ári. Að vísu var, áður en skip stöðvuðust vegna verkfallsins, búið að flytja töluvert magn áburðar út á ýmsar hafnir á landinu, en það situr þar enn og verður þá flutt þaðan vitanlega, þegar eðlilegir tímar skapast aftur, en það hefur ekki verið selt neitt af honum raunverulega enn þá. Það var bara flutt til geymslu. En nú nýlega hefur verið gengið frá áburðarverði fyrir innanlandsmarkað og þannig, að á þessu vori verður köfnunarefnisáburðurinn, sem nefndur er Kjarni, seldur á 1700 kr. hvert tonn, kominn á bíl í Gufunesi eða á hafnir úti á landi, og uppskipun er innifalin í þessu, þó eigi yfir 3 kr. pr. 50 kg, og er þetta verð ekki hærra en tilsvarandi erlendur áburður mundi kosta hér innfluttur.

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég get gefið, og vænti ég, að þær fullnægi hv. fyrirspyrjanda, þótt ég viðurkenni, að ég hefði frekar kosið að hafa getað gefið þær nokkru fyrr.

Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör, sem hann gaf. Mér skildist á honum, að hann hefði skilið mitt mál þannig, að ég væri að gera kröfu til þess, að hann svaraði því, hver framleiðslukostnaður áburðarins væri. Því fór víðs fjarri, að ég gerði nokkra kröfu til þess. Ég sagði aðeins, að það hefði verið mjög eðlilegt að spyrja um það, gerði svo grein fyrir, hvers vegna ég gerði það ekki, en taldi hins vegar æskilegt, að því yrði svarað, ef tök væru á. Við það sætti ég mig svo fullkomlega að fá ekki svör við því, þar sem ráðh. lýsir því yfir, að það séu engin tök að gera það nákvæmlega enn. Stafi það hins vegar af því, eins og ráðh. benti á, að lánskjör verksmiðjunnar hafi þar áhrif á, þá stóð ég a. m. k. í þeirri meiningu, að lánskjör verksmiðjunnar væru fastákveðin og hefðu verið, jafnvel meðan hún var í byggingu, og mér var ekki kunnugt um, að það stæðu til neinar breytingar á því máli, svo að af þeim sökum hefði framleiðslukostnaðurinn átt að geta legið fyrir. En ég skil það vel, að það séu ýmis önnur atriði, sem ekki er komin nægilega mikil reynsla á, til þess að hægt sé að svara þessari spurningu með framtíðina fyrir augum. Hins vegar sýnist mér, að það hefði mátt gefa einhver svör, miðað við daginn í dag. En það er sem sagt þykkjulaust af minni hálfu, þó að þau svör séu ekki gefin, ekki sízt þar sem ég bar ekki þá fyrirspurn skriflega fram.

Að öðru leyti er ekki mikil ástæða né tækifæri til að ræða upplýsingar ráðh. á þessu stigi málsins. Það er þó ljóst, sýnist mér, af svörum hans, að þeir íslenzkir bændur, sem kaupa áburð framleiddan í Gufunesi á þessu ári, þurfa að borga fyrir hann, eftir upplýsingum ráðh., sama verð eða svipað verð og ef áburðurinn hefði verið fluttur inn. Þeirra hagræði af áburðarverksmiðjunni er því lítið. Það

er sýnilegt, að þeir losna ekki við að greiða af hverri smálest af áburði það verð, sem borgað var áður fyrir flutningsgjöld á áburðinum til landsins. Ég býst við, að íslenzkir bændur hefðu þó vænzt þess, að áburðurinn lækkaði í verði við það að framleiða hann innanlands um það, sem næmi flutningskostnaði, t. d. frá Noregi, Hollandi eða Belgíu til Íslands, en sýnilegt er, að það verður ekki, ekki að þessu sinni að minnsta kosti. Af þessum sökum stafar það náttúrlega, að talsvert miklu lægra verð, kringum 500 kr. á hverja smálest, fæst fyrir áburðinn, þegar hann er fluttur úr landi.

Það er að sjálfsögðu og verður að sjálfsögðu sérstök skylda þm. að fylgjast með þessum málum í framtíðinni og óska þá eftir fyllri upplýsinum, þannig að í ljós komi þá síðar meir, — ég er ekki endilega að miða það við þetta tilfelli, — en að í ljós komi síðar meir, að bændur borgi þá ekki meira fyrir þann áburð, sem þeir kaupa í Gufunesi, heldur en sem svarar flutningskostnaðinum frá útlöndum, að það sé sem sagt ekki seldur áburður til útlanda svo langt undir kostnaðarverði, að þeim mismun yrði að bæta ofan á hann, þegar hann er seldur á innanlandsmarkaði, til þess að verksmiðjan geti borið sig.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, og gefur ræða hv. fyrirspyrjanda í raun og veru ekki tilefni til að segja margt. Ég vildi þó aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. fyrirspyrjandi sagði um, að bændur mundu hafa búizt við því að fá áburðinn það ódýrara en hann hefur fengizt á erlendum markaði, sem næmi flutningsgjaldi til landsins.

Ég verð nú að halda því fram, að bændur muni ekki hafa búizt við þessu í fyrstu. Ég hef a. m. k. víða á bændafundum og pólitískum fundum einnig sagt það, að menn skyldu ekki búast við, að í upphafi gæti tilbúinn áburður orðið ódýrari í hlutfalli við erlent markaðsverð en hann hefur verið áður, og ég hygg, að þeir bjartsýnustu í þessum efnum varðandi áburðarverksmiðjuna hafi ekki getað vænzt þess.

Hitt er svo allt annað mál, að ég vona fastlega, að þetta komi, þótt síðar verði. Þegar búið er að létta verstu byrðunum af þessu fyrirtæki að því er snertir þau lán, sem þar á hvíla og óhagstæðust eru, þá gætum við vænzt þess, að það sigi mjög í þessa átt, og það er vitanlega það, sem allir óska eftir, og er ég að sjálfsögðu hv. fyrirspyrjanda sammála um, að það þyrfti að verða sem fyrst, að hægt væri að koma því þannig fyrir. En ég hygg, að bændur landsins, sem nota áburðinn, sætti sig fyllilega við það einmitt að fá áburðinn nú fyrsta árið og jafnvel fyrstu árin með heimsmarkaðsverði.

19. Marshallaðstoð í ágúst 1948.

Á 46. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um Marshalllán eða framlag, sem tekið var eða veitt í ágúst 1948 [174. mál, 3] (A. 467).

Á 47. fundi í Sþ., 17. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, var á árinu 1948 horfið að því ráði, að Íslendingar gerðust aðilar að svonefndri Marshallaðstoð. Áður en það varð, höfðu ýmsir þáverandi ráðherrar lýst því yfir, að þeir væntu þess, að Íslendingar gætu fremur orðið veitandi en þiggjandi í þeirri aðstoð, fremur lagt öðrum lið en beðið sjálfir hjálpar.

Þegar að því kom, að Ísland gerðist aðili að þessari svokölluðu Marshallaðstoð, varð það þó með þeim hætti, að Íslendingar beiddust sjálfir hjálpar, en veittu ekki öðrum lið. Og ef ég man rétt, þá var það í ágúst 1948, sem Ísland steig fyrsta skrefið á þessari braut og bað þá um lán í dollurum, eins og það var orðað, til viðreisnar íslenzkum atvinnuvegum. Það var fyrsta skrefið á þessari braut. Það, sem síðar gerðist, ætla ég ekki að rekja. En ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. 467 fsp. varðandi þetta fyrsta skref, sem Ísland steig á þessari braut, og eru fsp. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Var Marshallfé það, sem Ísland fékk í ágúst 1948, veitt sem afturkræft lán eða gjöf?

Áðan sagði ég, að mig minnti, að þetta hefði upphaflega verið lán, en mér er ekki kunnugt um, hvort því var síðar breytt í gjöf eða óafturkræft framlag, og þess vegna hef ég um það spurt.

Í öðru lagi hef ég spurt um það: Hvernig var þessu fé ráðstafað, og hver ráðstafaði því?

Í þriðja lagi: Hlutu allir aðilar, sem lánið fengu, sömu kjör um endurgreiðslu?

Og í fjórða lagi: Hafa allir aðilar, sem lánið fengu, gefið út skuldabréf til ríkissjóðs fyrir sínum hluta af láninu?

Spurningar þessar skýra sig, að því er mér virðist, sjálfar, svo að óþarft er að fara um fleiri orðum, og vænti ég að fá svör við þeim.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Fé það, sem Ísland fékk í ágúst 1948 og átt mun vera við í þessari fsp., nam 2 millj og 300 þús. dollurum og var veitt sem afturkræft lán. Lánið er Marshalllán til 35 ára með 2½ vöxtum. Fyrstu afborgun á að greiða 1956, en vextir hafa nú verið greiddir af láninu í 4 ár.

Aðdragandi málsins var sá, að þáverandi rík-

isstj. lagði fyrir Alþingi 1948 frv. til laga um heimild til 15 millj. kr. lántöku innanlands eða erlendis til þess að afla síldarvinnslutækja, þ. á m. síldarvinnsluskips og nýrrar verksmiðju í Rvík. Var þessi tilgangur með lántökunni tekinn fram í athugasemdunum við frv. og í umr. á hv. Alþingi. Hefur ráðstöfun lánsins mótazt af þessu, en hlutaðeigandi fjmrh. hafa ákveðið lánskjörin, þegar fé hefur verið lánað út innanlands.

Þá vil ég gefa upplýsingar um það, hvernig þessu fé hefur verið ráðstafað:

Í fyrsta lagi: Til síldarnótakaupa var varið 532 þús. dollurum, og átti að greiða andvirði þeirra nóta í íslenzkum krónum strax í ríkissjóð, en Landssamband íslenzkra útvegsmanna fékk þó gjaldfrest á 939281 kr., og hefur þetta fé ekki enn verið greitt inn. En afganginum af andvirði síldarnótanna, sem inn var borgað í ísl. kr., var ráðstafað þannig, og þau lán, sem ég tel, voru veitt með 2½ ársvöxtum, þ. e. sömu vöxtum og eru af Marshalllániinu, til 15 ára, og greiða á afborganir og vexti í íslenzkum kr. með dollaragengi á gjalddaga: Það er þá fyrst síldar- og beinamjölsverksmiðja Fáskrúðsfjarðar 24509 dollarar, fiskimjölsverksmiðja að Hofsósi 12254 dollarar, Fiskiðjan h/f, Hornafirði, 12254 dollarar, Hraðfrystihús Grundarfjarðar 12254 dollarar, Fiskimjöl h/f, Ísafirði, 13786 dollarar, Hraðfrystihús Ólafsvíkur 13786 dollarar, Hraðfrystihús Eskifjarðar 15318 dollarar, Hraðfrystihús Hellissands 13786 og Fiskimjöl h/f Eyrbyggja 12254 dollarar. Samtals eru þetta 130208 dollarar, og jafnvirði þeirra í ísl. kr. sem sagt kom inn fljótlega af andvirði síldarnótanna, var skilað inn í ísl. kr. og lánað þessum aðilum. Hér er nær eingöngu um að ræða beinamjölsverksmiðjur, og þessi lán voru veitt á árunum 1951 og 1952 af þessu fé, sem inn kom. En eftirstöðvar af andvirði síldarnóta standa inni í Landsbankanum 78023 kr. og í Útvegsbankanum 370017 kr.

Þá kemur annar flokkur lána, og það eru lán, sem veitt voru strax 1948—49. Það er þá fyrst í þeim flokki lán til Hærings h/f 625 þús. dollarar, lán til síldarverksmiðja ríkisins 159946 dollarar, og svo til annarra síldarverksmiðja sem hér segir: Lýsi & Mjöl h/f, sem mun vera í Hafnarfirði, 98325 dollarar, Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness 44961 dollarar, síldar- og fiskimjölsverksmiðja Reykjavíkur 36397 dollarar.

Þessi lán, sem ég hef talið og veitt voru 1948—49, eru með 2½% vöxtum og til 10 ára.

Þá kemur lán til Faxa 677968 dollarar. Í samningi þeim, sem gerður var við Faxa h/f 14. nóv. 1949, er um það samið milli stjórnar samlagsfélagsins Faxa og ríkisstj., að fari svo, að ríkisstj. þurfi ekki að endurgreiða Marshalllánið, beri samlagsfélaginu Faxa að endurgreiða lán þetta með því gengi í Bandaríkjadollurum, sem verða kann á gjalddögum, en þó ekki hærra gengi en var, er ríkisstj. tók sitt lán í ágúst 1948. Komi til endurgreiðslu ríkisstj. á einhverjum hluta Marshalllánsins, gilda framangreind ákvæði um gengi á Bandaríkjadollurum hlutfallslega miðað við lánsfjárhæð samlagsfélagsins Faxa á móts við allt lánið, er ríkisstj. tók á fyrrgreindum tíma, en hámarksákvæði gildir ekki um þann hundraðshluta lánsins, sem ríkissjóður verður að endurgreiða. Þetta ákvæði úr lánssamningnum var svo tekið upp í skuldabréfið. Þetta lán til Faxa er til 30 ára. Fyrir þessu láni er veð og ábyrgð Reykjavíkurbæjar til viðbótar, en fyrir öðrum lánum af þessu fé til frystihúsa og verksmiðja er veð í þeim mannvirkjum, sem fyrir lánin eru byggð, eða þeim vélum, sem fyrir lánið eru keyptar.

Loks kemur lán til fiskimjölsverksmiðja, líka veitt á árunum 1948—49: Kaupfélag Steingrímsfjarðar 17496 dollarar, Hraðfrystihús Eskifjarðar 17496 dollarar, Fiskimjölsverksmiðja Bolungavíkur 12439 dollarar, Kaupfélag Dýrfirðinga 12439 dollarar, Hraðfrystihús Ólafsfjarðar 21440 dollarar, Sigurður Ágústsson 27597 dollarar. Lán þessi áttu að greiðast í ísl. kr. með dollaragengi á gjalddaga. Ársvextir eru 2½%. Lánstími var 10 ár, en gefinn var kostur á að lengja hann í 15 ár, og hafa sumir lántakendur tekið þann kost.

Loks er þess að geta, að afgangur Marshalllánsins fór til almennra vörukaupa, og var andvirði gjaldeyrisins borgað til ríkissjóðs í íslenzkum krónum og stendur inni hjá ríkinu. Það eru 106810 kr.

Þá hefur verið gerð grein fyrir allri fjárhæðinni, sem tekin var að láni hjá Marshallstofnuninni, og er þá niðurstaðan sú, að féð er í útlánum, að undanskildum 559394 kr., sem standa inni, mestmegnis á sérreikningum í Landsbankanum og Útvegsbankanum. En eins og ég tók fram, hefur ekki komið til afborgunar enn þá af Marshalllániinu. Fyrsta afborgun á að verða næsta ár, 1956, en vextir hafa verið innheimtir af láninu

Loks er síðasta spurningin, og við henni er það svar, að allir aðilar, sem af láninu fengu fé, hafa gefið út skuldabréf fyrir sínum hluta, og Framkvæmdabankanum hefur verið falin innheimtan.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. þm. Vestm., sem var fjmrh. þegar nokkuð af þeim lánum var veitt, sem hér hefur verið talað um, er nú staddur erlendis í erindum þess félagsskapar, sem hann veitir forstöðu, en hann óskaði að koma hér fram grg. nokkurri um þetta mál og bað mig um að lesa hana hér upp, og geri ég það orðrétt eins og hann samdi hana:

„Þetta lán, sem um ræðir í fsp. á þskj. 467, var tekið til þess m. a. að efla síldarvinnslu landsmanna. Allir vonuðu, að sams konar síldarganga kæmi aftur og verið hafði í Hvalfirði veturinn 1947—48. Öruggasta ráðið til að standa straum af vinnslu slíks magns var bygging stórra verksmiðja, einnar eða fleiri, við Faxaflóa. Það mátti heita kraftaverk, að það lánaðist veturinn 1947—48 að forða því mikla síldarmagni, er á land barst, frá eyðileggingu, og hefði ekki lánazt, ef svo hefði ekki viljað til, að í leigu landsmanna voru þá mörg óvenju stór amerísk flutningaskip, en þau og allar

aðrar fleytur, sem til náðist, voru tekin í notkun til að flytja síldina í síldarverksmiðjur úti á landi til vinnslu með ærnum kostnaði. Hin mikla Faxaverksmiðja, er fyrirhuguð var sumarið 1948, virtist geta orðið öruggasta ráðið gegn því, að nokkur hætta væri á því, að Hvalfjarðarsíld, ef til kæmi, hagnýttist ekki að fullu, þótt um stórveiði væri að ræða. Var bygging Faxaverksmiðjunnar, sem Reykjavíkurbær og h/f Kveldúlfur stóðu að, stórfelld öryggisráðstöfun í þessu efni. Áhætta eigendanna af hinni stóru Faxaverksmiðju, ef síldveiði brygðist, var auðvitað frá upphafi geysilega mikil og ekki sambærileg við áhættu af rekstri hinna minni verksmiðja við Faxaflóa, sem af láninu nutu, er munu flestar eða allar hafa verið í rekstri. Aðstaða þeirra var stórbætt með lánunum, þótt ekki megnuðu þær að bjarga til vinnslu svipuðu magni og á land barst frá Hvalfirði, enda voru þær eigi byggðar með slíka hráefnisgengd fyrir augum, heldur upphaflega í öðru skyni, og hafa einnig reynzt arðbær fyrirtæki, þótt Hvalfjarðarsíldin hyrfi alveg. Svo voru lán veitt til að byggja fiskimjölsverksmiðjur úti um land, sem byggðu á annarri hráefnisöflun en síld. Þá fékk Hæringur líka lán fyrr en Faxaverksmiðjan, en álika upphæð. Þar var enginn gengisfyrirvari orðaður, enda hafði skipið betri aðstöðu til síldaröflunar en Faxaverksmiðjan; það var ekki staðbundið eins og hún. Í öðru lagi var því ekki ætlað að reyna nýjar vinnsluaðferðir eins og með Faxaverksmiðjunni. Í þriðja lagi var hlutur opinberra aðila minni í Hæringi heldur en Faxaverksmiðjunni. Faxaverksmiðjan var miðuð við feikimikil afköst, enda stórt, nýtt fyrirtæki, sem átti að kanna nýjar leiðir í síldarvinnslu og hlaut að eiga allt undir því, að Hvalfjarðarsíldin kæmi ár eftir ár í eins miklum göngum eða meiri en var 1947, eða þá að henni bærist annað hráefni í mjög stórum stíl.

Reynslan hefur nú sannað það, hversu mikil áhætta er af byggingu slíkrar verksmiðju. Vegna þess aðstöðumunar, er að framan getur, var á það fallizt að veita Faxaverksmiðjunni hennar hluta lánsins með gengisfyrirvara, þó því aðeins, að ríkissjóður þyrfti ekki að endurgreiða útlenda lánið, m. ö. o. að lánið yrði gert óafturkræft af lánveitanda, en um það var á þessu tímabili ekkert hægt að segja, og enn liggur ekkert fyrir í þessu efni. Stjórn h/f Faxaverksmiðjunnar mun hins vegar ekki hafa talið sig geta notað þetta lánsfé án gengisfyrirvarans.

Til byggingar Faxaverksmiðjunnar, sem ætlað var hið sama hlutverk sunnanlands, er síldarverksmiðjur ríkisins hafa norðanlands, var stofnað af Reykjavíkurbæ, að því er virtist að einróma vilja allra flokka í bæjarstjórninni, og auk þess af einstöku hlutafélagi, h/f Kveldúlfi. Ekki er vitað, að neitt framlag úr ríkissjóði hafi til hennar runnið. Eini stuðningurinn, sem hér kom til greina, var sá að losa Faxaverksmiðjuna við gengishættu af umræddum lánshluta verksmiðjunnar, ef ríkið sjálft fengi fé að gjöf eða sem óafturkræfa Marshallhjálp, þ. e. a. s., að ríkið féll frá hugsanlegum gengisgróða, en var tryggt með að verða ekki fyrir tjóni, hvernig sem færi.

Um það má vitanlega deila, hvort þessi leið hafi af ríkisvaldsins hálfu verið betri en önnur til að stuðla að framgangi byggingar stórvirkrar síldarverksmiðju á Suðurlandi, sem þá var talin nauðsynleg, en ég ætla, að hún hafi verið áhættuminnst fyrir ríkið.

Með byggingu slíkrar verksmiðju var náð því takmarki að tryggja svo síldarverksmiðjuafköst sunnanlands, að víst væri, að stórveiði í Faxaflóa eða Hvalfirði, ef til kæmi, hagnýttist í sem ríkustum mæli hér á staðnum.

Um einstök atriði þessarar lánveitingar til Faxaverksmiðjunnar liggja fullar upplýsingar í skjölum ráðuneytisins. Þess skal þó getið, að auðvitað var til þess ætlazt, að af hálfu verksmiðjunnar væri full trygging sett fyrir láninu eins og öðrum lánum, sem veitt voru innlendum aðilum af hinu ameríska láni.

Víst er, að með reynslu síldarársins mikla — er Hvalfjörður fylltist af síld — að baki hefði það þótt mikið forsjárleysi af sérhverri ríkisstjórn, ef hún hefði torveldað þann stórhuga viðbúnað til móttöku veiði, er efnt var til með byggingu Faxaverksmiðjunnar, svo fremi nýtt síldarhlaup hefði komið næstu árin á eftir, en það illa eða ekki hagnýtzt sökum skorts á hæfilega stórum síldarverksmiðjum.

Jóhann Þ. Jósefsson."

Þetta er sú grg., sem Jóhann Þ. Jósefsson óskaði eftir að kæmi hér fram, og hef ég þá lesið hana.

Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá greinargóðu skýrslu, sem hann las hér upp sem svar við fsp. minni, og tel ég það svar í öllum atriðum fullnægjandi.

Það er ljóst af svari hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi, hvernig þessu láni hefur verið úthlutað, og í öðru lagi er það einnig ljóst, að allir lántakendur hafa ekki búið við sömu kjör um endurgreiðslu lána. Vaxtakjör virðast vera þau sömu hjá öllum, en lánstíminn hins vegar ekki, þar sem sumir hafa fengið lánið til 15 ára, mega endurgreiða það á 15 árum, aðrir verða að endurgreiða það á 10 árum, einn flokkur má velja um, hvort hann vill endurgreiða það á 10 eða 15 árum, og einn aðili fær lánið til 30 ára.

Þá kom einnig í ljós, að einn aðili af þeim mörgu, sem hér eiga hlut að máli, fékk inn í sitt skuldabréf sérákvæði um það, með hvaða gengi hann skyldi endurgreiða lánið, ef til þess kæmi, að hæstv. ríkisstj. fengi þessu láni breytt í óafturkræft framlag. Var ljóst af því, sem hæstv. fjmrh. las upp, að ef til þess hefði komið á þessum tíma, sem liðinn er, eða kæmi hér eftir, að ríkisstj. dytti í hug og tækist að fá þessu láni, sem um er að ræða, breytt í óafturkræft framlag, þannig að hún þyrfti ekki að endurgreiða það, þá þarf þessi eini aðili ekki að endurgreiða hærri upphæð en sem svarar til kr. 6.50 rúml. fyrir hvern dollara, þó að aðrir verði að borga hærri upphæð, þar sem

þeir hafa engin sérákvæði fengið í skuldabréf sín um gengisfyrirvara.

Ég hef að sjálfsögðu ekki tíma til að ræða þessi atriði hér, en áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að gera það síðar, ef tækifæri og ástæða gefst til.

Um skýrslu þá frá hv. þm. Vestm., sem hæstv. dómsmrh. las hér upp, væri í sjálfu sér ýmislegt að segja. Ég vil þakka fyrir hana. Hún gaf ákveðnar upplýsingar og vísbendingar í þessu máli og hefur sjálfsagt orðið til þess, að menn hafa séð þessi mál í réttu ljósi. Það má að sjálfsögðu ræða um það, kannske deila um það, hvað mikil þörf var á að byggja Faxaverksmiðjuna á sínum tíma, en út í þau atriði ætla ég sem sagt ekki að fara hér, enda hef ég ekki til þess tíma, þar sem mér eru aðeins skammtaðar fimm mínútur.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú auðvitað ekki tími til þess að ræða þessa skýrslu, sem hér hefur verið gefin í sambandi við þessar lánveitingar, þó að hún vissulega gefi fyllilega tilefni til þess. En ég vildi aðeins í sambandi við þessa skýrslu vekja athygli á því, að hér hefur verið um að ræða allvíðtæka lánastarfsemi til ýmissa aðila í landinu, án þess að öllum landsmönnum hafi verið gefinn kostur á því að sækja um þessi lán eða að njóta þessara lána. Hér hefur verið viðhöfð sú regla að láta einn njóta lánskjara eftir þessum reglum og annan eftir enn öðrum reglum. Og menn hafa aðeins getað heyrt það á skotspónum, að nú væri farið að lána ýmsum aðilum af þessu fé. Ég vil t. d. geta þess, að mér er kunnugt um það, að mitt heimapláss hafði sótt tvívegis um lán af þessu fé, eftir að okkur var kunnugt um það, að hliðstæðir aðilar fengu þessi lán, en okkar síldar- og fiskimjölsverksmiðja, sem byggð var á þessu tímabili, gat aldrei fengið lán, þó að ég siái nú samkv. þessari skýrslu, að nágrannabyggðarlög okkar hafi fengið ekki aðeins einu sinni, heldur jafnvel tvisvar sinnum lán af þessu fé. Sem sagt: reglan hefur verið sú að lána út til allmargra aðila með mjög misjöfnum kjörum án þess að auglýsa lánin, þannig að menn ættu jafnan kost á að sækja um þau. Það hefur verið valin sú leið að pukra með þetta og mismuna svo mönnum, þegar hægt hefur verið að koma því við.

20. Bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Á 53. fundi í Sþ., 20. apríl, var útbýtt:

Fsp. til fjmrh. um kostnað ríkissjóðs vegna stofnunar kaupstaðar í Kópavogi [194. mál] (A. 615).

Á 54. fundi í Sþ., 22. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Sþ., 27. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Nýlega gerðust þau merku tíðindi, sem ekki gerast nú á hverjum degi, að tveir hæstv. ráðh. að viðbættum einum fyrrv. ráðh. eignuðust áhugamál mikið, hugsjón, liggur mér við að segja.

Þetta áhugamál er þess eðlis, að flm. telja slíka lífsnauðsyn, að því verði framgengt án tafar, að öll önnur störf Alþ. verða fyrir því að þoka. Svo mikið virðist hér í húfi, að þessi virðulega stofnun, sem oft þykir nokkuð svifasein að afgreiða mál, jafnvel þau og ef til vill ekki sízt þau, sem bjóðfélagsþegnana varðar mestu, hefur verið látin leggja svo að segja nótt við dag til að fóstra þetta efnilega afkvæmi hæstv. ráðh., svo að það megi sem allra fyrst rísa á legg í löggjafarformi.

Þetta mikla þjóðþrifamál er tafarlaus stofnun kaupstaðar í Kópavogi. Mál þetta hefur nú farið í gegnum allar umr. í hv. Nd. og er komið til n. í hv. Ed.

Við 1. umr. frv. í Nd. gerði ég nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, en hún er sú, að eðlilegast sé, að Kópavogur sameinist Reykjavík.

Ég hafði þá ætlað mér að spyrja hæstv. ráðh. um fáein atriði, sem snerta þetta mál, en þeir voru þá ekki viðlátnir fremur en stundum endranær og gátu því ekki eða höfðu ekki tök á að taka þátt í umr., gefa skýringar eða svara fyrirspurnum, sem til þeirra væri beint.

Ég hef því brugðið á það ráð að beina í fyrirspurnatíma fáeinum spurningum til hæstv. fjmrh. Þessar spurningar snerta aðeins einn tiltölulega lítinn þátt þessa máls, þann, hver verða muni óhjákvæmilegur kostnaður ríkissjóðs, er leiddi af þeirri ráðstöfun að gera Kópavog að sérstökum kaupstað.

Það hefur örlað dálítið á þeirri kenningu, og hún hefur víst átt að gera kaupstaðarhugmyndina fýsilegri í augum Kópavogsbúa, að það skipti ekki miklu máli, þótt stofnun kaupstaðar og þeirra embætta, sem slíku fylgja, kosti nokkurt fé, þar eð verulegur hluti þess kostnaðar mundi lenda á ríkissjóði. Þetta er sjónarmið, sem hv. alþm. geta ekki viðurkennt. Séu menn þeirrar skoðunar, að brýna nauðsyn beri til að gera eitthvert sveitarfélag að kaupstað og stofna þar með ný embætti, þá er að sjálfsögðu ekki skynsamlegt að horfa um of í kostnað, fremur en til annarra nauðsynjamála. En ef menn eru sannfærðir um það, að slík ráðstöfun sé ekki einungis óþörf, heldur allt að því fáránleg, þá er ekkert vit í því að fleygja peningum úr ríkissjóði til þess eins ef til vill að seðja metorðagirnd fáeinna manna.

Hæstv. fjmrh. mælir þannig stundum, að ærnar byrðar séu lagðar á ríkissjóð, og maður skyldi ætla, að hann kærði sig ekki um, að nýjum pinklum sé bætt á Skjónu algerlega að þarflausu eða þarflitlu. Ekki mun afkoma ríkissjóðs heldur batna af völdum hins víðtæka verkfalls, sem nú hefur staðið í 6 vikur. Þá bregðast jafnvel hinar öruggustu tekjulindir ríkissjóðs, gróði af brennivínssölu meira að segja, hvað þá annað.

Þó að segja megi, að kostnaður ríkissjóðs af stofnun og rekstri kaupstaðar í Kópavogi geti naumast ráðið úrslitum um afstöðu manna til þess máls, þá er þar vissulega um atriði að ræða, sem vert er að gefa gaum og fróðlegt að fá nokkrar upplýsingar um. Því hef ég leyft mér að bera hér fram fyrirspurnirnar á þskj. 605 og vænti þess, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að svara þeim, að svo miklu leyti sem auðið er að gera grein fyrir kostnaði ríkissjóðs af þessu kaupstaðarævintýri á þessu stigi málsins.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er fyrst spurt, hversu hárri fjárhæð mundu nema launagreiðslur ríkissjóðs til bæjarfógeta, skattstjóra og annarra opinberra starfsmanna, ef Kópavogshreppur yrði gerður að kaupstað.

Bæjarfógetar taka laun samkv. 6. fl. launalaga, og laun í þeim flokki nema nú 53877.60 kr., en þess ber að gæta, að umdæmi bæjarfógetans í Hafnarfirði minnkar við stofnun kaupstaðar í Kópavogi, ef til kemur, og dregur því að sjálfsögðu úr útgjöldum þar frá því, sem þau ella verða, og kemur þá á móti þessum kostnaði, sem ég hef nefnt. Skrifstofukostnaðinn treysti ég mér ekki til að áætla, en hann mundi náttúrlega ekki verða mikill í þessu embætti. Ekkert hefur verið ákveðið um það, hvort heimild skattalaga um skipun sérstaks skattstjóra verður notuð, þótt stofnaður yrði kaupstaður í Kópavogi, en geta má þess, að reynslan sýnir, að það er sízt dýrara að hafa skattstjóra en skattanefndir, þegar umdæmin eru orðin stór.

Þá er spurt: Yrði ekki óhjákvæmilegt að reisa eða kaupa embættisbústað bæjarfógeta í kaupstaðnum?

Um þetta efni höfum við í fjmrn. spurt dómsmrn. um þess álit, og því hefur verið svarað með svo hljóðandi bréfi:

„Þetta ráðuneyti skírskotar til bréfs fjmrn., dags. 23. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um 2. og 3. lið fyrirspurnar til fjmrh. á þskj. 615 um kostnað ríkissjóðs vegna stofnunar kaupstaðar í Kópavogi.“ En 2. og 3. liður eru um það, hvort ekki yrði óhjákvæmilegt að reisa embættisbústað, og ef svo væri, hvað mikið hann mundi kosta.

„Skal hér með skýrt frá því, að ætla verður, að til þess kæmi, að reisa þyrfti eða kaupa embættisbústað bæjarfógeta, ef stofnaður yrði kaupstaður í Kópavogi. Gera yrði ráð fyrir venjulegri stærð embættisbústaðar, þar sem jafnframt væru embættisskrifstofur, og má ætla hússtærð 126 m² eða 990 m³, svo sem er í Vík í Mýrdal t. d. Byggingarkostnaður færi eftir almennum byggingarkostnaði á þeim tíma, er bústaðurinn yrði reistur.“

Ég skal geta þess, eins og hv. þingmenn þó væntanlega muna, að það er ákveðið í lögum um embættisbústaði, að þeir skuli byggðir, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum, og það er árlega veitt nokkur fjárhæð á fjárlögum til þess að reisa embættisbústaði.

Loks er spurt: Hversu háum upphæðum næmi annar óhjákvæmilegur kostnaður ríkissjóðs, er leiddi af stofnun kaupstaðar í Kópavogi?

Ég bað skrifstofustjórann í fjmrn. að hafa samband við önnur rn. um þetta, en það er náttúrlega erfitt að bera ábyrgð á því, að svör við þessu séu algerlega tæmandi, því að til þess þyrfti að fara í gegnum svo og svo marga lagabálka. En ég hygg þó, að þeir embættismenn, sem hér eiga hlut að máli, fari nokkuð nærri um þetta. M. a. leituðum við til félmrn., sem er þessum málum kunnugt, sérstaklega félagsmálalöggjöfinni, og svar félmrn. var, að varðandi þau mál, sem undir það rn. heyra og snerta 4. fyrirspurnaratriðið, fái rn. ekki séð að neinar breytingar, er máli skipta, mundu verða við stofnun kaupstaðar í Kópavogi frá því, sem nú er.

Þá skal loks tekið fram, að kaupstaðir eiga rétt á, að ríkið greiði ⅓ lögreglukostnaðar, þó eigi fyrr en einn lögregluþjónn kemur á hverja 700 íbúa.

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég, eftir að hafa talað við embættismennina, get frekast veitt um þetta mál.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf. Þær voru að vísu ekki tæmandi og kannske varla við því að búast á þessu stigi málsins. Þó verður séð á þeim, að einhverjum smápinklum verður að bæta á Skjónu, ef kaupstaður verður stofnaður þarna. Ég sé nú ekki betur en embættisbústaðurinn einn, sem telja verður nauðsynlegt að reisa þarna, þar sem ekkert er fyrir af slíku tagi, embættisbústaður bæjarfógetaembættisins muni kosta ekki minna en hálfa milljón. Annars ætla ég ekki að fara að ræða frekar um þessi atriði að sinni, en vil endurtaka þakklæti mitt til ráðherrans fyrir veittar upplýsingar.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja tímann með því að nota einu sinni þær fimm mínútur, sem mér mundi vera heimilt, til þess að ræða um þessa hlið þessa máls. En ég vil aðeins segja hæstv. fjmrh. og öðrum, að hvað sem sagt kann að vera þessa dagana um vilja íbúanna í Kópavogshreppi um stofnun kaupstaðar þar nú, þá er það víst, að það er vilji meiri hluta íbúanna í Kópavogshreppi, að byggðin þar verði sameinuð Reykjavík og það fyrr en seinna. Það er leið heilbrigðrar skynsemi í þessu máli, og hún verður farin fyrr en seinna. Baráttu fyrir svo augljósri leið verður haldið áfram, og hún verður framkvæmd, svo að öllum kostnaði, sem ríkissjóður kann að leggja í vegna stofnunar sérstakra embætta, bæjarfógeta, skattstjóra o. s. frv., í Kópavogi og bygginga yfir þá, verður kastað á glæ. Og ríkissjóður má reikna með því fullkomlega, að þá embættismenn, sem þar verða búnir til og stofnað embætti fyrir, verði að leysa frá störfum innan fárra ára með fullum launum ævilangt. — Ég vil aðeins segja hæstv. ráðherrum og hv. þingheimi öllum það,

að baráttunni fyrir því augljósa sanngirnismáli, sem öll heilbrigð skynsemi mælir með, að Kópavogur verði sameinaður Reykjavík, verður haldið áfram og hún mun verða farin fyrr en seinna.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætlaði aðeins að segja, að það er gaman að heyra, hvað þeir hv. 6. landsk. þm. og hv. 8. þm. Reykv. hafa nú mikinn áhuga á sparnaði, og ég vona, að sá áhugi endist.

21. Dvöl og framkvæmdir varnarliðsins.

Á 59. fundi í Sþ., 11. maí, var útbýtt:

Fyrirspurn til utanríkisráðherra um dvöl og framkvæmdir varnarliðsins [205. mál, 1] (A. 796).

Fsp. var aldrei tekin á dagskrá.

22. Minning Íslendinga, sem fórust og féllu á styrjaldarárunum.

Á 59. fundi í Sþ., 11. maí, var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um minningu Íslendinga, sem fórust og féllu á styrjaldarárunum [205. mál, 2] (A. 796).

Fsp. var aldrei tekin á dagskrá.